Lagafrumvörp felld.

1. Fiskveiðasjóður Íslands.

Á 36. fundi í Sþ., 19. marz, var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands** [187. mál] (stjfrv., A. 366).

Á 62. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt í framhaldi af ákvörðun Alþ. um þetta efni við afgreiðslu fjárlaga nú á s. l. hausti. Þá var ákveðið að fella niður fjárveitingu til Fiskveiðasjóðs Íslands í fjárlögum 1969. Er frv. þetta lagt fram í samræmi við þá ráðstöfun.

Gengisbreytingin í nóv. s. l. veldur verulegri hækkun á útflutningsgjaldi, sem er mikilvægur tekjustofn sjóðsins. Miðað við útflutningsáætlun Efnahagsstofnunarinnar fyrir árið 1969, munu tekjur Fiskveiðasjóðs Íslands af útflutningssjóðsgjaldi aukast um 16½ millj. kr. á þessu ári frá því, sem ella hefði orðið. Með I. kafla l. nr. 79 frá 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytts gengis ísl. kr., var fjárhagur stofnfjársjóðs fiskiskipa efldur að mun. Af þessum sökum og vegna ráðstafana, sem gerðar hafa verið til þess að skapa sjávarútvegi traustari afkomugrundvöll, var sú ákvörðun tekin að fella niður fjárveitingu til fiskveiðasjóðs.

Nauðsyn ber til, að mál þetta fái afgreiðslu á þessu þingi, og er ráðstöfun þessi gerð í því trausti, að fiskveiðasjóður muni að öllu leyti geta staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar í framtíðinni þrátt fyrir niðurfellingu ríkissjóðsframlagsins.

Ég vildi, herra forseti, mælast til þess, að n., sem málið fær til meðferðar hér í hv. Ed., leitaði samstarfs við samsvarandi n. í Nd., til þess að málið þyrfti ekki allt of lengi að vera á döfinni og fengi sem skjótasta afgreiðslu.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 366, n. 552).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, var sent stjórn fiskveiðasjóðs til umsagnar, en sakir veikindaforfalla formanns dróst afgreiðsla umsagnarinnar og var ekki í höndum nefndarinnar fyrr en í dag. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp þessa umsögn, sem er örstutt:

„Í tilefni af heiðruðu bréfi sjútvn. Ed. Alþ. 18. þ. m., þar sem óskað er umsagnar um stjfrv. um breyt. á lögum fiskveiðasjóðs, nr. 75 1966, skal tekið fram, að með bréfi 12. febr. s. l. sendi sjútvmrn. stjórn sjóðsins uppkast að frv. þessu til umsagnar. Umsögn sjóðsstjórnar var send ráðuneytinu 7. marz s. l., og var þar m. a. bent á, að fyrirsjáanlega yrði greiðsluhalli, þ. e. a. s. vöntun fjár til útlána hjá sjóðnum á þessu ári, a. m. k. 144 millj. kr. og að fiskveiðasjóður mætti því illa við að vera sviptur þeim tekjum, sem frv. fjallar um."

Í tilefni af þessu langar mig til að taka fram, að þetta atriði um hugsanlegan skort á fjármunum til útlána var rætt í n., þótt þessi umsögn lægi ekki fyrir henni, og gagnvart nm. liggur fyrir yfirlýsing hæstv. fjmrh., sem ég veit að honum er ljúft að staðfesta, að ríkisstj. muni gera sitt til að sjá sjóðnum fyrir eðlilegum fjármunum til útlána, þótt það verði ekki endilega með þeim tekjum, sem hér um ræðir.

Með tilliti til þessa er mótbárunni að því er viðvíkur árinu í ár í raun og veru rutt úr vegi, enda má segja, að málið sé þegar afgr. að því er tekur til ársins í ár. Hitt verður að játast og verður n. að biðja hv. deild velvirðingar á því, að okkur hefur skotizt yfir réttan skilning á samhengi 1. og 2. gr. frv. Í 2. gr. segir: „Lög þessi öðlast þegar gildi og taka þau til framlags ríkissjóðs árið 1969." Það var sá skilningur, að frv. tæki aðeins til þessa eina árs, sem ég hygg að hafi verið í hugum okkar allra í n., þegar við lögðum til, að það væri samþykkt. Ef lesið er með betri gát, þá má sjá, að tilgangurinn er, að C-liður 4. gr. fiskveiðasjóðslaganna á að falla niður, ekki aðeins fyrir árið í ár, heldur og um

alla framtíð eða þangað til öðruvísi verður ákveðið. Það var ekki í huga okkar allra og kannske fæstra í n. að vera samþykkir slíkri till. Er það því till. okkar nú að þessu sinni, að málinu verði vísað til 3. umr., en við munum koma fram með viðeigandi brtt. til leiðréttingar þá.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem hv. frsm. sjútvn. gerði hér grein fyrir, þá má segja, að frv. þetta sé nánast formlegs eðlis að því leyti til, að Alþ. hefur þegar tekið ákvörðun um það við afgreiðslu fjárlaga, að greiðsla til fiskveiðasjóðs á þessu ári skuli niður falla. Greiðslan er hins vegar ákveðin með sérlögum, þannig að það var óumflýjanlegt að leggja til að breyta l. í samræmi við þessa fyrri ákvörðun Alþingis.

Hv. frsm. vék að því réttilega, að það er talið, að fjárskortur fiskveiðasjóðs sé mikill á þessu ári, eða allt að 150 millj. kr. Hér er um það að ræða að fella niður ríkisframlag, sem á s. l. ári nam 30 millj. kr., og það gefur því auga leið, að framlag þetta ræður auðvitað engum úrslitum um það, hvað varðar starfsemi fiskveiðasjóðs á þessu ári. Það er jafnljóst, að óumflýjanlegt er að sjálfsögðu að gera ráðstafanir til þess, að fiskveiðasjóður geti staðið við skuldbindingar sínar og geti haldið uppi nauðsynlegri útlánastarfsemi, og ég vil því staðfesta það, sem hv. frsm. áðan sagði, að það er vilji ríkisstj. þrátt fyrir þessa ákvörðun um niðurfellingu á þessu beina framlagi ríkissjóðs að leita allra úrræða til þess að sjá fiskveiðasjóði fyrir viðunandi starfsfé á þessu ári, til þess að hann geti staðið undir skuldbindingum sínum. Ég tel þess vegna ekki, að þetta frv. og þessi breyting um hið beina framlag ríkissjóðs hafi nein áhrif varðandi starfsemi fiskveiðasjóðs sem slíks. Það er einnig rétt hjá hv. þm., að eins og frá frv. var gengið, þá er gert ráð fyrir því, að þetta framlag falli niður til frambúðar. En það er mál, sem vel getur verið ástæða til þess að ræða nánar og taka til frekari athugunar, og menn séu ekki reiðubúnir til a. m. k. að taka afstöðu nú, og get ég þess vegna fullkomlega fallizt á þá till. hv. þm., sem mér skilst að í rauninni sé till. n. eða skoðun hennar, miðað við nál., eins og það er orðað, að frv. verði breytt nú í þetta sinn, þannig að þessi ákvörðun gildi aðeins fyrir yfirstandandi ár.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 366, 587).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 587 samþ. með 17 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 45. fundi í Sþ., 30. apríl, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 600).
Á 87. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 600, n. 635 og 660).

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 600, er komið til þessarar hv. d. frá hv. Ed. Frv. er reyndar flutt til staðfestingar á afgreiðslu, sem átti sér stað í sambandi við fjárlagaafgreiðslu, þ. e. a. s. að við afgreiðslu fjárl. var fellt niður framlag ríkissjóðs til fiskveiðasjóðs á þessu ári. Frv., eins og það var upphaflega lagt fyrir hv. Ed., hefur tekið þeirri breyt. í meðförum d., að tekin eru af öll tvímæli um það, að þessi ákvörðun um niðurfellingu framlags til Fiskveiðasjóðs Íslands gildir einungis á þessu ári.

Sjútvn. Ed. fékk þær upplýsingar hjá stjórn fiskveiðasjóðs, að á þessu ári mundi skorta talsvert fé til útlána hjá sjóðnum, eða alls 144 millj. kr., og mætti hann því illa við því að missa ríkissjóðsframlagið. Sjútvn. Ed. ræddi þetta atriði við hæstv. fjmrh., og í tilefni af því lýsti ráðh. yfir við 2. umr. málsins í hv. Ed., að ríkisstj. teldi óumflýjanlegt að gera ráðstafanir til þess, að fiskveiðasjóður geti staðið við skuldbindingar sínar og haldið uppi nauðsynlegri útlánastarfsemi. Staðfesti hæstv. fjmrh. þann vilja ríkisstj., að allra úrræða skyldi leitað til þess að sjá fiskveiðasjóði fyrir viðunandi starfsfé á þessu ári, þrátt fyrir þá niðurfellingu á beinu framlagi ríkissjóðs, sem í frv. felst, en þar er um 30 millj. kr. að ræða. Taldi ráðh., að þar sem um væri að ræða allt að 150 millj. kr. fjárvöntun nú, mundi niðurfelling 30 millj. kr. ekki skipta sköpum. Einnig tók hann undir þá skoðun sjútvn. Ed., að frv. ætti aðeins að gilda um framlag ríkisins til sjóðsins á þessu ári, og í meðförum hv. Ed. var frv. síðan breytt í það horf, sem það hér liggur fyrir, eins og ég gat um áðan.

Sjútvn. hv. d. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Meiri hl. n. telur óhjákvæmilegt, að frv. hljóti afgreiðslu og verði samþ. Minni hl. er andvígur frv. og hefur skilað séráliti. Ég vil fyrir mitt leyti láta þá skoðun í ljós, að vissulega

hefði fiskveiðasjóði ekki veitt af þeim tekjum, sem hann hafði af ríkissjóðsframlaginu. Hins vegar er þess að geta, að eftir gengisbreytinguna má búast við því, að sjóðurinn fái nokkru hærri tekjur af útflutningsgjaldi en áður. Var sú upphæð áætluð við afgreiðslu fjárl., ef ég man rétt, um 16 eða 17 millj. kr. Einnig má gera ráð fyrir því, að þegar jákvæð áhrif gengisbreytingarinnar koma í ljós á þann veg, að hagur útgerðarinnar batnar, þá standi útgerðin betur í skilum við fiskveiðasjóð, þannig að hann fái þær kröfur, sem hann á útistandandi á hendur útgerðinni, betur greiddar en áður, og hafi þess vegna rýmra um fé. Þegar á allt þetta er litið, vil ég fyrir mitt leyti mæla með því, að þetta frv. verði samþ. nú, í trausti þess, að það verði tekið upp við afgreiðslu næstu fjárl. að veita fiskveiðasjóði framlag úr ríkissjóði, eigi lægra en hann áður hefur haft.

Umr. frestað.

Á 91. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 93. fundi í Nd., 12. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. frá sjútvn., varð n. ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. n., þm., sem styðja ríkisstj., leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, en þrír af nm., ég og fulltrúar Framsfl. í n., eru andvígir frv.

Meginefni þessa frv. er það, að fellt skuli niður framlag ríkissjóðs til fiskveiðasjóðs á yfirstandandi ári. En eins og kunnugt er, hefur verið við það miðað í l. um fiskveiðasjóð, að ríkissjóður skuli árlega leggja til fiskveiðasjóðs jafnháa fjárhæð og nemur tekjum sjóðsins af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum. Nokkuð hefur verið gert að því að hreyfa við þessu fasta framlagi og draga úr því, sem ríkissjóður greiðir til fiskveiðasjóðs, og nú er hreinlega lagt til að fella þetta gjald niður með öllu á yfirstandandi ári. Það er skoðun okkar, sem minni hl. skipum, að þetta sé röng stefna, fiskveiðasjóði veiti sannarlega ekki af því að halda þeim tekjustofnum, sem honum var ætlað að byggja rekstur sinn á.

Það er öllum hv. alþm. kunnugt, að fiskveiðasjóður hefur verið í fjárþröng að undanförnu. Hann hefur ekki getað mætt öllum þeim lánsumsóknum, sem til hans hafa borizt varðandi stofnlán til sjávarútvegsfyrirtækja, og á meðan þannig stendur, teljum við, að það sé ekki verjandi á neinn hátt að fella niður framlag ríkissjóðs til þessa stofnlánasjóðs sjávarútvegsins. Fiskveiðasjóður er að vísu orðinn býsna öflugur sjóður. Hann hefur fyrst og fremst verið byggður upp af sjávarútveginum sjálfum, en hann hefur líka stór og mikil verkefni. Það er að mínum dómi nauðsynlegt að tryggja, að nokkur hluti, annar en sá, sem kemur við beina skattlagningu á sjávarútveginn, nokkur hluti af því fjármagni, sem til fellur í peningakerfi þjóðarinnar á hverju ári, gangi til stofnlána í sjávarútvegi. Og sú leið hefur verið til þess höfð og ákveðin í l. um fiskveiðasjóð, að ríkissjóður tæki á þennan hátt nokkurn þátt í því að byggja fiskveiðasjóð upp eins og fleiri stofnlánasjóði.

Ég þarf ekki að fara um þetta fleiri orðum. Ég ætla, að öllum hv. alþm. sé þetta vel ljóst. Spurningin er einvörðungu þessi, hvort menn aðhyllast þá stefnu, eins og nú er ástatt, að það eigi að draga úr því fjármagni, sem er til reiðu í því skyni að veita stofnlán til sjávarútvegsfyrirtækja. Það er skoðun okkar, sem erum í minni hl., að þetta sé röng stefna og af því eigi að fella þetta frv. og ríkið eigi að halda sér við það að greiða til sjóðsins eins og ætlað var í lögum um fiskveiðasjóð.

ATKVGR.

1. gr. felld með 17:17 atkv.

Frv. þar með fallið.

---

2. Tekjustofnar sveitarfélaga (frv. EÁ).

Á 23. fundi í Ed., 9. des., **var útbýtt:**

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga [103. mál] (þmfrv., A. 132).

Á 24. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 132 lagt fram frv. til l. að örlitilli breyt. á lögunum um tekjustofna sveitarfélaga. 1. gr. þessa frv. hljóðar svona:

„Heimilt er þó sveitarstjórn að ákveða lægra álag á meðalíbúð til eigin afnota. Meðalíbúð skal það íbúðarhúsnæði teljast, sem ekki fer yfir 80 þús. kr. að fasteignamati."

Ég mun nú leyfa mér að skýra þessa till. með aðeins örfáum orðum.

Fasteignaskatturinn er ákveðinn sem einn af tekjustofnum sveitarfélaga í l. nr. 51 1964. Aðaltekjur flestallra og sjálfsagt allra sveitarfélaga eru útsvör, en að svo miklu leyti sem þau hrökkva ekki til þess að mæta gjöldum sveitarfélaga, er gripið til annarra skattstofna. Einn af þeim skattstofnum er fasteignaskatturinn og hefur lengi verið.

Samkv. 3. gr. l. á þessi skattur að miðast við

fasteignamatsverð og vera 1% af virðingarverði húsa og annarra mannvirkja. En í 5. gr. tekjustofnalaganna segir, að með reglugerð, sem ráðh. staðfestir, geti sveitarstjórn ákveðið að innheimta fasteignaskatt samkv. 3. gr. með allt að 200% álagi.

Í 6. gr. eru svo nokkrar undanþágur undan fasteignaskatti. Það eru kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem hvorki eru leigð út til skemmtana né rekin í ágóðaskyni, skólahús, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, þinghús, hús annarra ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í millirikjaerindum.

Heimild í 5. gr. tekjustofnalaganna um að innheimta fasteignaskatta með 200% álagi hafa nokkur sveitarfélög þegar notað, og má þar minna t. d. á Akureyri, sem hefur notað þessa heimild laganna að fullu í allmörg ár. Önnur sveitarfélög, eins og t. d. Reykjavík, innheimta nú fasteignaskatt með 100% álagi, og talsvert hefur verið rætt um það að hækka fasteignaskatt enn og nota heimild laganna að fullu, þ. e. að innheimta skattinn með 200% álagi.

Það er skoðun mín, að það sé út af fyrir sig alls ekki óeðlilegt, þegar útsvarsbyrðin er nú orðin svo þung eins og raun ber vitni og tekjur manna að öllum líkindum heldur lækkandi vegna árferðisins, að þá séu fasteignaskattarnir notaðir að fullu, eins og lög leyfa. Með því móti er hægt að ná til, ef svo má segja, ýmissa þeirra aðila, sem engin önnur sveitargjöld bera eða óeðlilega lág sveitargjöld. Menn tala mikið um bankagróðann og auka hann nú stórlega orðum, eins og auðvelt væri að sýna fram á, en það er hins vegar rétt, að einu skattar til hins opinbera, sem bankarnir greiða, eru fasteignaskattar, og ég tel ekki óeðlilegt, að þeir skattar yrðu eitthvað hækkaðir. Tryggingarfélög bera að vísu aðra skatta jafnhliða, en ég sé ekki neitt því til fyrirstöðu, að gjöld af fasteignum tryggingarfélaga, sem flest a. m. k. hafa skilað allgóðum arði að undanförnu, væru notuð frekar sem tekjustofn heldur en útsvör á alþýðu manna, að svo miklu leyti sem það hrekkur til. Þá er enn fremur vitað, að ýmsir aðilar eru til í þjóðfélaginu, án þess að nein nöfn skuli nefnd, sem borga lág útsvör, en eiga verulegar eignir. Og það er ekki að mínum dómi neitt athugavert við það, þó að fasteignaskattar þessara aðila séu hækkaðir í það hámark, sem lögin leyfa. Hins vegar tel ég, eins og nú er ástatt um allan þorra fólks, og þá sérstaklega ungt fólk, sem nýlega hefur eignazt íbúð, að það sé óeðlilegt og tæplega gerlegt að hækka fasteignaskatt þess í hámark laganna. Fjölmargir hér á hv. Alþingi og annars staðar hafa að undanförnu, — það er ábyggilega ekkert launungamál, — verið að velta því fyrir sér með vaxandi kvíða, hvernig almenningur á að fara að því nú á næstunni að halda því eignarhaldi, sem hann þó enn hefur á íbúðarhúsnæði til eigin afnota. Og hvert það álag, sem gerir þetta mál erfiðara, stefnir þessu nær voðanum, að ekki sé meira sagt. Og mér finnst, að það sé ekki sanngjarnt og ekki réttlátt að gera greinarmun á því húsnæði annars vegar, sem efnalitlar fjölskyldur nota til eigin afnota, og svo öðrum þeim húsakynnum, sem ég hef hér aðeins með örfáum orðum minnzt á, og fleira í slíkum dúr hins vegar. Þess vegna hef ég leyft mér að bera það fram hér í frv.-formi, að það álag, sem samkv. 5. gr. kann að vera ákveðið á fasteignaskatt, þurfi ekki að vera jafnhátt á allar tegundir fasteigna.

Nú mætti kannske segja, að fljótt á litið væri algerlega á valdi sveitarfélaga og ráðherra að ákveða það, hvort þetta álag yrði notað og á hvaða eignir það yrði látið falla. En sá skilningur er a. m. k. ekki alls staðar ríkjandi og kannske ekki heldur alveg réttur. Í 6. gr. l., sem ég áðan las, eru þær fasteignir, sem undanþegnar eru fasteignaskatti, taldar upp, og sú upptalning er tæmandi. Og ég vil segja frá því hér sem sönnun fyrir því, að ekki líta allir þannig á þessi mál, að í fyrra fluttum við borgarfulltrúar Framsfl. í Reykjavík þá till. í borgarstjórn Reykjavíkur, að fasteignaskattsálagið yrði ekki látið ná til tiltekinna meðalíbúða, eins og þetta frv. gengur út á, en þá var verið að hækka fasteignaskattinn í Reykjavík um 100%. Og ég vil segja það, og held að ég fari rétt með það, að þessi hugmynd hafi ekki þótt fráleit og átt nokkru fylgi að fagna meðal borgarfulltrúa. En það, sem kom alveg í veg fyrir, að hún næði fram að ganga, var sá skilningur meiri hl. a. m. k., að vegna lagaákvæðanna væri þetta ekki heimilt. Og það má sjálfsagt deila um það, hvort það er heimilt eða ekki, og kannske er niðurstaðan sú, að það sé ekki heimilt. Alla vega eru þessi lagaákvæði þröskuldur fyrir því, að menn í borgarstjórn Reykjavíkur a. m. k. hafi í alvöru viljað velta því fyrir sér, hvort þessi leið væri fær eða ekki. Ég hef þess vegna flutt þetta frv., sem hér um ræðir, til þess að taka af öll tvímæli um það, að sú sveitarstjórn, sem vill gera þennan mismun, megi það laganna vegna. Og ég vonast til þess, að þetta frv. nái fram að ganga vegna þeirra ástæðna, sem ég hef þegar flutt fram fyrir því.

Það kann að vera, að frv. þyki erfitt í framkvæmd. Við skulum segja það. Ég get þó ekki séð, að það þurfi að vera. Sú meðalstærð, sem ég hef miðað þetta frv. við, er fasteignamatsverð, sem fari ekki yfir 80 þús. kr. Nú er fasteignamatsverð tilgreint á hverri skattaskýrslu um þær íbúðir, sem menn eiga, og ekkert getur verið auðveldara, finnst mér, heldur en kynna sér það, hvert fasteignamatsverðið er á tiltekinni íbúð, til þess að ganga úr skugga um það, hvort hún eigi að vera undanþegin þessu álagi eða ekki. Það er auðvitað mjög erfitt og teygjanlegt hugtak, þetta „meðalíbúð", sem oft er talað um, og mér er það alveg ljóst, að ég hef ekki kveðið upp neinn allsherjardóm um það, hver sú meðalíbúð skuli vera, og er til viðtals að sjálfsögðu um allar sanngjarnar breytingar á því. Ef n., sem fjallar um málið,

eða öðrum þætti eitthvað annað betur við eiga, þá stendur ekki á mér að breyta því. En ef þetta frv. á nú að verða að l., verður viðmiðunin að vera alveg ljós og ótvíræð og ég hef nú sett þetta þarna í þeirri trú, að það fari mjög nálægt því hugtaki, sem hér er verið að reyna að forma.

Ég vona, að mér hafi tekizt að gera hv. þdm. það ljóst, í hverju efni þessa frv. er fólgið, og ætla ekki að hafa um það lengri framsögu, en óska eftir því, að að umr. lokinni verði frv. vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 19 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 132, n. 277 og 282).

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Þessu frv. var að lokinni 1. umr. vísað til heilbr.- og félmn. Nefndin tók frv. til meðferðar og hefur nú afgr. málið, en varð ekki sammála um afstöðu til frv. Meiri hl. n., sem ég mæli hér fyrir, leggur til, að frv. verði fellt, en minni hl. leggur til, að það verði samþ. með tiltekinni breytingu.

Í þessu frv. felst heimild til handa sveitarstjórn að ákveða lægra fasteignaskattsálag á meðalíbúð til eigin afnota, en meðalíbúðarhúsnæði skal það teljast, sem ekki fer yfir 80 þús. kr. að fasteignamati. Í l. um tekjustofna sveitarfélaga er heimild til að leggja skatt á fasteignir, sem mig minnir að megi vera 1% af fasteignamatsverði, enn fremur heimild fyrir sveitarstjórn til þess að leggja allt að 200% álag á þessa fasteignaskatta, þannig að segja má, að gjöld af fasteignum til sveitarfélaganna geti numið 1—3% eftir ákvörðun sveitarstjórnar. En það hefur verið litið þannig á, að þessi fasteignagjöld af húsum og mannvirkjum þyrftu að vera hin sömu af öllum tegundum húseigna og ekki væri heimilt að mismuna þannig, nema sérstök lagaheimild komi til, og mun þetta frv. flutt í því skyni að veita lagaheimild til þess að hafa hlutfallslega lægri gjöld á tilteknum tegundum íbúða.

Þetta frv. var af hálfu n. sent til umsagnar til tveggja aðila, annars vegar til Sambands ísl. sveitarfélaga, en stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga segir í bréfi sínu til n.: „Á fundi sambandsstjórnar í gærdag", — en þetta er skrifað 4. febr. — „var mál þetta tekið fyrir. Var það einróma álit stjórnarinnar, að hún gæti ekki mælt með samþykkt frv., ekki sízt vegna hins mikla misræmis á fasteignamati eftir því, hvar fasteignirnar eru á landinu samkvæmt núgildandi fasteignamati." Það var enn fremur sent til umsagnar Gjaldheimtunnar í Reykjavík. Umsögn Gjaldheimtunnar er nokkuð löng, en ég ætla samt, vegna þess að ég tel, að hún skipti nokkru máli, að kynna hana fyrir hv. þm. og vildi — með leyfi forseta — lesa hér meginhluta hennar. En í umsögn Gjaldheimtunnar segir svo:

„Gjaldheimtan sem slík er ekki réttur aðili til að taka efnislega afstöðu til frv. þessa, þar sem hennar hlutverk er í þessu sambandi einvörðungu að innheimta álögð fasteignagjöld í umboði borgarstjórnar Reykjavíkur. Formaður n. hefur hins vegar látið í ljós þá ósk, að af hálfu Gjaldheimtunnar væri gerð nokkur grein fyrir reglum um álagningu fasteignagjalda í Reykjavík almennt.

Auk fasteignaskatta þeirra, sem II. kafli laga nr. 51 1964 fjallar um, innheimtir Gjaldheimtan vatnsskatt, aukavatnsskatt, tunnuleigu, lóðaleigu og brunabótaiðgjöld. Þessi gjöld eru innheimt sameiginlega, þannig að húseigandi eða húsfélag fær árlega sendan gjaldseðil, þar sem öll þessi gjöld eru sundurliðuð. Slíkir gjaldseðlar og tilsvarandi greiðslukort í spjaldskrá Gjaldheimtunnar eru nú í ár 10104. Þessi tala samsvarar engan veginn tölu íbúða í Reykjavík, en þær eru samkvæmt upplýsingum byggingarfulltrúa taldar vera rúmlega 23000. Þessi mismunur stafar af því, að fasteignir eru í mörgum tilvikum metnar fasteignamati í stórum einingum. Þannig eru fjölbýlishús jafnan metin sem ein heild og skattur lagður á samkvæmt heildarfasteignamati. Af gögnum matsins kemur aðeins fram ein stærð og ein fjárhæð, og getið er aðeins eins eiganda, þó að fleiri séu, eins og fram kemur í meðfylgjandi endurriti bóka fasteignamatsins í Reykjavík. Í einu og sama húsi kunna að vera margar misstórar íbúðir, og verður ekki séð af matinu, hver er eigandi hverrar einstakrar. Í samræmi við þetta eru gjöldin innheimt þannig, að litið er á hverja slíka einingu sem einn og sama gjaldanda, enda segir í 7. gr. l., að fasteignaskattinum fylgi lögveð í fasteigninni, sem hann er lagður á. Er í þessu sambandi einnig minnt á ákvæði l. nr. 19 1959, um sameign fjölbýlishúsa, einkum 14. gr.

Framangreindar athugasemdir sýnast leiða til þess, að skattlagning samkv. þeim reglum, sem frv. gerir ráð fyrir, sé naumast framkvæmanleg eftir þeim gögnum, sem nú eru fyrir hendi, og það sama á við um innheimtuna. Forsenda þess, að hægt sé að leggja á skatta og innheimta þá eftir reglum frv., virðist vera sú, að lagt sé fasteignamat á hverja íbúð sem sjálfstæða einingu, en það leiðir aftur hugann að því, að einn maður getur átt margar íbúðir, og jafnvel þótt þær væru af sömu stærð, gætu fasteignaskattar orðið mismunandi háir, þar sem frv. gerir ráð fyrir, að skattívilnanir komi aðeins til greina um íbúðir til eigin nota. Þegar svo er komið, má segja, að fasteignaskattur sé raunverulega orðinn persónuskattur, gagnstætt því, sem nú er, þ. e. a. s. hann er lagður á tiltekna eign sem skattandlag."

Þetta var umsögn Gjaldheimtunnar í Reykjavík um frv.

Eins og sjá má af þessum umsögnum, þá er

stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga andvíg frv., fyrst og fremst á þeim grundvelli, að það sé mikið misræmi ríkjandi í fasteignamatinu enn þá, og Gjaldheimtan, sem að vísu tekur ekki efnislega afstöðu, bendir þó á margháttaða örðugleika, sem yrðu í sambandi við álagningu og innheimtu fasteignagjalds, ef frv. yrði samþykkt.

Hv. flm. þessa frv. virðist grundvalla þessar till. sínar á því, að hér sé um nauðþurftarhúsnæði að ræða, að hér sé um svo litlar íbúðir að ræða, sem ekki fari yfir 80 þús. kr. að fasteignamati, að það verði að jafna því við nauðþurftarhúsnæði, svo að þess vegna sé sanngjarnt, að fasteignaskatturinn sé hlutfallslega lægri á slíkar íbúðir til eigin nota heldur en aðrar og þá fyrst og fremst stærri íbúðir. Nú er það að vísu svo, eins og fram kemur hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga, að það er mikið misræmi í fasteignamatinu. Það hefur, held ég, ekkert fasteignamat verið gert síðan 1942, en 1955, að mig minnir, voru sett lög um samræmingu á mati fasteigna, þó að það heiti sé naumast réttnefni á þeim l., en eftir þeim l. var heimilt að hækka fasteignamatið í einstökum sveitarfélögum, mjög misjafnt, ég hygg, að í Reykjavík hafi verið hækkað þá um 400%, en í nágrannabæjunum eitthvað lægra, og í bæjarfélögum úti á landi mun minna, þannig að þær íbúðir, sem í dag eru að fasteignamati 80 þús. kr., geta verið mjög mismunandi að stærð. Og ég hygg, þó að það sé e. t. v. ekki hægt að draga alveg skýr mörk, þá mundi hér í Reykjavík meðalíbúð, 3 herbergja og jafnvel minni 4 herbergja íbúðir, verða undir 80 þús. kr. að fasteignamati.

Út af fyrir sig væri hægt að bæta úr þessum annmörkum frv. að miða stærð íbúðanna við ákveðna fjárhæð fasteignamats. Það hefði verið hægt að miða í staðinn við fermetrafjölda íbúðarinnar eða kúbikmetrafjölda eða eitthvað slíkt. En það er að dómi okkar, sem meiri hl. skipum, ekki nægjanlegt, vegna þess að ef ætti hér að mismuna, þá væri eðlilegast, að það væri mismunur eftir því, sem kalla má húsnæðisaðstöðu hvers og eins. Það þarf alls ekki að vera, að fólk, sem býr í lítilli íbúð eða meðalstórri íbúð, það búi út af fyrir sig þrengra en fólk, sem býr í stórri íbúð, vegna þess að í miðlungsíbúð eða í lítilli geta t. d. búið barnlaus hjón, og það getur verið mjög rúmt húsnæði. Aftur í stórri íbúð getur búið fjölmenn fjölskylda, þannig að það sé þrengra um hvern fjölskyldumeðlim í stórri íbúð heldur en lítilli, og til þessara atriða tekur þetta frv. ekki. Það gerir engan greinarmun á því, sem maður getur kallað húsnæðisaðstöðu manna. Það virðist ganga út frá því sem algildri reglu, að þeir, sem búa í litlum íbúðum, búi yfirleitt þröngt og hinir þá rýmra, sem í stórum íbúðum búa. En ég álít, að slíkt mat sé ákaflega handahófskennt, og slíkt réttlæti, sem væri verið að leita eftir, mundi í mörgum tilfellum verða að ranglæti.

Á þessum forsendum fyrst og fremst telur meiri hl. n. ekki fært að mæla með því, að þetta frv. verði samþ., eða telur fært að gera viðunandi brtt. við það, og leggur því til, að frv. verði felt.

Frsm. minni hl. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn., hefur n. ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Í frv. er lagt til, að heimilt sé að lækka álag fasteignaskatts, þegar um meðalíbúð til eigin afnota er að ræða. Með hliðsjón af þeim erfiðleikum, sem steðja að mörgum efnaminni íbúðareigendum, sem eiga erfitt með að standa í skilum, bæði af sínu eigin íbúðarhúsnæði og í öðrum yfirstandandi þrengingum, teljum við í minni hl. n. sanngjarnt, að heimild sé til þess í l. að lækka eftir atvikum fasteignaskatta og þá þegar svo er ástatt, að aðeins er um minna íbúðarhúsnæði að ræða og einvörðungu til nauðþurfta.

Fasteignaskattar eru orðnir býsna háir í þessu þjóðfélagi og ekki sízt hér í Reykjavík, og þess er kannske full von, vegna þess að útsvör reynast oft á tíðum vart eða ekki nægileg til að standa undir síauknum kostnaði við rekstur og uppbyggingu sveitarfélaganna. Hins vegar ber á það að líta, að margir skattþegnar og þá ekki sízt þeir efnaminni eiga fullt í fangi með að halda sínu íbúðarhúsnæði, og þessu fólki sýnist okkur í minni hl. að beri að rétta nokkra hjálparhönd og veita því sveitarstjórnum heimild í þá stefnu, sem í frv. greinir.

Að sjálfsögðu er þetta ekkert stórmál, sem hér ber á góma, sem hafi úrslitaþýðingu um efnahag gjaldþegns, sem illa er á vegi staddur, en samt sem áður hyggjum við, að ákvæði frv. gætu haft nokkra þýðingu og sýni a. m. k. manneskjulegt tillit til slíks fólks. Það má segja, að hér reyni mest á það „prinsíp“ að freista þess að byrja einhvers staðar á því að lækka álögur á þegna, sem eiga óhæga aðstöðu, svo og hvort ekki megi fara svolítið hægara í skattálagningu með það fyrir augum að draga að einhverju leyti, ef verða má, úr kostnaði sveitarfélaga um það, sem ef til vill er síður nauðsynlegt og kannske má án vera að skaðlitlu.

Um framkvæmd þessa heimildarákvæðis, sem í frv. greinir, fer að sjálfsögðu, ef að l. verður, eftir vilja og mati viðkomandi sveitarstj. Það nær ekki lengra. Þess vegna teljum við í minni hl., að það geti engan veginn talizt skaðlegt, þó að það yrði samþ. hér á Alþ.

Að mismunandi fasteignamat í hinum ýmsu héruðum um landið hafi þær verkanir, að um stórkostlegt misrétti geti verið að ræða með skattþegnum, það fáum við ekki skilið. Við skulum ætla það, að innan sama sveitarfélags a. m. k. sé fasteignamatið svo samræmt, að órétti megi ekki að komast, og það er í raun og veru höfuðatriðið.

Það kemur fram í bréfi Gjaldheimtunnar í Rvík, að það sé ýmsum annmörkum bundið að leggja fasteignaskatt á með þeim hætti, sem í frv. greinir, sérstaklega að því er varðar margbýliseða fjölbýlishúsin. En við í minni hl. álítum, að hér sé ekki sérlega stórt vandamál á ferð í sambandi við frv. og því fari enda víðs fjarri. Það yrði kannske svolítið meiri vinna í upphafi, en það mundi ekki bitna svo mjög á Gjaldheimtunni, að henni yrði það að nokkrum teljandi erfiðleikum. Þannig lítum við a. m. k. á, og þar sem um sanngjarnt mál er að ræða, réttlætismál, þá ætti það ekki að stranda á innheimtumönnum opinberra gjalda. En í bréfi Gjaldheimtunnar er aðeins fjallað um framkvæmdaraðferðir á þessu ákvæði, ef til kæmi og að lögum yrði, en efnisafstöðu tekur þessi stofnun ekki.

Ég tel, að það sé mjög eðlilegt, að hver og ein íbúð í fjölbýlishúsunum, svo að við tökum þau til dæmis, hafi sérstakt fasteignamat. Misrétti getur nefnilega vel orðið, þar sem um slíkt er ekki að ræða, og ég er alls ekki grunlaus um það, og veit enda um það með vissu, að það hefur ýmiss konar ágreiningur skapazt og margs konar erfiðleikar einmitt við það, að fasteignamatið er í stórum einingum, og þess vegna deilur uppi af ýmiss konar tagi. Þess vegna tel ég og við í minni hl., að það sé alls ekki úrhendis, en beinlínis eðlilegt og sjálfsagt, að hver og ein íbúð eða hvert og eitt íbúðarhúsnæði búi við sitt sérmat, og það er atriði, sem að sjálfsögðu verður að taka til greina. En eins og ég sagði áðan, þá er ekki álagningin og innheimtan neinn þröskuldur að mínu viti í vegi fyrir því, að þetta frv. nái fram að ganga, og til lítilla óþæginda fyrir innheimtuna, því að þeir hafa séð framan í annað eins og komizt samt yfir það.

En þá er það hitt: Hver er meðalíbúðin, hvernig ákvarðast hún? Hvert á að vera markið í þessu efni, ef til kemur? Og það má segja, að það sé umtalsvert, en matsatriði, og þarf margs að gæta í því sambandi, bæði um stærð íbúðar og enn fremur um ýmiss konar önnur atriði. Þar koma fleiri sjónarmið til, og drap hv. frsm. meiri hl. einmitt á eitt eða tvö slík atriði. Þess vegna höfum við í minni hl. viljað gera lítils háttar breyt. á frv., og er þeirrar till. getið í nál. á þskj. 282.

Þar leggjum við til, að slíkt mat verði háð ákvörðun sveitarstjórnar, þegar ákveðið hefur verið að nota þessa undanþáguheimild. En það, sem gert er ráð fyrir í frv., viljum við ekki taka undir og ekki slá því föstu í eitt skipti fyrir öll, hver sé meðalíbúð.

Eins og ég sagði áðan, þá er hér ekki um neitt stórmál að ræða. Það er miklu frekar „prinsip"-mál og höfðar til manneskjulegra tilfinninga.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða frekar um það en orðið er. Ég vona, að hv. dm. sé ljóst, hvað um er að ræða, og eins og ég gat um, þá höfum við í minni hl. komið fram með brtt. og mælum með því, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Þar sem ég er flm. þess frv., sem hér er til umr., þá kann ég ekki við annað en að segja nokkur orð um það, sérstaklega þar sem meiri hl. hv. n. hefur nú lagt til, að frv. verði fellt, og finnur því flest, ef ekki allt til foráttu.

Ég ætla að leyfa mér að gera nokkrar athugasemdir við nál. á þskj. 277 og framsöguræðu hv. frsm., hv. 3. landsk. þm. Menn hafa mjög keppzt við að lýsa því yfir, að hér væri lítið mál og auvirðilegt á ferðinni. Menn verða að hafa hver sína skoðun á því. Ég hef ekki þá skoðun. Ég tel, að það skipti talsverðu máli, hvernig fasteignaskattar eru lagðir á, ekki sízt nú, þegar svo árar sem allir vita, að íbúðareigendur margir hverjir, og þá fyrst og fremst þeir, sem þetta frv. er ætlað að snerta, berjast í bökkum við að halda sínum íbúðum. Ef menn efast um það, þá geta þeir kynnt sér nauðungaruppboðsauglýsingar borgarfógetaembættisins hér í Reykjavík a. m. k. og enn fremur það, að það hefur ekki verið látið sitja við auglýsingarnar einar, heldur hafa að undanförnu margar íbúðir verið seldar nauðungarsölu, og er það vissulega hörmuleg þróun.

Eins og hér hefur verið rakið, gerir frv. þetta ráð fyrir því, að sveitarstjórnum sé heimilt, — lengra gengur nú frv. ekki, — að sveitarstjórnum sé heimilt að undanþiggja þessar tilteknu íbúðir hæsta fasteignaskattsálagi. Það er heimilt, eins og hv. frsm. drap á, að þrefalda fasteignaskattinn í vissum tilfellum, og sum sveitarfélög hafa þegar notað sér það, þ. á m. Reykjavík nú nýverið. En forsaga þessa máls er raunar sú, að þegar til orða kom að þrefalda fasteignaskattinn í Reykjavík, þá komu fram raddir um það í borgarstjórn Reykjavíkur, að ef til vill væri það sanngjarnt að undanþiggja þessu síðasta 100% álagi þessar tilteknu minni íbúðir, sem notaðar eru til eigin þarfa, og það var ekki annað að heyra þar heldur en að flestir eða a. m. k. mjög margir borgarfulltrúar teldu, að það væri sanngirnismál, að svo mætti haga málum, en það strandaði á því, að lög leyfðu það ekki. Þess vegna hef ég nú flutt þetta frv. til þess að freista þess, þrátt fyrir það að ég telji nú hugsanlegt að túlka lögin þannig, að ekki þyrfti undanþágu frá þeim, til þess að þessu mætti við koma, að fá lögunum breytt í það form, að það væri alveg ótvírætt, að sveitarstjórnir gætu haft áhrif á það, hver fasteignaskatturinn er í vissum tilvikum, alveg á sama hátt og aðrir skattar og gjöld til borgarinnar eru ákveðin.

Á það reynir nú á hv. Alþ., hvort þessi viðbára hefur verið fyrirsláttur einn eða hvort menn hafa raunverulega meint það, að þetta væri út af fyrir sig skynsamleg hugmynd, sem aðeins strandaði á lagabókstafnum. Hér hafa verið lagðar fram 2 umsagnir, báðar neikvæðar, um þetta frv. Önnur frá

Sambandi ísl. sveitarfélaga og er frv. hafnað eða sagt, að ekki sé hægt að mæla með samþykkt þess, ekki sízt, eins og þar segir, vegna hins mikla misræmis á fasteignamati eftir því, hvar fasteignirnar eru á landinu, samkv. núgildandi fasteignamati. Hér finnst mér vera algjört vindhögg slegið. Í fyrsta lagi vegna þess, að frv. gerir einungis ráð fyrir heimild, en ekki skyldu, auk þess ætti vitanlega, ef svo er ástatt, sem allir raunar vita vel, að fasteignamatið er svona geysilega misjafnt, þá á auðvitað að kippa því í lag. Það er búið að vera að vinna að þessu fasteignamati undanfarin, held ég, 27 ár, en samkv. lögunum á nýtt fasteignamat að koma á 10 ára fresti. Það er þá þarna, sem sambandsstjórn ísl. sveitarfélaga ætti að láta til sín taka, en ekki með því að leggjast gegn sanngjörnum leiðréttingum á tekjustofnalögunum, ef það á annað borð telst sanngjarnt að framfylgja því, sem frv. fjallar um. Ef sambandsstjórn ísl. sveitarfélaga hins vegar telur, að hér sé ekki um sanngirnismál að ræða, þá á hún bara að segja það og leggja til, að frv. verði fellt, vegna þess að það sé vitleysa, sem í því stendur, en ekki að vera að bera fyrir sig það, að lagaákvæði um fasteignamat sé ekki framfylgt. Það kann að reyna á það síðar, þegar loksins er búið að koma þessum fasteignamatsmálum í viðunandi horf og skipa þeim lögum samkv., hvort sambandsstjórn ísl. sveitarfélaga meinar hér eitthvað annað en hún segir eða ekki. Ég tel, að þetta séu ekki nein rök í málinu. Þar að auki bendi ég á það, að í l. um tekjustofna er heimildarákvæði fyrir sveitarfélög til þess að ákveða, hvort 200% álagið er lagt á fasteignaskattinn eða ekki.

Þau sveitarfélög, sem hæst fasteignamat hafa, sem hafa hækkað fasteignamat sitt, eftir því sem hv. 3. landsk. sagði áðan, um 400%, þau hafa nú hækkað fasteignaskattinn í 200%. Er það ekki ranglæti gagnvart öðrum sveitarfélögum og sveitarfélagsþegnum, eða öllu heldur gagnvart Reykvíkingum samanborið við þá sveitarfélagsþegna, sem búa við miklu lægra fasteignamat, og í sveitarfélögum, sem hafa ekki enn þá, hvað sem verður, notað sér heimildarákvæði laganna til þess að leggja álagið á að fullu? Ég held það. Ég held, að hætta sé á misræmi, jafnvel ranglæti í þessu. Ég læt útrætt um þessa umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga.

En þá hefur verið lögð hér fram eða vitnað til annarrar umsagnar, frá Gjaldheimtunni í Reykjavík. Það er tekið fram í upphafi þeirrar umsagnar, sem auðvitað er meginatriðið, að Gjaldheimtan er alls ekki aðili að þessu máli. Hún er ekki réttur aðili að því að ákveða, með hvaða hætti fasteignagjöld eða önnur gjöld séu álögð hér, þar sem hún er aðeins innheimtustofnun, sem starfar í umboði borgarstjórnar að þessu leyti og svo ríkisvaldsins, að því er tekur til opinberra gjalda annarra.

Það er vafalaust alveg rétt, að gjaldskrárkortin núna séu 10 þús., en að þau þyrftu að vera 23 þús., ef hver íbúð væri metin sérstaklega, og það sjáist ekki af kortum Gjaldheimtunnar, hver eigi hvaða hluta húsnæðis. En ég vil taka undir það, sem hv. frsm. minni hl., 4. þm. Sunnl., sagði hér áðan, að þeir hafa einhvern tíma séð framan í annað eins verkefni, þessir menn, sem stjórna skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar, eins og að búa til kort fyrir alla þessa 23 þús. fasteignahluta, sem hér eru í borginni. Og þetta álít ég, að þurfi að gera, alveg burtséð frá því, hvað verður um þetta frv. Og ástæðan til þess er m. a. sú, að það er mjög óheppilegt fyrirkomulag, að fasteignagjöld séu lögð á í einu lagi og að öll fasteignin sé til tryggingar greiðslu þeirra, og þetta hefur margsinnis verið gagnrýnt. Það er heldur enginn vandi að ákveða fasteignamat hverrar einstakrar íbúðar, og liggur raunar fyrir. Eignirnar eru metnar í heilu lagi, en skv. l., sem gjaldheimtustjóri vitnar til í áðurnefndri umsögn, l. nr. 19 frá 1957, um sameign fjölbýlishúsa, segir í 6. gr. alveg skýrt og ótvírætt: „Eignarhlutfall hverrar íbúðar í fjölbýlishúsi er fundið með því að reikna út hundraðstölu rúmmáls íbúðarinnar af rúmmáli alls hins skiptilega hluta fjölbýlishússins". Og þessum skiptasamningum er þinglýst. Þegar nú liggur fyrir heildarmat eignarinnar og hlutfallstala hvers eignarhluta fyrir sig, þá mundi ég telja, að það væri einfalt dæmi að reikna það, hvert er fasteignamat hvers fyrir sig, enda er skatturinn lagður á hann, honum er útdeilt eftir þessum eignarhlutföllum á milli eigendanna. Þetta er bara framkvæmdaratriði, sem ég tel, að hljóti að vera mjög einfalt í framkvæmd, og framkvæmdaratriði, sem eigi að koma á.

Ég vil geta þess í sambandi við þá till. hv. minni hl. um að taka upp eitthvert annað mat, aðra viðmiðun á því, hvað sé meðalíbúð, þá er það allt í lagi frá minni hálfu. Ef menn koma auga á eitthvað annað betra, þá er sjálfsagt að hafa það. En þetta hérna, sem ég legg til, er áreiðanlega einfaldast, vegna þess að á hverri einustu skattaskýrslu eiga menn að telja fram íbúð þá, sem þeir eiga, eða húsnæði á fasteignamatsverði, og upplýsingar um það, hver fasteign sé undanþegin skv. fasteignamati, ef þetta frv. yrði að lögum, eru þess vegna samkv. skyldu, sem fyrir hendi er nú þegar, á hverri einustu skattaskýrslu, svo að ég held, að formið geti varla auðveldara verið. Það kann að vera, að sums staðar sé það talið eiga betur við að miða t. d. við ákveðna stærð. En ef farið er að miða við ákveðna stærð, þá er það sérstakur liður, sem þarf þá að rannsaka, sennilega að mæla íbúðirnar, senda innheimtumennina eða álagningarmennina heim á hvert heimili og mæla þar allt upp, því að það er ekki skylda að taka stærð íbúðar fram á skattaskýrslu. Hitt er hins vegar skylda og liggur fyrir og engin breyting frá því, sem nú er, þótt að þessu ráði yrði horfið.

En það, sem gerir það að verkum til viðbótar, að ég tel, að það sé nauðsynlegt að taka upp nýja hætti í sambandi við þessi mál, eru þær kvartanir, sem komið hafa um óþægindi, sem menn verða fyrir vegna þess, að á skattaseðlunum og hjá Gjaldheimtunni er ekkert skilið á milli, þá er húseignin öll í einu lagi, og ég vil bara leyfa mér að minna á það nýjasta, sem ég hef séð um þessi efni, með leyfi forseta. Frá því er sagt í Morgunblaðinu þriðjudaginn 4. þ. m., að eigendur sambýlishúss hafi þá nýverið mótmælt auglýsingu um nauðungaruppboð, og málsatvikin eru í örstuttu máli þau, að húseignin Dalbraut 1 er í sameign margra aðila. Svo er það einn eigandinn að hluta hússins, sem snýr sér til Morgunblaðsins og kemur á framfæri þessari athugasemd, að einn af eigendum verzlunarhúsnæðis, sem er þarna í húsinu, hefði ekki greitt fasteignagjald það, sem í hans hlut kom, og hefði nauðungaruppboð verið auglýst í Morgunblaðinu, sem koma ætti til framkvæmda í dag skv. auglýsingu. Auglýsing þessi var orðuð á þann veg, segir hér, að húseignin var talin eign Gunnars Skagfjörð Sæmundssonar o. fl., en Gunnar væri einn af íbúðareigendum og hefði greitt fasteignagjöld sín. Kvaðst Kristján, en það er sá, sem kvartar, hafa hringt í yfirborgarfógeta og spurt, hvernig á því stæði, að eignin öll væri auglýst á nauðungaruppboði. Yfirborgarfógeti hefði upplýst, að eignin væri auglýst til uppboðs í samræmi við þá beiðni, sem frá Gjaldheimtunni hefði komið, og væri embætti sínu ókunnugt um, hverjir hefðu greitt gjöld sín í slíkum tilvikum og hverjir ekki. Þá kvaðst Kristján hafa hringt í gjaldheimtustjóra, og hann hefði upplýst, að lögum skv. ætti að auglýsa alla eignina til sölu. Kristján sagði, að hann drægi ekki í efa, að lögin mæltu fyrir um þetta, en lágmarkskrafa væri, að í slíkum tilfellum væri uppboð auglýst á nafni þess manns, sem skuldaði. Sagði hann, að þeir Gunnar Skagfjörð Sæmundsson hefðu báðir atvinnu af viðskiptum og væri þeim því nauðsynlegt að njóta fyllsta trausts, en atvik sem þessi væru til þess fallin að rýra það traust. Hann kvaðst að lokum líta á þetta mál sem dómadags ranglæti. Blaðið, sem birti mótmæli þessi, Morgunblaðið, hefur snúið sér bæði til gjaldheimtustjóra og yfirborgarfógeta út af þessu. Umsögn gjaldheimtustjóra hirði ég ekki að lesa, því að hún er í nánu samræmi og raunar alveg eins og sú umsögn, sem hv. 3. landsk. las hér áðan viðkomandi því frv., sem ég er hér að tala um, en yfirborgarfógetinn segir í viðtali við blaðið í tilefni af þessu, með leyfi hæstv. forseta: „Þeir, sem fjalla um nauðungaruppboð, hafa mikil óþægindi af þessari tilhögun, vegna þess að fólk unir henni illa og á erfitt með að skilja hana. Mér er hins vegar ljóst, að mikil vinna mundi fylgja því að leggja fasteignaskatt á hverja íbúð í sambýlishúsum sérstaklega, enda mundi þurfa lagabreytingu til."

Þá ætla ég nú ekki að lesa meira upp úr Morgunblaðinu að sinni, en ég hef notað þetta tilefni, sem umsögn gjaldheimtustjórans í Reykjavík gaf, til þess að vekja athygli hv. þdm. á því, hvort einnig að þessu leyti væri ekki ástæða til að breyta l., því að það vil ég, að menn geri sér algjörlega ljóst, að reglur Gjaldheimtunnar í Reykjavík eru ekki neitt, sem ekki má breyta, þær eru ekkert boðorð, sem aldrei má breyta. Auðvitað verða menn að læra af reynslunni í þessu efni eins og öðru og breyta því, sem aflaga fer hjá öllum stofnunum ríkis og Reykjavíkurborgar, hvort sem þær heita Gjaldheimta eða eitthvað annað. Ég er ekkert að segja, að það sé neitt óeðlilegt, að þessi háttur hafi verið viðhafður í upphafi, þegar þetta var nýtt á sínum tíma og menn voru að þreifa sig áfram með þetta. Nú tel ég a. m. k., að komið hafi í ljós þeir ágallar á þessu fyrirkomulagi, að það sé sjálfsagt að breyta því. Og eins og ég hef reynt að rekja hér í þessari stuttu ræðu, þá tel ég, að það sé alveg vandalaust og fyrirhafnarlítið og kosti mjög lítið, þegar til lengdar lætur a. m. k., að breyta því þannig, að hver fasteignareigandi fái sinn gjaldseðil og hann eigi fyrst og fremst um það við sjálfan sig, hvort hann greiðir þessi gjöld, en aðrir sambýlismenn hans í viðkomandi húsi þurfi ekki að líða bágt fyrir það, ef einhver af íbúum hússins stendur ekki í skilum.

Ég er svo sem ekkert sérstaklega að harma það, þó að frv., sem ég flyt, fái ekki jákvæða afgreiðslu hér. Það er vitanlega undir hælinn lagt. En ég bara legg áherzlu á það, að menn felli frv. á réttum forsendum, að það sé ekki gert með fyrirslætti um það, að Gjaldheimtan geti ekki unnið störfin og að það sé eitthvert ranglæti vegna gamals og úrelts fasteignamats, sem þetta frv. muni margfalda. Ef mönnum finnst, að hér sé ekki um réttlætismál að ræða, þá skulu þeir bara segja það og fella þá frv. á þeim forsendum. Það hefur nú raunar hv. 3. landsk. að nokkru leyti gert, og það er þá líka það eina, sem mér finnst, að eftir standi af hans rökum með fullu gildi. Ég hef þá skoðun og set það fram í þessu frv., að þegar útsvör eru þanin, eins og nú er gert, og þegar svo til allir gjaldstofnar eru notaðir til hins ýtrasta, þá sé það ekkert óeðlilegt, að fasteignagjöldin séu það líka. Og ég sé ekkert eftir ýmsum aðilum, sem eiga hér stórhýsi, bæði opinberum og einkaaðilum, sem er þá kannske ekki hægt að ná til með borgargjöld með öðrum hætti en í gegnum fasteignaskattinn, að þeir greiði hann eins og fyllstu lög leyfa. En það, sem ég sé eftir og horfi á með kvíða, er það, að þetta skuli þurfa endilega að lenda á þeim, sem fyrir eru í fullkomnum vandræðum með að halda því húsnæði, sem þeir búa í og ég hef leyft mér að kalla hér nauðþurftarhúsnæði, þ. e. íbúðir, sem fara ekki yfir 80 þús. að fasteignamati. Það er þetta, sem ég ætlaði

að vekja athygli á með flutningi þessa frv. og freista að koma í kring, að það væri heimilt, — ekki er nú lengra gengið í frv. en að það væri heimilt að undanþiggja þetta húsnæði fyllstu fasteignagjöldum. Ef mönnum finnst það ekki, þá gera þeir það upp við sig, og þá er þetta frv. vitanlega fallið. En ef mönnum finnst á hinn bóginn, að hér gæti verið um eitthvert réttlætismál að ræða, þá vænti ég þess og vona enn þá, að frv. nái fram að ganga.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Það eru ýmsar athugasemdir, sem ég vildi koma á framfæri við ræðu hv. flm. þessa frv. Ég vil leiðrétta það strax eða vekja athygli á því, að ég hef hvergi í minni frumræðu kallað þetta mál lítið eða auvirðilegt, það er síður en svo. Hins vegar sagði formælandi minni hl., að þetta væri lítið mál og ekki merkilegt. Hann sagði, að þetta væri lítið mál. Það má fara og taka segulbandið og hlusta á það. (Gripið fram í.) Jæja, ég a. m. k. sagði sjálfur hvergi, að þetta væri lítið mál eða auvirðilegt. (Gripið fram í.) En frekar var það talsmaður minni hl. n., sem hafði orð á því, að þetta mál væri ekki stórt, eða lítið, eða hvaða orð hann hefur nákvæmlega haft um það, það má kanna síðar.

En þessar mótbárur, sem hv. flm. frv. kom hér með, eiginlega var það eins og hann væri að andmæla mínum rökum gegn þessu frv., það var mjög á misskilningi byggt. Ég var aðeins að lesa hér umsögn Gjaldheimtunnar, vegna þess að ég vildi kynna hv. þdm., hvað Gjaldheimtan hefði að segja, en ekki vegna þess, að ég gerði ummæli Gjaldheimtunnar endilega að mínum rökum, enda er hvergi í nál. okkar, þar sem aðalrökin eru færð fyrir því að vera á móti frv., þá er ekki minnzt á það, að þetta kunni að hafa í för með sér, að miklu erfiðara verði að innheimta fasteignagjöld en áður, og reyndar, eins og hv. flm. ræddi allmikið um, þá hafa orðið um það blaðadeilur og blaðaskrif, hvort það væri sanngjarnt að hafa þennan hátt á, sem Gjaldheimtan hefur, að innheimta fasteignaskattana hjá húsfélögum, og ætti í staðinn að fara að innheimta þá hjá einstökum íbúðaeigendum. Þetta mál fjallar út af fyrir sig ekki um það, þótt það megi segja, að það komi inn á það, og ég skal ekki hér fara að gera það sérstaklega að umtalsefni, enda hef ég ekki myndað mér neina endanlega skoðun á því, þó að ég játi, að ef það mál kæmi upp, þá hallaðist ég að því, að þetta fyrirkomulag væri bezt, að innheimta hjá húsfélögunum, það ætti bara að hafa þetta á nafni húsfélaganna, þegar innheimt er, en ekki taka einhvern einstakling, sem er efstur í röðinni á listanum yfir eigendur, og auglýsa hans nafn. Það getur verið skakkt. Ég vil yfirleitt taka það fram, að ég er ákaflega mikill talsmaður þess, að skattar séu einfaldir, bæði í álagningu og innheimtu. En að öðru leyti er umsögn Gjaldheimtunnar ekki grundvallarástæðan fyrir því, að við höfnum frv., enda er ekki vitnað til hennar eða þeirra raka í nál. meiri hl.

Ég tók það líka fram, þegar ég kynnti sjónarmið og umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga, sem ég taldi eðlilegt, að það væri hægt að lagfæra þann agnúa á frv. með brtt., það tók ég fram, en það væri ekki heldur grundvallarástæða. Þess vegna mundi ég segja, að hv. flm. hafi ekki komið að þungamiðju málsins, þegar hann var að gagnrýna þessar umsagnir.

Bæði talsmaður minni hl. og flm. þessa frv. hafa undirstrikað, að hér sé aðeins um heimild að ræða og þess vegna sé minni ástæða til þess að hafna þessu en ella. En það er nú svo, ef manni þykir þessi heimild vafasöm, þá getur alltaf komið fyrir, ef hún á annað borð er veitt, að einhver sveitarfélög noti hana. Það er aldrei hægt að fyrirbyggja það, að einhver sveitarfélög noti hana. Og ég verð nú að segja það í sambandi við þetta, að torvelt yrði að meta þessar nauðþurftaríbúðir, eins og þessar fasteignamatsreglur eru í dag, — ég er ekki að mæla þeim bót, hv. flm. má ekki misskilja það. Það er ákaflega lengi búið að vinna að nýju fasteignamati, manni skilst nú, að það eigi að ganga í gildi á næsta ári, þótt ég hafi ekki umboð til að tilkynna það að vísu, en það a. m. k. ætti að vera heldur skammt undan. Ég skal ekki mæla þeim reglum bót, og það má út af fyrir sig segja, að svo vitlausar sem þær séu, þá sé þó samræmi í þeim innbyrðis í sama sveitarfélaginu. Ég get ekki fundið það út, hvernig hv. flm. telur, að það geti verið sanngjarnt, að 3 herbergja íbúð sé nauðþurftarhúsnæði í Reykjavík, en 5 herbergja íbúð á Ólafsfirði. Og ef sveitarfélögin fengju svo, eins og minni hl. leggur til, alveg frjálst val um það, hvernig þeir meta þetta, þá getur þetta orðið enn þá verra, þá gætu þau metið 6 herbergja íbúð á Ólafsfirði nauðþurftarhúsnæði, en 2 herbergja íbúð í Reykjavík. Ég botna ekki í þessu, hvernig þetta er.

Ég er ekki að fullyrða það út af fyrir sig, að það gæti ekki verið ástæða til þess að mismuna í fasteignagjöldum, við skulum segja sem hugsanlegan mismun að hafa einn skala fyrir atvinnuhúsnæði og annan skala fyrir íbúðarhúsnæði. Ég er ekki út af fyrir sig að fullyrða það, að það gæti ekki verið réttlátt. En ég teldi nú að öðru jöfnu einfaldast, að það væri sama fasteignaskattsprósenta á öllum fasteignum, af því að þar er andlagið tiltekin eign, en aftur á móti sé mismunað á og mismuninum náð í eignarsköttum, sem eiga að vera stighækkandi, þannig að sá, sem á miklar eignir, borgi þá hlutfallslega meira en hinn, sem minna á. En að maður, sem á kannske stóra íbúð og skuldar hana alla, eigi að borga hærri fasteignaskatt af sinni íbúð heldur en sá maður, sem á ef til vill fimm litlar íbúðir og skuldar ekkert í þeim, ég get ekki fundið neitt réttlæti í því. Og það er það, sem raunverulega

algjörlega vantar sem undirstöðuatriði í þetta frv., að þar er ekki tekið neitt tillit til þess, það er bara kallað nauðþurftarhúsnæði, ef íbúðin er lítil, þó að það búi kannske einn maður í henni, en það er víst kallað lúxushúsnæði, ef 10 manns búa í 5 herbergja íbúð, eftir þessu að dæma. Ég get ekki fundið neitt samhengi í slíku, og þess vegna tel ég, að það sé ekki hægt að samþ. þetta frv., eins og það er úr garði gert, það sé í grundvallaratriðum svo handahófskennt og skapi ekki aukið réttlæti. Og það getur vel verið, að þegar þessar nýju fasteignamatsreglur loksins eru gengnar í gildi, — þá á nú, minnir mig, eftir lagareglum að endurskoða öll fasteignagjöld, hvers eðlis sem þau eru, mér skilst, að það sé lögbundið, — og það getur vel verið, að þá skapist einhver ný sjónarmið um það að hafa ekki sama fasteignagjald af öllum tegundum fasteigna. Það kann vel að vera, en það má ekki vera í áttina við það, sem lagt er til hér.

ATKVGR.
Brtt. 282 felld með 10:7 atkv.
1. gr. felld með 10:8 atkv.
Frv. þar með fallið.

Lagafrumvörp afgreidd með rökstuddri dagskrá.

1. Tekjustofnar sveitarfélaga (frv. SkG og SV).

Á 5. fundi í Nd., 22. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga [32. mál] (þmfrv., A. 32).

Á 8. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Á þskj. 32 flyt ég ásamt hv. 5. þm. Norðurl. e. lagafrv. um breytingar á l. um tekjustofna sveitarfélaga. Aðalefni frv. er að fá breytt ákvæðum l. um aðstöðugjöld.

Á undanförnum árum hafa allir kaupstaðir hér á landi, flestir kauptúnahr. og mörg önnur sveitarfélög lagt á svonefnd aðstöðugjöld samkv. heimild í l. En sá galli hefur fylgt þessu, að gjöldin leggjast ákaflega misjafnlega þungt á gjaldendur eftir því, hvar þeir eru búsettir á landinu. Veldur þetta óþolandi ranglæti, og er brýn þörf lagfæringar á því. Ég vil leyfa mér að nefna hér dæmi um ójöfnuðinn í þessum efnum. Húsmóðir í Reykjavík fer í matvöruverzlun og kaupir þar vörur fyrir 1000 kr. Hún verður nú að borga 5 kr. í toll, sem nefnist aðstöðugjald, af þessum vörum í borgarsjóð Reykjavíkur. Þetta verða margir 5 krónu seðlar yfir árið, því að nú fæst ekki mikið af vörum fyrir 1000 kr. En víða á landinu þarf fólk að borga 10—15 kr. gjald til sveitarfélags vegna jafnmikilla viðskipta, og þess eru dæmi, að tekið sé 20 kr. aðstöðugjald af 1000 kr. matvörukaupum eða fjórum sinnum hærri upphæð en í Reykjavík.

Annað dæmi vil ég nefna. Tilbúinn áburður er ein af helztu nauðsynjavörum bændanna. Lögin heimila að taka allt að 2% af verði áburðarins í aðstöðugjald, og þess eru dæmi, að svo hátt gjald hafi verið tekið af þessari nauðsynjavöru. Á einstöku stöðum sleppa sveitarstjórnirnar því að leggja aðstöðugjald á áburðinn. En annars er álagt gjald frá 0.25% og allt upp í 2%. Þar sem gjaldið er ¼%, þarf meðalbóndi nú að borga á annað hundrað kr. aðstöðugjald af áburðinum, sem hann kaupir, miðað við eins árs notkun af þeirri vöru, en víða annars staðar 500 kr., 700—800 kr. og allt upp í 1000 kr. af ársnotkuninni af áburðinum. Þetta verður hann að borga til þess verzlunarstaðar, þar sem áburðinum er skipað upp og hann látinn á flutningavagna.

Allir ættu að geta orðið sammála um það, að það misrétti, sem ég hef hér nefnt dæmi um, þarf að leiðrétta. Verði sá ójöfnuður, sem hér hefur verið í frammi hafður, látinn haldast, er stórhætta á því, að það verði til þess að flæma menn frá búsetu og atvinnurekstri á vissum stöðum á landinu.

Á undanförnum árum hafa verið þau ákvæði í l. um tekjustofna sveitarfélaga, að illa stæð sveitarfélög, sem þurfa að fá aukaframlög úr jöfnunarsjóði, geti því aðeins fengið slík framlög, að þau hafi hækkað útsvörin um 20%, þ. e. a. s. bætt 20% álagi á útsvörin, sem heimiluð eru í l. Þetta hefur mælzt mjög illa fyrir, og fólk, sem hefur búið í þessum illa stæðu sveitarfélögum, hefur kvartað undan því, sem von er, að þurfa að taka á sig slíkt aukaálag á útsvörin, og það hafa verið gerðar kröfur um, að þetta verði afnumið eða álagið a. m. k. lækkað verulega. Nú gerðist það á síðasta þingi, að það voru sett ný lagaákvæði um þetta, og nú þarf sveitarfélag, sem biður um aukaframlag úr jöfnunarsjóði, ekki að leggja nema tiltölulega lágt viðbótargjald á útsvörin. Þannig hefur fengizt leiðrétting í því atriði. En enn er eftir að gera leiðréttingu að því er varðar aðstöðugjöldin, en þar hefur munurinn verið miklu stórkostlegri en nokkurn tíma að því er útsvörin snertir. En að því er stefnt með þessu frv. að fá þar á leiðréttingu.

Sumir segja, að aðstöðugjöldin séu almenningi óviðkomandi, því að þau leggist aðallega á atvinnurekstur, eins og t. d. á verzlanir. En þetta er mikill misskilningur. Aðstöðugjöld, sem lögð eru á vörur, hækka vöruverðið alveg á sama hátt og aðflutningsgjöld eða tollar, sem ríkið leggur á vörurnar til tekjuöflunar fyrir ríkissjóðinn. En tollarnir til ríkissjóðs eru jafnháir um allt land. Þeir eru ekki hærri á einum stað en öðrum. Á sama hátt er eðlilegt, að þessi vörutollur til sveitarfélaganna, aðstöðugjöldin, sé jafnhár um allt land. Í frv. okkar er þó ekki lagt til að gera aðstöðugjöldin alls staðar þau sömu. En með því að leggja bann við því, að aðstöðugjöld á nauðsynjavörum séu hærri en þau eru nú í Reykja-

vík, er stigið stórt skref til að draga úr þeim stórkostlega ójöfnuði, sem núgildandi reglur valda. Og þetta er meginefni í okkar frv.

Ég ætla þá að gera grein fyrir þeim helztu breytingum á aðstöðugjaldinu, sem frv. felur í sér. Lagt er til, að álagning á verzlun með kaffi, sykur og kornvörur til manneldis í heildsölu verði takmörkuð við ½% og einnig á matvöruverzlun í smásölu. Þetta er sama gjald og nú er í Reykjavík. En nú er heimilt að leggja á þessar nauðsynjavörur í smásölu allt að því 2% í aðstöðugjald. Á sama hátt leggjum við til, að takmörkuð sé álagning á veiðarfæri önnur en sportveiðitæki, fóðurvörur og tilbúinn áburð. Þá leggjum við til, að heimild til álagningar á fiskiðnað verði lækkuð úr 1% í ½%, en það er það, sem nú er tekið hér í Reykjavík, og við leggjum til, að kjötiðnaður verði settur undir sama ákvæði. Þá leggjum við til, að álagning á iðnað, sem er ótalinn annars staðar, álagningarheimild réttara sagt, verði færð úr 1½% í 1%, en það er það, sem nú er lagt á iðnrekstur hér í Reykjavík. Við látum 2% hámark haldast eins og það er í l. núna, og verður því, þótt okkar frv. verði samþ., eftir sem áður heimilt að leggja þá prósentu á lítt þarfan og óþarfan söluvarning og einnig á starfsemi af því tagi.

Ég vil nefna það, að í 1. gr. frv. er lagt til, að kostnaður vegna óhappa eða náttúruhamfara skuli undanþeginn aðstöðugjaldi. Og í 3. gr., síðustu gr. frv., er lagt til, að hafi gjalddagar á sveitargjöldum verið ákveðnir samkv. 47. gr., skuli auglýsa það hlutaðeigendum fyrir janúarlok álagningarárið.

Ég held, að skatta- og tollakerfi okkar sé miklu flóknara og þar af leiðandi dýrara í framkvæmd en það ætti að vera. Á vörurnar eru lagðir tollar, í öðru lagi söluskattar og í þriðja lagi aðstöðugjöld. Og um beinu skattana er svipað að segja. Ríkið leggur á tekjuskatt og eignarskatt fyrir sig og sveitarfélögin tekjuútsvör og eignarútsvör á sömu gjaldstofna. Væri ekki réttara að sameina þessi gjöld, en skipta þeim svo eftir ákveðnum reglum milli ríkisins og sveitarfélaganna? Ég tel, að þetta ætti að athuga. En sú breyting verður tæplega gerð á næstu dögum, hvað sem síðar verður, og því er óhjákvæmilegt að gera nú lagfæringar á álagningu aðstöðugjaldanna til að afnema mesta misréttið. Og að því er stefnt með okkar frv.

Til er sjóður, sem nefnist jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Þegar þannig er ástatt í einhverju sveitarfélagi, að það fær ekki tekjuþörfum sínum fullnægt með álagningu gjalda eftir almennum reglum, á jöfnunarsjóðurinn að koma til. Geri hann það ekki, kafnar hann undir nafni. En það getur vel verið þörf á því, ef þetta frv. verður samþ., að gera breytingar á l. um jöfnunarsjóðinn, og þá er hægt að gera það. Það er heimild enn í l. til að leggja nokkurt aukaálag á útsvörin, og því teljum við flm. rétt, að það sé einnig heimilað að leggja tilsvarandi aukaálag á aðstöðugjöldin, og þess vegna höfum við sett inn í frv. ákvæði um það, að sé notuð heimild til að hækka álögð útsvör frá því, sem þau eru ákveðin í 32. gr. l., þá sé heimilt að bæta jafnháum hundraðshluta við álögð aðstöðugjöld.

Ég held, herra forseti, að ég þurfi ekki að fara um þetta mál fleiri orðum. Á síðasta þingi var flutt frv. af mér og öðrum þm., sem var í meginatriðum eins og þetta, sem hér liggur fyrir, svo að mönnum er málið nokkuð kunnugt. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og til hv. heilbr.- og félmn., og ég vil skora á hv. n. að afgreiða frv. frá sér hið allra fyrsta. Frv. um þetta efni, sem lá fyrir síðasta þingi, var næstum því allan þingtímann hjá þeirri n., svo að hún er málinu vel kunnug, og ætti þess vegna ekki að taka langan tíma fyrir hana að afgreiða þetta mál, og ég vil vænta þess, að hún geri það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Á 59., 60., 61. og 62. fundi í Nd., 4., 6. og 10. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., 11. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 32, n. 301 og 318).

Frsm. meiri hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft þetta mál til athugunar, en gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þess, og leggur meiri hlutinn til, að það verði afgr. með rökstuddri dagskrá, sem fram kemur á þskj. 301. Frv. um mjög svipaða breyt. á tekjustofnalögunum og hér liggur fyrir var lagt fram á síðasta þingi, og fékk heilbr.- og félmn. það mál þá einnig til athugunar. Hún sendi það þá til umsagnar nokkurra aðila og þar á meðal til Sambands ísl. sveitarfélaga, sem eðlilegt var, og bárust okkur frá 2 þessara aðila umsagnir. Það er í fyrsta lagi frá Stéttarsambandi bænda, og niðurstaðan í þeirra áliti er þannig:

„Fundurinn telur mál þetta mjög vandasamt og nauðsynlegt, að það verði tekið til mjög gagngerðrar athugunar. Leggur hann til, að Alþ. láti gera það undir forustu Sambands ísl. sveitarfélaga, þar sem stjórn Stéttarsambands bænda getur haft fulltrúa."

Í umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga um málið frá síðasta þingi, eins og það lá þá fyrir og var, eins og ég segi, í mjög svipuðu formi og það frv., sem hér er nú, segir m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt gildandi l. er það á valdi einstakra sveitarstjórna, hvernig hlutfallið er á milli aðstöðugjalda og útsvara, þ. e. hvernig gjaldstig-

um er hagrætt, svo fremi það er innan hins lögákveðna hámarks. Um það má að vísu deila, hvort slík tilhögun sé sanngjörn og heppileg til frambúðar, en óvarlegt og varhugavert virðist að breyta að þessu leyti lagaákvæðum um einn tekjustofn. Eðlilegra virðist að taka jafnframt til endurskoðunar að þessu leyti aðra tekjustofna sveitarfélaganna. En rétt er að vekja athygli á því, að nú eru öll þessi mál í athugun hjá n. þeirri, er vinnur að athugun á upptöku staðgreiðslukerfis opinberra gjalda. Þá er rétt að vekja athygli á því, að engan veginn er öruggt, að samanburður á aðstöðugjaldsstigum í mismunandi sveitarfélögum gefi rétta mynd af heildarsveitarsjóðsútgjöldum fyrirtækja eða einstaklinga í þeim sveitarfélögum. Ef rétt mynd á að fást í þessu efni, verður sá samanburður að ná til allra sveitarsjóðsgjalda. Í mörgum sveitarfélögum, þar sem háir aðstöðugjaldsstigar hafa verið, hefur t. d. verið gefinn mikill afsláttur af útsvörum. Þar sem svo hefur verið ástatt, hefur þetta leitt til minnkaðrar greiðslubyrði hins almenna gjaldanda, og verður að ætla, að sveitarstjórnir almennt hafi ekki í þessu efni unnið gegn hagsmunum byggðarlaga sinna."

Þetta var m. a. úr umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga, og niðurstaðan hjá Sambandinu er þessi:

„Af framangreindum ástæðum getur stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga ekki mælt með samþykkt þessa frv."

Það kemur þarna fram í umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga, eins og reyndar öllum sveitarstjórnarmönnum hlýtur að vera ljóst, að breyt. á tekjustofnalögunum þýðir óneitanlega tilfærslu á gjöldum milli þegna innan hvers sveitarfélags. Að mínum dómi og af þeirri reynslu, sem ég hef af þessum málum, þá er þarna um mjög flókið mál að ræða og mjög misjöfn aðstaða í hverju sveitarfélagi, hvað rétt er að gera. Það má segja, að sveitarstjórnarlögin, eða tekjustofnahlið þeirra, gefi sveitarfélögunum nokkuð rúma heimild til þess að ákveða, hvernig gjöld eru tekin, þó innan þess ramma, sem þau marka. Ég tel, að þetta sjálfræði sveitarfélaganna til að haga málum sínum eins og þau telja eðlilegast sé alveg nauðsynlegt, aðstæðurnar eru svo geysilega ólíkar á hverjum stað, og í sambandi við aðstöðugjöld, þá er það mjög misjafnt, hvað hin einstöku sveitarfélög láta af hendi til þeirra aðila, sem aðstöðugjöldin greiða. Allt þetta grípur mjög inn í það og eru rök fyrir því, að mjög sé óeðlilegt að gera neinar stórfelldar breytingar, eins og er t. d. gert í því frv., sem hér liggur fyrir, — gera neinar stórfelldar breytingar á tekjustofnalögum sveitarfélaganna, nema að mjög vel athuguðu máli, þar sem Samband ísl. sveitarfélaga hefur fengið aðstöðu til að skoða málið í heild og láta í ljós álit sitt um það, því að þetta er það, sem snertir sveitarfélögin kannske einna mest, hvernig aðstöðu þeirra til tekjuöflunar er háttað, og því mjög óeðlilegt að mínum dómi og okkar, sem að hinni rökstuddu dagskrá stöndum, að það sé gert, nema fyrir liggi umsögn stjórnar sambandsins, eftir að hún hefur skoðað málið vandlega og viljað fallast á að mæla með þeim breytingum, sem þar eru. Ég tel, að á annan hátt sé mjög erfitt fyrir Alþ. að gera róttækar breytingar. Því er hin rökstudda dagskrá fram komin, þar sem lagt er til, að málinu verði vísað frá, og vil ég í því sambandi ítreka það, sem fram kemur í umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga, að málið í heild er í athugun í sambandi við þær breytingar, sem ræddar hafa verið og nauðsynlegt verður að gera, ef tekið verður hér upp staðgreiðslukerfi opinberra gjalda.

Frsm. minni hl. (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því, að hv. 3. þm. Sunnl. hafi skýrt frá afdrifum þessa máls í heilbr.- og félmn., þar sem það var til meðferðar, en n. klofnaði, og meiri hluti nm. leggur til, að frv. þessu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Ég einn skipa minni hlutann og hef lagt til á þskj. 318, að frv. verði samþ. óbreytt. Ástæðurnar fyrir þeirri afstöðu minni eru þær, að ég tel það ákaflega mikla skammsýni í viðhorfi sveitarstjórnarmanna og raunar ákaflega óréttlátt, að atvinnurekstur utan Reykjavíkur eigi að greiða hærri aðstöðugjöld en hér er almennt gert í Reykjavík, því að svo sannarlega er það rétt, að hér mun aðstaða fyrir atvinnufyrirtækin vera hvað bezt. Ég tel, að með því að leggja margfalt þyngri byrðar á atvinnurekstrinn úti á landi sé beinlínis verið að hrekja hann af þeim stöðum til þéttbýlisins hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þessa afstöðu mína. Ég tel, að ég hafi skýrt hana með þeim fáu orðum, sem ég hef hér sagt.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Með frv. okkar hv. 5. þm. Norðurl. e., sem hér liggur fyrir, er stefnt að því að fá leiðréttingar á ranglæti, miklu ranglæti, sem menn víða um land eiga við að búa í sambandi við álagningu aðstöðugjalda svonefndra. Mál þetta hefur verið hjá hv. heilbr.- og félmn., og frá henni liggja fyrir tvö nál. Meiri hluti nm. vill vísa þessu frá.

Á aukafundi, sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hélt ekki alls fyrir löngu, var m. a. samþ. ályktun, þar sem þess er krafizt, að aðstöðugjöld á hraðfrystihús verði hvergi ákveðin hærri en þau eru nú í Reykjavík og á Akureyri, en á þessu er mikill munur, á gjöldunum þar og víða annars staðar. Víða um land þurfa þessi atvinnufyrirtæki að borga helmingi hærri aðstöðugjöld heldur en frystihúsin í Reykjavík og á Akureyri. Þannig er það t. d. í Vestmannaeyjum, þar verða frystihús að borga 1% í aðstöðugjald á móti ½% í Reykjavík. Meiri hluti heilbr.- og félmn. lætur þessa sanngjörnu og eðlilegu ósk frá Sölumiðstöð

hraðfrystihúsanna eins og vind um eyru þjóta, hann vill hafa þetta svona áfram, þennan ójöfnuð. Ég vil einnig nefna dæmi um álagningu aðstöðugjalda á matvöruverzlanir eða svonefndar nýlenduvöruverzlanir, en þetta er ákaflega misjafnt víða um landið. Í Vestmannaeyjum, svo að ég haldi áfram með þann stað, verða slíkar verzlanir að borga 1% af veltunni í aðstöðugjald, en hér í Reykjavík er þetta ½%. Nú segja sumir menn, að það sé ágætt að láta verzlanir borga til sveitarfélagsins á þennan hátt, þær þoli þetta vel og geti vel greitt þetta. En málið er ekki svona einfalt. Það er nefnilega þannig, að aðstöðugjöld, sem innheimt eru hjá verzlunum, koma ekki fljúgandi til þeirra úr tunglinu eða frá öðrum hnöttum, ekki heldur frá öðrum löndum á okkar hnetti, þó að núverandi hæstv. ríkisstj. sé seig í sóknum við að snapa peninga í öðrum löndum með ýmsu móti. Nei, þetta leggst allt á viðskiptin, fólkið, sem þarf að kaupa nauðsynjar sínar í verzlunum, — það leggst á það fólk alveg á sama hátt og tollarnir, sem ríkið leggur á innfluttu vörurnar. Fjölskylda í Vestmannaeyjum er nú látin borga 200 kr. í toll, sem aðstöðugjald nefnist, á sama tíma sem fjölskylda í Reykjavík borgar 100 kr. af jafnmiklum viðskiptum. Og fyrirliði þeirra í meiri hl. heilbr.- og félmn. er einmitt 3. þm. Sunnl., sem mun eiga heima í Vestmannaeyjum. Hann segir við fólkið þar, á landinu sunnan landsins: „Þið eruð ekkert of hvít til þess að borga helmingi hærra aðstöðugjald heldur en þeir í Reykjavík. Ég vil hafa þetta svona áfram."

Í Eyrarsveit á Snæfellsnesi verður hraðfrystihúsið að borga helmingi hærra aðstöðugjald heldur en húsin í Reykjavík og á Akureyri og í Stykkishólmi 40% hærra. Á þeim stöðum er lagt 1.5% aðstöðugjald á matvöruverzlanir, þrisvar sinnum hærra en í Reykjavík. Nú vill svo til, að sjálfur sýslumaður þeirra Snæfellinga á sæti hér á hinu háa Alþ., hann mun vera 4. þm. Vesturl., ef ég man rétt, en þeim Snæfellingum hefur ekki orðið mikil stoð að honum hér í þessu máli. Nei, því miður. Hann vill láta hraðfrystihúsin þar á Nesinu halda áfram að borga 40—100% hærri gjöld í formi aðstöðugjalda heldur en húsin hér í Reykjavík, og hann vill láta fólkið þar á Nesinu borga þrisvar sinnum hærri toll, sem aðstöðugjald nefnist, af nauðsynjavörunum, sem það kaupir í verzlununum, heldur en Reykvíkingar þurfa að borga.

Á Ólafsfirði, kaupstað norðanlands, er gjaldið á hraðfrystihús ¾%, eða 50% hærra en í Reykjavík, og á Dalvík og Raufarhöfn í sama kjördæmi eru þessi gjöld 1% eða helmingi hærri en í Reykjavík. Matvöruverzlanir t. d. á Dalvík þurfa að borga þrisvar sinnum hærra en í Reykjavík, eða fólkið, sem við þær skiptir, réttara sagt. Einn af meirihlutamönnum heilbr.- og félagsmálan., sem stendur að þeirra nál. á þskj. 301, er skáldið og bankastjórinn á Akureyri, hv. 9. landsk., minnir mig að sé. Hann segir við fólkið þar fyrir norðan, í kjördæminu þar sem hann leitar fylgis til þess að komast á þing: „Þetta má vel vera svona, krakkar mínir. Ég sé enga ástæðu til þess að breyta þessu."

„Aldrei varð hún orðlaus á ævinni nema þá," sagði Davíð Stefánsson um kerlinguna hans Jóns, þegar hún sá dásemdirnar á leið sinni upp að hliði himnaríkis. Það lá nærri, að það færi eins fyrir mér og kerlingunni, þegar ég sá nafn hv. 9. þm. Reykv., bóndans í Selárdal í Ketildalahreppi og forseta Alþýðusambands Íslands, á þessu plaggi, nál. meiri hl. Sem dæmi um aðfarirnar í hans heimahéraði má nefna, að hraðfrystihús á Patreksfirði er látið borga helmingi hærra aðstöðugjald en sams konar fyrirtæki í Reykjavík, og verkamannafjölskylda á þeim stað er látin borga þrisvar sinnum hærri toll, sem aðstöðugjald nefnist, af matvörum, sem hún þarf að kaupa, heldur en fjölskylda í Reykjavík borgar af jafnmiklum viðskiptum. Hv. 9. þm. Reykv. er forseti Alþýðusambands Íslands, og ég get bent honum á það, að á móti hverjum 100 kr., sem reykvísk verkamannafjölskylda borgar í aðstöðugjald, er fjölskylda í einum kaupstað á Austurlandi látin borga 400 kr. af jafnmiklum matvörukaupum og víða um land 300 kr. og á mörgum stöðum 200 kr. eða helmingi meira en í Reykjavík. Getur það verið, að þetta sé í anda Alþýðusambands Íslands, að svona sé farið að, þessi ójöfnuður látinn haldast? Mér þykir það ólíklegt, að svo sé. Ég held, að það geti ekki verið í anda þess félagsskapar. En það er ekki um að villast, að forseti þess hefur skrifað upp á þetta plagg. Hann vill vinna að því, að ranglætið sé látið haldast áfram. Hvernig gat þetta skeð? Hvað hefur komið yfir þennan hv. 9. þm. Reykv.? Er honum að fara svona aftur, síðan hann varð þm. Reykv.? Ekki er honum þó aldurinn að meini. Hann mun vera pínulítið yngri en ég. Ég held, að þetta hljóti að stafa af því, að það hafi hent hann óaðgæzluleysi eins og Jón sterka í Skugga-Sveini, þegar hann spýtti nálægt eyranu á danskinum. Eina skýringin, sem ég get fundið á þessu framferði hans, er sú, að hann hafi skrifað í ógáti upp á þennan víxil hv. 3. þm. Sunnl. Og öllum getur yfirsézt, líka þeim, sem eru orðnir vel fullorðnir og eru búnir að eignast mikla lífsreynslu. En ég vil benda honum á það, hv. 9. þm. Reykv. og öðrum, sem eru á þessu plaggi, að það er ekki enn þá búið að selja þennan ólánsvíxil. Alþ. er ekki búið að kaupa hann, og á meðan hafa þeir möguleika til að leiðrétta þetta. Þeir geta strikað út þarna sín nöfn. Þá þarf að vísu að prenta upp nál., ef einhver verður eftir á því að lokinni þessari hreingerningu. En látum það svo vera. Þetta geta þeir gert, og þetta ættu þeir að gera.

Menn segja, að sveitarsjóðirnir þurfi á tekjum að halda. Þetta er alveg rétt. En það er til sjóður, sem nefnist jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Þegar

svo er háttað í einhverju sveitarfélagi, að það fær ekki fullnægt tekjuþörfum sínum með álagningu gjalda eftir almennum reglum, á jöfnunarsjóðurinn að hlaupa undir baggana. Vel getur þurft að breyta l. um jöfnunarsjóðinn til þess að gera honum þetta kleift, og þá er að gera það. Hitt er með öllu óþolandi að láta haldast þann ójöfnuð og það ranglæti, sem nú er í álagningu og innheimtu aðstöðugjaldanna. Hvað mundu menn segja við því, ef fjmrh. legði fram hér frv. um, að innheimta skyldi 100—200% hærri tolla af útlendum vörum, sem fluttar væru inn til Akureyrar, Vestmannaeyja, Stykkishólms og Patreksfjarðar, svo að dæmi séu nefnd, heldur en af sams konar vörum, sem fluttar væru til Reykjavíkur?

Af nál. á þskj. 301 sýnist mér, að þeir fjórmenningarnir, sem að því standa, mundu hneigja sig fyrir ráðh. og mæla einum rómi: Já, já, já, já, við skulum styðja þetta. — Annars geri ég ekki ráð fyrir, að til slíks komi. Ég hygg, að enginn fjmrh. legði fram slíkt frv., þó að hann vantaði peninga í ríkiskassann. En þetta væri ekkert fráleitara en aðfarirnar við álagningu aðstöðugjaldanna, sem nú tíðkast. Þau leggjast alveg með sama hætti á vörurnar og tollarnir til ríkisins.

Enn á ég eftir að nefna rúsínuna í pylsuendanum hjá hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. Í svokallaðri dagskrártill. þeirra segir m. a., að ekki sé eðlilegt að samþykkja veigamiklar breytingar á lögum, sem snerta sveitarfélög, nema með samþykki Sambands ísl. sveitarfélaga, eða það er sama sem þeir segi þetta. Þeir segja, að það eigi ekkert að gerast gegn vilja þess. M. ö. o.: þeir vilja láta Samband ísl. sveitarfélaga hafa sjálfdæmi í þessum efnum, gera úr því hæstarétt í málum, sem varða sveitarfélögin. Það verður fróðlegt að sjá, hvort einhverjir þm. og þá hverjir vilja samþykkja slíka yfirlýsingu með fjórmenningunum, eiginlega afsala frá Alþingi rétti til þess að taka ákvarðanir í þessu máli yfir í hendur Sambands ísl. sveitarfélaga. Þeir segja þarna, að það eigi að hafa samráð við Samband ísl. sveitarfélaga. En hefur n. gert það? Hv. frsm. meiri hl. var að segja, að n. hefði sent svipað frv. í fyrra til Sambands ísl. sveitarfélaga. En hún virðist ekki hafa sent þetta frv. þangað, og hver veit, þó að Samband ísl. sveitarfélaga hafi lagt á móti þessu í fyrra, neina það hafi endurskoðað hug sinn og gæti nú komizt að réttari niðurstöðu en fyrir ári? Hver veit það? Ég tel það engan veginn útilokað, að hjá því góða sambandi kunni að finnast einhver skilningsglæta, þó að hún sjáist ekki hjá meiri hl. hv. heilbr.- og félmn. Þetta getur enginn sagt um, fyrr en á reynir.

Þess vegna tel ég, að það væri fróðlegt að fá nú að heyra nýtt álit sambandsins um málið. Ég er ekki viss um, að þeir vilji taka undir þá ósk meiri hl. heilbr.- og félmn., að þeir eigi að hafa sjálfdæmi í þessum málum, enda mundi þá fljótlega reka upp á sker, ef þeir ættu að rökstyðja slíka kröfu. Ég tel þess vegna, að það eigi að fá umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga um þetta upp á nýtt, áður en lengra er haldið. Ég vil því fyrir hönd okkar flm. frv. fara fram á það við hæstv. forseta, að hann fresti þessari 2. umr. um málið. Ég vil fara fram á það við heilbr.- og félmn., að hún sendi frv. tafarlaust til umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga, og ég óska þess, að hæstv. forseti taki ekki frv. á dagskrá til framhalds þessarar 2. umr., fyrr en umsögn þaðan liggur fyrir, ef hún er fáanleg. Ég vænti þess, að hæstv. forseti taki til greina þessa ósk okkar flm. um að fresta meðferð málsins og taka það út af dagskrá.

Frsm. meiri hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Áður en ég ræði málið efnislega frekar, vil ég leiðrétta tvö atriði, sem fram komu hjá hv. 1. þm. Norðurl. v., 1. flm. þessa frv. En það var í fyrsta lagi, að hann sagði, að hin rökstudda dagskrá fæli í sér, að Samband ísl. sveitarfélaga ætti að samþykkja þær breytingar, sem gerðar væru á tekjustofnalögunum, þannig að Alþ. hefði raunverulega þar með ekkert með það að gera. Þetta hlýtur að vera viljandi rangt lesið upp, því að í hinni rökstuddu dagskrá stendur: „séu gerðar í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga, en ekki gegn vilja þeirra.“ Þetta er allt annað hugtak. Og ég vil benda á það, að þegar tekjustofnalögin voru á sínum tíma undirbúin og lögð fyrir Alþ., var haft mjög náið samstarf við Samband ísl. sveitarfélaga. N., sem bjó það út, var skipuð fyrst og fremst ráðuneytisstjóra félmrn., formanni Sambands ísl. sveitarfélaga og þremur öðrum sveitarstjórnarmönnum, sem þá voru starfandi sveitarstjórnarmenn, þannig að við undirbúning og setningu þeirra laga var haft mjög náið samband við samtök sveitarstjórnarmanna og yfirleitt í öllum atriðum við undirbúning málsins hér á Alþ. farið eftir þeim óskum, sem þar komu fram, og því, sem þar var lagt til. Það voru gerðar mjög veigalitlar og næstum engar breytingar á þeim lögum, sem þá voru búin út alveg í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga.

Hann gat þess, hv. 1. flm. frv., og óskaði eftir því, að málið yrði ekki afgreitt, fyrr en fyrir lægi umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga um það frv., er nú liggur fyrir. Ég skal geta þess, að ég átti tal um það við formann þess, spurði hann um það, hvort hann óskaði eftir að fá þetta frv. til umsagnar. Hann sagði, að stjórnin væri búin að fá þetta frv. til sín, búin að skoða það og teldi ekki ástæðu til þess að fá það til umsagnar, því að hennar afstaða væri sú sama og til frv. í fyrra. Þetta er efnislega nákvæmlega sama mál, þannig að það liggur alveg ljóst fyrir, að það er ekki farið fram hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga af hvorki mér né öðrum, sem stöndum að áliti meiri hl. n.

Það, sem ég vil nú segja efnislega um málið,

er, að mér þykir það heldur leitt, en því miður kemur það fram, bæði hjá 1. flm. frv. nú og hefur reyndar komið fram áður, að hann sjáanlega veit ekki, hvað hann er að tala um, þegar hann er að flytja þessar breytingar. Hann hefur rökstutt þær með því, að á þeim stöðum, sem aðstöðugjöld væru hærri heldur en í Reykjavík, þar legðist þetta beint á neytendur, á fólkið. Þetta er alger misskilningur. Það vill svo til, að mér er nokkuð kunnugur verzlunarrekstur líka, ég hef hann að vissu marki með höndum, og verðlagseftirlit í landinu tekur ekkert til þess, hvort aðstöðugjald er 1% í Vestmannaeyjum eða ½% í Reykjavík. Það fer eftir ákveðnum reglum, og það er ekki tekið neitt tillit til þess, þannig að álagið mundi verða það nákvæmlega sama, þó að við lækkuðum okkar aðstöðugjöld í ½%. Það kemur beint yfir á verzlunarrekstrinn, en ekki fólkið, þannig að ef þetta, eins og það hlýtur að vera, er annað grundvallaratriðið fyrir flutningi þessa frv., þá er þetta flutt af misskilningi, hreinum misskilningi. Og af því að flm. hefur gert nokkuð mikið úr þessu, bæði hér við þessar umr. og annars staðar, þá er ég dálítið undrandi yfir honum sem dreifbýlismanni, að hann skuli ekki sjá allt annað frekar, sem hefur veruleg áhrif á það að gera aðstöðuna úti á landinu lakari að búa þar heldur en aðstöðugjöldin. Við borgum t. d. í Eyjum og annars staðar úti um landið mikinn kostnað við flutning á öllum vörum. Þetta lendir beint á neytendum. Þetta tekur verðlagseftirlitið til greina, en ekki aðstöðugjöldin, þannig að ef hann væri með einhverjar hugmyndir um að jafna þarna á milli, ætti hann fyrst og fremst að fara í það að gera jöfnun á þeim kostnaði, sem er við það að flytja vörur út um alla landsbyggðina, en láta aðstöðugjöldin eiga sig. En það verður að segjast eins og er, að auðvitað kemur margt á móti. Þetta er auðvitað þjóðfélagslega séð, að það verður varla gert með einfaldri breytingu á þessum lögum eða öðrum. Þetta er geysilega stórt mál, og er hægt að segja, að í sumum tilvikum skapar þetta nokkru verri aðstöðu fyrir dreifbýlið og í sumum tilfellum miklu verri aðstöðu heldur en að búa hér í þéttbýlinu. Þetta lætur flm. alveg fara fram hjá sér, minnist ekki á það, en er sífellt í langan tíma hér á Alþ. í sambandi við þetta misskilda frv. sitt að klifa á því, að hærri aðstöðugjöld í Eyjum en annars staðar lendi á fólkinu. Þetta er misskilningur, eins og ég sagði áðan. Það snertir það ekki. Það lendir aðeins á verzlunarrekstrinum. Og það er annað og er undirstöðuatriði, að þetta er ekkert lagaákvæði, að leggja þetta á úti á landi, frekar en hér í Reykjavík. Þetta er heimildarákvæði fyrir sveitarstjórnirnar. Ef þær meta það þannig, að það þyki eðlilegt að leggja aðstöðugjald á neyzluvörur eða annað, þá geta þær ákaflega vel gert það.

En það er einnig annað, sem hv. flm., held ég, hlýtur að verða að gera sér grein fyrir, ef hann þá þekkir bókstaflega nokkuð inn í sveitarstjórnarmál, sem ég verð að segja, að ég er ákaflega mikið farinn að efast um, að hann geri, að allar tilfærslur, eins og þarna er verið að gera ráð fyrir, að flytja af atvinnufyrirtækjunum, létta á þeim t. d. aðstöðugjöldum, það þýðir beina hækkun á útsvörum launamanna. Og þetta er það atriði, sem sveitarstjórnirnar hafa óskað eftir að fá að meta, hvað stóran hluta þær vildu láta atvinnufyrirtækin bera og hve stóran hluta launamennina. Ef það á að fara að setja þetta í fastar skorður, eins og var í fyrra frv. frá 1967, eða færa hámarkið á aðstöðugjöldunum niður, þá er bara verið að færa af atvinnuvegunum yfir á launamenn og aðra útsvarsgreiðendur. Ég er alveg óhræddur, þó að hann sé að brýna mig á því sem sveitarstjórnarmann í Eyjum. Ég var þar bæjarstjóri í 12 ár. Ég hef gert alltaf till. um aðstöðugjald eins og annað. Þetta var samþ. einróma í bæjarstjórn allan tímann, og atvinnurekendur vissu alveg, hvað var að ske hjá þeim. Þeir mótmæltu ekki í eitt einasta skipti þessum gjöldum. Auðvitað voru þeir óánægðir með þau, því að þótt SH, eins og hv. flm. benti á, gerði samþykkt um að fá lægra aðstöðugjald, þá er það eðlilegt. Mundi ekki hver einasti skattþegn í landinu, bæði sem greiðir til ríkis og bæjar, gera samþykkt og óska eftir, að hann bæri lægri gjöld, ef hann teldi sig hafa aðstöðu til þess? Mér finnst það ósköp mannlegt og eðlilegt hjá SH, þó að hún óski eftir því, að aðstöðugjald á fiskiðnaði sé lækkað. Það mundi hver einasti skattþegn á landinu óska þess, ef hægt væri að koma því við.

Og annað er í sambandi við aðstöðugjöldin, sem einnig verður að taka tillit til. Eins og ég sagði áðan, gera sveitarstjórnirnar ákaflega misjafnt fyrir atvinnutækin á hverjum stað. Ég get talið upp ýmislegt, sem hefur verið gert atvinnuvegunum í Vestmannaeyjum til hagræðis, sem hefur ekki verið hér í Reykjavík og annars staðar, þannig að það verður að skoða málið allmiklu nánar og þekkja það betur en 1. flm. þessa frv. virðist gera. Mér þykir leitt að segja það, en ég verð að segja það eftir þeim ummælum, sem hann hefur almennt haft um þetta mál, bæði nú og áður, að hann virðist ekki hafa nokkurn snefil af innsýn í sveitarstjórnarmál. Ég veit ekki, hvort hann hefur nokkurn tíma verið sveitarstjórnarmaður, en hann hefði þá vissulega ekki átt að vera að flytja frv. um breytingu á tekjustofnamálum, ef hann hefur aldrei komið nálægt sveitarstjórnarmálum. Það lægi þá annað nær honum að flytja heldur en það.

Ég tel nú ekki, að ég þurfi að fara fleiri orðum um þetta. En hann var að tala um ranglæti og ójöfnuð í þessu sambandi. Það verður auðvitað að dæmast eins og hver hefur hug til. En ef á að tala um ranglæti og óréttlæti, þá er það á allt öðru sviði en í mismunandi aðstöðugjöldum

á hinum einstöku stöðum á landinu. Það er, eins og ég sagði áðan, í hinum mismunandi mikla kostnaði, sem leggst á allan flutning á öllum nauðsynjum og rekstrarvörum til atvinnufyrirtækjanna úti um landið. Það má segja, að þar komi þá kannske fram það, sem hægt væri að kalla misjafna aðstöðu.

Ég skal svo, a. m. k. í bili, láta umr. lokið um þetta, en sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, nema tilefni gefist að nýju til.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég vildi aðeins segja hér nokkur orð í sambandi við þetta mál, sem hér liggur fyrir, þar sem ég á sæti í heilbr.- og félmn., en gaf ekkert nál. út.

Ég vil lýsa því hér með yfir, að ég er á móti þessari rökstuddu dagskrá meiri hl. heilbr.- og félmn. og get engan veginn fallizt á það, að hvort sem breytingar eru veigamiklar eða ekki á tekjustofnalögum, eigi að gera þær í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga, en ekki gegn vilja þeirra. Með allri virðingu fyrir Sambandi ísl. sveitarfélaga, sem hefur margt gert gott og unnið mjög vel fyrir sveitarfélögin, þá tel ég það ekki vera alveg óskeikult í sinni afstöðu til mála. Þar koma menn saman fyrst og fremst og eingöngu með hagsmuni sveitarfélagsins fyrir augum og verður kannske oft á að meta ekki sem skyldi aðstöðumun hinna ýmsu fyrirtækja og gjaldenda í sínu sveitarfélagi. Það er auðvitað með sveitarstjórnarmenn eins og aðra, að þeir eru misjafnir og þeir hafa mjög misjafnar skoðanir. Sumir eru allharðir í sínum till. og aðgerðum í sambandi við álagningu útsvara og aðstöðugjalda, en aðrir sveitarstjórnarmenn vilja jafnvel heldur slá af og minnka eitthvað framkvæmdir, þegar þannig stendur á, að það sé ekki talið eðlilegt að ganga of langt í að hækka útsvör og skatta. Ég er einn í þeirra hópi, og ég hef líka verið lengi í bæjarstjórn og í sveitarstjórnarmálum, alveg eins og hv. 3. þm. Sunnl., hef átt sæti í bæjarstjórn í mínu bæjarfélagi í eitthvað 23 ár eða um helming ævinnar og þekki vel, að það eru oft ríkar ástæður til þess, þegar erfiðlega gengur með atvinnu og þegar atvinnulífið á við erfiðleika að etja, að draga saman seglin. En hins vegar getur auðvitað verið annar hugsunarháttur ríkjandi hjá þeim, sem kannske hafa sjaldan eða aldrei þurft að fara eftir því, þar sem allt hefur gengið að óskum og gengið betur, og það er ósköp eðlilegt, að þeirra sjónarmið séu nokkuð önnur.

Mér er ekki kunnugt um það, hvort hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur nokkurn tíma verið í hreppsnefnd eða sveitarstjórn. Ég skal ekkert um það segja. Hann sjálfsagt kemur inn á það sjálfur hér á eftir. En ég hygg þó, að hann ætti að hafa töluverða þekkingu á þessum málum eftir sína löngu þingmennsku, og var hann einnig ráðh. um skeið, þó að langt sé liðið.

Hitt er alveg rétt hjá hv. 3. þm. Sunnl., að undir flestum kringumstæðum kemur aðstöðugjaldið auðvitað fyrst og fremst niður á fyrirtækjunum, en ekki á almenningi, og það er alveg hárrétt aths., sem hann gerði. En það kemur óbeint niður á almenningi. Við skulum segja frystiiðnaður, sem greiðir helmingi hærra gjald úti á landi með alla þá aukakostnaðarliði, sem þau frystihús hafa og hv. þm. benti réttilega á, — það er mikill aðstöðumunur hjá þeim. Og ef sveitarstjórnarmenn gera þennan aðstöðumun alltaf sífellt meiri og meiri, fer það auðvitað á þann veg, að þessi fyrirtæki verða ekki þeir hornsteinar, sem er nauðsynlegt að þau séu í viðkomandi bæjarfélögum, og þá bitnar það ekki síður á almenningi heldur en á þessum fyrirtækjum sjálfum. En eitt er staðreynd í þessu máli, og það er það, að aðstöðugjöldin eru í hróplegu misræmi fyrir það, að sveitarfélögin hafa seilzt lengra mörg hver heldur en hyggilegt hefur verið að gera, og ég tel, að þar hafi verið gengið of langt, og ég tel, að þetta frv., eins og það liggur hér fyrir, sé spor í rétta átt og í réttlætisátt. Ég vil aðeins benda á það, sem raunar 1. flm. frv. gerði, að sveitarfélag, sem er komið í mikla erfiðleika og á erfitt með að ná endum saman og verður að fara verulega yfir hinn lögboðna skala á almenningi í sínu sveitarfélagi, það á rétt á að fá sín framlög úr jöfnunarsjóði. Og ég segi fyrir mitt leyti, að ef þannig væri ástatt í mínu byggðarlagi, þá vil ég ólíkt heldur fara þá leið og tel enga skömm að því, þó að mitt byggðarlag mundi þurfa að leita á náðir jöfnunarsjóðs, heldur en að íþyngja atvinnulífi og viðskiptum í því byggðarlagi svo hrapallega eins og komið er fyrir nokkrum öðrum byggðarlögum. Og þó að ég hafi ekki skrifað undir álit minni hl. heilbr.- og félmn., þá hygg ég, að hverjum sem hefur hlýtt á þessi orð mín sé það ljóst, að ég er stuðningsmaður þessa frv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Af því að hér hefur nú verið brugðið á gaman í þessum umr., þá er ég ekki viss um, að hv. þm. muni, hvaða mál er hér á dagskrá, en það er frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga, og eru flm. þess hv. 1. þm. Norðurl. v., Skúli Guðmundsson, og hv. 5. þm. Norðurl. e., Stefán Valgeirsson. Hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur margoft flutt þetta frv., og mér er kunnugt um, að hann leggur mjög mikið upp úr því að fá það samþykkt, enda hefur hann í alvöru fylgt því allfast fram á undanförnum árum, þangað til nú, að hann slakar svolítið á klónni og slær málinu upp í gamanmál, og mætti þá ætla, að honum væri ekki mjög mikil alvara nú orðið í framgangi málsins, því að þunga lagði hann ekki í sinn málflutning fyrir frv. nú, en brá til þess ráðs, sem hann nú hefur iðkað um sinn, að æfa sig í kómík, ekki aðeins í orðræðunum sjálfum, heldur og í öllum tilburðum, til þess, að því er virðist, eingöngu að fá þm. fremur til þess að brosa að sér og hlæja heldur en að veita málum

sínum stuðning. Hann hefur þannig þróazt á annan hátt en flestir menn með aldrinum. Þeir verða yfirleitt alvarlegri, minnkar gamansemin hjá þeim. En kómíski hæfileikinn hefur þróazt hjá þessum hv. þm., eftir því sem árin færðust yfir hann. Það höfum við fengið að reyna hér í þingsölunum, bæði á þessu þingi og þeim síðustu.

Málið, sem hér er um að ræða, er sem sé um tekjustofna sveitarfélaga, og spurningin er um það, hvort tiltækilegt sé að steypa þar öllu í einn pott, að því er varðar tekjustofna sveitarfélaga, setja þeim alveg rammar skorður um það, hvernig þau megi afla sér tekna og hversu langt skuli ganga í því efni. En það þarf ekki útskýringar við, að tekjuþörf sveitarfélaganna er mjög mismunandi, og það hefur engum dottið í hug, að það væri hægt að fyrirskipa sveitarfélögunum öllum saman að lúta þar einni sömu og óbreytilegri reglu. Þau hafa auðvitað fyrst og fremst möguleika til þess að fullnægja tekjuþörf sinni með álagningu útsvara. En það hefur ekki þótt fært að setja lagafyrirmæli um, hver útsvarsupphæðin skyldi vera í öllum sveitarfélögum. Það er settur upp ákveðinn skali, útsvarsstigi, og sveitarfélögin mega leggja á eftir sinni þörf, hluta af þeim skala eða skalann að fullu eða með álagi og hafa þannig vítt svigrúm eftir tekjuþörf sinni til þess að leggja á útsvörin. Þetta svigrúm er æðimikið, og ég hef ekki heyrt talað um ranglæti í sambandi við það, þó að eitt sveitarfélag þurfi að nota útsvarsstigann með hámarksálagi, sem leyft er, móts við annað, sem ekki hefur meiri tekjuþörf en svo, að það notar t. d. 10—15% af skalanum. En þau dæmi eru til. Þetta fer eftir tekjuþörf sveitarfélaganna. Þyki sveitarfélagi hins vegar ekki fært að fullnægja sinni tekjuþörf með álagningu útsvarsins eins, er heimild í l. til þess að leggja á aðstöðugjald, og það er heimild til þess að hafa það mismunandi hátt, einnig eftir tekjuþörfinni. En það eru engin fyrirmæli um, að það skuli leggja á aðstöðugjöld, ef tekjuþörfinni er hægt að fullnægja með útsvarsálagningunni. Það er því ekki um það að ræða hér, þegar ranglætismálið er framkvæmt, sem hv. 1. flm. málsins talar um, heimild laga um álagningu aðstöðugjalda notuð, þá er það ranglæti ekki framið að fyrirmælum Alþingis. Af hverju skyldi sveitarstjórn grípa til þess? Ekki að fyrirmælum Alþ., segi ég. Það hlýtur að vera gert — ekki til þess að framkvæma ranglæti á skattþegnum sveitarfélagsins, það hlýtur að vera gert af nauðsyn, óhjákvæmilegri nauðsyn.

Ég er þeirrar skoðunar, að það sé ekki hægt að umturna l. um tekjustofna sveitarfélaga án samráðs við sveitarfélögin sjálf eða samnefnara þeirra, Samband ísl. sveitarfélaga. Ég get fallizt á það, að Samband ísl. sveitarfélaga er engan veginn óskeikult. En það tíðkast nú sú venja, þegar mál berast Alþ., að senda þau til umsagnar aðilum, sem taldir eru um þau mál dómbærir. Það er ekkert eðlilegra en þegar á að breyta tekjustofnum sveitarfélaga, þá sé Samband ísl. sveitarfélaga spurt, og það hefur verið gert. Ýmist er það gert munnlega ellegar skriflega, og það var gert í þessu tilfelli, og það lagði á móti samþykkt frv. Ég tók þá afstöðu, að ég vildi ekki taka þátt í að fella frv., en ég taldi, að það væri skylt að framkvæma breytingar á tekjustofnalögum sveitarfélaga í samráði við samnefnara þeirra, þeirra sameiginlegu stofnun, Samband ísl. sveitarfélaga. Og sú stofnun vildi ekki fallast á, að sú breyting væri gerð á tekjustofnalögum sveitarfélaga, sem í þessu frv. felst. Þess vegna var ég með í þeirri afgreiðslu, að málinu skyldi frestað um sinn og ekki afgr. efnislega á þessu þingi. Það var þess vegna alveg út í hött hjá hv. þm. í gamansemi sinni áðan, þegar hann var að leggja það niður fyrir sér, hvernig menn hefðu snúizt við málinu efnislega. Efnisleg afstaða var ekki tekin til málsins. Það var ekki lagt til að fella frv., heldur að vísa því frá afgreiðslu þingsins að sinni, þar sem ekki höfðu fengizt jákvæð meðmæli frá Sambandi ísl. sveitarfélaga um afgreiðslu þess.

Ég held, að það sé alveg ástæðulaust fyrir okkur, sem stöndum að þessari rökstuddu dagskrá um að vísa málinu frá afgreiðslu að þessu sinni, að hafa fleiri orð um þetta. Við höfum gert grein fyrir því, að við teljum, að rangt sé að breyta l. um tekjustofna sveitarfélaga, án þess að það sé gert í samráði við samnefnara sveitarfélaganna, Samband ísl. sveitarfélaga. Það er engin nauðsyn að framkvæma það ranglæti, sem hv. þm. talar um, nema því aðeins að þörf hinna einstöku sveitarfélaga sé svo brýn, að þau komist ekki hjá að nota heimildir þær, sem í lögum eru um álagningu aðstöðugjalda. Og ég geri ráð fyrir, að sveitarstjórninni í því sveitarfélagi, sem hv. þm. mun eiga heima í, sé trúandi til þess að beita ekki hann eða þegnana þar neinu ranglæti og leggi ekki á yfirleitt aðstöðugjöld, nema því aðeins að brýna nauðsyn vegna tekjuþarfa sveitarfélagsins beri til. Ég hygg líka, að eftir orðum hv. 1. flm. málsins að dæma gráti hann það þurrum tárum, þó að frv. fái þessa mildilegu meðferð, að vera vísað frá afgreiðslu, úr því að hann telur ekki ástæðu til þess að fylgja því fram hér í þingsölunum með neinu alvöruorði, heldur aðeins með kringilyrðum og kátlegum tilburðum.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara að blanda mér mikið inn í þessar umr., en vil þó lýsa afstöðu minni til þessa máls. Ég tel, að í grundvallaratriðum séu l. um tekjustofna sveitarfélaga byggð á því, að bæjarstjórnir og sveitarstjórnir almennt hafi nokkurt ráðrúm til þess að meta aðstæður hver á sínum stað og haga álagningu eftir því. Ég sé líka, að þetta frv. gerir ráð fyrir því. Þótt að lögum yrði, þá er þar hámarksákvæði í hinum einstöku vöruflokkum, sem þar eru tilgreindir, en ekki skilyrðislaust, að á skuli

lagt eftir þessu, svo að mismunur gæti orðið allmikill þrátt fyrir það, þó að þetta frv. yrði að lögum. Eins og hefur fram komið í þessum umr., eru aðstöðugjöldin á lögð samkv. heimild. Það er hámark, hvað má leggja á hátt aðstöðugjald, það þarf ekki að leggja á neitt aðstöðugjald og allt þar á milli. Eftir sem áður, þó að þetta frv. yrði samþ., yrði þetta í heimildarformi og mismunur gæti orðið nokkur.

Það hins vegar veldur erfiðleikum í sambandi við þetta frv., að hér er búið að sundurgreina allmikið, og það er svo á hinum ýmsu smærri stöðum, að þar er ekki um neinar sérverzlanir að ræða, og það er afskaplega erfitt að fá frá verzlunum svo mikla sundurgreiningu sem hér er gert ráð fyrir. Þetta er auðvelt að framkvæma hér í Reykjavík, þar sem er mikið af sérverzlunum og ein verzlar með öl og sælgæti og þess háttar, önnur með matvörur. En úti um landsbyggðina er yfirleitt um blandaðar verzlanir að ræða, svo að sveitarstjórnir hafa orðið að leggja á aðstöðugjöld miðað við það. Ég mundi líka telja það alveg óeðlilegt, ef hv. Alþingi breytti sveitarstjórnarlögunum á þann hátt, þar sem það fjallar um annan veigamesta kafla laganna, án þess að hafa um það samráð við Samband ísl. sveitarfélaga. Það væri ekki þar með sagt, að Alþingi féllist endanlega á þá niðurstöðu, sem sveitarfélögin eða samband þeirra féllist á. Það þyrfti ekki að vera. En óeðlilegt væri, að svo mikill þáttur í tekjustofnalöggjöf væri framkvæmdur, án þess að sambandið hefði þar neitt að segja. Mér finnst líka eðlilegt, ef annar þáttur þessara laga væri tekinn til sérstakrar endurskoðunar, að þá væri málið í heild tekið til meðferðar. Ég held, að það sé ekki svo auðgert að slíta þetta tvennt í sundur, útsvörin og aðstöðugjöldin, og ef á að þrengja mjög mikið annan þáttinn, yrði að gera það einnig við hinn.

Þess vegna mun ég fylgja hinni rökstuddu dagskrá um afgreiðslu þessa máls og sé ekki, að hv. flm. nái þeim tilgangi, sem hann hugsar sér, að ná í þetta meira samræmi, eins og hann talar um, því að eftir sem áður yrði hægt að mismuna þessu, þar sem það væri um heimildarákvæði að ræða. Framkvæmdin yrði gerð erfiðari, og svo yrði þá að sækja tekjurnar, sem á vantaði, ef það leiddi til þess, í útsvörin á einstaklingunum í byggðarlaginu. Þess vegna tel ég, að það sé eðlilegt að vísa þessu máli frá nú. Þegar svo heildarlöggjöfin verður endurskoðuð, sem ég hef gert ráð fyrir að yrði gert, þegar niðurstaða væri fengin um það að innheimta skatta af tekjum jafnharðan og teknanna væri aflað, þá verður að taka tekjustofna sveitarfélaga einnig til athugunar og þá yrðu báðir þessir aðalþættir teknir til meðferðar, en ekki annar, eins og hér er gert ráð fyrir.

Umr. frestað.

Á 77. fundi í Nd., 15. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 32, var flutt á síðasta þingi að heita má í mjög svipuðu formi og það nú kemur fram. Það var þá sent til umsagnar, þ. á m. til umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga, en þetta mál snertir að sjálfsögðu þá aðila, sem með þau mál fara, mest allra og eingöngu að segja má. Umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga um málið, þegar það var því sent á síðasta þingi, var neikvæð. Sambandið lagði þá gegn því, að frv. yrði samþ. Ég hafði aftur samband við formann Sambands ísl. sveitarfélaga, áður en n. tók þetta mál til afgreiðslu hjá sér, og spurði um afstöðu þeirra, hvort hún væri sú sama um þetta frv., sem nú lægi fyrir, og fram hefði komið á síðasta þingi og taldi hann svo vera. Að þessu athuguðu leggur meiri hl. n. til, — n. klofnaði um málið, — en meiri hl. leggur til, að frv. verði afgreitt með svofelldri rökst. dagskrá:

„Með því að telja verður eðlilegt, að jafnveigamiklar breytingar á tekjustofnalögunum og frv. gerir ráð fyrir séu gerðar í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga, en ekki gegn vilja þess, ályktar d. að vísa frv. frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Það er sem sagt till. meiri hl. heilbr.- og félmn., að málið verði afgreitt með rökst. dagskrá, sem fram kemur á þskj. 301.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hér er fram haldið 2. umr. um þetta frv. Sú umr. hófst 11. marz í vetur, og þá flutti hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn., hv. 3. þm. Sunnl., sína framsöguræðu. Hann hefur nú flutt aðra núna, en mér finnst hún hvorki verri né betri en sú gamla og ræði ekki um það frekar. En þegar þetta var til umr. hér 11. marz, var umr. frestað eftir minni ósk, og ég fór fram á það, að hv. heilbr.- og félmn. reyndi að fá umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga um málið, áður en það yrði afgr. frá Alþ. Nú skilst mér á frsm. meiri hl., að umsögn þaðan sé ekki væntanleg, annaðhvort af því, að n. telur ekki ástæðu til að leita eftir umsögn frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, eða þetta samband óskar ekki að láta umsögn sína í té. Ef stjórnendur Sambands ísl. sveitarfélaga eru á móti frv., get ég vel skilið, að þeir vilji komast hjá því að reyna að færa rök fyrir því, að rétt sé að fella frv. eða vísa því frá. Ég get vel skilið, að þeir óski ekki að gefa út bréf um það, að sanngjarnt sé, að verzlanir í Neskaupstað borgi 300% hærra og verzlanir í Stykkishólmi, á Patreksfirði, Hólmavík, Siglufirði, Dalvík, Fáskrúðsfirði, Stokkseyri og Eyrarbakka, svo að dæmi séu nefnd, og þar með fólkið á þeim stöðum, borgi 200% hærra aðstöðugjald en hliðstæðar verzlanir í höfuðborginni, en þetta gerðist árið sem leið. Og ef Samband ísl. sveitarfélaga er á móti því, að frv. nái fram að ganga, tel ég líka skiljanlegt, að það kæri sig ekki um að lýsa yfir

skriflega þeirri stefnu sinni að láta hraðfrystihús á Patreksfirði, Suðureyri, Bolungarvík og Hólmavík í Vestfjarðakjördæmi, á Dalvík og Raufarhöfn í Norðurlandskjördæmi eystra, á Vopnafirði, Eskifirði og Neskaupstað í Austurlandskjördæmi og hraðfrystihús á Akranesi og í Grafarnesi í Vesturlandskjördæmi, svo að dæmi séu nefnd, borga 100% hærri aðstöðugjöld en hraðfrystihús í Reykjavík, á Sauðárkróki, Siglufirði og Seyðisfirði þurfa að borga. En þannig var þetta 1968.

Í ræðu sinni hinn 11. marz í vetur sagði frsm. meiri hl. hv. heilbr.- og félmn., 3. þm. Sunnl., að aðstöðugjald, sem lagt væri á verzlanir, kæmi á þeirra rekstur, en lenti ekki á fólkinu á þeim stöðum, þar sem verzlanirnar eru. Hann vitnaði í því sambandi í verðlagseftirlit ríkisins. Ég get sagt honum það, þeim hv. þm., að ég hef aldrei tekið alvarlega það ríkisstjórnarapparat, sem nefnist verðlagseftirlit. Auðvitað bitna aðstöðugjöldin á fólkinu á þeim stöðum, þar sem þau eru á lögð, í hækkuðu vöruverði eða í lakari þjónustu á annan hátt en verzlanirnar gætu veitt, ef þessi gjöld væru ekki svona há. Sama máli gegnir um atvinnufyrirtæki, eins og t. d. frystihúsin. Það er ekki eingöngu mál frystihúseigendanna. Sé þessum fyrirtækjum íþyngt með háum, opinberum gjöldum og jafnvel kippt fótum undan rekstri þeirra með óhæfilegum álögum og meiri en annars staðar tíðkast, þá er það mál, sem sannarlega snertir almenning á þessum stöðum. Um það verður ekki deilt. Það er því alrangt, sem hv. 3. þm. Sunnl. heldur fram, að þetta sé aðeins mál verzlunar- og atvinnufyrirtækja, sem eru látin innheimta þessi opinberu gjöld. En jafnvel þó að það væri rétt, sem hv. þm. heldur fram um þetta, sem ekki er, þá bætti það lítið úr skák, ranglætið er það sama, hvort sem það bitnar á verzlunarfyrirtækjum, atvinnufyrirtækjum eða á almenningi.

Mér þykir nú satt að segja hálfleiðinlegt, herra forseti, að þurfa að flytja mál mitt, meðan aðeins eru 4 þdm. á fundi auk mín, og ég vildi þess vegna mælast til þess við forseta, ef ekki tekst að fá fleiri í salinn, að fresta málinu og leyfa mér að flytja afganginn af ræðu minni á næsta fundi, ef þá væri betur mætt. Ég tel þetta eiginlega ekki gott. (**Forseti:** Ég vil mjög óska þess, að hv. þm. lyki ræðu sinni, þar sem þetta mál hefur svo lengi legið í salti og það er tekið á dagskrá samkv. hans ósk. Hins vegar, þótt forseta þyki miður, að svo fáir hlýði á ræðu hv. þm., þá er það ekki sök forseta.) Mundi forseti ekki vilja reyna að fá einhverja fleiri með því að hringja bjöllu sinni? (**Forseti:** Þess skal freistað.) Og betur má, ef duga skal.

Hv. 3. þm. Sunnl. sagði í ræðu sinni 11. marz, að það mundi þýða beina hækkun á útsvörum launamanna, ef jöfnuður yrði gerður á aðstöðugjöldunum, eins og við hv. 5. þm. Norðurl. e. förum fram á í okkar frv. Einu sinni var ákveði í l. um það, að áður en sveitarfélag gæti fengið framlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga, skyldi það hækka álögð útsvör hjá sér um 20% frá þeim gjaldstiga, sem er í útsvarslögunum. Nú er búið að nema þetta úr l. Það er búið að breyta þessu. Nú þarf aðeins lítilfjörlega hækkun á útsvörum fram yfir hinn lögákveðna gjaldstiga, til þess að sveitarfélag geti fengið framlag úr jöfnunarsjóði. Ef sveitarfélag því þyrfti að fá bætta þá tekjulækkun, sem það yrði fyrir við leiðréttingu á aðstöðugjöldum, mundi það aðallega gerast með framlögum úr jöfnunarsjóði, en ekki með auknum útsvarsálögum á almenning.

Annars var aðalefnið í ræðu hv. 3. þm. Sunnl. hinn 11. marz að lýsa fyrir þdm. því, að hann hefði mikla þekkingu og reynslu í sveitarstjórnarmálum, og einnig að lýsa því, að ég mundi vera mjög þekkingarlítill í þeim efnum, og hann dró a. m. k. mjög í efa, að ég hefði eiginlega nokkurt vit á þeim málum. Ef ég man rétt, sagðist hann hafa verið bæjarstjóri í einum kaupstað hér í 12 ár. Ég held, að það hafi verið rétt af honum að benda þdm. sérstaklega á þetta, þessa miklu þekkingu sína. Það gæti annars dulizt fyrir mönnum, að hún væri svo mikil, því að hún sést ekki af skrifum hans eða ræðum um þetta mál, a. m. k. ekki því, sem hér liggur fyrir.

Hv. 9. þm. Reykv., Hannibal Valdimarsson, flutti einnig ræðu um þetta mál hinn 11. marz, og þar benti hann á það, að þetta væri alvörumál og menn ættu ekki að vera með grín eða gáska í sambandi við það, það væri ekki viðeigandi. Þetta var ágæt áminning hjá hv. 9. þm. Reykv., og mér kemur því ekki til hugar að ræða hér um það, hvort hv. 3. þm. Sunnl. hafi meiri eða minni þekkingu en ég á sveitarstjórnarmálum. Slíkt tal er ekki sæmilegt á Alþ., það mundi aldrei leiða til dómsniðurstöðu, sem talin væri svo örugg, að ekki yrði um deilt. Ég vil alls ekki fara að snúa þessu þannig upp í léttúðarfullt tal og grín, því að þetta er rétt, sem hv. 9. þm. Reykv. sagði á dögunum, að þetta er alvarlegt mál. En ég get vel skilið, að hv. 3. þm. Sunnl. kjósi fremur að færa umr. yfir á þetta svið heldur en að reyna að sannfæra þdm. um, að það sé rétt stefna, sem hann fylgir, að láta t. d. verzlanir og fiskfrystihús í Vestmannaeyjum borga 100% hærra aðstöðugjald en hliðstæð fyrirtæki í Reykjavík eru látin borga.

Ég hef bæði nú og áður nefnt dæmi um ranglætið, sem menn eru beittir með framkvæmd tekjustofnalaganna, eins og hún nú er. Ég vil enn nefna dæmi um þetta. Tilbúinn áburður er einn af helztu nauðsynjavörum landbúnaðarins. Á einstaka stöðum, svo sem í Búðardal, í Borgarnesi og í Vopnafjarðarkauptúni, var ekkert aðstöðugjald tekið af áburði árið sem leið. Sveitarstjórnirnar þar munu hafa talið, að það væri ekki rétt að skattleggja svo mikla nauðsynjavöru fyrir landbúnaðinn. Á öðrum stöðum má gera ráð fyrir, að bændur þurfi að borga að meðaltali frá 200 kr.

og upp í 1000 kr. og jafnvel meira í aðstöðugjald af áburðarskammtinum á túnin sín á þessu ári. Þetta er ákaflega mismunandi.

Það er ekki langt síðan sett voru hér á hinu háa Alþ. lög um atvinnujöfnunarsjóð, og menn ræða um landshlutaáætlanir svonefndar. Tilgangurinn með þessu hvoru tveggja er sagður vera sá að efla atvinnurekstur og halda við byggðinni sem víðast um landið. En ég tel vonlítið, að þetta takist, að efla atvinnurekstur og halda við byggðinni á ýmsum stöðum á landinu, ef haldið verður áfram að heimta margfalt hærri opinber gjöld af fólki á einum stað en öðrum.

Þeir í meiri hl. heilbr.- og félmn. flytja hér till. til rökstuddrar dagskrár, og ég held, að hv. frsm. n. hafi lesið hana öðru sinni núna áðan. Hún er satt að segja furðuleg, þessi dagskrártill., að orðalagi. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Með því að telja verður eðlilegt, að jafnveigamiklar breyt. á tekjustofnal. og frv. gerir ráð fyrir séu gerðar í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga, en ekki gegn vilja þess, ályktar deildin að vísa frv. frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Þeir telja, að það megi ekki gera veigamiklar breytingar á l. gegn vilja Sambands ísl. sveitarfélaga. Hvað eru þeir að segja með þessu? Þeir eru með því að lýsa því yfir, að Alþ. geti ekki gert þýðingarmiklar breyt. á þessum l., nema Samband ísl. sveitarfélaga samþ. Það samband er orðið Alþ. æðra í þessum málum samkvæmt þessu. En hverjir skyldu vilja lýsa slíku yfir með því að samþ. þessa dagskrártill., hverjir fleiri af þdm. en þessir fjórir, sem skipa meiri hlutann? Ég veit það ekki. En það verður fróðlegt að sjá, hverjir vilja gefa slíka yfirlýsingu hér á Alþ., að það megi ekki afgr. mál, sem snerta sveitarfélögin, nema Samband ísl. sveitarfélaga samþ. Það verður fróðlegt að sjá þetta, og þess vegna óska ég, hæstv. forseti, eftir því, að það verði haft nafnakall um dagskrártill., þegar til atkvgr. kemur.

Forseti (SB): Forseti vill aðeins taka fram, að það var á hans ábyrgð, sem hv. 3. þm. Sunnl. var veitt orðið til framsögu í þessu máli nú. Framsaga í þessu máli hafði farið fram áður, eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. gat um í sinni ræðu.

Frsm. meiri hl. (Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að lengja umr. um þetta mál, þær hafa þegar orðið allmiklar. En það er aðeins eitt atriði, sem ég vil undirstrika, sem ég að vísu gerði í ræðu minni 11. marz, en það er sá misskilningur, sem virðist vera hjá hv. 1. þm. Norðurl. v., að það sé skylda fyrir sveitarfélögin að nota þá heimild, sem er í l. um aðstöðugjöldin. Hann benti á, að aðstöðugjöld væru allt að 100% hærri í Vestmannaeyjum en hér í Reykjavík. Þetta er ekki ákvörðun Alþ., að svo er. Þetta er ákvörðun bæjarstjórnar Vestmannaeyja, að þannig er. Aðstöðugjöldin í Vestmannaeyjum gætu verið 100% lægri en í Reykjavík, ef bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum teldi það eðlilegt. Það er aðeins heimildarákvæði um að leggja á aðstöðugjöld og ákveða upphæð þeirra að vissu marki.

Ég held, að ég hafi aldrei brigzlað hv. 1. þm. Norðurl. v. um neina vanþekkingu á sveitarstjórnarmálum eða því síður verið að hæla mér af minni þekkingu. Ég sagðist hafa nokkra reynslu í þessum málum, annað held ég, að ég hafi ekki sagt um það. En ég sagði og segi það aftur, að hann hlýtur að misskilja þetta, ef hann heldur, að sveitarfélög séu skyldug að nota útsvarsstiga að fullu og það sé ákvörðun Alþ., að aðstöðugjöld eru hærri víða um land en hér í Reykjavík. Það er ákvörðun sveitarstjórnar á hverjum stað, að svo er, en ekki ákvörðun Alþ. Ef sveitarstjórnir telja sig ekki þurfa að nota þá heimild, sem í l. er um álagningu aðstöðugjalds, þá auðvitað gera þau það ekki, en ef þau telja sig þurfa að nota hana og það sé eðlilegri innheimta og eðlilegri skattálagning á borgarana heldur en bein útsvör, þá gera þeir það, bæði í Vestmannaeyjum og annars staðar. Þetta er það, sem fyrir liggur um þetta atriði.

Ég held, að það sé hverjum einasta sveitarstjórnarmanni ljóst, sem einhverja reynslu hefur í þessum málum, að tilfærsla á gjöldum innbyrðis, t. d. tilfærsla á aðstöðugjaldi eða lækkun á aðstöðugjaldi, getur ekki þýtt annað en hækkun á útsvörum á aðra borgara bæjarins. Þetta er tilfærsla á gjöldum á milli þegna byggðarlagsins. Þetta held ég, að liggi alveg ljóst fyrir. Bæjarstjórn ákveður um hver áramót, hver heildarupphæð gjalda skuli vera, og ef aðstöðugjöld eru lækkuð, þá getur það ekki komið annars staðar fram en í hækkuðum útsvörum. Ég held, að hverjum einasta sveitarstjórnarmanni hljóti að vera þetta ljóst. Þar af leiðir, að lækkun aðstöðugjalds, ef það er gert með beinum l. hér á Alþ., þá þýðir það hækkun á útsvörum. Það er tilgangslaust að benda á, að það sé hægt að fara í jöfnunarsjóðinn og sækja þangað mismuninn. Ef svo væri, þá væri ákaflega lítill vandi að sjá um fjárreiður sveitarfélaganna, það væri ekki annað en að hafa útsvörin nægilega lág og sækja síðan fé úr jöfnunarsjóði. En ákvæðin um jöfnunarsjóð eru þau, eins og allir vita, að það verður að fullnýta stigann áður og rúmlega það nú. Það var 20% álag áður. Og ef mörg sveitarfélög fara að fella niður aðra tekjustofna en útsvörin, taka þau í hámark, þá auðvitað minnkar framlagið úr jöfnunarsjóði til annarra sveitarfélaga, sem gera það ekki, og það þýðir, að þá hljóta útsvör að fara að hækka, þangað til öll sveitarfélög eru komin á sama markið og treysta á jöfnunarsjóð frekar en aðrar tekjur. Þetta er því að mínum dómi miklu flóknara mál en svo, að það sé eðlilegt, að þetta sé gert, nema að mjög vel athuguðu máli og leitað álits Sambands ísl. sveitarfé-

laga, sem þetta mál snertir fyrst og fremst, hvernig þeir aðilar vilja haga álagningu gjalda til þarfa sveitarfélaganna. Það er ekki tekið neitt vald af Alþingi. Alþ. getur gert hvað sem það vill, bæði um þessi lög og önnur. Það er aðeins bent á, að þetta sé svo flókið mál, að það sé eðlilegt, að samráð sé haft við Samband ísl. sveitarfélaga og forsvarsmenn þess, ef á að breyta l. um tekjustofna.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Þessi aths. hv. 3. þm. Sunnl. var alveg óþörf. Ég hef aldrei haldið því fram, að sveitarfélögum væri skylt að leggja á aðstöðugjöld, aldrei dottið í hug að halda því fram, af því að það er ekki. Það er rétt, sem hann segir, þetta er heimild, heimildarákvæði. En heimildarákvæðunum hefur verið beitt þannig víða um land, að það leiðir af sér óverjandi ranglæti milli manna og fyrirtækja í þjóðfélaginu, alveg óverjandi ranglæti, og þess vegna þarf Alþ. að taka í taumana og setja hömlur á þetta, og það er það, sem stefnt er að með þessu frv. og að það sé ekki hægt að nota þessi ákvæði eins og gert hefur verið, það sé ekki heimilt að mismuna mönnum svona herfilega eftir því, hvar þeir eru búsettir á landinu. Ranglætið er það sama, hver sem fyrir því stendur, og það er það, sem þarf að lækna. Og þetta er ekkert flókið mál, alls ekkert flókið mál. Hv. þm. segir, að þarna verði um að ræða aðeins tilfærslu milli þegna í viðkomandi sveitarfélögum. Ég get bent á það, og hann tók undir það reyndar í sinni ræðu núna, að sveitarfélögin eiga rétt á því, ef gjöldin hjá þeim fara fram úr vissu marki og meira en eðlileg tekjuöflun getur mætt, þá eiga þau rétt á því að fá framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga og mundu vitanlega gera það. Hann segir, að það sé sjálfsagt að leita álits Sambands ísl. sveitarfélaga um þetta. Það var það, sem ég fór fram á 11. marz, að yrði gert, að hér lægi fyrir skriflegt álit frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, en hann hefur gert grein fyrir því, að það verði ekki gert í þessu máli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 78. fundi í Nd., 17. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 301 samþ. með 23:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GuðlG, GunnG, GÞG, HV, JóhH, JÁ, JÞ, LJós, MK, MÁM, PJ, PS, SI, SP, EKJ, BGr, BF, BBen, BGuðm, BrS, RG, GeirG, SB.

nei: IG, JSk, MB, SE, SkG, SV, ÞÞ, ÁÞ, BP, EystJ, JJ.

VH greiddi ekki atkv.

5 þm. (HS, IngJ, BK, EðS, FÞ) fjarstaddir.

2. Smíði fiskiskipa.

Á 9. fundi í Sþ., 8. nóv., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um nýsmíði fiskiskipa [44. mál] (þmfrv., A. 46).

Á 10. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Frv. það, sem ég ásamt hv. 3. þm. Vestf. og hv. 3. þm. Norðurl. v. endurflyt hér í hv. þd. um nýsmíði fiskiskipa, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. gr. Ríkisstj. er heimilt að láta smíða innanlands fiskiskip með það fyrir augum, að þau verði seld einstaklingum, félögum eða bæjarfélögum í hendur til útgerðar. Heimild þessi nái til nýsmíði fiskiskipa samtals allt að 10 þús. rúml. og verði smíðinni dreift á árin 1969—1972.

2. gr. Til framkvæmda samkv. 1. gr. er ríkisstj. heimil lántaka, en lánin greiðist, er skipin hafa verið seld."

Eins og ég gat um, er frv. þetta endurflutt, það var flutt á Alþ. í fyrra, og efnislega er frv. nú nærri því samhljóða. Eini munurinn er sá, að nú er gert ráð fyrir því, að nýsmíði fiskiskipa þeirra, sem frv. greinir, nái til 10 þús. rúml. í staðinn fyrir 9 þús., eins og ráð var fyrir gert í frv. í fyrra, þegar það var flutt.

Megintilgangurinn með flutningi þessa frv. er fyrst og fremst að efla skipasmíði landsmanna og jafnframt iðnaðinn almennt og í leiðinni að skapa verkefni fyrir þær skipasmíðastöðvar, sem geta smíðað stálfiskiskip, og er það sérstaklega haft í huga í sambandi við það, að aukin eftirspurn er nú eftir stálfiskiskipum.

Á undanförnum árum hefur átt sér stað nokkur uppbygging nýrra skipasmíðastöðva og jafnframt endurbætur á stöðvum, sem fyrir voru, svo að unnt væri að smíða þar stálskip. Það er mjög þýðingarmikið að efla þessa starfsemi á alla lund. Það er augljóst, að íslenzkir iðnaðarmenn og íslenzkir verkfræðingar eru fullfærir um að smíða stálskip, hafa vald á þeirri tækniþekkingu og þeirri verkfræðiþekkingu, sem til þess þarf. Það sýna allmörg skip, sem þegar hafa verið byggð úr stáli hérlendis.

Ég hafði framsögu fyrir þessu máli hér í hv. þd. í fyrra og gerði þá allýtarlega grein fyrir því. Ég mun nú ekki endurflytja þá ræðu hér, heldur aðeins vísa til hennar. Það eru í henni ýmsar upplýsingar, sem að gagni mega koma í sambandi við fiskiskipasmíði, og ef áhugi kynni að vera á því í þeirri nefnd, sem fær málið til meðferðar, þá er þar ýmislegt, sem menn geta haft gagn af.

Ef við lítum stuttlega yfir skipasmíðastöðvarnar, sem nú eru starfandi hér í landinu, og athugum, hvaða verkefni þar eru aðallega í nýsmíði, þá kemur á daginn, að það er frekar fátæklegt.

Á Ísafirði, í skipasmíðastöð Marzelíusar Bernharðssonar, er verið að smíða eitt skip, sem er tæpl. 200 smál.

Slippstöðin á Akureyri hefur í smíðum tvö strandferðaskip, eins og kunnugt er, og sennilega hefur sú stöð nægileg verkefni fram á árið 1970, eftir því sem mér hefur verið sagt.

Stálvík í Arnarvogi hefur í smíðum tvo 110 smál. báta, sem nokkuð langt eru komnir.

Og á Akranesi mun nú vera einn bátur í smíðum. Mér er ekki kunnugt um, hve stór hann er.

Á Seyðisfirði er lítill, 45 smál., stálfiskibátur í smíðum.

Erlendis mun aðeins vera eitt fiskiskip í smíðum fyrir Íslendinga. Ég hygg, að það sé fyrir Fáskrúðsfjörð og sé smíðað í Flekkefjord í Noregi.

Það er ljóst með hliðsjón af því ástandi, sem er ríkjandi í efnahagsmálum þjóðarinnar og ekki sízt í sjávarútveginum, að þá er í bili ekki mikil eftirspurn eftir fiskiskipum, en auðvitað gengur þetta í bylgjum.

Árið 1967 voru smíðuð milli 30 og 40 fiskiskip erlendis fyrir Íslendinga, og þá voru smíðuð 8 skip innanlands. Liggur í augum uppi, þó að lítil eftirspurn sé nú um sinn, að þá kemur að því, að það verður nauðsynlegt að halda áfram byggingu fiskiskipa, með tilliti til þess, að þetta mál er ekki hugsað sem augnabliksmál, heldur ef mætti nota það orð, sem nú er mikið notað, langtímamál, — mér þykir það ljótt orð að vísu, en það hefur komið frá ríkisstjórninni eins og fleira, ég heyrði hæstv. viðskmrh. nota það í ræðu hér um daginn.

Ef við lítum á málin í heild með hliðsjón af því, sem hefur verið að gerast í þessum málum á undanförnum árum og áratugum, þá er ljóst, að fiskiskipasmíðaiðnaður, sem þarf að fullnægja eftirspurn Íslendinga, hefur verið geysilega mikil atvinnugrein. Ég athugaði það í fyrra, að síðan 1950 hafa verið smíðuð fyrir Íslendinga um 500 fiskiskip, á þessum 18 árum, eitthvað um það bil. Sýnir það í raun og veru stærð þessa máls almennt séð, hve hér er um að ræða gífurlega mikið verkefni. Það varpar auðvitað ljósi á það, að hér kunna að vera stórkostleg verkefni fyrir íslenzkan iðnað í framtíðinni. Ég er þeirrar skoðunar, að þetta sé mjög merkilegt mál, þetta fiskiskipasmíðamál, enda er það svo, að mikill áhugi er á málinu í öllum stjórnmálaflokkum og í landinu yfirleitt. Það, sem staðið hefur í mönnum, er að koma þessu svo fyrir, að Íslendingar geti eflzt í þessari iðngrein svo mikið, að þeir geti a. m. k. smíðað verulegan hluta af íslenzkum fiskiskipastóli.

Þetta mál er auðvitað ekki eingöngu — ef svo mætti orða það — bundið við fiskiskipasmíði, heldur er það miklu stærra í raun og veru, vegna þess að það grípur inn á í raun og veru allar okkar hefðbundnu iðngreinar. Þær koma allar til, þegar þarf að smíða t. d. stálfiskiskip, nema kannske múrverkið. Þess vegna er það svo, að ef okkur tækist að auka fiskiskipabyggingar hér innanlands, þá mundi það styðja iðnaðinn stórlega almennt séð.

Heimildirnar í þessu frv. eru rúmar. Við höfum gert grein fyrir því í grg., að ráð sé fyrir gert, að framkvæmdum sé hagað þannig, að árið 1969 yrðu smíðuð fiskiskip allt að 2 þús. rúmlestum. Ef haft er í huga, að árið 1967 voru smíðuð hér innanlands fiskiskip samtals 1580 rúmlestir, þá er ljóst, að þetta er ekki mjög stórt farið í sakirnar, enda er það ekki tilgangurinn með þessu. Árið 1970 er lagt til, að rúmlestatalan yrði allt að 2300 rúmlestum, árið 1971 allt að 2700 og 1972 allt að 3000 rúmlestum, eða samtals 10 þús. rúmlestir.

Ég vil taka það fram, að það er í raun og veru ekki aðalatriðið, hvort hér er um að ræða 10 þús. rúmlestir á tilteknu tímabili eða eitthvað minna eða meira. Það er auðvitað allt til athugunar nánar. En aðalatriðið er, að það verði gert skipulegt átak, sett upp „prógramm" í þessu efni, um fiskiskipasmíði innanlands, í stærri stíl en áður hefur verið gert. Íslendingar hafa oft og tíðum á undanförnum áratugum gert slík „prógrömm", t. d. með hópsmíði skipa, systurskipa, og seríusmíði erlendis. Það stærsta hygg ég vera, þegar nýsköpunartogararnir voru smíðaðir á sínum tíma. Það hafa verið smíðuð skip í Austur-Þýzkalandi, mörg eins, svokallaðir tappatogarar, sem byggðir voru á vinstristjórnarárunum, o. m. fl. mætti nefna í þessu efni, þannig að þetta er ekki nýmæli að því leyti til. Það, sem hér er fyrst og fremst lögð áherzla á, er, að gert verði stærra átak en gert hefur verið hingað til í að efla fiskiskipasmíði innanlands.

Eins og ég gat um áður, eru tiltölulega fá fiskiskip í smíðum fyrir Íslendinga um þessar mundir. Það er nokkurt hlé á þessu, sem stafar sjálfsagt m. a. af því, að byggt hefur verið mikið af fiskiskipum á undanförnum árum, og svo einnig af hinu, að ástandið í efnahagsmálunum, óvissan — ekki sízt í sjávarútveginum — hefur gert sitt til þess, að menn hafa verið tregir til að ráðast í kaup á fiskiskipum.

Mér sýnist því, að nú sé nokkurt tækifæri til þess að breyta til. Það er nokkurt hlé á smíði fiskiskipa og þess vegna tækifæri. Ég álít, að það sé rétt fyrir menn að gera sér grein fyrir því, að skipasmíðaiðnaður verður aldrei stór hér innanlands eða til langrar framtíðar, nema hann verði samkeppnisfær við fiskiskipasmíðaiðnað annarra þjóða. Og það er engin ástæða til þess að ætla annað en að Íslendingar ættu að geta komið sínum málum svo fyrir, a. m. k. þegar til lengdar lætur, að þeir geti keppt við aðrar þjóðir á þessu sviði. Það þarf vissa vernd og stuðning í byrjun. Ég gerði grein fyrir því hér í fyrra, að hugmyndir hafa komið fram um, að skynsamlegt gæti verið að styðja nýjar skipasmíðastöðvar, sem mundu

dreifast um landið, þannig að þær fengju vissan styrk út á fyrstu verkin, sem þær hefðu með höndum, þessi styrkur færi svo minnkandi, og að lokum kæmust þessar stöðvar væntanlega á það stig, að þær gætu bjargað sér sjálfar. Í raun og veru gæti verið um að ræða í þessu efni eins konar skólunarkostnað, sem fólginn er í því að ryðja úr vegi byrjunarörðugleikum á þessu sviði. Við gætum tekið okkur til fyrirmyndar í raun og veru fordæmi frá Norðmönnum. Þegar sem mest var byggt af síldveiðiskipunum fyrir Íslendinga, þá var leitað mjög mikið til Noregs í þessu efni. Í Noregi háttaði svo til, að þar voru fjölmargar smærri skipasmíðastöðvar, sem tóku að sér smíði íslenzkra fiskiskipa. Margar af þessum stöðvum voru mjög litlar og mjög illa búnar að tækjum og mannafla. Þetta vita allir þeir, sem náið hafa kynnt sér þessum málum hafa komið. En Norðmenn voru dálítið djarfir í þessum efnum, og þeim tókst að byggja upp þó nokkrar smærri skipasmíðastöðvar, sem hafa hreinlega haft verkefni, aðallega fyrir Íslendinga. Auðvitað væri hægt að koma slíku við hér á landi, ef skynsamlega væri á málum haldið og markvisst unnið að því að byggja upp skipasmíðastöðvar, sem gætu keppt við t. d. Norðmenn og aðra, sem svipað stendur á fyrir.

Það, sem hefur kannske hvað mest staðið í vegi á undanförnum árum í þessum efnum, er náttúrlega fjármagnið, bæði stofnfé og ekki síst rekstrarfé. Nú er það svo, að það er með lögum ákveðið, að það er viss prósenta af kostnaðar- eða matsverði skipa, sem lánað er út á, þegar skip eru smíðuð hér innanlands, og raunar utanlands líka. Þegar skipin eru smíðuð innanlands, er lánað út á þau 75%. Þegar þessi mál voru til umræðu hér á Alþ. í fyrra, var því lýst yfir af ríkisstj., að það yrði séð um að lána 10% til viðbótar af kostnaðar- og matsverði skipa, sem smíðuð væru innanlands. Og mér er kunnugt um, að þeir aðilar, sem hafa gert samninga um smíði skipa innanlands, hafa fengið fyrirheit um þessa 10% viðbót. En hvaðan það fé á að koma og með hverjum hætti, það er mér ekki kunnugt um.

Sú aðferð, sem frv. byggir á, þ. e. að ríkisstj. hafi forgönguna, hún er ekki ný. Það er ekkert nýtt „prinsip". Fyrir tveimur áratugum voru í gildi hér lög, sem gerðu ráð fyrir sama fyrirkomulagi og hér er gert ráð fyrir, að öðru leyti en því, að þá voru skipin byggð erlendis, en þetta frv. gerir ráð fyrir því, að þau verði byggð hér innanlands.

Ég álít, að þessi iðnaður — fiskiskipasmíðar — sé þess eðlis, að við Íslendingar ættum að geta smíðað meginþorra íslenzkra fiskiskipa, ef skynsamlega er á málum haldið. Íslenzk fiskiskip eru að ýmsu leyti frábrugðin fiskiskipum annarra þjóða. Það eru oft gerðar á þeim sérbreytingar með hliðsjón af íslenzkum aðstæðum. Það mætti segja, að fiskiskipið væri verksmiðja Íslendinga, og það væri e. t. v. ástæða til þess, að sérstök fræðileg athugun færi fram á gerð þess, — athugun með hliðsjón af nýjustu tækni og vísindum, ásamt þeirri miklu reynslu og þekkingu, sem íslenzkir sjómenn hafa af notkun skipanna á undanförnum áratugum. Sérstakt íhugunarefni hlýtur að verða, að allt verði gert, sem hægt er, til þess að tryggja meðferðina á hráefninu, frá því að það kemur á skipsfjöl. Ég er ekki viss um, að þessu atriði hafi verið gefinn nægilegur gaumur með hliðsjón af alls konar tækni, sem nú hefur rutt sér braut á öllum mögulegum sviðum, að gert hafi verið nægilega mikið í því efni að athuga, hvort ekki væri ástæða til þess að gera einhverjar breytingar á gerð einmitt íslenzkra fiskiskipa. En það er auðvitað sérfræðilegt mál.

Íslenzk skipasmíði gæti orðið traustur hlekkur í eflingu íslenzkra atvinnuvega, og auk þess er hér um að ræða atvinnugrein, sem mundi geta treyst atvinnulíf víðs vegar um landið og komið í veg fyrir samdrátt og atvinnuleysi á fjölmörgum stöðum. Þetta álít ég, að vert sé að hafa í huga í sambandi við þetta mál í heild.

Ég sé þá ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta og legg til, að málinu verði vísað til iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til iðnn. með 14 shlj. atkv.

Á 78. og 79. fundi í Ed., 25. og 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 46, n. 499 og 502).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, 44. mál Ed., nm nýsmíði fiskiskipa, flutt af hv. 2. þm. Austf., Tómasi Árnasyni, o. fl., kveður á um það, að hæstv. ríkisstj. sé heimilt að láta smíða innanlands fiskiskip, án þess að kaupendur séu fyrir hendi. Ég vil undirstrika, að hér er aðeins um heimild að ræða fyrir hæstv. ríkisstj. Er gert ráð fyrir, að þessi heimild nái til allt að 10 þús. rúmlesta á árunum 1969—1972, eða sem nemur 2—3 þús. rúml. á ári.

Á síðasta Alþ. fluttu þessir hv. þm. frv. um sama efni, að vísu um 9 þús. rúml., og skyldi smíðinni deilt á árin 1968—1971. Nú liggur einnig fyrir hæstv. Nd. frv. um smíði 50 fiskiskipa, sem smíðuð skulu af innlendum skipasmíðastöðvum á árunum 1969—1972, flutt af hv. 4. þm. Austf. o. fl. Einnig þessir hv. þm. fluttu hliðstæð frv. á síðasta Alþ.

Hin mikla fjárfesting í dráttarbrautum og skipasmíðastöðvum hér á landi undanfarin ár skapar að sjálfsögðu breytt viðhorf í skipasmíði innanlands. Þróunin hefur orðið sú, að nú eiga Íslendingar engin skip í smíðum erlendis, sem eðlilegt

hefur þótt, að smíðuð væru hér heima. Fiskibátar eru alls engir í smíðum erlendis.

Vitað er, að hæstv. ríkisstj. hefur stuðlað að því, að strandferðaskipin tvö eru smíðuð á Akureyri og reglur verið settar, sem gera mögulegt, að kaupendur fiskiskipa hjá íslenzkum skipasmíðastöðvum hafi lánamöguleika 80—90%, á sama tíma og lánafyrirgreiðsla út á fiskiskip smíðuð erlendis er aðeins ⅔ af kostnaðarverði og þau lán, ef smíðin er framkvæmd erlendis, bera að sjálfsögðu gengisáhættu, sem erlendum lánum nemur. Verð ég að segja, að innlendri skipasmíði hefur þegar verið veittur mikill forgangur að þessu leyti. Afrakstur fiskveiða hefur hins vegar ekki verið þannig að undanförnu, að hann hafi örvað útgerðarmenn til að semja um skipasmíðar. Það er fyrst nú eftir síðustu gengisbreytingu, sem nokkur hreyfing hefur orðið á og fyrirspurnir benda til meiri áhuga hjá útgerðaraðilum um kaup fiskiskipa. Samningar við skipasmíðastöðvarnar hafa hins vegar gengið treglega enn. En það er meira en lítið átak, sem þarf til, ef samþ. ætti það frv., sem fyrir liggur og lengst gengur um smíði á 50 stórum fiskibátum án kaupenda næstu 4 árin. Má ætla, að sú upphæð nemi 2000 millj., og ekki vitað, hvar sú upphæð ætti að takast, ef kaupendur gæfu sig ekki fram og skipin hrúguðust upp í höfnum fullsmíðuð. Ólíklegt er, að útvegsmenn séu þess megnugir að auka flota sinn svo mjög á þessu tímabili, eins og ég minntist á hér áður.

Segja má, að slík bylting hafi verið í veiðum og veiðiaðferðum undanfarið, að ekki einu sinni útvegsmenn sjálfir séu sammála um, hvaða bátastærðir bezt henta. Hins vegar er á það að líta, sem ég hef einnig bent á áður, að skipasmíðastöðvarnar hafa byggzt upp á mörgum stöðum og starfsfólki þessara atvinnufyrirtækja verður að sjá borgið, hvað atvinnu snertir, þótt útvegsmenn sjái sér ekki henta að gera bátapantanir að sinni.

Út frá því sjónarmiði hafa þessi mál verið rædd í atvinnumálanefnd ríkisins. Hefur n. fallizt á að veita allt að 50 millj. kr. lán í þessu skyni til smíði fiskiskipa í innlendum skipasmíðastöðvum, án þess að kaupendur séu fyrir hendi. Þetta fé á að notast til þess að brúa það bil, sem myndast, eftir að fiskveiðasjóður hefur lánað 80% skipsverðsins, eða réttara sagt 75% og 5% frá atvinnujöfnunarsjóði, en nánari reglur og fyrirmæli um smíðina eru nú í athugun hjá iðnmrh.

Eins og segir í till. meiri hl. iðnn. á þskj. 499, er lagt til, að lagafrv. því, sem hér um ræðir, sé vísað frá með rökstuddri dagskrá, og er þar vísað til yfirlýsingar, sem hæstv. forsrh. gaf 27. marz s. l., er hann talaði fyrir frv. um aðgerðir í atvinnumálum, en til þess að hv. þdm. glöggvi sig enn betur á þessu, vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp það, sem hæstv. forsrh. sagði um það mál við þetta tækifæri:

„Enginn efi er á, að fiskiskipasmíði innanlands er mjög löguð til þess að bæta í bráð úr atvinnuleysi og tryggja atvinnu til frambúðar. Í landinu er nú veruleg afkastageta til skipasmíða. Á hinn bóginn er eftirspurn eftir nýjum skipum lítil í bili, enda þótt búast megi við, að hún vaxi aftur, áður en langt um líður. Til þess að unnt sé að halda áfram að efla skipasmíðar og hafa fyrir hendi hentug og ný skip, þegar eftirspurnin vex á ný, er þörf sérstakra aðgerða. Þetta verkefni hefur verið til athugunar í atvinnumálanefnd ríkisins, og um það hafa verið gerðar till. frá öllum héraðsnefndum. Þá hefur iðnmrh. haft málið til sérstakrar athugunar, svo og fiskveiðasjóður. Fyrirætlun atvinnumálanefndar ríkisins er að láta gera sérstaka áætlun um þessar smíðar hið fyrsta og verja nokkrum hluta af því fjármagni, sem hún hefur yfir að ráða, til þessara framkvæmda."

Og síðar í sömu yfirlýsingu hæstv. forsrh. segir:

„En hér er um að ræða einhverja áhrifaríkustu ráðstöfun til atvinnuaukningar í bráð og lengd að mati atvinnumálanefndar ríkisins, og leggur því n. megináherzlu á framgang þessarar ráðstöfunar."

Þetta var yfirlýsing hæstv. forsrh. 27. f. m.

Af þessum ummælum vænti ég, að öllum sé ljóst, að nú er hafizt handa um að skapa skipasmíðastöðvum landsins nýtt verkefni, sem á eftir að koma áþreifanlega í ljós á næstu mánuðum. Telur því meiri hl. iðnn. till. sína um rökstudda dagskrá fullkomlega réttmæta.

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., um nýsmíði fiskiskipa, var flutt snemma á þessu þingi. Það var raunar flutt líka á síðasta þingi en hlaut þá ekki fullnaðarafgreiðslu. Nú er sagt, að síðan þetta frv. kom fram, hafi svo miklar ráðstafanir verið gerðar til þess að tryggja framgang efnis þess, að óþarfi sé að samþykkja frv., og með þessum rökstuðningi hefur hv. meiri hl. iðnn. lagt til, að frv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Á þennan rökstuðning höfum við, sem skipum minni hl., ekki getað fallizt. Við teljum fulla þörf á því, að Alþ. ályktí í þá átt, sem frv. gengur, og til viðbótar þeim rökstuðningi, sem fram kemur hjá hv. flm. í grg. frv., vil ég einnig, eins og hv. síðasti ræðumaður, leyfa mér að vísa til ummæla hæstv. forsrh., sem hann lét falla hér í vetur í sambandi við atvinnumálin, að hér væri um að tefla einar þær áhrifaríkustu ráðstafanir til útrýmingar atvinnuleysi, sem völ væri á að grípa til. Ég sé ástæðu til þess að undirstrika þessi ummæli, þar sem mér finnst þau, gagnstætt því, sem hv. meiri hl. finnst, að þau geri samþykkt frv. óþarfa, þá finnst mér, að þau mæli sérstaklega með því, að frv. verði samþykkt.

Eins og fram kemur í grg. með frv., er það megintilgangur þess að efla skipasmíði landsmanna og iðnaðinn almennt og enn fremur að skapa verkefni fyrir þær skipasmíðastöðvar, sem

geta smíðað stálfiskiskip. Það hefur að undanförnu, eins og allir hv. þm. vita, átt sér stað nokkur uppbygging nýrra skipasmíðastöðva og endurbætur eldri stöðva, til þess að þar væri unnt að smíða stálskip. Þessa starfsemi þarf að efla á alla lund. Við vitum, að meginhluti þeirra fiskiskipa, sem bætzt hafa í skipastól landsmanna á síðustu árum, hefur verið smíðaður erlendis, enda þótt unnt hefði verið að smíða sambærileg skip innanlands, og á sama tíma hafa innlendar skipasmíðastöðvar oft verið verkefnalitlar. Og það er efni þessa frv. að bæta úr þessu með skipulegum aðgerðum, sem ríkisvaldið hafi forustu um.

Eins og hér var rakið áðan, gerir frv. ráð fyrir nýsmíði fiskiskipa, samtals allt að 10 þús. rúml. á 4 árum. Gert er ráð fyrir, að í framkvæmdinni verði það þannig, að árið 1969 verði smíðuð fiskiskip allt að 2 þús. rúmlestum, árið 1970 verði rúmlestatalan allt að 2300, árið 1971 allt að 2700 og 1972 allt að 3 þús. rúmlestum. Gert er ráð fyrir mismunandi stærðum skipa, en þó verður lögð áherzla á smíði systurskipa eða seríusmíði. Með frv. er lagt til, segja flm., að breytt verði um stefnu. Í stað þess að kaupa meginhluta fiskiskipanna frá erlendum skipasmíðastöðvum verði skipin nú byggð innanlands í vaxandi mæli. Með vaxandi þekkingu og tæknibúnaði er þess að vænta, að Íslendingar verði fullfærir um að taka í sínar hendur nauðsynlegar fiskiskipabyggingar, a. m. k. að verulegu leyti.

Við þann rökstuðning, sem fylgir rökstuddri dagskrá meiri hl., höfum við, sem skipum minni hl., aðallega það að athuga, að þær ráðstafanir, sem þar er talað um, séu hvergi nærri fullnægjandi. Í fyrsta lagi er það aðeins 50 millj. kr. fjárhæð, sem atvinnumálanefnd ríkisins hefur til ráðstöfunar til þess að verja í þessu skyni. Í öðru lagi, og það er náttúrlega miklu þýðingarmest, hefur ekki mér vitanlega verið tryggt það fjármagn, sem fiskveiðasjóði er ætlað til að lána til nýbygginganna. Það er búið að samþykkja það, það er alveg rétt, sem hv. frsm. iðnn. sagði áðan, — það er búið að samþykkja, að lán út á skipin skuli vera 85%. En mér er ekki kunnugt um, að það fjármagn hafi verið tryggt. Og ég minnist þess, að í umr. hér í gær, þegar talað var um málefni fiskveiðasjóðs í öðru sambandi, var upplýst, að fjármagnsþörf hans á þessu ári væri 150 millj. til viðbótar því, sem hann hefði, en þá var, eins og allir muna, verið að samþykkja að taka af honum 30 millj., sem ríkissjóður hefur þó lagt honum til, svo að hér hygg ég, að mjög vanti á, að hægt sé að segja, að búið sé að koma þessum málum þannig fyrir, að ástæðulaust sé, að Alþ. hafi afskipti af þeim. Í þriðja lagi bendum við svo á það, að þær ráðstafanir, sem atvinnumálanefnd ríkisins getur samkv. umboði sínu gert, ná aðeins til tveggja ára, ársins í ár og næsta árs, en innlend skipasmíði verður eins og annar innlendur iðnaður að fá að þróast hægt og sígandi, jafnt og þétt, en ekki í þessum eilífu stökkbreytingum, sem mjög hafa einkennt iðnþróunina hér.

Ég ætla ekki að hafa fyrir þessu nál. langa framsögu og raunar ekki lengri en ég þegar er búinn að. Ég vænti þess, að einn af flm. frv. muni gera nánari grein fyrir málinu, og læt þess vegna þessi fáu orð nægja til rökstuðnings nál. á þskj. 502.

Bjarni Guðbjörnsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, var, eins og getið var um áðan, flutt á öndverðu þessu þingi. Samhljóða frv. var einnig flutt í fyrra, og það fékk óskaplega rólegt andlát í n. Það var að vísu tekið fyrir á nefndarfundi og þá leitað umsagnar, og bárust a. m. k. 3 umsagnir, en síðan sofnaði það í þeirri ágætu n. Það var vitnað í það áðan af frsm. meiri hl. iðnn., að flutt hefði verið sams konar frv. í fyrra og nú væru raunar á döfinni fleiri frv. í þinginu, og hann minntist líka í því sambandi á, að eitt þeirra næði yfir smíði 50 báta, að upphæð um 2000 millj. Sú framkvæmd var að sjálfsögðu ekki til umr. hér, og mér hefði fundizt eðlilegra, að við hefðum haldið okkur við þessar 10 þús. rúmlestir, sem við erum nú að burðast með hér. En hvað um það, í fyrra, þegar leitað var umsagnar, þá barst mjög jákvæð umsögn um frv., sem þá lá fyrir, frá Landssambandi iðnaðarmanna og mæltu þeir þar með samþykkt frv., og svo að ég endurtaki orðrétt það, sem þar segir, eftir að þeir hafa rakið þetta og vilja gera frv. dálítið fyllra, segja þeir: „Að öðru leyti er Landssamband iðnaðarmanna efnislega sammála lagafrv. og mælir með samþykkt þess.“ Þá voru þeir að vísu búnir að rekja aðallega tvær breyt., sem þeir vildu gera á frv., en það hittist þannig á, að báðar þær breyt. lágu einmitt fyrir í frv. því, sem ég flutti og 3. þm. Norðurl. v., svo að ef þessar brtt. hefðu verið teknar upp og þeim slegið saman, þá hefði Landssamband iðnaðarmanna síður en svo neitt athugavert við frv. og hefði mælt með því óbreyttu. Ég skal ekki rekja það neitt frekar.

Frsm. hv. meiri hl. iðnn. gat þess, að það hefði verið gefin út reglugerð um 85% lán út á fiskiskip. Ég er nú svo fáfróður og verð að viðurkenna fávizku mína, að ég veit ekki til þess, að sú reglugerð hafi verið gefin út. Það kann að vera, það verður þá leiðrétt, ef það hefur verið gert. Fiskveiðasjóður hefur ekki heimild til þess að lána nema 75% og hefur aldrei gert, 5% eru talin koma annars staðar frá, en mér er ekki kunnugt um, að nein reglugerð um þetta hafi verið gefin út. Hins vegar var gefin yfirlýsing hér á hv. Alþ. í fyrra, 17. janúar, af hæstv. sjútvmrh., þar sem hann sagði, að 4. jan. 1968 hefði verið samþ. í ríkisstj. að beita sér fyrir því, að lán út á fyrsta veðrétt yrðu hækkuð úr 75 í 85%, og taldi hann eðlilegt, að hv. þd. vissi um, að þessi mál hafa verið um alllangt skeið til umhugsunar í ríkisstj. og unnið þar kappsamlega að því, að meginefni þessa frv., — það var í sambandi við það frv.,

sem þá var flutt af okkur, — að meginefni þessa frv. nái fram að ganga og hefur verið unnið að þessu um alllangt skeið. — Ég skal ekkert um það segja, hvað mikið hefur verið unnið að þessu á s. l. ári, en enn virðist mér ekki bóla mikið á því.

Það var lítillega minnzt á það, að útgerðarmenn og aðrir væru ekki sammála um stærð fiskiskipa. Það er eflaust alveg hárrétt, að þeir hafa ekki verið sammála um það. Hins vegar var í fyrra, svo að ég haldi mig við liðið ár líka, á síðasta Alþ., mjög rætt um stöðlun fiskiskipa og talað þá um, að n., sem hefði verið starfandi alllengi, hefði skilað bráðabirgðaáliti, en síðan hef ég ekki heyrt, að hún hafi skilað frekara áliti eða neitt verið gert í því máli, eftir því sem ég bezt veit. En það er auðvitað mjög nauðsynlegt, að samræming á stærð fiskiskipanna verði gerð, því að sama skipastærð hentar ekki öllum landshlutum.

Það er viðurkennt í ummælum hæstv. forsrh., að það sé mikil þörf á því að stuðla að því, að skipasmíði innanlands verði efld, og það sé þýðingarmesta ráðstöfunin til þess að vinna bug á atvinnuleysi. Mér finnst einmitt, að þessi ummæli hæstv. forsrh. stuðli mjög að því, að þetta frv. nái fram að ganga. Þetta frv. gerir ekki ráð fyrir því, að það verði nema 10 þús. smálestir smíðaðar á næstu 4 árum, og er það mjög hóflega farið í sakirnar og kannske of hóflega, eins og mér eiginlega raunar skildist á talsmanni hv. meiri hl. iðnn. En hvað um það, þetta, sem ég hef tekið fram í frv. okkar, er ekki nema það, sem skipasmíðastöðvarnar nú geta afkastað.

Þetta frv., eins og ég gat um áðan, var lagt fram á öndverðu þessu þingi, og 11. nóv. s. l. var það sent til iðnn., svo að ég tel alveg vafalaust, að það hafi notið mjög vandlegrar íhugunar í n., ekki sízt með tilliti til þess, að það var ekki sent til umsagnar neinna aðila, svo að það var ekki verið að bíða eftir umsögnum neinna manna í sambandi við það að taka það ekki fyrir aftur fyrr en núna á síðustu dögum aprílmánaðar. En eins og ég sagði, þá hafði það kannske ekki neina úrslitaþýðingu að vera að senda það til umsagnar, þar sem fyrir lá umsögn frá einum aðila, *Landssambandi* iðnaðarmanna, sem var mjög jákvæð.

Megintilgangurinn með frv. er, eins og komið hefur fram áður, að efla innlenda skipasmíði, svo að skipasmíðastöðvar þær, sem eru starfandi og smíðað geta stálskip, verði færar um að nýta stærri hluta af þeim innlenda markaði, sem fyrir hendi er, jafnframt því sem hér er um að ræða mjög mikið og brýnt hagsmunamál, sameiginlegt hagsmunamál launþega og atvinnurekenda í skipasmíðaiðnaðinum og málmiðnaðinum yfirleitt.

Á s. l. hausti var haldin ráðstefna, sem mun vera nokkuð einstök í sinni röð, þar sem launþegar og atvinnurekendur í þessum iðngreinum gengust fyrir sameiginlegri ráðstefnu til þess að reyna að kryfja þetta mál til mergjar. Þetta er auðvitað eitt af þeim vandamálum, sem iðnaðurinn á nú við að búa, en síður en svo það þýðingarminnsta. Á undanförnum árum hefur hin mikla aukning á fiskiskipaflota landsmanna stafað nær eingöngu af skipakaupum erlendis frá. Á síðustu 5—6 árum munu rúmlega 140 fiskiskip hafa verið keypt eða bætzt í flota landsmanna, og af þessum skipafjölda voru yfir 90% smíðuð erlendis. Verðmæti þessara skipa, sem smíðuð voru erlendis fyrir okkur á umræddu tímabili, hefur numið yfir 2000 millj. kr., ef reiknað er með verðlagi 1967. Af þessu er ljóst, að hér er um stórmál að ræða, sem verður að taka föstum tökum og leysa til frambúðar, en ekki með bráðabirgðaráðstöfunum og haldlitlum fyrirheitum.

Það kom fram hjá frsm. meiri hl. iðnn., að mikil aukning hefði verið í skipasmíðastöðvum og dráttarbrautum. Þetta stafaði eðlilega af því, að allar eða flestar dráttarbrautir voru of litlar og skipasmíðastöðvarnar gátu ekki annað viðgerðum á hinum nýju stálskipum, sem komu til landsins, og það hlaut að leiða af því, að dráttarbrautir skipasmíðastöðva yrðu stækkaðar. Það er búið að verja verulegum upphæðum til fjárfestingar í slippum og skipasmíðastöðvum, líklega yfir 300 millj. kr., og ég vil síður en svo vera að gera lítið úr því, því að þetta er töluvert mikið átak. En þetta var alveg óhjákvæmilegt. Það er staðreynd, að það er sama, þó að skipasmíðastöðvarnar og dráttarbrautirnar hafi haft aðgang að lánum, og sama, hvað þær eiga aðgang að miklum lánum, það getur aldrei verið það, sem hefur úrslitaáhrif. Það, sem mestu skiptir, er, að skipasmíðastöðvarnar hafi nægileg samfelld verkefni, sem er eina raunhæfa lausnin, sem tryggir rekstur þessara stöðva, *bæði fjárhagslega og atvinnulega, og er* ekki eru nægar umsóknir um skip á einhverju tímabili, þá verður ríkisvaldið að hafa frumkvæði *að því, að skip séu byggð, a. m. k. sem svarar* því, að stærð fiskiskipaflotans sé við haldið, en til þess mun þurfa að smíða um 3000 rúmlestir á ári.

Þetta frv. gerir ráð fyrir því, að ríkið hafi forgöngu um smíði 10 þús. rúmlesta, eins og ég gat um áðan, á næstu fjórum árum, svo að þótt þetta frv. yrði samþ., þá nægir það ekki til þess að viðhalda stærð flotans, hvað þá meira. Í upphafi ársins 1968 voru alls 868 skip á skipaskrá, samtals rúmlega 150 þús. rúmlestir. En í árslok 1968 var tala skipanna 842 og rúmlestatalan 144 þús. Það skal fúslega viðurkennt, að þetta segir að vísu ekki alla söguna, því að nokkrum sinnum hefur það komið fyrir, að seld hafa verið skip til útlanda, m. a. líklega á þessu tímabili einn „Foss“ og tveir togarar, svo að það er rétt að geta þess, sem rétt er, en eigi að síður hefur skipum fækkað á þessu eina ári verulega. Eftir þeim upplýsingum, sem ég veit bezt, munu 37 skip hafa farið út af skipaskrá á árinu 1968,

samtals að upphæð 6470 rúmlestir. Að vísu, eins og ég gat um, munar náttúrlega töluvert um þessi skip, sem ég minntist á, „Foss“ og tvo togara.

Á undanförnum árum hefur meginhluti fiskiskipaflotans verið keyptur frá Noregi. Og við höfum verið önnum kafnir að byggja upp, ef svo má að orði komast, nokkrar norskar skipasmíðastöðvar. Margir þeir, sem hafa séð aðstöðuna sums staðar a. m. k. í Noregi, telja, að við búum miklu betur að tækjum og öðru en margar þessara stöðva. Enda þótt Norðmenn séu alls góðs maklegir umfram flestar aðrar þjóðir, virðist það alger óþarfi fyrir okkur að vera að byggja upp fyrir þá skipasmíðaiðnað á okkar kostnað, á sama tíma og okkur er það lífsnauðsyn, að okkar eigin iðnaðarmenn leysi þessi verkefni af hendi, sem þeir geta mjög vel og alls ekki síður, eins og reynslan hefur sýnt nú síðustu árin, heldur en erlendir skipasmiðir. En til þess að skipasmíðastöðvar okkar séu færar um að gera þetta, verða þær að hafa samfelld verkefni og njóta sambærilegra viðskiptakjara við það, sem vitað er að norsku stöðvarnar hafa notið á undanförnum árum.

Þetta verður ekki gert nema fyrir frumkvæði ríkisvaldsins. Skipasmíðastöðvarnar eru yfirleitt mjög ung fyrirtæki. Það munu ekki vera nema líðlega 13 ár, síðan fyrsta stálskipið var smíðað hér, dráttarbáturinn Magni í Reykjavík, sem smíðaður var hjá Stálsmiðjunni. Þegar sá bátur var byggður, létu margir í ljós mikla vantrú á því, að við værum færir um að smíða okkar eigin stálskip sjálfir. Nú hefur sú vantrú horfið að langmestu leyti eða nær alveg, og eftir stendur vissan um það, að við getum smíðað okkar eigin skip. Um það blandast engum hugur nú. En skipasmíðastöðvarnar hafa ekki það fjárhagslega bolmagn, sem þarf til þess að brúa tímabundið verkefnaleysi, en það er alger forsenda fyrir áframhaldandi þróun og vexti í skipasmíðaiðnaðinum, að samfelld verkefni séu fyrir hendi, og raunar fyrir allan málmiðnaðinn líka.

Það er búið að festa mikið fé, eins og ég gat um áðan, um 300 millj. kr., í tækjum, dráttarbrautum og ýmsum mannvirkjum, svo að það virðist tilgangslítil fjárfesting, ef ekki á að nýta þessi mannvirki og þessi tæki til þess að skapa öruggari vinnu víðs vegar um landið. Það liður auðvitað að því, að eftir því sem fiskiskipaflotinn eldist, verður viðhaldið meira, ekki síst á stálskipunum. Og þannig fá kannske þessar skipasmíðastöðvar nokkuð aukið verkefni. En það ber alltaf að sama brunni, að það getur aldrei orðið nema samfelld verkefni og nýsmíði geti verið með í spilinu. Frsm. meiri hl. iðnn. gat um það áðan, að það væri enginn fiskibátur í smíðum erlendis, ekkert skip, sem hægt væri að byggja innanlands, væri nú í smíðum erlendis. En það er ekki mikið um það, að skip séu í smíðum hérlendis heldur. Nú er verið að ljúka nokkrum skipum, og það er allt of seint, að þeir fari að byrja á nýjum skipum, þegar verið er að hleypa þeim, sem fyrir eru, af stokkunum. Það krefst mikils undirbúnings að hefja smíði á einum fiskibát eða stálskipi. Og þegar stálvinnu lýkur í þeirri smíði, þá er mikið eftir að gera við skipið, og þess vegna verður, ef vinnan á að vera samfelld, að vera búið að skipuleggja smíðina löngu áður en bátnum er hleypt af stokkunum, til þess að hægt sé að byrja að vinna að næsta skipi, áður en þessum er hleypt af stokkunum.

Í skipasmíðaiðnaðinum hafa vafalaust verið miklir byrjunarerfiðleikar, því að öll byrjun er erfið. En þegar borið er saman verð hinna erlendu skipa og verð þeirra skipa, sem smíðuð hafa verið hér heima, hefur samanburður á verði yfirleitt aldrei verið tæmandi. Þeir, sem keypt hafa báta erlendis frá síðustu 4—5 árin, hafa ekki hugmynd um það í dag, hvað þeir koma endanlega til með að þurfa að borga fyrir skipið eða bátinn. Gengisfellingin hefur raskað þar öllu, bæði um verð og allan kostnað. Og þegar svo hinn þjóðhagslegi ávinningur, sem af innlendri smíði leiðir, atvinnan, gjaldeyrissparnaður og hin mikla verklega reynsla, — þegar þetta allt er lagt saman, þá hygg ég, að verðmismunurinn á bátunum sé hverfandi, ef hann þá er nokkur, ef allt væri tekið með í reikninginn.

Ég hef áður gert það aðeins að umtalsefni hér, að einn liður, sem mér vitanlega hefur aldrei verið tekinn með, þegar bátur hefur verið keyptur erlendis frá, tekinn með í verðið, er svokallað ábyrgðargjald. Það hefur yfirleitt aldrei verið tekið með. Það skiptir verulegum upphæðum hjá þessum bátum.

Eins og nú er ástatt í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar, veitir ekki af því að gera atvinnuvegina fjölþættari og styrkja iðnaðinn. Verði frv. þetta samþ., mun það koma málmiðnaðinum öllum mjög til góða og raunar miklu fleiri aðilum.

Hin rökstudda dagskrá, sem hér liggur fyrir á þskj. 499 frá meiri hl. iðnn., segir kannske ofurlitla sögu. Ég er hér með tvö nál., — ég rak augun í þetta áðan, — annað er prentað upp með ofurlítilli breytingu, það er ein setning, sem fellur burt. Mér sýnist hún leiða hugann að því, að undirbúningurinn hafi ekki verið eins mikill að þessari skipasmíði og hv. frsm. meiri hl. iðnn. vildi vera láta. Fiskveiðasjóður hefur hingað til ekki haft fjármagn til þess að lána í skip, sem smíðuð hafa verið á „lager“, eins og orðalagið var hjá fiskveiðasjóði í umsögninni um frv. á síðasta þingi. Og þeir hafa ekki fengizt til að lána út á skip, nema kaupandi væri fyrir hendi og hefði lagt fram eigið framlag. Út af fyrir sig er þetta kannske sjónarmið. En það er þetta, sem frv. m. a. vill komast fram hjá með því að láta ríkið byggja þetta og að það verði byggt, án þess að kaupendur séu fyrir hendi. Fiskveiðasjóður er

auk þess nú fjárvana og getur ekki staðið við skuldbindingar sínar, eins og komið hefur fram hér, svo að ég held, að það væri full þörf á því, að þetta frv. yrði samþ. Það skiptir auðvitað sáralitlu eða engu máli hvað orðalagið snertir, þetta sem ég gat um, en það bendir, finnst mér, í þessa átt, að undirbúningurinn sé frekar lítill.

Ég leyfi mér að skírskota til ummæla hæstv. forsrh., þar sem hann gat þess, að innlend skipasmíði væri ein raunhæfasta leiðin til þess að vinna bót á því atvinnuleysi, sem gert hefur vart við sig í málmiðnaðinum og fleiri greinum, og vænti þess, að hv. Ed. sé mér sammála um það og hæstv. forsrh. einnig og samþ. frv. það, sem hér liggur fyrir.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Ég verð að fagna áhuga þessara hv. ræðumanna, sem hér hafa talað, hv. 11. þm. Reykv. og 3. þm. Vestf., fyrir áhuga um innlenda skipasmíði. En ég er nú hræddur um, að mörgum finnist einkennileg röksemdafærslan, sem fram hefur komið hjá hv. 3. þm. Vestf. Ég hef gaman af að heyra, hvað forsvarsmenn skipasmíða í hans heimabyggð, Ísafirði, hefðu að segja við slíkri röksemdafærslu. Samkvæmt þessu frv. er aðeins um heimild ríkisstj. að ræða fyrir byggingu 10 þús. rúmlesta, en yfirlýsing hæstv. forsrh. gengur miklu lengra. Hún segir, að nú skuli, og hann lofar því, að nú skuli verða settar á stað byggingar, sem nema um 50 millj. frá atvinnumálanefnd, og það sé 1/5 þess fjármagns. Það þýðir skipabyggingar upp á 250 millj. Ég samgleðst líka hv. 11. þm. Reykv., að hann skuli vera svo ánægður með ummæli forsrh. Eins og í nál. minni hl. er tekið fram, telja þeir, að 50 millj. fjárhæð, eins og atvinnumálanefnd hefur heitið til eflingar íslenzkum skipasmíðaiðnaði, sé hvergi nærri fullnægjandi. Hins vegar má benda á það, að hér er um að ræða 1/6 hluta af öllu því fé, sem atvinnumálanefnd ríkisins hefur til ráðstöfunar. N. hefur samþ. þessa lánveitingu einróma, og flokksbróðir þeirra hv. þm., sem hér hafa talað, sem sæti á í atvinnumálanefnd, hefur ekki séð ástæðu til þess að koma fram með neina brtt. eða aðrir nm. N. hefur verið einróma í að leggja til það lánsfé, þessar 50 millj.

Þessar 50 millj. eiga að taka við, þegar lán fiskveiðasjóðs og atvinnujöfnunarsjóðs, 80%, hefur komið til, og eins og ég sagði áðan, þessi upphæð þar með 5-faldast. Verða þá til ráðstöfunar fyrir skipabyggingar innanlands nú, þó að það sé kannske ekki til í dag, eins og kom fram í ræðu um fiskveiðasjóð hér í gær, það verða þó 250 millj., og ég efast ekki um, að það verði staðið við það.

Efasemdir, sem koma fram í nál. minni hl. um, að fjármagn til fiskveiðasjóðs hafi verið tryggt, eru óþarfar eftir svo skilyrðislausa yfirlýsingu hæstv. forsrh., sem hér hefur verið margminnzt á. Þá er fundið að því, að þessar ráðstafanir séu aðeins bundnar við 2 ára starfstímabil eða það tímabil, sem atvinnumálanefnd ríkisins er falið að starfa. Segir í nál. minni hl., að hér sé um framtíðarverkefni að ræða eða framtíðarviðfangsefni. Ég skil ekki, á hvern hátt hv. minni hl. hugsar, ef það skyldi eiga að vera framtíðarverkefni að smíða skip á „lager", án þess að kaupendur kæmu til. Að mínum dómi getur það aldrei verið nema takmarkað viðfangsefni að byggja skip á „lager". Skipin verða að sjálfsögðu að seljast og komast á fiskveiðar, þegar smíði þeirra er lokið. Þannig yrði hægt að velta áfram þeim fjármunum, sem í þetta færu, aftur og aftur, og þyrfti aldrei nema nokkuð takmarkað fjármagn í þessa smíði, nema út í það væri farið að smíða áfram, án þess að kaupendur væru fyrir hendi.

Af nál. minni hl. er það helzt að skilja, að áframhaldandi skipasmíðar fari fram án þess að nokkur markaður sé fyrir hendi. Þetta er að sjálfsögðu meinloka, sem ekki er hægt að taka alvarlega.

Hv. 3. þm. Vestf. minntist á getu fiskveiðasjóðs. Það er rétt, hann er fjárvana. En það verður ekki séð, að neitt ákvæði í l. um fiskveiðasjóð hindri það, að sjóðurinn geti tekið að sér það hlutverk, sem honum er hér fyrirhugað, þ. e. að lána til smíði fiskiskipa, þótt kaupendur séu ekki fyrir hendi, þegar smíðin er undirbúin og hefst. M. a. gerir 9. gr. l. um fiskveiðasjóð frá 1964 ráð fyrir, að sjóðurinn geti veitt viðskiptabönkum bráðabirgðalán til endurláns einmitt í slíkum tilvikum. Og ef slík ákvæði fullnægðu ekki þessum fyrirhugaða tilgangi, þá getur sjútvmrh. skv. 24. gr. l. sett með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi fiskveiðasjóðs. Ég held, að þessi efasemd sé alveg óþörf, og ég vænti, að við getum allir verið sammála um það og fagnað því, að nú er fyrirhugað, að allar skipasmíðastöðvar komist í gang með því fjármagni, sem þegar hefur verið aflað og verður aflað.

Bjarni Guðbjörnsson: Herra forseti. Það voru nú aðeins örfá atriði. Ég hlýt að vera mjög skilningssljór maður. Frsm. meiri hl. sagði, að það væri mjög gaman að vita, hverja skoðun skipasmiðir á Vestfjörðum hefðu á rökum mínum. En hvaða rök skyldu það vera, sem ættu að valda svona mikilli forundrun á Vestfjörðum, að ég ætti helzt ekki að þora að láta það út úr mér? Ég er sannfærður um það, að skipasmiðir á Vestfjörðum eru mér alveg sammála í því, að það sé mjög eðlilegt og þarft mál að smíða skip á „lager". Ég get nefnt eitt dæmi, og ég veit, að ég ætti ekki að þurfa nefna þessi dæmi fyrir hv. frsm., hann þekkir þau svo ákaflega vel. Skip er í smíðum í einni stöð, það er ráðinn á skipið skipstjóri. Hann ræður að nokkru leyti teikningu og ýmsum breytingum síðan. Einhverra hluta vegna hverfur þessi skipstjóri á braut. Það er

ráðinn nýr skipstjóri, og enn á ný koma breytingar. Þriðji skipstjórinn er ráðinn, og enn þarf að fara að breyta. Þetta eru staðreyndir, sem ég veit um og þarf ekkert að undra neinn, sem komið hefur nærri járnsmíði og málmiðnaði eða skipasmíðum yfirleitt, því að þetta eru staðreyndir. Fram hjá þessu yrði augljóslega gengið, ef skip væru smíðuð á „lager", þau yrðu bæði ódýrari og fyrr búin, svo að ég held, að skipasmiðir á Vestfjörðum mundu ekki hafa neitt á móti þessum rökum mínum. Ég get ekki fundið það, og ég fann satt að segja ekki, að ég væri neitt að móðga hv. kjósendur, hvorki mína né aðra á Vestfjörðum, með neinum af þeim rökum, sem ég bar fram.

Frsm. taldi, að heimildin til skipasmíðanna væri ákaflega lítil, og það er, að mér finnst, aðalþyrnirinn í augum, að við höfum verið hógværir með þessar skipasmíðar. Ég verð nú að láta í ljós dálitla undrun yfir því, að þegar menn ætla rétt að sinna brýnustu þörfum, þá sé það talið undrunarefni, hvað þeir séu smátækir. Ég held, að það liggi fyrir, að stjórn fiskveiðasjóðs hafi aldrei viljað samþ. lagersmíði. Það lá fyrir í umsögninni um þetta frv., sem dagaði uppi í hv. iðnn. á síðasta þingi, þar sem formaður stjórnar sjóðsins, Davíð Ólafsson, og framkvæmdastjóri sjóðsins, Elías Halldórsson, skrifuðu undir bréf, að þeir hefðu yfirleitt alltaf verið andvígir nýsmíði fiskiskipa, án þess að kaupendur væru fyrir hendi, og þeirri skoðun hafi þeir ekki breytt. Meðan féleysi fiskveiðasjóðs er svo mikið, að það er sagt hér á Alþ., að hann sé alls ófær um að sinna þeim skuldbindingum, sem hann hefur tekið á sig, og til þarf að koma sérstök yfirlýsing frá hæstv. fjmrh. í sambandi við afgreiðslu laga um fiskveiðasjóð, þá held ég, að það fari ekkert á milli mála, að fiskveiðasjóður getur hvorki lánað 75 né 85% í nýsmíði, nema sérstök fjárveiting komi til, og það er lagt til í þessu frv., að ríkisstj. sé heimiluð lántaka í þessu skyni. Fiskveiðasjóður hefur að vísu lánað viðskiptabönkunum. Hann hefur einhverra hluta vegna ekki talið það reglum sínum samkvæmt að lána kaupendum sjálfum, þó að þeir séu fyrir hendi, heldur hefur þetta alltaf orðið að ganga einhverja krókaleið inn á reikning í viðskiptabönkunum, þannig að fiskveiðasjóður á fé liggjandi á bönkunum, en kaupendur eða skipasmíðastöðin hefur aftur á móti orðið að taka lán í viðkomandi viðskiptabanka. Þetta eru vankantar, sem ætti að sníða af þessari starfsemi, því að þetta er engum til góðs, öllum til kostnaðarauka og erfiðleika.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 84. fundi í Ed., 2. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 499 samþ. með 8:6 atkv.

---

3. Eyðing svartbaks.

Á 39. fundi í Sþ., 9. apríl, var útbýtt frá Nd:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 8. maí 1965, um eyðingu svartbaks [207. mál] (þmfrv., A. 437).

Á 74. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Svartbakur hefur lengi valdið miklu tjóni í æðarvarpi hér á landi, eins og mönnum er kunnugt. Hann rænir æðareggjum í stórum stíl, en vinnur þó sýnu meira tjón með því að drepa æðarunga. Það eru til margar ófagrar lýsingar á því, hvernig svartbakur tínir upp æðarunga jafnóðum og þeir koma á flot, hvern á fætur öðrum og jafnvel svo, að enginn er eftir skilinn hjá móðurinni. Þetta hefur valdið varpeigendum miklum áhyggjum, og þeir fá eiginlega ekki rönd við reist með nokkrum ráðum. Þótt fyrirmæli laga heimili, að ráðnir séu sérstakir menn til þess að eyða svartbak, þá hefur sú ráðstöfun ekki enn þá komið til framkvæmda.

Gísli bóndi Vagnsson á Mýrum í Dýrafirði er landskunnur fyrir þann árangur, sem hann og þau hjón hafa náð í ræktun æðarvarps. Það mun vera með eindæmum, að ég ætla, hér á landi, sá árangur, sem þar hefur náðst. Gísli hefur fyrir nokkru skrifað okkur flm. þessa frv. og fleiri þm. um þetta vandamál. Hann bendir okkur á, að miklar líkur séu á því, að fækka mætti verulega svartbak í varplöndum, ef varpeigendum yrði heimilað að nota svefnlyfið phenemalnatríum gegn svartbaknum. Við flm. þessa frv. töldum rétt að afla okkur frekari upplýsinga um þetta lyf, og við óskuðum því álits yfirdýralæknis, Páls A. Pálssonar, á lyfinu. Álitsgerð hans er prentuð með þessu frv., og munu hv. þm. að sjálfsögðu hafa kynnt sér hana. En af þessari álitsgerð má sjá, að þetta svefnlyf hefur verið notað með allgóðum árangri, að segja verður.

Við hv. 2. þm. Vestf., sem flytjum þetta frv. á þskj. 437, leggjum þess vegna til, að héraðslæknum verði heimilað að leyfa eiganda æðarvarps að nota svefnlyf til útrýmingar svartbak í eigin æðarvarpi. Við viljum þó takmarka þessa heimild, eins og sjá má af frv., við það, að viðkomandi sveitarstjórn samþykki, að varpeiganda verði trúað fyrir lyfinu. Auk þess verði varpeiganda skylt að fara í öllu eftir fyrirmælum héraðslæknis um notkun lyfsins og síðan láti hann veiðistjóra í té skýrslu um árangurinn af notkun þess.

Að sjálfsögðu viljum við flm. frv. ekki verða þess valdandi, að erninum verði hætta búin af notkun svefnlyfsins. En það teljum við líka, að komi ekki til greina, eins og þetta frv. er úr garði gert. Svefnlyf verður ekki notað með nein-

um árangri, nema maður sé svo að segja yfir æðarvarpinu á meðan, því að það þarf að handsama svartbakinn, jafnóðum og hann vaknar af svefninum. (Gripið fram í: Hvað á að gera við hann, þegar hann vaknar?) Þegar svartbakurinn vaknar, er það á valdi varpeiganda, hvað hann gerir við hann. Ef hann telur, að hann sé skaðlegur, þá þykir mér trúlegast, að hann drepi hann. En ef honum þykir ákaflega vænt um hann, þá kannske hann hafi hann í búri. En af þessu má sjá, að örninn mun síður en svo sækja svo í nábýli við menn, að það komi til greina, að hann komi þarna nærri.

Æðarvarp er arðvænlegt, þar sem skilyrði eru viðunandi og þar sem það verður varið fyrir eyðileggjandi vargfugli. Umönnun eða sinning á æðarvarpi er ákaflega þroskandi fyrir börn og unglinga og ég vil segja fyrir fullorðið fólk líka. Það hefur þess vegna uppeldisleg áhrif. Æðardúnn er einhver dýrasta útflutningsvara, sem við framleiðum, og hann er því þýðingarmikil gjaldeyrisöflun. Möguleikar til þess að rækta æðarvarp víðs vegar hér á landi eru sjálfsagt meiri en nokkur gerir sér grein fyrir. M. a. er það komið svo í nábýli Gísla á Mýrum, að þar er að koma upp æðarvarp á jörðum, þar sem það hefur aldrei verið til áður, vegna ræktunar af þeirri fyrirmynd, sem menn hafa fengið hjá Gísla. Það væri þess vegna ljóður á okkar ráði, ef við reyndum ekki alla möguleika til þess að auðvelda mönnum að stunda þessa búgrein og útbreiða hana, þar sem skilyrði eru fyrir hendi. Einn liðurinn í þessari viðleitni er þetta frv., sem við flytjum hér, og við væntum þess, að því verði vel tekið. Þar sem málið er nú svo einfalt sem menn sjá, sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta að sinni, en ég vil vænta þess, að hv. þm. taki þessu frv. vel.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 437, n. 747).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt af tveim hv. þm. úr Vestfjarðakjördæmi að ósk nokkurra varpeigenda þar.

Eins og öllum hv. þm. mun vera kunnugt, er veiðibjöllu eða svartbak öðru nafni alltaf að fjölga hér í landi eða hér við land og vörp hafa mjög farið minnkandi hin síðustu ár vegna ágangs af þessum fugli. Það hefur lengi verið erfiðleikamál, hvernig hægt væri að varðveita æðarvörp fyrir vargi, og nú virðist horfa þannig, að víðast hvar á landinu sé svo til ómögulegt að verja vörpin fyrir honum.

Landbn. fékk til viðtals við sig veiðistjóra, Svein Einarsson, og í öðru lagi dr. Finn Guðmundsson fuglafræðing til skrafs og ráðagerða um þetta frv., þegar það hafði borizt n. til umsagnar. Það, sem farið er fram á í frv., er það, að varpeigendum sé heimilað, sem nú er ekki, að nota svæfilyf eða deyfingarlyf til þess að bera út fyrir þennan fugl á vorin, þegar varptíminn er, og einnig fyrst eftir að unginn gengur út úr hreiðrunum. Það kom í ljós í viðtali við dr. Finn Guðmundsson, að fuglafriðunarnefnd og menntmrn. og landlæknir höfðu um skeið haft til athugunar að gera reglugerð samkv. 25. gr. fuglafriðunarlaganna, sem gekk yfir þetta atriði, sem frv. fjallar um. Og með tilliti til þess, að fuglafriðunarlögin þrengja mjög að öllum framkvæmdum í þessu efni og gera ráð fyrir, að um þetta atriði verði samin reglugerð og sett, þá varð niðurstaða landbn., að á þessu stigi málsins mundi vera rétt að gera ekki frekara í þessu máli en að fá þessa reglugerð staðfesta nú þegar, og það hefur verið gert. Þess vegna leggur landbn. til, að þetta mál verði afgreitt með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Þar sem menntmrn. hefur nú staðfest reglugerð samkv. lögum um fuglafriðun frá 1966, sbr. 7. og 25. gr., og með hliðsjón af lögum um eyðingu svartbaks frá 1965, 4. gr., sem heimilar varpeigendum að nota svæfingarlyfið phenemalnatrium til að verja varplönd á vori fyrir vargi, þ. e. hrafni og veiðibjöllu, telur d. ekki tímabært að breyta l. um eyðingu svartbaks, meðan ekki er fengin reynsla af verkunum lyfsins, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá."

Undir þessa ályktun rita allir þeir landbn.-menn, sem staddir voru á þeim fundi, þegar málið var afgreitt úr n.

Ég vil taka það fram að lokum, að ég álít, að þetta sé eðlileg leið, eins og sakir standa, þó að ég sé hins vegar alls ekki viss um, að þessi heimild komi að nægilega miklum notum til að draga úr þeim ágangi, sem þessi fugl veldur í varplöndum. En ég tel hiklaust rétt að gera tilraun með þetta, og þeir hv. þm., sem fluttu frv. að ósk varpeigenda, hafa sætt sig við þessa afgreiðslu á málinu, og eftir atvikum munu þeir vera sæmilega ánægðir með þessa lausn í bili.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. frsm. landbn. hefur nú gert grein fyrir gangi þessa máls í n., og hann lét okkur flm. í té vitneskju um þá skoðun n., að hún teldi jafnvel æskilegra að leysa málið með reglugerðarákvæðum en með löggjöf að þessu sinni, eins og frsm. er búinn að gera grein fyrir. Hann sýndi okkur till. að þessari reglugerð fyrir alllöngu, og í 1. gr. reglugerðarinnar áttu að vera, eins og þar stóð, efnislega sömu ákvæðin og eru í frv. Nú hefur þessi reglugerð verið gefin út að tilhlutan landbn. með þeim ákvæðum, að varpeigendum er nú heimilað að nota svefnlyfið phenemalnatríum til að eyða

svartbaki í varplandi. Þetta var líka efnið í frv. Tilgangi okkar með flutningi frv. er því náð, og hefur hér skeð það, sem ekki skeður mjög oft á Alþ., að mál er komið í höfn, áður en það kemur frá n. Það er búið að gefa út reglugerðina, áður en málið kemur til 2. umr., og það fyrir tilstuðlan hv. landbn. Við flm. erum því ánægðir með þessa lausn og munum styðja dagskrártill. og erum hv. landbn. þakklátir fyrir það, hversu jákvætt hún tók undir þetta mál.

Birgir Kjaran: Herra forseti. Aðeins örfá orð um þá rökstuddu dagskrá, sem hér liggur fyrir. Af henni framgengur, að rn. muni nýverið hafa gefið út reglugerð varðandi eyðingu svartbaks, þar sem heimiluð er notkun svæfingarlyfs, eins og það er nefnt, phenemalnatríum. Ég tek ekki hér til máls af því, að ég sé á móti því, að allt sé gert, sem hugsanlegt er, til þess að eyða svartbaknum eða a. m. k. draga úr þeirri plágu, sem hann er fyrir varpeigendur. Hins vegar vil ég benda á, að það lyf, sem hér er nefnt, er allhættulegt í meðförum. Þetta er að vísu notað í smáum skömmtum til almennra lækninga, en í stærri skömmtum er þetta allútbreitt nautnalyf, sem yfirleitt í öðrum löndum er goldinn varhugur við að láta liggja laust fyrir á verzlunarmarkaði. Auk þess getur það beint verið banvænt, því að ekki stærri skammtur en 100—200 g af phenemalnatríum er banvænn hverjum manni. Ég hefði þess vegna viljað beina þeim tilmælum til hæstv. ráðh., sem þessi mál heyra undir og þessa reglugerð hefur samið, að hann léti endurskoða þetta og finna annað lyf, sem að sama gagni kæmi, en væri mönnum ekki jafnhættulegt og þetta er.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil aðeins að gefnu tilefni hjá hv. síðasta ræðumanni láta það koma fram, að reglugerðin var sett í samráði við prófessorinn í lyfjafræði við Háskóla Íslands, sem taldi þann hátt, sem hafður er á reglugerðinni, vera þann skynsamlegasta, sem um væri að ræða. Ég skal hins vegar gjarnan verða við þeirri ósk að láta athuga þetta mál enn nánar og leita ráða fleiri sérfróðra manna.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég játa, að ég hef ekkert heyrt um þetta mál fyrr en nú. En ég tel alveg nauðsynlegt, að það verði athugað, að ekki sé hér verið að fara inn um bakdyrnar til þess að gera að engu það bann við eitrun fyrir fugla, sem Alþ. hefur ákveðið. Það er ljóst, að því aðeins að svo verði farið að, að eitrun eigi sér ekki stað, er einhver von til þess, að örninn geti lifað af hér á landi. Og mér finnst þetta vera töluvert viðameira mál en í fljótu bragði er látið uppi.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Ég fór ekki út í það að skýra einstakar greinar reglugerðarinnar. Ég vil aðeins taka það fram, að hún er það þröng, að ekki má nota þetta lyf í annað en egg. Og eftir því sem dr. Finnur Guðmundsson sagði okkur í landbn., er ekki hætta á því, að nokkur villt dýr, hvorki fleyg né á fæti, taki egg, nema veiðibjallan, hrafninn og kjóinn, og svo máske refur. Þar af leiðandi taldi hann öruggt, að örninn færist ekki á því að taka þetta agn, og það var algerlega það, sem réð afstöðu n. til þess, að hún aðhyllist þessa leið til bráðabirgða a. m. k.

Sem sagt, ég vil leggja áherzlu á, að það var fullkomlega álit dr. Finns Guðmundssonar, sem er allra manna fróðastur um hætti fugla, að það væri útilokað, að örninn tæki egg, hvorki úr hreiðrum né sem út eru borin.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 747 samþ. með 25 shlj. atkv.

Lagafrumvörp, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Þóknun fyrir innheimtu opinberra gjalda.

Á 1. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um þóknun fyrir innheimtu opinberra gjalda [12. mál] (þmfrv., A. 12).

Á 5. fundi í Nd., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 6. fundi í Nd., 28. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég flyt frv. á þskj. 12 um þóknun fyrir innheimtu opinberra gjalda. Efni þess er það, að þegar atvinnurekendum er fyrirskipað samkv. lagaheimild að innheimta opinber gjöld hjá fólki, sem þeir hafa í þjónustu sinni, skuli greiða þeim þóknun fyrir innheimtustörfin, er nemi 3% af upphæðum innheimtra gjalda, og þóknunin skuli greiðast um leið og innheimtufénu er skilað til réttra aðila.

Nú á tímum er það algengt, að atvinnurekendum sé fyrirskipað að vinna á þennan hátt við innheimtu opinberra gjalda. En atvinnurekendur hafa aldrei fengið borgun fyrir innheimtuna. Þegar á það er litið, að ríki og sveitarfélög borga fyrir önnur störf, sem unnin eru í þeirra þágu, verður það að teljast mjög ósanngjarnt, að atvinnurekendur fái enga þóknun fyrir þá vinnu og ábyrgð, sem þeir taka á sig með þessum innheimtustörfum.

Ég hef tvisvar áður flutt frv. um þetta efni hér á Alþ., en þau hafa ekki náð fram að ganga. Á síðasta þingi bárust fjhn. meðmæli með frv. frá Félagi ísl. iðnrekenda og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Ég vona, að hv. þm. sé nú orðið ljóst, að það sé rétt að greiða þessum mönnum, þó að þeir séu nefndir atvinnurekendur, eitthvað fyrir þá þjónustu, sem þeir láta ríki og sveitarfélögum í té, eins og tíðkast, þegar aðrir eiga í hlut. Og því vil ég vænta þess, að málið hljóti nú loks samþykki í þriðju atrennu.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 7. fundi í Nd., 29. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 12, n. 168 og 176).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til athugunar, en hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Með frv. er lagt til, að atvinnurekendum verði greidd 3% þóknun fyrir innheimtu opinberra gjalda hjá starfsfólki sínu. Meiri hl. n. vill minna á, að starfandi er þingkjörin n., sem hefur það hlutverk að gera till. um staðgreiðslu opinberra gjalda. Ef ákveðið verður að taka það fyrirkomulag upp, mun það hafa í för með sér mikla breytingu á innheimtustörfunum frá því, sem nú er. N. sú, sem að þessu starfar, hefur haft og mun hafa náið samráð við forsvarsmenn þeirra aðila, sem málið snertir, svo sem forsvarsmenn sveitarfélaga, launþega og atvinnurekenda, og hafa þeir þar ágætt tækifæri til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Ráðgert er, að þessi n. skili áliti snemma á næsta ári, og með tilvísun til þess leggur meiri hl. fjhn. til, herra forseti, að málinu verði vísað til ríkisstj.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Það er ágreiningur um þetta frv. mitt í fjhn. Meiri hl. vill ekki fallast á að greiða þessa þóknun fyrir innheimtu opinberra gjalda. Þeir telja þetta ekki launa vert, þetta snatt, og þeir leggja til, að málinu sé vísað til ríkisstj., og segja í sínu nál., að það sé vegna þess, að það sé verið að endurskoða skattalög. Þetta er alveg út í hött, að vitna í það. Það er alltaf verið að breyta skattalögum annað slagið, og það kemur þessu máli ekki nokkurn skapaðan hlut við, ekki vitund.

3 af þeim 4 nm., sem mynda meiri hl., eiga heima í kaupstöðum. Í Reykjavík býr hv. 1. landsk. þm., frsm. meiri hl., Sigurður Ingimundarson. Í

Hafnarfirði býr formaður fjhn., Matthías Árnason Mathiesen, og í Vestmannaeyjum er 3. nm. í meiri hl., 3. þm. Sunnl., Guðlaugur Gíslason. Svo er sá 4. í n., sem myndar meiri hl. Það er hv. 2. þm. Norðurl. v. Vegna stöðu sinnar í þjóðfélaginu er hann kunnugur einni stórri og merkri bók, sem nefnist Biblía eða Heilög ritning. Mér þykir nú verst, að ég sé ekki hv. þm. hér í sæti sínu. Hann hefur vikið sér eitthvað frá. En það verður að hafa það. **(Gripið fram í:** Ég skal athuga, hvort hann er nærstaddur.) Já, þökk fyrir.

Ég hefði viljað fara fram á það við þennan hv. þm., að hann kallaði fyrir sig þessa meðnm. sína, sem mynda meiri hl. með honum í fjhn., og læsi fyrir þeim fáein orð úr hinni helgu bók. Þau eru í Matteusarguðspjalli, 7. kapitula, 12. versi, ef ég man rétt, og þau hljóða þannig:

„Allt hvað þér viljið, að mennirnir gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra, því að þetta er kjarni lögmálsins og spámannanna.“

Ég þarf ekki að leggja kennimanninum orð í munn. En mér kemur í hug, að þegar hann hefði flutt þeim orð ritningarinnar, þessi sem ég nefndi, segði hann við þá, að nú ættu þeir að gera atvinnurekendum það, sem þeir hafa áður gert fyrir þá og aðra íbúa kaupstaðanna, þar sem þeir búa, þeir ættu að taka að sér innheimtu bæjargjaldanna. Auðvitað fáið þið enga borgun í jarðneskum verðmætum fyrir þetta, því að þið hafið sagt í fjhn., að þessir smásnúningar væru ekki launa verðir. Svo kröftug gæti prédikun þessa hv. þm. og prests orðið, að félagsbræður hans gætu á þetta fallizt, og þá mundu þeir ekki, ef þeir á annað borð væru búnir að höndla sannleikann hjá honum, telja það eftir sér að bæta því á sig sem tómstundagamni að innheimta einnig tekjuskatt og eignarskatt fyrir ríkissjóðinn.

En þó að svo vel tækist til með þessa menn, er málið ekki fyllilega leyst með þessu. Það er ekki víst, að menn í öðrum kaupstöðum og hreppsfélögum víða um land, sem ekki eru undir handarjaðri og handleiðslu prestsins í Glaumbæ í Skagafirði, væru undir það búnir að taka þessi störf að sér fyrir ekki neitt og fylgja þannig fordæmi þessara þriggja kaupstaðarþm., sem ég nefndi. Þess vegna held ég, að eina leiðin sé nú til þess að ná allsherjarlausn í málinu að samþykkja mitt frv.

Það er svo merkilegt, að til er fjölmennur hópur í landinu, sem virðist líta á atvinnurekendur sem 2. flokks menn í þjóðfélaginu og sjálfsagt sé að láta þá snatta við innheimtu fyrir það opinbera og alls konar skýrslugerðir án nokkurra launa. Mektarmenn í stjórnarflokkunum eins og þeir hv. þm., sem eiga sæti í fjhn., eru gegnsýrðir af þessum hugsunarhætti. Um það ber framkoma þeirra í þessu máli glöggan vott. En þó er eins og þeir séu dálítið feimnir við að ganga hreint til verks og greiða atkv. gegn frv. Þeir leita að leiðum til að vísa því frá, en hafa þó vífilengjur einar fram að færa, eins og ég sýndi fram á í upphafi máls míns.

Ég býst við því, að ýmsir stjórnarflokkamenn hér á þingi sjái það, að hér flyt ég rétt mál, þeir eru margir það sanngjarnir, þegar þeir eru sjálfum sér ráðandi, að trúlega hafa þeir tilhneigingu til þess að samþykkja frv. En það er torfæra á vegi þeirra, þröskuldur, sem ekki er víst, að þeir komist yfir. 1. boðorðið, sem gildir á stjórnarheimilinu og þeim hefur verið innrætt, er svona: „Þú skalt ekki fylgja máli á Alþ., sem flutt er af stjórnarandstæðingi.“

Þegar til atkvgr. kemur í þessu máli, verður fyrst borin upp till. meiri hl. um að vísa málinu frá. Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, að hann viðhafi nafnakall við þá atkvgr. Mig langar til að sjá, hvort allir stjórnarflokkamenn hér í hv. d. detta í þessari torfæru, sem ég var að nefna eða hvort einhverjir finnast í þeim hópi, sem geyma enn svo mikið af sínu persónulega þreki eftir 2—9 ára vinnumennsku hjá ríkisstj., að þeir geti stigið yfir bæjardyraþröskuldinn.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Það kom mér sannarlega ekki á óvart, að hv. 1. þm. Norðurl. v. kynni gullvægu regluna. Ég vissi það vel, að hann kunni hana, og hann er kirkjurækinn maður, ég þekki það, og ég efast heldur ekkert um það, að allir hv. meðnm. mínir í fjhn. kunna þessa reglu, og þess vegna er ekkert vandaverk, sem bíður mín að kenna þeim hana. En ég vil benda þessum hv. aldna þingskörungi á það, að það bíður hans mikið verkefni, og það er að fá sína eigin flokksmenn til þess að fallast á allar sérvizkutill., sem hann flytur hér í þinginu.

ATKVGR.

Frv. vísað til ríkisstj. með 21:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: JP, LJós, MÁM, PJ, PS, SI, SvJ, BGr, BK, GeirH, EKJ, BrS, EðS, EmJ, FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, SB.

nei: SE, SkG, SV, ÞÞ, ÁÞ, GíslG, JSk.

JónasÁ, MK, VH, EystJ, GeirG, HS, IG greiddu ekki atkv.

5 þm. (MB, SP, BF, BP, HV) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ef ekki felst í þessari till. um að vísa málinu til ríkisstj. undirtekt um efni frv., þá segi ég já.

---

2. Póst- og símamálastofnun Íslands.

Á 9. fundi í Sþ., 8. nóv., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um Póst- og símamálastofnun Íslands [46. mál] (þmfrv., A. 48).

Á 10. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Tómas Karlsson): Herra forseti. Á þskj. 48 flyt ég ásamt hv. 3. þm. Norðurl. v., hv. 1. þm. Vesturl. og hv. 4. þm. Norðurl. e. frv. til l. um Póst- og símamálastofnun Íslands. Frv. þessu er ætlað að koma í stað l. nr. 8 frá 9. jan. 1935, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála. Ákvæði núgildandi l. um yfirstjórn póst- og símamála eru svo hljóðandi í núgildandi lögum, með leyfi hæstv. forseta, upphaf 1. gr.:

„Póst- og símamálum hins íslenzka ríkis stjórnar póst- og símamálastjóri, sem hefur umsjón og eftirlit með framkvæmdum og starfrækslu pósts og síma. Póst- og símamálastjóri stendur beint undir ráðh. þeim, sem póst- og símamálin heyra undir. Konungur veitir þetta embætti."

Fyrstu sex greinar þessa frv., sem hér eru til umr. og ætlað er að koma í stað þessara ákvæða, sem ég nú las úr núgildandi l., eru svo hljóðandi:

„1. gr. Póst- og símamálastofnun Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, en lýtur sérstakri stjórn. Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum stofnunarinnar. Heimili og varnarþing hennar er í Reykjavík.

2. gr. Yfirstjórn Póst- og símamálastofnunar Íslands er í höndum ráðh. þess, er fer með póst- og símamál, póst- og símamálaráðs og póst- og símamálastjóra.

3. gr. Ráðh. veitir embætti póst- og símamálastjóra. Laun póst- og símamálastjóra eru ákveðin í samræmi við lög nr. 55 frá 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

4. gr. Póst- og símamálaráð skipa 5 menn, sem kosnir eru hlutbundinni kosningu af Alþ. til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðh. skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann póst- og símamálaráðs til fjögurra ára, en annan varaformann. Aðalmenn eða varamenn þeirra í póst- og símamálaráði skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja fundi ráðsins hvenær sem er. Póst- og símamálaráð heldur reglulega fundi minnst tvisvar í mánuði, og skal póst- og símamálastjóri gefa ráðinu skýrslur um störf stofnunarinnar. Allar meiri háttar ákvarðanir skal póst- og símamálastjóri taka með samþykki póst- og símamálaráðs. Rísi ágreiningur milli ráðsins og póst- og símamálastjóra, skal ráðh. kveða upp úrskurð í málinu.

5. gr. Hlutverk póst- og símamálaráðs skal enn fremur vera að gæta í hvívetna hagsmuna almennings gagnvart Póst- og símamálastofnuninni og vera tengiliður hans og Alþ. við stofnunina. Heimilt er fulltrúum í póst- og símamálaráði að taka þar til umr. og afgreiðslu hvert það mál, er snertir samskipti stofnunarinnar við þá, er þjónustu hennar eiga að njóta.

6. gr. Ráðh. ákveður þóknun fyrir störf póst- og símamálaráðs."

Þannig hljóða þessar frvgr., sem ætlað er að koma í stað þeirra ákvæða í núgildandi l. um yfirstjórn póst- og símamála, sem ég las hér áðan.

Mér er það ljóst, að á þeim 32 árum, sem liðin eru frá þessari lagasetningu, hefur þessi stofnun mjög vaxið og ýmsum málum, m. a. um stjórnun stofnunarinnar, hefur verið skipað með reglugerðarákvæðum. M. a. munu vera einir þrír eða fjórir forstjórar svokallaðir innan stofnunarinnar: forstjóri hagdeildar, forstjóri radiótæknideildar, forstjóri rekstrardeildar og forstjóri símatæknideildar, og kynni hv. þd. að þykja ástæða til að samræma aðrar gr. þessa frv. við þá skipan, sem nú er komin á í þessari stofnun varðandi yfirstjórnina. Þetta höfum við flm. ekki tekið upp í frv., heldur óbreyttar aðrar gr. l., en samræmt þeim ákvæðum, sem eru í fyrstu 6 gr. frv. um nýmælin, póst- og símamálaráð. En eins og ég sagði er þessum 6 fyrstu greinum ætlað að koma í stað ákvæða gildandi laga um yfirstjórn þessarar stofnunar, og er þar lagt til, að lögfest verði nafn þessarar stofnunar, Póst- og símamálastofnun Íslands, og enn fremur, að lögfest verði, að heimili og varnarþing stofnunarinnar sé í Reykjavík og ráðh., sem fer með póst- og símamál, veiti embætti póst- og símamálastjóra.

Þá eru aðalnýmæli frv. um þingkjörið póst- og símamálaráð, en í öðrum greinum þess, eins og ég sagði, eru tekin upp ákvæði núgildandi laga. Lagt er til, að póst- og símamálaráð skipi 5 menn, sem kosnir verði hlutbundinni kosningu af Alþ. til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Skal ráðh. skipa einn hinna kjörnu aðalmanna formann póst- og símamálaráðs til fjögurra ára, en annan varaformann. Aðalmenn og varamenn þeirra í póst- og símamálaráði skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nærri Reykjavík, að þeir geti sótt fundi ráðsins hvenær sem er með stuttum fyrirvara, og ég vil einmitt benda á í sambandi við þessi ákvæði frv., að með þessum ákvæðum er ekki komið í veg fyrir, að menn, sem lögheimili eiga fjarri höfuðborginni, verði kjörgengir til póst- og símamálaráðs, heldur sett það skilyrði, að varamaður skuli vera búsettur í Reykjavík eða nágrenni, ef þannig er ástatt um heimili aðalmanns, að hann búi fjarri höfuðborgarsvæðinu. Þá er lagt til, að póst- og símamálaráð haldi fundi tvisvar í mánuði hverjum og oftar, ef þurfa þykir, og póst- og símamálastjóri gefi ráðinu skýrslur um starfsemi og framkvæmdir stofnunarinnar, enda skal hann taka allar meiri háttar ákvarðanir um starfsemi, framkvæmdir, fjárskuldbindingar og afnotagjöld að fengnu samþykki póst- og símamálaráðs, en rísi ágreiningur um mál milli ráðsins og póst- og símamálastjóra, skal ráðh. kveða upp úrskurð í málinu og taka af skarið.

Þá vil ég sérstaklega vekja athygli hv. þd. á 5. gr. frv., þar sem kveðið er nánar á um hlutverk póst- og símamálaráðs. Segir þar, að póst- og símamálaráð skuli vera tengiliður Alþ. og almennings við Póst- og símamálastofnun Íslands og sé fulltrúi í póst- og símamálaráði heimilt að taka hvert það málefni til umr. í ráðinu og og afgreiðslu þar, sem snertir að þeirra dómi samskipti stofnunarinnar við þá, sem þjónustu hennar eiga að njóta. Átt er við með þessu, að hver sá, sem telur sig ekki hafa fengið leiðréttingu mála sinna hjá embættismönnum stofnunarinnar, geti snúið sér til aðalmanna eða varamanna í póst- og símamálaráði og beðið þá að kanna málið, og myndu þeir þá gera það, kanna málið til hlítar og taka þá málið fyrir í ráðinu, teldu þeir umkvartanir á rökum reistar.

Stofnun pósts og síma hefur einkaleyfi hér á landi á sölu þeirrar þjónustu, sem hún veitir. Starfsemi þessarar stofnunar snertir orðið hvert heimili og rekstur hverrar einustu stofnunar og fyrirtækis í landinu. Þessi stofnun er í eigu þjóðarinnar, eigu þeirra, sem þjónustu hennar njóta, og löggjafanum ber í þessu tilviki að treysta sérstaklega rétt sinn og almennings til eftirlits og áhrifa. Í löggjöf, sem sett hefur verið undanfarna áratugi um nýjar, sjálfstæðar stofnanir á vegum ríkisins, hafa yfirleitt verið ákvæði um þingkjörnar stjórnir slíkra stofnana til eftirlits og ráðuneytis stjórnendum stofnananna. Þetta mun vera í samræmi við þá réttarvitund, sem ríkt hefur um þau mál. Og ekkert samræmi er í því, að ein allra stærsta stofnun ríkisins, stofnun pósts og síma, skuli enn standa utan slíks eftirlits og ráðuneytis kjörinna fulltrúa.

Allir vita, að ráðh., sem um málefni margra rn. og fjölda stofnana fjallar í þjóðfélagi, sem verður æ flóknara, hefur enga aðstöðu eða tíma til að fylgjast nægilega vel með starfsemi svo umfangsmikillar stofnunar eins og stofnun pósts og síma er, og víst er það, að þessi stofnun á eftir að vaxa mikið á næstu árum og áratugum. Útgjöld þessarar stofnunar eru nú svipuð og öll fjárlög íslenzka ríkisins árin 1955 og 1956, en þá sátu hér 49 þm. á hv. Alþ. til að skipta þeim upphæðum. Árlega tekur Alþ. til meðferðar og skipta við fjárlagaafgreiðslu fjármagn til ýmissa málaflokka, og er þar um miklu minni upphæðir í mörgum tilvikum að ræða, mjög miklu minni en upphæðir þær, sem skipt er af embættismönnum pósts og síma í samráði við ráðherra. Alþ. skiptir vegafé t. d. á vegáætlun, fé til hafna landsins, vegáætlun er endurskoðuð meira að segja með reglulegu millibili. Alþ. skiptir fjármunum milli einstakra skóla, milli einstakra flugvalla o. s. frv. En um svo mikilvæga þjónustu við borgarana eins og póstur og sími er, og um ráðstöfun þeirra miklu fjárhæða og fjárskuldbindinga, sem þar er um að ræða, hafa hv. alþm. ekkert að segja, og engir kjörnir fulltrúar þessarar valdamestu stofnunar ríkisins eiga þar um að fjalla að undanskildum að sjálfsögðu hæstv. ráðh.

Í ræðu sinni við 1. umr. fjárl. fyrir árið 1969 komst hæstv. fjmrh. svo að orði, þegar hann gerði að umtalsefni ummæli hv. 3. þm. Vesturl., Halldórs E. Sigurðssonar, um þetta mál, þ. e. skuldir og fjárhagserfiðleika Pósts og síma og fjárfestingu stofnunarinnar, með leyfi hæstv. forseta, — fjmrh. sagði:

„Ég get annars tekið undir meginhlutann af því, sem hann (þ. e. a. s. hv. 3. þm. Vesturl.) mælti um aths., hvað rétt væri að taka til athugunar umfram það, sem ég vék að. Ég er honum sammála um, að það er nauðsynlegt að athuga rækilega hag Pósts og síma. Það hefur verið reynt að fylgjast með fjárfestingarmálum Pósts og síma nú síðustu árin, þó að því miður hafi gengið dálítið erfiðlega að framfylgja því fullkomlega, að stofnunin héldi sig innan þeirra áætlana, sem gerðar hafa verið. Að öðru leyti hef ég ekki tíma til þess að fara út í erfiðleika Pósts og síma, en það mál er nú í sérstakri athugun."

Þetta voru ummæli hæstv. fjmrh. við 1. umr. fjárl. Gjaldfallnar lausaskuldir Pósts og síma numu, þegar 1. umr. fjárl. fór fram, því að það kom fram þar, hafa numið 120 millj. kr., og hæstv. fjmrh. lét því ómótmælt í sínum aths. eða sínum andsvörum, og fjárhagur fyrirtækisins mun nú vera mjög erfiður, og mun póst- og símamálastjóri hafa farið fram á, að afnotagjöld yrðu hækkuð um 20%. Þetta kom líka fram við fjárlagaumr.

Sími er sjálfsagt og nauðsynlegt tæki heimilisins, og það er bráðnauðsynlegt tæki hvers einasta fyrirtækis í þessu landi. Það mundi því bætast einn böggullinn enn við þær miklu klyfjar, sem nú mun eiga að leggja á landsfólkið og er þegar byrjað að leggja á landsfólkið í þeim efnahagsörðugleikum, sem við er nú að etja.

Athygli almennings hefur mjög beinzt að Pósti og síma síðustu vikur. Veldur þar kannske mestu um mjög umdeild ákvörðun stofnunarinnar um að kaupa Sjálfstæðishúsið í Reykjavík fyrir rúmar 16 millj. kr., ekki sízt þar sem sú ákvörðun er tekin um sama leyti og fréttir berast af mjög þröngum fjárhag stofnunarinnar og ósk um 20% hækkun afnotagjalda. Það má vel vera, að það sé rétt, sem komið hefur fram hjá hæstv. póst- og símamálaráðherra í umr. hér á hv. Alþ., að með þeirri ráðstöfun hafi Pósti og síma raunverulega verið sparaðar tugmillj. kr. með mögulegum á hagkvæmari fjárfestingu og hagkvæmari rekstri. Á það skal ég engan dóm leggja, herra forseti, hef ekki til þess neina aðstöðu. En fyrir hv. Nd. liggur nú till. til þál. um skipun rannsóknarnefndar til athugunar á því máli, og þætti mér eðlilegast vissulega, að hæstv. ráðh. og embættismenn stofnunarinnar hefðu nokkurn áhuga á því að láta þá rannsóknarnefnd hreinsa sig af þeim þungu ásökunum, sem fram hafa komið í

blöðum á hendur þeim í þessu sambandi. En þessi till. mun nú til athugunar í n. í hv. Nd. Ég ætla ekki að blanda þessu máli eða öðrum slíkum inn í umr. um þetta mál, sem hér er til umr., eða kveða upp neinn dóm hér í þessu sambandi, enda er tilgangurinn með flutningi þessa frv. ekki sá. Þær ásakanir, sem fram hafa komið, skal ég því ekki gera sérstaklega að umtalsefni hér, nema tilefni gefist, en tel, að þetta beri allt að þeim brunni, að rétt sé, að trúnaðarnefnd kjörin af Alþ. fái að hafa reglulegt eftirlit með starfsemi og ákvörðunum Pósts og síma. Það finnst mér hógvær og eðlileg krafa, miðað við þær aðstæður, sem ríkja í þjóðfélaginu, og umfang þessarar stofnunar, og í rauninni aðeins eðlilegar lagfæringar á 33 ára gamalli löggjöf.

Því hefur verið haldið fram með réttu að mínu áliti, að með hinu sífellt flóknara þjóðfélagi verði æ meiri hætta á því, að valdið færist um of í hendur einstakra embættismanna, sem ekki þurfa að standa þjóðinni reikningsskap gerða sinna, en njóta á hinn bóginn sérstakrar verndar af löggjafans hálfu. Því er líka haldið fram, að mikil hætta sé á því með þróun hins flókna þjóðfélagskerfis, að valdið færist um of frá fólkinu og hinum kjörnu fulltrúum þess yfir til sérfræðinga og embættismanna, og um leið, að möguleikar fólksins, hinna kjörnu fulltrúa, til íhlutunar og eftirlits minnki eða hætta sé á, að þeir minnki, og um leið minnkuðu möguleikar fólksins til að leita réttar síns, ef það verður fyrir misrétti af hálfu embættismanna stjórnkerfisins. Þessi hætta er viðurkennd í menningarríkjum í nágrannalöndum, þar sem komið hefur verið upp embætti umboðsmanna eða lögsögumanna til að reyna að tryggja, að fólk geti leitað réttar síns í slíkum tilvikum.

Einn þáttur þessa frv. er að draga úr þessari hættu og reyna að tryggja það, að fólk geti leitað réttar síns, ef það telur á sér brotið sem neytendur þjónustu Pósts og síma. Með þessu er út af fyrir sig ekki verið að kasta neinum steinum að núverandi stjórnendum Pósts og síma eða verið að leggja dóm á þær aths., sem oft má lesa í lesendadálkum dagblaðanna og víðar um þessi mál. En hér er um einokunarstofnun að ræða, einkasölustofnun, sem snertir líf svo að segja hvers einasta þegns þessa lands, og hér er því aðeins verið að leggja til, að þessi stofnun sé búin í þann stakk í stjórnkerfinu, sem telja verður lágmark, að hæfi slíkri einkasölustofnun í lýðræðisþjóðfélagi.

Ég tel mig, herra forseti, hafa gert fullnægjandi grein fyrir þessu frv., enda fylgir því allýtarleg grg. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og að ég ætla hv. samgmn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vil aðeins í tilefni af þessu frv. og þá einnig af nokkru tilefni af því, sem hér var sagt, segja nokkur orð um þessi mál.

Eins og hv. þm. hafa gert sér grein fyrir, eru einu nýmælin í þessu frv. þau að kjósa sérstakt póst- og símamálaráð og breyta nafni á pósti og síma. Póst- og símamálaráð á að vera þingkjörið og verða tengiliður á milli Alþ. og símans og almennings og símans. Póst- og símamálaráði er ætlað að fylgjast vel með rekstrinum og tryggja það, að hann fari vel úr hendi. Það er vitanlega á valdi Alþ., hvort það samþykkir lög um þetta efni, og þetta frv. fær vitanlega þinglega meðferð, og það er þá ákvörðun Alþ., hvort það telur eðlilegt og sjálfsagt, að þetta megi verða.

Hv. flm. tók fram, að með því, sem hann sagði með þessu frv., væri ekki verið að leggja neinn dóm á rekstur símans eða kasta neinum hnútum að stjórnendum símans. Þetta út af fyrir sig var vel mælt. og af ungum manni, nýliða hér í þinginu, er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt, þótt hann flytji frv. og þótt hann jafnvel flytji frv., sem að ýmissa dómi þætti ekki alveg sjálfsagt og nauðsynlegt. Þessa minnast margir þm., sem lengi hafa verið, að þeir lögðu áherzlu á það að flytja frv. En vitanlega er með þetta eins og svo margt annað, að það orkar tvímælis, og það eru vitanlega fleiri ríkisstofnanir, sem mætti þá segja það sama um og Landssímann. Því ekki að stofna Vegamálastofnun Íslands og kjósa 5 manna þingkjörið ráð til þess að stjórna vegamálum? Því ekki að stofna Vita- og hafnarmálastofnun Íslands og kjósa þar 5 manna þingkjörið ráð? Þannig mætti nefna ýmsar fleiri ríkisstofnanir, og það gætu margir komizt að jötunni og fengið vænan bitling á því að verða kjörnir í þessi ráð. En ég geri ráð fyrir því, að það verði afstaða þm. að gera sér grein fyrir því hverju sinni, bæði með póst og síma og aðrar stofnanir, hvort þetta er nauðsynlegt.

Það er út af fyrir sig eðlilegt, að Póstur og sími verði á stundum fyrir nokkurri gagnrýni, vegna þess að það er rétt, sem hér hefur verið sagt, að Póstur og sími er þjónustufyrirtæki, sem snertir allan almenning. Og stundum er vitanlega hægt að koma með eðlilega og réttmæta gagnrýni á ýmsum framkvæmdum slíks fyrirtækis. Slíkt yrði ekki útilokað, þótt þingkjörin stjórn færi með þessi mál, og stundum er sú gagnrýni, sem fram kemur, algerlega óréttmæt og óeðlileg. Það er rétt, sem hv. 1. flm. sagði hér áðan, að þessi stofnun hefur aukizt mjög mikið og vex áfram. Og lögin, sem þessi stofnun starfar eftir, eru orðin 33 ára gömul, og af þeim ástæðum væri eðlilegt, að það væri skoðað a. m. k., hvort ástæða er til þess að breyta þeim. En 1960 var síðast samin reglugerð til þess að útfæra framkvæmd þessara l., og sú reglugerð er vitanlega birt í Stjórnartíðindum, og geri ég ráð fyrir, að hv. þm. hafi kynnt sér hana. Ég sé því ekki ástæðu til þess að lesa hana hér upp, en þar er kveðið á um deildar-

skiptingu stofnunarinnar, og þar er kveðið á um myndun póst- og símamálastjórnar, þar sem póst- og símamálastjóri á sæti, póstmeistarinn í Reykjavík og yfirverkfræðingur og deildarstjórar stofnunarinnar. Þetta er hin svokallaða póst- og símamálastjórn, sem heldur reglulega fundi. En auk þess eru það fleiri, sem fjalla um þessa stofnun. Um starfsemi stofnunarinnar fjallar nú Alþ., þ. e. fjvn., sem tekur nákvæma skýrslu af póst- og símamálastjóra, ráðh. póst- og símamála, fjmrn., hagsýsludeildin og launamáladeild í fjmrn. og ríkisendurskoðunin. Allir þessir aðilar fjalla um málið, þannig að það er ekki hægt að segja, að hún sé eftirlitslaus, þessi stofnun. Þá er það póst- og símamálastjóri, póst- og símamálastjórnin, starfsmannaráð Landssímans og fjöldi fastra starfsmanna stofnunarinnar, sem bera þarna mikla ábyrgð og fylgjast með. En eins og ég áðan sagði, er það vitanlega Alþ., sem ákveður það, hvort kjörin skuli 5 manna n. til þess að hafa umsjón með stofnuninni. Og þá tel ég líklegt, ef út í það verður farið með Landssímann, að svo verði einnig farið með aðrar ríkisstofnanir, sem hafa mikla og víðtæka starfsemi með höndum.

Það er mín skoðun, sem er orðinn nokkuð kunnugur rekstri Landssímans, að þetta sé stofnun, sem er vel rekin, vel rekin stofnun, sem veitir víðtæka þjónustu og tekur lægri gjöld fyrir þjónustuna en t. d. gerist í nágrannalöndunum. Og það er athyglisvert, þegar hér er talað um há póst- og símagjöld, að þau eru lægri en í nágrannalöndunum. En hvernig má þetta verða? Það getur ekki verið vegna þess, að stofnunin sé illa rekin. Það getur ekki verið af öðru en því, að stofnunin er vel rekin. Það er dýr flutningur á efni til Íslands, sem Landssíminn notar, og það eru miklar fjarlægðir hér í landi. En flest eða öll heimili á Íslandi hafa fengið síma, og um þjónustuna er lítið kvartað. Þjónustan er komin í nokkuð fast form, þannig að þótt kosin væri 5 manna stjórn, þá kemur það að litlu leyti í hennar hlut að skipta því fjármagni, sem síminn hefur til umráða. Það er svo ákaflega mikið af þessu, sem er komið í fast form. Að vísu er fjárfesting Landssímans á hverju ári mikil. En það hefur, held ég, aldrei heyrzt, að fjárfesting Landssímans hafi verið framkvæmd af hlutdrægni, að það hafi einhver aðili verið settur sérstaklega út undan og öðrum verið hyglað. Það hefur enginn borið það á borð. En Landssíminn hefur gert það, sem í hans valdi hefur staðið, til þess að verða við eindregnum óskum byggðarlaganna, sveitanna, kaupstaðanna og kauptúnanna, um það, að síminn geti breiðzt út og orðið almenningstæki. Og einmitt vegna þess hefur verið ráðizt í fjárfestingu, sem enginn hefur sagt, að væri of mikil eða óþörf. Fjárfesting og viðhald Landssímans 1967 var 187.2 millj. Þar af er viðhald ca. 1/3 partur eða rúml. 60 millj. kr. Sjálfvirkar stöðvar hafa verið settar víða upp á landinu og hús byggð yfir þessar stöðvar, og oft er um það kvartað, að þetta gangi ekki nógu fljótt.

Það er talað um slæman fjárhag Landssímans og skuldir, gjaldfallnar skuldir. En við síðustu áramót voru eitthvað 120 millj., minnir mig, í skuldum. En það voru ekki óreiðuskuldir. Það voru skuldir, sem voru umsamdar, og þannig hefur Landssíminn alltaf verið rekinn frá fyrstu tíð, að hann hefur verið með nokkrar skuldir við hver áramót. Og við því er ekkert að segja. Þessi tala, sem hv. flm. nefndi hér áðan, mun láta nokkuð nærri nú á haustnóttum, en þetta er náttúrlega ekki tilefni til að tala um óreiðu, enda gerði þm. það ekki, hann talaði ekki um óreiðu, en vakti athygli á því, að þetta væri kannske nokkuð mikið, og vitnaði í orð fjmrh. En hæstv. fjmrh. hefur vitanlega stundum orðið var við það, að póst- og símamálastjórnin hefur leitað til hans með bráðabirgðafyrirgreiðslu. Það hefur oft komið fyrir, og sannleikurinn er sá, að póst- og símagjöldin hafa ekki verið hækkuð núna síðustu tvö árin. Þess vegna er nú það, að póst- og símamálastjóri hefur haft orð á því, að það væri þörf á því að hækka þessi gjöld.

Póstur og sími geta vitanlega komizt hjá því að hækka þessi gjöld með því að draga úr fjárfestingu, með því að verða ekki við óskum þeirra, sem kalla eftir framkvæmdum. Það getur vel verið, að það sé hægt. En ég hefði nú haldið, að það væri ekki út af fyrir sig óeðlilegt, þótt póst- og símagjöldin hækkuðu eitthvað eftir 2 ár, þegar það er staðfest og af engum rengt, að þjónustan er veitt með miklu ódýrari hætti en annars staðar gerist. Það er svo rétt, að vitanlega yrði enginn glaður yfir því, ef þetta væri hækkað, því að það er allur almenningur, sem notar þetta, og síminn er vissulega nauðsynlegt tæki í nútímaþjóðfélagi.

Ég get upplýst það og staðfest, sem hv. 1. flm. sagði hér áðan, að það er æðimikil umsetning hjá Pósti og síma, meira að segja mjög mikil. Rekstrartekjurnar 1967 voru 545.3 millj. Rekstrargjöld að frádregnum afskriftum 405.4 millj. Innborgaðar póstávísanir voru 864.9 millj. Útborgaðar póstávísanir 864.4 millj. Inn- og útborgað vegna orlofs 134.6 millj. Inn- og útborgað vegna skyldusparnaðar voru 18.4 millj., inn- og útborganir vegna tolla 155.6 millj., inn- og útborganir vegna útvarpstilkynninga 12 millj., inn- og útborganir vegna Ríkisútvarps og fleiri aðila 125.8 millj. Þetta gerir 3526 millj. 400 þús., þannig að þetta er mikið fjármagn, sem fer um þessa stofnun. En aðalatriðið er það, hvernig þessi rekstur er, hvort hann fer vel eða illa úr hendi.

Hv. þm. sagðist ekki ætla að gera kaupin á Sjálfstæðishúsinu að umtalsefni hér eða leggja neinn dóm á þau, það gæti vel verið, að Landssíminn hafi þénað á því að kaupa húsið, og ég tel það vel sagt hjá manninum, að það gæti nú verið. Reynslan vitanlega sker úr því. Og það vil ég segja hér, úr því að þetta mál var nefnt, að

ég mun leggja áherzlu á það, að till. sú, sem liggur fyrir Nd., fái afgreiðslu. Ég vil leggja áherzlu á það. Mín skoðun er sú, að eftir 5 og sérstaklega 10 ár, verði einhver hv. þm. hér í Alþ., e. t. v. sá, sem hér talaði áðan, þm. eftir 10 ár, þá verði hrósað happi yfir því, að Landssíminn festi kaup á þessari lóð á árinu 1968.

Flm. (Tómas Karlsson): Herra forseti. Eins og hæstv. ráðh. tók reyndar fram, talaði ég heldur hógværlega fyrir mínu máli hér. En það mátti skilja á ræðu ráðh., og það er greinilegt, að ráðh. hefur lítinn áhuga á því, að þetta mál nái fram að ganga. Þó taldi hann rétt, að það fengi þinglega meðferð. Og ég mundi segja, að það væri þá nýmæli hér í þessari hv. d., að frv. stjórnarandstæðinga fái þinglega meðferð. Þau fá yfirleitt alls ekki afgreiðslu og koma aldrei úr n. Og ég vil benda fulltrúum í hv. samgmn. á þessa áskorun hæstv. ráðh. til þeirra um að afgreiða þetta mál.

En ráðh. blandaði hér inn í ýmsum óskyldum atriðum þessu máli í sambandi við rekstur stofnunarinnar, pósts og síma, sem ég sagðist ekki mundu gera að umtalsefni eða leggja dóm á þær aths., sem komið hafa fram opinberlega um starfsemi stofnunarinnar. En að komnu þessu tilefni ráðh. hef ég hugsað mér að segja nokkur orð um það.

Ráðh. nefndi hér, að það væri hæpið að samþykkja ákvæði um póst- og símamálaráð, og taldi reyndar eða gaf í skyn, að ein ástæðan fyrir því, að þetta væri nú flutt, væri sú, að það gæti einhver fengið einhvern aukabita í sambandi við þetta nýja ráð. Og mér skildist, að hann teldi algerar hliðstæður hafnir, þ. e. a. s. það yrði þá hafnamálaráð, og hann nefndi eitthvað fleira af slíku tagi, vegamálaráð t. d. Það væri út af fyrir sig kannske ekki svo fráleitt, að það væri komið upp vegamálaráði, þar sem ættu sæti til ráðgjafar þeir aðilar, t. d. samtakaaðilar, sem vegina nota og mestra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við samgöngur um þessa slæmu vegi okkar. Ég skal ekki gera það að umtalsefni hérna, því að ég nefndi það í minni frumræðu, að Alþ. skiptir vegafé, það er lögð fyrir Alþ. vegáætlun. Þessi vegáætlun er meira að segja endurskoðuð af Alþ. Alþ. skiptir þessum píringi, sem nú fer í hafnir, og það er delit um það fram og til baka, 100 þús. þar eða í hinn staðinn. Alþ. skiptir fé til flugvalla. Þó höfum við flugmálaráð. Ég veit ekki betur en hæstv. ráðh. hafi beitt sér fyrir því, að hér voru sett lög um orku, ný orkulög. Af hverju hafði hæstv. ráðh. í þessum l. ákvæði um orkumálaráð? Það var af skiljanlegum ástæðum. Það sæmir ekki réttarvitund okkar, að slíkar sjálfstæðar stofnanir í eigu ríkisins séu með öllu eftirlitslausar af ríkisins hálfu. Það er talið eðlilegt form, að það séu þingkjörnar stjórnir yfir slíkum stofnunum. Hér er um algera hliðstæðu að ræða við Orkustofnunina, nema það, að póstur og sími stendur enn utan þessa ramma.

Hæstv. ráðh. nefndi, að það væri póst- og símamálastjórn. En það er embættismannastjórn. Það eru bara embættismenn stofnunarinnar, sem skipa þá stjórn, og það er einmitt það, sem ég er hér að tala um, að það þurfi kjörna fulltrúa til að hafa eftirlit með þeirri embættismannastjórn. Ráðh. heldur því fram, að þessi stofnun sé vel rekin, — hún kann að vera það kannske, — og séu þjónustugjöld stofnunarinnar, skilst manni, lægst í heimi. Og hann er víst með samanburðartölur aðallega frá Noregi. Þær hafa verið birtar í blöðunum núna upp á síðkastið í gríð og ergi. Einnig gaf hæstv. ráðh. upplýsingar um póstgjöldin hér og í Noregi í hv. Nd. fyrir nokkrum dögum. En ég vil bara spyrja: Hvernig er nú háttað kaupmætti almennings í Noregi og hér, sem kaupir þessa þjónustu? Það er eitt atriðið, sem við gætum tekið til umr., fyrst farið er út í þessa sálma. Það mætti líka spyrja í sambandi við rekstur þessara stofnana í Noregi og hér: Hver eru laun talsímakvenna hérna t. d. og talsímakvenna í Noregi, reiknað á því gengi, sem hæstv. ráðh. er nýbúinn að standa að því að ákveða? Það mætti ræða um það.

En hvernig stenzt þessi fullyrðing ráðh. um, að öll þjónustugjöld Pósts og síma séu hér lægst? Ég hef hér í höndum tímaritið Frímerki frá okt. s. l. Þar eru upplýsingar um póstburðargjöld í nokkrum löndum. Þar eru nefnd bréf með hámarksþunga 20 grömm og 50 og 100 grömm, og það er reiknað á genginu 1 pund=138 kr., þ. e. a. s. gamla genginu, og kemur þannig út: Ísland 5 kr., Belgía 3.50, Danmörk 4.50, England 3 kr., forgangsbréf, en almenn gjöld 2.40, Frakkland 3.50, Holland 3.25, Ítalía 4.30, Sviss 2.70, Svíþjóð 5 kr., sama og hér, Þýzkaland 4.80, Bandaríkin 3.50, — Ísland með 5 kr., eins og ég nefndi. Ef ég tek svo prentað mál, hámarksþungi 50 gr., þá er Ísland með 2.50, Belgía 60 aura, Danmörk 2.25, England 2.50, Frakkland 2.50, Holland 1.50, Ítalía 1.40, Sviss 60 aura, Svíþjóð 2.90, Þýzkaland 1.50, Bandaríkin 1.75. Ekki eru nú öll þjónustugjöld Pósts og síma á Íslandi þau lægstu í heimi. Það kemur greinilega fram í þessu yfirliti. Og svo mætti líka spyrja, fyrst við erum að gera þennan samanburð við Noreg: Er mikill halli á rekstri Pósts og síma í Noregi? Stendur þar til að hækka stórkostlega póstburðar- og símagjöld? Ég bara spyr, fyrst farið er að ræða þetta. Eða var kannske ráðh. að segja með þessari ræðu sinni eða gefa eins konar yfirlýsingu um, að það kæmi alls ekki til mála, að þjónustugjöld Pósts og síma yrðu hækkuð á næstunni? Ef það er það, sem hæstv. ráðh. meinti, þá mundi ég óska eftir því að fá það skýrar fram. En ég ætla að leyfa mér að vitna hér aftur í ummæli hæstv. fjmrh., í andsvör hans við 1. umr. fjárl., er hann sagði orðrétt:

„Ég get annars tekið undir meginhlutann af því, sem hann mælti (þ. e. a. s. hv. 3. þm. Vesturl.) um aths., hvað rétt væri að taka til athugunar umfram það, sem ég vék að. Ég er honum sammála um, að það er nauðsynlegt að athuga rækilega hag Pósts og síma. Það hefur verið reynt að fylgjast með fjárfestingarmálum Pósts og síma nú síðustu árin, þó að því miður hafi gengið dálítið erfiðlega að framfylgja því fullkomlega, að stofnunin héldi sig innan þeirra áætlana, sem gerðar hafa verið. Að öðru leyti hef ég ekki tíma til þess að fara út í erfiðleika Pósts og síma, en það mál er nú í sérstakri athugun."

Þetta voru ummæli hæstv. fjmrh. og mér finnst, að með þessum ummælum hafi hann að nokkru svarað þeirri ræðu, sem hæstv. póst- og símamálaráðh. flutti hér áðan.

En fyrst við erum farnir að tala um rekstur þessarar stofnunar almennt, þá gæti verið fróðlegt fyrir hv. þd. að kynnast t. d. áliti aðstandenda þessa tímarits, Frímerkis, á starfsemi þessarar stofnunar, og ég ætla að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér svolítið úr þessu riti. Þar segir í ritstjórnargrein í októberhefti:

„Það, sem einna helzt er gagnrýnt, er, að aldrei skuli vera gerð útgáfuáætlun, þannig að enginn veit fyrr en rétt fyrir hverja útgáfu, hvað er í vændum." — Þetta er um frímerkjaútgáfu. — „Nú virðist líka vera af það, sem áður var, að tilkynna skyldi upplög undangenginnar útgáfu, þegar sú næsta er kynnt. Þetta hvort tveggja virðist kannske leikmanni skipta afar litlu máli, en við frímerkjasafnarar vitum, að þetta tvennt, að tilkynna útgáfur með nægum fyrirvara og helzt gefa út ársáætlun og svo að gefa upp upplög, hefur afar mikið að segja við sölu frímerkjanna og sérstaklega til erlendra safna. Nú, þegar hart er í ári hjá okkur, ætti það að vera metnaður hvers Íslendings að reyna að efla útflutninginn sem mest. Það er okkar skoðun, að stórauka megi útflutning nýrra íslenzkra frímerkja, ef þessu og öðru, sem er ábótavant í sölu og kynningu íslenzkra frímerkja, er kippt í lag. Enska póststjórnin hefur undanfarin 4 ár rekið mun frjálslegri útgáfustarfsemi en áður, jafnframt því sem kynning frímerkjaútgáfu hefur verið stórauki'n. Þeir hafa m. a. tilkynnt um 5 útgáfur fyrir árið 1969. Þessi starfsemi hefur borið þann árangur, að frá fjárhagsárinu 1966—1967 og 1967—1968 jókst salan úr 884 þús. pundum í 1 millj. 470 þús. pund." Og síðan segir meira um þetta mál í þessu riti.

Enn fremur segir á bls. 78 í þessu riti á þessa leið:

„Hvar í heiminum heldur þú, að það geti gerzt," — þetta er í viðtali, — „sem gerðist hér fyrir jólin í fyrra og stóð reyndar fram á vorið, að ekki var hægt að fá frímerki með venjulegu verðgildi hérlendis? Ef þú sendir bréf, sem kostaði kr. 2.50 að senda, þurftirðu að kaupa 2—3 frímerki til að ná þeirri upphæð og fjögurra króna frímerkið, sem notað er innanbæjar, var ekki til fyrr en hægri umferðin kom. Í fleiri mánuði þurftu menn að nota margar samstæður merkja til að koma bréfi í póst. Ég get líka nefnt sérstimpla. Póststjórnin gæti gert miklu meira af því að nota sérstimpla við ákveðin tækifæri." Og svo segir meira um það efni.

Svo segir enn fremur í þessu riti, með leyfi hæstv. forseta:

„Það, sem er að í frímerkjaútgáfunni, er, að alveg vantar auglýsingar í sambandi við hana. Sem dæmi má nefna Evrópuútgáfuna 1961, en hún seldist upp á einum degi, en það var vegna öflugrar auglýsingastarfsemi annarra, erlendra aðila, og brúttótekjur póstsins voru þann dag hvorki meira né minna en 11 millj. 500 þús. kr."

Í ágústhefti þessa rits segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þau mistök, sem hafa orðið við þessa útgáfu," — það er rætt um hægri umferðar útgáfuna, — „hljóta að vekja þá spurningu meðal safnara, hver ráði frímerkjaútgáfu eða vali mynda á íslenzk frímerki. Er það nefnd manna, eða hefur einhver ákveðinn eða ákveðnir menn með þetta að gera, eða er litið á frímerkjaútgáfuna sem algert aukastarf hjá póstmálastjórninni? Við viljum benda á, að póststjórnin mun hafa hagnazt um eða yfir 20 millj. s. l. ár á sölu frímerkja til safnara, og er ekki ólíklegt, að auka megi þá sölu mikið, ef rétt er haldið á málum. Við viljum því gera að till. okkar, að skipuð verði ráðgefandi nefnd til að fjalla um frímerkjaútgáfur og í henni eigi sæti meðal annarra t. d. tveir fulltrúar póstsins, einn skipaður af listamönnum og tveir af frímerkjasöfnurum" o. s. frv.

Það hafa því ýmsir, sem náin samskipti þurfa að eiga við þessa stofnun, ýmislegt við hennar rekstur að athuga. Það vissi ég, er ég flutti mína frumræðu. En ég stillti mig þá, því að ég vildi vera hógvær og blanda ekki óskyldum málum inn í framsögu fyrir þessu máli, sem hér er til umr. En ráðh. hefur gefið þetta tilefni, og því gat ég nú ekki stillt mig um, að þessar upplýsingar kæmust til hv. þd., sem ég hef hér dregið fram. Og ég vil þá gjarnan segja að lokum: Það er hart, að það skuli ekki vera hægt að fá keypt frímerki í höfuðborg Íslands nema standa í biðröðum við þær örfáu póststofur, sem þar eru.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Mér fannst hv. ræðumaður hógvær í sinni seinni ræðu engu síður en í hinni fyrri, alveg óþarfi fyrir hann að vera að afsaka það, að hann hafi eitthvað breytt um tón í ræðunni. Mér fannst þetta allt saman hógvært og vel fram sett og ekkert út á það að setja. Og ég hef síður en svo út á það að setja, þótt hv. þm. vitni í frímerkjabækur og frímerkjasafnara. Ég hef á margan hátt mætur á frímerkjum, frímerkjabókum, og sumir frí-

merkjasafnarar eru kunningjar mínir. Og ég skil þá mætavel, þó að þeim gremjist, ef þeir geta ekki fengið frímerki, sem þá vantar. En það get ég upplýst, að frímerkjaútgáfan er ekkert handahófsverk, þar er yfirleitt vel athugað og metið, og það eru vissar reglur, alþjóðlegar reglur, sem þarf að fylgja við útgáfu frímerkjanna. Og það er oft erfitt um það að segja, hvernig sala á ýmsum tegundum frímerkja gengur. Það kemur ábyggilega fyrir í öðrum löndum eins og hér, að sum frímerki ganga fljótt upp og önnur seljast miður. Allt er þetta í lagi. Og ég held nú satt að segja, að það yrði erfitt að setja fyrir þennan leka, jafnvel þótt það væri komið póst- og símamálaráð.

Hv. þm. las upp úr frímerkjabókum og fann það sérstaklega út, að það væru ódýrari burðargjöld í Belgíu undir ýmsa böggla. En ég ætla nú — með leyfi hæstv. forseta — að lesa hér upp nokkuð af því, sem ég las upp í hv. Nd. og er eftir staðfestum heimildum, sem ég er nú ekki með hér, heldur er það bara úr þeirri ræðu, sem þar var flutt. Þar er aðallega vitnað í Noreg, en einnig í fleiri lönd, þannig að afnotagjöld í Noregi með 2300 samtölum alveg eins og hér eru 7656 kr., þegar það er á Íslandi 3000 kr. Hvert samtal, sem er yfir 2300 samtöl, kostar í Noregi 2.16 kr., en á Íslandi 1.30 kr. Símskeyti innanlands kosta í Noregi 40 kr., en á Íslandi 24. Ef við tökum bréf, þá kostar í Noregi 5.20 kr. undir einfalt bréf, en 4 kr. á Íslandi. Undir póstkort kostar 4 kr. í Noregi, en 2.50 á Íslandi. Prentað mál 3.20 kr. í Noregi, en 2.50 á Íslandi. Bögglar, 1 kg, 28 kr. í Noregi, en 8.50 á Íslandi. Bögglar, 4 kg, 56 kr. í Noregi, en 15 kr. á Íslandi. Póstávísanir innanlands 8 kr. í Noregi, 6 kr. á Íslandi. Póstkröfugjöld 8 kr. í Noregi, 4 kr. á Íslandi.

Þetta er aðeins sýnishorn, og ég hef hér nefnt Noreg, en ef við nefnum afnotagjöldin í öðrum nágrannalöndum án þess að nefna umframsímtölin, sem eru yfirleitt einnig talsvert hærri en hér, þá er það þannig, að í Danmörku eru afnotagjöldin 6470, þegar þau eru 3000 á Íslandi, í Finnlandi 4522, í Svíþjóð 3784, í Bretlandi 5257, í Frakklandi 11180, í Vestur-Þýzkalandi 8930, í Sviss 4228, í Bandaríkjunum 10417. Þetta eru aðeins sýnishorn, og þannig mætti lengi telja. En ég vil ekkert fullyrða um, að það sé ekki hægt að finna eitthvert land í veröldinni, sem veitir ódýrari þjónustu en hér er gert, t. d. að burðargjöld í Belgíu séu að vissu leyti eitthvað lægri. Símtöl voru ekki nefnd.

Um það, hvort kaupmátturinn er hér í samræmi við það, sem er erlendis, ég vil nú ekkert fullyrða um það, eins og það stendur í dag. En þannig hefur það verið, að í nágrannalöndum hefur kaupgjaldið ekki verið hærra en hér. Og það vil ég segja, að okkar talsímakonur eiga allt gott skilið. Ég vildi gjarnan, að þær gætu fengið hærra kaup. En starfssystur þeirra í nágrannalöndunum hafa ekki verið hærra launaðar, jafnvel lægra launaðar. Það er náttúrlega hægt að sannprófa, ef menn vilja endilega bera það saman, sem að vísu felst nokkur fróðleikur í, hvort hallarekstur er á pósti og síma í Noregi. Það veit ég ekki, ég hef ekki kynnt mér það. En hér á Íslandi hefur Póstur og sími ekki að jafnaði verið rekinn með halla. Ef það hefði verið gert, hefði hann ekki getað veitt þá almennu þjónustu, sem hann nú gerir. Og ég verð að segja það, að Póstur og sími er annars eðlis en margar aðrar stofnanir hér á landi. Þegar við semjum orkulög og kjósum orkuráð, er það vegna þess, að það á að fara að ráðast í framkvæmdir, nýjar framkvæmdir, sem þarf að taka afstöðu til. Aftur á móti er pósturinn kominn í fast form. Landssíminn er kominn inn á flestöll heimili. Það er nýtt fyrir marga að fá sjálfvirkar stöðvar, og það hefur enginn ágreiningur verið um það, hvernig þessar framkvæmdir eigi að koma til. Eins og ég sagði, það hefur aldrei verið deilt um það, hvort þetta væri réttlátlega framkvæmt eða ekki. Það er allt annað en það var fyrstu árin, þegar ég kom hingað. Þá var alltaf þræta um það, hvort fengist sími í þessa sveit eða hina. Nú er það ekki lengur, það er komið alls staðar. En enn í dag er þrætt um það, hvað við eigum að fá mikið fé í flugvelli, hvað á að láta mikið í Akureyrarflugvöll, hve mikið í Vestmannaeyjar, hve mikið á Ísafjörð, hve mikið á Egilsstaði o. s. frv. Og það er vitanlega eðlilegra, að það séu þingkjörin ráð, þar sem slík togstreita á sér stað. En um framkvæmdir Landssímans hefur aldrei verið nein togstreita og engin tortryggni um það eða gefið í skyn, að það væri hlutdrægni í framkvæmd. Þess vegna er þetta annars eðlis. En eins og ég sagði áðan, þá er vitanlega Póstur og sími ríkisstofnun, og það er vitanlega Alþingis að kveða á um það, hvort það vill breyta hér til.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Mér finnst sérstök ástæða til þess að þakka hæstv. ráðh. fyrir, hve skynsamlega og hógværlega hann tekur þessu máli, og alveg sérstaklega vil ég fagna þeirri yfirlýsingu hans, að þetta frv. muni hljóta þinglega meðferð. Og hann gaf líka aðra yfirlýsingu um það, að hann mundi beita sér fyrir því, að samþ. mundi verða í Nd. tillaga um rannsóknarnefnd. Var það ekki? **(Gripið fram í:** Till. fengi afgreiðslu.) Nú, fengi afgreiðslu, þá hef ég misskilið. Ég ætlaði að fara að tala um það, að þetta boðaði líklega, að það ætti að taka upp nýja starfshætti hér. En það er þá ekki svo. Þá bið ég afsökunar á því.

En hvað um það, þetta frv. verður þó afgreitt hér, því að ég efast ekki um það, að hv. nm. taka tilmæli hæstv. ráðh. til greina þar um.

Þetta mál er þess eðlis, að það er í sjálfu sér dálítil ástæða til þess að ræða almennt um það, hvernig háttað skuli stjórn ríkisstofnana. Það er eins og öllum er kunnugt, að fjárstjórnarvald rík-

isins er í höndum Alþ. og Alþ. fylgir sínu fjárstjórnarvaldi eftir, fyrst og fremst með því að setja fyrirframáætlun um það, hvernig fjárreiðum skuli hagað, svo og síðar með því að láta kanna þetta allt af hálfu trúnaðarmanna Alþ., yfirskoðunarmanna, og síðan er svo endurskoðuðum ríkisreikningi safnað saman og hann lagður fyrir Alþ. í frv.-formi. Þegar um er að ræða ríkisstofnanir, sem sjálfstæðan fjárhag hafa, þá finnst mér eðlilegt, að Alþ. fylgi sínu fjárveitingarvaldi eftir gagnvart þeim á þann hátt að hafa hönd í bagga með stjórn þeirra. Og það gerir Alþ. líka yfirleitt. Þannig hefur það verið og er um alla ríkisbankana, að það eru kosin bankaráð, sem eiga að fylgjast með í þeim efnum. Þannig er það líka með atvinnufyrirtæki ríkisins yfirleitt. Þess vegna er kosin stjórn Síldarverksmiðja ríkisins. Þess vegna er kosin stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins o. s. frv. Þannig er þessu yfirleitt háttað, og ég álít, að þetta sé eðlilegt skipulag og þetta eigi að vera almennt um ríkisstofnanir, jafnvel þó að svo sé háttað um þær, eins og að vísu er um Póst og síma, að áætlun í stórum dráttum, en lítið sundurliðuð, mun vera tekin upp í fjárlög. Það er mjög eðlilegt, að það sé fylgzt með þessum stofnunum á þennan hátt. Og það er auðvitað síður en svo, að í till. um skipun slíks ráðs felist neitt vantraust á ríkisstofnunina, enda tók ráðh. það ekki þannig og skildi það réttilega. Hann vildi að vísu ekki fallast á það, að þetta væri sambærilegt við orkumálaráð, af því að þar væri verið að ráðast í einhverjar nýjar og áður óþekktar framkvæmdir. Ég held, að það hafi verið starfandi hér lengi áður raforkuráð, sem vitaskuld er á allan hátt hliðstætt ráði, sem ætti að segja yfir Pósti og síma. Og ég held, að það hljóti að vera styrkur fyrir póst- og símamálastjóra að fá slíkt ráð sér við hlið, og ég held, að það hljóti að vera styrkur fyrir hvern embættismann að hafa slíkt ráð sér við hlið. Ég verð að segja það, að ef embættismenn líta ekki þannig á, þá er um misskilning hjá þeim að ræða að mínu viti.

Það er einn áberandi galli á okkar stjórnsýslu, og hann er sá, að hún fer um of fram fyrir luktum dyrum, ef svo má segja. Þetta er viðfangsefni, sem ýmsar aðrar þjóðir hafa verið að fást við að undanförnu og reyna að leysa hjá sér og gera stjórnsýsluna opinbera í þeirri merkingu, að hún fari fram sem allra mest fyrir opnum tjöldum. Þess vegna er t. d. regla í Svíþjóð, að þar er allt opið almenningi, allar gerðabækur og því um líkt, sem varðar störf opinberra embætta og ráða, að vísu með undantekningum um þau málefni, sem leynt eiga að fara vegna öryggis ríkisins. Ef ég man rétt, hefur í Noregi starfað n. að undanförnu, sem hefur skilað áliti varðandi einmitt þetta, að gera stjórnsýsluna þannig opinbera. Ég held, að þetta þurfi embættismenn að skilja, jafnvel enn betur en þeir gera nú, að þeir eru í þjónustuhlutverki og þeir eiga að standa reikningsskil og vinna sín störf sem mest fyrir opnum tjöldum, þannig að þeir geti lagt þau hvenær sem er á borðið. Ég held, að ef hægt væri að finna heppilega reglu um þetta, þá mundi það skapa aukið og gagnkvæmt traust milli embættismanna og almennings, og þannig er það, sem við störfum hér á Alþ. Við eigum að vinna okkar verk hér í heyranda hljóði, og hér eiga allir að geta komið, hlustað og fylgzt með því, sem fram fer. Það er að vísu gagnrýnt í því sambandi, að þróunin hefur nú orðið sú, að talsvert mikið af störfum þingsins hefur færzt hér á neðri hæðina og í sali flokksherbergja, sem almenningur hefur ekki aðgang að. En ég held, að þó að það sé kannske ekki hægt að koma við almennri reglu um birtingu eða rétt almennings til þess að fylgjast nákvæmlega með öllu, þá held ég, að einmitt svona ákvæði um, að það séu þingkjörnir fulltrúar, sem fylgist með, — það sé spor í rétta átt og nái að nokkru leyti sama markmiði og stefnt er að með því að hafa stjórnsýsluna, starfsemi þess opinbera, sem mest opinbera.

Það er auðvitað svo, þó að ekki sé lengur deilt um það, hvort símí sé lagður á þennan bæinn eða hinn eða í þennan hreppinn eða hinn, þá gefur það auga leið, að hjá svona umfangsmikilli stofnun koma til meðferðar mýmörg ákvörðunarefni, sem eru ákaflega þýðingarmikil, og það er viðurhlutamikið fyrir einn mann að taka ákvörðun um þetta. Sjálfsagt gerir hann það ekki heldur einn. Hann ber sig sjálfsagt saman við meðstjórnendur sína í þessu fyrirtæki og hefur samráð við ráðh. En það er eins og tekið hefur verið fram af hv. 1. flm., það er ekki það sama og það séu fulltrúar almennings, þingkjörnir fulltrúar, sem hafa aðstöðu til þess að fylgjast þarna með. Og ég held, að hæstv. ráðh. sé óhætt að treysta því, að þetta er flutt af þeim vilja að skapa meira traust um þessi mál, en ekki af áhuga á því að skapa einum eða öðrum bitling. Þetta er ekki heldur óþekkt að undanförnu, að það hafi verið fjölgað í stjórnum stofnana. Ég man það t. d., að það er ekki langt síðan hér voru afgreidd lög um Skipaútgerð ríkisins. Þeirri útgerð hafði fram til þess stjórnað einn maður, forstjóri, og það hafði verið látið duga. En ef ég man rétt, eru ákvæði í þeim l. um sérstaka stjórn þriggja manna fyrir þessari skipaútgerð, sem verður þó náttúrlega ekki á neinn hátt jafnað til stofnunar eins og Pósts og síma. En það er bara sá munurinn á, og þar er gallinn á, að það eru ekki í stjórn Skipaútgerðarinnar þingkjörnir fulltrúar, sem gjarnan hefðu mátt vera, því að mikið á fólk víða um land undir þjónustu þess fyrirtækis, heldur eru þar stjórnskipaðir fulltrúar.

Þetta vildi ég aðeins taka fram, — að þetta mál, sem hérna er flutt, er að mínu viti í raun og veru þáttur í stærra máli og víðtækara viðfangsefni, þ. e. þessari spurningu, hvernig eigi að skipa stjórn sjálfstæðra ríkisstofnana þannig, að

þær finni til aðhalds og þess, að þær eru virkilega og eiga að vera þjónustufyrirtæki almennings.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til samgmn. með 14 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Ed., 4. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 48, n. 293 og 306).

Frsm. meiri hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Samgmn. hefur fjallað um þetta frv. um Póst- og símamálastofnun Íslands, sem er 46. mál hv. Alþ. Eins og fram kemur á nál. 293 og 306, náði n. ekki samstöðu um afgreiðslu málsins. Við, sem skipum meiri hl., töldum rétt eftir atvikum að vísa frv. til hæstv. ríkisstj. til frekari meðferðar. Við byggðum okkar niðurstöðu m. a. á því, að við höfum fengið frá póst- og símamálastjóra umsögn, en þar í segir, með leyfi forseta:

„Þótt ég telji, að þörf sé á að færa lögin frá 1935 í nútímahorf, held ég, að það þarfnist meiri undirbúnings."

Á hann þá við, að frv., sem fyrir liggur, sé ekki nægilega undirbúið, þó að hann viðurkenni, að vel megi athuga þessi lög, sem þegar eru orðin 34 ára gömul.

Einnig kom frá Félagi símamanna umsögn, og í henni segir, með leyfi forseta:

„Félagið telur frv. ekki horfa til bóta og getur því ekki mælt með samþykkt þess."

Hins vegar rekja þeir nánar í sinni umsögn ýmis atriði varðandi þessa stóru stofnun, og það kemur raunar fram, að þeir telja eðlilegt, að þessi lög séu tekin til meðferðar og jafnvel samið nýtt frv.

Rétt eftir að við höfðum komið saman í samgmn., barst okkur umsögn frá póstmeistaranum í Reykjavík, og þar segir hann orðrétt, með leyfi forseta:

„Ég tel, að frv. þetta hafi ekki fengið þann undirbúning og athugun, sem hæfir svo mikilsverðu máli, er hér um ræðir. Að sjálfsögðu verða uppi skiptar skoðanir um, hvernig beri að skipa stjórnunarmálum þjónustustofnana landsins, ekki sízt þegar í hlut á svo mikið fyrirtæki sem Póstur og sími. Ég tek undir það með flm. þessa frv., að mikilsvert sé að hafa kjörna stjórn til eftirlits með hverju fyrirtæki ríkisins."

Í þessum umsögnum öllum kemur fram, sem raunar er ekki óeðlilegt, miðað við þann langa tíma, sem lögin um póst og síma hafa gilt á Íslandi, eða í s. l. 34 ár, frá 1935, að þessi lög séu tekin til endurskoðunar. Hins vegar er það mat þessara manna, sem starfa í þessari stofnun, að slík endurskoðun þurfi góðan undirbúning, og meiri hl. samgmn. taldi því réttast að vísa þessu máli til hæstv. ríkisstj. til frekari athugunar, eins og nál. okkar á þskj. 293 ber með sér.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Samgmn. varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. n. leggur til að vísa því til hæstv. ríkisstj., eins og frsm. meiri hl. hefur þegar gert grein fyrir. En við, sem stöndum að minnihlutaálitinu, leggjum til, að frv. verði samþykkt.

Ástæður fyrir þessari afstöðu minni hl. eru einkum þessar: Í fyrsta lagi, að gildandi lög um þetta efni eru orðin 34 ára gömul, og það er alveg ótvírætt, þegar þau lög eru athuguð, að það er orðin full ástæða til að taka þá löggjöf til endurskoðunar og setja ný lagaákvæði um þetta efni. Þetta kemur fram í þeim umsögnum, sem n. aflaði sér, og þetta sjónarmið var greinilega viðurkennt og raunar lögð á það áherzla í ræðu frsm. meiri hl. Það kemur einnig fram í umsögnum, sem n. fékk, að það sé í sjálfu sér eðlilegt að koma á fót stjórn fyrir svo stóra ríkisstofnun sem Póst- og símamálastofnunin er. Hitt getur fremur talizt álitamál, hvernig sú stjórn eigi að vera skipuð eða með hvaða hætti til hennar sé stofnað. En með þessu frv. er gerð alveg ákveðin till. um stjórn fyrir stofnunina, og er það raunar eitt aðalatriði þessa frv., og mun ég því sérstaklega víkja nokkrum orðum að því.

Póst- og símamálastofnunin er meðal þeirra ríkisstofnana, sem veita einna víðtækasta þjónustu og í sambandi við það hafa með höndum mjög mikla fjármuni til ráðstöfunar. Nú er aðstöðu póst- og símamálastjóra þannig hagað, að hann á sjálfur beint undir ráðh. að sækja um málefni stofnunarinnar, en hefur ekki þingkjörna stjórn eða stjórn skipaða með öðrum hætti við að styðjast í starfi sínu. Ég vil taka skýrt fram, að samkv. þessu frv. er ekki gert ráð fyrir því að skerða á nokkurn hátt vald ráðh. um yfirstjórn stofnunarinnar. Hann verður vitanlega eftir sem áður og svo sem vera ber sá, sem á að hafa yfirumsjón með stjórn hennar og starfrækslu. En ráðh., hver sem gegnir starfinu á hverjum tíma, hefur marga mikilvæga málaflokka til meðferðar og yfirlits. Því eru af eðlilegum ástæðum mikil takmörk sett, hvað hann getur haft náin afskipti af stjórn og starfsemi svo viðamikillar stofnunar sem Póstur og sími er. Það getur ekki verið hægt að ætlast til þess, að ráðh. kynni sér þau málefni, nema allra stærstu drætti þeirra, og leggi úrskurð á einstök atriði, sem undir hann eru borin.

Ríkisstofnanir falla að sjálfsögðu undir valdsvið Alþingis. Alþ. hefur fjárveitingavaldið í sínum höndum, og Alþ. ber því raunar lögfræðilega séð og einnig siðferðilega skoðað ábyrgð á stjórn, starfsemi og fjárreiðum ríkisstofnananna. Nú er það svo, að þetta, sem ég var að segja, á vitanlega stuðning í sjálfri stjórnarskránni. Þar eru

þau fyrirmæli, að engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Hins vegar er það svo, að póstlögin og lög um fjarskipti marka að þessu leyti mjög rúman lagaramma, þannig að innan þess lagaramma er ráðh. gefið vald til þess að tillögu póst- og símamálastjóra að setja gjaldskrá hverju sinni, án þess að það komi til beinna afskipta Alþ. eða samþykki þess þurfi til um hverja gjaldskrá hverju sinni. Þær fjárhæðir, sem póst- og símamálastjóri hefur til meðferðar, eru mjög háar og hafa farið ört hækkandi nú á síðustu árum. Samkv. fjárl. þessa árs er rekstrarkostnaður Pósts og síma og það, sem stofnuninni er ætlað til fjárfestingar, 700—800 millj. kr. Þetta mun nú vera hvorki meira né minna en 10—12% af heildarupphæð fjárl., hinna geysiháu fjárl., sem nú eru í gildi. Og ef við lítum til baka til liðins tíma og gerum okkur grein fyrir því, hvað heildarupphæð fjárl. var fyrir svo sem einum áratug eða svo, þá er það, sem Póstur og sími hefur nú í veltunni, svipað að krónutölu og heildarupphæð fjárl. var t. d. á árunum 1956—58. En þær tekjur, sem stofnunin fær til ráðstöfunar hverju sinni, eru sóttar í vasa almennings í landinu og fyrirtækja sem þjónustugjöld. Og eins og ég sagði áðan, lítum við, sem stöndum að áliti minni hl., þannig á, að Alþ., sem hefur fjárveitingavaldið, beri í raun og veru ábyrgð á þessari gjaldheimtu, þó að það fái sjálft lítið um hana að fjalla. Við teljum, að þetta mæli með því, sé rök fyrir því, að tengsl þessarar stóru ríkisstofnunar og sjálfs Alþ. séu aukin frá því, sem verið hefur og hin 34 ára gömlu lög um þetta efni kveða á um.

Ég endurtek það, að í þessu frv. felst alls ekki nein breyting á aðstöðu ráðh. út af fyrir sig. En það er ekki hið sama, það vald sem hann hefur í þessu efni, eins og tengsl sjálfs Alþ. við stofnunina eru og eiga að vera. Í þessu frv. er borin fram alveg ákveðin till. um breytta skipan í þessu efni, sú till., að Alþ. sjálft kjósi til fjögurra ára í senn stjórn fyrir þessa stofnun.

Í þriðja lagi viljum við, sem stöndum að minnihlutaálitinu, benda á það, að Póstur og sími hefur náin samskipti við alla landsmenn, svo að segja hvert einasta mannsbarn í landinu. Og eins og ég tók fram fyrr í þessari ræðu, sækir stofnunin tekjur sínar í vasa hins almenna borgara og fyrirtækja, sem starfa í þjóðfélaginu. Það er augljóst, að stofnun, sem hefur svona víðtæk samskipti við hinn almenna borgara og í raun og veru víðtæk áhrif á aðstöðu hans til viðskipta og nauðsynlegrar þjónustu á þessu sviði, — að þessi stofnun þarf að vera í þeirri aðstöðu, að almenningur eigi greiða leið til þess að kynna sér viðhorf hennar á hverjum tíma og fá skýringar á ýmsum atriðum, sem upp koma í þessum samskiptum og eðlilega geta valdið tortryggni og jafnvel ágreiningi. Það kemur fram í þeim umsögnum, sem n. fékk, að þetta sjónarmið er í sjálfu sér talið eðlilegt. En það þykir aftur vera álitamál, hvernig slíkum samskiptum milli stofnunarinnar og hins almenna borgara skuli fyrir komið. Það er ætlun okkar, sem stöndum að minnihlutaálitinu, og von okkar, ef sú skipun verður upp tekin, sem frv. gerir ráð fyrir, að þá geti hin þingkjörna stjórn orðið mikilvægur tengiliður einnig í þessu efni. Þá gætu bæði þingflokkar og almenningur snúið sér til þeirra, sem í stjórninni sitja, með sínar umkvartanir og með óskir um upplýsingar og komið um þeirra hendur á framfæri við stofnunina ýmsum ábendingum, sem þeim er hugleikið að koma fram. Frv. kveður beinlínis á um það, að í Póst- og símamálastjórninni skuli halda fundi um málefni stofnunarinnar, þar sem ábendingar og umkvartanir almennings, viðskiptamanna, eru einnig teknar til umr. og athugunar. Og frv. leggur póst- og símamálastjórn þá skyldu á herðar að leggja fyrir póst- og símamálaráð við og við til umræðu og afgreiðslu skýrslu um starfsemi stofnunarinnar. Það er álit okkar, sem að minnihlutaálitinu stöndum, að af þessari skipun mundi einnig margt gott leiða.

Í fjórða lagi vil ég leyfa mér að benda á, að sú skipan að kjósa 5 manna stjórn fyrir Póst- og símamálastofnunina er í fullu samræmi við það, sem nú gildir um margar aðrar ríkisstofnanir, og í fullu samræmi við það, sem að þessu leyti hefur gilt áratugum saman um ýmsar þeirra. Þetta mun öllum hv. þdm. vera kunnugt, og tel ég óþarft að lengja mál mitt með því að rökstyðja þetta með dæmum og upptalningu á þeim stofnunum, sem þetta nær til. En þess vil ég minnast, að það er ekki langt síðan hæstv. núv. ríkisstj. og þeir flokkar, sem hana styðja, áttu frumkvæði að því að taka upp mjög hliðstæða skipan og hér er lögð til gagnvart Skipaútgerð ríkisins. Skipaútgerð ríkisins hafði starfað um tæplega 30 ára skeið þannig, að forstjóri Skipaútgerðarinnar átti að leggja vandamál þeirrar stofnunar beint undir dóm ráðh., en hafði ekki eina sérstaka yfirstjórn stofnunarinnar við að styðjast. Þegar þetta mál var hér til umr. á hv. Alþ., lögðum við til í Framsfl. sams konar skipan gagnvart þeirri stofnun, eins og nú er lögð til í þessu frv. um Póst- og símamálastofnunina. Við beittum okkur fyrir því, að sett yrði þingkjörin stjórnarnefnd, sem hefði umsjá með málefnum Skipaútgerðarinnar í samstarfi við forstjórann og vitanlega undir yfirstjórn ráðh., sem með þau mál fer. Að þessari till. okkar framsóknarmanna var ekki horfið, heldur höfð á þessu önnur skipan, þannig að stjórnarnefndin er skipuð að tilhlutan tveggja ráðuneyta. En eigi að síður var það að frumkvæði núv. ríkisstj., að þarna var gerð breyting á. Ég leyfi mér enn fremur að minna á það, að nú þessa dagana höfum við haft hér til athugunar og afgreiðslu í hv. þd. frv. til l. um Brunamálastofnun ríkisins, og í sambandi við afgreiðslu þess frv. er tekið upp það ákvæði hér í hv. d. að koma þeirri skipan á um þá stofnun, að sérstök stjórnarnefnd sé þar sett til umsjónar

og til aðstoðar hinum væntanlega brunamálastjóra, en að sjálfsögðu á þessi stofnun sem aðrar að starfa undir yfirstjórn þess ráðh., sem með þann málaflokk fer. Þetta bendir til þess, að í hugum hv. þdm. sé sú skoðun nokkuð ríkjandi, að það sé eðlileg, réttmæt, jafnvel sjálfsögð skipan, að sem flestar ríkisstofnanir hafi slíka stjórnarnefnd við að styðjast. Þetta frv., sem ég er hér að mæla fyrir, fer mjög í sömu átt.

Þá vil ég þessu til viðbótar benda á það, að í umsögn póst- og símamálastjóra, sem samgmn. fékk, er drepið á það, að í öðrum löndum sé unnið að því að koma á hliðstæðri eða sambærilegri skipan um þessi mál eins og er lagt til í þessu frv. Þar segir, að í Svíþjóð sé búið að setja á fót stjórnarnefnd fyrir Póst og síma og að sú stjórnarnefnd haldi fundi, að sönnu ekki oft á ári hverju, en komi þó saman til fundarhalds. Og það kemur enn fremur fram, að í Noregi muni vera í undirbúningi sams konar breyting. Ég er ekki að segja, að það sé út af fyrir sig sjálfsagt að samþykkja þetta frv. af þessum ástæðum, en ég minni á þetta, því að á mörgum sviðum virðist svo sem það þyki miklu skipta, hvað hafzt er að í öðrum löndum og ekki sízt á Norðurlöndunum, til samanburðar við skipan okkar mála hér. Niðurstaðan er því sú, eins og ég gat um í upphafi þessarar ræðu, að minni hl. samgmn. leggur til, að frv. þetta verði samþ.

Eftir að þessari umr. lýkur, 2. umr., fer fram atkvgr. efnislega um þá niðurstöðu, sem verður um afgreiðslu þessa máls. Með þeirri atkvgr. verður úr því skorið, hvort farið verður að till. meiri hl. og frv. vísað til ríkisstj. eða hvort frvgr. verða samþykktar. Fari svo, að niðurstaðan við atkvgr. nú verði sú, að frvgr. verði samþ., vil ég taka það fram, að við, sem stöndum að áliti minni hl., erum reiðubúnir til samvinnu um minni háttar eða nokkrar orðalagsbreytingar á frv., ef það þætti við nánari athugun betur fara. Ég vil sérstaklega í því efni minna á eitt ákvæði, sem póst- og símamálastjóri bendir á og mér virðist honum þykja miður, eins og það er sett fram í frv. Það segir svo í 3. gr. frv., að ráðh. veiti embætti póst- og símamálastjóra. En í umsögninni kemur fram, að það sé eðlilegra, að forseti Íslands veiti þetta embætti. Þetta er okkur ekki á nokkurn hátt kappsmál, og við erum reiðubúnir til þess að breyta þessu ákvæði og orðalagi víðar í frv., ef ástæða þætti til við nánari athugun.

ATKVGR.

Till. á þskj. 293 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 10:8 atkv.

---

3. Leiklistarskóli ríkisins.

Á 41. fundi í Ed., 11. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um leiklistarskóla ríkisins [134. mál] (þmfrv., A. 247).

Á 43. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Á þskj. 247 hef ég leyft mér ásamt hv. 2. þm. Austf. og hv. 3. þm. Norðurl. v. að flytja frv. um leiklistarskóla ríkisins.

Hér í Reykjavík eru nú reknir 2 leiklistarskólar. Þjóðleikhúsið hefur starfrækt slíkan skóla allt frá stofnun. Í 9. gr. laga nr. 86 frá 1947, um Þjóðleikhús, segir svo, með leyfi forseta: „Við Þjóðleikhúsið skal starfa leikskóli. Þjóðleikhússtjóri ræður kennara og annað starfslið.“ En að öðru leyti hefur skóla þessum verið ákveðinn rekstur samkvæmt reglugerð, og ég mun ekki, nema þá sérstakt tilefni gefist til þess við þessa umræðu eða á síðara stigi málsins, fara nánar út í að lýsa því, hvernig tilhögun skólahaldsins hefur verið í einstökum atriðum, enda geri ég ráð fyrir, að hv. þm. þekki það. Hjá Leikfélagi Reykjavíkur hefur einnig í mörg undanfarin ár starfað leiklistarskóli með sviðuðu sniði og hjá Þjóðleikhúsinu.

Þessir skólar hafa lengst af verið reknir sem eins konar kvöldskólar, þ. e. aðalkennslan hefur farið fram á milli kl. 17 og 19 á daginn, þannig að fólki hefur verið gert það kleift að stunda leiklistarnámið jafnhliða vinnu. En á seinni árum hefur námstíminn verið lengdur nokkuð á degi hverjum og námið aukið. En þrátt fyrir þetta skólahald og þessa viðleitni til leiklistarkennslu hér í höfuðborginni hefur forráðamönnum skólans og öðrum þeim mönnum, sem láta sig þessi mál varða, verið það ljóst og ég vil segja æ ljósara, að hér er orðin brýn nauðsyn til úrbóta, og ég held, að það sé almenn skoðun þessara manna, að menntun leikara hér á landi sé komin úr samræmi við þær kröfur, sem gerðar eru um slíka menntun annars staðar, og þá auðvitað jafnframt og ekkert síður við þær kröfur, sem við hljótum að verða að gera hér heima til þessarar menningarstarfsemi. Það er auðvitað fullkomin öfugþróun, ef svo er komið sem margir álíta, að þeir leikarar, sem fyrir um það bil 20 árum urðu að sækja alla menntun til annarra landa og læra allt, sem til þess þurfti, á erlendum tungumálum, hafi þrátt fyrir þá augljósu erfiðleika, sem þetta hlýtur að valda, verið betur undir sitt lífsstarf búnir heldur en þeir, sem síðar hafa átt þess kost að stunda nám sitt heima og læra til leiklistar á sínu eigin móðurmáli, með þeim augljósu kostum, sem slíkt hlýtur að hafa í þessu efni. En þegar menn hafa gert sér þetta ljóst, eins og ég held að leikhúsmenn almennt viðurkenni, þá er vissulega tími til þess kominn að spyrna við fótum.

Og það, sem fyrst kemur í hugann, er að sameina kraftana, en dreifa þeim ekki, eins og gert hefur verið hér að undanförnu.

Á undanförnum árum hefur farið fram gagnger endurskoðun á þessum málum á hinum Norðurlöndunum og niðurstaðan orðið sú, að stofnaðir hafa verið sjálfstæðir ríkisskólar, óháðir leikhúsunum, til alhliða menntunar leikaraefna og annarra leikhússtarfsmanna, eins og stefnt er að með frv. þessu. Í Danmörku hefur þegar verið komið á fót leiklistarakademíu, sem á að verða ein fyrir allt landið, lúta sérstakri stjórn og starfa alveg sjálfstætt og óháð leikhúsunum. Og í Noregi hefur sama fyrirkomulagi verið komið á fyrir u. þ. b. 8—10 árum og þykir gefast þar mjög vel. Einnig þar er þetta ein sjálfstæð stofnun fyrir allt landið. Í Svíþjóð er slík stofnun eða akademía starfandi í Stokkhólmi, en jafnframt starfa þar leiklistarskólar áfram í Málmey og Gautaborg. Þegar þessi þróun er skoðuð, þá finnst manni fráleitt, að hægt sé að halda uppi 2 leiklistarskólum í Reykjavík. Þegar frændur okkar í hinum löndunum, sem ég minntist á, eru að sameina kraftana í eina allsherjarstofnun, þá er það ekki eðlilegt, að hér sé haldið uppi 2 skólum, þ. e. a. s. ef jafnframt á að gera til þeirra fyllstu kröfur, eins og við verðum að gera. Hvort tveggja er, að tæplegast er þess að vænta, að við höfum nægilegan hóp sérfróðra manna með kennsluhæfileika til svo dreifðrar starfsemi, og þá ekki síður hitt, að vitað mál er, að leiklistarskólar leikhúsanna hafa verið reknir með fjárhagslegu tapi mörg undanfarin ár, sennilega alla tíð. Eini aðilinn, sem hefði bolmagn til að standa undir fullkomnum skóla, sem samræmist nútímakröfum, er ríkið sjálft, og það er skoðun okkar flm., að hið opinbera verði hið bráðasta að gangast fyrir stofnun slíks skóla, er fullnægi þessum kröfum, vegna þess, hversu leiklistin er orðin snar þáttur í menningarlífi þjóðarinnar.

Ég skal játa það, að ég hef ekki treyst mér til að leggja í það neina vinnu að reikna út, hvað það mundi kosta ríkissjóð að koma í framkvæmd ákvæðum þessa frv. Vafalaust þýðir það eitthvað aukin útgjöld. Þó er ég fremur bjartsýnn á, að það þyrfti ekki að vera svo ákaflega mikið. Það hlýtur að vera spurning, svo að ekki sé meira sagt, hvort það þarf að vera nokkuð dýrara að reka einn góðan skóla heldur en 2 ófullkomna, eins og hingað til hefur verið gert, og hallarekstur leikskóla Þjóðleikhússins hefur lengst af lent á ríkinu hvort eð er. Það eru engin ný útgjöld í því efni. Og einhvern veginn hefur líka orðið að halda starfsemi Leikfélagsins uppi. Ég skal ekki fara lengra út í það hér, en ég býst við, að stór hluti einnig af því fjármagni hafi komið úr sjóði landsmanna.

En við skulum bara fyrir alla muni gera okkur ljóst, hversu mikil áhrif leiklistin og leikhúsin hafa á menningarlíf landsmanna, og það skiptir verulegu máli, t. d. fyrir viðhald og verndun tungu og þjóðernis, að leikhúsin flytji vandað efni og hafi vel menntum hæfileikamönnum á að skipa. Það fé, sem til þessara hluta er varið, skilar því ekki ómerkilegri arði en ýmsir þeir hlutir aðrir, sem sjálfsagt þykir að verja fjármagni til og enginn telur eftir.

Ég vil geta þess, að þetta frv. hef ég samið í nánu sambandi við nokkra þeirra manna, sem hafa langa reynslu og mikla þekkingu á þessum málum, en sjálfur hef ég slíka þekkingu af eðlilegum ástæðum ekki mikla. Ég hef þó ekki leitað til Félags ísl. leikara um leiðbeiningar um þessi efni. Formaður þess félags hefur, eftir að frv. kom fram, haft samband við mig og lýst fyrir hönd félagsins ánægju yfir því, að frv. er komið fram. Jafnframt tjáði hann mér það, er ég vissi ekki, að um nokkurt skeið hefði starfað hér n., sem hann ætti sæti í meðal annarra, til að athuga og undirbúa þessi mál. Það er vel. Ég fagna því, að um þessi efni skuli vera hugsað af fleirum en okkur flm. þessa frv., og ég lýsi því hér með yfir af þessu tilefni, að við flm. erum fúsir til samstarfs um fyrirkomulag þessara hluta við alla þá, er áhuga kunna að hafa. Við höldum því alls ekki fram, að í okkar frv. sé hitt á þá einu réttu leið, og tökum fúslega öllum ábendingum, sem til bóta eru á frv. okkar. En ég verð þó að segja, að engin slík ábending hefur borizt enn sem komið er, en þær ábendingar, sem kunna að koma, og það starf, sem þegar hefur verið unnið af öðrum, kemur hv. menntmn., sem þetta mál mun væntanlega fá til afgreiðslu, þá að fullum notum, þó að þetta frv. hafi verið flutt.

Ég hafði hugsað mér að gera nokkra grein fyrir einstökum liðum frv., en ég skal vegna þess, hvað sérstaklega stendur á á Alþ. hér í dag, stytta það mjög og áskil mér þá rétt til þess að koma fram skýringum við frv. við hv. menntmn., þegar hún fer að starfa að því, þ. e. a. s. ef þá einhver áhugi verður á þessu máli í hv. deild, sem ég leyfi mér að vona, en eins og ég segi, vegna annarra starfa, sem kalla að hér á hv. Alþ. í dag, þá mun ég stytta þessa ræðu mjög mikið.

Ég vil aðeins segja það um einstakar greinar, að í 2. gr. er talað um, hvernig stjórn skólans skuli skipuð. Það er alltaf matsatriði, hvernig slíka stjórn skuli skipa, og það er ekkert sérstakt kappsmál okkar flm., að stjórnin verði skipuð eins og þarna er gert ráð fyrir. En í stuttu máli er skipanin sú, að þjóðleikhúsráð tilnefni einn, Leikfélag Reykjavíkur annan, Félag ísl. leikara þriðja og starfandi leikfélög utan Reykjavíkur þann fjórða og að menntmrh. tilnefni svo þann fimmta, sem verði formaður nefndarinnar. Í 3. gr. er gert ráð fyrir því, að ráðinn verði sérmenntaður maður til að veita skólanum forstöðu og að ráðningarsamningur hans verði endurnýjaður á 4 ára fresti. Ég legg áherzlu á, að það sé ákveðið í þessum lögum, eins og ég tel að ætti að vera í ýmsum

öðrum l., sem ég mun kannske gera grein fyrir hér síðar, ef tækifæri gefst til, að slíkir skólastjórar og forstöðumenn menntastofnana séu ekki ráðnir til allt of langs tíma og það gefist tækifæri eftir eðlilegum leiðum til að skipta þar um menn. Þessar listgreinar eru þannig vaxnar, að það getur verið mjög mikil nauðsyn á því, að hægt sé að skipta um með eðlilegu millibili.

Þessum skóla er ætlað að vera 3 ára skóli og starfa, eins og ég held ég hafi sagt í upphafi, allan daginn frá 1. október til 1. júní, frá kl. 9—18. Það er sem sagt fullkominn dagskóli, eða skóli, sem tekur allan daginn, sem menn verða að stunda nám í og gera ekki annað.

Í 6. gr. hef ég reynt að telja upp það helzta, sem ætti að kenna í þessum skóla. Mér er það fullljóst, og ég er alls ekki að halda því fram, að hér sé um tæmandi upptalningu að ræða eða ekkert annað komi til greina en þar er talið. (Gripið fram í.) Ég skal reyna að klára þetta á einni eða 2 mínútum. Eins og ég sagði, þá áskil ég mér rétt til að koma að þessum upplýsingum, þá bara á síðara stigi. Í 6. gr. er líka gert ráð fyrir því, að það verði stofnað til námskeiða í leikstjórn, búninga- og leikmyndateiknun, leiksviðslýsingu og öðrum tæknistörfum á leiksviði. Þetta legg ég mikla áherzlu á að verði reynt, því að eins og vitað er, eru það ekki aðeins leikararnir, sem starfa að hverri sýningu, heldur fjöldi tæknimenntaðra manna, sem vissulega þurfa ekkert síður en leikararnir að fá tækifæri til þess að fullnuma sig í greinum sínum.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan, þá veit ég, að það kalla aðrar annir að. Ég hefði óskað þess, að þessi framsöguræða hefði getað orðið nokkru ýtarlegri, en um það er ekki að sakast. Ég legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 247, n. 314 og 346).

Frsm. meiri hl. (Auður Auðuns): Herra forseti. Menntmn. d. hefur haft þetta mál til athugunar. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 340, hefur n. ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins.

Það var, eins og fram kemur í nál., upplýst í n., að menntmrh. hefur þann 20. jan. s. l. skrifað tilteknum aðilum, þ. e. a. s. þjóðleikhúsráði, Leikfélagi Reykjavíkur, Félagi ísl. leikara og Reykjavíkurborg, og farið þess á leit, að þessir aðilar tilnefndu fulltrúa af sinni hálfu til þess að taka sæti í n., sem hefði það verkefni að athuga og gera till. um sameiningu þeirra tveggja leiklistarskóla, sem leikhúsin tvö, Þjóðleikhúsið og Leikfélag Reykjavíkur, nú reka, og n. einnig falið í því sambandi að gera áætlun um stofn- og rekstrarkostnað.

Ég hef út af fyrir sig ekki miklu við þetta að bæta, enda kemur þetta fram í nál. meiri hl. En meiri hl. leggur til með vísun til þessarar nefndarskipunar hæstv. menntmrh., og ég ætla, að þessir aðilar, sem hann hafi skrifað, hafi tilnefnt fulltrúa, — með tilvísun til þessarar nefndarskipunar leggur meiri hl. menntmn., við, sem stöndum að nál. á þskj. 340, til, að málinu verði vísað til ríkisstj.

Að sjálfsögðu hefur minni hl. svo skilað séráliti.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Íslendingar telja sér það til gildis að vera menningarþjóð. Og þeir vilja varðveita og ávaxta hinn sérstæða menningararf, sem þjóðin á. Einn þáttur í þessari viðleitni er sá að styðja sem fjölþættasta menningarstarfsemi, og kemur þá leiklistin þar til greina. En leikmennt á nútímavísu er listgrein, sem telja má fremur unga með þjóðinni. Allt fram undir miðja þessa öld var leikstarfsemin borin uppi af áhugamönnum með mjög takmörkuðum fjárhagsstuðningi ríkisins. Þessir áhugamenn náðu tiltölulega langt í listgreininni, og skal á engan hátt vanmetið þeirra framlag til íslenzkrar menningar. Þvert á móti tel ég það mjög lofsvert. En það var nokkuð snemma á þessari öld, að Íslendingar, sem áhuga höfðu á menntamálum, komu auga á það, að ríkið þyrfti að láta leikmenntina meira til sín taka en verið hafði og stefna að því að koma upp þjóðleikhúsi. Þessi hugmynd var síðan borin uppi af áhugamönnum, bæði innan Alþingis og utan. Ef nefna á nöfn í þessu sambandi, koma í fremstu röð nöfn þm. Jónasar Jónssonar, Jakobs Möllers og Þorsteins M. Jónssonar. En meðal áhugamanna utan þingsins má nefna mann eins og Indriða Einarsson. Og milli áhugamannanna um leikmenntina innan þingsins og utan voru hnýttir þeir þræðir, sem dugðu til þess, að Þjóðleikhúsið var stofnað. Það er haft eftir Indriða Einarssyni, að þjóðleikhús eigi að vera efsta hæðin í menningarlífi þjóða. Þessi fáu orð gefa nokkuð til kynna, hvaða hugmyndir hann gerði sér um þá starfsemi, sem ætti að fara fram á þeim stað.

Fyrir nokkrum dögum var hér til umr. frv. um að ákveða, að verðlaun, sem Halldór Laxness hefur hlotið erlendis, yrðu gerð skattfrjáls. Þá var því lýst hér úr þessum ræðustól, að Halldór Laxness væri í sambandi við þessa verðlaunaveitingu settur á bekk með ýmsum heimsfrægum mönnum. Halldór Laxness hefur að sönnu hlotið misjafna dóma og einstök verk hans verið nokkuð gagnrýnd, og skal ég ekki fjölyrða um það í sambandi við þetta mál. En maður, sem hefur hlotið slíka viðurkenningu, bæði innanlands og meðal annarra þjóða, eins og raun er á um Halldór Lax-

ness, — það hlýtur að vera ótvírætt, að hann sé vel dómbær um það, hvað þarf að vera fyrir hendi við gerð bóklegra listaverka og um listrænan flutning þeirra. Ég minnist þess, að þegar Þjóðleikhúsið var opnað og listamannaþing sett, hélt Halldór Laxness mjög eftirminnilega ræðu á þeirri hátíðarstund. En þangað var alþm. boðið ásamt ýmsum öðrum borgurum. Í þeirri ræðu komst Laxness m. a. þannig að orði um þau skilyrði, sem þyrftu að vera til staðar, til þess að sú list, sem er um hönd höfð og á að vera túlkuð í Þjóðleikhúsinu, fái að njóta sín, — hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú er það svo, að þótt fullkomið leikhús og fullgild hljómsveit hafi verið lögð upp í hendur oss íslenzkum listamönnum, verður síðar en svo þar af ályktað, að nú reyni minna á listamennina en áður, nú sé búið að eignast þau verkfæri, sem létti af öllum áhyggjum, eins og verður hjá bændum, þegar þeir fá jarðýtu í stað reku. Og eigi standa þar heldur neinar vonir til, því miður, að ávantanir listaverkanna verði upp bættar með aukinni tækni, öðru nær. Vandinn eykst með vegsemdinni. Nú reynir á listræna getu okkar sjálfra meira en nokkru sinni fyrr. Listræn tilraun, sem gerð er meira af vilja en mætti, listaverk samið eftir vægum listrænum kröfum getur verið virðingarvert á sínum stað. Það þolir að vera fram borið einhvers staðar langt uppi í sveit eða í afskekktum smákaupstað, þar sem það er meðtekið í viðurkenningu þess, að allar nauðsynlegar aðstæður vanti til sköpunar og flutnings listaverka. En ef slíkt verk er allt í einu sett í stórfellda umgerð, ef fákunnátta eða viðvaningsháttur er látinn birtast í tröllauknu formi með viðhöfn og tilætlunarsemi, þá fer ekki hjá því, að árangurinn verði þess konar afkáraskapur, sem verkar öfugt við list.

Þegar nú íslenzka þjóðin hefur lagt upp í hendur oss listamönnum dýrmætari tæki til listflutnings en vér höfum áður átt, eins og t. d. þetta þjóðleikhús, þá hvílir sú frumskylda á listamönnunum að afla sér þeirrar menntunar í list sinni, sem sé í samræmi við tæknina. Vegsemdin krefst af listamanninum meiri elju og samvizkusemi en áður. Þegar tækin eru orðin þetta fullkomin, er ekki lengur nein afsökun í því að vera viðvaningur."

Hér lýkur tilvitnun minni í ræðu Halldórs Laxness. Það hvílir sú frumskylda á listamönnum að afla sér þeirrar menntunar í list sinni, sem sé í samræmi við tækin. Og þegar tækin eru orðin þetta fullkomin, þá er ekki lengur nein afsökun í því að vera viðvaningur. Þetta eru nokkuð miklar kröfur, sem gerðar eru til listamannanna. En sennilega eru þær réttmætar, og það dreg ég ekki í efa.

En hvaða skilyrði hafa þá listamennirnir til þess að afla sér þeirrar menntunar, sem af þeim er með réttu krafizt? Og hvað er það, sem íslenzka ríkið hefur gert í þessu efni? Jú, vissulega hefur íslenzka ríkið talsvert gert í þessu efni. Á vegum Þjóðleikhússins er rekinn leiklistarskóli, og Leikfélag Reykjavíkur mun einnig hafa haldið uppi leiklistarskóla í sambandi við það merkilega starf, sem þar er unnið. Í l. um Þjóðleikhúsið standa þessi orð, þ. e. 9. gr. leikhúslaganna:

„Við Þjóðleikhúsið skal starfa leikskóli. Þjóðleikhússtjóri ræður kennara og annað starfslið hans. Um rekstur hans skal kveða á í reglugerð."

Þessi fáu orð eru þau einu ákvæði í íslenzkri löggjöf, sem mér er kunnugt um og snerta leiklistarkennslu. Við, sem stöndum að minnihlutaálitinu í þessu máli, teljum þetta ekki nóg. Við teljum, að ríkið hafi ekki nægan forgöngu á þessu sviði og veiti þessari listgrein, þessari bókmenntagrein, ekki nægilegan stuðning með þeirri skipan mála, sem verið hefur. Þess vegna viljum við, að komið sé á nýrri löggjöf um þetta efni, og mælum með því, að þetta frv. verði samþykkt.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að íslenzka skólakerfið er mjög víðtækt og það er varið miklu fé til þess að standa straum af kostnaði við skólakerfið í heild. En við teljum í minni hl. menntmn., að þess sé ekki nægilega gætt í sambandi við þau framlög, sem varið er til menntamála, og alla þá fjölþættu starfsemi, sem haldið er uppi í skólum landsins, þá sé þess ekki nægilega gætt að mennta þá, sem eiga að starfa á efstu hæðinni í menningarlífi þjóða, svo að notuð séu orð Indriða Einarssonar, því að þessir skólar, sem haldið er uppi í leikhúsunum, eru aðallega kvöldskólar, starfa svona 2 klukkutíma á dag, og nemendurnir munu hafa námið að verulegu leyti sem aukavinnu. Við teljum, og það álit mun styðjast við reynslu annarra þjóða, að það sé full ástæða til að auka námið á þessu sviði, þannig að menntun leikara hérlendis verði færð í samræmi við þær kröfur, sem nú eru gerðar annars staðar um menntun slíkra manna. Í frv. er kveðið svo á, að íslenzka ríkið skuli reka leiklistarskóla, sem fullnægi nútímakröfum um menntun leikara og annarra leikhússtarfsmanna. Þessi skóli getur þó ekki fallið undir hið samræmda skólakerfi, og það er flm. frv. ljóst. Þess vegna er hér lagt til, að stjórn skólans skipi fulltrúar frá þjóðleikhúsráði, Leikfélagi Reykjavíkur og frá Félagi ísl. leikara, leikfélögum utan Reykjavíkur og menntmrh. tilnefni fimmta stjórnarmanninn. Menntmrh. á síðan að ráða sérmenntaðan mann til að veita skólanum forstöðu og fara að till. skólastjórnar um val á manninum. Og gert er ráð fyrir að endurnýja ráðningarsamninginn á fjögurra ára fresti.

Okkur er það ljóst í minni hl. menntmn., að nokkurn kostnað mun leiða af því að setja á fót slíkan skóla. En þess ber þó að gæta, að kostnaður við það skólahald, sem nú er á vegum Þjóðleikhússins, er að nokkru leyti borið uppi af ríkinu, þannig að halli Þjóðleikhússins er hverju sinni jafnaður með ríkisframlagi í einu eða öðru formi,

svo að með miklum rétti má segja, að af þeirri breytingu, sem stefnt er að í þessu frv., yrði ekki stofnað til kostnaðar, sem á engan hátt kemur fram, eins og nú er háttað.

Það kemur fram í nál. meiri hl., að hæstv. menntmrh. hafi fyrir nokkru gert ráðstafanir til þess að koma á fót n., er taki þessi mál til athugunar, og með tilvísun til þess er það till. meiri hl. að vísa þessu máli til ríkisstj. Þessi nefndarskipun ber vott um það, að hæstv. ráðh. líti svo á, að hér sé á ferðinni mál, sem ástæða er til að gefa gaum. Og þeir aðilar, sem væntanlega tilnefna fulltrúa í þessa n. eða hafa gert það, munu líta svipað á. Væntanlega getur eitthvað gott leitt af störfum þessarar n. En við teljum, að þetta mál sé þannig vaxið, að það sé ekki brýn nauðsyn til þess og jafnvel ástæðulaust að bíða eftir nefndarstarfi um samþykkt þessa frv., — þetta mál sé þannig vaxið, að það sé alls kostar eðlilegt, að Alþ. setji um það löggjöf, og reynslan af nefndarstörfum, þar sem á að gera till. um ýmsa þætti menntamála, er þannig, að þau störf vilja oft dragast mjög á langinn. Það kom t. d. fram á fjölmennum fundi, sem haldinn var á Hótel Sögu fyrir eigi löngu, að n., sem menntmrh. skipaði á sínum tíma til þess að gera till. um Hamrahlíðarmenntaskólann, starfaði ekki af meira kappi en svo, að það liðu 23 ár, frá því að fyrsta n. var skipuð til athugunar á málinu, þangað til byggingarframkvæmdir voru hafnar. Og í frv., sem lagt hefur verið á borð okkar þm. fyrir nokkrum dögum um menntaskóla, kemur það fram, að sú n., sem hefur haft það mál til athugunar, er búin að starfa í 6 ár, og verði það frv. ekki samþ. á þessu þingi, sem telja má vafasamt, þá líður svo 7. árið, frá því að sú n. tók til starfa, þangað til ný löggjöf kemur um það efni.

Ég vil engu spá um þann hraða, sem verður á störfum leikskólanefndarinnar. En ef hafa á til samanburðar þau dæmi, sem ég hef nefnt, þá styður það meðal margs annars það sjónarmið okkar í minni hl., að rétt sé og sjálfsagt að samþykkja þetta frv. nú, sú löggjöf geti þá komið til endurskoðunar eftir nokkra reynslu, sem af henni fengist, og það er till. okkar, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Þar sem ég er 1. flm. að því frv., sem hér er til umr., um leiklistarskóla ríkisins, þá finnst mér það vel við hæfi, að ég kveðji þetta hugarfóstur mitt hinztu kveðju nú, þegar það á að leggjast á skrifborð ráðh. til varðveizlu, eins og mörg önnur mál, sem þar bíða úrlausnar. Ég vil þakka hv. minni hl. menntmn. þessarar hv. d. fyrir það, að hann vill, að þetta frv. nái fram að ganga, og sérstaklega hv. frsm. fyrir ágæta og skilmerkilega ræðu, sem hann hélt þessu máli til stuðnings núna áðan. Ég þakka út af fyrir sig hv. meiri hl. það, að hann vill þó afgreiða málið, þó að ég verði að segja, að ég er mjög óánægður með þá afstöðu meiri hl. að vísa þessu máli til ríkisstj. Mér finnst, að hv. meiri hl. láti enga skoðun uppi um það, hvort hann telji þörf á því, að lagaákvæði um leiklistarskóla ríkisins verði sett eða ekki. Ef hann hefur einhverja skoðun á því máli, kemur hún ekki fram af nál. á þskj. 340.

Það þykir mér galli á störfum n., sem fær mál til meðferðar, að hún skuli ekki treysta sér til að láta í ljós skoðun um þingmál, heldur vísa því til annarra að hafa skoðun á þeim. Þetta leiðir huga minn a. m. k. að hlutverki Alþingis. Hvert er hlutverk Alþingis? Hvers konar stofnun er Alþingi? Ja, ég las það í lögfræðibókunum í gamla daga, að Alþ. ætti að setja lög og vera löggjafaraðilinn í þessu þríþætta stjórnkerfi, sem við búum við. Ég tel, að Alþingi eigi að rækja þetta hlutverk. Alþ. á að eigin frumkvæði að setja lög um þau tilefni, sem gefast hverju sinni, en ekki fela það öðrum, hæstv. ríkisstj. og sérfræðingum úti í bæ, og að gerast eingöngu afgreiðslustofnun á þeim verkefnum, sem hingað er vísað frá öðrum. Hér í þessu tilfelli er um lagafrv. að ræða, sem talsverð vinna hefur verið lögð í að móta, ekki bara af mér og hv. meðflm., heldur af sérfróðum mönnum um þessi mál, færum leikurum og leikstjórum, sem ég hirði ekki um að telja upp nöfnin á, en hafa lagt í þetta þá þekkingu og reynslu, sem þeir hafa aflað sér á löngum starfsferli að þessum málum. Og mér finnst, þegar svona frv. eru lögð fyrir Alþ., að þá sé það skylda Alþ. að mynda sér skoðun á því máli, sem hér er hreyft. Ég geri í þessu tilfelli mikinn mun á þáltill., sem margar hverjar eru aðeins fyrsta skref, þar sem verið er að hreyfa málum, án þess að menn hafi raunverulega gert sér grein fyrir í öllum tilfellum, hvernig taka beri á þeim, annars vegar og svo hins vegar frv., sem eru samin lið fyrir lið og reynt að ná til alls viðfangsefnisins, og það finnst mér að sé lágmarkskrafa, að hv. Alþ. leggi á það efnislegan dóm.

Ég er ekkert að halda því fram, að það frv., sem hér er til umr., sé alfullkomið, og ég hef alltaf reiknað með því, að það mundi taka breytingum í meðförum nefndar. Ég gat þess hér í minni framsöguræðu við 1. umr. þessa máls, að vitanlega værum við flm. albúnir til þess að vera til viðtals og samninga um þær breytingar, sem hv. n., væntanlega þá í samráði við þá, sem hún kallaði til ráðuneytis, vildi gera á frv. Það hefði ég talið eðlilega málsmeðferð og þá jafnframt, ef sú n., sem hæstv. menntmrh. skipaði, þyrfti langan tíma til þess að átta sig á þessu máli, sem ég satt að segja skil nú ekki, að þurfi, þá mátti að mínum dómi bíða eitthvað fram eftir þingi með það að afgreiða málið. En þessa afgreiðslu hefði ég kosið, að frv. fengi.

Ég hef áður orðið fyrir því, að frv. frá mér hefur verið vísað til hæstv. ríkisstj. til athugunar, vegna þess, að því er sagt var, að þau mál

væru þar til meðferðar og athugunar. Ég skal ekki vera að telja upp langan lestur um það. Ég nefni bara það síðasta. Það er frv., sem ég flutti um byggingarsamvinnufélög ásamt öðrum hv. þm. Því var vísað til hæstv. ríkisstj. á þeim forsendum, að öll heildarlöggjöf um húsnæðismál væri þar til endurskoðunar. Það hefur ekkert spurzt til þessa frv. né neinnar endurskoðunar á húsnæðismálalöggjöfinni síðan, og þó að gerðar hafi verið fsp. um það hér á hv. Alþ. af mér, þá hefur ekkert verið á þeim svörum að græða, ekki nokkurn skapaðan hlut. Það er alveg nákvæmlega jafnmikil óvissa um það, hvenær sú heildarlöggjöf kemur, núna, eins og var, þegar t. d. þessu frv. var vísað til hæstv. ríkisstj.

Það eru mörg önnur dæmi um þessi vinnubrögð, sem mér finnst vera orðin allt of algeng hérna. Það var t. d. í þingbyrjun lagt fram frv. um beytingu á lausaskuldum bænda í föst lán. Þetta frv. hefur legið hjá n. til athugunar, og ég hef ekki séð nál. um það frv. Hins vegar hef ég séð núna fyrir eitthvað tveim dögum nýtt frv. um sama efni, sem hæstv. ríkisstj. flytur. Það má segja, að það sé út af fyrir sig gott, að komið sé til móts við kröfuna í frv. hv. 1. þm. Vesturl. o. fl. En eðlilegri vinnubrögð eru það að mínum dómi að taka frv., sem lögð hafa verið fram, og endurskoða þau og breyta þá og samþykkja í breyttu formi, ef menn geta ekki fellt sig við upphaflega formið, og allt annað verð ég satt að segja að nefna skrípaleik. En hitt vil ég undirstrika og endurtaka, að mér finnst það allt of ríkjandi skoðun hér, að Alþingi afsali sér því frumkvæði, sem það á að hafa, bæði samkv. eðli málsins og stjórnarskrá landsins, til þess að setja lög um margvísleg málefni. Það er jafnvel gengið svo langt hér síðustu daga, að menn hafa fundið að því, að dm. hér í hv. d. væru yfirleitt nokkuð að ræða mál. Menn virðast sumir hverjir hafa þá skoðun, að við eigum bara að þegja og rétta svo upp höndina, þegar að okkur er borið mál, sem aðrir hafa undirbúið. Þessa skoðun felli ég mig ekki við. En það er auðvitað þýðingarlaust fyrir mig að vera að ræða þetta í löngu máli.

Það er séð að öllum líkindum, hver örlög þessa frv. verða. Ég vona, að hæstv. ríkisstj. setji þetta frv. eða þetta mál ekki í glatkistuna, því að hér er að mínum dómi um talsvert þýðingarmikið mál að ræða fyrir menningarlíf hinnar íslenzku þjóðar, eins og hv. 2. þm. Austf. útlistaði skilmerkilega hér áðan. Efnahagsmálin eru vissulega mikilvæg. Sízt ætla ég að bera á móti því. En á fleira er að líta. Íslenzk menning er og verður það, sem gerir okkur kleift að vera sjálfstæð þjóð. Leikhúsin eru snar þáttur í mótun þeirrar menningar. Þess vegna verður að búa vel að þeim mönnum, sem á þeim vettvangi starfa, búa þá þannig undir lífsstarf sitt, að þeir flytji okkur góð verk á fögru máli og með fyllstu þekkingu á því, sem þeir eru að starfa að.

Ég tek undir það, sem hv. 2. þm. Austf. sagði hér áðan um það, að þessari breytingu ætti ekki að þurfa að fylgja verulegur kostnaðarauki. Það hefur verið fjárhagsleg byrði að reka tvo leiklistarskóla hér í borginni. Sá halli, sem á þessari starfsemi hefur verið, er borinn uppi af ríkinu að því er snertir leiklistarskóla Þjóðleikhússins og raunar af samfélaginu líka að því er snertir leiklistarskóla Leikfélags Reykjavíkur, þar sem það félag nýtur opinbers stuðnings, eins og allir hv. þm. þekkja. Ég held, að það þurfi ekkert að verða dýrara að reka einn góðan skóla heldur en reka tvo skóla, sem samkv. dómi þeirra, sem bezt þekkja til, eru ekki nægilega góðir og eru ekki og hafa ekki reynzt vandanum vaxnir.

Eins og segir í grg. frv., hafa þessi mál verið tekin til gagngerðrar endurskoðunar á öðrum Norðurlöndum á þann veg, að þar sem fleiri leiklistarskólar voru fyrir hendi, hafa þeir bæði í Danmörku og Noregi verið sameinaðir í einn, en að vísu eru enn þá þrír skólar í Svíþjóð, og Finnar eru með svipað fyrirkomulag og við enn þá, en hyggja á breytingar. Og ég get ekki með nokkru móti skilið, að það sé unnt fyrir okkur að reka tvo leiklistarskóla hér með okkar fámennu þjóð, þegar bræðraþjóðir okkar á hinum Norðurlöndunum hafa eftir athugun komizt að þeirri niðurstöðu, að þeir séu aðeins færir um að reka einn.

Það eru vissulega mörg atriði í þessu frv. matsatriði, og ég hefði vonazt til þess, að við gætum borið saman bækur okkar um það hér í hv. d. og á hv. Alþ., hvernig ýmsum atriðum skyldi fyrir komið. Það er væntanlega alveg þýðingarlaust fyrir mig að gera þetta mál nú frekar að umtalsefni, og ég skal þá ekki heldur gera það. En ég endurtek það, að þetta frv. var af okkar hendi aldrei hugsað það fullkomið, að ekki kæmi til neinna breytinga, og eins og ég sagði í minni frumræðu, hefðum við verið meira en fúsir til samstarfs við alla þá, sem þessu máli vildu leggja lið, og ekkert hörundsárir fyrir því, þó að ýmsum liðum þyrfti að breyta, en nú er þess væntanlega ekki kostur að ræða þetta frekar hér. Ég harma það, en læt í ljós þá ósk að lokum, að sú n., sem hæstv. menntmrh. hefur skipað nú fyrir rúmum mánuði, starfi vel og dyggilega að þessu máli, þannig að af hennar starfi megi gott leiða, og vænti þess, að þetta frv. geti þá orðið nokkurt veganesti fyrir þá n., því að um það hafa, eins og ég áður sagði, fjallað hæfir kunnáttumenn, þó að ég telji mig ekki í þeirra hópi.

Frsm. meiri hl. (Auður Auðuns): Herra forseti. Það voru aðeins fáein orð, sem ég vildi sagt hafa af tilefni þess, sem fram kom í ræðum þeirra tveggja ræðumanna, sem síðast hafa hér talað.

Það er rétt hjá hv. 11. þm. Reykv., að það kemur ekkert fram í nál. meiri hl., hvort hann telur æskilegt eða nauðsynlegt að endurskoða eða koma betri skipan á leiklistarkennslu hér. Ég skal

þá láta í ljós þá skoðun og veit, að ég mæli þar fyrir meiri hl. menntmn., að ég er alveg samþykk því, sem fram kemur í aths. við frv., að sú leiklistarkennsla, sem nú er veitt hér, sé ófullnægjandi og samsvari ekki tímans kröfum og þurfi því að taka það mál allt til athugunar. Og ég vil líka taka það fram, að ég tel það mjög virðingarvert af hv. flm. þessa frv., sem hér liggur fyrir, að sýna áhuga sinn með því að hafa lagt vinnu í að semja þetta frv. Hitt er svo annað mál, að þegar það var ljóst, að hæstv. menntmrh. hafði í janúarmánuði gert ráðstafanir til nefndarskipunar til þess að endurskoða þessi mál, þá þótti okkur eðlilegt, að frv. yrði vísað til ríkisstj.

Eins og skipan þeirrar n. er, sem hæstv. ráðh. hefur nú sett á laggirnar, þá er ljóst, að um málið mun verða fjallað af kunnáttumönnum, og ég er ekki í vafa um það, að þeir munu að sjálfsögðu í sínum störfum hafa til athugunar það frv., sem hér liggur fyrir, og mér þykir ótrúlegt annað en í því sé margt, sem þessi n. muni taka til greina, þarna sé ýmislegt, sem muni falla saman við hennar skoðanir á því, hvernig málunum eigi að skipa í framtíðinni. En ég vil segja það, að ég tel ekkert óeðlilegt við það og get alls ekki verið sammála hv. 11. þm. Reykv. um, að það sé ekki fyllilega eðlileg afgreiðsla að vísa frv. til ríkisstj., þegar í undirbúningi er endurskoðun þessara mála.

Ég skal ekki fara að karpa við hv. þm. um það, hvaða líkur séu á því, að n. skili fljótt sínum till. og athugunum. Ég vil benda á það t. d., og við nefnum bara menntaskólanefndina, að það eru ólík verkefni, sem þessar nefndir hafa, menntaskólanefndin og n., sem á að fjalla um þetta afmarkaða svið, sem ég held, að engum geti blandazt hugur um, að sé ólíkt auðveldara viðureignar og minna í sniðum.

Hv. 2. þm. Austf. vék í sinni ræðu að því, að þegar Þjóðleikhúsið var vígt, hafi þegar verið á því vakin athygli, að með betri aðbúnaði væri síður en svo allt fengið fyrir eitt leikhús, og vissulega er það rétt. Við vitum, að okkar leikarar hafa sumir hverjir sótt menntun sína til útlanda og gera reyndar enn að einhverju leyti, og við vitum líka, að þetta fólk hefur yfirleitt verið það, sem fram úr hefur skarað á leiksviðum okkar. Það efast enginn um nauðsyn þess, að leikarar geti öðlazt sem bezta undirbúningsmenntun fyrir sína listtúlkun. Á það er líka að líta, að leikmennt hjá okkur hér á Íslandi er að sjálfsögðu miklu yngri en gerist með ýmsum stærri þjóðum, og þó hlýtur maður að segja það eftir að hafa haft tækifæri til þess að bera saman túlkun í erlendum leikhúsum á leikritum og aftur sömu leikritum hér heima, þá hefur maður oft undrazt, hve góð er frammistaða okkar leikara, og það sýnist manni benda til þess, að hér sé yfirleitt mikið af fólki með leiklistarhæfileika og góð leiklistarefni.

Ég persónulega legg mikið upp úr því, að hægt verði að koma leiklistarkennslunni í betra og fullkomnara horf. Með þeim leikskólum, sem starfað hafa, hefur kröftunum eðlilega verið sundrað, enda er í bréfi ráðh. beinlínis tekið fram, að n. verði ætlað það að athuga sameiningu þessara tveggja leikskóla og jafnframt um stofnkostnað og rekstrarkostnað. Um það skal ég ekki fullyrða, en mér þykir ótrúlegt, að kostnaðurinn verði þó ekki allmiklu meiri en samanlagt hjá þeim tveimur leiklistarskólum, sem nú eru starfandi, miðað við það, að um fullkominn leikskóla verði að ræða.

Ég sé nú ekki ástæðu til að hafa um málið fleiri orð, en vildi sem sé alveg sérstaklega láta það koma fram, að afstaða meiri hl., þar sem lagt er til, að málinu sé vísað til ríkisstj., byggist síður en svo á því, að hún telji ekki nauðsyn á, að þessu máli sé gaumur gefinn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 59. fundi í Ed., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Till. á þskj. 340 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 11:9 atkv.

---

4. Atvinnumálastofnun.

Á 21. fundi í Sþ., 13. des., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um atvinnumálastofnun, fjárfestingu og gjaldeyrisnotkun [114. mál] (þmfrv., A. 154).

Á 29. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 14 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Við þm. Framsfl. í þessari hv. d. höfum leyft okkur að flytja á þskj. 154 frv. til l. um atvinnumálastofnun, fjárfestingu og gjaldeyrisnotkun. Það er rétt heiti á frv. Ég vek á því athygli, vegna þess að í dagskránni er það aðeins nefnt frv. um atvinnumálastofnun.

Í þeim viðtölum, sem fram fóru á milli stjórnmálaflokkanna á s. l. hausti, lögðu framsóknarmenn áherzlu á nauðsyn stefnubreytingar í ýmsum grundvallaratriðum þjóðarbúskaparins. Þeir bentu á ýmsar ráðstafanir, sem nauðsynlegt væri að gera til lagfæringar í efnahags- og atvinnumálum, áður en ákvarðanir væru teknar um stórkostlegar tekjutilfærslur innan þjóðfélagsins, hvort heldur þær væru í formi gengislækkunar eða uppbóta. M. a. var lögð áherzla á nauðsyn þess, að hið opinbera hefði forustu um uppbyggingu atvinnuveganna og að tekin væri upp heildarstjórn í

fjárfestingar- og gjaldeyrismálum. Í samþykktum, sem þingflokkur og framkvæmdastjórn Framsfl. gerðu sameiginlega til undirbúnings viðræðum stjórnmálaflokkanna, segir svo um þessi mál:

„1) Komið verði á fót atvinnumálastofnun, sem hafi fyrir hönd ríkisstj. forustu um ráðstafanir til uppbyggingar og eflingar atvinnulífsins og hafi samstarf við sveitarfélög og stéttarfélög launþega og atvinnurekenda. Hún hafi forgöngu um gerð framkvæmdaáætlana á sviði atvinnulífsins, þar á meðal sérstakra landshlutaáætlana. Unnið verði að því að móta framtíðarstefnu þjóðarinnar í atvinnumálum.

2) Tekin verði upp heildarstjórn á gjaldeyris- og innflutningsmálum með hliðsjón af gjaldeyrisöflun og þörfum framleiðsluatvinnuveganna. Jafnframt verði lögð áherzla á aukna gjaldeyrisöflun með fullnýtingu afurða, framleiðslutækja og vinnuafls ásamt bættu markaðskerfi.

3) Tekin verði upp skipuleg stjórn fjárfestingarmála undir forustu ríkisvaldsins í samstarfi við fulltrúa samtaka atvinnulífsins. Um meiri háttar framkvæmdir fari eftir fyrir fram gerðum áætlunum, þar sem verkefnum sé raðað og þau látin ganga fyrir, sem þýðingarmest eru."

Þessar samþykktir voru eins konar umboðsskrár til fulltrúa flokksins í viðræðunefnd stjórnmálafl., ef viðræðurnar kæmust á það stig, að á þyrfti að halda. Til viðtala stjórnmálafl. var stofnað samkv. ósk stjórnarflokkanna. Við óskuðum ekki eftir þeim. Við höfðum ekki sótzt eftir þeim. En við töldum sjálfsagt að verða við þeim tilmælum að koma til viðtalanna, og við vorum reiðubúnir til þess að taka í hreinskilni þátt í viðræðum, ef það sýndi sig, að stjórnarflokkunum væri alvara um að vilja koma á víðtæku samstarfi um lausn vandamálanna. En við þær aðstæður, sem fyrir hendi voru, að stjórnarflokkarnir áttu frumkvæði að viðtölunum, að stjórnarflokkarnir höfðu nægan meiri hl., að ríkisstj. hafði nægan þingmeirihl. á bak við sig og stjórnarflokkarnir gátu slitið þessum viðræðum hvenær sem þeim gott þótti, var auðvitað sjálfsagt, að stjórnarflokkarnir hefðu allt frumkvæði í viðræðunum, bæði um gang þeirra og annað, er að þeim laut.

Að viðræðum þessum var þannig staðið af hálfu stjórnarflokkanna, sem eftir þeim höfðu óskað, að málin komust aldrei á það stig, að tilefni væri til að leggja fram fullmótaðar og skriflegar till., enda fékkst stjórnin ekki til að segja af sér og skapa á þann hátt eðlilegan viðræðugrundvöll til víðtækara samstarfs. Eigi að síður hreyfðum við öllum þessum atriðum, sem um er fjallað í þessu frv., í viðtölunum. Stjórnarflokkarnir tóku þau til athugunar, en undirtektir þeirra urðu allar á einn veg, bæði að því er varðaði þau atriði, sem þetta frv. fjallar um, og aðrar ábendingar og till. okkar. Þær urðu algerlega neikvæðar. Þá sögu skal ég ekki frekar rekja hér.

En nú höfum við talið rétt að leggja hugmyndir okkar um þessi mál fram í frv.-formi og leita með þeim hætti eftir afstöðu alþm. Þetta frv. er þáttur í þeirri stefnu, sem við viljum fylgja og við höfum viljað byggja hugsanlegt samstarf allra stjórnmálaflokka á. Það er þáttur í þeirri heildarstefnu, sem við munum fylgja fram, ef og þegar við fáum aðstöðu til. Það er eitt frv. af mörgum málum, sem við leggjum fram nú á Alþ. til þess að árétta þessa stefnu.

Í þessu frv. um atvinnumálastofnun, fjárfestingu og gjaldeyrisnotkun er lagt til, að komið verði á fót opinberri forustu í atvinnumálum af hálfu þjóðfélagsins í samstarfi við leiðandi menn á sviði atvinnulífsins, þ. e. a. s. í samráði við fulltrúa stéttarsamtakanna. Jafnframt er lagt til, að atvinnumálastofnuninni eða stjórn hennar verði falin heildarstjórn fjárfestingar- og gjaldeyrismála með það fyrir augum, að stefnt verði að sem mestri hagræðingu fjármagns- og gjaldeyrisnotkunar í landinu. En á því er mikil nauðsyn nú, bæði vegna halla á viðskiptum við útlönd og eins vegna skorts á framkvæmdafé.

Til þess er ætlazt, að atvinnumálastofnunin semji áætlanir til langs tíma um þróun atvinnuveganna og marki stefnu í atvinnumálum þjóðarinnar og hafi jafnframt forgöngu um gerð framkvæmdaáætlana í atvinnumálum í samráði við fulltrúa stéttarsamtakanna. Það er gert ráð fyrir því, að hún beiti sér fyrir því, að haldnir verði fundir eða ráðstefnur og að á slíkar ráðstefnur verði boðaðir fulltrúar stéttarsamtaka atvinnuvega, launþega, sérfræðinga, sveitarstjórnir eða fulltrúar þeirra o. s. frv., eftir því sem þörf þykir á eða henta þykir hverju sinni. Slíkar ráðstefnur tíðkast nú nokkuð, og er ekki vafi á því, að þær geta verið gagnlegar. Það er æskilegt, að menn beri ráð sín saman, en hins vegar verður auðvitað að gera sér grein fyrir því, að slíkar samkomur einar út af fyrir sig leysa ekki neinn vanda. Það þarf líka framkvæmdir. Og þess vegna sé sérstaklega kveðið á um það í þessu frv., að atvinnumálastofnunin skuli hafa forgöngu um gerð framkvæmdaáætlana á sviði athafnalífsins. Og það er jafnframt þar ákveðið, að framkvæmdaáætlanir atvinnumálastofnunarinnar skuli afhentar ríkisstj. og hún leggi þær síðan ásamt framkvæmdaáætlunum ríkisins fyrir Alþ. til staðfestingar, enda gefi ríkisstj. Alþ. öðru hverju skýrslur um framkvæmd slíkra áætlana.

En atvinnumálastofnuninni er ekki aðeins ætlað að gera framkvæmdaáætlanir. Henni ber einnig að beita sér fyrir ráðstöfunum til að auka atvinnuöryggi í öllum byggðarlögum landsins. Það er höfuðatriði. Það getur að vísu verið mjög góðra gjalda vert að gera áætlanir og er nauðsynlegt. En það er ekki nóg eitt út af fyrir sig. Það þarf að fylgja áætlunum eftir og tryggja framkvæmd þeirra. Allir virðast nú vera sammála um það, að atvinnuleysi sé mesta bölið. En atvinnuleysi er nú víða staðreynd. Það eru ýmsir staðir, sem um langan

tíma hafa búið við ófullnægjandi atvinnuskilyrði. Nú keyrir þó um þverbak á ýmsum stöðum. Að sjálfsögðu eiga aflabrestur á síldveiðum og erfiðleikar frystihúsa sinn mikla þátt í því. En úr þessu þarf að bæta. Það þarf að hefja skipulegar aðgerðir til þess að fá hjól atvinnulífsins til að snúast á þessum stöðum og til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi á þessum stöðum. Það er að vísu svo, að nokkuð hefur verið gert að því að veita þvílíkum stöðum fyrirgreiðslu með lánum, bæði úr atvinnujöfnunarsjóði og atvinnuleysistryggingasjóði. En þar er þó ekki um að tefla skipulega starfsemi, sú starfsemi virðist nokkuð seinvirk í mörgum tilfellum, og í kringum hana virðist vera óþarflega mikið af skrifstofumennsku.

Ríkisstj. hefur raunar haft áætlunargerð á dagskrá hjá sér. Þar hefur mikið verið talað um tvær áætlanir, Vestfjarðaáætlun og Norðurlandsáætlun. Norðurlandsáætlun hefur nú verið lengi í smíðum. Það hefur gengið ótrúlega seint að fá hana gerða. Því hefur verið borið við, að starfskraftar væru ekki nægilegir fyrir hendi hjá Efnahagsstofnuninni til þess að vinna það verk. Síðast var horfið að því ráði að ráða sérstakan mann til þess á Norðurlandi, og nú er því lýst yfir af hæstv. fjmrh., að það sjái fyrir endann á gerð þessarar framkvæmdaáætlunar. Við skulum vona, að það reynist svo. Litlar vonir eru út af fyrir sig bundnar við þessa Norðurlandsáætlun, þegar hún loksins sér dagsins ljós, og svo er að sjálfsögðu um aðrar landshlutaáætlanir. En það er aðeins rétt að undirstrika það hér, að slíkar áætlanir einar út af fyrir sig leysa ekki vandann. Það þarf að sjá fyrir fjármagni, til þess að hægt sé að hrinda slíkum áætlunum í framkvæmd. Sannleikurinn er því sá, að áætlunargerð og framkvæmdafrumkvæði þurfa að haldast í hendur, ef vel á að vera. Að því er stefnt með þessu frv.

Ef gera á raunhæfar framkvæmdaáætlanir, er alveg óhjákvæmilegt að hafa hönd í bagga með fjárfestingu. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að fjárráð þjóðfélagsins eru takmörkuð. Það er þess vegna ekki hægt að gera allt í einu. Það verður að raða verkefnunum niður. Atvinnuuppbygging og fjárfesting eru því samtvinnaðar. Það er þess vegna eðlilegt, að stjórn þeirra mála sé í höndum einnar og sömu stofnunar, svo sem hér er gert ráð fyrir. Í þeim efnahagsvandræðum, sem nú steðja að þjóðinni, þegar útflutningur hefur minnkað, verðlag afurða hefur lækkað og þjóðartekjur hafa dregizt saman, hefur margur maður vaknað við vondan draum. Augu manna hafa opnazt fyrir því, að það hefur ekki verið farið skynsamlega með efni þjóðarbúsins á undanförnum árum. Ríkisstj. og ráðunautar hennar hafa ekki gefið þann gaum sem skyldi að sérstöðu og sér-einkennum íslenzkra atvinnuvega, en í stað þess miðað aðgerðir sínar við efnahagsástand háþróaðra iðnaðarþjóðfélaga og litið á þá tekjuaukningu sem hagvöxt, sem í rauninni byggðist á hagstæðari verðlagssveiflum og hagstæðari sveiflum sjávaraflans, sem er þó í eðli sínu breytilegur. Hinum dýrmæta erlenda gjaldeyri, sem þjóðinni áskotnaðist á nokkrum veltiárum hefur nú verið eytt, að sumu leyti í þarflega fjárfestingu og framleiðslufyrirtæki, en að öðru leyti sóað, til þess að hér mætti heita frelsi í innflutningsverzlun. Það hefur skort á umsjón með því, að þær framkvæmdir, sem þjóðinni er mest þörf á, sitji fyrir fjármagni og vinnuafli. Fjárfestingin hefur verið stjórnlaus á ýmsum sviðum, því verður ekki neitað. Þess vegna hefur mikið verið framkvæmt, sem að ósekju hefði mátt dragast, en hins vegar skort fjármagn og stundum jafnvel einnig vinnuafl til ýmissa bráðnauðsynlegra framkvæmda. Að þessu vék einmitt hæstv. fjmrh. í ræðu sinni hér áðan, þegar hann mælti fyrir frv. um skipulag á opinberum framkvæmdum, þar sem hann rakti það skilmerkilega, hversu áfátt ýmsum framkvæmdum á vegum ríkisins hefði verið að undanförnu, einmitt af því, að til þeirra hefði verið stofnað á óskipulegan hátt og án þess að þær hefðu verið undirbúnar nægilega vel og án þess að það hefði verið séð fyrir nægilegu fjármagni til þeirra í upphafi. Þess vegna hefði bæði orðið dráttur á framkvæmdum og þær orðið dýrari en ella hefði þurft. Um þetta hygg ég því, að ekki verði deilt.

Nú blasir við samdráttur og minnkandi atvinna. Þá hefði einmitt þurft að vera fyrir hendi fjármagn til þess að hefja framkvæmdir. Það fjármagn hefði þurft að leggja til hliðar á góðu árunum og geyma til þeirra mögru. Þetta sjá menn nú almennt og viðurkenna. Það er enginn vafi á því að mínum dómi, að efnahagserfiðleikana nú má að verulegu leyti rekja til óskynsamlegrar fjármálastjórnar á góðu árunum. Það var aldrei neitt vit í því að reikna með metafla og metverði til frambúðar. Öll okkar saga og öll okkar reynsla kennir okkur það, að góð og léleg ár skiptast á. Það verður að reikna með sveiflum í aflabrögðum og afurðaverði. Hér var öllum þjóðartekjunum eytt á góðu árunum og meira til, því að að auki voru tekin mikil lán, sem öll hafa verið notuð á veltiárunum, sumpart í þarflega fjárfestingu og framleiðslufyrirtæki og sumpart einnig í ónauðsynlega eyðslu. Afleiðingin varð svo vaxandi verðbólga og versnandi samkeppnisaðstaða útflutningsatvinnuvega. Þannig fer það, þegar algert stjórnleysi ríkir í fjárfestingarmálum. Þegar svo harðnar í ári, svo sem nú hefur átt sér stað, sjá menn, að svo búið má ekki lengur standa. Menn sjá, að það er ekki hægt að búa við algert stjórnleysi í fjárfestingar- og gjaldeyrismálum. Þjóðin verður á hverjum tíma að sníða sér stakk eftir vexti í þeim efnum. Í meira en 40 ár, eftir að þjóðin varð fullvalda, var líka lengst af talið nauðsynlegt, að hafin væri heildarstjórn á þessum málum að meira eða minna leyti. Fóru þó ýmsir stjórnmálaflokkar með völd á því tímabili. Þá byggði þjóðin líka stundum upp mikið af litlum efnum og við erfiðar aðstæður. Það er t. d.

undravert, hvað hægt var að gera á kreppuárunum frá 1930—1940.

Ýmsir hafa orð á því nú, að ekki muni þurfa að takmarka fjárfestingu og gjaldeyrisnotkun, af því að þeim mundi fækka, sem hafi efni á því að kaupa erlendan gjaldeyri, þegar búið er að tvöfalda verð hans á einu ári, og getuleysi margra í fjármálum muni reynast hemill á fjárfestingu. Það er vafalaust mikið til í því. En þar með er ekki sagt, að gjaldeyrinum og fjármagninu verði réttilega skipt og á þann hátt, sem nauðsyn býður. Það er ekki heppileg stefna að gera skortinn að skömmtunarstjóra. Sannleikurinn er sá, að við höfum af því dýrkeypta reynslu, að efnahagsmálum okkar Íslendinga verður ekki stjórnað með peningapólitíkinni einni saman. Lána- og vaxtapólitík viðreisnarstjórnarinnar hefur sjálfsagt verið ætlað að stuðla að efnahagslegu jafnvægi. En reynslan er sú, að vaxtahækkanirnar hafa algerlega misst marks vegna verðbólgustefnunnar á öðrum sviðum, m. a. vegna hömlulausrar fjárfestingar og eyðslu. Útkoman hefur því orðið sú, að háir vextir hafa ekki megnað að draga úr fjárfestingu og hafa stöðvunaráhrif. Hins vegar hafa þeir orðið atvinnufyrirtækjum og framleiðslustarfsemi til skaða.

Með þessu frv. er stefnt að því, að komið verði á heildarstjórn gjaldeyrismála með hliðsjón af gjaldeyrisöflun og þörfum framleiðsluatvinnuveganna, gerðar ráðstafanir til þess að draga úr ónauðsynlegum vöruinnflutningi og gjaldeyrisnotkun með þeim aðferðum, sem bezt samrýmast almenningshagsmunum. Þetta getur verið og er nauðsynlegt, bæði vegna þess, að gjaldeyrir þjóðarinnar leyfir ekki óheftan innflutning, og eins af hinu, að vegna atvinnuástandsins verður að veita ýmissi iðnaðarvöru, sem að öðru leyti er samkeppnisfær og góð, vernd með því að takmarka innflutning á sams konar erlendum iðnaðarvarningi. Það er gert ráð fyrir því, að þetta sé fyrst og fremst gert með setningu almennra reglna. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því, að tekið verði upp leyfakerfi í þeim stíl, sem áður þekktist. En jafnframt er svo stefnt að því, að tekin verði upp skipuleg stjórn fjárfestingarmála undir forustu ríkisvaldsins og í samstarfi við fulltrúa atvinnulífsins og að meiri háttar framkvæmdir fari eftir fyrirframgerðri áætlun, þar sem verkefnum sé raðað og þau látin ganga fyrir, sem þýðingarmest eru.

Það er óhjákvæmilegt að taka upp meira skipulag í þessum efnum en hér hefur verið, og ég leyfi mér í því sambandi að vísa aftur til ræðu hæstv. fjmrh., sem hann flutti í þessari hv. d. rétt áðan og fjallar að vísu aðeins um framkvæmdir þess opinbera, en það er að sjálfsögðu svo, að það er ekki síður ástæða til hliðstæðrar skipulagningar og raunhæfrar skipulagningar að því er varðar framkvæmdir á vegum einstaklinga. Um allar þessar framkvæmdir verður að setja nokkuð almennar reglur og hafa á þeim nokkurt skipulag, þannig að þær séu ekki gerðar af slíku handahófi sem tíðkazt hefur að undanförnu og hefur orðið oft og einatt til þess að gera framkvæmdirnar miklu dýrari, hefur oft haft þær afleiðingar, að þeim hefur ekki verið hægt að ljúka og að þær hafa orðið óhentugar á margan hátt. En hér er sem sagt fyrst og fremst gert ráð fyrir stjórn á fjárfestingu og gjaldeyrisnotkun með setningu almennra reglna.

Það er, eins og ég áðan sagði, ekki gert ráð fyrir því að taka upp leyfakerfi, þannig að það þurfi í hverju einstöku tilfelli að sækja um leyfi. A. m. k. er ekki gert ráð fyrir því að svo stöddu og þess ætti ekki að verða þörf, ef í tæka tíð er gripið í taumana og gerðar skynsamlegar ráðstafanir í þessu efni. En auðvitað gæti svo farið, ef allt væri látið skeika að sköpuðu, að slíkt ástand skapaðist hér að lokum, að það yrði að grípa til þvílíkra ráðstafana, sem við þekktum hér í eina tíð og margir muna eftir, þegar hér starfaði gjaldeyris- og innflutningsnefnd og menn urðu oft að sitja nokkuð lengi og þröngt í biðsal á Skólavörðustíg, eða þegar fjmrh. tók í sínar hendur vald til þess að úthluta bifreiðum og ástandið í Arnarhvoli var þannig, að hvorki í göngum né stigum varð þverfótað fyrir mönnum, sem voru að sækja um bifreiðaleyfi, að ekki sé minnzt á það ástand, sem ríkti á dögum fjárhagsráðs, þegar menn þurftu að sækja um leyfi til þess að byggja lítinn hænsnakofa og þegar menn voru sektaðir fyrir að byggja garð í kringum hús sín. Með þessu frv. er á engan hátt stefnt að því að fara út í slíkar öfgar. Ég tel, að það verði að fara hóflega að í þessu efni og það eigi ekki að vera að hefta það, að menn geti gert eðlilegar og venjulegar minni háttar framkvæmdir og menn þurfi ekki í hvert eitt skipti að sækja um leyfi fyrir eðlilegri notkun gjaldeyris í það og það skiptið, heldur að um þetta séu settar almennar reglur. Eftir þessu ástandi, sem var og var auðvitað sprottið af illri nauðsyn, muna menn, og það var gagnrýnt af ýmsum. Það má sjálfsagt taka undir þá gagnrýni í ýmsum efnum. Sjálfsagt fór margt miður en skyldi hjá þeim aðilum, sem höfðu þessi mál með höndum. Ég verð þó að segja það, að mér hafa alltaf fundizt ómaklegar þær árásir, sem æ ofan í æ hafa verið gerðar á þá menn, sem hafa staðið fyrir og farið með þessi mál, gjaldeyris- og innflutningsmálin, í þeim ýmsu nefndum, sem þeir hafa starfað í á undanförnum árum. Það er sök sér, þó að blöðin skrifi nú sitt hvað, en að þurfa að hlusta á það hér á hv. Alþ., að hvað eftir annað séu bornar fram getsakir í garð þeirra manna og sagt sem svo, að það hafi greitt sérlega mikið fyrir leyfisveitingum hjá þessum mönnum, ef menn hafi getað dregið flokksskírteini upp úr vasanum, mér finnst þetta móðgun við þá menn, lífs og liðna, sem hafa starfað í þessum nefndum og margir hverjir voru einstakir og eru einstakir heiðursmenn. Og ég þekki þetta persónulega, því að ég

starfaði um skeið í einni slíkri nefnd, og mér eru þess vegna mjög vel ljósir þeir erfiðleikar, sem eru því samfara að fara með úthlutun í þessum efnum. En ég verð að segja það um þá menn, sem sátu í viðskiptaráði, þegar ég var þar, að ég varð þess aldrei var, að þeir létu flokkspólitísk sjónarmið ráða. Ég held þess vegna, að menn ættu að temja sér það að tala varlegar um þessi mál en þeir hafa gert að undanförnu. En ekki ætla ég að þessu sinni að rifja það frekar upp, en það er hægt að gera, ef tilefni verður til, og það er hægt að nefna mennina, sem að þessu hafa starfað, og þá geta menn gert það upp við sig, hvort þeir vilja drótta slíku að þessum mönnum, svo sem menn hafa að því er virðist gert sér leik að.

Ég endurtek það sem sagt, að hér er fyrst og fremst gert ráð fyrir því, að þessum málum verði skipað með almennum reglum. En til greina kemur einnig að banna tilteknar tegundir fjárfestingar eða tiltekinn tíma, t. d. 1—2 ár, eins og sumar þjóðir hafa farið inn á, og einnig að koma í veg fyrir með öllu innflutning sumra vara í tiltekinn tíma a. m. k. Ég hygg, að það mundu flestir játa, að það mundi ekki stafa neinn þjóðarvoði af því, þó að bankabyggingar væru stöðvaðar í 1—2 ár. Við höfum nú fengið skýrslu um fjárfestingu bankanna og höfum séð af þeim skýrslum, að þeir hafa búið sæmilega í haginn fyrir sig, svo að það ætti a. m. k. að duga í 1-2-3 ár. Nú er að sjálfsögðu eðlilegt, að bankar þurfi að byggja eins og aðrir. En ég held, að enginn geti varizt þeirri hugsun, sem kynnir sér þessa skýrslu um fjárfestingu bankanna, að þar hafi ekki verið farið af stað með sérstakri hófsemi, og ég held, að þessar stofnanir, sem ættu að ganga á undan öðrum í sparnaði og hófsemi um meðferð fjármuna, hafi ekki að öllu leyti sýnt eftirbreytnisvert fordæmi með sínum fjárráðstöfunum í þessu efni, og það alveg sérstaklega þegar þess er gætt, að þær hafa orðið, á sama tíma og þær hafa staðið í þessum byggingum, að neita um nauðsynleg lán til ýmissa hluta.

En það er kannske ekki ástæða til að fordæma bankana í þessu efni öðrum fremur. Það mætti nefna mörg önnur dæmi þess, að það hefur verið um óþarfleg flottheit, vil ég segja, að ræða í ýmsum efnum. Og ég held, að það mætti, eins og ég sagði, vel banna alveg tilteknar framkvæmdir um ákveðinn tíma, tilteknar byggingar. Sú skipan er að mínum dómi eðlilegri en að taka upp leyfakerfi. Og alveg á sama hátt mætti vitaskuld banna um tiltekinn tíma innflutning á einstökum vörum. Ég get ekki séð, eins og atvinnuháttum er nú háttað hér, að það væri nein goðgá, þó að t. d. innflutningur á húsgögnum væri bannaður í 1—2 ár. Ég hygg, að íslenzkir húsgagnasmiðir gætu alveg annað því verkefni.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að stjórn atvinnumálastofnunarinnar semji við einhverja ríkisstofnun á sviði efnahagsmála, sem hefur allmiklu sérfróðu og þjálfuðu starfsliði á að skipa, um framkvæmd þeirrar hagræðingar á fjárfestingu og gjaldeyrisnotkun, sem þetta frv. fjallar um, en að sjálf heildarstjórnin verði í höndum stjórnar atvinnumálastofnunarinnar og ríkisstofnun, sem samið verður um við, leggi henni þau gögn í hendur, sem hún þarf á að halda og óskar eftir. Með þessu frv. er sem sagt ekki stefnt að því, heldur reynt beint að koma í veg fyrir það, að það þurfi að setja upp mikið nýtt bákn. Það er gert ráð fyrir því, að það megi að mestu nota einhverja ríkisstofnun, sem fyrir er á sviði efnahagsmálanna, til þess að sjá um daglegar framkvæmdir og afgreiðslu og skýrslusöfnun í sambandi við þessi mál. Við höfum slíkar stofnanir og sumar hverjar með allfjölmennu starfsliði nú þegar, eins og t. d. Efnahagsmálastofnun, Seðlabanka o. fl. Ég skal ekki nefna í þessu sambandi neina ákveðna stofnun, sem helzt ætti að semja við. Það tel ég, að verði eðlilega að vera á mati og á valdi stjórnar atvinnumálastofnunarinnar, þegar til kemur.

Það má segja, að þetta frv. sé kannske fyrst og fremst rammi. Það þykir eðlilegt, að í einstökum atriðum sé það að verulegu leyti lagt á vald atvinnumálastofnunarinnar sjálfrar, með hvaða aðferðum hún framkvæmir það hlutverk, sem henni er falið hér. Eins og ég hef margtekið fram, er þar gert ráð fyrir því, a. m. k. fyrst í stað og á meðan til dugir, að hún beiti valdi sínu með útgáfu á almennum reglum og fyrirmælum, sem gjaldeyrisbankar og aðrar lánastofnanir, svo og aðrir aðilar, sem hlut eiga að máli, fari eftir, enda veitir frv., ef það verður að lögum, þessum aðilum mikið aðhald í því efni. En í frv. felast þó heimildir til frekari ráðstafana til hagræðingar á þessu sviði, ef stjórn atvinnumálastofnunarinnar telur þeirra þörf. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að nánari ákvæði um mál þessi öll verði sett í reglugerð.

Um skipan stjórnar atvinnumálastofnunarinnar er ákvæði í 5. gr. frv., þar sem segir, að forsrh. skipi stjórn atvinnumálastofnunarinnar til tveggja ára í senn samkv. tilnefningu þeirra aðila, sem hér segir: Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Landssamband ísl. útvegsmanna og Stéttarsamband bænda tilnefni einn mann hvert. Félag ísl. iðnrekenda og Samband ísl. samvinnufélaga tilnefni sameiginlega einn mann. Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands, þ. e. a. s. gjaldeyrisbankarnir, tilnefni sameiginlega einn mann. Formaður skal sá skipaður, sem bankarnir tilnefna.

Um skipan stjórnar atvinnumálastofnunarinnar getur að sjálfsögðu verið álitamál, og þar koma til greina auðvitað fleiri aðferðir en hér er nú gert ráð fyrir, en samkv. þessu frv. er n. skipuð fulltrúum atvinnurekenda, launþegasamtakanna og gjaldeyrisbankanna. Þegar um skipun þvílíkra nefnda sem þessarar er að tefla, hefur sá háttur

oft verið hafður á, a. m. k. í seinni tíð, að Alþ. hefur kjörið slíka stjórn. Slíkar þingkjörnar nefndir eða stjórnir hafa sætt talsverðri gagnrýni upp á síðkastið. Ég vil taka það fram, að ég tek þó ekki að öllu leyti undir þá gagnrýni. Ég hygg, að þeir, sem gagnrýna þá skipan, hafi ekki gert sér ljósa grein fyrir því, hverjar ástæður eru til þess, að Alþ. hefur talið rétt að hlutast til um stjórn slíkra stofnana með því að kjósa menn í stjórnarnefndir. En oftast nær er það þannig, að þessar stofnanir, sem um er að tefla, fara með einhver fjárráð, og Alþ. er í rauninni með því að kjósa stjórnir fyrir slíkar stofnanir að fylgja eftir sínu fjárstjórnarvaldi til yztu marka. Þessar nefndir og ráð eru stundum gagnrýnd, af því að þær séu nokkuð seinvirkar, og það getur verið nokkuð til í því, og þær eru gagnrýndar af því, að þar gæti pólitískra sjónarmiða. Ég hygg nú, að þessi gagnrýni sé ekki hvað sízt runnin undan rifjum embættismanna. Embættismenn telja gjarnan, að valdið sé betur komið í sínum höndum, og satt er það, að slík ráð eða nefndir geta verið seinvirkari stundum heldur en einstakir embættismenn. En menn verða að gera sér grein fyrir því, að annars vegar er um að tefla að fá skjótar ákvarðanir og hins vegar er réttaröryggi einstaklingsins. Ég held því fram, að réttaröryggi einstaklingsins sé almennt betur tryggt með því að eiga sitt undir úrskurði og úrlausn fjölskipaðs stjórnvalds heldur en undir einstökum embættismanni, enda þótt sá embættismaður sé hlutlægur. Að vísu er sagt, að í þessum nefndum og þessum ráðum gæti pólitískra sjónarmiða. En í þeim er það tryggt, að þar gæti ekki einsýnna pólitískra sjónarmiða. En því miður er það nú svo oft, að hjá einstökum embættismönnum gætir líka einhvers konar pólitískra sjónarmiða.

Þó að ég vilji þannig ekki að öllu leyti taka undir þá gagnrýni, sem hefur komið fram á þingkjörnar nefndir, má þó sitt hvað að þeim finna, og ég býst við því, að það sé heppilegt og geti verið heppilegt í vissum tilfellum að breyta hér til og fara inn á þá leið að láta þá aðila, sem hafa beinna hagsmuna að gæta í sambandi við tiltekin málefni, kjósa eða nefna menn til setu í stjórn eða öðru fjölskipuðu stjórnvaldi. Og inn á þá götu er nú gengið í þessu frv. með þessum ákvæðum um skipun stjórnar atvinnumálastofnunarinnar. En að sjálfsögðu getur það verið álitamál, hvaða aðilar eigi þarna að tilnefna og hverjir ekki, og ég vil taka það skýrt fram, að þetta er auðvitað atriði, sem við flm. erum til viðræðu um að breyta á þann veg, sem heppilegra þykir að athuguðu máli.

Ég held, að einstakar frv.-greinar þurfi ekki skýringa við fram yfir það, sem ég hef hér drepið á. En ég vil þá að lokum aðeins segja, að í þessu frv. er mörkuð sú stefna, að hið opinbera hafi forustu um atvinnuuppbyggingu og tekin skuli upp heildarstjórn á fjárfestingu og gjaldeyrisnotkun. Eins og atvinnuháttum hér er varið, er heildarstjórn á þeim málum óhjákvæmileg. Við höfum ekki efni á algeru handahófi, ef við viljum varðveita okkar efnahagslega sjálfstæði. Við höfum ekki ráð á því til lengdar að eyða meira en tekjurnar leyfa. Við skulum sleppa öllum slagorðum um frelsi, og algert frelsi er blekking. Það verður í einhverju formi að hafa stjórn á fjárfestingu og gjaldeyrisnotkun. En það á ekki að taka upp haftakerfi í sinni gömlu mynd. Hér þarf að fara meðalveg. Að því er stefnt með þessu frv.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki eyða mörgum orðum um þetta frv. og þá stefnu, sem liggur því að baki. Það fer að sjálfsögðu mjög eftir útfærslu málsins, hversu víðtækt það eftirlitskerfi á að vera, sem hér er gert ráð fyrir að setja á laggirnar, og í frv. sjálfu er það ekki mjög fast mótað. Hins vegar er lýst yfir af hv. 1. flm., að með þessu sé ekki ætlunin að koma á laggirnar almennu haftakerfi, þ. e. a. s. nefnd, sem úthluti leyfum til einstakra aðila, eins og haftakerfið venjulega hefur verið skilið, heldur að stofnun sú, sem hér er gert ráð fyrir, eigi fyrst og fremst að setja almennar reglur, sem eftir skuli starfa. Nú er ég að vísu ekki viss um, að það sé auðið að koma í mörgum tilfellum við slíkum almennum reglum. Það má auðvitað vel hugsa sér, að bankabyggingar séu bannaðar eitt eða tvö ár. En ég er ósköp hræddur um, að fyrr en varir séu menn komnir út í það viðfangsefni að gera upp á milli framkvæmda, vegna þess að ekki sé hægt til langframa að banna tilteknar framkvæmdir, heldur verði að leyfa þær að einhverju marki. Það held ég, að sé nokkurn veginn ljóst.

Forsendu fyrir þessu frv. telur hv. frsm. fyrst og fremst vera þá, að þróun fjárfestingarmála að undanförnu hafi verið með þeim hætti, að það beri brýna nauðsyn til að koma þar á betra skipulagi, taka upp eftirlit í vissum mæli með fjárfestingu í landinu almennt og hvaða stefna skuli vera uppi í þeim efnum. Nú er það út af fyrir sig alveg rétt, að þegar þrengir að, þá er auðvitað enn brýnni þörf að gera sér grein fyrir, hvað hægt er að leyfa sér, og þá er auðvitað margt, jafnvel nytsamlegt, sem menn verða að skjóta á frest og reyna þá að velja það, sem brýnast er að vinna að hverju sinni. Um þessa stefnu getur í rauninni ekki verið neinn ágreiningur. Um hitt atriðið, að undanfarin ár hafi þetta þróazt allt með ódæmum, hygg ég að verði hins vegar mjög skiptar skoðanir. Það getur vel verið, að það sé ýmislegt, sem má benda á í dag, að hefði verið æskilegt að hefði ekki verið gert, það er annað mál. En eftir almennt fjárfestingarhungur, ef svo má segja, á haftaárunum, er auðvitað ótalmargt, sem hafði verið vanrækt

að gera. Það þurfti auðvitað að byggja upp bæði iðnaðarhúsnæði og jafnvel verzlunarhúsnæði, sem hafði verið bannað langtímum saman. Það er nauðsynleg þjónustustarfsemi í þjóðfélaginu eins og hvað annað. Hvort of langt hefur verið í því gengið, skal ég ekki segja, en það liggja fyrir óvefengjanlegar skýrslur um það, að hér er um að ræða ákaflega lítinn hluta af fjárfestingu þessara ára. Hitt sjáum við aftur á móti, að margvíslegar framkvæmdir hafa verið með þeim hætti, að það hefur kannske verið í þeim nokkur ofrausn, og sérstaklega núna bent á í því sambandi ýmiss konar fjárfestingu í fiskveiðum og fiskiðnaði, allt of margar síldarverksmiðjur hafi verið reistar, það er talað um, að fiskiðjuver og fiskvinnslustöðvar hafi verið reistar af of mikilli rausn, og talið, að þurfi jafnvel að sameina slíkar stöðvar og stöðva rekstur ýmissa þeirra. Þetta er að minni hyggju mjög táknrænt dæmi um það, hvernig okkar þjóðfélag er. Og ég efast stórkostlega um það, þó að það hefði verið starfandi hér einhver atvinnumálastofnun eða eftirlitsnefnd, að þá hefði verið fjárfest einum eyri minna í þessum framkvæmdum heldur en varð.

Þetta er aðeins tákn um það, hversu við lifum í erfiðu þjóðfélagi atvinnulega séð. Það var barizt um það af öllum aðilum að koma á laggirnar síldarverksmiðju í hverri einustu höfn, þegar síldin kom nú aftur síðustu árin í vaxandi mæli, og ég varð ekki var við, að það væru neinir úrtölumenn í því efni. Það var fyrst á síðasta ári, að farið var að spyrna fast við fótum í því efni. M. a. var af opinberri hálfu beinlínis lagt gegn því, að tiltekin síldarverksmiðja yrði reist. Engu að síður réðust menn að vísu í þetta og lögðu í það mikið eigið fé, sem hefur orðið þeim til lítillar gæfu. En sannleikurinn er sá, að stjórnarvöld hafa síðustu árin fremur verið átalin fyrir það, að þau hafi ekki látið byggja nógu mikið af fiskiskipum til að sækja á síldarmiðin og jafnvel hraða enn meira síldarverksmiðjubyggingum heldur en gert var til að geta hagnýtt þessa gullnámu. Þessi gullnáma er þrotin að sinni, a. m. k. er svo lítið orðið í henni, að það er ljóst, að öll þessi fjárfesting getur ekki rentað sig með eðlilegum hætti. Og nú er auðvitað mjög auðvelt um vik að segja: Ef við hefðum ekki byggt allar þessar síldarverksmiðjur, þá hefðum við getað notað fé okkar með eðlilegri hætti. Ef við hefðum ekki byggt tvö eða þrjú fiskiðjuver á hverjum stað, þá hefði eitt fiskiðjuver nú haft starfs- og rekstrargrundvöll. — Allt er þetta rétt. En það er hins vegar eftir sú staðreynd, að fyrir fram var ákaflega erfitt að segja fyrir um, og ég held, að engin n. hefði treyst sér til þess að segja fyrir um það, hvað af þessum mannvirkjum skyldi neitað um. Almenna reglu hefði auðvitað ekki verið hægt að setja, engum hefði dottið í hug að banna síldarverksmiðjur almennt eitt eða tvö ár. En með því að segja: Það má reisa síldarverksmiðju í þessum firði, en ekki þeim næsta, — þá hefðum við verið komnir út í ákaflega erfiða framkvæmd, að ég hygg. Ég á ekki við það, að menn út af fyrir sig eigi að gefast upp fyrir því viðfangsefni, en það er oft og tíðum svo, því miður, að menn verða að reka sig á.

Síldariðnaðurinn er kannske hvað dæmigerðastur um, hvað erfitt er að leggja raunhæfan grundvöll að fjárfestingu. Við höfum séð síldina færast frá Vestfjörðum og austur yfir land, hverja verksmiðjuna eftir aðra leggjast í eyði, ef svo má segja, og verða ónýta með tímanum, vegna þess að þar berst ekkert hráefni á land. Og svona má segja um margvísleg önnur fyrirtæki á þessu sviði. Það má auðvitað í fleiri greinum benda á, að það hafi verið reistar fleiri verksmiðjur. Ef ein verksmiðja er komin á laggirnar, sem getur með góðu móti starfað, þá eru oft og tíðum 2 eða 3 aðrir, sem segja: Við viljum líka reisa svona verksmiðju. — Og það er út af fyrir sig mikið vandamál. En þarna er auðvitað ekki heldur hægt að setja almenna reglu, heldur verður að beita beinlínis höftum, ef á að ná þeim árangri, og reyna að sjá til þess, að það verði ekki byggt meira en rekstrargrundvöllur sé fyrir miðað við þann markað, sem við höfum. Ég er alls ekki að gera lítið úr nauðsyn þessara mála á neinn hátt. Hins vegar er ég í stórum vafa um, að það sé rétt leið í þessu efni að leggja grundvöll að einhverri nýrri stofnun með alls konar aðilum, sem hér er gert ráð fyrir. Ég er ekkert að slá því föstu, að þetta sé rangt, en ég álít, að það þurfi a. m. k. að íhugast mjög vel.

Mín skoðun er sú, að það þurfi að efna til miklu meira samstarfs milli bankakerfisins og stofnsjóða. Þessir aðilar geta tvímælalaust án beinna hafta haft afgerandi áhrif um það, hvernig fjárfestingin þróast í landinu. Og það er enginn aðili í landinu, sem getur gert þetta með auðveldari hætti en bankakerfið með nægilegri samvinnu og skipulagi sín á milli. Það eru til stofnsjóðir í öllum atvinnugreinum í landinu, sem eru flestir tengdir ríkisbönkunum, og það er þess vegna mjög auðvelt með óbeinum hætti að orka í þá átt, hvert fjárfestingunni er stefnt. Og ég skal fúslega játa það hér, að ég álít, að það hafi verið allt of lítil samvinna milli stofnlánasjóða og bankakerfisins yfirleitt um það, hvernig hefur verið unnið að lánveitingum til uppbyggingar á ýmsum sviðum. Það er í senn of mikið af því, að fyrirtæki hafi verið sett á laggirnar án þess að hafa hliðsjón af því, hvort þau hafi haft starfsgrundvöll, miðað við, að það er kannske annar banki, sem hefur lánað í hliðstætt fyrirtæki, og það hefur einnig verið allt of lítið gert af því að leggja raunhæfan grundvöll að nauðsynlegum áætlunum og um rekstrarafkomu viðkomandi fyrirtækja. Það hafa verið um of þeir starfshættir ríkjandi, að fyrirtæki, sem út af fyrir sig er gott og gilt og getur haft þjóðfélagslega

þýðingu, það hafi ekki fengið þann starfsgrundvöll með rekstrarlánum, að það hafi getað starfað með eðlilegum hætti, og það er of mikið af því, að fyrirtækjum sé dreift á milli banka, þannig að þau verði að leita eftir lánum á mörgum stöðum, í stað þess að hafa einn viðskiptabanka.

Í fljótu bragði a. m. k. sýnist mér, að öllu því, sem ætlunin er að ná með þeim till., sem hv. frsm. þessa frv. ræddi hér, og þeirri hugsun, sem ég fann að var í hans máli, væri hægt að ná með samstarfi milli þeirra stofnana, sem yfir fjármagninu ráða. Og einmitt aðilar að þessum stofnunum eru atvinnuvegirnir með stofnsjóði sína. Hvort það ætti að setja einhverja aðra yfirstjórn yfir þá stofnsjóði, það er mál út af fyrir sig, eða veita fleiri aðilum í þessum samtökum ríkari aðild að þeim, það skal ég ekkert um segja. Ég er hins vegar ekki alveg viss um, að þessi samtök öll kærðu sig mikið um það að eiga að fá úrskurð um það, hvað skyldi sitja fyrir og hvað ekki, hvort sem það er í iðnaði, landbúnaði eða sjávarútvegi. Ég er ekki alveg viss um það. En ég er ákveðið þeirrar skoðunar, að þarna sé pottur brotinn og það þurfi að vinna að kerfisbundinni samvinnu og samstarfi þessara lánastofnana í landinu og það sé sú eðlilegasta leið til að „kontrolera" það, sem er gert ráð fyrir í þessu frv. að þurfi að gera og ég viðurkenni að þurfi að gera á ýmsum sviðum.

Í 2. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir, að þessi atvinnumálastofnun fái ýmiss konar verkefni, sem eins og sakir standa núna eru í rauninni verkefni annarra aðila. Áætlanir um þróun atvinnuveganna, sem eru mjög nátengdar þjóðhagsáætlunum, eru í rauninni verkefni Efnahagsstofnunarinnar að verulegu leyti. Áætlanir á einstökum sviðum atvinnulífsins og byggða- eða landshlutaáætlanir eru á vegum atvinnujöfnunarsjóðs og að sjálfsögðu í nánu samræmi við það að auka atvinnuöryggi. Til þess eru landshlutaáætlanir hugsaðar. Það er því í rauninni ekki nema fjórði liður þessa hlutverks atvinnumálastofnunarinnar, sem má segja að enginn aðili sinni núna, þessari heildarstjórn, ekki nein n. sem slík, heldur annars vegar ríkisvaldið og hins vegar lánastofnanirnar að meira og minna leyti í þess umboði. Það er í rauninni þetta, sem mér skilst að málið snúist fyrst og fremst um, hvernig þessu verður fyrir komið, því að ég er ekki viss um, að það muni þjóna neinu góðu að fara að breyta því kerfi varðandi gerð landshlutaáætlana, sem nú er, og taka þá úr höndum þeirra aðila, sem með það hafa að gera. A. m. k. þarf þá að breyta þeim lögum, sem eru gildandi um atvinnujöfnunarsjóð og aðild Efnahagsstofnunarinnar að þeim verkefnum.

Þetta vildi ég aðeins segja á þessu stigi málsins. Ég álít sem sagt hæpið, hvort þetta frv. stefni í rétta átt og hvort það sé líklegra a. m. k. en ýmislegt annað til að ná þeim tilgangi, sem hér er ætlunin að ná. Mín skoðun er sú, eins og ég sagði, að ég álít miklum mun heppilegra að einbeita sér að samstarfi stofnlánasjóða atvinnuveganna og að nota þá sérþekkingu, sem aðilar þar hafa yfir að ráða, um þróun hvers atvinnuvegar um sig. Það eru engir sem betur hafa með því fylgzt, hvort sem það er á sviði landbúnaðar, sjávarútvegs eða iðnaðar, og það er mjög brýnt að tengja einmitt þessa sjóði við rekstrarlánabankana, því að við þekkjum allt of raunalegar sögur þess, að fyrirtæki, sem komið hefur verið á laggirnar með lánum úr stofnsjóðum, og það jafnvel rausnarlegum lánum, þau hafa farið forgörðum fyrir þá sök, að enginn viðskiptabanki hefur viljað taka þau í viðskipti.

Þetta vildi ég aðeins sagt hafa í sambandi við þetta mál á þessu stigi. Ég tel sjálfsagt, eins og hv. flm. sagði, að þetta mál verði athugað efnislega. Kannske greinir okkur ekki svo mjög mikið á um, að það þarf nákvæmlega á sama hátt og ég sagði áðan um ríkisframkvæmdir að sjá til þess, að takmarkað fjármagn sé nýtt sem bezt, og vissulega höfum við dregið vissan lærdóm af því síðustu árin, ekki vegna þess, að það hefði verið mikið öðruvísi hægt á því að halda, hvort sem hefði verið ríkisnefnd eða haftakerfi, miðað við þá fjármagnsþróun, sem þá var í þjóðfélaginu, það er ekki skoðun mín, heldur hitt, að við höfum þó lært af þessu, og ég hygg, að þjóðin hafi af því lært, að það verður að fara með gát í þessum efnum. Þó að það yrði svo, að það séu faldir gull og grænir skógar, ef svo má segja, sem biðu manna, ef það sé ráðizt í ein og önnur mannvirki og framkvæmdir, þá verður þó að gera sér grein fyrir því vendilega, hvaða afleiðingar það getur haft og hvort þetta er líklegt að skila sama hagnaði til langtíma. Og það er allavega ljóst, að miðað við það áfall, sem okkar þjóðarbú hefur orðið fyrir, þá ber hina brýnustu nauðsyn til þess að gera sér til hlítar grein fyrir því, að það takmarkaða fjármagn, sem við höfum nú yfir að ráða, sé fyrst og fremst notað til þeirra þarfa, sem líklegt er að komi þjóðarbúinu að sem allra beztum notum. Ég er í því sambandi ekki alveg viss um, að það sé heppilegt að stíla það saman og stefna saman á einn stað fulltrúum allra hugsanlegra hagsmunasamtaka, sem auðvitað hver um sig reynir að halda í sinn skika. Það er að minnsta kosti atriði, sem ég tel að þurfi að íhuga töluvert betur.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að þakka hæstv. fjmrh. fyrir tiltölulega vinsamlegar undirtektir undir þetta frv. og þá hugsun, sem á bak við býr. Ég vil aðeins segja það, að mér finnst hann ekki leggja nægilega áherzlu á að gera sér grein fyrir því, sem að mínu viti er meginatriðið í þessu frv., og það er það, að atvinnumálastofnuninni er ætlað að hafa beinlínis frumkvæðið að atvinnuuppbyggingu á ýmsum stöðum. Henni er ætlað að hafa með höndum

áætlanagerð, henni er ætlað að hafa með höndum framkvæmdaáætlanir, henni er ætlað að beita sér fyrir ráðstöfunum beinlínis til uppbyggingar atvinnulífs. Þetta er í mínum augum eitt höfuðverkefni þessarar stofnunar. Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að það eru ýmsar stofnanir til, sem fara með einstaka þætti þessara mála, eins og hann nefndi, Efnahagsmálastofnun, sem ætlað er að gera áætlanir, atvinnujöfnunarsjóður, sem á að veita lán til ýmiss konar framkvæmda, o. s. frv. Þessar stofnanir vinna ekki saman, þ. e. a. s. þær lúta ekki einni samræmdri stjórn. Og það er það, sem vantar að mínum dómi. Og þó að ég vilji á engan hátt t. d. gera lítið úr starfi atvinnujöfnunarsjóðs, því að vissulega hefur það fé, sem hann hefur lánað, komið mjög víða að góðum notum, þá held ég, að það væri æskilegra, að það væri unnið að þessum málum á skipulegri og markvissari og almennari hátt en þann að vera að taka fyrir og sinna einstökum beiðnum, sem koma þá og þá, sem auðvitað er nauðsynlegt og æskilegt. Ég held, að það þurfi að líta á þetta fyrir fram, að einhver stofnun hafi frumkvæði um ákveðna uppbyggingu og stofnunin þurfi að leggja sínar línur. Það held ég, að sé mjög mikilsvert. Og auk þess er það nú eins og ég gat um í minni frumræðu, þó að Efnahagsstofnuninni hafi verið ætlað þetta hlutverk, að gera landshlutaáætlanir, þá hefur það gengið sorglega seint hjá henni, sem hefur sjálfsagt stafað af því, að hún hefur ekki næga starfskrafta, þannig að ég held, að það sé full þörf á því að ýta á eftir í þessu efni, og ég held, að það yrði til bóta, og ég er sannfærður um, að það yrði til bóta, að þetta yrði sett í hendur einnar stofnunar, sem ætti að hafa hér frumkvæði. Þessi stofnun á sem sagt ekki aðeins að hafa eftirlit, hún á einnig að hafa frumkvæði. En til þess að hún geti haft frumkvæði og komið sínum ákvörðunum þannig í framkvæmd, þá verður hún líka að hafa visst eftirlit og ákvörðunarvald. Auðvitað er það rétt hjá hæstv. ráðh., að þegar um meiri háttar framkvæmdir er að ræða, þá er gert ráð fyrir því, að þessi stofnun verði að skera úr og flokka framkvæmdirnar, hjá því verður ekki komizt. Og þetta skilst mér vera einmitt sú leið, sem hann gerir ráð fyrir, hæstv. ráðh., að fara inn á í opinberum framkvæmdum, þar sem á að setja upp nefnd þar einmitt, svokallaða samræmingarnefnd, ef ég man rétt eftir, sem á að hafa með höndum það hlutverk.

Ég tek alveg undir það, sem hæstv. ráðh. sagði, að ég held, að það sé mikil nauðsyn á því að koma á meiri samvinnu innan bankakerfisins, og að það væri gert með samningum milli bankanna og einhverri heildarstjórn, þannig að það væri skipulagt betur en gert hefur verið.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að gera athugasemdir við það, sem hæstv. ráðh. sagði um þetta, enda gaf hann ekki tilefni til þess. Ég get vel tekið undir það, sem hann sagði, að kannske ber okkur ekki svo mikið á milli, þegar allt kemur til alls. Við erum sammála um, að það sé nauðsynlegt að hafa heildarstjórn á þessum málum. Við viljum báðir stilla þeirri heildarstjórn í hóf. Hinu gat ég varla búizt við, að hann samþ. allt, sem ég sagði um það, að vandræði þau, sem við er nú að etja, ættu rætur að rekja til óskynsamlegrar fjármálastjórnar á undanförnum árum. Það er nú einu sinni svo, að hverjum og einum þykir sinn fugl fagur, og það verður svo að vera, að við höfum hvor sína skoðun á því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Ed., 25. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 154, n. 359 og 371).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Meginefni þess frv. um atvinnumálastofnun, fjárfestingu og gjaldeyrisnotkun, sem hér liggur fyrir, er að mínu áliti það, að þar er gert ráð fyrir, að stofnun, sem komið er á fót samkvæmt nánari ákvæðum 5. gr. frv., sé falið að hafa á hendi heildarstjórn fjárfestingar- og gjaldeyrismála, eins og nánar er kveðið á um í 2. gr. frv., sem fjallar um hlutverk stofnunarinnar. Er stofnuninni falið allvíðtækt vald í þessum efnum, þannig að hún getur tímabundið bannað tiltekna fjárfestingu og gjaldeyrisnotkun samkvæmt ákvæðum 8. gr. Gert er ráð fyrir heimild til þess að beita beinum innflutningshömlum, að vísu tímabundið, og ætlazt til þess, að fylgt sé í því efni almennum reglum, eins og það er orðað í 4. lið 2. gr. frv. Slíkar beinar innflutningshömlur koma auðvitað í bág við þá stefnu, sem fylgt hefur verið í viðskiptamálum af hálfu núverandi ríkisstj. og stuðningsflokka hennar. Það er þó að mínu áliti ekki aðalatriðið í þessu sambandi, því að stefnu, sem mörkuð hefur verið við ákveðnar aðstæður, getur auðvitað orðið nauðsynlegt að breyta eða sveigja til, ef aðstæður gerbreytast. En hitt er að mínu áliti þyngra á metum, að slíkar beinar hömlur á innflutningi samrýmast illa þeirri þátttöku, sem Ísland er þegar aðili að í alþjóðlegu samstarfi á sviði viðskiptamála, og ekki síður, ef Ísland teldi sér hag í viðtækari aðild að slíku samstarfi, svo sem með aðild að EFTA og e. t. v. Nordek. Slíkar beinar innflutningshömlur eru yfirleitt fordæmdar í slíku samstarfi, þannig að alþjóðastofnanir, sem Ísland þegar er aðili að og enginn ágreiningur hefur verið um hér á hv. Alþ. að við eigum að vera aðilar að, svo sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og GATT, krefjast þess yfirleitt af aðildarríkjunum, að þau beiti þeim ekki, og er undantekningu frá

því yfirleitt mjög þröngur stakkur skorinn. En hér er gert ráð fyrir ótakmarkaðri heimild atvinnumálastofnunarinnar til þess að banna innflutning, að vísu þó tímabundið. Nú kunna e. t. v. sumir að segja, að það sé stigmunur, en ekki eðlismunur á tollum og innflutningshöftum að því leyti, að alltaf sé hægt að leggja svo háan toll á vöru, að það jafngildi innflutningsbanni. En ástæðan til þess, að stofnanir alþjóðlegrar samvinnu á sviðum viðskiptamála líta beinar hömlur óhýrara auga en jafnvel háa tolla, er sú, að höftin skapa auðveldlega aðstöðu til þess að mismuna landa á milli, en það á ekki við um tollana, sem ganga í miklu ríkara mæli jafnt yfir alla. Mér eru ljósir vissir kostir þess fyrirkomulags, sem hér er þó gert ráð fyrir, ef borið er saman við gamla innflutningshaftakerfið, sem hér var í einhverri mynd allt frá því skömmu eftir 1930 og fram til 1960—61, og má þar í fyrsta lagi nefna það, að ef um algert innflutningsbann er að ræða, þá gengur það auðvitað jafnt yfir alla innflytjendur viðkomandi vöru og þarf ekki að vega og meta það, hvort einn eigi að hafa innflutning með höndum frekar en annar. Í öðru lagi mundi það auðvitað auðvelda eftirlit, að vitað er þá, hvaða innflutningur er löglegur og hvaða ekki, og einnig í þriðja lagi er hér aðeins um tímabundið innflutningsbann að ræða, svo að minni hætta er á því en ella, að innflutningshöftin verði til þess að flytja framleiðslu inn í landið, sem af öðrum ástæðum þykir ekki æskilegt að gera. En þrátt fyrir þetta og af þeim ástæðum, sem ég þegar hef rakið, þá er meiri hlutinn andvígur því, að slíkt fyrirkomulag verði tekið upp.

Þó að þetta frv. hafi að vísu sínar jákvæðu hliðar, sem ég mun síðar víkja að, þá virðist mér sú hugsun, sem till. þær, sem hér eru settar fram, byggjast á, hvíla á grundvallarmisskilningi, og af því að hér er um undirstöðuatriði að ræða varðandi stefnu í efnahagsmálum almennt, þá þykir mér rétt að fara um þetta nokkrum orðum.

Það virðist í frv. og grg. fyrir því gengið út frá því, að hægt sé að framkvæma einhverja heildarstjórn á gjaldeyris- og fjárfestingarmálum, sem tryggi það, að gjaldeyri þeim, sem þjóðin aflar sér á hverjum tíma, sé ávallt varið á hinn skynsamlegasta hátt og sú fjárfesting, sem þjóðarbúinu sé hagkvæmust hverju sinni, sitji í fyrirrúmi. Við slíka niðurröðun verkefnanna skuli fylgt einhverjum almennum reglum, eins og það er orðað í frv., sem manni skilst að gætu verið hliðstæðar almennum réttarreglum, eins og t. d. þeim, sem sjódómur fylgir við ákvörðun um það, hvernig jafna skuli niður sjótjóni, o. s. frv. Ef fulltrúum stjórnmálaflokkanna er ekki treyst til að sinna þessum reglum og meðhöndla þær, eins og var á hinu nær 30 ára haftatímabili fyrir 1960, þá megi fara þá leið, sem lagt er til samkvæmt frv., að fela þetta fulltrúum hagsmunasamtakanna og gjaldeyrisbanka. Nú vill svo til, að þrír hv. flm. þessa frv. eru lögfræðingar og tveir þeirra gegna dómarastörfum, annar sem héraðsdómari, en hinn sem varadómari í hæstarétti. Ekki hvarflar það að mér — og sama hygg ég að eigi við um alla hv. þdm. — að væna þessa menn um það, að þeir muni láta það hafa hin minnstu áhrif á dóma sína, þótt þeim af tilviljun væri kunnugt um stjórnmálaskoðanir málsaðila, og hygg ég, að það eigi ekki eingöngu við um þá, heldur dómarastétt landsins í heild. En þótt dómarastétt okkar sé hins bezta trausts makleg, þá má vekja athygli á því, að yfirleitt voru það ekki neinar vanmetakindur, sem falið var að fara með umboð stjórnmálaflokkana í hinum ýmsu n. og ráðum, sem á sínum tíma stjórnuðu gjaldeyris- og fjárfestingarmálunum. Ég nefni hér engin nöfn, enda þekkja hv. þdm. mörg þeirra, og munu þeir vera mér sammála um, að þar var yfirleitt um að ræða mikilsvirta stjórnmálamenn og heiðvirða embættismenn. En ekki verður sagt um skipan þeirra mála og framkvæmd þeirra, að með hana hafi verið almenn ánægja, heldur þvert á móti, og var óánægjan og gagnrýnin þeim mun meiri sem haftakerfið varð víðtækara. Að vissu leyti má segja að vísu, að fylgt hafi verið almennum reglum um leyfaúthlutunina, en þær voru þá helzt þær, að hver hélt fram hagsmunum þeirra einstaklinga og fyrirtækja, sem voru tengd þeim flokki, sem viðkomandi var fulltrúi fyrir. Hef ég við ýmis tækifæri gert þeirri hlið málsins skil, bæði hér í hv. deild og í sameinuðu Alþ. í eyru hv. þdm., og vísa ég til þess og tek ekkert af því aftur.

En hvers vegna er ekki hægt að finna neinar almennar reglur, sem hliðstæðar séu réttarreglunum? Hvers vegna ríkir hér handahóf varðandi leyfaúthlutun, þó að engu verri menn fjalli þar um en þeir, sem dómstólana sitja, með allri og maklegri virðingu fyrir okkar dómarastétt, svo sem ég áður hef tekið fram? Það er af því, að dómarinn hefur fastar, hefðbundnar reglur að styðjast við, sem ekki eiga sér eingöngu stoð í löggjöf og dómsvenjum, heldur einnig — og það er að mínu áliti það, sem hér skiptir mestu máli — í því, sem kallað er réttarmeðvitund almennings. Allir eru sammála um, að þjófnaður, svik og líkamsárásir á saklaust fólk sé refsivert athæfi, að mönnum beri að halda gerða samninga, hlíta settum umferðarreglum, bæta eignatjón, sem þeir valda af ásetningi eða gáleysi, o. s. frv. Nákvæm ákvörðun viðurlaga við einhverju ólöglegu athæfi getur auðvitað verið matsatriði, en í þessu sambandi er það algert aukaatriði. Allt öðru máli gegnir, þegar meta skal, hvort Pétur eða Páll hafi meiri verðleika til þess að fá innflutningsleyfi fyrir bíl eða hvort leyfa eigi innflutning kókubotna, gítara, kampavíns eða hvers sem er annars og hverjir eigi að fá að flytja slíkt inn. Þar er allt háð smekk og mati hvers einstaklings, og þar falla skoðanir manna ekki saman, heldur eru þær jafnmargar og einstaklingarnir. Ef sá ólíklegi atburður skeði, að

einhver stjórnmálamaður sneri sér til flokksbróður síns í dómarastarfi til að biðja skjólstæðingi sínum vægðar undan refsivendi laga, — og mér kæmi mjög á óvart, ef þeir tveir menn, sem hér gegna dómarastörfum, hafa nokkurn tíma upplifað slíkt, — en ef sá ólíklegi hlutur gerðist, þá mundi viðkomandi dómari án efa telja sér móðgun sýnda með slíku og svara stuttur í spuna, að sannað væri á manninn tiltekið athæfi, sem þessi eða hin viðurlög lægju við samkvæmt lögum, og neita að ræða frekar við viðkomandi nema þá sem réttarvitni eða málflutningsmann. Slíkt gæti auðvitað komið til greina. En þó að hér sé um hlut að ræða, sem sjaldan mun ske, þá var það ekki jafnsjaldgæft, að framámenn í stjórnmálum beittu áhrifum sínum við þá, sem fóru með úthlutun leyfa. Ég held, að hv. þm., sem voru á þeim tíma, hafi verið alltíðir gestir á biðstofum innflutningsnefndar fjárhagsráðs o. s. frv., og skal það út af fyrir sig sízt lastað. Það var því ekki óalgengt, svo að ekki sé tekið dýpra í árinni, að framámenn flokkanna beittu áhrifum sínum við fulltrúa flokkanna í úthlutunarnefnd til framdráttar einstaklingum og fyrirtækjum, sem verðleika voru talin hafa til slíkrar fyrirgreiðslu, og væri þá vitnað í einhverjar reglur, sem fylgt var við úthlutunina, þá var slíku ekki alltaf tekið með skilningi. Ég hygg, að stundum hafi verið sagt sem svo: Ætli minn skjólstæðingur hafi ekki jafnmikla verðleika til þess að fá bílaleyfi og þessi eða hinn, sem fengið hefur leyfi hjá ykkur? Hvaða speki er það, að varningur, sem það fyrirtæki, sem ég ber fyrir brjósti, flytur inn, sé meiri óþarfi en þetta eða hitt, sem þið hafið leyft öðrum að flytja inn? — Ég býst við, að slík orðaskipti hafi ekki ósjaldan átt sér stað á milli viðkomandi aðila.

Þá er farið fjálgum orðum um það í grg. fyrir þessu frv., að vegna þess að innflutningur hafi ekki að undanförnu verið háður beinum hömlum, hafi átt sér stað mikill óþarfur innflutningur og þess vegna sé gjaldeyrisaðstaða landsins miklu verri en hún ella mundi vera. Nú er það vafalaust svo með okkur öll, hvort sem við komum inn í matvörubúð, vefnaðarvörubúð, búsáhaldaverzlun eða jafnvel bókabúð, að mikið og e. t. v. meginið af þeim varningi, sem við sjáum þar, er í okkar augum óþarfi í þeim skilningi, að við mundum ekki kæra okkur um að kaupa það til okkar heimila. En þá eru það einhverjir aðrir, sem þann varning kaupa, — og eru þeir og þeirra smekkur ekki jafnrétthár og okkar? Því fer líka fjarri, að í þessu efni hafi gilt eitthvað allt annað á haftaárunum, þannig að þá hafi ekki verið um neinn óþarfainnflutning að ræða. Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að vitna í glerkýrnar, sem hv. 5. þm. Vesturl. (BGr) gerði að umtalsefni í umræðum um efnahagsmál, sem nýlega fóru fram í Sþ. og frægar voru á stríðsárunum og fyrst eftir stríðið. Nú er ég ekki neitt að álasa innflutningsnefnd, sem þá var, þó að hún hafi leyft innflutning á þessum glerkúm. Það hefur komið til af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi þeirri, að tekjuöflun ríkissjóðs byggist svo mikið á tollum á miður þarfar vörur, og í öðru lagi hefur þeim, sem þá voru í innflutningsnefnd, vafalaust þótt glerkýrnar fallegar og það saklaust, þó að fólk fengi að eyða peningum sínum í þær, úr því að ekki yrði hjá því komizt að leyfa innflutning á einhverju öðru en brýnum nauðsynjavörum. Ég minnist þess líka á verstu skömmtunar- og haftaárunum um 1950, þegar mikill hörgull var á vefnaðarvöru og öðru slíku, að allar búðir voru þá fullar af innfluttum leikföngum og öðru slíku. Því fer fjarri, að það breyti í rauninni nokkru um í þessu efni þó að innflutningurinn sé gerður háður leyfum. Kökubotnarnir, eins og kunnugt er, hafa verið mikil hneykslunarhella hv. stjórnarandstæðinga. Nú má í því sambandi upplýsa það, að á s. l. sumri gaf hæstv. viðskmrh. þær upplýsingar í hagráði, að innflutningur á kökubotnum hefði ekki numið nema fáum tugum þúsunda króna á 4 eða 5 fyrstu mánuðum þessa árs og hafði mjög verulega dregizt saman frá árinu á undan, og eftir nýju gengisfellinguna má telja mjög líklegt, að þessi innflutningur hverfi alveg, þannig að stórt gjaldeyrisspursmál er þetta ekki. En ég vil spyrja: Ef húsmæðrum er það of gott að kaupa þessar kökur og borga þá í leiðinni allt að 100% toll, hvernig er þá með innflutning á erlendu áfengi? Væri þá ekki eðlilegt að segja, ef það er nú einu sinni nauðsynlegt, að mönnum sé heimilt að neyta áfengis: Geta menn þá ekki alveg eins drukkið landa eins og þessi dýru útlendu vín? Með landa á ég ekki við hina ólöglegu framleiðslu, þá gæðavöru, heldur það, sem ríkið framleiðir og dreifir á löglegan hátt. Þó að það sé kannske skömm að segja það, þá eru nokkrir áratugir síðan ég hef smakkað landa, en mér er tjáð, að gæði hans hafi batnað mjög verulega frá því, sem var, þegar hinn alræmdi Svartidauði var hér á boðstólunum á stríðsárunum. Þetta nemur áreiðanlega eins mörgum milljónatugum og innflutningur kökubotnanna nemur mörgum tugum þúsunda. Hér gæti verið um verulegan gjaldeyrissparnað að ræða, — og eiga áfengisneytendur miklu meiri rétt í þessu efni en húsmæðurnar? Það verður að vera eitthvert samræmi í þessum málflutningi.

Hin skynsamlegasta skipun þessara mála er því sú, sem enginn stjórnmálaágreiningur er yfirleitt um í nágrannalöndum okkar, að fólkið fái sjálft að ráða því, hvaða vörur það kaupir og hverjar ekki, en það verður aðeins tryggt með frjálsum innflutningi.

Í grg. fyrir frv. er talað um það, að þegar svo sé, þá sé skorturinn látinn skammta, en ekki skynsemin, eins og það er orðað. Mér finnst þetta svolítið kaldhæðnislegt með tilliti til þess, að flestir hv. þdm. eru nú komnir á þann aldur, að þeir muna hafta- og skömmtunartímana og hvernig það, sem einkenndi þá, var einmitt skorturinn,

þannig að mörg sú vara, sem fólk taldi sig þurfa, var algerlega ófáanleg, og þó að um það sé að vísu kvartað, eins og verið hefur, held ég, á öllum tímum, að varan sé dýr, þá er það af tvennu illu betra en að hún sé með öllu ófáanleg. Þá er þó betra að geta veitt sér lítið eða minna en óskað er en að geta ekki veitt sér neitt af þeim varningi, sem um er að ræða. Hjá hinu verður auðvitað aldrei komizt, að neytendur verða alltaf að greiða vöruna á því verði, sem framleiðandinn þarf að fá, til þess að hún verði framleidd. Það á ekki eingöngu við um innflutninginn eða innfluttu vöruna, að hún verður að greiðast á því verði, sem sjómenn, útvegsmenn og aðrir, sem framleiða til útflutnings, verða að fá, til þess að gjaldeyrisöflunin stöðvist ekki, heldur á þetta einnig við um búvöruna og annað, sem framleitt er innanlands, og það breytir engu í sjálfu sér í þessu efni, þó að haldið sé uppi óraunhæfri gengisskráningu með innflutningshöftum og útflutningsuppbótum. Að vísu getur varningurinn verið ódýrari, ef eingöngu er miðað við verðið, sem greitt er fyrir hann í búðinni, en eins og ég minnist að hv. 3. landsk. þm. (JÞ) alveg réttilega benti á í útvarpsumr. fyrir nokkrum árum, þá fær neytandinn bara bakreikning í mynd skatta og annarra álagna, sem verður að greiða, til þess að hægt sé að standa straum af uppbótunum, þannig að haftafyrirkomulagið breytir engu um það, að neytandinn verður að greiða útlendu vöruna eftir sem áður á kostnaðarverði, en verður að því leyti verr settur, að hann missir valfrelsi sitt.

Þá skal vikið að fjárfestingunni. Að sumu leyti á það, sem ég hef sagt, einnig við um það, sem kallað er heildarstjórn á fjárfestingu, því að opinber stjórn á fjárfestingu tryggir auðvitað engan veginn, að skynsamlegasta fjárfestingin sitji alltaf í fyrirrúmi, og reynsla okkar af slíkri heildarstjórn ætti að vera hið ólygnasta í því efni. Við höfum haft slíka heildarstjórn, þar sem var starfsemi nýbyggingaráðs á sínum tíma og síðan fjárhagsráðs. Hvernig var, ef við víkjum að nýbyggingaráði, með síldarverksmiðjuna á Skagaströnd, sem var einhver mesta fjárfestingin, sem í var lagt á vegum þess? Því miður rættust ekki í því efni allar þær vonir, sem menn gerðu sér um nýsköpunina í heild. Ég man, að hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) sagði á sínum tíma, að þetta færi aldrei í gang-inn. Og þessi stóra fjárfesting fór aldrei í gang-inn. Og margir hér munu muna eftir Hæringi og Faxa, sem komið var á fót eitthvert af fyrstu árunum, sem fjárhagsráð starfaði, og ótalmörg fleiri dæmi mætti nefna um misheppnaða fjárfestingu, sem þessar stofnanir leyfðu eða jafnvel beittu sér fyrir.

Samt sem áður gegnir allmjög öðru máli um fjárfestingu heldur en um innflutning neyzluvöru. Það er ekki hægt að mínu áliti að tala um val milli frelsis og hafta á sama hátt, þegar um fjárfestingu er að ræða, og varðandi neyzluna, því að gera má ráð fyrir því, að u. þ. b. 90% eða meira af allri fjárfestingunni sé stjórnað af hálfu hins opinbera í þeim skilningi, að í hana verður ekki ráðizt, nema leyfi eða önnur fyrirgreiðsla hins opinbera komi til. Yfirleitt er það ekki nema minni háttar fjárfesting, sem einstaklingar eru færir um að standa algerlega undir fjárhagslega. Jafnvel þótt um byggingu lítilla íbúða sé að ræða, þá má sennilega í fyrsta lagi telja þá á fingrum sér, sem geta kostað það alveg án nokkurrar fyrirgreiðslu, og jafnvel þótt svo væri, þyrfti þó alltaf leyfi viðkomandi bæjar- og sveitarfélaga til þess að fá byggingarleyfi, lóðir og allt annað slíkt, enda skil ég satt að segja ekki þær till., sem bornar eru fram í frv., þannig, að það vaki fyrir flm. að taka upp sams konar smámunasemi í þessum efnum og var á fyrstu árum fjárhagsráðs, að öll fjárfesting, þótt ekki væri um annað að ræða en byggingu peningshúsa og þess háttar, eigi að vera háð leyfum. Ég skil það ekki svo, að það séu hömlur á slíkri fjárfestingu, sem fyrir hv. flm. vakir, heldur að þar sé aðeins um meiri háttar fjárfestingu að ræða, þannig að þessir smámunir, sem einstaklingarnir ráða fullkomlega við, eigi að vera frjálsir eins og áður. En um alla þessa meiri háttar fjárfestingu er það þannig, að hið opinbera hefur þar hönd í bagga á einn eða annan hátt, og jafnvel eins og okkar efnahagskerfi er nú uppbyggt, þá eru engar líkur á því, að í náinni framtíð geti orðið um neina verulega breytingu í því efni að ræða.

Þá má nefna þann eðlismun, sem er á neyzlu og fjárfestingu í því efni, að hvað fjárfestinguna snertir, þá er þó til hlutlægur mælikvarði á það, hvað fjárfesting sé hagkvæm, a. m. k. hvað fjárfestingu í framleiðslutækjum snertir, þar sem er arðurinn, sem fjárfestingin gefur af sér, þar sem aftur á móti sú spurning, hvort tiltekin neyzluvara sé þörf eða óþörf, hlýtur að vera, eins og ég þegar hef gert grein fyrir, algerlega háð einstaklingsmati. Og hvað snertir fjárfestingu á vegum hins opinbera í skólum og öðru slíku, þá verður að vísu flóknara dæmi að meta, hvaða arð hún gefur af sér, en þó er það að mínu áliti engan veginn óleysanlegt dæmi, þó að ég fari nú ekki nánar út í það hér. En þó að ýmislegt hafi verið í þessu gert á valdaferli núverandi hæstv. ríkisstj., svo sem nánari grein verður gerð fyrir í nál. okkar, og að þeim málum sé unnið, þá vantar þó á, að þeim sé komið í æskilegt horf, því að þótt meiri hlutinn fallist engan veginn á, að stofnun, er hafi með höndum stjórn fjárfestingar, sé skipuð á nákvæmlega þann hátt, sem lagt er til í frv., — enda skilst mér, að hv. flm. hafi um það atriði allan fyrirvara, — þá er þó sú hugsun, sem að baki frv. liggur, að mínu áliti rétt, að æskilegt sé í þessum efnum að leita víðtæks samstarfs þeirra aðila í þjóðfélaginu, sem þessi mál einkum snerta, svo sem hagsmunasamtaka, lánastofnana og hins opinbera. Og satt að segja finnst mér, með allri

viðurkenningu á þeim mistökum, sem orðið hafa, þegar hið opinbera og þá auðvitað ríkisvaldið hefur haft með höndum heildarstjórn á fjárfestingu, að hlutur hins opinbera og áhrif þess séu minni samkvæmt frv. en eðlilegt má teljast. Á ég þar ekki einvörðungu við ríkisvaldið, heldur einnig bæjar- og sveitarfélög, því að hér er þó um mjög mikilvægt hagstjórnartæki að ræða, sem beita verður í þágu þeirrar almannastefnu í efnahagsmálum, sem hverju sinni er til.

Hér má nú bæta því við, áður en lengra er haldið, og e. t. v. mundi hv. flm. vera í því nokkur huggun, þó að við gerum hér greinarmun á og föllumst ekki á það, að beinar hömlur séu settar á innflutning, en teljum allar hugmyndir um framkvæmd heildarstjórnar á fjárfestingu athyglisverðar, að með því að stjórna fjárfestingunni mundi innflutningnum að mjög verulegu leyti vera stjórnað um leið. Það er nú þannig, að neyzluvöruinnflutningurinn nemur ekki nema hluta af innflutningnum í heild. Ég hef fengið um það upplýsingar frá hagstofunni, að árið 1967, en það eru síðustu skýrslur, sem fyrir liggja um það efni, nam neyzluvöruinnflutningurinn aðeins 32.4% af heildarinnflutningi og eru þó í neyzluvöruinnflutningi talin hráefni til neyzluvöruiðnaðar, sem álitamál er, hvort ekki ætti að skoða sem rekstrarvöru. Á þessu ári var ekki farið að gæta áhrifa samdráttar þess, sem hefur orðið á þjóðartekjuum, á kaupmátt launa eða neyzlu, svo að það var óbreytt, en gera má einmitt ráð fyrir því, að þær gengisfellingar, sem síðan hafa orðið, muni einkum takmarka neyzluvöruinnflutninginn, en í miklu minna mæli innflutning fjárfestingarvöru og rekstrarvöru, þannig að hlutdeild neyzlunnar í innflutningnum í heild hefur vafalaust lækkað töluvert mikið frá því 1967.

Að lokum tel ég rétt að vekja athygli á því, úr því að fjárfestingarmálin eru hér til umr., hve geysistór þáttur fjárfestingin er í okkar þjóðarframleiðslu og jafnvel stærri en í nokkru öðru sambærilegu landi. Samkvæmt nýjustu skýrslu OECD, sem liggur hér á borðum hv. þm., leggja Íslendingar 33% af verðmæti þjóðarframleiðslunnar í fjárfestingu, þar sem miklu auðugri þjóðir, eins og Bandaríkin, leggja aðeins 16% af sinni þjóðarframleiðslu í fjárfestingu. Auðvitað kostar þetta miklar fórnir, því að fjárfesting verður alltaf á kostnað neyzlunnar eða lífskjaranna. Á tímum eins og þeim, sem við nú lifum á, þegar þjóðartekjur hafa minnkað og óhjákvæmilegt er að herða ólina, hlýtur það að verða meira brennandi spurning en ella, hvaða möguleikar séu á því að draga úr kjaraskerðingunni, m. a. með því að létta að einhverju leyti af þeirri byrði, sem fjárfestingin leggur þjóðinni á herðar, án þess að til atvinnuvandræða eða annarra vandræða þurfi að leiða. Það er undir öllum kringumstæðum rétt, að þeir möguleikar séu kannaðir, hvort sem þeir kunna að reynast meiri eða minni.

Herra forseti. Meiri hl. fjhn. leggur samkvæmt þessu til, að frv. verði vísað til ríkisstj.

Frsm. minni hl. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Ég mun ekki í þeim orðum, sem ég segi hér sem frsm. minni hl. fjhn., víkja að ræðu hv. síðasta ræðumanns. Honum virðist vera áskapað það að lifa í gömlum tíma, þegar minnzt er á stjórn á fjárfestingarmálum, og tala um leyfafargan og annað slíkt. Ég læt það liggja á milli hluta. En eitt dæmi vil ég þó aðeins minna á, sem hann minntist á í lokin, og það var það, að slík skipulagning á fjárfestingu eins og nýbyggingaráð hafði undir höndum hefði sýnt sig átakanlega, hvað slíkt væri aumt, og bent var á byggingu síldarverksmiðjunnar á Skagaströnd því til sönnunar. Við höfum nú á undanförnum árum lifað í frelsi, óheftu felsi, og það mundi þá verða saklaust, þó að ég minnti hv. þm. á það, að til eru tvær síldarverksmiðjur byggðar á þessum frelsistímum, önnur svokölluð Rauðu-björg, — ég veit ekki, hvort hv. alþm. hefur heyrt það nefnt, — hún átti að rísa á Neskaupstað með pomp og prakt. Hin verksmiðjan átti að rísa á Seyðisfirði, svokölluð Fjarðasíld h. f. Ég skal ekki orðlengja neitt frekar um þetta, en ég held, að hér sé kannske enn þá átakanlegra dæmi um eyðslu í óraunhæfa fjárfestingu. (Gripið fram í.) Ég skal ekkert segja um það, hvort ríkisbankarnir hafa lagt í það eða ekki. Það kemur fram í nál. meiri hl., að það séu ýmis leyfi, sem þurfi til þess að fara í fjárfestingu. Það er ekkert ólíklegt, að einhverjir bankar hafi komið þar, en varla svo, að ekki hefði einhvers staðar annars staðar komið fyrirgreiðsla frá, en nóg um það.

Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 154, hefur verið rætt í fjhn., og varð ekki samkomulag um afgreiðslu þess. Við, sem skipum minni hl. fjhn., leggjum til, að frv. verði samþ., en meiri hluti n. leggur til, að frv. verði vísað til ríkisstj. Í nál. meiri hlutans kemur fram, að í frv. felist till., sem séu á ýmsan hátt athugunarverðar, og þess vegna beri að vísa þessu frv. til ríkisstj., væntanlega þá til frekari athugunar. Við meðferð málsins í n. var frv. þetta sent til umsagnar nokkurra aðila, og hafa borizt svör frá nokkrum þeirra. Samband ísl. samvinnufélaga mælir með frv., þar sem það geti stuðlað að því að treysta atvinnurekstur inn í landinu. Vinnuveitendasamband Íslands leggur hins vegar á móti frv. Landsamband ísl. útvegsmanna getur eigi mælt með samþykkt frv., en Farmanna- og fiskimannasamband Íslands mælir með því, að frv. nái fram að ganga í höfuðdráttum, og minnir á, að Farmanna- og fiskimannasambandið, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Samband ísl. bankamanna hafi í nóv. s. l. haldið ráðstefnu, þar sem m. a. var samþykkt ályktun um atvinnumál, og megi segja, að margt í þessu frv., sem hér liggur fyrir, sé í fullu samræmi við þær ályktanir ráðstefnunnar. Þessi ráðstefna, sem vitn-

að er til, gerði samþykktir, þar sem segir m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Að taka upp heildarstjórn á fjárfestingu landsmanna og beina fjármagni til lífvænlegra atvinnufyrirtækja á þeim stöðum, þar sem þörfin er brýnust nú til eflingar atvinnulífs.“ Enn fremur er bent á að efla þá innlendu iðnframleiðslu, sem er gjaldeyrissparandi og samanburðarhæf við erlenda. Þá leggur þessi ráðstefna til, að tekin verði upp heildarstjórn á veitingu gjaldeyrisleyfa, ráðstöfun gjaldeyris og gjaldeyrisskilum. Ýmsir meginþættir í ályktunum þessarar ráðstefnu fara mjög í sömu átt og lagt er til í þessu frv., sem hér liggur fyrir, og er þar sérstaklega um að ræða, að ráðstefnan leggur til, að tekin verði upp fjárfestingarstjórn og stjórn á gjaldeyrismálum. Hér er um að ræða samþykktir félagasamtaka, sem hafa um 11 þús. meðlimi innan sinna samtaka, og flestir þeirra, sem ráðstefnuna sóttu, hafa haft mikil afskipti af þessum málum, bæði í bönkum og opinberum stofnunum.

Meginefni frv., sem hér liggur fyrir, er það, að komið verði á fót atvinnumálastofnun, sem hafi fyrir hönd ríkisvaldsins opinbera forustu í atvinnumálum í fullu samstarfi við leiðandi menn á sviði atvinnulífsins. Jafnframt verði þessari stofnun eða stjórn hennar falin heildarstjórn fjárfestingar- og gjaldeyrismála. Enn fremur skal atvinnumálastofnunin semja áætlanir til langs tíma, marka stefnuna í atvinnumálum þjóðarinnar og hafa jafnframt forgöngu eða beita sér fyrir ráðstöfunum til að auka atvinnuöryggi í byggðarlögum landsins eða einstökum landshlutum.

Eitt af meginatriðum þessa frv. er einmitt, að atvinnumálastofnuninni er beinlínis ætlað að hafa frumkvæði að atvinnuuppbyggingu á ýmsum stöðum, ef þurfa þykir. Það má kannske segja, að þeirri fjárfestingu, sem einhverja þýðingu er talin hafa, sé þegar stjórnað á ýmsan hátt. Til eru margir sjóðir, sem eiga að veita aðstoð við atvinnuuppbyggingu. Þessir sjóðir starfa allir hver út af fyrir sig, en milli þeirra er sáralítil eða engin samvinna. Þessir sjóðir lúta engri samræmdri stjórn. Með þessum orðum er ekki verið að gera lítið úr störfum þessara stofnana, alls ekki. Það fé, sem veitt hefur verið út í atvinnulífið fyrir milligöngu þeirra, hefur í mörgum tilfellum komið að mjög miklum notum til eflingar atvinnulífinu víðs vegar um landið. Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd, að full þörf er á að vinna að þessum málum á skipulegri og markvissari hátt en gert hefur verið á undanförnum árum.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, gerir enn fremur ráð fyrir, að unnið verði að gerð áætlana til langs tíma um þróun atvinnuveganna, svo að atvinnumálastofnunin móti stefnuna í atvinnumálum þjóðarinnar, m. a. með því að koma á meira samstarfi milli fulltrúa stéttarsambanda atvinnuveganna og launþega, m. a. með því að beita sér fyrir ráðstefnum með þessum aðilum. Jafnframt verði á þessar ráðstefnur boðaðir sérfræðingar, sveitarstjórnarmenn og aðrir þeir aðilar, sem þörf þykir hverju sinni. Slíkar ráðstefnur, þar sem menn bera saman bækur sínar, eru vafalítið gagnlegar, en leysa þó í sjálfu sér ekki þann vanda, sem við er að fást hverju sinni. Þess vegna er í þessu frv. ákvæði um forgöngu í gerð áætlana, sem svo skulu afhentar ríkisstj., og verði slíkar áætlanir síðar lagðar fyrir Alþ. til staðfestingar.

Gerð áætlana hefur að vísu tíðkazt nokkuð, og hefur hvað mest verið rætt um Vestfjarðaáætlun og svo Norðurlandsáætlunina. Um Vestfjarðaáætlunina er það að segja, að ýmsir hafa deilt um það, hvort hún væri til. Meira að segja hlustaði ég á ráðh. hér um daginn, sem taldi, að það gæti verið álitamál, hvort hún væri til. En a. m. k. er ekki nema hluti af samgöngumálaáætluninni fullgerður. Hins vegar hefur svo verið unnið að Norðurlandsáætluninni nú undanfarið. Báðar þessar áætlanir hafa verið alllengi á döfinni, og það sýnir, að slíkar áætlanir leysa ekki heldur vandann einar út af fyrir sig. Þess vegna þarf það að fara saman, að áætlanir séu gerðar og framkvæmdafrumkvæði sé fyrir hendi og þetta haldist í hendur. Að þessu miða ákvæði í þessu frv.

Ef gera skal raunhæfar áætlanir í þágu atvinnuveganna og um framkvæmdir og fjárfestingu yfirleitt, verður ekki komizt hjá að stjórna þeim málum og taka þau föstum tökum. Fjárráð þjóðfélagsins eru alltaf takmörkuð. Þess vegna er ekki hægt að framkvæma allt í einu. Þess vegna verður að meta það, í hvað skal ráðizt, og raða verkefnunum niður eftir þýðingu þeirra fyrir þjóðfélagið. Þegar þjóðartekjur hafa dregizt saman, eins og nú ber raun vitni, og efnahagsvandræði eru fyrir hendi, er ekki nema eðlilegt, að einhver einn aðili hafi stjórn á og umsjón með því, að þær framkvæmdir, sem þjóðinni er mest þörf á, verði fyrir valinu og sitji í fyrirrúmi fyrir ónauðsynlegri framkvæmdum. Enda þótt segja megi, eins og fram kemur í nál. meiri hl., að allri fjárfestingu sé í rauninni stjórnað af einhverjum aðila í þeim skilningi, að í þær verði ekki ráðizt, nema til komi leyfi eða fyrirgreiðsla á einn eða annan veg frá einhverjum opinberum aðila, — þrátt fyrir þetta þarf að koma til leyfi eða fyrirgreiðsla frá opinberum aðila. En reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að það er full þörf á, að þessi mál séu tekin mun fastari tökum en verið hefur. Um það vitna m. a. ummælin í nál. meiri hl., svo og t. d. frv. um opinberar framkvæmdir, sem liggur fyrir þessari hv. deild.

Ýmis atriði þessa frv. hafa að vísu komizt í framkvæmd, frá því að það var lagt hér fram. M. a. má segja, að atvinnumálanefndir gegni svipuðu hlutverki og gert er ráð fyrir í þessu frv., og frv. um opinberar framkvæmdir kemur einnig inn á þetta sama svið. Það kom fram, þegar mælt var fyrir því frv. hér í d., að á undanförnum árum hefur ýmsum framkvæmdum á vegum hins opinbera verið mjög áfátt, vegna þess að málin voru

ekki undirbúin nægilega og ekki hefur verið séð fyrir því fjármagni í tíma, sem til framkvæmdanna þurfti. Þetta er sjálfsagt ekkert einstakt með ríkisframkvæmdir, þannig hefur þetta gengið hjá bæjarfélögum og einstaklingum. Þess vegna hefur í mörgum tilfellum verið eytt miklu meiri fjármunum en eðlilegt var og framkvæmdirnar dregizt úr hófi fram. Þessu hefur ekki verið veitt sú athygli, sem skyldi, meðan allt lék í lyndi. Metafli og hátt afurðaverð blindaði menn. En nú, þegar harðnar í ári, vakna menn við það, að við svo búið má ekki lengur standa. En jafnvel þó að framkvæmdir geti dregizt saman og fjárráð þjóðarinnar minnki, verður ekki komizt hjá að hafa stjórn á þessum málum, því að þegar þröngt er í búi, verður stjórnleysið í gjaldeyris- og fjárfestingarmálum enn tilfinnanlegra og nauðsynin á samræmdri heildarstjórn þessara mála brýnni. Gjaldeyrir þjóðarinnar leyfir ekki nú frekar en oft áður taumlausan innflutning, og svo er á hitt að líta, að haga verður innflutningi ýmissa vara með tilliti til framleiðslu hér innanlands, vegna þess að taka verður tillit til atvinnuhátta.

Það var í upphafi tekið fram af flm., að með þessu frv. sé ekki stefnt að leyfakerfi í líkingu við það, sem hér þekktist áður, heldur muni atvinnumálastofnunin setja almennar reglur og fyrirmæli, sem aðilar, sem hlut eiga að máli, fari eftir, en jafnframt felast í frv. heimildir til frekari ráðstafana, ef þurfa þykir, t. d. í 8. gr., þar sem atvinnumálastofnunin hefur heimild til að koma í veg fyrir fjárfestingu og banna tiltekna tegund fjárfestingar eða gjaldeyrisnotkunar um tiltekinn tíma.

Með þessu frv. er fyrst og fremst stefnt að því að hafa stjórn á fjárfestingu og gjaldeyrisnotkun með því að setja almennar reglur, en alls ekki að fara út í leyfisveitingar í hverju einstöku tilfelli. Hins vegar er eðlilegt, að stjórn stofnunarinnar sjálfrar ákveði að verulegu leyti, með hvaða aðferðum hún framkvæmir það hlutverk, sem henni er falið. Í frv. er gert ráð fyrir, að stjórn atvinnumálastofnunarinnar geti samið við starfandi ríkisstofnanir um að annast skýrslu- og áætlanagerð svo og afgreiðslu mála eftir nánari ákvörðun stjórnarinnar.

Í stuttu máli gerir frv. það, sem hér liggur fyrir, ráð fyrir því að semja áætlanir til langs tíma eða láta semja áætlanir um þróun atvinnuveganna og að marka stefnuna í atvinnumálum þjóðarinnar, að hafa forgöngu um gerð framkvæmdaáætlana á sviði atvinnulífsins, að beita sér fyrir ráðstöfunum til að auka atvinnuöryggi í öllum byggðum landsins og að hafa á hendi heildarstjórn fjárfestingar- og gjaldeyrismála með því sérstaklega að setja um þau almennar reglur, með heimild þó, ef sérstaklega þykir þurfa, til að koma í veg fyrir fjárfestingu eða gjaldeyrisnotkun, sem samrýmist ekki öðrum ákvæðum þessa frv. Um það er ekki ágreiningur við afgreiðslu þessa frv., að þörf sé frekari aðgerða í þessum málum, þar sem sú stjórn, sem hið opinbera hefur á þessum málum, er nú ekki svo samhæfð og skipulögð, svo að notuð séu orð úr áliti meiri hluta, að tryggt sé, að sú fjárfesting, sem þjóðarbúskapnum megi teljast mikilvægust hverju sinni, sitji ávallt í fyrirrúmi fyrir öðrum. Flm. þessa frv. hafa tekið fram, að þeir væru til viðræðu um breytingar á því, ef til umræðu væru einstök atriði, eins og t. d. stjórn stofnunarinnar, þar sem vafalítið kemur til greina að skipa þeim þætti á annan veg en frv. gerir ráð fyrir. Hins vegar virðast menn sammála um ýmis veigamikil atriði frv.

Við, sem skipum minni hl. fjhn., teljum, að frv. þetta verði í meginatriðum til mikilla bóta og að stjórn þeirra þýðingarmiklu þátta þjóðfélagsins, sem frv. fjallar um, verði með meiri festu og stuðli mjög að framleiðslu- og atvinnuaukningu og jafnvægi milli landshluta. Frv. um atvinnumálastofnun, fjárfestingu og gjaldeyrisnotkun stefnir að því, að skipuleg stjórn fjárfestingarmála undir forustu ríkisvaldsins í samráði við fulltrúa atvinnulífsins verði tekin upp. Menn eru sammála um, að breytinga frá því, sem nú er, sé full þörf, og fyrir því leggjum við, sem skipum minni hl. fjhn., til, að frv. verði samþ.

Tómas Árnason: Herra forseti. Þetta frv., sem hér er til umr., fjallar m. a. um grundvallarstefnu í fjárfestingarmálum og gjaldeyrismálum. Ég vildi gera að umtalsefni sérstaklega fjárfestingarmálin, víkja að þeim nokkuð og ræða ýmis vandamál í sambandi við þau mál.

Þau atriði, sem auðvitað koma til álita, þegar meta á, hvaða stefna sé skynsamlegust í fjárfestingarmálum þjóðarinnar, eru atriði eins og stöðugt verðlag, stöðug skráning á gengi krónunnar og ýmislegt annað, sem hefur áhrif á fjárfestingarmálin, sérstaklega þegar þau eru frjáls. Ég álít í raun og veru, að menn ættu aldrei að hætta að útskýra skaðsemi verðbólgunnar. Að vísu hættir mönnum til þess að yppta öxlum í þessum efnum og vísa til þess, að það sé búið að ræða þetta of mikið og of lengi, en í raun og veru er verðbólgan mesti bölvaldur, sem við búum við og höfum búið við um langt árabil, og skuggahliðar hennar eru vissulega margar. Ég mun ekki ræða þetta frekar nú, en vík að því í sambandi við fjárfestingarmálin og þá stefnu, sem við höfum búið við í þeim málum á undanförnum árum.

Það fer ekki á milli mála, að við Íslendingar höfum á síðasta áratug og lengur búið við mjög mikla verðbólgu, og við höfum búið við ört fallandi gengisskráningu. Þetta hefur haft þær afleiðingar, að allir hafa keppzt um að komast yfir peninga til þess að festa þá í einhverjum framkvæmdum, vélum, í byggingum af ýmsu tagi, skipum o. s. frv. Fjárfestingin í landinu hefur verið frjáls á þessu tímabili, á sama tíma sem við höfum, eins og ég sagði áður, búið við mjög

mikla verðbólgu. Ég er þeirrar skoðunar, þó að ég sé ekki sérlega hagfróður maður, að frelsi í fjárfestingarmálum á tímum verðbólgu og fallandi gengis sé stórhættulegt fyrirbrigði og hljóti að valda gífurlegum, óheillavænlegum röskunum í efnahagslífi þjóðarinnar, þegar til lengdar lætur. Og ég vildi mega halda því fram, að raunveruleg forsenda fyrir frelsi í fjárfestingarmálum væri tiltölulega stöðugt verðlag og tiltölulega stöðug skráning á gengi krónunnar. Þess vegna álít ég, að það verði, þegar rætt er um fjárfestingarmálin og þegar metin er stefna núv. ríkisstj. í fjárfestingarmálum, að taka tillit til þess, að við höfum búið við mikla verðbólgu á undanförnum árum og á sama tíma hefur fjárfestingin verið frjáls. Þetta álít ég í raun og veru háskalegt, enda er ástandið í þessum efnum þannig nú, að það fer ekki á milli mála, að þróun undanfarandi ára hefur verið skaðsamleg í ýmsum efnum. Það má reyndar fullyrða það, að fjárfestingaræði hafi gripið um sig í landinu. Allir hafa reynt að ná peningum til þess að festa þá í einhverju, af því að það hefur verið frjálst. Af hálfu ríkisvaldsins hafa litlar sem engar hömlur verið settar í samræmi við þá kenningu, að þetta mundi verka sig út, ef fjárfesting væri frjáls. Ríkisvaldið hefur nánast setið með hendur í skauti og horft á leikinn. Það er það sanna í þessum málum.

Ég skal ekki mótmæla því, að margt nytsamlegt hefur verið gert í fjárfestingarmálum. Það vil ég ekki gera. Þar tala mörg dæmi, að það eru margir nytsamir hlutir, sem gerðir hafa verið á undanförnum árum. Hins vegar hefur fjárfestingin að allt of miklu leyti einkennzt af verðbólgu. Menn byggja óhagkvæmara og dýrara vegna verðbólgunnar, og menn fjárfesta miklu meira en ella. Fjárfestingaræðið hefur leitt til gífurlegrar þenslu á vinnumarkaðinum og hefur áreiðanlega haft mjög mikla þýðingu í sambandi við þá auknu verðbólgu, sem hefur grafið um sig í landinu á undanförnum árum. Það þarf ekki að rökstyðja þetta nema með almennum orðum, því að það er öllum kunnugt, að þessi þensla á vinnumarkaðnum hefur verið svo mikil, að hún hefur spennt í raun og veru upp kostnað úr öllu hófi, eins og kunnugt er, þar til nú alveg á seinustu tímum, eftir að þróunin snerist við í þessum efnum sem ýmsum fleirum.

En hvað hefur ríkisvaldið gert til þess að ráða bót á fjárfestingaræðinu? Hvað hefur það gert? Hv. 12. þm. Reykv. gat um það í ræðu sinni hér áðan, að það hefðu hér áður fyrr verið leyfðar fjárfestingar, sem hefðu verið óæskilegar, og nefndi t. d. síldarverksmiðjuna á Skagaströnd. En þegar rætt er um síldarverksmiðjur, þá vil ég taka undir það, sem hv. frsm. minni hl. fjhn. minnti á hér áðan, að í tíð núv. ríkisstj. hafa verið byggðar margar síldarverksmiðjur, en tvær hafa stundum verið gerðar að umræðuefni. Það eru síldarverksmiðjan Rauðubjörg í Neskaupstað og síldarverksmiðja Fjarðarsíldar á Seyðisfirði. Nú háttar svo til, að í l. um síldarverksmiðjur er heimild til þess að banna byggingu síldarverksmiðja. Það þarf að fá leyfi til þess hjá ríkisstj. samkv. 1. gr. l., ef ég man rétt. Og það má enginn byggja síldarverksmiðju nema að fengnu leyfi. Það hefði verið auðvelt að neita um leyfi fyrir þessum síldarverksmiðjum, sem svo margir, a. m. k. af ráðandi aðilum, töldu óþarfar. En það var ekki gert vegna þess, að ríkisstj. hefur viljað leggja svo mikla áherzlu á stefnu sína um frelsi á sviði fjárfestingarmála sem annarra mála. En þessi dæmi sýna í raun og veru glögglega frelsið. Það getur verið vandmeðfarið oft og tíðum. Það er ekki nóg að heimta frelsi, vegna þess að frelsið getur leitt til ófrelsis. Það getur gert það, ef ekki er höfð aðgát. Ég geri ráð fyrir því, að það megi nefna dæmi í þessum efnum fram og til baka um síldarverksmiðjur og ýmislegt fleira, sem hefur verið byggt hér á landi bæði á haftatímum og frelsistímum. Það sannar í sjálfu sér ekki nema lítið. Það, sem er aðalatriðið að minni hyggju nú, er það, að frelsi í fjárfestingarmálum, óheft frelsi í fjárfestingarmálum á verðbólgutímum skapar vandræðaástand. Og ástandið í þessum efnum hjá okkur Íslendingum í dag er sannkallað vandræðaástand. Þar tala dæmin á alla vegu. Hér í höfuðborginni eru hundruð ófullgerðra íbúða. Eigendur þeirra margir hverjir hafa ekki hugmynd um, hvernig þeir eiga að ljúka þeim. Verzlunarhúsnæði er ófullgert í allstórum stíl. Sama er að segja um iðnaðarhúsnæði, og margt fleira mætti tína til. Það mætti minna á það í þessu sambandi, að hjá grannþjóðunum, eins og t. d. í Noregi og í Danmörku, þarf að fá leyfi, a. m. k. á vissum stöðum, til þess að byggja verzlunarhúsnæði eða iðnaðareða skrifstofuhúsnæði. Ég veit, að svo er það t. d. í Kaupmannahöfn, svo er það í Osló, Þrándheimi og stærri borgunum í Noregi, að það þarf leyfi til þessara hluta, til þess að slík þróun eins og hér hefur gerzt komi ekki til.

Þetta húsnæði, sem ég var að minna á og hefur verið byggt vegna þess, að menn telja öruggt, að því fé, sem sett er í fjárfestingu, sé vel varið og það muni skila sér síðar meir vegna verðbólgunnar, — þetta húsnæði, sumt af því a. m. k., eins og t. d. iðnaðarhúsnæði, — það er farið að ráðstafa því nú til ýmissa annarra hluta. Mér er sagt, að stórt iðnaðarhúsnæði hér í höfuðborginni eigi að gera að skautahöll t. d. Það er út af fyrir sig gott mál. En þarna er sýnilegt, að um vandræðaráðstafanir er að ræða, og ég hygg, að þessi málefni séu meiri vandræðamál en margan grunar enn þá.

Það fer ekki á milli mála, og það vildi ég leggja áherzlu á sem höfuðatriði, að ástandið í fjárfestingarmálunum er geigvænlegt. Það er ekki aðeins þetta, sem ég hef minnzt á um ónotaðar, hálfgerðar byggingar, heldur er það margt fleira. Hvernig er t. d. ástandið hjá þeim sjóðum, sem eiga að

sjá atvinnulífinu fyrir fjárfestingarfé? Það er þannig, eins og kunnugt er, að það var upplýst seint á s. l. ári af Seðlabankanum, að það mundi skorta a. m. k. 450 millj. kr. í þessa sjóði, til þess að þeir gætu sinnt hlutverki sínu á þessu ári umfram venjulega tekjustofna.

Það er í raun og veru alveg sama, hvernig litið er á fjárfestingarmálin. Það ber flest að sama brunni, að þar hefur verið á hin mesta óstjórn, þó að ég vilji ítreka það, sem ég sagði hér áður, að það er margt nytsamlegt, sem hefur verið gert.

Það er ljóst af nál. meiri hl. fjhn., að meiri hl. viðurkennir í raun og veru það, sem ég hef verið að segja, þó að það sé gert með silkiorðum af tillitssemi til hæstv. ríkisstj. En það kemur í raun og veru fram viðurkenning í þessum efnum, og það mátti skilja það mjög ákveðið á hv. 12. þm. Reykv. hér áðan, að hann viðurkenndi, að það væri þörf úrbóta í þessum efnum, hreinlega viðurkenndi það og taldi, að sú hugsun, sem er að baki frv., sérstaklega með tilliti til fjárfestingarmálanna, væri rétt, og þess vegna má álykta af orðum hans, að það væri brýn þörf á því að breyta um stefnu í þessum málum. Ég hef ekki heyrt frá talsmönnum hæstv. ríkisstj. fyrr svona ótvíræða viðurkenningu í þessum efnum, þó að ég álíti, að hv. 12. þm. Reykv. hafi kannske haft einhverja sérstöðu í þessum efnum, þó að hann fari vel með það, sem eðlilegt er, með tilliti til þess, að hann er stuðningsmaður hæstv. ríkisstj. En þetta er í raun og veru mjög þýðingarmikið atriði, að það skuli koma fram slík viðurkenning eins og hér liggur fyrir, vegna þess að fjárfestingarmálin eru geysilega stór þáttur í þjóðarbúskapnum.

Hv. 12. þm. Reykv. upplýsti hér áðan, að 33% af þjóðarframleiðslu Íslendinga færu í fjárfestingu. Af þessu sést, hve geysilega stór þáttur fjárfestingarmálin eru í efnahagslífi þjóðarinnar, og þá einnig, hvað það er í raun og veru, — ég vil nú nefna það uppgjöf af talsmönnum ríkisstj. að viðurkenna það hér á hv. Alþ., að það sé þörf úrbóta í þessum efnum. Á þetta vildi ég leggja áherzlu og vekja athygli manna á þessari viðurkenningu.

Ég hef ekki trú á því, að till. frá meiri hl. fjhn. um að vísa þessu máli til ríkisstj. hafi í raun og veru mikla þýðingu. Ég er hræddur um, að á þá till. verði hlustað daufum eyrum í þeirri sveit. Það væri hins vegar miklu nær, ef hægt væri að ná samstarfi við alþm. um að bera fram frv. í þessu efni til þess að knýja hæstv. ríkisstj. til þess að breyta um stefnu í þessum málum. Það væri miklu líklegra til árangurs. Og það er margt fleira í þessu frv., sem ástæða væri til að gera að umræðuefni, en eins og ég sagði í upphafi máls míns, þá vildi ég sérstaklega gera fjárfestingarmálin að umræðuefni í ræðu minni.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því, að mér geti dugað tíminn fram yfir kl. 4, enda þótt þetta sé stórt mál og það megi tala langt mál um það og ég sjái ekkert eftir þeim tíma, sem í það fer. Ég býst satt að segja við, miðað við þá till., sem hér liggur fyrir frá meiri hl. fjhn., að þá muni þetta mál ekki verða rætt hér aftur, þannig að þessi umr. um málið verði lokaumr., svo að það er ástæða til þess að gefa sér góðan tíma til þess að ræða málið.

Það, sem ég vil fyrst segja, er það, að ég vil þakka meiri hl. fjhn. og hv. frsm. þess meiri hl. fyrir þau viðurkenningarorð, sem hann hefur látið falla um þetta frv., bæði í nál. og eins í sinni framsöguræðu. Venjan er sú, sem við stjórnarandstæðingar höfum orðið að sæta, að frv. þau, sem við höfum flutt, hafa fengið þau örlög að daga uppi í n., án þess að n. hafi um þau skilað áliti, eða ef mikið hefur þótt við liggja, þá hefur beinlínis verið lagt til að fella þau. Hér er þó annar háttur á hafður, þar sem það er lagt til, að þessu máli sé vísað til ríkisstj., og felst út af fyrir sig í því nokkur viðurkenning og ekki sízt þegar litið er til þess nál., sem fyrir liggur og hv. síðasti ræðumaður ræddi nokkuð, þar sem það kemur fram, að meiri hl. telur í raun og veru fullkomna ástæðu til þess að samþ. eitthvað í þá átt, sem lagt er til með þessu frv. Ég skal ekki rekja það frekar að sinni, en það er eins og þar kom fram, að það er tekið alveg glöggt fram í þessu nál., að það er einmitt þörf á því, að mál þessi séu tekin öðrum tökum en hingað til, og viðurkennt, að það sé þörf á frekari aðgerðum í þessum málum. Þau ummæli lúta alveg sérstaklega að fjárfestingarmálunum. Ég tel það mjög mikilsvert að fá þessa viðurkenningu, og ég tel það líka mjög mikilsvert að fá þá yfirlýsingu frá jafngrandvörum manni og hv. frsm. meiri hl., að þetta frv. hafi ýmsar jákvæðar hliðar, eins og hann gat um í sinni framsöguræðu.

Ég verð hins vegar að segja það, að mér virtist framsöguræða hans bera þess nokkur merki, að hann ræddi ekki kjarna þessa frv., heldur ræddi hann mest önnur atriði, sem þetta frv. lýtur alls ekki að og gerir alls ekki ráð fyrir, eins og hið gamla leyfakerfi, sem hann eyddi mestu máli sínu í að ræða um og ég mun nokkuð víkja að á eftir. Ég verð líka að segja það, að mér fannst hann binda sig um of við einstök atriði í þessu frv. Það er þó alveg glöggt í frv. sjálfu, hvert er efni þess. Það er tekið alveg skýrum orðum fram í 2. gr. þessa frv., hvert skuli vera markmið atvinnumálastofnunarinnar og verkefni hennar. Þar með er í höfuðefnum sagt, hvert efni þessa frv. er, en þar segir, að það sé hlutverk atvinnumálastofnunarinnar í fyrsta lagi að semja áætlanir til langs tíma um þróun atvinnuveganna og marka stefnu í atvinnumálum þjóðarinnar. Þetta er verkefni atvinnumálastofnunarinnar númer eitt. Ég minnist þess ekki, að hv. frsm. meiri hl. véki nokkuð að þessu verkefni atvinnumálastofnunarinnar. Ég tel það æskilegt, að hann tjái sig um það. Mér þykir

ákaflega ósennilegt, að hann sé á móti því, sem þarna er gert ráð fyrir.

Það hefur verið rætt hér á Alþ. um nauðsyn áætlana. Ríkisstj. telur sér það til gildis, að hún hafi beitt sér fyrir gerð áætlana. Það er oft búið að ræða hér um Vestfjarðaáætlunina, það er oft búið að ræða hér um Norðurlandsáætlunina. Gallinn á þeirri áætlunargerð er sá, að þær áætlanir, sem þar er um að tefla, hafa aldrei fengizt birtar, og nú loks, þegar talið er, að meginþætti í Vestfjarðaáætlun sé lokið, þá gefur hæstv. fjmrh. skýrslu um þær framkvæmdir, sem unnar hafa verið samkvæmt Vestfjarðaáætlun. En ætli það hefði ekki verið viðkunnanlegra, að það hefði verið gerð áætlun fyrir fram um þessar framkvæmdir og það hefði verið hægt að bera skýrslu hæstv. fjmrh. um framkvæmdirnar eftir á saman við áætlunargerðina? Og varðandi Norðurlandsáætlunina er það að segja, að hún hefur enn þá ekki fengizt birt. Þó er sagt, að einum þætti í henni, atvinnumálaþættinum, sé lokið og að drög að þeim þætti liggi uppi í Efnahagsstofnun. Eru þetta rétt vinnubrögð? Vill hv. frsm. meiri hl. telja þetta rétt vinnubrögð? Telur hann ekki eðlilegra, að slíkar áætlanir sem þessar væru lagðar með einum eða öðrum hætti fyrir Alþ.? Og þegar seint hefur gengið að gera Norðurlandsáætlun og eftir því hefur verið gengið, þá hefur viðbáran jafnan verið sú, að Efnahagsstofnunina skorti starfslið til að sinna þessu máli. Ég held þess vegna, að það sé ekki vanþörf á því að fela það sérstakri stofnun. Og það er einmitt það, sem lagt er til með þessu frv., að áætlunargerðin sé fengin í hendur atvinnumálastofnuninni. Þær áætlunargerðir, sem atvinnumálastofnuninni er ætlað að fást við, eru tvenns konar: í fyrsta lagi að semja áætlanir til langs tíma og í öðru lagi að hafa forgöngu um gerð framkvæmdaáætlana á sviði atvinnulífsins, þ. á m. um atvinnuuppbyggingu einstakra landshluta, meðan gerð landshlutaáætlana er ekki falin samtökum sveitarfélaga, sem vitaskuld gæti mætavel komið til greina. Mér þykir á skorta í nál. og í framsögu hv. frsm. meiri hl., að hann tjái sig um þessi atriði í frv. Telur hann ekki eðlilegt, að gerðar séu framkvæmdaáætlanir, og telur hann ekki þörf á því, miðað við reynsluna og hversu sorglega seint hefur gengið í þeim efnum, að fá þetta verkefni í hendur nýjum aðila?

Og þá er það í þriðja lagi verkefni þessarar atvinnumálastofnunar að beita sér fyrir ráðstöfunum til að auka atvinnuöryggi í öllum byggðarlögum landsins. Er vanþörf á þessu? Þetta frv. var flutt nokkru fyrir jól. Þá var sýnilegt, að þörf var á því að gera sérstakar ráðstafanir til atvinnuuppbyggingar í einstökum byggðarlögum, og stjórnarandstæðingar fluttu sérstaka till. í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna um háa fjárveitingu og lántöku í því skyni að efla atvinnuöryggi, 350 millj. En þá var sú till. felld. En hvað hefur svo gerzt síðar? Það hefur verið viðurkennt eftir áramótin, að það væri þörf á því að gera sérstakar ráðstafanir til atvinnueflingar í einstökum landshlutum, og það hafa verið settar upp sérstakar atvinnumálanefndir í hverju kjördæmi að kalla má, og það hefur verið sett upp ein allsherjar atvinnumálanefnd fyrir landið allt. Og mér skilst, að þeirri atvinnumálanefnd sé ætlað ekki óáþekkt hlutverk og atvinnumálastofnuninni að þessu leyti til. Og þó að það væri ekki hægt að samþykkja fyrir jólin 300 millj. í þessu skyni, þá var hægt að samþykkja það eftir áramótin utan þings af hæstv. ríkisstj. að beita sér fyrir öflun 300 millj. kr. í þessu skyni. Og nú hefur hæstv. ríkisstj. lagt fram á Alþ. frv. um aðgerðir í atvinnumálum, þar sem loksins er gert ráð fyrir því, að þessar atvinnumálanefndir, sem hingað til hafa starfað án lagagrundvallar, hljóti staðfestingu í lögum og það skipulag, sem sett var upp með samningum við verkalýðshreyfinguna, verði ákveðið í lögum. Ekki getur hv. frsm. meiri hl. verið á móti þessu hlutverki atvinnumálastofnunarinnar.

Mér virtist, að hv. frsm. meiri hl. væri að draga í efa, að sú skipun á stjórn atvinnumálastofnunarinnar, sem hér er gert ráð fyrir, væri eðlileg, þar sem það væri gert ráð fyrir, að ýmis stéttasamtök fengju rétt til þess að tilnefna mann eða menn í stjórn atvinnumálastofnunarinnar. Ég vil út af því segja það, eins og hann reyndar viðurkenndi, að skipan stjórnar atvinnumálastofnunarinnar er ekkert höfuðatriði. Og við höfum lýst því yfir, og því var strax lýst yfir við 1. umr. málsins, að við værum að sjálfsögðu til viðræðu um breytingar á því. En ég vil benda honum á, að það er einmitt sú leið, sem farin er í frv. um aðgerðir í atvinnumálum, það er að fela þessi málefni n., sem skipuð er á þann veg, að stéttasamtökin tilnefna einmitt í hana 6 menn saman, yfirstjórnina, og ríkisstj. svo 3, þannig að ég fæ ekki betur séð en í því sé einmitt fallizt á það sjónarmið, sem liggur til grundvallar skipun stjórnar atvinnumálastofnunarinnar í þessu frv.

Þá eru aðeins eftir þeir tveir höfuðþættir, sem atvinnumálastofnuninni er ætlað að fjalla um og hafa með höndum, þ. e. stjórn fjárfestingarmála og stjórn gjaldeyrismála. Ég held, að það hafi aðeins verið þessir tveir þættir, sem atvinnumálastofnuninni er ætlað að fjalla um, sem hv. frsm. ræddi um í sinni framsögu. Út af því, sem hann sagði um fjárfestingarmálin, þarf ég ekki mikið að segja, vegna þess að hann féllst í raun og veru í meginatriðum á þau rök, sem færð eru fram fyrir því í þessu frv., að það sé þörf á því að setja fastari reglur um stjórn á fjárfestingu. Og þeir agnúar, sem hann benti á í því sambandi, voru ekki þess eðlis, að þeir hnekktu hans meginskoðun að þessu leyti, að mér skildist. En vitaskuld er það svo, að í framkvæmd mála geta alltaf orðið einhver mistök, og auðvitað er það svo í fjárfestingarmálum og stjórn þeirra eins og annars staðar, og ekkert er auðveldara en að koma

eftir á og benda á einstök mistök, sem hafi átt sér stað hjá fjárfestingarstjórn á einhverjum tíma.

Ég verð hins vegar að segja það, að mér þótti það dæmi, sem hv. frsm. nefndi um mistök hjá nýbyggingaráði, miður smekklega valið, þegar hann nefndi síldarverksmiðjuna á Skagaströnd sem dæmi mistaka á sviði fjárfestingarmála. Ég hygg, að það hafi verið sammæli flestra, sem til þekktu á þeim tíma, sem sú verksmiðja var reist, að hennar væri full þörf, eins og síldargöngum og síldveiðum var þá háttað. Og þótt það hafi tekizt sorglega til með það, vegna þess að síldargöngur hafa síðan breytzt, og þessi verksmiðja hafi þess vegna ekki fengið mikil verkefni, þá er það mín bjargfasta sannfæring, að vegur Skagastrandar eigi eftir að vaxa, vegna þess að hún er af eðlilegum ástæðum sjálfsögð höfn við Húnaflóa og þar hlýtur í framtíðinni einmitt að vaxa upp stór bær, og þá er ég ekki í nokkrum vafa um það, að síldariðnaður verður einn af þáttunum í atvinnuvegunum í þeim bæ, þannig að ég held, að það sé alveg misráðið að vera að benda á síldarverksmiðjuna á Skagaströnd sem dæmi um mistök í fjárfestingu. Ég held, að hennar hafi verið full þörf, eins og þá stóð á. Ég held, að þær framkvæmdir, sem þar voru gerðar, hafi á margan hátt verið myndarlegar, og að þeim stóðu vissulega ekki síður sjálfstæðismenn heldur en aðrir, og er engin ástæða til þess að gleyma í því sambandi þeim þætti, þeim mikla og góða þætti, sem þáv. þm. Austur-Húnvetninga, Jón Pálmason, átti í því, að þessi verksmiðja var reist.

Það er líka auðvelt að benda á mistök eins og Hæring, ef það eru þá alveg mistök. Það er bara spurningin, hvort það liggur ljóst fyrir, að það hafi verið mistök, sú stefna, sem lá til grundvallar því, að Hæringur var hingað fenginn.

Nei, við skulum fara varlega í það að fullyrða um mistök, þó að ekki gangi allt að óskum í fyrstu tilraun. Það er oft svo, að þegar tilraunir eru gerðar með einhverja nýbreytni, verður að horfast í augu við það, að það tekst ekki allt í byrjun sem skyldi, og menn verða oft að læra nokkuð af reynslunni í þeim efnum. En ég held, að það sé vafasamt að fella dóma um slíkt. En þetta eru auðvitað alger aukaatriði. Ég viðurkenni það íúslega, að auðvitað er auðvelt eftir á að benda á einstök dæmi í sögu fjárfestingarmála, þó að stjórn hafi verið höfð á þeim, þar sem einhver mistök hafi átt sér stað. Og mér dettur ekki annað í hug en það gæti átt sér stað eftirleiðis, þó að það væri sett upp stjórn fjárfestingarmála. Það verður aldrei girt fyrir mistök. En við getum ekki hætt að hafa stjórn á hlutunum vegna þess, að það geti einhver mistök átt sér stað. Það er ekki hægt.

Ég held, að það sé ekki ástæða til þess, að ég fari fleiri orðum um þennan þáttinn, fjárfestingarmálin, vegna þess að hv. frsm. féllst á, að það væri þörf frekari aðgerða á þessu sviði. Má og segja, að þegar liggi fyrir viðurkenning í þá átt með því frv., sem lagt hefur verið fram af hálfu hæstv. ríkisstj. um skipan opinberra framkvæmda. Þar er einmitt farið inn á þessa braut. Þar er það viðurkennt í grg., og þar var það viðurkennt af hæstv. fjmrh. í framsögu, að mistök hefðu átt sér stað í fjárfestingu opinberra framkvæmda og það hefði valdið því, að ekki hefði verið hægt að koma við þeim hagkvæmustu vinnubrögðum í þeim framkvæmdum, og það hefði orðið til þess að gera margar þeirra framkvæmda dýrari en þurft hefði að vera.

En þá er aðeins eftir stjórn innflutnings- og gjaldeyrismála, og það var í rauninni sá þáttur einn, sem hv. frsm. gerði aths. við og mér virtist hans ræða öll snúast um, þegar frá eru skildar nokkrar aths., sem hann gerði um fjárfestingarmálin. En þá er það þar um að segja, að það er skýrt tekið fram í þessu frv., að atvinnumálastofnuninni er ætlað að hafa á hendi heildarstjórn gjaldeyrismála og fjárfestingarmála og þá einkum með því að setja almennar reglur, og það var skýrt tekið fram í framsöguræðu fyrir þessu frv., að það væri alls ekki ætlunin að taka aftur upp hið gamla leyfakerfi, alls ekki, þannig að það er ekkert um það að ræða, og þess vegna var meginhluti framsöguræðu hv. frsm. meiri hl. óþarfur, vegna þess að hann fjallaði um skipulag, sem við erum alls ekki að tala um eða leggja til, að upp verði tekið, hið gamla leyfakerfi. Ég ætla sízt af öllu að fara að gerast neinn verjandi fyrir það kerfi. Það má sitthvað að því finna og áreiðanlega benda á ýmsar misfellur í því sambandi. Ég tel mér ekki sérstaklega skylt að halda uppi vörnum fyrir það kerfi og þá framkvæmd. Það kerfi stóð nokkuð lengi. Ég held, að það sé óhætt að fara yfir alla þá sögu, og ég held, að á öllu því tímabili hafi hv. stjórnarsinnar, sjálfstæðismenn og Alþfl.-menn, haft meiri hl. í þeim stofnunum, sem fóru með þessi mál. Ég held þess vegna, að þeir beri meginábyrgð á framkvæmd þeirra mála. Og ef þyrfti að halda uppi vörnum fyrir þá ágætu menn, sem skipuðu þessar nefndir og stofnanir, sem höfðu þessi mál á hendi, er það vitaskuld skyldast sjálfstæðismönnum og Alþfl.-mönnum að halda þeim vörnum uppi. Ég ætla ekki að gera það, eins og ég sagði, en ég vil þó taka fram, að ég álít, að margt af því, sem hv. þm. sagði nú og þó sérstaklega hefur áður sagt í því sambandi, sé ofmælt, þær getsakir, sem hann hefur verið með í garð ýmissa þeirra manna, séu ekki á rökum reistar að mínum dómi.

Ég held, að hv. þm. hafi sagt eitthvað á þá leið, að frv. að þessu leyti til, þ. e. um stjórn gjaldeyrismála, hvíldi á grundvallarmisskilningi. Mér skildist, að það væri hans skoðun, að það væri ekki hægt að setja neinar almennar reglur um þetta efni, það væri ekki hægt að finna neinn mælikvarða til þess að fara eftir í þessum efnum og þess vegna væri ekki hægt að stjórna þess-

um málum á neinn skynsamlegan hátt og það yrði að sætta sig við það, að þetta stjórnaðist af sjálfu sér. Í því sambandi fjölyrti hann mikið um dómara og réttarreglur og samanburð á því, og mér fannst helzt á hv. þm., að hlutverk dómarans væri lítt sambærilegt við hlutverk úthlutunarnefnda og það væri svo auðvelt að því leyti, að þar væri alltaf hægt að styðjast við einhvern mælikvarða, kannske fá sjálfgefna niðurstöðu. Ég geri að vísu ekki lítið úr því, að það er mikill munur á dómurum og nefndarmönnum í úthlutunarnefndum. En hins vegar held ég, að því fari fjarri, að það sé jafnstórkostlegur grundvallarmunur á þessu og hv. þm. vildi vera láta, vegna þess að þegar um réttarreglur er að ræða, verður vitaskuld að greina á milli alveg lögbundinna tilfella og svo aftur ýmiss konar úrlausna, sem dómstólar verða líka að taka og byggjast að meira eða minna leyti á frjálsu mati. Þannig er það t. d. jafnvel á sviði eins og þegar dómari þarf að taka til refsingu, að það er komið undir mati dómarans þar mjög, hvaða refsingu hann tiltekur. Lagaregla setur honum þar bara ramma. Og þannig er þetta á mýmörgum sviðum. Auðvitað er það svo, að hliðstæður við þessa úthlutun gilda á ýmsum sviðum réttarins, þannig að það er ekki hægt að gera jafnalgeran greinarmun á þessu og hv. þm. vildi vera láta. Frjálst mat stjórnvalds kemur nefnilega mjög til greina á mörgum sviðum opinberrar sýslu. Við skulum bara taka eins og t. d. veitingu embættis. Auðvitað verða þeir, sem sækja um embætti, að fullnægja tilteknum skilyrðum. En það geta sótt 10 menn um það embætti, sem allir fullnægja skilyrðunum, og síðan verður svo veitingarvaldshafinn að gera það upp við sig, hverjum hann veitir. Það liggur í hans mati. Þar er engar ákveðnar reglur við að styðjast um það, hvern af þessum 10 hann telur hæfastan, og það getur vissulega verið, að mörgum sýnist annað en honum, að þar hafi misbeiting átt sér stað, og þannig er það víðar.

Þrátt fyrir allt frelsi, sem alltaf er verið að tala um, er það svo, að auðvitað þarf eftir sem áður ýmis leyfi til margra hluta. Það er rétt, að það er ekki stjórn á fjárfestingu. Við teljum, að það eigi að hafa heildarstjórn á fjárfestingu til þess að hafa stjórn á því, að það sé framkvæmt og látið sitja fyrir, sem heildinni er fyrir beztu og mest er þörf á frá almannasjónarmiði. En þrátt fyrir það mega menn ekki halda það, að hvers konar framkvæmdir séu frjálsar, menn geti bara farið í þær og gert þær, eftir því sem þeim bezt líkar. Ég veit ekki betur en hver og einn einasti maður, sem ætlar að byggja byggingu, hve lítilfjörleg sem hún er að kalla, þurfi að sækja um leyfi til þess. Ég veit ekki til þess, að hann eigi nokkra lagalega heimtingu á að fá það leyfi. Það er algerlega undir geðþótta byggingaryfirvaldanna á hverjum stað komið, hvort hann fær þetta leyfi eða ekki. Það er kannske hugsanlegt, að byggingaryfirvöldin á þessum og þessum stað hafi einhvert sjónarmið af þeim atriðum, sem hv. frsm. meiri hl. var að tala um hér áðan, að innflutnings- og gjaldeyrisyfirvöld hefðu haft gjarnan í huga, þegar þau veittu innflutnings- og gjaldeyrisleyfi. Ég nefni þetta aðeins til þess að sýna, að það er ýmislegt fleira, sem kemur til greina en gjaldeyris- og innflutningsleyfi, þegar spurning verður um það, hvort opinber yfirvöld geti beitt valdi sínu á einhvern ómálefnislegan hátt, og það er erfitt að koma í veg fyrir það. En dytti nokkrum manni af þeim sökum í hug að leggja til, að það ætti að gefa allar byggingar frjálsar, það ætti hver að mega byggja eins og hann vildi, það þyrfti ekkert skipulag eða byggingaryfirvöld? Nei, ég held, að þeir yrðu fáir. Og þannig er það, að í hverju þjóðfélagi verða menn náttúrlega að sætta sig við ýmsar reglur.

Viðvíkjandi innflutnings- og gjaldeyrismálunum endurtek ég það, sem ég hef þegar sagt, að það er ekki með þessu frv. stefnt að því að innleiða neitt leyfakerfi, heldur fyrst og fremst haft í huga að setja almennar reglur um þessi efni. Það álít ég, að sé hægt, t. d. að banna um tiltekinn tíma innflutning tiltekinna vara. Til setningar slíkra reglna getur nauðsyn borið af ýmsum ástæðum. Það getur verið þörf á slíkum reglum vegna þess, að það sé talin þörf á því að vernda vissa innlenda iðnaðarframleiðslu. Og það getur verið þörf á því líka vegna gjaldeyrisástands. Og ég geri ekki ráð fyrir því, að hv. 12. þm. Reykv. haldi því fram t. d., að eins og ástandið var, — við skulum segja 1934 eða þar um bil, — hafi verið hægt að komast hjá því að beita stjórn á gjaldeyris- og innflutningsmálunum. Og þó að hann væri að tala um það áðan með nokkuð sterkum orðum, hvenær höftin hefðu verið mest og komið verst við, geri ég tæplega ráð fyrir því, að hann haldi því fram, að það hafi verið hægt að komast hjá því 1947 að taka upp sterkari stjórn á þessum málum en áður hafði verið. Ég hygg, að hann ásamt fleiri hagfræðingum hafi um það leyti skrifað merkt álit, hagfræðingaálit, sem prentað var. Ég hygg, að í því komi fram ýmsar ábendingar, sem gott væri að rifja upp nú á tímum. En ég held, að ástandið í þessum efnum sé þannig nú, að það sé þörf á því að taka upp heildarstjórn á gjaldeyrisnotkun og miða hana við getuna, gjaldeyrisöflunina, og þarfir framleiðsluatvinnuveganna.

Ég held, að það séu allir sammála um það, að eins og nú er komið, sé takmarkaður gjaldeyrir til umráða. Það þarf ekki að vera að rekja það, hver útkoman varð á s. l. ári og árinu þar á undan varðandi viðskiptin við útlönd og hversu stór greiðsluhalli þá varð og hvernig komið var þeim gjaldeyrisvarasjóði, sem áður var talinn vera fyrir hendi, hvernig honum var komið um s. l. áramót. Og hvernig hefur það gengið á þeim mánuðum, sem af eru þessu ári? Ég hef ekki heyrt betur en að samkv. þeim skýrslum, sem

upp hafa verið lesnar um þetta efni frá Hagstofu Íslands, hafi á tveimur fyrstu mánuðum þessa árs orðið halli á viðskiptum, svo að nemur hundruðum milljóna. Hvað halda henn, að það sé lengi hægt að halda áfram á þessari braut? Það er kannske hægt að taka lán og bæta í bili þannig úr. En þau lán þarf að greiða, og þeim lánum fylgir það, að síhækkandi prósenta af gjaldeyristekjum þjóðarinnar fer í það að greiða vexti og afborganir af slíkum lánum. Ég veit, að hv. 12. þm. Reykv. gerir sér fulla grein fyrir þessum efnum, og ég veit, að hann er svo ábyrgur maður, að hann sér, að það er ekki hægt að halda áfram endalaust á þann hátt, sem gert hefur verið að undanförnu. Það má segja, að það hafi verið gert í þeirri trú, að einhver höpp mundi að höndum bera. Oft höfum við verið heppnir, og ýmis höpp hefur borið að höndum. En það er valt að treysta of mikið á það, og ef útkoma margra mánaða á þessu ári verður slík sem þessara tveggja fyrstu, þá er ég hræddur um, að það verði hlutskipti hv. 12. þm. Reykv. og annarra þeirra, sem stjórnarflokkana fylla, að þurfa að mæla fyrir því, að teknar verði upp einhverjar hömlur og einhver stjórn á gjaldeyrismeðferð, og þess vegna er vissara fyrir hann og þá aðra að hafa ekki of stór orð um fortíðina í þessu efni. Það kynni að fara svo, að það ætti eftir að verða þeirra hlutskipti að setjast enn á nýjan leik í stóla þeirra manna, sem hann hefur haft þyngst orð um í þessum ræðustól.

Umr. frestað.

Á 64. fundi í Ed., 27. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Frv. þessu til l. um atvinnumálastofnun, fjárfestingu og gjaldeyrisnotkun hafa þegar verið gerð nokkur skil hér í deildinni, og ég hef ekki miklu við það að bæta, sem fram hefur komið af hálfu annarra flm. frv. sem hér hafa talað. En með því að hér er um að ræða talsverða stefnubreytingu frá því, sem framkvæmt hefur verið undanfarinn áratug, langar mig til að segja hér aðeins örfá orð, áður en frv. þetta verður afgr. héðan, og mun aðeins halda mig við nokkra þætti.

Ég vil í fyrsta lagi segja, að ég tel það fremur hæpna afgreiðslu að vísa svona stefnumarkandi máli til ríkisstj. Mér finnst liggja í augum uppi, að annaðhvort vilji menn fallast á þá stefnu, sem í frv. er mótuð, þ. e. í fyrsta lagi að koma á heildarstjórn gjaldeyrismála með hliðsjón af gjaldeyrisöflun og þörfum framleiðsluatvinnuveganna og gera þá ráðstafanir til að minnka vöruinnflutning og gjaldeyrisnotkun yfirleitt með þeim aðferðum, sem bezt samræmast almenningshagsmunum, í öðru lagi að taka upp skipulega stjórn fjárfestingarmála undir forustu ríkisvaldsins í samstarfi við fulltrúa atvinnulífsins og að um meiri háttar framkvæmdir fari eftir fyrirframgerðri áætlun, þar sem verkefnum sé raðað og þau látin ganga fyrir, sem þýðingarmest eru, og í þriðja lagi að semja áætlanir um þróun atvinnuveganna og marka stefnu í atvinnumálum þjóðarinnar, m. a. með gerð framkvæmdaáætlana, er snerta atvinnuuppbyggingu einstakra landshluta, — að annaðhvort vilji menn fara eftir þessu eða þá aðhyllast einhverja aðra stefnu, eins og t. d. þá, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið að framkvæma á undanförnum áratug með þeim árangri, að stuðningsmenn hennar lýsa því yfir í nál., sem ég mun aðeins nánar víkja að, að mörgu þurfi að breyta og margt standi til bóta. Ég veit það og hef fundið það í samræðum við menn og umr. um þetta frv., að sumum finnst, að hér sé of mörgum og óskyldum verkefnum safnað saman á eina hönd, en að mínum dómi er það svo, að heildarstjórn þessara mála þarf að vera á einum og sama stað, t. d. hjá stofnun eins og þeirri, sem hér er lagt til að komið verði á fót. Ég bið menn að athuga það vel, að samkvæmt frv. eiga áætlanir stofnunarinnar að leggjast fyrir hæstv. ríkisstj. fyrst og síðan fyrir Alþ. til staðfestingar og stjórninni ber að gefa skýrslu um framkvæmd slíkra áætlana. Hér er því verið að færa Alþ. á ný nokkuð af því valdi, sem það hefur verið svipt í vaxandi mæli að undanförnu, og er enn þá verið að ganga lengra á þeirri braut. Sem dæmi um það skal ég nefna, að frv. um aðgerðir í atvinnumálum frá hæstv. ríkisstj., sem ég hygg að nú sé til umr. í hv. Nd., gerir ráð fyrir því, að atvinnumálanefnd ríkisins hafi æðsta vald í þeim málum, sem henni eru fengin samkvæmt frv., og að Alþ. eigi þar hvergi nálægt að koma. Ég held, að það sé því alveg ástæðulaust að óttast það, að sú atvinnumálastofnun, sem frv. gerir ráð fyrir, verði óhæfilega valdamikil. Þvert á móti sýnist mér, að Alþ. mundi fá meiri völd en það hefur nú í ýmsum greinum og hefjast þar með að nokkru til fornrar virðingar, en á þeirri breyt. sýnist mér engin vanþörf vera, eins og ég hef áður vikið að í þessum ræðustóli.

Þá vil ég aðeins minnast á það með örfáum orðum, hvernig stjórn atvinnumálastofnunar ætti að vera skipuð, ef til þess kæmi, að henni yrði einhvern tíma komið á fót. Ég játa, að þar er vissulega vandi á höndum. Samkvæmt 5. gr. frv. er tilnefningin hugsuð þannig, að stjórnina skipi 3 menn frá launþegasamtökum og 3 menn frá samtökum atvinnurekenda, en formaður verði tilnefndur af gjaldeyrisbönkunum sameiginlega. Samkvæmt þessari hugsun eru þá launþegamegin við borðið menn frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, en hins vegar fulltrúar frá sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði, og einhvern veginn svona held ég, að slík stjórn eigi að vera saman sett. Það má vitanlega endalaust deila um það, hvaða félög úr þessum atvinnugreinum það eigi

að vera sem fulltrúana tilnefna, og við flm. erum auðvitað fúsir til að taka öllum skynsamlegum ábendingum um breytingar með þökkum. Það er ekkert sáluhjálparatriði fyrir okkur að hafa þetta endilega svona. En þó bendum við á, að frá launþegum höfum við tekið stærstu samböndin þrjú: Alþýðusambandið, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, og frá vinnuveitendum höfum við tekið samtök úr þremur höfuðatvinnugreinum þjóðarinnar. Eins og við öll vitum, var það eitt af því, sem menn höfðu hvað mest á móti fyrri stjórnum, sem settar hafa verið til að sinna svipuðum verkefnum, eða a. m. k. hluta þeirra, að þær væru skipaðar fulltrúum pólitísku flokkanna, sem þangað væru sendir til að gæta hagsmuna flokksins og gæðinga hans fyrst og fremst, en síður til að standa vörð um almannahagsmuni. Enda þótt ég sé þeirrar skoðunar, að mjög hafi verið hallað réttu máli í frásögnum af störfum þeirra yfirleitt mætu manna, sem að málum þessum störfuðu, — og þá hef ég fyrst og fremst í huga fjárhagsráð, því að störfum þess kynntist ég allnáið við 6 ára störf hjá þeirri stofnun, — þá neita ég því ekki, að þetta, sem ég áðan lýsti hér um stjórnmálaflokkana og áhrif þeirra í þeim n., er allútbreidd skoðun og skoðun, sem m. a. er útbreidd vegna þess, að henni hefur mjög verið haldið að fólki á undanförnum árum og að mér finnst helzt úr þeirri áttinni, sem sízt skyldi, af samherjum þeirra manna, sem þarna höfðu mest völd og mesta ábyrgð. Með hliðsjón af þessu og til þess að koma í veg fyrir pólitíska misbeitingu, sem játa má að kann í sumum tilfellum að vera fyrir hendi, og síðast, en ekki sízt til þess að undirstrika nauðsyn þess að efla samstöðu og áhrif þeirra, sem í atvinnulífinu standa, hvort sem þeir taka laun eða greiða þau, þá höfum við flm. lagt til þá tilhögun, sem í frv. greinir. En ég get endurtekið, að það er matsatriði, hvernig stjórn atvinnumálastofnunarinnar á að vera fyrir komið.

Ég fagna þeim ummælum í nál. hv. meiri hl. fjhn. á þskj. 359, að hann geri sér ljóst, að sú stjórn, sem hið opinbera hefur á fjárfestingarmálum, er ekki svo vel samhæfð og skipulögð, að tryggt sé, að sú fjárfesting, sem þjóðarbúskapnum má telja mikilvægasta hverju sinni, sitji í fyrirrúmi fyrir öðrum, svo að notuð séu hér orð meiri hl. Enn fremur sé ég ástæðu til þess að taka vel eftir því, sem meiri hl. segir um atvinnumálanefndirnar, sem settar hafa verið á fót, um málefni, er þær snerta, en um það segir meiri hl., að frekari aðgerða sé þörf. Þetta er vissulega mikilsverð viðurkenning frá þeim hv. þm., sem nál. undirrita, og í þessu nál. kveður við allt annan og miklu jákvæðari tón en hjá ýmsum öðrum talsmönnum viðreisnarinnar, og kemur mér þá einna helzt í hug hæstv. viðskmrh. og ræða sú, sem hann hélt hér við umr. um efnahags- og atvinnumál, þar sem hann margendurtók, að stefnan væri ein og hin sama og óbreytanleg, hefði verið það og ætti að vera það, og að hér væri allt í stakasta lagi.

Hins vegar treystir hv. meiri hl. sér ekki enn til að viðurkenna, að skynsamlegt geti verið að taka upp nokkrar hömlur á innflutningi, í hvaða mynd sem er, telur hann það enn samkv. nál. fara í bága við þá stefnu, sem núv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar fylgja í viðskiptamálum. Að vísu viðurkenndi hv. 12. þm. Reykv., að stefnu væri hægt að breyta, og að mér skildist, að stundum gæti verið hyggilegt að breyta stefnu, og er ástæða til þess að taka eftir þeim ummælum hans. En jafnframt því sem hann benti á, að þennan þröskuld væri hægt að yfirstíga, nefndi hann annan, að manni skildist svo háan, að yfir hann væri ómögulegt að komast, en þar átti hann við hugsanlega sameiningu okkar við erlend verzlunarbandalög, svo sem Norræna fríverzlunarbandalagið, Nordek, Fríverzlunarbandalag Evrópu, EFTA, og e. t. v. einhver fleiri. Nú kann vel að vera, að þessi bandalög líti allar hömlur illu auga og vilji ekki viðurkenna þær sín á milli, ég þekki það ekki svo gerla. En í fyrsta lagi vil ég þó segja, að því verður tæplega trúað, að slík sameining okkar við það geti staðið í vegi fyrir því, að gerðar séu skynsamlegar ráðstafanir í gjaldeyrismálum til þess að koma á nokkrum greiðslujöfnuði, en það hlýtur okkur að vera alveg nauðsynlegt, hvort sem við erum í Efnahagsbandalaginu eða ekki. Það er enn fremur vitað, að við munum þurfa margs konar undanþágur og sérsamninga, ef við eigum að geta tengzt þessum bandalögum, og kannske er þetta eitt af því, sem okkur er nauðsynlegt að semja um.

Hv. 12. þm. Reykv. nefndi það sem einn helzta þröskuldinn fyrir því, að hægt væri að hafa nokkrar innflutningshömlur í samskiptum við þessar þjóðir, að með þeim væri mjög mikil hætta á mismunun milli landa, að mér skildist, og fyrirtækja. En ég vil benda á, að samkvæmt þeirri meginhugsun, sem í frv. okkar framsóknarmanna um atvinnumálastofnun er, þá er fyrst og fremst um almennar takmarkanir á innflutningi að ræða, og samkvæmt þeim ætti slíkur mismunur ekki að koma til greina, og eins og hv. 12. þm. Reykv. réttilega benti á, verkuðu þær svipað og verndartollar. Að vísu séu þeir illa séðir líka, ég veit það, en engu að síður er þó mismununarhættan fyrir hendi í hvorugu af þessum tilvikum. Þar að auki leyfi ég mér enn einu sinni að benda á það, að þrátt fyrir orðalagið í nál., að allar hömlur komi í bága við stefnu ríkisstj. og að hér eigi að ríkja algjört viðskiptafrelsi, þá er það samt svo, að ýmis bönn við innflutningi og gjaldeyrisnotkun eru í gildi. Það er af margs konar ástæðum og ýmsar tegundir af innflutningi, sem eru ýmist bannaðar eða háðar leyfum, ég ætla ekki neitt að fara að rekja það, ég minni bara á það, að þær vörutegundir, sem t. d. þarf að sækja um leyfi fyrir til þess að fá innflutning á, þær taka hér í tollskránni einar 8 bls.,

og innflutningur á sumum vörutegundum er algjörlega bannaður. Ég er ekki að segja þetta neinum til hnjóðs, þetta hlýtur ævinlega svo að vera. En þegar það er viðurkennd staðreynd, að undir öllu frelsinu þurfa að vera ýmis bönd, þá sýnist mér, að hér sé frekar um stigsmun en eðlismun að ræða, hvort nokkuð fleiri vörutegundir verða um takmarkaðan tíma settar á þennan lista eða ekki, og það geti ekki undir neinum kringumstæðum verið okkur nokkur fjötur um fót, þó að slíkar takmarkanir þyrfti að taka upp um skamman, tiltekinn tíma, því að ég undirstrika það, að auðvitað er ekki æskilegt að hafa slíkar takmarkanir mjög miklar á innflutningi, það er ekki æskilegt, en ég álít, að það geti verið nauðsynlegt og einmitt nú sé það nauðsynlegt.

Það væri að vísu freistandi að fara miklu lengra út í að ræða innflutningsfrelsið, kosti þess og galla. Það höfum við nokkrum sinnum gert hér í hv. deild, og ég ætla ekki að fara nánar út í það að þessu sinni. Ég vænti þess, að enda þótt hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar sjái sér ekki fært að samþ. þetta frv., sem kannske er ekki að vænta, þar sem um svo mikla stefnubreytingu er að ræða, þá megi þó flutningur þess og vísan þess til hæstv. ríkisstj. benda til þess, að nokkur atriði frv. verði tekin til greina. Og satt að segja ber að viðurkenna það, að sumt af því, sem við framsóknarmenn höfum verið að halda fram á undanförnum árum og upphaflega var talin fjarstæða, hefur þó að nokkru verið tekið inn í núv. stefnu hæstv. ríkisstj.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Hv. frsm. minni hl. fjhn., 3. þm. Vestf., taldi í sinni ræðu, að ég hefði varið miklum hluta framsöguræðu minnar s. l. þriðjudag til þess að glíma við drauga og vandamál, sem aðeins heyrðu fortíðinni til, þegar ég ræddi um innflutningshöftin og framkvæmd þeirra. Þetta voru að vísu ekki nákvæmlega hans orð, en ég hygg, að hugsunin sé ekki mistúlkuð. Ég mundi nú mjög fagna því, ef það væri rétt, að hv. framsóknarmenn væru orðnir svo fráhverfir haftafyrirkomulaginu, að tilefnislaust sé að ræða það í sambandi við frv., sem hér liggur fyrir. En bæði sjálft frv., grg. fyrir því og margt, sem komið hefur fram í ræðum þeim, sem hér hafa verið fluttar, mælir því miður að mínu áliti gegn því, að svo sé. Í frv. er þó beinlínis gert ráð fyrir því, að heimiluð séu bein innflutningsbönn, að vísu tímabundið, en það eru innflutningshöft, og breytir það engu, þó að kallað sé hinu fína nafni stjórn gjaldeyrismála. Vakir e. t. v. fyrir hv. flm. að tryggja með því eitthvað betri framkvæmd haftanna en var hér áður fyrr, en í framkvæmdinni hygg ég, að þetta fyrirkomulag hlyti óhjákvæmilega að hníga í sama farveg og þá var, og skal í örfáum orðum færa rök fyrir þeirri skoðun minni.

Ég viðurkenndi í framsöguræðu minni, að inn á við hefði þetta fyrirkomulag innflutningshaftanna, sem lagt er til í frv., vissa kosti miðað við gamla leyfaúthlutunarfyrirkomulagið. En gagnvart viðskiptalöndum okkar hygg ég, að þetta yrði þó enn óvinsælla í framkvæmd, þar sem því yrði þó frekar unað, að innflutningurinn yrði takmarkaður, en ef hann yrði bannaður með öllu. Til lengdar gæti ekki heldur orðið neinn gjaldeyrissparnaður af slíku fyrirkomulagi, heldur aðeins meiri sveiflur í innflutningnum frá einum tíma til annars, þannig að á þeim tímum, sem innflutningur hinna bönnuðu vara væri leyfður, mundu verzlanir birgja sig upp fyrir banntímann, og væri þá auðvitað gengið út frá því, að við það verði staðið, að innflutningshömlurnar séu aðeins tímabundnar. Það má og telja víst, að ef þetta yrði gert, mundu bæði innflytjendur og notendur þess varnings, sem banna ætti, koma knékrjúpandi til stjórnvalda og segja sem svo: Við skiljum vel, að innflutning þurfi að takmarka sökum gjaldeyrisskorts, en að leggja á algjört innflutningsbann, það er ekki hægt. — En yrði komið á móts við þær óskir, væri auðvitað gamla haftakerfið komið á að nýju.

Raunar átti hv. 3. þm. Norðurl. v. líka erfitt með að vera sjálfum sér fyllilega samkvæmur, þegar hann nefndi það sem rök fyrir slíkum innflutningsbönnum, að með þeim væri hægt að veita innlendum iðnaði vernd. Það held ég að sé rétt eftir haft. Ef raunverulega aðeins er um tímabundnar ráðstafanir að ræða, þá rís ekki upp iðnaður í skjóli þeirra, þannig að mér finnst það ljóst, að hann hefur einmitt varanleg innflutningsbönn í huga eða annað en það, sem frv., eins og þær gr. þess, sem um þetta fjalla, eru orðaðar, gerir ráð fyrir. Nei, ég held, að þetta fyrirkomulag, fyrir utan það, að það kæmi varla að neinu gagni, yrði varla framkvæmanlegt, þannig að ef út á þessa braut yrði farið, þá hlyti það að lenda í hinu gamla fyrirkomulagi. Og ég efast satt að segja um, að hv. flm. hefðu sett þessar till. um stjórn gjaldeyrismála á pappír, ef þeir hefðu hugsað út í það, hve örðugt hlýtur að verða að framkvæma þær, og að því leyti sem það yrði hægt, leysir þetta engan vanda. Nei, í þessum efnum er spurningin um frelsi eða höft. Það, sem þar er á milli, er óraunhæft.

Ég skal þá aftur aðeins víkja að réttarreglunum og orðaskiptum okkar nafnanna s. l. þriðjudag um þau atriði. E. t. v. er nú hér um of akademískar spurningar að ræða til þess, að það sé hinn rétti vettvangur að ræða þær hér, en þó er um atriði að ræða, sem snertir mjög grundvöll þess, sem um er deilt. Nú mæli ég mig engan veginn við nafna minn hvað snertir lögfræðilega þekkingu. En svo mikið veit ég þó, að mér er það auðvitað fyllilega ljóst, að störf dómara eru engan veginn það einföld að þeir geti flett upp í lagasafni eða lögfræðiriti, þegar þeir standa gagnvart því að dæma mál. Af slíku geta þeir haft vissa hliðsjón, en auðvitað hlýtur niðurstaðan alltaf að verulegu leyti að vera

háð mati, og það er einmitt sambærilegt við framkvæmd hafta og leyfisveitinga, að í báðum tilvikum er um matsatriði að ræða, annars væri þetta ekki sambærilegt. En meginmunurinn er sá, að þar sem réttarreglurnar eru, þá er fylgi við þær flestum heilbrigðum hugsandi mönnum sameiginlegt, allir eru í meginatriðum sammála um gildi þeirra og réttmæti. En þessu sameiginlega mati er ekki til að dreifa, þegar tekin er ákvörðun um það, á hverju skuli leyfa innflutning og hverjum. Það er það, sem þarna gerir höfuðmuninn. Bannmaðurinn hefur t. d. allt annað mat á því, hvort leyfa skuli innflutning áfengra drykkja, heldur en sá, sem vill njóta þeirra veiga. Hinn ómúsíkalski hefur allt annað mat á gildi hljóðfæra heldur en sá, sem söngelskur er. Þar er um grundvallarskoðanamun að ræða. Og þannig má nefna óteljandi dæmi, og þess vegna er það á fullkomnum misskilningi byggt, og mig grunar, að það liggi í rauninni til grundvallar þeim hugsunarhætti, sem sumt í þessu frv. og það, sem ég er mest andvígur, byggist á. Þessi atriði virðast flm. ekki fullkomlega ljós, og það byggi ég m. a. á því, þegar þeir halda því fram, að þær ádeilur, sem ég og aðrir hafa borið fram á framkvæmd haftakerfisins, séu í rauninni persónulegar árásir á þá menn, sem hafa haft þessa framkvæmd með höndum. Ef þetta væri hliðstætt við störf dómaranna, þannig að þeir hefðu brotið algildar reglur, sem að sjálfsögðu bæri að fara eftir, þá væri þetta rétt. Nei, aðalatriðið er, að þessar algildu reglur eru ekki til og þessir menn hafa ekki haft annað að fara eftir en sitt einstaklingsmat og svo auðvitað tillit til þeirra aðila, sem þeir hafa verið fulltrúar fyrir og togað í þá. En þetta einstaklingsmat hlýtur alltaf að koma meira eða minna í bága við mat annarra í þessum efnum, og það er það, sem skapað hefur óánægjuna og gerir þetta kerfi svo gallað sem raun er á.

Í þessu sambandi, án þess að fara nánar út í það, vil ég stinga því að hv. 3. þm. Norðurl. v., sem er fræðimaður í þessari grein, og öðrum þeim lögmönnum, sem hér eru staddir, hvort þeir hafi nokkurn tíma hugsað út í það, hvort það sé hrein tilviljun, hversu frábrugðið réttarfarið í Austur-Evrópulöndunum er því, sem hér gerist. Þar er dómsvaldið ekki annað en angi af framkvæmdavaldinu. Þar starfa hinir svonefndu alþýðudómstólar, þar sem ekki er gerð krafa til þess, að menn séu löglærðir eða þá kannske aðeins einn af þeim dómurum, sem þar starfa, en þeim mun meiri krafa gerð til þess, að dómararnir séu trúir stjórnvöldunum og fylgi sömu stefnu og þau. Er það hrein tilviljun, að þetta fyrirkomulag er tekið upp einmitt í þeim löndum, þar sem stjórn efnahagsmála er jafnvíðtæk og þar? Þá er hinum venjulegu dómstólum, sem fylgja almennum réttarreglum, ekki lengur treyst, því að aðalatriðið er, að framkvæmd sé sú stefna, sem ríkisstj. fylgir hverju sinni. Er þetta alger tilviljun? Það finnst mér spurning sem vert sé að velta fyrir sér, ekki síst fyrir þá, sem meiri þekkingu hafa á rétti og tilgangi hans heldur en ég.

Annars skal ég ekki dvelja við fortíðina í þessum efnum, og það er alveg rétt hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., að auðvitað var framkvæmd haftakerfisins á því 30 ára tímabili, sem það var við lýði í einhverri mynd, meira eða minna ströng. Allir flokkar tóku þátt í framkvæmd þessa kerfis og bera því jafna ábyrgð, þannig að það að klína ábyrgðinni sérstaklega á Framsfl. og halda því fram, að hann hafi þar misnotað aðstöðu sína meira en aðrir, er ekki undan mínum rifjum runnið, hvað sem aðrir kunna að hafa sagt í því efni. Og hvað sem því líður, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði, að stjórnarflokkar hefðu lengst af haft meiri hluta í þessum n., um það veit ég ekki, en hitt tel ég alveg víst, að það hafi verið alger undantekning, ef það hefur nokkurn tíma verið svo, að framsóknarmenn hafi haft þar hreinan meiri hluta. Nei, en það, sem gerir muninn í þessum efnum, er, að núv. stjórnarflokkar, þó að þeir hafi tekið þátt í því að fylgja óheppilegri stefnu, — og verður þó auðvitað alltaf að dæma stefnuna með tilliti til þeirra aðstæðna, sem eru á hverjum tíma, — hafa lært af reynslunni og fylgt kröfum tímans. Þeir hafa tekið upp sömu stefnu, sem í rauninni er enginn ágreiningur um í nágrannalöndum okkar og öðrum þeim löndum, sem búa við svipaða þjóðfélagshætti og við. Þetta skýrir það, sem m. a. kom fram í sjónvarpsviðtali við forsætisráðherra Norðurlandanna, sem ýmsir hv. þdm. hafa e. t. v. hlustað á nýlega, að skýrt kom fram sú skoðun þeirra, að í rauninni mundi það litlu breyta um grundvallarstefnuna í efnahagsmálum, hvaða flokkar, hvort sem þeir kölluðu sig hægri eða vinstri eða eitthvað þar á milli, færu með völd hverju sinni. En Framsfl. hefur í þessu efni dagað uppi. Hann kemur ekki auga á nein úrræði önnur en þau, sem beitt var á kreppu- og vandræðaárunum milli 1930 og 1940 og á árunum fyrst eftir heimsstyrjöldina síðari. Það er þetta, sem að mínu áliti gerir gæfumuninn.

Hv. 11. þm. Reykv. taldi, að í þessu frv. fælist svo mikil stefnubreyting, að óeðlilegt væri að vísa því til ríkisstj., menn yrðu að taka afstöðu annaðhvort með því eða móti. Ef hann og aðrir hv. flm. líta svo á, að endurreisn innflutningshaftanna, hvort sem það er nú í þeirri mynd, sem þarna er lagt til, eða annarri, sé aðalatriðið og kjarni þessa frv., þá mundi afstaða mín hafa orðið sú, ef slíkt hefði komið skýrt fram, að ég hefði ekki lagt til, að því yrði vísað til ríkisstj., heldur yrði það beinlínis fellt. En ég leit hins vegar þannig á, að þetta frv. bæri að meta með tilliti til þess, sem í því væri nýtilegast, en ekki þess lakasta, og á því byggðist mín afstaða.

Þá kem ég að öðru aðalatriði frv., nefnilega því, sem lagt er til um fjárfestingarmálin og nýja skipan þeirra að nokkru leyti. Ég verð að segja, að það

kom mér dálítið spánskt fyrir sjónir, þegar bæði hv. 3. þm. Vestf. og einhver annar minntust á það, að hæstv. ráðh. hefðu veitt leyfi fyrir síldarverksmiðjum á Austfjörðum, sem vafi væri á að mundu gefa af sér mikinn arð. Nú skal ég síður en svo ganga í ábyrgð fyrir það, hvort sú fjárfesting, sem þarna er um að ræða, muni verða arðvænleg eða ekki. Það getur auðvitað brugðizt til beggja vona. Nei, en það, sem kom mér spánskt fyrir sjónir, var það, að bent var á þetta sem dæmi þess, hvað frelsið hefði reynzt illa, og jafnframt tók þá a. m. k. einn þeirra ræðumanna, sem nefndu þetta dæmi, fram, að samkvæmt gildandi l. um síldarverksmiðjur ríkisins þyrfti leyfi ríkisstj. til þess, að þær yrðu reistar, m. ö. o. ríkisstj. gegnir þarna sama hlutverki og fjárhagsráð áður, hún veitir fjárfestingarleyfi fyrir þeim mannvirkjum, sem þarna er um að ræða. Það kemur mér þannig spánskt fyrir sjónir, að þetta séu höft og fullkomin höft, en ekki frelsi. Nú situr það sízt á mér að andmæla því, þá sjaldan að hv. stjórnarandstæðingar fara að hæla hæstv. ráðh. En varla get ég tekið undir það, að hæstv. ráðh. séu þau ofurmenni, að framkvæmd hinna fullkomnustu hafta í höndum þeirra verði algert frelsi. Þar með er ég ekki að segja, að ég telji þetta lagaákvæði óeðlilegt. Bæði er það, að ríkisstj. og ríkisvaldið hefur mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við síldariðnaðinn, og í öðru lagi er þarna um mannvirki að ræða, sem eru svo kostnaðarsöm, að frelsi í þessum efnum gæti aldrei orðið nema á pappírnum, þannig að deila um frelsið í sambandi við þetta finnst mér yfirleitt út í hött.

Hvað sem öðru líður, stend ég eftir sem áður við það, sem ég hef sagt jákvætt um þessar till. í frv., en hins vegar er mér nú ljóst eftir þessar umr., að sú jákvæða afstaða byggist á töluvert öðrum hugsunarhætti en þeim, sem flm. virðast hafa. Það væri gagnger stefnubreyting, eins og ég áðan sagði, ef ætti að taka upp innflutningshöft að nýju, hvort sem það er nú kallað stjórn gjaldeyrismála eða einhverju öðru nafni. Hins vegar kemur mér það nú þannig fyrir sjónir, að þó að gengið yrði í einni eða annarri mynd til móts við þær till., sem hér eru gerðar um stjórn fjárfestingar, að þar mundi í rauninni ekki um róttæka stefnubreytingu að ræða. En hvað er stefnubreyting og hvað ekki, er ófrjótt að eyða miklum tíma í að deila um, og þá er hætta á, að orðhengilsháttur megi sín meira en málefnin, og sé hægt að fá víðtækt samstarf um hlutina og sé það að öðru leyti æskilegt, þá má auðvitað ekki hengja sig í það, hvað einn eða annar meinar um, að í þessu felist stefnubreyting eða ekki. Slíkt finnst mér algert aukaatriði.

Hv. flm. virðast halda því fram, og það kemur fram bæði í grg. og sumum þeirra ræðna, sem hér hafa verið fluttar, að stjórn fjárfestingarmála hafi verið í ágætu lagi fram að valdatíma núv. ríkisstj., en þá hafi verið innleitt frelsi í þessum efnum, sem öllu hafi komið í upplausn. Nú kemur þarna auðvitað til spurningin um það, hvað sé frelsi. Ef það er frelsi, að leyfisveitingar séu í höndum ríkisstj., þá má segja margt um þessa hluti, en á þeim grundvelli finnst mér óeðlilegt að ræða málið. En hvernig var það nú með fjárfestingarmálin á árabilinu frá 1950—60? Þá var um að ræða heildarstjórn á fjárfestingu í þeirri merkingu, að fjárfesting var allan tímann háð leyfum. En jafnhliða því, að fjárfesting hér á landi nam hærra hlutfalli þjóðartekna en í nokkru öðru landi Vestur-Evrópu, var hagvöxtur hér álíka og í þeim löndum sem höfðu hann minnstan. Auðvitað hefur verið hér fleira um að kenna en stjórninni á fjárfestingunni, en það ber þess þó vitni, að fullkomlega hefur hún varla getað náð tilgangi sínum. Á árabilinu frá 1960—1965 var hins vegar mikill hagvöxtur og rangt að halda því fram, að það hafi einvörðungu verið vegna utanaðkomandi áhrifa, svo sem mikils afla og hagstæðs verðlags. Því tel ég, að einmitt sú stefnubreyting, sem varð 1960, hafi átt þar verulegan þátt í, og færi fyrir því þau rök, að ef gamla uppbótakerfið frá 1958 hefði áfram verið í gildi, þá var þetta uppbótakerfi einmitt mjög óhagstætt síldveiðunum. Síldveiðarnar við Norður- og Austurland bjuggu við til mikilla muna óhagstæðara gengi en flest önnur útflutningsframleiðsla. Miðað við þær aðstæður hefði verið miklu minni áhugi á því að gera út á síld og nýta síldina, og það er nú einu sinni þannig með síldina, að hún hleypur ekki sjálf á land. Þetta ber að hafa í huga.

En hvað sem þessu líður, þá dettur mér ekki í hug, að hinn aukni hagvöxtur á árunum frá 1960—65 sé því að þakka, að fjárfestingarmálin hafi verið tekin öðrum og sterkari tökum en áður var. Raunin er sú að mínu áliti, að í þeim efnum hefur ekki orðið svo ákaflega mikil breyting á þessum tíma, enda minnist ég ekki annars en þess, að þegar fjárfestingareftirlitið endanlega var lagt niður 1961, eða hvenær það nú var, þá hafi það gengið ákaflega hljóðalítið í gegnum Alþ., — og hvers vegna? Ætli það hafi ekki verið vegna þess, að flestir hafi gert sér ljóst, að það breytti ekki svo miklu frá því, sem áður var, því að tilfellið er, hvort sem það er starfandi stofnun. sem heitir fjárhagsráð, fjárfestingareftirlit eða þess háttar, þá er allri fjárfestingu stjórnað á þann hátt, að í hana er ekki hægt að ráðast, fjárfestingu, sem einhverja þýðingu hefur, nema til komi fyrirgreiðsla einhverra opinberra aðila. Og ég býst við, að e. t. v. hafi ein af ástæðunum til þess, að starfsemi fjárhagsráðs bar ekki þann árangur, sem æskilegt hefði verið, m. a. verið sú, að samstarfið á milli fjárhagsráðs og fjárfestingarsjóða og annarra lánastofnana, sem áttu að sjá um fjárhagshlið þeirra mála, sem þarna var um að ræða, hafi ekki verið svo náið sem æskilegt hefði verið. En þetta gæti hv. 11. þm. Reykv., sem því miður er ekki viðstaddur nú, betur upplýst en ég. Þessu

hygg ég, að sé ábótavant, þannig að það þurfi að vera nánara samstarf á milli hinna ýmsu opinberu aðila, sem fjárfestingarmálin varða, ríkisins, bæjar- og sveitarfélaga, fjárfestingarsjóða og annarra lánastofnana. Og ég hef litið svo á, að eitt af því, sem fyrir hv. flm. vakir, sé einmitt að koma þessum málum í betra horf en nú er og þess vegna séu þeirra till. athyglisverðar, án þess að ég skrifi undir þær í einstökum atriðum. Það er samstarf þessara aðila, sem ég legg mest upp úr. En vissulega tel ég það einnig af því góða, að haft sé samráð við hagsmunasamtökin, bæði atvinnurekenda og launþega, í einni eða annarri mynd, þó að ég hafi áður í sjálfu sér talið mig því andvígan, að stofnun, sem skipuð er á þann hátt, sem hér er lagt til, fái svo óskorað vald sem frv. gerir ráð fyrir.

Annars er hér ákaflega mikill vandi á höndum hvað alla áætlunargerð snertir, og af því að hv. 3. þm. Norðurl. v. spurði nú sérstaklega um skoðanir mínar á þeim atriðum, þá vil ég í fyrsta lagi segja það, að eftir því sem mér er bezt kunnugt, er gengi áætlana til langs tíma heldur lækkandi. Slík áætlunargerð var mjög í tízku fyrir u. þ. b. 10 árum, ekki eingöngu austan járntjaldsins, þar sem þjóðarbúskapurinn er í svo ríkum mæli byggður á áætlunum, heldur líka vestan járntjalds. En bæði vestan og austan járntjalds hefur þróunin gengið í þá átt að leggja miklu minna upp úr þessum áætlunum til langs tíma, en vanda þeim mun meira til skemmri tíma áætlana, og ástæðan er sú, að talið er, að það hljóti alltaf að verða meira og minna út í hött að gera áætlanir 20 ár fram í tímann eða svo vegna þeirrar miklu óvissu, sem alltaf hljóti að verða um framtíðina. Ég er í sjálfu sér ekki heldur hrifinn af þeirri hugmynd að koma upp nýrri stofnun í þessum efnum, alveg hliðstæðri Efnahagsstofnuninni. Ég held, að það sé lítið unnið við það að dreifa kröftunum á þann hátt. Hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði að vísu, og það mun vera alveg rétt hjá honum, að Efnahagsstofnunin kvartaði undan því, að sig vantaði starfskrafta. Þetta mun stafa bæði af því, að í einstökum tilvikum er erfitt að fá menn, sem hæfir séu til þess að leysa viss sérverkefni, sem stofnuninni kunna að vera falin, og þess eru oft dæmi, eins og kunnugt er, að erlendir menn hafa þá verið fengnir til slíks. Í öðru lagi er hér sjálfsagt um að kenna ónógum fjárveitingum. En úr hvorugu þessara atriða mundi verða bætt með því að koma þarna á fót nýrri stofnun.

Nei, það, sem er aðalþröskuldurinn í vegi fyrir áætlanagerð hér á landi og m. a. því, að framkvæmdaáætlanirnar, sem vísir hefur myndazt til og stundum hafa verið lagðar fyrir hið háa Alþ., hafa e. t. v. varla náð þeim tilgangi og verið í samræmi við þær vonir, sem við slíkt voru tengdar, er sú staðreynd, að það, sem torveldar mjög alla áætlunargerð hér á landi, er ekki eingöngu óvissan um afkomu atvinnuvega okkar, heldur hve erfitt er að safna hér upplýsingum, og það stendur aftur í sambandi við það, hvað smáatvinnurekstur er hér ríkjandi. Ef við tökum land eins og Bandaríkin, er mjög verulegur hluti þjóðarframleiðslunnar þar framleiddur í stórfyrirtækjum, sem hafa mjög nákvæmar tölulegar upplýsingar. Þetta vandamál er allt miklu minna í sniðum þar en hér. Hér hefur yfirleitt verið mjög erfitt að safna þeim upplýsingum, sem öll slík áætlanagerð byggist á, og það er aðalvandamálið.

Að vísu vildi ég aðeins víkja að því, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði um útlitið í gjaldeyrismálum. Hann virtist óttast, að á þessu ári og kannske áður en langt um líður flæddi svo upp á sker í gjaldeyrismálum þjóðarinnar, að ríkisstj. yrði neydd til þess að grípa til innflutningshafta á ný. Ég get ekki stillt mig um að benda á það, að hér stingur mjög í stúf við leiðara, sem birtist í Tímanum nú á dögunum, þar sem nánast var komizt að þeirri niðurstöðu, að hér væri að skapast meira góðæri en nokkurn tíma hefði verið áður. Að vísu virðist nú, sem betur fer, nokkuð rofa til á sumum sviðum efnahagsmálanna. En þetta fannst mér nú of djúpt í árinni tekið. Það er í töluverðri mótsetningu við það, þegar hv. þm. virðist óttast það, að gjaldeyrisstaðan kunni að þróast þannig á næstunni, að til slíkra neyðarúrræða þyrfti að grípa. En þrátt fyrir allt held ég, að það sé ekki erfiðasta áhyggjuefnið, eins og aðstæður eru nú. Í þessu sambandi má á það benda, að gjaldeyrisstaða bankanna hefur síðan 1. nóv. og fram til 1. marz, eða á þessum 4 mánuðum, batnað um 800 millj. kr., reiknað á núverandi gengi, og það þrátt fyrir sjómannaverkfall og óvenjulitla framleiðslu í nóvember og desember, og ber þess að gæta, að svo að mér sé kunnugt er ekki um að ræða, að neinar nýjar lántökur séu reiknaðar í þessum 800 millj. Nei, það eru margir, sem e. t. v. eðlilega draga rangar ályktanir af verzlunarjöfnuðinum, sem hefur verið óhagstæður í janúar og febrúar, það er alveg rétt, sá halli nemur hundruðum millj. En upp úr þeim tölum er til tölulega lítið leggjandi, í fyrsta lagi af því, að verzlunar- eða vöruskiptajöfnuðurinn er aðeins yfirlit yfir innflutning og útflutning, þar sem um er að ræða aðeins hluta af gjaldeyrisviðskiptunum. Í öðru lagi var þarna um að ræða stórar fjárhæðir vegna innflutnings til Búrfells og Straumsvíkur, nokkuð, sem fært er sem innflutningur, en þarna er um innflutning að ræða, sem algerlega er staðið undir gjaldeyrislega séð af erlendum aðilum. Í þriðja lagi má nefna í sambandi við þessar tölur um vöruskiptajöfnuðinn, að þeirri reglu er fylgt bæði hér á landi og annars staðar, að innflutningur er reiknaður á cif.-verði, en útflutningur á fob.-verði, en af því leiðir, að hallinn á vöruskiptajöfnuðinum verður þannig verulega ofmetinn. Að síðustu, þó að það sé ekki neitt atriði, get ég ekki varizt því, af því að hv. 3. þm. Norðurl. v. nefndi hér og fór lofsamlegum orðum um hag-

fræðingaálitið, sem samið var haustið 1946, þó að ég væri einn af höfundum þess álits, að þá tek ég ekki undir lof hans hvað það snertir. Ég álít, að þar hafi verið um eitthvert lélegasta álit um efnahagsmál þjóðarinnar að ræða, sem birzt hefur hér á prenti og undirritaður hefur verið af mönnum með þeim lærdómi, sem af okkur hefði í sjálfu sér mátt krefjast. En þess ber þó að gæta, að þó að þær till., sem við gerðum, væru engan veginn góðar og að mörgu leyti fráleitar, þá er skoðun mín sú, að við bárum ekki alla sök á því, þar eð við störfuðum á vegum hinnar svokölluðu 12 manna n., sem þá starfaði að því að mynda þjóðstjórn, sem að vísu tókst ekki. En það veganesti eða erindisbréf, sem við fengum frá 12 manna n., var það, og hún hafði öll orðið sammála um, að það skyldi sitja í fyrirrúmi fyrir öllu öðru að koma í gegn á sem skemmstum tíma hinum miklu fjárfestingarfyrirætlunum í sambandi við nýsköpunina. Og þó að þessar till. okkar væru vissulega ekki góðar og meingallaðar þá hef ég ekki enn þá komið auga á, hvernig hægt var að fylgja þessum fyrirmælum 12 manna n. nema með því að taka upp mjög víðtækt haftakerfi, eins og lagt var til af okkur, þannig að nokkur hluti sakarinnar, — þó að við hefðum getað gert betur en við gerðum, það er mér fyllilega ljóst, — hvílir á herðum hinnar ágætu 12 manna nefndar.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Við hv. 12. þm. Reykv. erum í öllum meginatriðum sammála, svo að það er ekki ástæða til að vera að orðlengja mikið. Ég verð þó að láta í ljós nokkra undrun yfir þeirri hógværð og því lítillæti, sem birtist í orðum hans um hagfræðingaálitið, sem á sinni tíð var talið ágæt bók, og okkur fáfróðum leikmönnum var um það talin trú þá, að þetta væri sérlega lærdómsrík bók. Og ég er þeirrar skoðunar enn, að það hafi verið og sé margt gott og lærdómsríkt í því riti, og vil ekki leggja trúnað á það, hvað höfundur þess að fjórða hluta vildi gera lítið úr því og telja, að þar hefði jafnvel verið um fjarstæður að ræða og rangsnúnar skoðanir settar fram. Ég veit, að þeir hagfræðingar, sem að því unnu, eru allir góðir lærdómsmenn og þeir hafa gert sitt bezta í því efni. Vitaskuld er það álit miðað við aðstæður eins og þær voru þá. Hv. þm. færði það nú fram til afsökunar því, hve álitið hefði að hans dómi verið ófullkomið og ekki nægilega vel úr garði gert, að hagfræðingarnir 4, sem að því unnu, hefðu verið bundnir af einni mikilli 12 manna n. og orðið að fara að hennar ráðum. Það er nú víst ekki starfandi nein 12 manna n., en ef til vill lúta hagfræðingar ýmsir, sem skýrslur gefa nú og álit, forsjá einhverra stofnana eða stjórnarnefnda, sem þeir þá líklega verða að taka eitthvert tillit til, eftir því sem hv. 12. þm. Reykv. sagði. Ég hafði satt að segja gert ráð fyrir því, að hagfræðingar störfuðu nú að þessum málum svo sjálfstætt, að þeir létu ekki nein fyrirmæli hafa áhrif á þær niðurstöður, sem þeir setja fram í fræðimannsnafni.

En eins og ég sagði í upphafi, þá skildist mér, að við, 12. þm. Reykv. og ég, séum sammála í meginatriðum um nokkur mjög mikilsvarðandi atriði í þessu frv. Við erum í raun og veru að miklu leyti til sammála um fjárfestingarmálin og þörf á því, að það sé höfð stjórn á fjárfestingu. Það er auðvitað svo, að það má alltaf eitthvað finna að þeirri stjórn og þeirri stjórn geta orðið mistök á, og ég hef aldrei haldið því fram, að sú stjórn, sem hafi verið á fjárfestingu áður um tíma og tíma, hafi verið gallalaus, þvert á móti. Það er alveg áreiðanlegt, að þar hafa orðið ýmis mistök. En ég held, að það fari ekki á milli mála, að talsvert — og ég vil nú segja mikið af því, sem miður hefur farið á undanförnum árum, eigi rætur að rekja til þess, að ekki hafi verið höfð næg stjórn á fjárfestingu, og það kom að nokkru leyti óbeint fram hjá hv. 12. þm. Reykv., að honum er ljóst, að þessu er þannig varið. Hann viðurkenndi, að það hefði vantað nægilega samvinnu, heildarstjórn á milli ýmissa þeirra stofnana, sem verða að eiga sinn hlut að fjárfestingu. Auðvitað er það svo, að þó að ekki sé sérstök fjárfestingarstjórn, þá er ekki um algjört frelsi í fjárfestingum að ræða í þeim skilningi, að auðvitað verða þeir, sem í fjárfestingu ráðast, að sækja til ýmissa aðila, um það vitum við vel og um það ræddi 12. þm. Reykv. Við vitum, að þeir verða að sækja um lán til banka og þeir verða jafnvel að sækja um leyfi í ýmsar áttir. En gallinn er sá, og gallinn hefur verið sá, að það hefur ekki verið nein yfirsýn og ekki nægileg heildarstjórn á þessu, sem hefur skipulagt þetta með almannahagsmuni fyrir augum. Þess vegna hefur verið ráðizt í fjárfestingu með skipulagslausum hætti, og það er alveg áreiðanlegt, að það atriði á sinn ríka þátt í því, hversu ríkisstj. hefur gengið ömurlega illa að standa við eitt sitt helzta fyrirheit, þ. e. að halda verðbólgunni í skefjum. Það er enginn vafi á því, að það stjórnleysi, sem hefur verið á fjárfestingunni, hefur átt drjúgan hlut í því, hvernig verðbólgan hefur vaxið sí og æ. Það er einmitt það, sem liggur í þessu frv., og það er gert ráð fyrir þannig yfirstjórn, sem hafi yfirsýn yfir fjárfestinguna. Það mætti ná því marki með öðrum leiðum, það viðurkenni ég, kannske t. d. með miklu nánari samvinnu á milli lánastofnana en verið hefur. En sú samvinna virðist ekki hafa verið fyrir hendi og margt af þeirri fjárfestingu, sem ráðizt hefur verið í á undanförnum árum, er þannig, að fólk undrast hana, jafnvel hjá þeim, sem hefðu átt að ganga á undan öðrum með góðu fordæmi í þeim efnum. Það er t. d. undrunarefni, hve fjárfesting banka og lánastofnana hefur verið mikil á undanförnum árum. En um þetta er ekki ástæða til að fjölyrða, því að um þetta erum við í raun og veru sammála, að það þurfi að taka mál þessi nýjum tökum og það sé þörf á aðgerðum í þessum efnum.

Mér skilst, að í meginatriðum séum við hv. 12. þm. Reykv. líka sammála um áætlunargerðina. Við erum sammála um, að það sé æskilegt að áætlanir séu gerðar. Hann bendir á, að það hefur kannske gerzt hér sem oftar, að tízkan berst svolítið á eftir til Íslands, og telur, að áætlanir til langs tíma hafi verið meira í tízku áður. Hvort sem um er að ræða áætlunargerð til langs eða skamms tíma, þá held ég, að það fari ekki á milli mála, að þær séu skynsamlegar. Við höfum verið að reyna að gera slíkar áætlanir, en þær hafa ekki verið teknar nægilega föstum tökum. Sumar áætlanir hafa reynzt vel hér á meðan eftir þeim hefur verið farið. Ég nefni t. d. áætlunina í raforkumálum, sem var lögfest á sínum tíma og átti óefað sinn ríka þátt í því grettistaki, sem lyft var í rafmagnsmálunum. Og það hafa margar áætlanir verið gerðar, að vísu ekki til langs tíma, en ríkisstj. hefur nú verið með framkvæmdaáætlun öðru hverju og verið að skýra þingheimi frá þeim. Við erum hér með vegáætlun, og við erum að undirbúa ýmsar fleiri áætlanir, þannig að ég held, að það fari ekki á milli mála og okkur greini ekki á um, að það sé skynsamlegt að hafa slíka áætlunargerð. Hitt má náttúrlega deila um, til hversu langs tíma hún á að vera, og hitt er líka öllum ljóst, að hún er og hlýtur að vera ýmsum vandkvæðum bundin hér. En þrátt fyrir það er ekki ástæða til að vísa henni á bug af þeim ástæðum. Það veit ég, að hv. 12. þm. Reykv. vill ekki heldur gera.

Það, sem skilur á milli okkar, er skipan gjaldeyris- og innflutningsmála. Þar segir hv. 12. þm. Reykv.: Það er um tvennt að velja og aðeins tvennt: annars vegar höft og hins vegar frelsi. — Ég er þessu ekki sammála. Ég held, að þetta sé ekki rétt, að setja þetta þannig upp. Ég held, að það sé á milli þessara andstæðna, ýtrasta frelsis annars vegar og örgustu hafta hins vegar, millivegur, sá millivegur að hafa skynsamlega stjórn á gjaldeyris- og innflutningsmálum. Ég held, að það sé æskilegt að hafa svo mikið frelsi í innflutnings- og gjaldeyrismálum sem unnt er vegna almannahagsmuna, en ég held hins vegar, að við séum þannig í sveit settir, okkar atvinnuvegum sé þannig háttað, að það geti verið alveg óhjákvæmilegt fyrir okkur að hafa nokkra stjórn á innflutnings- og gjaldeyrismálum. Það byggist einfaldlega á þessari staðreynd, sem við verðum að horfast í augu við og þýðir ekkert að loka augunum fyrir, að við erum svo háðir utanríkisviðskiptum sem raun ber vitni. Við erum háðari þeim en nokkur önnur þjóð, að ég hygg. Og það þýðir ekki heldur í því sambandi að gleyma því, hversu einhæfir okkar útflutningsatvinnuvegir eru, að 90-95% af verðmæti útflutningsins er frá sjávarútveginum, sem er ákaflega sveiflukenndur, bæði vegna mismunandi aflabragða og breytilegs verðlags. Þetta eru staðreyndir, sem ekki verður gengið fram hjá. Þetta eru staðreyndir sem hvaða stjórn sem er verður og þarf að horfast í augu við, og það getur orðið alveg óhjákvæmilegt af þessum sökum að hafa nokkra stjórn á innflutningi og gjaldeyrismálum. Og það er alveg sama, hvort sú stjórn kennir sig við frelsi og fer hástemmdum orðum um ást sína á frelsi eða ekki, hún getur verið knúin til þess að hafa stjórn á þessu. Ég held, að það sé ekki þar um það að velja að taka upp fullkomið haftakerfi annars vegar eða hafa algert stjórnleysi í þessum efnum. Og það er alls ekki lagt til í þessu frv., að hið gamla haftakerfi sé tekið upp, það er búið að margundirstrika, heldur er gert ráð fyrir því, að stjórnin verði fyrst og fremst fólgin í því að setja almennar reglur um þetta efni.

Ég álít, að það sé ekkert varhugaverðara að setja almennar reglur á þessum sviðum mannlegs lífs heldur en á mörgum öðrum sviðum, þar sem við verðum að beygja okkur fyrir því, að frelsið geti ekki verið algert, heldur verðum við vegna samfélagsins, hver og einn, að játast undir það að hlíta margvíslegum reglum og kvöðum, og auðvitað verður þetta að vera þannig. Það er ekki til neitt, sem heitir algert frelsi. Algert frelsi er fullkomið ófrelsi, það er stjórnleysi, það er réttur þess, sem sterkastur er, og ég veit, að enginn vill taka undir slíkt. Ég held og vil ekki að óreyndu trúa öðru en því, að það sé hægt að fara hér meðalveg, búa við eins mikið frelsi og aðstæðurnar frekast leyfa, en láta það ekki leiða út í öfgar, þannig að fórnað verði öðrum verðmætum bara til þess að halda uppi frelsi að nafni til. Enda er það svo, að þegar farið er að halda uppi þannig frelsi, og það á einmitt við um það, sem hv. 12. þm. Reykv. sagði um frelsi í fjárfestingu, að það getur staðið svo á, að það sé þá orðið bara um frelsi á pappírnum að ræða. Um þetta ætla ég nú ekki að hafa miklu fleiri orð, en undirstrika þetta, að það er einmitt þessi meðalvegur, sem gert er ráð fyrir að farinn sé í þessu frv., sem hér liggur fyrir, þ. e. að hafa skynsamlega stjórn á innflutnings- og gjaldeyrismálunum með almennum reglum. Og þá er það sérstaklega nefnt, að það geti verið tímabundin bönn, sem þar geti komið til greina. En það er þó aðeins nefnt sem dæmi.

Hv. þm. vildi nú leiða það af mínum ummælum hér síðast, að ég mundi ekki hafa haft tímabundin bönn í huga, heldur varanlegri bönn, vegna þeirra orða, sem ég lét falla um vernd innlends iðnaðar. Ég held, að þetta geti að vísu verið svo, að það verði að fara þarna mismunandi leiðir. En fyrst og fremst er þarna gert ráð fyrir því, að það verði um tímabundin bönn að ræða, og ég held nú, að þannig geti staðið á, að tímabundin bönn og tímabundin vernd geti komið iðnaði eða einstökum iðngreinum til góða.

Hvað sem því líður, þá er ég þeirrar skoðunar, að eins og nú hagar til, þá verði ekki hjá því komizt að veita ýmiss konar iðnaði og ýmiss konar iðngreinum vernd. Við erum ekki þannig staddir, að við getum lagt þær niður. Til þess liggja ýmsar ástæður. Þær geta ekki staðizt, nema þeim sé

veitt vernd. Þá vernd má veita í mismunandi myndum og mismunandi formi, en í mínum augum getur það verið í raun og veru aukaatriði og getur verið spurning um leiðir, sem velja má um, hvort það er farin skattaleið, verndartollaleið eða stjórn, „kontrol", á innflutningi til að vernda slíkar iðngreinar. En þetta er bara það, sem er óhjákvæmilegt, og það þýðir ekkert að loka augunum fyrir þessu. Þessa leið verðum við að fara á öðrum sviðum. Það dettur engum í hug að halda því fram, að við eigum að leyfa hér ótakmarkaðan innflutning landbúnaðarvara, eða ég hef ekki heyrt það. Og þannig er það.

Ég skal nú ekki fara að ræða um þann mælikvarða frekar, sem menn verða að fara eftir í þessum störfum, en hv. þm. fór nokkrum orðum um það, að það væri nokkur munur á um aðstöðu dómarans og aðstöðu þeirra manna, sem sitja í úthlutunarnefnd, dómarinn hefði hina almennu réttarvitund eða almennu sannfæringu hjá fjölda manna við að styðjast, en það væri ekki til slík almenn siðaskoðun, þegar um ýmiss konar úthlutanir væri að tefla. Ég er nú ekki alveg viss um það. Það er að sjálfsögðu rétt, að á þessu er mikill munur, á störfum þessara embættismanna. En þó held ég, að hér sé of djúpt tekið í árinni hjá hv. 12. þm. Reykv. Ég held, að þessir menn, sem sitja í úthlutunarnefnd, hafi við að styðjast í ýmsu tilliti siðaskoðanir og almennan mælikvarða, alveg eins og þeir menn, sem fást við opinber störf yfirleitt. Það má segja það, að bankastjórinn hafi kannske ekki neinn almennan mælikvarða fyrir því, hverjum eigi að veita lán. En það er almennur siðaskoðunarmælikvarði, sem segir, að það sé glæpsamlegt beinlínis, ef bankastjóri færi að þiggja mútur, taka við mútum. Það er, að ég hygg, almenn siðaskoðun, að það þætti forkastanlegt af bankastjóra, ef hann léti fjölskylduhagsmuni sína sitja í fyrirrúmi við úthlutun lána. Og þannig er þetta víðar. Jú, þessir menn hafa auðvitað almennan mælikvarða oft að fara eftir, og þeir hafa alltaf sína samvizku eins og hver annar maður til þess að miða við í þessum efnum. Um það skal ég nú ekki fara fleiri orðum, en vil enn á ný undirstrika þetta, að okkar búskapur hér er þannig, er svo sveiflukenndur, að það getur verið alveg óhjákvæmilegt að hafa stjórn á þessum málum, sem hér er um að tefla, fjárfestingarmálum og gjaldeyris- og innflutningsmálum.

Viðvíkjandi verzlunarjöfnuðinum, þá er það að sjálfsögðu rétt, sem 12. þm. Reykv. sagði og öllum er ljóst, hvernig þeim tölum er nánar hagað, sem hér hafa verið birtar varðandi verzlunarjöfnuðinn, og það geta komið inn atriði, sem hafa áhrif á heildarútkomuna. En þrátt fyrir það held ég, að þær tölur, sem birtar hafa verið varðandi verzlunarjöfnuðinn á tveimur fyrstu mánuðum þessa árs, séu ekki svo glæsilegar, að þær gefi ástæðu til bjartsýni. Og hvað mundi hv. 12. þm. Reykv. segja og ætla, að útkoman yrði, ef útkoman á öllum mánuðum ársins yrði eins og á tveimur fyrstu mánuðum þess, að því er verzlunarjöfnuðinn snertir? Hvaða úrræði kann hann þá? Það þýðir lítið að vitna til þess, að upphæð á reikningi bankanna hafi breytzt, að gjaldeyrisstaða þeirra hafi breytzt. Það hafa á þessum tíma verið tekin mikil lán. Hv. þm. sagði það, sem ég fæ nú ekki almennilega áttað mig á, að það mundi ekki hafa haft nein áhrif á gjaldeyrisstöðu bankanna. Ég á erfitt með að átta mig á því. En ég hygg, að á þessum tíma hafi einmitt verið tekin sérstök lán, sem nema jafnmikilli upphæð og þessari, sem hann taldi, að gjaldeyrisstaðan hefði batnað um. Ég er alls ekki að segja, að þau hafi komið öll inn í þetta dæmi, ég veit það ekki. Það má vel vera, að einhver þau nýju lán séu til að greiða önnur fyrri, og ég skal ekki segja um það. Ég get nú ekki verið eins bjartsýnn á þessa gjaldeyrisútkomu og hv. þm. virtist vera, og get ekki verið eins ánægður með þá útkomu, sem náðst hefur í þessu efni. Sjálfsagt vonum við, að þetta gangi allt betur en á horfist, en mér sýnist því miður vera mjög dökkar blikur á lofti í þessum efnum að því er gjaldeyrisstöðuna varðar og að gengisfellingin hafi til þessa ekki orðið sá fjörgjafi fyrir útflutningsatvinnuvegina, sem ætlað var. Hvað mundi hv. þm. gera, ef gjaldeyrisþróunin yrði þannig á árinu? Ætlar hann samt að segja: Aldrei má grípa til hafta, aldrei má það fyrir koma? — Hvaða ráðum á þá að beita? Hvaða ráðum á smáþjóð að beita til þess að bæta sína gjaldeyrisstöðu, þegar þannig er í óefni komið?

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 65. fundi í Ed., 28. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Till. á þskj. 359 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 11:7 atkv.

---

5. Aðstoð til vatnsveitna.

Á 6. fundi í Sþ., 30. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna [38. mál] (þmfrv., A. 38).

Á 9. fundi í Ed., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Ég hef flutt hér frv. á þskj. 38 um breyt. á l. um aðstoð til vatnsveitna.

Frv. efnislega samhljóða þessu var flutt á þinginu í fyrra, þá af Jónasi Magnússyni, sem átti hér setu um skeið í minni fjarveru.

Frv. felur í sér tvær breytingar á efni þeirra laga, sem um þetta efni gilda nú. Önnur er varðandi það, að í gildandi lögum er gefið í skyn og heimilað, að ríkissjóður veiti allt að helmingsstyrk til vatnsveitna þeirra, sem samþykktar hafa verið af ráðuneytinu og undirbúnar hafa verið, eins og í lögunum segir. Þetta er hins vegar mjög laust við að vera raunhæft. Margir og líklega flestir, sem út í slíkar vatnsveitur leggja, gera sér vonir um, að þetta sé að einhverju — og flestir að öllu — uppfyllt af ríkisins hálfu, þannig að ríkið greiði helminginn af kostnaði við vatnsveitugerðir til þeirra héraða, sem þannig eru í sveit settar, að ráðuneytið hefur samþykkt, að nauðsyn beri til, að þangað verði lögð vatnsveita. En í rauninni er þetta ekki þannig, vegna þess að það fé, sem til þessa er veitt árlega á fjárlögum, er miklum mun minna en þarfirnar þannig mundu kalla á. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að aðstoð ríkisins sé ákveðin helmingur af kostnaði þeim, sem í lögunum segir, að ríkið megi greiða. Það er hins vegar í engu hróflað við þeim skilyrðum, sem í lögunum eru sett fyrir því, að styrkur ríkisins komi til greina. Ráðuneytið verður að fylgjast með öllum undirbúningi og samþykkja mannvirkjagerðina, áður en til þess getur komið, að viðkomandi sveitarfélag eða sveitarfélög geti sótt um ríkisstyrk.

Hin efnisbreytingin, sem frv. felur í sér, er sú, að í staðinn fyrir það, sem nú gildir, að ráðherra ákveði, hver fjárupphæðin eigi að vera, innan þess ramma, sem fjárlög marka, er gert ráð fyrir því, að Alþingi ákveði það við setningu fjárlaga, hvern styrk hver ein vatnsveita getur vænzt að fá úr ríkissjóði.

Sú tilhögun, sem hér hefur verið á höfð, að veita eina heildarupphæð og láta svo ráðherra um að skipta henni, er þess eðlis, að Alþingi hefur í hliðstæðum tilfellum yfirleitt talið sér skylt að gera ráðstafanir til að hafa hönd í bagga um skiptinguna. Þannig er þetta um hafnarframkvæmdir, þannig er þetta um skólamannvirki, svo að eitthvað sé nefnt. Það væri því líka eðlilegt, um leið og þessu væri komið á svipaðan rekspöl og aðstoð ríkisins til hafnarframkvæmda og skólamála, að það væri einnig ákveðið, á hvað löngum tíma ríkið ætlaði að inna þann hluta kostnaðarins af höndum, sem á ríkið fellur. Í gildandi lögum um greiðslu skólakostnaðar er þessi tími 3 ár, en þetta hefur verið mjög á reiki um það, hvað ríkið hefur verið lengi að greiða sinn hluta af kostnaði við hafnarmannvirki.

Það er ástæða til þess, að Alþingi hugsi sitt ráð og líti á það, hvort ekki sé ástæða til þess að breyta hér um frá gildandi lögum. Það er býsna erfitt að láta standa í lögum ákvæði, sem gefa aðilum vonir um, að þeir geti fengið helmings fyrirgreiðslu fjárhagslega úr ríkissjóði, en láta svo vanta upp á jafnóramikið og í framkvæmd er. Ég nefni t. d. vatnsveituna til Vestmannaeyja, sem nú er í byggingu. Hún kemur ábyggilega til með að kosta, miðað við núverandi verðlag, 150—160 millj. kr. Aðstoð sú, sem ríkið veitir á yfirstandandi ári, er 2.7 millj., og í áætlun Efnahagsstofnunarinnar um ríkisframlag á næsta ári, árinu 1969, eru einnig 2.7 millj. Það sjá auðvitað allir, hversu langt þetta dregur framkvæmdaáðila. Hér er þó um að ræða verk, sem ríkisstj., hvaða ráðuneyti sem það heyrir undir, hefur fylgzt með undirbúningi að, hefur veitt samþykki til og hefur talið styrkhæft og verðugt styrks í þessum mæli, sem hér um ræðir. Það er þess vegna alveg gefið mál, að hér er ekki hægt að fara neitt nálægt því að uppfylla þær vonir, sem lögin gefa, nema með því að hækka verulega framlög í þessu skyni.

Í fyrrahaust leyfði ég mér ásamt hv. 4. þm. Sunnl., Birni Fr. Björnssyni, að flytja till. um það, að fyrst ekki var betur séð fyrir þessum fjárhluta á fjárlögum, skyldi reynt að fara aðrar leiðir í því, veita ríkisstj. heimild til þess að láta nokkurn hluta af ákveðnum tekjum ríkisfyrirtækis í Vestmannaeyjum renna til greiðslu á þessum kostnaði. Ekki verður sagt, að það mál hafi fengið sérlega góðar undirtektir, og hlýddi ég sjálfur á það, að einn hv. þm. í Nd. taldi þetta vera mjög fráleita eða vitlausa till., eins og hann vildi orða það. Og í annan stað hef ég heyrt það haft eftir hæstv. fjmrh., að eitthvað svipað finnist honum um þetta mál. Nú skiptir það að vísu ekki öllu máli, hvernig menn meta vitleysu eða vit í hlutum. En ef þetta væri nú rétt að því er varðar hæstv. ráðh., vildi ég aðeins taka það fram, að það hallast kannske ekki svo mjög á um tillögugerðir okkar beggja hvors í annars augum. Ég sé ekki betur en tillögugerð um aðstoð við vatnsveitur í fjárlögum, svo að við förum ekki lengra en í það merka plagg, séu ekki ýkja-nálægt því að vera raunhæf. Þess vegna vildi ég gjarnan koma hv. semjendum fjárlagafrv. til aðstoðar með því að reyna að bjarga þeim fjarstæðum, sem mér fundust þar liggja fyrir, eftir öðrum leiðum, en menn meta það náttúrlega hver eftir því, sem þeim finnst ástæða til.

Ég hef ekki endurflutt þá till., enda stendur nú öðruvísi á. Þá voru fyrirliggjandi tekjur af ákveðinni ríkisstofnun í Vestmannaeyjum, sem hvergi voru á fjárlögum, enda var stofnunin nýsett á fót, og hefði verið hægt að komast með fyrirgreiðslu fram hjá öllum vandkvæðum fjárlaga í þeim efnum. En sem sagt, hæstv. ríkisstj. kaus heldur að sinna málinu ekki og láta þetta framleiðsluhérað vera bjargarlítið í þessu efni, en leyfir sér hins vegar að veita fé í hundruðum milljóna til fyrirtækja, flestra í einkaeign, undir því kjörorði eða eftir þeirri reglu, að framleiðslan verði þó að ganga. En einmitt hluti af þessu mannvirki sem ég er hér að tala um, er undirstaða undir því, að unnt sé að reka hraðfrystihúsin, sem mig minnir

að hafi fengið 320 millj. kr. aðstoð, — þm. lásu það í blöðunum, rétt eftir að fjárlög höfðu verið samþykkt í fyrra, — en vatnsveitan hefur mér vitanlega ekkert fengið umfram þær 2.7 millj., sem henni voru ætlaðar á fjárlögum. Það er sýnilegt, að stjórnarvöld landsins sýna þessu máli slíkt tómlæti, að þau geta vel hugsað sér, að það byggðarlag, sem hér um ræðir og lagt hefur ríkisbúinu til ærinn hluta af sínum tekjum með sinni stóru framleiðslu, láti á sjá, að það kikni undir sínum fjárhagsskuldbindingum, sem m. a. eru til komnar vegna þess, að í lögunum stóð, að ríkissjóður gæti aðstoðað við vatnsveitugerðir allt að helmingi.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. að svo stöddu. Ég hef skýrt efnishliðar þess, og ég hef einnig drepið nokkuð á þær framkvæmdir, sem eru undirrót þess, að það er hér flutt, og kalla á nauðsyn þess, að það verði samþykkt, eða einhver veruleg fjárhagsaðstoð frá hinu opinbera, frá ríkinu, komi hér til umfram það, sem gert er ráð fyrir hjá Efnahagsstofnuninni og stjórnarvöldum yfirleitt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 38, n. 453 og 469).

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Í 4. gr. laga um aðstoð til vatnsveitna frá árinu 1947 segir, að styrkur ríkissjóðs skuli ná til greiðslu hluta af kostnaði við stofnæðar, vatnsgeyma, dælur og jarðboranir. Styrkurinn nemi þó ekki meira en helmingi kostnaðar þessa. Styrkur skal því aðeins veittur, að fyrirsjáanlegt sé, að sveitarfélag geti ekki með hæfilegum vatnsskatti staðið straum af stofn- og rekstrarkostnaði veitunnar, og ráðh. ákveði styrk til einstakra vatnsveitna samkv. l. þessum eftir því, sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

Hv. 6. þm. Sunnl. hefur flutt sérstakt frv., þar sem þessari gr. laga um aðstoð við vatnsveitur er allmikið breytt. En í þessu frv. hv. 6. þm. Sunnl. segir í fyrsta lagi, að styrkur ríkissjóðs til vatnsveitna þeirra, er samþ. hafa verið af rn., skuli nema helmingi af kostnaði við stofnæðar, vatnsgeyma, dælustöðvar, jarðboranir og önnur nauðsynleg mannvirki. Þarna er haft nokkru víðtækara orðalag en í lögunum, þar sem talað er um „önnur nauðsynleg mannvirki“, sem m. a. gæti átt við dreifikerfi, sem ekki hafa verið styrkhæf fram til þessa og eru það ekki samkv. þeirri 4. gr., sem ég las áðan.

Enn fremur segir í þessu frv., að veita megi þó hærra tillag úr ríkissjóði, ef sérstaklega stendur á og sýnt þykir, að helmingur kostnaðar verði ekki borinn uppi með eðlilegum vatnsskatti næstu 10 ár, eftir að stofnkostnaður myndast. Þarna er það nýmæli í þessu frv., að það er heimilt að veita styrk, sem er hærri en helmingur af kostnaðinum, en í 4. gr. er hámarkið helmingur. Og þarna er enn fremur nýmæli, að í þessu frv. skuli miðað við, að framkvæmdin verði ekki borin uppi með eðlilegum vatnsskatti hin næstu 10 ár, eftir að stofnkostnaður myndast. Það er sem sagt settur sérstakur viðmiðunartími, sem ekki er í 4. gr. nú. Og svo kemur enn fremur í þessu frv.: „Á sama hátt má ákveða lægri þátttöku ríkissjóðs en nemur helmingi eða synja um þátttöku hans í vatnsveitu, ef sýnt þykir, að eðlilegur vatnsskattur frá notendum sé nægur til þess að greiða stofnkostnað mannvirkisins innan 10 ára.“ Og að lokum segir, sem er nýtt í þessu frv., að Alþingi skuli ákveða framlög samkv. l. þessum til einstakra vatnsveitna á fjárl. hverju sinni. En nú er sá háttur hafður á, hygg ég, að þetta er ákveðið sem ein sameiginleg fjárhæð til allra vatnsveitna.

Þessi 4. gr. l. um aðstoð við vatnsveitur hefur verið framkvæmd þannig eftir þeim upplýsingum, sem við höfum fengið frá félmrn., að allar þær vatnsveituframkvæmdir, sem eru styrktar á annað borð, fá styrk sem nemur helmingi. Þó er þar, eins og ég gat um áðan, alveg undanskilinn kostnaður við dreifikerfi. Þannig hafa vatnsveituframkvæmdir ýmist fengið fullan styrk, þ. e. a. s. helming af framkvæmdakostnaðinum, eða þær hafa engan styrk fengið, og það hefur verið skilið þannig á milli, að yfirleitt hafa kaupstaðirnir ekki fengið neinn styrk nema í undantekningartilfellum, og þar eru a. m. k. tvö þekkt dæmi, þ. e. Seyðisfjörður og Vestmannaeyjar, af því að þar er talið standa alveg sérstaklega á og vatnsveitumannvirkin væru þar mjög kostnaðarsöm, miðað við íbúafjölda og allar aðstæður, og þess vegna væri eðlilegt að veita þennan styrk.

Þau sveitarfélög, sem hafa fengið styrk til vatnsveituframkvæmda, hafa hins vegar ekki verið látin sitja við sama borð að því leyti, að styrkur þessi hefur verið greiddur út á mjög mislöngum tíma, eftir efnahag sveitarfélagsins að því er virðist, þannig að sumir hafa fengið þetta á 2—3 árum, en hjá öðrum hefur þessum styrk verið dreift á allt að 10 ár.

Þessu frv. var vísað til heilbr.- og félmn. N. fékk umsögn um þetta frv. frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, sem mælti með samþykkt þess, ef nægjanlegt fé væri veitt í þessu skyni á fjárl., eins og þar var sagt. En n. náði ekki samstöðu um þetta mál og klofnaði í meiri og minni hl., og ég mæli nú hér fyrir nál. meiri hl., sem leggur til, að málinu verði vísað til ríkisstj. En eins og í þessu nál. segir, telur meiri hl. n., að ekki sé skynsamlegt að breyta gildandi l. um aðstoð til vatnsveitna

nema að vel athuguðu máli, og áður en þær breytingar yrðu gerðar, sé ýmislegt, sem þurfi að athuga sérstaklega og upplýsa, sem ekki er hægt að fá vitneskju um á skömmum tíma og þarf sérstakrar athugunar við.

Þessi atriði eru talin hér upp í nál. meiri hl. Og þá er það í fyrsta lagi, hvort ástæða sé til að veita styrk út á önnur vatnsveitumannvirki en í l. greinir, en í frv. hv. 6. þm. Sunnl. er sem sagt gengið lengra í þessu en í lögunum. Það er talað um „önnur nauðsynleg mannvirki", sem þá fyrst og fremst mundi geta átt við dreifikerfið. Þetta er fyrsta atriðið, sem við teljum, að athuga þurfi.

Í öðru lagi þurfi að athuga, hver sé eðlilegur fyrningartími vatnsveitumannvirkja. Í þessu frv. er eiginlega miðað við, að hann sé 10 ár. Ég hygg, að nær lagi mundi vera, að hann væri 15—20 ár, og þarf þó eðlilegur fyrningartími allra vatnsveitumannvirkja alls ekki að vera sá sami, heldur getur hann verið misjafn eftir því, um hvers konar mannvirki er að ræða, hvort það eru t. d. leiðslur, dælur eða hús eða annað þess konar, þannig að ekki þarf sami fyrningartíminn að eiga við um öll vatnsveitumannvirki, en það er æskilegt að hafa glögga vitneskju um það, áður en farið væri að breyta lögunum.

Í þriðja lagi þarf að athuga, hvernig eigi að meta það, hvað sé hæfilegur vatnsskattur. Vatnsskatturinn mun nú miðaður við fasteignamat og mun vera nokkuð breytilegur. Ég held, að ég muni það rétt, að hann sé yfirleitt á milli 1 og 2% af fasteignamati. En það er auðvitað mjög nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, hvað telja má hæfilegan vatnsskatt, og út frá því sjónarmiði, hvað gjaldendurnir geta borið og hvað skatturinn þurfi að vera, til þess að mannvirkin standi undir sínum framkvæmdakostnaði. En hér í 4. gr. l. er þetta ekkert skýrt nánar, aðeins sagt, að styrkur skuli því aðeins veittur, að fyrirsjáanlegt sé, að sveitarfélag geti ekki með hæfilegum vatnsskatti staðið straum af stofn- og rekstrarkostnaði veitunnar. Þarna virðist það vera alveg opið, hvað sé metið sem hæfilegur vatnsskattur, í staðinn fyrir, að eðlilegt væri, að um þetta giltu einhverjar rammareglur.

Þá er fjórða atriðið, sem við viljum láta kanna. Það er, hvort þörf sé á að setja skýrari reglur um styrkveitingar, t. d. með því að kveða á um breytilegt hlutfall milli styrkfjárhæðar og kostnaðar eftir aðstæðum, og setja ákvæði um, á hve löngum tíma styrkur skuli borgaður út. Eins og ég skýrði frá, hafa l. verið framkvæmd þannig, að ýmist fá sveitarfélög styrk, sem nemur 50% af kostnaðinum, eða þau fá engan styrk, þannig að það virðist ekki í framkvæmdinni hafa verið þarna neitt millistig. Einhverjir fá t. d. 25% eða 30%, og það er vissulega spurning um það, hvort þarna þyrfti ekki að setja sérstakar reglur, sem geta kveðið á um misjafnan styrk eftir aðstæðum. Og einnig fyndist manni eðlilegt, að vatnsveitustyrkur væri borgaður til allra á jafnlöngum tíma, eða a. m. k. þyrftu þá sérstakar ástæður að vera fyrir hendi til þess að mismuna sveitarfélögunum eins og gert hefur verið. Þeim hefur verið mismunað í því, hvað styrkurinn hefur verið borgaður út á mörgum árum. Það er þess vegna líka þörf á því að athuga þessa hlið málsins betur, áður en lögunum yrði breytt.

Og þá er í fimmta lagi, hvort æskilegt sé að hafa heimild til þess að greiða hærri styrk en 50% í sérstökum undantekningartilfellum. Það eru auðvitað ærið misjafnar aðstæður fyrir sveitarfélög til þess að byggja upp vatnsveitumannvirki, og það, sem mönnum er nú ríkast í huga, er Vestmannaeyjaveitan, sem er auðvitað mjög kostnaðarsöm og dýr, þar sem hefur þurft að leiða vatn úr landi og eftir sjávarbotni, og það gæti þess vegna verið í vissum tilvikum hugsanlegt að greiða hærri styrk en 50%, þó að rétt sé að undirstrika það, að við Vestmannaeyjar hefur að því leyti verið betur gert en flesta aðra kaupstaði, að þær hafa fengið vatnsveitustyrk. Þó að hann sé auðvitað langt frá því að vera fulluppgerður, þá hafa flestir kaupstaðir engan vatnsveitustyrk hlotið. En spurningin er sú, hvort í sérstökum undantekningartilfellum ætti að vera heimild til þess að greiða meira eða hvort ætti að leysa þau sérstöku tilfelli á annan hátt.

Þetta eru þau atriði, sem við í meiri hl. viljum láta athuga sérstaklega og leggjum til, að frv. verði vísað til ríkisstj. í trausti þess, að þessari athugun verði hrundið í framkvæmd.

Ég tek það svo að lokum fram, að einn af okkur, sem skrifum undir þetta meirihlutaálit, hv. 5. þm. Sunnl., ritar undir álitið með fyrirvara.

Frsm. minni hl. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Eins og fram hefur komið hjá frsm. meiri hl. allshn. í máli þessu, hefur n. ekki orðið ásátt um afgreiðslu málsins. Meiri hl. vill vísa þessu máli til ríkisstj., en við í minni hl., ég og hv. 6. þm. Sunnl., teljum, að rétt sé að samþykkja frv. með tveimur breytingum, sem fram koma í nál. okkar á þskj. 469.

Um það þarf að sjálfsögðu ekki að deila og allir um það samdóma, að vatnsveitumál séu í flokki hinna veigamestu hagsmunamála sveitarfélaganna og þjóðarinnar allrar. Framkvæmd þessara mála er yfirleitt mjög kostnaðarsöm og stundum stórfellt fjárhagslegt átak fyrir viðkomandi sveitarfélag. Því hefur löggjafinn litið svo á, að veita bæri aðstoð af þjóðfélagsins hálfu við lausn slíkra vandamála. Eins og fram kom hjá hv. frsm. meiri hl. n., er það svo í núgildandi l. um aðstoð ríkisins við vatnsveitur, að heimilt er að veita úr ríkissjóði styrk í þessu skyni og til greiðslu allt að helmingi kostnaðar. Nú hefur reynslan um 20 ára skeið, — mig minnir, að l. séu frá 1947, — orðið sú, að eigi hefur verið náð því marki, sem líklegt

mátti telja, að löggjafinn hafi ætlazt til í upphafi. Og ég er alls ekki viss um, að það sé rétt hjá hv. frsm., að ríkissjóður hafi jafnan, þegar hann samþykkti að veita styrk — eða ráðh. samþykkti að veita styrk í þessu skyni, hafi styrkurinn ævinlega verið nærri eða að fullu helmingur kostnaðar, — ég er ekki viss um það. Og við teljum í minni hl., að meira hafi í þessum l. frá 1947 verið gefið í skyn heldur en staðið hafi verið við. Til þess geta að sjálfsögðu verið ýmsar orsakir, og fer ég ekki nánar út í þær. En til þess nú að það sé engum vafa undirorpið, hver sé nauðsyn þess, að ríkið styðji, svo að um muni, mannvirkjagerð í vatnsveitumálum, er í þessu frv. kveðið afdráttarlaust á um það, að ríkissjóður skuli greiða styrk, sem nemur helmingi af kostnaði þeim, sem verður af nánar skilgreindum vatnsveituframkvæmdum, að því tilskildu, að viðkomandi rn. hafi áður samþ. alla tilhögun og áætlanir veitunnar. Því er það, að áður en til styrkja kemur, verður rn. að gera sér fulla grein fyrir eðli vatnsveitumálsins, hversu miklir hagsmunir eru þar á ferðinni fyrir sveitarfélagið eða vatnsveitufélag, ef um það er að ræða, og enn fremur að gera sér ljósa grein þess, hver muni verða kostnaður, svo mjög sem auðið er, í áætlun um allar stofnframkvæmdir.

Flest, ef ekki öll atriði, sem hv. frsm. meiri hl. drap á og getið er í nál. meiri hl., eru þess eðlis að okkar áliti í minni hl., að eigi þurfi um þau löggjöf, heldur sé eðlilegt, að viðkomandi ráðh. athugi um þessi atriði, m. a. áður en styrkur er veittur, og geri sér fulla grein fyrir því, hvort ástæða er yfirleitt til þess að veita styrk. Við sjáum ekki, að það sé neitt því til fyrirstöðu þess vegna að samþykkja frv., rn. hefur það alveg í hendi sér eftir athugun á styrkbeiðni, hvort ástæða er til eða rök mæli með því, að styrkur verði veittur. Og við teljum einmitt, að þetta sé nægilegur öryggisventill fyrir ríkissjóð.

Það mætti líka geta sér til, að það væri ekki óeðlilegt, að viðkomandi ráðh. léti semja reglur, jafnvel reglugerð, þar sem m. a. þessir fimm punktar, sem um getur í nál. meiri hl., væru teknir til greina að meira eða minna leyti, því að þessi atriði, eins og frsm. meiri hl. sagði, geta verið ærið misjöfn eftir því, hvernig á stendur eða hver aðstaða er til athafna og fjárhagslegra möguleika fyrirtækisins hverju sinni. Þess vegna teljum við, eins og ég sagði áðan, ekki ástæðu til þess að vísa málinu þess vegna til ríkisstj. Viðkomandi ráðh. hefur málið í hendi sér hverju sinni að þessu leyti og hefur bezta aðstöðu til þess að meta alla málavexti.

Í öðru lagi gerir frv. ráð fyrir því, að Alþ. ákveði við setningu fjárl. hverju sinni, hver fjárveiting skuli vera til hverrar einstakrar vatnsveitugerðar. Þessi háttur er mjög svipaður því, sem gerist og gengur í mannvirkjagerð, eins og við hafnarframkvæmdir og skólabyggingar. Með þessu móti er t. d. auðvelt að fylgjast með framkvæmdum, sem taka mörg ár, og haga þá aðstoðinni eftir því, sem verkin ganga fram. Einnig má þá ætla, að aðstoðin komi að sem jöfnustu og beztu gagni, sérstaklega þegar um stærri framkvæmdir er að ræða. En í þessu efni er hins vegar svo farið nú, eins og áður hefur verið getið, að Alþ. ákveður heildarfjárhæð á fjárl. til vatnsveitustyrkja, og svo hefur verið um langa hríð. Og oft hefur það komið fram hér á Alþ. í máli þm. og í tillögugerð, að þessir styrkir hafi verið allt of mjög við nögl skornir og séu það enn í dag.

Þá er það og nýmæli í þessu frv., að veita megi hærra tillag úr ríkissjóði, ef sérstaklega stendur á og helmingur kostnaðar við veitugerðina verður ekki borinn uppi með eðlilegum eða hæfilegum vatnsskatti næstu 10 árin, eins og segir í frv. En við höfum, minni hl., leyft okkur að bera fram brtt. um, að 10 ár verði færð í 15 ár. Og árafjöldinn miðast við það, hvenær stofnkostnaður myndast, og talinn frá þeim tíma. Enn fremur segir í frv., sbr. brtt. minni hl., að ákveða megi með sama hætti lægri styrkveitingu af hálfu ríkissjóðs en nemi helmingi kostnaðar, ef auðsætt er, að eðlilegur vatnsskattur frá notendum sé nægilegur til að greiða stofnkostnað mannvirkisins innan 15 ára. Þannig er veruleg sveigja í þessum nýmælum í frv., og þess vegna sýnist það mjög eðlilegt, að frv. með þessum hætti megi ná fram að ganga án nokkurrar hættu út af fyrir sig fyrir ríkissjóð. Ekki yrði hægt að ganga fram hjá hagsmunum hans, þó að þessi ákvæði væru samþ., enda væri þá eftir að ákveða um það hverju sinni, hver styrkur skuli vera á einstaka veitugerð í fjárl.

Hér hef ég þá í stuttu máli rakið höfuðatriði frv. og getið hinnar fyrri brtt., sem við í minni hl. gerum við það.

Þá á ég eftir að minnast á hina aðra brtt. okkar. Hún er sú, að í 1. mgr. 1. gr. frv. falli niður orðin „og önnur nauðsynleg mannvirki". Þessi klausa þykir óákveðin, ef til framkvæmda kæmi. Það mætti ýmislegt verða, og það kom fram hjá hv. frsm. meiri hl., — það mætti ýmislegt verða, sem eigi væri rétt, að ríkissjóður styrkti eftir atvikum, en gæti fallið undir þetta orðalag. Og til þess að fyrirbyggja hugsanlegan misskilning og greiða þannig betur fyrir framgangi frv. höfum við gert þessa brtt.

Að lokum vil ég taka þetta fram: Til dæmis um það, hversu langt frá gefnum loforðum eða allt of langt frá gefnum loforðum vatnsveituaðstoð ríkissjóðs er nú, má nefna framlög ríkisins til vatnsveitugerðar Vestmannaeyja. Hér er um alveg óvenjulega og sérstæða framkvæmd að ræða, bæði að allri gerð og fjárhagslegri stærð. Kostnaðurinn er af kunnustu mönnum vart talinn geta orðið undir 160 millj. kr. Nú vitum við það öll, að Vestmannaeyjar eru eitt mesta framleiðsluhérað landsins. Þar búa á sjötta þúsund manns, og um vertíðir bætist við stór hópur aðkomumanna og aðkomubáta. En þar hefur ríkt lengst af geig-

vænlegur skortur á neyzluvatni og vart unnt að fá það með öðrum hætti en safna rigningarvatni eða flytja vatn á skipum frá landi og til Eyja.

Það dylst engum og hefur ekki dulizt lengi, að það er bóta þörf í þessu efni. Mikill hluti framleiðslunnar í Vestmannaeyjum er útfluttur varningur, sem hlýtur að verða að sæta enn strangari reglum, eftir því sem tímar líða, um heilbrigði og hollustuhætti. Nú ákváðu Vestmanneyingar fyrir nokkrum árum að leggja í þessa stórkostlegu vatnsveitugerð í trausti fyrst og fremst á efnahagslega getu sjálfra sín, enda orðið lengst af að búa að sínu án annarra aðstoðar. Hins vegar mun þeim hafa þótt þeir eiga nokkurn rétt á aðstoð í þessu efni af þjóðfélagsins hálfu, þegar svo stórt mál um ræðir og varðar ekki aðeins þá eina, heldur og alla þjóðina. Einu sinni heyrði ég þess getið, það eru nokkur ár síðan, að í Vestmannaeyjum hefði afli borizt á land, sem samsvaraði allt að 12%, jafnvel 14%, af allri útflutningsframleiðslunni í fiskafurðum. Ekki skal ég segja um þennan útreikning, en vissulega vitum við það öll jafnvel, að þar er mikill slagkraftur í þessari atvinnugrein. Um það er ekki að villast. Og ég er viss um það, að við öll erum á einu máli um það, að hér verði ríkið að koma mjög til aðstoðar, og það hefur það vissulega gert. Það hefur komið hér til hjálpar, en ekki og hvergi nærri svo vel sem að margra áliti hefði þurft að vera og nauðsynlegt. Ríkissjóður greiddi af sinni hálfu styrk til þessarar veitugerðar árið 1968 2.7 millj. kr., 1969 mun styrkurinn verða nokkru hærri, en eigi sýnist, að þetta sé nægilegt og hér þörf mikils átaks af hálfu Alþingis. Og engan veginn má duga á næstu árum smávægilegur stuðningur við þetta fyrirtæki, og er þá sama, hvort horft er frá fjármagns- og framleiðslusjónarmiðum eða frá siðferðilegum sjónarhóli. Og með þessu frv. er m. a. stefnt að því að auka verulega stuðning af ríkisvaldsins hálfu til þessarar framkvæmdar.

Þá vil ég enn fremur minnast annarrar vatnsveitugerðar, og hún er komin í kring, henni er lokið. Hún er í sambandi við Vestmannaeyjaveituna, en það er svo kölluð Landeyjaveita. Austur-Landeyingar með sínum milli 20 og 30 býlum hafa tekið vatn úr leiðslunni á landi, Vestmannaeyjaleiðslunni, og fært vatnið í nær öll þessi býli, og kostnaðurinn við það er milli 5 og 6 millj. kr. Mér er ekki kunnugt um það til fulls, hvern styrk Landeyingar hafa fengið úr ríkissjóði, en hann mun ekki vera ýkjamikill. Hins vegar hefur hreppsnefndin þar, hreppsnefnd Austur-Landeyjahrepps, tekið alldrjúg lán til að standa undir kostnaðinum. Ég tel, að ríkið eigi hér enn fremur að hlaupa undir bagga og það betur með beinum styrk fram yfir þann, sem verið hefur.

Um aðrar vatnsveitur í framtíðinni er í raun og veru það sama að segja, að þeim getur orðið mikil aðstoð og aukin að því, þegar til kemur, að slíkt frv. sem þetta verði að lögum, þar sem allt yrði mun ákveðnara en er nú í löggjöfinni um aðstoð við vatnsveitur af ríkisins hálfu.

Við í minni hl. n. teljum, að það sé ekki verjandi, eins og á stendur og málið er á sig komið og í heild nauðsynlegt, að drepa því á dreif með samþykkt frávísunartill. á þskj. 453. Það væri að okkar hyggju alvarlegt undanskot á máli, sem fyllsta nauðsyn er á að taka enn fastari og afdráttarlausari tökum. Ég vil geta þess, að Samband ísl. sveitarfélaga hefur samþ. af sinni hálfu — eða stjórn þess — að mæla með samþykkt þessa frv. Enn fremur er í þeirri ályktun að því vikið, að nauðsyn sé þess, að í fjárl. á hverju ári verði veittur frekari styrkur í þessu efni og það mun meiri en verið hefur.

Að lokum vil ég svo geta þess, að við leggjum kapp á það að fá þessi ákvæði fram, sem í frv. eru, og væntum þess, að þau hljóti undirtektir meiri hl. dm. og frv. þannig verði samþ. með þeim tveimur breytingum, sem um getur í nál. okkar í minni hl.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Í grg. með frv. þessu segir, að frv. sé flutt vegna fjárhagsörðugleika hjá Vestmannaeyjaveitu m. a. Mér er ekki kunnugt um, að ráðamenn heima í héraði telji, að málefni Vestmanneyinga hafi fengið nauma fyrirgreiðslu hjá Alþ. og ríkisstj. Ég tel því ekki, að málefni Vestmanneyinga knýi á um þessa lagabreytingu. Hins vegar get ég fallizt á, að gerð sé athugun eins og sú, sem lagt er til í nál. meiri hl., að gerð verði, og mun því greiða atkv. með því, að frv. verði vísað til ríkisstj.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð út af ræðu hv. frsm. minni hl.

Í þessu frv. segir, að Alþ. ákveði framlag samkv. l. þessum til einstakra vatnsveitna á fjárl. hverju sinni, og er þá við það átt, að þar séu auðvitað framlög til hinna einstöku vatnsveitna sundurliðuð. Ég vil taka það fram, að í þeirri upptalningu, sem í okkar nál. er gerð á þeim atriðum, sem sérstaklega þurfa athugunar við, þá er þetta atriði að sjálfsögðu ekki talið upp, vegna þess að við teljum, að hvenær sem til greina kemur að breyta þessum l., séu alþm. við því búnir að meta þetta alveg upp á sitt eindæmi án nokkurrar könnunar. Hitt skal ég kannast við, að persónulega legg ég ekki mikið upp úr því, hvort sá háttur er hafður á, að þetta sé ein tala, þar sem öll framlög til einstakra vatnsveitna eru lögð saman, og það er ein tala, sem birtist í fjárl., en fjvn. hefur aftur í sínum fórum listann yfir sundurliðanir, eða hvort þessi sundurliðun er beinlínis tekin upp í fjárlögin.

Ég skal viðurkenna það, að ég tel, að þær brtt., sem minni hl. flytur, séu til bóta og vissulega líti frv. betur út, ef þær eru teknar til greina. En þær nægja ekki að mínum dómi til að veita þessu frv.

liðsinni, og sérstaklega held ég, að okkur greini á um það í meiri hl. og minni hl., kannske, hver reynslan er af þessum l., þegar hún er athuguð. Ég verð að játa það, að mér finnst nokkuð undarlegt, að í öllum tilfellum, þegar styrkur er veittur á annað borð, skuli allir fá 50%. Rn. virðist ekki hafa treyst sér til að fara þar út í mismunandi mat, og ég hygg, að það stafi af því, að í l. eru ekki neinar sérstakar reglur um, hvernig á að meta fjárhæð styrksins, og þess vegna treystir rn. sér ekki til þess að gera annað en hafa hann alltaf jafnháan í öllum tilfellum, þegar hann á annað borð er veittur. Þetta tel ég ekki eðlilega framkvæmd, og einmitt virðist mér, að þarna skorti á það, að einhverjar grundvallarreglur séu settar í l. um, hvernig eigi að meta styrkfjárhæðina. Aftur á móti að öðru leyti hefur rn. metið stöðu sveitarfélaganna ærið misjafnt að því er varðar útborgunartímann, sem getur verið allt frá 2 árum upp í 10 ár, sem sveitarfélög fá þennan vatnsveitustyrk greiddan. Það finnst mér aftur á móti ærið óeðlilegt og fyndist rétt, að það væri eins og flestar aðrar framkvæmdir, það væri einhver fastákveðinn tími, 4 ár, 5 ár eða 6 ár eða hvað fyndist hæfilegt, sem allir fengju sinn styrk greiddan á föstum og fyrir fram ákveðnum tíma, sem væri þá væntanlega lögfestur, a. m. k. væri þetta ekki algerlega frjálst mat. Þess vegna er eiginlega það, sem greinir á milli meiri hl. og minni hl., að við í meiri hl. teljum, að þarna séu ýmis atriði, sem þurfi að athuga mun betur og það sé ekki fyrr en niðurstaða liggi fyrir, sem hægt sé að taka afstöðu til þess, hvort eigi að breyta þessum l. og á hvern hátt eigi að breyta þeim. En minni hl. telur, að æskilegt sé að koma þeim breytingum á, sem hann leggur til, og treystir þá á það, að ráðh. meti þetta allt saman réttilega og sanngjarnlega. En ég held, að það sé ekki alls kostar æskilegt, ekki vegna þess, að ég álíti, að neinn ráðh., sem með þau mál fari, vilji út af fyrir sig neitt misbeita sínu valdi, heldur tel ég, að það sé miklu betra fyrir viðkomandi ráðh. og rn. að hafa einhverjar skýrar grundvallarreglur til að fara eftir, það sé æskilegra fyrir sjálf sveitarfélögin, sem eiga eftir að ráðast í vatnsveituframkvæmdir, að löggjafinn veiti þeim eitthvað nánari vitneskju um þessi mál, hvaða fyrirgreiðslu og styrks þau megi vænta, og þess vegna undirstrika ég nauðsyn þess, að ýmsir þættir þessa máls verði athugaðir mun betur, áður en ráðizt verður í breytingar.

ATKVGR.

Till. á þskj. 453 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 10:8 atkv.

---

6. Útvarpsrekstur ríkisins.

Á 16. fundi í Ed., 19. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. um útvarpsrekstur ríkisins, nr. 68 28. des. 1934, sbr. lög um breyt. á þeim lögum, nr. 88 23. des. 1966 [70. mál] (þmfrv., A. 89).

Á 17. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Pétur Benediktsson: Herra forseti. Það hefur fallið í minn hlut að fylgja þessu frv. úr hlaði með örfáum orðum, þar sem hv. 1. flm. er nú horfinn af þingi, a. m. k. um sinn, og getur því ekki mælt fyrir þessu sameiginlega frv. okkar.

Frv. fylgir ýtarleg grg., svo að óþarft er að hafa um málið mörg orð. Hitt er á allra vitorði, að innheimtuaðferðir Ríkisútvarpsins hafa verið heldur óvinsælar meðal almennings. Það hefur rekizt á réttarvitund manna, þegar heimt eru af sömu aðilum tvöföld og í sumum tilfellum raunar, ef fyrirmælum reglugerðar væri beitt, margföld gjöld, þótt slakað hafi nú verið á klónni af hálfu þeirrar ágætu stofnunar og stundum látið undan almenningsálitinu í því efni, en hótanir þær, sem verið hafa frammi hvað eftir annað um húsrannsóknir og segja má njósnir um fjölda útvarpstækja, hafa fallið mönnum mjög fyrir brjóst og öllum notendum líkað þær illa. Þetta hefur orðið til þess, að það hefur verið mjög uppi meðal almennings, að athuga bæri, hvort ekki væri skynsamlegra og hentara að hafa útvarpsgjaldið sem eins konar nefskatt, sem lagður væri jafnt á alla fullvaxna einstaklinga þjóðarinnar, sem ekki ættu að njóta sérstakrar undanþágu af sérstökum ástæðum. Öll þessi atriði eru nánar tekin fyrir í 1. gr. frv. og skýrð í athugasemdunum.

Ég hygg, að það sé óþarfi á þessu stigi að fara mörgum orðum um frv. Ég hef orðið þess vísari, eftir að frv. var samið og grg. raunar líka, að þetta mál mun hafa verið til athugunar hjá opinberri n. fyrir fáum árum og að í skrifborði einhvers stjórnarráðs eða skjalaskáp mun liggja grg. þeirrar n., og tel ég því víst, að sú hv. n., sem fær málið til athugunar, muni leita sér fróðleiks og reyna að hafa gagn af því starfi, sem þá var unnið. En ég vil ekki leyna því, að samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, var niðurstaða þessarar umræddu nefndar heldur neikvæð gagnvart þeim till., sem hér eru fram bornar. En ég hygg það vart orka tvímælis, að hin aukna útvarpsnotkun, hinn aukni fjöldi notenda og sérstaklega hinn sívaxandi fjöldi tækja, sem eru oft á sama heimilinu, eftir að hin smáu transtistora- eða smáratæki komu til sögunnar, hafi gert núverandi innheimtuaðferð úrelta.

Ég mun ekki eyða um þetta fleiri orðum að sinni, en mælist til þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og n. Þar sem hér er eingöngu um innheimtu-

mál að ræða, — það er ekki hugsunin að auka tekjur útvarpsins eða svipta útvarpið tekjum eða breyta á neinn hátt stjórnháttum þess, — þá hygg ég, að skynsamlegast væri, að þetta frv. færi til hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 89, n. 596).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Það eru nú liðin hartnær 40 ár síðan útvarpsrekstur hófst hér á landi, og með tilliti til þeirra miklu breytinga, sem orðið hafa á þeim tíma, hygg ég, að varla geti verið álitamál, að þó að annað kæmi ekki til, sé full ástæða til þess að endurskoða þær reglur, sem á sínum tíma voru settar um innheimtu afnotagjalda. Fyrstu árin eftir að útvarpsrekstur hófst voru notendur útvarps tiltölulega lítill hluti þjóðarinnar. Nú er svo komið, að nærri því hver einasti þjóðfélagsborgari, sem náð hefur 20 ára aldri, mun vera eigandi útvarpstækis.

Fjhn. hefur sent það frv., sem fyrir liggur, til umsagnar nokkrum aðilum, m. a. fjmrn., og með tilliti til þess, að afstaða n. til frv. byggist að verulegu leyti á þeirri álitsgerð, sem n. fékk frá fjmrn., svo og með tilliti til þess, að þessi álitsgerð er ekki löng, þá vil ég — með leyfi hæstv. forseta — kynna hv. þdm. þessa álitsgerð, en hún er svo hljóðandi:

„Rn. hefur borizt bréf hv. fjhn. Ed. Alþ., dags. 20. des. s. l., ásamt fskj., þar sem óskað er umsagnar um frv. til l. um breyt. á l. um útvarpsrekstur ríkisins, sem alþm. Tómas Karlsson og Pétur Benediktsson hafa flutt í Ed. Rn. hefur kannað frv. að efni til og grg. með því og getur fyrir sitt leyti fyllilega fallizt á þær forsendur, sem liggja að baki því, að frv. er flutt. Þessar forsendur hafa svo stórkostlega breytzt frá því, að afnotagjald af útvarpi fyrst var ákveðið í því horfi, sem það nú er, að hér hlýtur að vera endurskoðunar þörf.

Hins vegar telur rn. nauðsynlegt að gera mun ýtarlegri könnun á, hvernig slíka breytingu skuli gera, heldur en tök hafa verið á í sambandi við það frv., sem hér er til umr. Vill rn. leggja áherzlu á, að sú aðferð við gjaldtöku fyrir þjónustu hljóðvarps, sem valin yrði í stað núverandi fyrirkomulags, gæti tengzt þeim álagningar- og innheimtukerfum, sem til eru nú þegar, þannig að álagningin og innheimtan verði einungis óverulegur og vélrænn hluti af álagningu og innheimtu, sem þegar á sér stað. Þetta gerist með þeim hætti, sem frv. gerir ráð fyrir, að hljóðvarpsgjaldinu verði breytt í nefskatt, jafnvel þótt neðra aldursmarkið, sem gjaldskyldan á að miðast við samkv. frv., sé annað en gildir gagnvart almannatryggingum. Það er þó ekki vandamál gagnvart vélvinnslu álagningarinnar eftir sömu gögnum og almannatryggingagjöld eru lögð á eftir. Hitt er sýnilega mun örðugra í framkvæmd, að miða efra markið við 67 ára aldur ásamt með viðmiðun um bráttótekjur. Hér er um að ræða viðmiðun um gjaldskyldu, sem er mun flóknari og brotameiri í framkvæmd en svo, að megi leiða í lög án tæknískrar könnunar á því, hvort þetta er þægilegasta aðferðin við að leysa vandann. Sama máli gegnir um þá viðmiðun, að félög og fyrirtæki, sem greiða kirkjugarðsgjald, skuli greiða hljóðvarpsgjald. Með ákvæði frv. er þannig búið að tengja hljóðvarpsgjald saman við upplýsingar um aldur, bráttótekjur einstaklinga, vísitölu framfærslukostnaðar og útsvar að því er varðar kirkjugarðsgjöld félaga og fyrirtækja. Má spyrja þeirrar spurningar, hvort ekki muni völ á einfaldari leið til þessarar skattlagningar.

Í sambandi við lagfæringar af þessu tagi væri án efa mjög æskilegt að íhuga til botns þann möguleika að sameina þá nefskatta, sem nú eru í gildi, til einföldunar á þeim hluta tekjukerfis ríkisins, sem með þeim hætti er talið eðlilegt að fjármagna.

Með skírskotun til framanritaðs vill rn. vara við að samþykkja frv., eins og það liggur fyrir Alþ."

Þetta er undirritað af Magnúsi Jónssyni og Jóni Sigurðssyni.

Þannig hljóðar þessi álitsgerð fjmrn., og m. a. með tilliti til þeirra sjónarmiða, sem þar koma fram, hefur n. í áliti sínu á þskj. 596 orðið sammála um það að leggja til við hv. þd., að frv. verði vísað til ríkisstj. í trausti þess, að sú könnun fari fram, sem um er rætt í áliti fjmrn., og niðurstöður hennar lagðar fyrir næsta reglulegt Alþ. Ég vil taka það fram, að þetta álit ber ekki þannig að skilja, að hver einstakur nm. hafi með þessu tekið efnislega afstöðu til frv. og þeirrar breytingar á innheimtu, sem þar er gert ráð fyrir, en niðurstaða þeirra könnunar, sem hér er lagt til, að fari fram, ætti þá að auðvelda mönnum að taka efnislega afstöðu til málsins, þegar hún liggur fyrir.

Pétur Benediktsson: Herra forseti. Sem meðflm. þessa frv. vil ég aðeins segja, að ég er þakklátur bæði n. og þá ekki síður hæstv. fjmrh. fyrir umsögn hans um málið. Ég álít, að með þeirri afgreiðslu, sem fyrirhuguð er og rn. virðist sætta sig við, yrði mjög stórt skref stigið í málinu, og ég mun þess vegna með mikilli ánægju greiða atkv. þeirri till., sem fram hefur verið borin.

ATKVGR.

Till. á þskj. 596 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 16:1 atkv.

---

7. Greiðslufrestur á skuldum.

Á 19. fundi í Nd., 26. nóv., var *útbýtt:*

Frv. til l. um greiðslufrest á skuldum vegna heimila [83. mál] (þmfrv., A. 103).

Á 20. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Nd., 3. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Við höfum um þessar mundir miklar áhyggjur af afkomu og framtíð margra hérlendra fyrirtækja, og ekki að ástæðulausu. Hæstv. ríkisstj. er önnum kafin við að leita uppi bjargráð, sem að gagni mega koma, þing verkalýðssamtakanna samþ. fjölþættar till. um aðgerðir í atvinnumálum, og einstakir þm. leggja fram frv. og till. um gjaldfrest hjá fyrirtækjum í sjávarútvegi og um almenn skuldaskil. Hins vegar finnst mér fara öllu minna fyrir umhyggju fyrir því fyrirtæki, sem þó er algengast í þjóðfélaginu, fyrirtækinu heimili. Það er eins með heimilið og önnur fyrirtæki, að þar verða tekjur og gjöld að standast á. Hvert heimili hefur sín fjárlög, þar sem endarnir verða að ná saman, ef fyrirtækið á ekki að verða gjaldþrota. Svo er að sjá, að stjórnarherrarnir ímyndi sér einatt, að unnt sé að leggja endalausar byrðar á heimilin, menn geti engu að síður látið enda ná saman með því að spara. En slíkum sparnaði eru nú þrengri takmörk sett en nokkru sinni fyrr. Á flestum heimilum hvíla mjög verulegar fjárhagslegar skuldbindingar, sem fjölskyldan hefur engin tök á að takmarka, enda þótt erfiðir tímar séu. Menn geta sparað við sig mat og klæði og aðra daglega neyzlu, en menn geta ekki sparað að greiða fjárhagslegar skuldbindingar, sem þeir hafa tekið á sig og gengið er eftir á réttum gjalddögum. Þar munar að sjálfsögðu mest um húsnæðiskostnaðinn.

Hér á Íslandi tíðkast sá háttur, að fjölskyldur kaupa yfirleitt íbúðir sínar, og a. m. k. annar stjórnarflokkurinn hefur talið þá tilhögun æskilega og eftirbreytnisverða, með henni sé verið að gera sem flesta landsmenn að fjárhagslega sjálfstæðum einstaklingum, eins og það er orðað. Lánum er hins vegar þannig háttað, að ætlazt er til þess, að menn spari andvirði heillar íbúðar af kaupi sínu á svo sem tveimur áratugum. Eins og íbúðarverð er nú, er sem sé til þess ætlazt, að menn bindi í fasteign svo sem eina milljón á 20 árum eða tvær millj., ef vextir eru reiknaðir af upphæðinni, svo sem 100 þús. kr. á ári til jafnaðar. Til þess að geta risið undir slíku verkefni þurfa menn að hafa góðar tekjur, árvissar og öruggar. Ef menn hafa tekið á sig slíkar skuldbindingar, eiga þeir þess engan kost að takmarka afborganir og vexti með eins konar sparnaði, þó að erfiðir tímar séu. Þetta ættu þeir stjórnmálamenn að skilja öðrum betur, sem segjast vilja gera alla Íslendinga að fjárhagslega sjálfstæðum einstaklingum. Forsendan er sú, að menn hafi nægilega hátt kaup til þess að geta lagt til hliðar andvirði einnar íbúðar á svo sem 20 árum.

Aðferð launamanna við að eignast íbúð hefur verið sú að leggja á sig þrotlaust erfiði, vinna helzt tvöfaldan vinnutíma allan ársins hring, láta alla vinnufæra menn í fjölskyldunni hjálpast að, frá börnum til gamalmenna. Margir hafa í rauninni verið ánauðugir þrælar íbúða sinna allmörg ár ævinnar. Á undanförnum árum hafa menn átt þess kost að leggja á sig slíkt erfiði, og í trausti þess, að það ástand mundi haldast, hafa menn tekið á sig mjög þungar fjárhagslegar skuldbindingar. Menn hafa keypt íbúðir mestmegnis fyrir lánsfé, og menn hafa keypt innanstokksmuni og heimilistæki með afborgunarkjörum. Ekki þarf að lýsa því, hver vandi steðjar að slíkum fjölskyldum nú, þegar efnahagsástæður launamanna breytast jafnharkalega og raun er á orðin. Atvinna hefur dregizt mjög stórlega saman, aukavinna er orðin sáralítil, yfirborganir eru að miklu leyti úr sögunni, unglingum og öldruðu fólki er vísað af vinnumarkaði, húsmæður eiga æ erfiðara með að finna störf við sitt hæfi. Það er algengt, að launatekjur fjölskyldu hafi af þessum sökum minnkað um 1/4 eða 1/3, að ógleymdum þeim hundruðum manna, sem nú eru skráðir á atvinnuleysingjaskrá, bæði hér í höfuðborginni og víða úti um land. Það er auðvelt fyrir stjórnmálamenn að segja slíkum fjölskyldum, að nú verði þær að spara, en hvað stoða slík ráð, þegar menn eru krafðir um vexti og afborganir af skuldum sínum?

Það hlýtur að vera á vitorði allra hv. alþm., að yfir hundruðum fjölskyldna vofi sú hætta, að þær missi íbúðir sínar, íbúðir, sem oft hefur verið komið upp með því einu að leggja á sig ofurmannlegt erfiði. Ég skal nefna eitt dæmi um horfurnar á þessu sviði: Framkvæmdirnar í Breiðholti *hefur oft borið á góma hér á þingi* að undanförnu, og sumir hafa talið, að íbúum þar væri veitt óvenjugóð fyrirgreiðsla, sem orðið hefði á kostnað annarra. Það er rétt, að lánskjör manna, sem keypt hafa íbúð í Breiðholti, eru miklu hagstæðari en almennt tíðkast, enda áttu framkvæmdirnar þar að vera sérstaklega í þágu láglaunafólks úr verkalýðssamtökunum, manna, sem ekki áttu þess kost af fjárhagsástæðum eða vegna stórrar fjölskyldu að eignast íbúðir á hinum almenna markaði. En þótt þarna sé um að ræða beztu kjör, sem nú tíðkast, eru skuldbindingarnar slíkar, að í maí næsta ár eiga íbúarnir í Breiðholti að greiða frá 100 þús. til 140 þús. kr. af föstum lánum, sem hvíla á íbúðunum, fyrir utan skyndilán, sem margir hafa tekið til að komast þarna inn. Þetta eru háar upphæðir, þegar þess er gætt, að árskaup verkamanns skv. 2. taxta Dagsbrúnar er um 120 þús. kr. á ári fyrir fullan dagvinnutíma. Það mun vera algengt, að tekjur þess fólks, sem býr í Breið-

holti, hafi dregizt saman um svo sem fjórðung á þessu ári frá árinu í fyrra, og í þessum hópi eru einnig menn, sem nú eru skráðir á atvinnuleysingjaskrá. Af þessum ástæðum sækja miklar áhyggjur að þessu fólki, og kunnugur maður hefur sagt mér, að ef ekki verði að gert, muni tvær fjölskyldur af hverjum þremur missa íbúðir sínar.

Ég nefndi hér Breiðholt, vegna þess að þar eru kjörin bezt og skuldbindingarnar léttbærari en almennt gerist, svo að ég verði ekki sakaður um neinar ýkjur. Ástandið þarna sannar á ótvíræðan hátt, að hér er um að ræða mjög stórfellt og aðkallandi þjóðfélagsvandamál, sem stjórnarvöldin verða að gefa gaum. Stjórnarvöldin telja sig um þessar mundir vera að framkvæma fjármunatilfærslu frá almenningi til atvinnuveganna. En það getur ekki bjargað neinum atvinnuvegum, að hundruð manna missi íbúðir sínar og eignir. Slíkt ástand hjálpar aðeins þeirri tegund fjáraflamanna, sem ævinlega bíður færis að hagnýta sér neyð annarra. Því er það skylda Alþ. og ríkisstjórnar að gera ráðstafanir, sem duga, til þess að koma í veg fyrir, að á þessu sviði gerist alvarlegt þjóðfélagslegt áfall. Og í þessu sambandi tel ég, eins og ég sagði áðan, að alveg sérstakar skyldur hvíli á Sjálfstæðisfl., sem hefur beitt sér gegn félagslegri stefnu í húsnæðismálum, en lagt á það mikla áherzlu að knýja menn til að eignast íbúðir sínar. Það er siðferðileg skylda þess flokks að gera nú ráðstafanir, sem duga, til að koma í veg fyrir, að hundruð manna missi þessar íbúðir.

Frv. því, sem hér er til umr., er ætlað að auðvelda mönnum að halda íbúðum sínum á erfiðum tímum. Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að greiðslufrestur vegna lána til heimila tvöfaldist, þ. e. a. s. að lánstíminn verði tvöfalt lengri en upphaflega var ákveðið og að afborganir fari fram hægar en gert var ráð fyrir upphaflega. Svo að enn sé tekið dæmi af Breiðholti, þar sem lánin eru hagkvæmust, eru þau núna til 33 ára. Ef þetta frv. yrði að l., mundi lánstíminn framlengjast í 66 ár. Og ástæða er til þess að leggja áherzlu á það, að þar er ekki um neinn óeðlilegan lánstíma að ræða. Annars staðar á Norðurlöndum, í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, tíðkast það mjög, að lán til íbúðarhúsnæðis séu til allt að 80 ára, svo að slík lenging á íbúðarlánum væri ekki óeðlileg ráðstöfun heldur á venjulegum tímum, og nú er hún algerlega óhjákvæmileg, eins og ég hef áður rakið.

Í þessari gr. er einnig gert ráð fyrir því, að hliðstæður greiðslufrestur verði veittur vegna afborgana lána, sem tekin eru vegna kaupa á innanstokksmunum og heimilistækjum. Slík viðskipti hafa verið mjög algeng á síðustu árum. Kaupsýslumenn hafa boðið fram slíkar vörur með afborgunarkjörum, og margir hafa orðið til þess að gera slíka samninga í trausti þess, að þeir héldu tekjum sínum óskertum. Það yrði þó nokkur léttir fyrir marga, ef afborgunarkjör á þessum nauðsynjavörum framlengjast einnig um helming.

Í 2. gr. frv. eru sérstök ákvæði um þá launamenn, sem skráðir hafa verið atvinnulausir. Þar er gert ráð fyrir því, að ef menn eru skráðir atvinnulausir, falli fjárskuldbindingar þeirra ekki í gjalddaga og geri það ekki fyrr en 6 mánuðir eru liðnir, síðan menn hafa verið skráðir af atvinnuleysingjaskrá. Ég tel, að í nútímaþjóðfélagi verði að líta svo á, að rétturinn til atvinnu eigi að vera réttur allra þjóðfélagsþegna, og ef þjóðfélagi er þannig stjórnað, að menn eiga ekki kost á því að fá vinnu og afla sér tekna á þann hátt, eigi þjóðfélagið ekki að ganga að slíkum mönnum, svo að þeir missi íbúðir sínar og eignir ofan á annað.

Í 3. gr. er svo gert ráð fyrir því, að ráðh. sá, sem fer með félagsmál, geti sett nánari reglugerð um framkvæmd á l. þessum í samræmi við anda þeirra. Upp geta komið ýmisleg álitamál í sambandi við slíka löggjöf og nauðsynlegt að gefa ráðh. vald til þess að skera úr um slíkt álitamál með reglugerð.

Ég vil leggja áherzlu á það, að enda þótt þessu frv. sé ætlað að auðvelda mönnum að halda íbúðum sínum og innanstokksmunum á erfiðum tímum, óttast ég mjög, að samþykkt þess muni á engan hátt leysa að fullu þann vanda, sem nú blasir við. Ef svo heldur áfram sem nú horfir, að atvinna dregst enn saman, ef mörg hundruð manna verða skráð atvinnulaus mánuðum saman, ef stjórnarvöldunum takast þau áform að afnema verðtryggingu launa og skerða kaupmátt launa um 15—20%, eins og nú er talað um, óttast ég mjög, að slíkur greiðslufrestur eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. nægi engan veginn til þess að tryggja lágtekjufólki, að það haldi íbúðum sínum. Ef slíkt ástand skapast, tel ég, að óhjákvæmilegt muni verða að bæta við öðru kerfi um skuldaskil fyrir lágtekjufólk, og það væri t. d. hægt að hugsa sér, að verkalýðsfélögin kæmu upp sérstakri starfsemi til þess að fylgjast með aðstöðu félagsmanna sinna á þessu sviði og aðstoða þá við að leysa vandamál sín, svo að menn þurfi ekki að missa íbúðir sínar og innanstokksmuni.

Ég hef veitt því athygli, að margir fylgjast með örlögum þessa frv. Margir hafa orðið til þess að spyrja mig, hvort líkur væru á því, að þetta frv. yrði samþykkt. Ég vil vænta þess, að því verði tekið af fullri vinsemd af alþm., og vil minnast á það í því sambandi, að á alþýðusambandsþinginu, sem lauk í síðustu viku, var samþ. einróma till. um ráðstafanir, sem ganga einmitt í þá átt, sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Ég vil að lokum leggja til, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og til hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Á 83., 88., 89., 90. og 91. fundi í Nd., 29. apríl, 5., 6., 8. og 9. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 93. fundi í Nd., 12. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 103, n. 494, 522 og 571).

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft þetta frv. til athugunar, en eins og fram kemur, hefur n. ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. hefur á þskj. 571 lagt til, að málinu verði vísað til ríkisstj. til nánari skoðunar. Hins vegar leggur 1. minni hl. til, að frv. verði samþ., og 2. minni hl., að það verði samþ. með breytingum.

Eins og fram kemur í nál. meiri hl. fjhn., telur meiri hl., að ef frv. yrði samþ., mundi slík lagasetning geta haft mjög víðtækar og ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Það er augljóst mál, að það yrði röskun á fjárhag ýmissa aðila, sem eiga slíkar skuldarviðurkenningar, sem hér er lagt til að greiðslufrestur verði veittur á, en slíkt gæti haft mjög afdrifaríkar afleiðingar, eins og áður sagði. Hitt vill svo meiri hl. n. um frv. segja, að í því eru atriði, sem rétt er að skoða nánar, og þess vegna leggur meiri hl. til, að frv. verði vísað til ríkisstj.

Frsm. 1. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Eins og hér hefur þegar fram komið, varð fjhn. ekki sammála um afgreiðslu þessa frv. Meiri hl. n. vill vísa málinu til ríkisstj. til frekari athugunar, en ég legg hins vegar til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Aðalefni frv. er um það, að veita skuli launamönnum, námsmönnum og öðrum, sem svipað stendur á fyrir, nokkurn gjaldfrest á fjárskuldbindingum, sem þeir hafa stofnað til fyrir 11. nóv. 1968 við verzlanir og aðra kaupsýsluaðila, svo og vegna kaupa á eigin íbúð. Það er auðvitað enginn vafi á því, að þeir eru býsna margir, sem hafa þegar komizt í mikinn vanda með að standa við þær fjárskuldbindingar, sem þeir hafa tekizt á hendur að undanförnu vegna atvinnuleysis, sem þeir hafa orðið fyrir, eða vegna verulega minnkaðra atvinnutekna. En eins og kunnugt er, var sá háttur orðinn býsna útbreiddur hér á landi, að ýmiss konar varningur var seldur með afborgunarskilmálum, auk þess sem margir höfðu ráðizt í það að kaupa sér íbúðir eða byggja sér íbúðarhús, og þannig höfðu þeir skuldbundið sig til þess að standa undir býsna miklum fjárgreiðslum.

Það hefur nokkuð verið rætt um það hér á Alþ., að nauðsynlegt væri að hlaupa undir bagga með rekstrarfyrirtækjum og veita þeim nokkurn gjaldfrest á umsömdum fjárskuldbindingum, og það hefur verið gert í ýmsum tilfellum, eða hið opinbera hefur hlaupið undir bagga og útvegað fjárframlög, til þess að hægt væri að standa við gerða samninga. Ég lít þannig á og við Alþb.-menn, að það sé ekki minni ástæða til þess, eins og málum er nú komið hjá okkur, að sinna þessum vandamálum, þótt í smærri stíl séu, hjá fjöldamörgum einstaklingum, sem þetta frv. fjallar um, og veita þeim með lögum nokkurn gjaldfrest á fjárskuldbindingum, þar sem svona stendur á. Þetta er auðvitað sérstaklega þýðingarmikið hvað viðkemur íbúðarhúsnæði og mundi þar skipta mestu máli, en þó teljum við, að þetta þyrfti að vera víðtækara en svo, að það næði aðeins til íbúðarhúsnæðis, og kæmi vel til mála að lengja, eins og lagt er til í frv., hinn umsamda greiðslufrest, þegar viðkomandi hefur orðið fyrir atvinnuleysi eða tekjur hans hafa minnkað mjög verulega frá því, sem áður var.

Ég tók eftir því, að frsm. meiri hl. viðurkenndi, að hér væri um mikið vandamál að ræða í ýmsum tilvikum og það þurfi því að huga að því, hvernig megi ráða fram úr þessum vanda, og hann telur eðlilegast að skjóta þeim vanda til hæstv. ríkisstj. og biðja hana um að skoða málið vinsamlega. En mér sýnist hitt miklu eðlilegra, að slá því föstu með lagasetningu á Alþ., hvað Alþingi hefur um þetta að segja og hvað rétt þykir að gera í þessum efnum.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, aðeins í leiðinni víkja að áliti 2. minni hl. fjhn., sem hér verður auðvitað gerð grein fyrir á eftir. Ég tel, að það væri um verulega bót að ræða, þótt aðeins sá hluti málsins fengist fram, sem þar kemur fram, en teldi þó miklu æskilegra að fá frv. samþ. í því formi, sem það var hér lagt fyrir, og því legg ég til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. 2. minni hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það er langt síðan þetta frv. var flutt. Það var nokkuð lengi hjá hv. fjhn., en hefur nú verið á dagskrá nokkra daga án þess að vera tekið til meðferðar. Í 1. gr. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Greiðslufrestur framlengist um helming á fjárskuldbindingum, sem launamenn, námsmenn og aðrir, sem svipað stendur á fyrir, hafa stofnað til fyrir 11. nóv. 1968 hjá opinberri stofnun eða fyrirtækjum og einkaaðilum, sem hafa kaupsýslu, verzlunarrekstur, iðnrekstur eða hliðstæða starfsemi með höndum, enda sé til skuldbindingarinnar stofnað vegna kaupa á íbúð, sem skuldari býr sjálfur í, heimilistækjum eða húsbúnaði, sem hann notar."

Þetta er efni 1. gr. Hvernig skyldi standa á því, að mál af þessu tagi og í þessu formi er flutt hér á hv. Alþ. árið 1968? Hvernig skyldi standa á því? Ég held, að það sé óhætt að fullyrða, að þetta frv. er ekki flutt að tilefnislausu, og ég efast um, að nokkur maður treysti sér til þess í alvöru að halda því fram, að svo sé. En þannig er málum komið undir „viðreisn" eftir margra ára góðæri, en að vísu tveggja ára erfiðleikatímabil, og samfellt ráðleysi í stjórnarathöfnum, — það er svona komið eftir þetta tímabil, að menn sjá ástæðu til að leggja svona mál fyrir Alþingi, og

það er einfaldlega af því, að það er ótrúlega mikill fjöldi fólks, sem er kominn í þrot með að standa við skuldbindingar sínar ýmiss konar og þá m. a. vegna heimila sinna, húsnæðis og húsbúnaðar og annarra lífsnauðsynja. Og margir eiga raunar fullt í fangi með að hafa til hnífs og skeiðar í bókstaflegri merkingu og því miður bæði þeir, sem búa við atvinnuleysi, og eins þeir, sem þurfa að framfleyta fjölskyldu, e. t. v. stórri fjölskyldu, af lægstu daglaunum einum saman. Þetta er ömurleg saga, en hún verður ekki rakin hér við umr. þessa máls, ekki af mér a. m. k. Það er ekki að vænta neinna varanlegra úrbóta á þessu ástandi, nema breytt verði um stefnu í efnahagsmálum, og til þess þarf augljóslega nýja forustu.

2. minni hl. fjhn. lítur svo á, að það sé ekki unnt af almennum og raunar augljósum ástæðum að ákveða svo víðtæka greiðslufresti sem frv. nú gerir ráð fyrir. Brtt. 2. minni hl. lúta að því að þrengja nokkuð þann ramma, sem í frv. felst, þrengja hann þannig, að ákvæði þess nái eingöngu til lána vegna íbúða og eingöngu til veðlána, enda séu greiðsluerfiðleikar af völdum atvinnuleysis. Brtt. okkar lúta að þessu. Mér er ljóst, að þetta getur í tilvikum verið ófullnægjandi. En við lítum svo á, að lengra sé raunar ekki unnt að ganga í þessu formi. En í þessu sambandi vil ég aðeins minna á frv., sem Kristján Thorlacius, — hann sat hér á þingi sem varaþm., — hann og fleiri þm. hafa flutt hér snemma á þingi um sérstakar aðgerðir vegna erfiðleika húsbyggjenda.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en 2. minni hl. fjhn. leggur sem sagt til, að þetta frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem fram eru settar á þskj. 522.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég hafði farið þess á leit við hæstv. félmrh., að hann yrði viðstaddur þessa umr., og hann hafði heitið mér því að gera það. Mér þætti vænt um, ef hæstv. forseti vildi láta hann vita, að ég hefði hug á því að beina til hans smávægilegri fyrirspurn.

Þegar ég flutti þetta mál hér á þingi fyrir 5 mánuðum rúmum, gerði ég grein fyrir því, af hvaða ástæðum það væri flutt. Það væri flutt vegna þess, að launafólk hefði tekið á sig mjög þungbærar fjárhagsskuldbindingar, sem augljóst væri, að það mundi ekki geta staðið undir nema að hluta vegna gerbreytts ástands á vinnumarkaðinum og gerbreyttra tekna, sem menn hafa fengið að undanförnu. Ég lýsti því þá yfir, að ég gerði mér fullkomlega ljóst, að þetta frv. væri ekki nein heildarlausn á þessum vanda, og ég væri til viðtals um það að hafa annan hátt á, ef mönnum sýndist, að það mætti betur fara að breyta þessu fyrirkomulagi eða bæta við það í n. Því miður hefur ekki verið að þessu máli staðið á þann hátt í hv. n., þó að ég vilji færa henni þakkir fyrir, að hún hefur þó afgreitt málið samkv. beiðni, sem ég bar fram fyrir nokkru.

Því miður hefur aðeins einn nm. mælt með því, að frv. yrði samþ. í þeirri mynd, sem það er lagt fyrir. 2. minni hluti í n., fulltrúar Framsfl., virðist telja, að þetta vandamál sé minna en ég taldi. Þótt hv. frsm. minni hl. hafi að vísu sagt hér áðan, að þetta frv. væri borið fram af ærnu tilefni, þá leggur þessi minni hl. engu að síður til, að aðgerðirnar verði þrengdar til mikilla muna og efnislega verði aðeins fallizt á 2. gr. frv., þar sem fjallað er um þá, sem skráðir hafa verið atvinnulausir. Mér finnst þessi afstaða hv. framsóknarmanna bera anzi mikinn keim af hátterni þeirra oft og einatt, að hafa allstór orð um ýmis þjóðmál, en breyta ekki í samræmi við þau orð, þegar kemur að framkvæmdum.

Fulltrúar hæstv. ríkisstj. leggja til, að þessu frv. verði vísað til ríkisstj. Þeir segja, að í því séu atriði, sem rétt sé að skoða nánar. Og nú langar mig til þess að fá vitneskju um, hvað í því kann að felast að vísa máli eins og þessu til hæstv. ríkisstj. Mér er að vísu ljóst, að þetta er alkunn aðferð og venjulega notuð til þess að svæfa mál, þótt í því felist að vísu næsta takmörkuð virðing við hæstv. ráðh. En ég hef ástæðu til að ætla, að það verði dálítið erfitt að svæfa þetta mál í hæstv. ríkisstj., ekki vegna þess, að þetta er frv., sem ég flyt, — ég geri ekki ráð fyrir, að ég njóti neins sérstaks stuðnings í hæstv. ríkisstj., — heldur vegna þess, að það er mikill þrýstingur á hæstv. ríkisstj. að leysa þessi vandamál.

Þegar þetta mál var lagt fyrir á sínum tíma, tók ég dæmi af íbúunum í Breiðholti. Þar er flutt inn í nær 300 íbúðir, og greiðslur þessa fólks féllu í gjalddaga 1. maí s. l. Þar var um að ræða mikla upphæð, 20—30 millj. kr. En ástandið varð þannig, að 5 af hverjum 6 í Breiðholti gátu ekki staðið við þessar skuldbindingar. Og nú blasir það vandamál við: Á þetta fólk, sem flutt var inn í Breiðholtsíbúðirnar, sem átti að byggja til þess að leysa sérstaklega úr húsnæðisvandamálum þeirra, sem erfiðasta aðstöðu hafa í þjóðfélaginu, að missa íbúðirnar umsvifalaust aftur? Eða á að gera eitthvað til að leysa þennan vanda? Mér er kunnugt um, að um þetta hefur verið rætt margsinnis við hæstv. félmrh. á undanförnum mánuðum, og verkalýðsfélögin, sem höfðu forustu um þessar framkvæmdir, hafa beitt sér fyrir tilteknum ráðstöfunum til aðstoðar þessu fólki. 28. jan. s. l. skrifaði n. sú, sem ráðstafaði íbúðum í Breiðholti, bréf til húsnæðismálastjórnar um þetta vandamál, en í n. eru Sigfús Bjarnason, varaformaður Sjómannafélags Reykjavíkur, Magnús L. Sveinsson, varaformaður Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, og Guðmundur J. Guðmundsson, varaformaður Dagsbrúnar. Í þessu bréfi var m. a. komizt svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar n. gerði till. um úthlutun, reyndi hún, eins og henni var frekast unnt, að velja þá, er mesta þörf hefðu og bjuggu við erfiðastar aðstæður. Jafnvel þótt n. hefði í huga, að hluti um-

sækjenda mundi ekki hafa minnstu möguleika af fjárhagsástæðum eða af skorti á vinnu, sem og fleira þess háttar til þess að standa í skilum, og sleppti þeim í till. sínum af þessum ástæðum, þá gerði hún sér ljóst, að hún fór í till. sínum út á yztu nöf hvað viðvék greiðslugetu íbúðareigenda. Rétt er að geta þess strax, að áætlað verð íbúðanna við úthlutun reyndist mun lægra heldur en raun varð á, sér í lagi gilti þetta um einbýlishús. Það er þegar ljóst, að allstór hópur íbúðarhafa, sennilega mikill meiri hl. þeirra, varð að fá víxla til að inna aðra greiðslu af hendi, og fjölmargir höfðu ekki greitt víxla frá fyrstu greiðslu. Óþarft er að útskýra, að atvinnuástandið hefur verið mun verra í ár en að undanförnu og eftirvinna dregizt mjög saman, en greinilegt er, að fjöldi íbúðareigenda treysti á mikla yfirvinnu, einnig er nokkur hópur þeirra atvinnulaus og hefur orðið að lifa á atvinnuleysisbótum. Okkur virðist því einsýnt, að meiri hl. íbúanna lendi í vanskilum og missi íbúðir sínar, ef lánakjör og greiðsluskilmálar verða þeir, sem ákveðnir voru við afsal.

Ef vextir af ódýrustu og þar með minnstu 2 herb. íbúðum væru reiknaðir í heilt ár (en það er ekki heilt ár í flestum tilfellum), þá næmu afborganir og vextir um 73 þús. kr. (afborgun 40083 kr., vextir 32 þús. kr. Af stærri gerð einbýlishúsa mundi heildargreiðsla á ári nema röskum 143 þús. kr. (afborgun 79 þús. kr., vextir 64 þús. kr.). Af 4 herb. íbúðum næmu vextir og afborganir um 105 þús. til 106 þús. kr. (eða vextir röskar 46 þús., og afborgun 60 þús. tæpar). Það er því ljóst að breyta verður greiðsluskilmálum, ef meiri hl. íbúanna á ekki að missa íbúðir sínar á vori komanda."

Síðan ber þessi n. fram sínar hugmyndir um það, hvernig hægt sé að breyta þessum greiðsluskilmálum til þess að koma í veg fyrir, að þetta fólk verði flutt út úr íbúðunum, sem það er nýlega flutt inn í. 17. marz s. l. sendu þessir 3 menn bréf til hæstv. félmrh. og sendu honum þar með afrit af þessu bréfi, sem ég var að gera grein fyrir, og þar fóru þeir fram á það, að hæstv. félmrh. hlutaðist til um, að greiðsluskilmálar þessir verði teknir til athugunar og endurskoðunar hið allra fyrsta. Mér er einnig kunnugt um það, að í framhaldi af þessu hafa fulltrúar íbúanna í Breiðholti átt fundi með hæstv. ráðh., og mér er kunnugt um það, að hæstv. ráðh. viðurkenndi á þessum fundum, að hér væri um að ræða augljóst vandamál, og þeim gat ekki annað skilizt en hæstv. ráðh. hefði vilja á að leysa þennan vanda. Það er af þessum ástæðum, sem ég spyr, hvað í því kunni að felast, að máli sem þessu sé vísað til hæstv. ríkisstj. Má vænta þess, að hæstv. félmrh. framkvæmi á einn eða annan hátt þær hugmyndir, sem í þessu frv. felast, m. a. gagnvart íbúunum í Breiðholti?

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hygg, að í meginatriðum sé rétt frá skýrt af hv. flm. þessa frv. um þau viðskipti, sem ég hef átt við fulltrúa þeirra íbúa í Breiðholtshverfi, sem fengu íbúðir úr hinum svokölluðu Breiðholtshúsum á vegum verkalýðssamtakanna. Þeir hafa komið a. m. k. tvisvar að máli við mig til þess að kanna, með hvaða hætti mætti lina þá útborgunarskyldu, sem þeir höfðu undirritað að gegna, en telja sig, eins og hv. frsm. sagði, eiga erfitt um vik að standa við þær skuldbindingar, sökum þess m. a., hve vinna hefur dregizt saman á hinum almenna vinnumarkaði, og eftirvinnumöguleikar, sem þeir höfðu reiknað með, væru ekki lengur fyrir hendi, a. m. k. ekki um sinn. Það er einnig rétt, að ég hef sagt við þetta fólk, að það mundu athugaðir allir möguleikar, sem færir þættu til þess að lina þessar útborganir. Málið er hins vegar margslungið. Í þessum íbúðum er fé, sem ekki er í eigu byggingarsjóðs ríkisins, heldur með ýmsum öðrum hætti fengið, og því nauðsynlegt að ná samkomulagi við þá aðila, til þess að um linun geti verið að ræða á afborgunum og vöxtum af þeim lánum, sem á íbúðum þessum hvíla. Þá er það einnig rétt, að ég hef skýrt frá því, sem ekkert launungarmál er, að ríkisstj. hefur um nokkurt skeið verið ljóst, að þarna er stórfelldur vandi á höndum, og það er vilji hennar, að eins langt verði gengið til móts við þetta fólk og kostur er, og í framhaldi af þessum viðræðum, bæði eftir að hafa fengið afrit af bréfi til húsnæðismálastjórnar, sem úthlutunarnefndin sendi mér, ásamt þeim 2 eða 3 fundum, sem verið hafa með fulltrúum þessa fólks, þá hafa þeir fengið þá yfirlýsingu í hendur frá minni hendi, að málið mundi kannað til þess ýtrasta um að ganga til móts við þeirra óskir. En nú nýlega, — ég hygg fyrir 2—3 dögum, eða nú fyrir síðustu helgi, — barst mér bréf með endanlegum till. þeirra sjálfra, íbúanna í Breiðholtshverfi, um, hvað þeir teldu að þyrfti að gera, til þess að þeim yrði kleift að standa við sínar skuldbindingar, sem þeir undirstrikuðu mjög að væri alls ekki nein tilraun frá þeirra hendi til þess að losna við skuldbindingar, heldur um að ræða linun á því útborgunarkerfi, sem í skuldabréfum þeirra segir. Þessi athugun stendur enn yfir, — það er í rauninni það eina, sem ég get um málið sagt, — stendur nú yfir, og ég vil fullyrða það nú og hér, eins og ég hef gert við þetta fólk, að málið er í mjög velviljaðri athugun, og verður áreiðanlega gert það, sem fært þykir að ganga til móts við þeirra óskir.

En málið er alls ekki svo einfalt, að það sé á valdi ríkisstj. að fyrirskipa lengri lánstíma og lægri vexti á öllu þessu fé. Eins og ég áðan sagði, er þar inni í fé, sem er frá öðrum aðilum, sem hafa lánað það með ákveðnum skilyrðum, sem færð voru inn í skuldabréf þessa fólks. Ég vil jafnframt fullyrða, að það er fullur vilji ríkisstj., að ekki þurfi að koma til brottflutnings á þessu fólki úr þeim íbúðum, sem það hefur komizt inn í, og þeir möguleikar, sem fyrir hendi eru, verða nýttir

og kannaðir til hins ýtrasta að ganga til móts við þeirra óskir. Um endanlega niðurstöðu get ég ekki sagt, en ég veit það frá þeim aðilum, sem að útborgun lánanna standa, að það verður ekki gengið að þessu fólki, á meðan athugun þessi stendur yfir. Hverjar endanlegar niðurstöður af þessari athugun verða, væri bæði rangt og óvíturlega gert að fullyrða nokkuð um á þessari stundu. En ég ítreka það, að málið er í velviljaðri athugun og það verður gengið svo langt til móts við þessar óskir sem fært þykir og stætt er á með hliðsjón af yfirráðum ríkisins á því fé, sem þarna er í útláni.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. svörin. Mér þótti vænt um að heyra hinn jákvæða tón, sem í þeim var um, að málið væri í mjög velviljaðri athugun og á því væri fullur vilji að koma í veg fyrir, að þarna kæmi til brottflutnings manna, og að ekki yrði gengið að fólki, á meðan þessi athugun stæði yfir. En um leið og ég fagna þessum ummælum hæstv. ráðh., vil ég minna hann á, að hann er félmrh. þjóðarinnar allrar, hann er ekki félmrh. Breiðholtshverfis eins. Ef gerðar verða ráðstafanir til þess að bæta úr vanda fólks í Breiðholti, þá á fólk, sem eins er ástatt fyrir annars staðar, bæði í Reykjavík og úti á landi, rétt á sams konar fyrirgreiðslu hjá hæstv. ríkisstj. Fólk, sem tekið hefur á sig miklar fjárhagslegar skuldbindingar til þess að koma sér upp íbúð, en getur ekki risið undir þeim vegna lélegrar atvinnu og atvinnuleysis, á heimtingu á að fá sams konar fyrirgreiðslu hjá hæstv. ráðh. og hann heitir nú íbúunum í Breiðholti. Ég held, að þetta sé algerlega augljóst. Hæstv. ráðh. er ráðh. þjóðarinnar allrar, eins og ég sagði áðan, og um þetta verður að setja almennar reglur.

Ég fæ ekki skilið, hvernig hæstv. ráðh. getur leyst þetta mál án lagasetningar. Því held ég, að það hefði verið skynsamlegt að taka mark á því, þegar ég bar þetta mál fram í nóvembermánuði, og nota hugmynd mína til þess að reyna að vinna að lagasetningu á þingi, þótt eflaust hefði verið hægt að haga henni á ýmsan annan hátt en þann, sem ég lagði til, í stað þess að standa hér uppi í þinglok og viðurkenna, að ekki verði hjá því komizt að leysa vanda tiltekinna íbúa, því að ef það er gert, þá verður að leysa vanda annarra, sem eins er ástatt fyrir. Þetta er algerlega augljóst mál, og ég held, að það sé engan veginn betra fyrir hæstv. ráðh. að leysa þetta mál með bráðabirgðalögum en láta vinna að því hér á þingi, eins og þurft hefði að gera.

En fyrst hæstv. ráðh. er staddur hér hjá okkur í Nd., sem skeður allt of sjaldan, langar mig til þess að bera upp við hann eina fsp. enn. Við erum að fjalla um Breiðholtshverfi, og á þeim tíma, sem við erum að ræða um Breiðholtshverfi, standa einnig yfir viðræður um kaup og kjör milli verkafólks og atvinnurekenda með mikilli aðild hæstv. ríkisstj., eins og menn vita. Íbúðirnar í Breiðholti voru samningsatriði í kjarasamningum, sem gerðir voru 1965. Því var lofað þá, að byggðar yrðu 1250 íbúðir, og þeim framkvæmdum átti að verða lokið 1970, á næsta ári. Þessar íbúðir áttu að vera sérstök hagsbót fyrir láglaunafólk. Þær áttu að vera sérstaklega við það miðaðar, að fólk, sem ekki hafði tök á að kaupa sér íbúðir á hinum almenna markaði, gæti komizt inn í þessar íbúðir og notið þar betri kjara. Reynslan hefur orðið sú, að þessar íbúðir hafa orðið miklum mun dýrari en menn gerðu sér vonir um og kostnaður af að búa í þeim þar af leiðandi miklu meiri. Framkvæmdirnar hafa verið slíkar, að það er aðeins búið að koma upp 335 íbúðum, en eftir eru 915 af þeirri tölu, sem lofað var á næsta ári. Samt voru þessar íbúðir keyptar árið 1965, verkalýðsfélögin féllu frá kjarabótum til þess að ná fram þessu atriði í samningnum. Verkalýðshreyfingin lagði fram fjármuni af sinni hálfu til þess að tryggja þetta. En við þetta loforð hefur verið staðið á svo herfilegan hátt, eins og marka má af þeim tölum, sem ég nú hef nefnt: Aðeins 335 íbúðir fullgerðar, 915 eftir. Og þessar 915 búðir, hvernig eru vonirnar um þær? Um það vil ég spyrja hæstv. ráðh. Eftir því sem ég veit bezt, hefur framkvæmdanefnd Breiðholtsframkvæmda ekkert fjármagn til þess að halda áfram, — ekkert fjármagn. Og nýlega hefur það gerzt, að einn af forustumönnum Alþfl., yfirmaður þessara framkvæmda, hv. alþm. Jón Þorsteinsson, hefur sagt af sér störfum í þessari framkvæmdanefnd. Honum virðist lítast svo illa á efndirnar á þessum loforðum, að hann hefur flúið af hólmi. Einnig þetta tel ég vera fullkomið alvörumál, og ég vil mælast til þess, að hæstv. félmrh. gefi einnig skýringar á þessu. Ég geri ráð fyrir, að einmitt hv. þm. Jón Þorsteinsson hafi verið sérstakur trúnaðarmaður hæstv. félmrh. við þessar framkvæmdir og átt að tryggja það, að við loforðin frá 1965 væri staðið.

Til viðbótar því, sem ég sagði áðan, hvort hæstv. ráðh. mundi ekki vera reiðubúinn til þess að tryggja það sem almenna fyrirgreiðslu, sem hann lofar að gera í Breiðholti, vil ég bæta þeirri spurningu, hvernig verði áframhaldið á efndunum á loforðunum frá 1659 um 1250 íbúðir, sem tilbúnar verði 1970?

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég veit nú vart um skyldur ráðh. til að taka við slíkum yfirheyrslum, eins og ég virðist vera leiddur hér í. En ég skal þrátt fyrir það, að formlegheitin séu ekki alveg eins og þau ættu að vera samkvæmt þingsköpum, reyna að svara þeim spurningum, sem þm. beindi til mín, af því að hann hafði sagt mér frá því, að hann mundi bera hér fram fsp., án þess að ég vissi nákvæmlega, hvað í þeim lægi.

Varðandi fyrra atriðið, sem þm. spurði um, hvort hér yrði um almenna fyrirgreiðslu að ræða, þá

skal það upplýst, að sú athugun, sem nú fer fram, beinist fyrst og fremst að því, sem við teljum brýnast, þ. e. a. s. Breiðholtsíbúðunum. Þar var fólk sérstaklega valið með hliðsjón af lágum tekjum og litlum möguleikum, þrátt fyrir sæmilega atvinnu, — litlum möguleikum til þess að eignast íbúð með öðrum hætti. Það má kannske um það deila frá útlánalegu sjónarmiði, hvort þessi stefna var rétt, en nefndin, sem úthlutaði þessum íbúðum, mun hafa haft það sjónarmið fyrst og fremst, að þetta fólk sæti fyrir þessum íbúðum. Þess vegna teljum við, að vandinn sé brýnastur vegna þessa fólks. En athugun á hinum almenna lánamarkaði hefur ekki farið fram.

Í öðru lagi var spurt, hverjar verði efndirnar um byggingu þeirra 915 íbúða, sem eftir eru. Um það get ég ekki sagt í dag. Það stendur yfir athugun á fjárhagsgetu sjóðsins til þessara útlána. Það er kunnugt, að húsnæðismálastjórn hefur legið undir harðri gagnrýni fyrir það að hafa tekið mikið fé til þessara framkvæmda úr hinum almennu útlánum, sem orsakað hafa lengri biðraðir af þeim sökum. Hins vegar er nú að því unnið að kanna, hver fjárhagsgeta er til þessara framkvæmda, því að fljótlega þarf að segja til um það, til þess að útboð geti legið fyrir á eðlilegum tíma. Það er þó allavega ljóst, og ég hygg, að þeim, sem með stjórn þessara mála fara, þ. e. a. s. framkvæmdanefnd byggingaáætlunarinnar, þar sem sæti eiga fulltrúar þeirra aðila, sem sömdu um málið á sínum tíma, — þeim er öllum ljóst, að ekki verður unnt að ljúka þessum íbúðum fyrir árslok 1970.

Varðandi síðustu atriði í málflutningi hv. 6. þm. Reykv. um það, að formaður framkvæmdanefndarinnar hafi flúið af hólmi, en hann hafi verið sérstakur trúnaðarmaður minn sem félmrh., og ástæðan til þessa flótta hans af hólmi væri sú, að hann teldi, að þessum framkvæmdum væri þröngur stakkur sniðinn, þá vil ég lýsa því hér yfir, að mér er kunnugt um, að ástæðan til þessarar afsagnar Jóns Þorsteinssonar á ekkert skylt við þetta atriði. Það eru persónulegar ástæður, sem því valda, og eiga ekkert skylt við þá erfiðleika, sem hafa verið um öflun fjár til þessara framkvæmda. Það þarf enginn að fara í grafgötur um það, að hinn almenni lánsfjárskortur og minnkandi tekjur bæði af skyldusparnaði og launaskatti vegna minni atvinnu hafa stórlega bitnað á þessum sjóði, ekki síður en á fólkinu, sem tekið hefur á sig skuldbindingar í Breiðholti og annars staðar vegna þessara útlána, og tekjur hafa stórlega minnkað, sem hafði verið treyst á til þessara framkvæmda. Þetta er öllum mönnum ljóst og óþarfi af hv. þm. að ganga fram hjá þessari staðreynd. Hann veit það eins vel og við allir, sem hér erum inni, að tekjutap þessara sjóða, frá því að atvinna var hér mest og hér var talað um nánast ofþrælkun í nætur- og helgidagavinnu og til þess að hafa ekki handa öllum fulla dagvinnu, eins og nú hefur verið um skeið, það bitnar ekki síst á sjóði eins og þessum, sem hefur haft meginhluta tekna sinna af launatekjum fólks.

Þetta held ég, að sé það, sem ég get um málið sagt á þessu stigi.

Frsm. 2. minni hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég held, að það leiki enginn vafi á því, að þetta mál, sem hér er til umr., heyri undir þau mál, sem hæstv. félmrh. fjallar um. Mér hefði fundizt það út af fyrir sig eðlilegt, að hann væri viðstaddur þessar umr., og ég skil ekki, hvers vegna hann þarf að kvarta undan því, þó að vikið sé að honum orðum og beint til hans spurningum varðandi mál, sem beinlínis heyrir undir hans rn. Nú hafði ég hugsað mér að nota þetta tiltölulega sjaldgæfa tækifæri til þess einnig að beina spurningu til hæstv. ráðh., en hann hafði víst komið hér aðeins eftir pöntun og hefur nú aftur vikið af fundi. Eigi að síður ætla ég að segja það, sem ég hafði hugsað mér að segja, það eru ekki svo mörg orð, að það þurfi að tefja neitt umr. um þetta mál né heldur þingstörfin almennt.

Ég vil í fyrsta lagi segja það, að mér þótti vænt um að heyra yfirlýsingu hæstv. ráðh. um, að ríkisstj. hefði í hyggju að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, a. m. k. fresta, að gengið verði að íbúum Breiðholtshverfis. Þó að ég sé ekki Reykvíkingur, þá er ég þó hér vetrarlangt, og ég hef það mikil kynni af fjárhagsástæðum fólks hér í borginni, að ég er ekki í nokkrum vafa um það, að slíkar ráðstafanir eru hin brýnasta nauðsyn. En í þessu sambandi vekst það auðvitað upp fyrir manni, við þessar umr. um vandamál Breiðholtsíbúanna sérstaklega, að það hverfi er þó byggt upp með alveg sérstökum fjárhagslegum stuðningi stjórnarvalda. Og úr því að þar er nú þegar komið til stórvandræða fyrir íbúana, hvað er þá um aðra húsbyggjendur í landinu?

Það er hárrétt, sem hv. 6. þm. Reykv. vék hér að, að hæstv. ríkisstj. og hæstv. félmrh. í þessu tilfelli, hann er auðvitað ráðh. allrar þjóðarinnar og hlýtur einnig að huga að öðrum, sem í vandræðum eru í líkum kringumstæðum og þessir húsbyggjendur. Það er varla hugsanlegt, að fyrst svo er komið hinu græna tré, að þá sé allt í lagi með hið visna. Og nú vil ég spyrja hæstv. ráðh. um það, hvort ekki hefur einnig komið til tals hjá hæstv. ríkisstj. að gera hliðstæðar ráðstafanir vegna annarra húsbyggjenda, sem í þröng kunna að vera. Ég var að vona áðan, að einnig ég fengi tækifæri til að bera fram þessa fsp. til ráðherra í framhaldi af þeim stuttu umr., sem hér hafa farið fram um þetta mál. Það hefði vissulega verið mikilsvert að eiga von á því, að ríkisstj. gerði einnig ráðstafanir til stuðnings öðrum húsbyggjendum, sem í vanda væru staddir. Það má vera, þó að hæstv. ráðh. sé ekki viðstaddur hér nú, að einhver beri honum þessi orð mín og hann kannske sjái ástæðu til þess að skýra frá þessu á öðrum stað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 94. fundi í Nd., 13. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Till. á þskj. 571 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 20:18 atkv.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Innflutningsgjald o. fl.

Á 1. fundi í Nd., 14. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um innflutningsgjald o. fl. [6. mál] (stjfrv., A. 6).

Á 3. fundi í Nd., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 3. sept. s. l. um álagningu 20% innflutningsgjalds.

Ég tel ekki rétt, nema tilefni gefist til þess, að fara að innleiða hér almennar umr. um efnahagsmál, vegna þess að þau mál eru nú öll til meðferðar í viðræðum milli stjórnmálaflokkanna, og ég efast um, að það sé æskilegt á þessu stigi að fara að hefja almennar umr. um þau hér á Alþingi. Hins vegar að sjálfsögðu, ef málin verða færð inn á þann vettvang af öðrum, þá vitanlega mun ég taka það til athugunar, eftir því sem efni standa til. Af þessari ástæðu mun ég í þessari framsöguræðu minni fyrir frv. aðeins halda mér að þeim atriðum, sem varða útgáfu frv., og ekki rekja söguna eða þróun mála þannig, að það leiði til almennra umr.

Það var ljóst allt frá síðasta ári, að þróunin var sú, að það gekk stöðugt á gjaldeyrisvarasjóðinn vegna óhagstæðrar þróunar í innflutnings- og útflutningsmálum, sem ekki þarf að orðlengja um, og öllum hv. þdm. eru nógsamlega kunnar þær ástæður allar. Um síðustu áramót nam gjaldeyrisvarasjóðurinn um 1100 millj. á núv. gengi. Eftir gengisbreytinguna dró að vísu allverulega úr innflutningi. En vegna þess, hversu útflutningur dróst miklum mun meira saman en gert hafði verið ráð fyrir, þá reyndist þróunin mun óhagstæðari en áætlað hafði verið í byrjun ársins. Það var því vandlega fylgzt með þróuninni fram eftir árinu og margoft í ríkisstj. og innan Seðlabankans tekið til athugunar, hvort tímabært væri að gera sérstakar ráðstafanir í þessu sambandi. Að öllum ástæðum athuguðum þótti þó rétt að bíða fram eftir sumri, til þess að séð yrði, hvernig færi með þróun útflutningsmála, og þá ekki hvað sízt, hvaða horfur yrðu með síldveiðar, sem að sjálfsögðu hljóta að hafa veruleg áhrif varðandi gjaldeyrisöflun. Þegar það síðari hluta ágústmánaðar blasti við, að síldveiðar höfðu engar verið á sumrinu, horfur um það efni mjög slæmar og þróun útflutnings svo óhagstæð, að það þóttu líkur til þess, að útflutningsáætlunin, sem gerð hafði verið í upphafi ársins, mundi lækka mjög verulega, eða jafnvel um 600—800 millj. kr., og af þessum ástæðum hafði haldið áfram að ganga á gjaldeyrisvarasjóðinn, þá var það samdóma álit ríkisstj. og Seðlabankans, að grípa yrði til bráðabirgðaráðstafana til þess að forðast, að gjaldeyrisvarasjóðurinn gengi algerlega til þurrðar. Þá var svo komið í ágústmánuði, að gjaldeyrisvarasjóðurinn hafði minnkað um helming frá áramótum og raunar þó enn meira, vegna þess að þá var komið til notkunar innanlands það 2 millj. sterlingspunda framkvæmdalán, sem ríkissjóður tók fyrr á árinu. Það þótti því sýnilegt eftir því, hvernig innflutningur hafði verið í júnímánuði og horfur í ágúst, að ef ekki yrði gripið til sérstakra ráðstafana í skyndi, mundi gjaldeyrisvarasjóðurinn ganga til þurrðar. Það var því horfið að því ráði, sem að vísu var vart við, að mönnum þótti ýmsum óheppilegt að væri gert vegna viðræðna, sem þá voru að hefjast milli stjórnmálaflokkanna, að ákveðið var að gefa út brbl. um að leggja 20% innflutningsgjald á allan innflutning til landsins. Vitanlega er þetta mál það svipaðs eðlis og gengisbreyting, að það má ekki vera lengi að veltast á milli manna, til þess að það leiði ekki til margvíslegrar spákaupmennsku, og þess vegna var nauðsynlegt að gera þetta með skyndingu. Það var hins vegar ljóst, að hér gat ekki orðið nema um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, enda voru lögin sett ljóslega með það í huga, vegna þess að ákveðið var, að gildistími þeirra skyldi aðeins vera til loka nóvembermánaðar. Það er jafnframt ljóst, að almennt gjald sem þetta leiðir af sér ýmiss konar annmarka, og vissulega má benda á marga galla í sambandi við þetta gjald og framkvæmd þess, og það er mér fullkomlega ljóst, að slíkt gjald gæti ekki staðizt til langframa, án þess að gerðar væru margvíslegar aðrar hliðarráðstafanir. En gjaldinu var ætlað að ná því marki að draga úr eftirspurn eftir gjaldeyri, og því takmarki hefur tekizt að töluverðu leyti að ná, eftir því sem málin virðast nú horfa, þó að aldrei verði sagt um það fyrr en eftir nokkurn tíma, hvernig heildarútkoman í þeim efnum verður.

Á það skal lögð áherzla, að enda þótt að sjálfsögðu færi afkoma ríkissjóðs mjög versnandi og það væri mikil þörf á fjáröflun til hans, hefði ekki verið hafizt handa um útgáfu slíkra brbl. vegna afkomu ríkissjóðs út af fyrir sig, heldur fyrst og fremst vegna þeirrar nauðsynjar að reyna að sporna gegn hinni gífurlegu eftirspurn eftir gjaldeyri og þar af leiðandi ýmiss konar spákaupmennsku, sem farin var að gera vart við sig, vegna þess að vitanlega sáu menn, hvert stefndi, að gjaldeyrisvarasjóðurinn mundi ganga til þurrðar, ef ekki væri gripið til sérstakra aðgerða. Ég skal ekki ræða hér afkomuhorfur ríkissjóðs á árinu, það mun ég gera nánar við 1. umr. fjárl., en það blasti að sjálfsögðu við, að afkoma ríkissjóðs yrði mjög slæm, og þess vegna í senn nauðsynlegt að gera þetta vegna gjaldeyrisvarasjóðsins og afla ríkissjóði aukinna tekna vegna skuldbindinga, sem ríkið hafði orðið að taka á sig til þess að forðast stöðvun útflutningsframleiðslunnar fyrr á árinu.

Eins og ég áðan sagði, var brýn nauðsyn að hafa þessar ráðstafanir, sem áttu að gilda til bráðabirgða, eins einfaldar og hugsanlegt var. Þess vegna var sá kostur valinn að leggja almennt innflutningsgjald á allar vörur með sárafáum undantekningum, og undantekningarnar verða í rauninni aðeins brýnustu vörur sjávarútvegsins, sem ljóst var, að ekki var hægt að leggja nýjar kvaðir á, þar sem hafði orðið að grípa til sérstakra ráðstafana honum til aðstoðar, og jafnframt þótti rétt að krefja ekki til ríkissjóðs um það gjald, sem átti að leggjast á fóðurvörur landbúnaðarins. Hins vegar mun reyndin vera sú, að gjalds er krafizt af þessum fóðurvörum, en það gjald mun þá renna til landbúnaðarins með öðrum hætti, sem ekki hefur endanlega verið ákveðið um. Að öðru leyti er gjaldsins krafizt af öllum vörum, sem til landsins eru fluttar.

Það þótti rétt að velja þessa aðferð, að leggja á innflutningsgjald, en ekki gjaldeyrisskatt, vegna þess að á þessu stigi málsins, meðan viðræður fóru fram um, hvaða efnahagsráðstafana yrði gripið til, þótti rétt að halda opnum öllum dyrum um það, hvaða úrræði yrðu valin, og með því að hafa þetta innflutningsgjald til skamms tíma, var engu slegið föstu um það, hvaða leiðir yrðu valdar í þessu efni. Gjaldeyrisskattur hefði í rauninni verið formleg ákvörðun um gengislækkun, og a. m. k. á því stigi málsins var enginn reiðubúinn til þess að slá því föstu, að það yrði sú leið, sem valin yrði að lokum til lausnar á efnahagsvandamálunum. Það er því meginástæðan til þess, að þetta form skattálagningar var valið.

Álagning þessa gjalds er miðuð við að fylgja þeim reglum, sem tollskrá segir um varðandi innflutning vara, og þeim aðferðum fylgt, sem fylgt er við innheimtu tolla. Það skal tekið fram í þessu sambandi, að það munu verða notaðar heimildir, sem til eru, til þess að fella niður tolla, og þá mun innflutningsgjald jafnframt verða í flestum tilfellum fellt niður af slíkum vörum. Hins vegar, þó að sé enginn tollur á vöru samkv. tollskrá, er innheimt af þeim vörum innflutningsgjald, vegna þess að þar telst vera um formlega tollákvörðun að ræða, þó að hún sé ákveðin sem enginn tollur.

Það er ákveðið í frv., að ekki sé heimilt að hækka verð vara, sem til eru í landinu, þegar gjaldið er á lagt. Það er sama aðferð og verið hefur, þegar gengisbreytingar hafa verið framkvæmdar, eða ef meiri háttar álögur eða skattar hafa verið lagðir á vöruverð, að það komi ekki á vörur, sem fyrir eru í landinu. Þá er jafnframt svo ákveðið, að það er sett tiltekin regla um það, hvað sé heimilt að hækka álagningu á vörur, og þá er miðað við, að heimilt sé að hækka álagningu sem svarar hækkun þess hluta í vöruverði eða tilkostnaði verzlunar, sem leiðir af erlendum tilkostnaði eða hækkun á erlendum vörum, og það hefur verið reiknað út fyrir nokkru, að það væri um 30% af tilkostnaði af verzlunarálagningunni, sem mætti teljast til komið á þennan hátt.

Það er rétt að vekja athygli á 4. gr. frv., sem er þess eðlis, að þar er ákveðið, að gjald þetta skuli endurgreitt, ef gerðar verða þær ráðstafanir varðandi gjaldeyrismál, að það mundi leiða til tvítekningar í rauninni eða tvísköttunar, ef svo má segja. Og er þá auðvitað það, sem við er átt í þessu efni, að ef kæmi til gengisbreytingar, sem enginn getur neitt um sagt nú, mundi það hafa leitt til þess, ef um væri að ræða vöru, sem væri á greiðslufrestur og hún hefði ekki verið greidd, áður en til gengisbreytingar kæmi, að þá mundi í senn verða að greiða af þessari vöru 20% innflutningsgjald og síðan aftur gjaldeyrisálagið, ef gengisbreyting kæmi til. Þetta þótti allt of þung og alvarleg kvöð í sambandi við þessar vörur, vegna þess að hér er fyrst og fremst um að ræða hinar brýnustu nauðsynjavörur, sem fluttar eru til landsins, sem inn eru fluttar með þessum greiðslufresti, matvörur og olíur og annað þess konar.

Loks var ákveðið, sem þótti sjálfsagt, að það væri lagt 20% gjald á útgjöld til ferðalaga erlendis, því að óeðlilegt þótti að selja gjaldeyri til þeirra nota í rauninni með allt öðrum hætti en til vörukaupa. Það mundi aðeins valda óeðlilegri eftirspurn eftir gjaldeyri á því sviði.

Það er auðvitað mjög erfitt um það að segja, hver árangur verður af þessu gjaldi, sem á að standa svo stuttan tíma sem raun ber vitni um. En bráðabirgðaáætlun, sem um það hefur verið gerð, er þess efnis, að gert er ráð fyrir, að tekjur af gjaldinu mundu nettó verða um 220 millj. kr., að frádregnum endurgreiðslum til 1. des., og tekjur af ferðagjaldeyri á sama tíma um 6 millj. kr. Hins vegar er ljóst, að ef kæmi til, að þyrfti að nota heimildir 4. gr., mundu þessar tekjur geta rýrnað um 90—100 millj. kr. vegna endurgreiðslna, sem þá kæmi til. Og þá yrði nettó-tekjuauki ríkissjóðs af gjaldinu ekki nema um 70—80 millj., sem er vitanlega alls ófullnægjandi til þess að

mæta þeim halla, sem nú er á ríkisbúskapnum. Um þetta verður auðvitað ekkert sagt enn þá, en þannig er áætlunin, eins og bezt verður séð í dag. En ég tek það skýrt fram, að þetta er gert með öllum fyrirvörum, vegna þess að það er ómögulegt enn að átta sig á því til hlítar, hvernig þetta gjald verkar. Samhliða þessum ráðstöfunum eða innflutningsgjaldinu ákvað ríkisstj. að beita því eftirliti, sem hún og gjaldeyrisbankarnir geta haft varðandi yfirfærslu í sambandi við duldar greiðslur til útlanda, og takmarka þær með öllum hugsanlegum hætti, þ. e. a. s. ekki yrði leyft að framkvæma erlendis viðgerðir og aðra þjónustu, sem hægt væri að framkvæma hér innanlands, nema því aðeins að verðmismunurinn á þeirri þjónustu væri meiri en sem svaraði þessu gjaldi, þannig að álagning gjaldsins yrði ekki til þess að örva notkun gjaldeyris til þjónustukaupa erlendis.

Ég held, herra forseti, að á þessu stigi sé ekki þörf nánari skýringa með þessu frv. Ég vil aðeins að lokum taka fram, að það mun þurfa að gera á frv. vissar breytingar vegna vandamála, sem komið hafa upp, einstakra vandamála, og mun það þá verða athugað í samráði við þá hv. n., sem fær frv. til meðferðar. Eins og glöggt er varðandi tímamörk laganna, og er gert ráð fyrir, að þau tímamörk verði staðfest með frv., þá er ekki vikið að kaupgjaldsmálum í þessu frv. eða brbl. Gildistaka nýrrar kaupgjaldsvísitölu er 1. desember. Þess vegna er líka frv. haft innan þeirra marka, vegna þess að það er augljóst, að innan þess tíma verður Alþ. að hafa tekið endanlegar ákvarðanir um frambúðarlausn á þessum vandamálum öllum. Ég geri ekki ráð fyrir, að frv. verði endanlega afgreitt hér á Alþ., fyrr en ljósara verður, hvaða stefnu þau mál taka, en það var að sjálfsögðu skylt og eðlilegt að leggja brbl. fyrir Alþ., strax og það kom saman til funda.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjhn .

Umr. frestað, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

2. Menntaskólar.

Á 61. fundi í Nd., 6. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um menntaskóla [166. mál] (stjfrv., A. 324).

Á 62. og 63. fundi í Nd., 10. og 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., 13. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Skólakerfi þjóðar mótast annars vegar af löggjöf, sem ýmist setur sjálfu skólastarfinu almenna umgjörð eða ramma eða mælir hins vegar fyrir um hlutverk og skipulag einstakra skóla eða skólastiga. Hér á landi eins og víða annars staðar eru ákvarðanir löggjafans um framkvæmd fræðsluskyldu eða skólastarf á fræðsluskyldustigi fyrst og fremst í því fólgnar að kveða á um, að öll börn og unglingar séu fræðsluskyld á aldrinum 7—15 ára. Í gildandi l. um skólakerfi og fræðsluskyldu segir, að allir skólar, þeir sem kostaðir eru eða styrktir af ríkisfé, skuli mynda samfellt skólakerfi, sem skiptist í 4 stig: barnafræðslustig, gagnfræðastig, menntaskólastig og háskólastig. Í gildandi l. eru engin tæmandi ákvæði um það, hvað kennt skuli eða hvernig á barnafræðslustigi eða gagnfræðastigi. Námsefni á þessum skólastigum er ákveðið í námsskrá, sem menntmrn. er ætlað að gefa út. Hins vegar eru í l. ákvæði um skipulag á námsefni á menntaskóla- og sérskólastiginu, sem og á háskólastiginu. Þá er og í gildandi l. um skólakerfi og fræðsluskyldu ákvæði um, að miðskólum, sem eru ein af 3 skólategundum gagnfræðastigsins, en það eru unglingaskólar, miðskólar og gagnfræðaskólar, skuli ljúka með landsprófi, miðskólaprófi, sem veitir rétt til inngöngu í menntaskóla og sérskóla með þeim takmörkunum, er kunna að vera settar í lögum þeirra eða reglugerðum.

Þessi stefna löggjafans, sem mörkuð er í l. um skólakerfi og fræðsluskyldu frá 1946, að setja ekki lagafyrirmæli um einstök atriði skólastarfsins á fræðsluskyldustiginu, er tvímælalaust skynsamleg. Hún veitir yfirstjórn skólanna á fræðsluskyldustiginu og skólunum sjálfum ráðrúm og skilyrði til breytinga á skipulagi, námsefni, kennsluaðferðum og prófatilhögun, eftir því sem æskilegt þykir hverju sinni.

Skömmu eftir að ég tók við starfi menntmrh., eða árið 1958, skipaði ég n., þar sem áttu sæti fulltrúar þingflokka og kennarastéttar og embættismenn undir forustu Halldórs Halldórssonar prófessors, til þess að kanna þá reynslu, sem af þessari lagasetningu hefði fengizt, og hvort ástæða væri til breytingar á þeirri umgjörð eða þeim ramma, sem skólakerfinu væri settur í löggjöfinni. Það varð nær einróma niðurstaða þessarar n., að ekki væri ástæða til þess að gera breytingar á grundvallaratriðum þessarar lagasetningar, þ. e. a. s. 7—15 ára fræðsluskyldu, heimildinni til þess að skipa námsefni fræðsluskyldustigsins með námsskrá, skiptingu skólakerfisins í hin 4 stig og því, að landspróf eða miðskólapróf skuli veita rétt til inngöngu í sérskóla og menntaskóla. Af þessum sökum hef ég á undanförnum árum talið rétt, að á löggjafarsviðinu yrði lögð megináherzla á endurskoðun löggjafarinnar um sérskólana.

Þegar þetta frv. verður að lögum, hefur á tiltölulega stuttu tímabili bókstaflega öll íslenzk löggjöf um einstaka skóla eða skólastig verið endurskoðuð eða sett ný löggjöf um skóla eða skólastig, sem engin löggjöf var til um áður. Þegar 1957 voru sett ný heildarlög um Háskóla Íslands, en fyrri lög voru frá árinu 1936. Síðan hafa ýmsar breytingar verið gerðar á háskólalögunum og margar og gagngerar breytingar á reglugerð háskólans, t. d. hefur námið í læknisfræði og í íslenzkum fræðum verið aukið og bætt og B.A.-náminu verið breytt verulega, þannig að nú er það fullgilt háskólanám fyrir framhaldsskólakennara í mörgum greinum. Á s. l. hausti var hafin kennsla í náttúrufræðum til B.A.-prófs og þar með lagður grundvöllur að stofnun vísindadeildar við háskólann. Á undanförnum áratug hefur tala kennara við háskólann meira en tvöfaldazt. Á þessu ári mun ljúka störfum n., sem skipuð var fyrir rúmum 2 árum til þess að gera till. um framtíðaruppbyggingu háskólans næstu 2 áratugina. Ný löggjöf var sett um kennaraskólann 1963, og var hlutverki hans og skipulagi gerbreytt frá því, sem áður var, þ. e. a. s. hann var þá gerður að stúdentaskóla. Sama ár var með löggjöf komið á fót Tækniskóla Íslands. Fram til þessa hefur hann veitt tæknifræðingum 3 ára menntun, en tvö síðustu árin hafa verðandi tæknifræðingar orðið að stunda nám erlendis. Nú nýlega hefur verið ákveðið að gera byggingartæknifræðingum kleift að ljúka námi sínu algerlega hér heima, og munu fyrstu íslenzku byggingartæknifræðingarnir, sem algerlega stunda nám sitt á Íslandi, brautskrást frá tækniskólanum 1971. Árið 1966 var sett ný iðnfræðslulöggjöf, þar sem víðtækar breytingar og endurbætur voru gerðar á iðnfræðslunni. Sama ár var sett ný löggjöf um vélstjóranám og um stýrimannaskólann í Reykjavík, en árið 1964 höfðu verið sett lög um nýjan stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum. Árið 1962 var sett ný löggjöf um hjúkrunarskóla og árið 1965 um Húsmæðrakennaraskóla Íslands. Árið 1965 voru sett lög um Myndlistar- og handíðaskóla, en um þá menntun höfðu ekki áður verið til sérstök lög. Og árið 1963 voru sett lög um fjárhagsstuðning við tónlistarskóla, en um þá skóla höfðu engin lög verið til áður.

Eins og ég gat um áðan, er ástæða þess, að ég hef fram til þessa ekki lagt til við Alþ., að ný lög verði sett um skólakerfi og fræðsluskyldu, sú, að þessi löggjöf er rammalöggjöf og hægt er að gera allar breytingar, sem nauðsynlegar eru taldar á námsefni, kennsluaðferðum og próftilhögun og æskilegar þykja, án lagabreytinga. Meginþorri skólamanna og nemenda er þeirrar skoðunar, að því ákvæði l. um skólakerfi og fræðsluskyldu, að miðskólapróf eða landspróf skuli vera aðalleiðin til inngöngu í menntaskóla og sérskóla, eigi ekki að breyta. Ég minnist ekki heldur neinnar ýtarlegrar eða rökstuddrar till. um, hvað koma ætti eða komið gæti í staðinn fyrir almennt samræmt inntökupróf í menntaskóla eða sérskóla. Um það aðalatriði l. um skólakerfi og fræðsluskyldu, að börn og unglingar séu fræðsluskyld á aldrinum 7—15 ára, er það að segja, að skoðanir eru skiptar um það, hvort fræðsluskylduna eigi að lengja, t. d. um eitt ár, eða ekki. Persónulega er ég þeirrar skoðunar, að innan tíðar hljóti að koma að því, að skólaskylda verði lengd um eitt ár og verði 9 ár. Með hliðsjón af þeim miklu breytingum, sem gerðar hafa verið á fræðsluskyldustiginu og gagnfræða-, sérskóla- og háskólastiginu á undanförnum árum og varið hefur verið stórauknu fé til, hefur fram til þessa ekki verið fjárhagsgrundvöllur fyrir lengingu skólaskyldunnar. Hvort það er gert og hvenær það verður gert, er fyrst og fremst fjárhagsatriði. Það er Alþingis að ákveða, hvort það vill verja því fé, sem það veitir til skólamála og fer stórvaxandi ár frá ári, til þess að bæta og auka kennsluna á fræðsluskyldustiginu, eins og það er nú, sem og gagnfræða-, mennta-, sérskóla- og háskólastigi, eða hvort það vill verja fé til þess að lengja skólaskylduna eða gera allt í senn. Skólunum og kennarastéttinni er fátt að vanbúnaði að framkvæma lengingu fræðsluskyldunnar frá kennslufræðilegu sjónarmiði séð, en það gerir auðvitað nauðsynlegar nýjar skólabyggingar og eykur rekstrarkostnað skyldunámsskólanna. Þótt ég hafi talið rétt að leggja til við Alþ., að endurskoðun allrar sérskólalöggjafarinnar gengi fyrir, hef ég alltaf gert ráð fyrir því, að einnig kæmi til endurskoðunar á löggjöfinni um fræðsluskylduna, en ég hef talið, að það ætti ekki og þyrfti ekki að gerast, fyrr en tímabært væri að taka lengingu fræðsluskyldunnar á dagskrá.

Endurskoðun löggjafarinnar frá 1946 um fræðsluskylduna hefur verið undirbúin. Nú, þegar lokið er endurskoðun allrar löggjafarinnar um einstaka skóla og skólastig, tel ég orðið tímabært að leggja fram frv. að nýrri löggjöf um fræðsluskylduna. Ríksistj. hefur samþ., að slíkt frv. verði lagt fyrir þetta þing. Eitt merkasta nýmæli þess verður, að heimilað verður að lengja fræðsluskylduna um eitt ár eða í 9 ár, þegar fé er veitt til þess á fjárlögum. Þegar það frv. hefur verið samþ., verður það Alþingis að ákveða með fjárveitingu, hvenær lenging skólaskyldunnar skuli koma til framkvæmda. Almennur lagagrundvöllur eða lagarammi væri þá fyrir hendi til 9 ára fræðsluskyldu.

Enda þótt gildandi rammalöggjöf um skólakerfi og fræðsluskyldu hafi ekki verið breytt, jafngildir það að sjálfsögðu ekki því, að ekki hafi verið gerðar miklar breytingar á skólastarfinu á fræðsluskyldustiginu á undanförnum árum. Þegar skólamálanefnd, sem ég gat um áðan og skipuð var 1958, skilaði áliti 1959 og taldi ekki þörf grundvallarbreytinga á l. um skólakerfi og fræðsluskyldu, en gerði hins vegar till. um ýmsar breytingar á framkvæmd fræðsluskyldunnar, var lögð höfuðáherzla á að endurskoða námsskrána fyrir allt skólaskyldustigið. Var því verki lokið 1960 og gef-

in út ný námsskrá fyrir öll börn og alla unglinga á skólaskyldualdri. Hefur þessi nýja námsskrá smám saman verið að koma til framkvæmda á undanförnum árum.

Ég hygg, að óhætt sé að segja, að það sé skoðun yfirgnæfandi meiri hluta skólamanna nú á tímum, að ekki eigi að gera gjörbreytingar á skipulagi skóla og skólastarfi á nokkurra ára fresti, heldur eigi skólastarfið og skólaskipulagið að taka stöðugum breytingum, jafnhliða þeim breytingum, sem verða í þjóðfélaginu ár frá ári á svo að segja öllum sviðum, með breyttri tækni í atvinnugreinum, með flutningi fólks úr dreifbýli í þéttbýli, með breyttri þekkingu og breyttum lífsviðhorfum. Það er þess vegna í raun og veru orðið alveg ófullnægjandi og úrelt viðhorf, að nægilegt sé að endurskoða skólalöggjöf þjóðar með vissu millibili, t. d. á 10—15 ára fresti, framkvæma allsherjarendurskoðun á námsefni og námsskrá öðru hverju. Breytingar á þekkingu og þjóðfélagi gerast smám saman og eru alltaf að eiga sér stað. Þess vegna þarf skólakerfi og námstilhögun í raun og veru að vera í sífelldri endurskoðun. Gildandi löggjöf um skólakerfi og fræðsluskyldu hér gerir slíkt einmitt mögulegt. Þannig hefur verið unnið undanfarin ár, og þannig tel ég, að vinna eigi áfram. Í samræmi við þessi sjónarmið var árið 1966 komið á fót sérstakri deild innan menntmrn., sem annast á stöðugar vísindalegar rannsóknir á skólakerfinu, og gera till. til úrbóta jafnóðum. Skólarannsóknadeildin hefur m. a. beitt sér fyrir og haft umsjón með ýmsum tilraunum með nýjungar í námsskipan og kennsluháttum á barna- og gagnfræðastiginu. Samkvæmt till. hennar var sérstakri n. falið að endurskoða námsefni og kennsluhætti í eðlis- og efnafræði í barna- og gagnfræðaskólum, og hefur n. skilað ýtarlegri álitsgerð um það efni. Hliðstæð endurskoðun að því er varðar líffræði er nýlega hafin. Í ársbyrjun 1968 var sett reglugerð um samræmt gagnfræðapróf, þar sem gert er ráð fyrir, að gagnfræðapróf verði samræmt landspróf í íslenzku, dönsku, ensku og stærðfræði. Skipuð var n. til að undirbúa og annast þessa samræmingu, og hefur hún samið drög að námsskrá fyrir gagnfræðadeildirnar, sem kennt er eftir í vetur í tilraunaskyni. Á s. l. hausti var einnig gengið frá drögum að námsskrá fyrir landsprófsdeildir og eru þau reynd í skólunum í vetur. Námsskrárnar verða síðan endurskoðaðar að fenginni þeirri reynslu. Um allt framangreint endurskoðunarstarf hefur skólarannsóknadeild menntmrn. haft hönd í bagga. Ýmsar tilraunir hafa og verið gerðar á sviði málakennslu á fræðsluskyldustiginu, og nú í vor eru fyrirhugaðar ýmsar breyt. á framkvæmd landsprófsins frá því, sem áður hefur verið.

Með þessu stutta yfirliti hef ég viljað gera tilraun til þess að skýra tengsl þessa frv. um menntaskóla við þá heildarendurskoðun íslenzkrar skólalöggjafar, sem átt hefur sér stað undanfarin ár og stendur enn yfir. Stefnan hefur verið og er sú að setja fyrst nýja löggjöf um alla sérstaka skóla og skólastig, en framkvæma samtímis breytingar í þeim skólum, þar sem fræðsluskyldan er framkvæmd, þar eð gildandi lög gera beinlínis ráð fyrir því, að nauðsynlegar breytingar innan skóla og skólastiga fræðsluskyldunnar séu framkvæmdar, án þess að lagabreyting þurfi að koma til, að þessu loknu eigi svo að setja ný lög um sjálfa fræðsluskylduna og taka ákvörðun um lengingu hennar, þegar það reynist fjárhagslega kleift. Breytingar hafa raunar einnig verið gerðar í framkvæmd á menntaskólastiginu sem eins konar tilraunastarfsemi til undirbúnings þeirri allsherjarlöggjöf, sem hér liggur nú fyrir. Á menntaskólastiginu hafa ýmsar þær nýjungar, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, að skuli teknar upp í öllum menntaskólunum, þegar verið reyndar nokkur undanfarin ár. Tel ég það vera heilbrigða stefnu að gera ekki till. um gagngerar breytingar fyrr en nokkur tilraunareynsla hefur af þeim fengizt.

Að svo mæltu skal ég gera grein fyrir samningu þessa frv. og helztu breytingum, sem samþykkt þess hefði í för með sér á gildandi l. um menntaskóla og skólastarfinu á menntaskólastiginu.

Frv. er samið af n., sem menntmrn. skipaði 7. marz 1963 til þess að endurskoða gildandi laga- og reglugerðarákvæði um menntaskóla. Í n. voru skipaðir Kristinn Ármannsson rektor menntaskólans í Reykjavík, formaður, Ármann Snævarr háskólarektor, Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri, dr. Broddi Jóhannesson skólastjóri Kennaraskóla Íslands, Jóhann S. Hannesson skólameistari menntaskólans á Laugarvatni, dr. Jón Gíslason skólastjóri Verzlunarskóla Íslands og Þórarinn Björnsson skólameistari menntaskólans á Akureyri. Árna Gunnarssyni fulltrúa í menntmrn. var falið að vera ritari n. Sumarið 1964 var Magnús Magnússon skipaður varamaður háskólarektors, og gegndi hann því starfi þangað til í janúar 1966. Hinn 1. sept. 1965 skipaði ráðh. í n. þá Einar Magnússon, er hafði tekið við stöðu rektors menntaskólans í Reykjavík, og Guðmund Arnlaugsson rektor hins nýstofnaða menntaskóla við Hamrahlíð. Loks tók Steindór Steindórsson sæti í n. haustið 1966, er hann hafði verið settur skólameistari menntaskólans á Akureyri. Kristinn Ármannsson gegndi formennsku í n., þar til hann lézt í júlí 1966, þá var Þórarinn Björnsson skipaður formaður, en vegna veikinda hans tók Jóhann S. Hannesson við formennsku hans í ágúst 1966, og var hann skipaður formaður eftir lát Þórarins Björnssonar í febr. 1968.

Helztu breytingar, sem frv. gerir ráð fyrir, eru þessar: Tala menntaskóla verði ekki lengur ákveðin í l., heldur er gert ráð fyrir því, að um stofnun nýrra skóla fari eftir fjárveitingu Alþ. og ákvörðun ráðh. Ég hef orðið þess var, að í ákvæði 1. gr. frv. um það, að menntmrh. skuli ákveða, hvar

menntaskóla skuli stofna og þeir starfa, felist einhver breyting frá þeirri almennu reglu, sem gildir í íslenzkri skólalöggjöf. En hér er um algeran misskilning að ræða, sem ég efast ekki um, að hv. alþm. er algerlega ljóst, en öðrum út í frá virðist ekki hafa verið svo ljóst sem skyldi. Í 2. gr. l. um skólakostnað, sem gildir um alla skóla, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Menntmrn. ákveður skiptingu alls landsins í fræðsluhéruð og skólahverfi og hvar stofna skuli heimangönguskóla og hvar heimavistarskóla, að fengnum till. fræðslumálastjóra, hlutaðeigandi skólanefnda (fræðsluráða) og sveitarstjórna og iðnfræðsluráðs að því er að iðnfræðsluskóla varðar."

Ég hef aldrei orðið þess var, að nokkur brtt. hafi komið fram um þetta efni. Það er m. ö. o. á valdi menntmrn. að ákveða, hvar stofna skuli alla skóla í landinu, að sjálfsögðu að fengnum fjárveitingum til stofnunar skólanna. Í reynd er það auðvitað Alþ., sem ákveður, hvar stofna skuli og starfrækja skóla, og hafa skólakostnaðarlög þau, sem gilt hafa hér frá upphafi, ávallt verið skilin á þennan hátt. Engum hefur dottið í hug, að menntmrn. gæti neitað að stofna skóla, sem Alþ. hefur veitt fé til, né heldur að menntmrh. stofnaði skóla, sem Alþ. hefur ekkert fé veitt til. Hér er m. ö. o. um að ræða nauðsynlega stjórnarfarslega samvinnu Alþ. og framkvæmdavalds um það, hvar stofna skuli skóla í landinu. Menntaskólan. hefur talið, að eðlilegt væri, að það sama gilti um menntaskóla og alla aðra skóla í landinu, þ. e. að það skuli vera á valdi menntmrn. að ákveða stofnun þeirra, að sjálfsögðu að fengnum fjárveitingum hjá fjárveitingavaldinu. Eini munurinn, sem er á þessu frv. og gildandi l., er sá, að í gildandi l. segir, að menntmrn. ákveði, hvar stofna skuli skóla, en í menntaskólafrv. segir, að menntmrh. ákveði, hvar stofna skuli skóla, en allir alþm. gera sér auðvitað ljóst, að á þessu er enginn efnismunur, menntmrn. er menntmrh. og menntmrh. er menntmrn. Í lögum er það vald, sem rn. er falið, ýmist kennt við rn. sem slíkt eða kennt við ráðh. Þessi orð eru notuð alveg jöfnum höndum í íslenzkri lagasetningu, og hefur enga efnisþýðingu, hvort orðalagið er notað, hvort það vald, sem Alþ. felur stjórnvöldum með lögum, er kennt við hlutaðeigandi rn. eða hlutaðeigandi ráðh. En þessi orðalagsbreyting í menntaskólal. virðist vera grundvöllur fyrir misskilningi, sem vart hefur orðið um þetta efni. M. ö. o. það, sem hér er um að ræða, er ekkert annað en það að láta hið sama gilda um menntaskóla í landinu eins og gildir um alla aðra skóla, nema háskólann, þar eð hann er aðeins einn.

Ég hef einnig orðið þess var, að ákvæði frv. um, að tala menntaskóla skuli ekki lengur ákveðin í l., heldur háð fjárveitingum Alþ. og ákvörðunum ráðh., jafngildi breytingu á þeim ákvæðum gildandi l., að stofna skuli menntaskóla á Ísafirði og Austurlandi. Hér er einnig um algeran misskilning að ræða. Ég tel sjálfsagt, að ráðh. stofnsetji menntaskóla á þeim stöðum, sem Alþ. veitir fé til, að menntaskólar séu reknir. Ég get þess vegna lýst því yfir, að ég tel þá ákvörðun Alþ., að menntaskólar skuli vera á Ísafirði og Austurlandi, vera í fullu gildi og mun ákveða stofnun menntaskóla þar, þegar Alþ. hefur veitt nægilegt fé til þess, en að sjálfsögðu ekki fyrr, enda teldi ég það ekki heimilt.

Tekin er upp heimild fyrir aðra aðila en ríkið til að stofna og starfrækja menntaskóla að fengnu leyfi rn. og samkvæmt reglum, sem það setur. Það er og heimilað að setja á stofn menntaskóla í tilraunaskyni, sem óháðir séu tilteknum ákvæðum l. Ég lít þannig á, að í þessari grein felist heimild til þess t. d. að koma á fót skóla, þar sem væri ein námsbraut á tilteknu sviði, t. d. á sviði þjóðfélagsfræða, þrátt fyrir ákvæði 9. gr. um námsefni menntaskóla, eða t. d. til þess að veita Kvennaskólanum í Reykjavík heimild til þess að verða stúdentaskóli þrátt fyrir ákvæði 4. gr. um, að menntaskólar séu jafnt fyrir pilta og stúlkur. Ég tel rétt, að Alþ. sjálft taki ákvörðun um það, hvort heimild þessarar gr. verði notuð til þess að gera Kvennaskólann í Reykjavík að stúdentaskóla, enda þarf sérstaka fjárveitingu til þess, að slíkt geti orðið. Próf úr bóknámsdeild miðskóla verður áfram beinasta inngönguleið í menntaskóla, en skýlausari heimild en er í núgildandi l. er veitt til að taka nemendur í menntaskóla af öðrum skólastigum, teljist undirbúningur þeirra fullnægjandi. Ákvæði um 16 ára lágmarksaldur til inngöngu er afnumið.

Tekin er upp nýskipan á skiptingu námsbrauta innan skólanna, og raskar hún verulega núverandi deildaskiptingu og bekkjakerfi. Námsefni verður þríþætt: kjarni, kjörsvið og frjálsar valgreinar. Kjarninn er það námsefni, sem er sameiginlegt öllum nemendum skólans, hvaða námsbraut sem þeir velja sér. Kjörsviðin, sem verða grundvöllur deildaskiptingar, eru flokkar samstæðra greina, og skal hver nemandi velja einn slíkan flokk í heild. Frjálsar valgreinar eru það námsefni hvers nemanda, sem ekki telst til kjarnans eða kjörsviðs hans. Er gert ráð fyrir, að þar geti bæði verið að ræða um viðbótarnám í skyldugreinum og nýjar greinar. Af um 144 einingum heildarnámsefnis má kjarninn nema allt að 100, kjörsviðið skal nema a. m. k. 24 einingum og frjálsar valgreinar a. m. k. 14 einingum. Kennslugreinar eru ekki tilteknar í l., svo sem nú er, en gert ráð fyrir, að í námsskrá og reglugerð verði nánar ákveðið um efnisinnihald kjarna, kjörsviða og frjálsra valgreina. Heimilað er að skipta skólaárinu í námsáfanga eða annir, og skal í lok hvers áfanga úrskurðað um hæfni nemanda til að hefja nám í næsta áfanga. Losað er um ákvæði varðandi árspróf, en lokapróf í hverri grein skal halda,

þegar kennslu í henni lýkur að fullu. Stúdentsprófi er náð, þegar nemandi hefur staðizt öll lokapróf á kjörsviði sínu og lokið prófi í öðrum greinum eftir fyrirmælum reglugerðar. Heimilað er að setja í reglugerð ákvæði um námsefni og prófkröfur, er miðist við annað fullnaðarpróf úr menntaskóla en stúdentspróf, þ. e. fyrir þá, sem stefna ekki að háskólanámi.

Kveðið er á um, að við hvern menntaskóla skuli skipað í eftirtalin störf auk kennara og skólastjóra: 1) Umsjónar- og ráðgjafastörf, þ. e. störf yfirkennara og aðstoðarskólastjóra, bókavarðar, námsráðunauta, deildarkennara og félagsráðunauta. Þessir starfsmenn allir mega vera úr hópi kennara, og fela má sama manni fleiri en eitt starfanna. 2) Störf á skrifstofu, þ. e. fulltrúastarf og gjaldkerastarf. 3) Önnur störf, þ. e. starf húsvarðar og tækjavarðar. 4) Starf húsbónda og húsfreyju í heimavistarskólum. Fela má sama starfsmanni fleiri en eitt slíkra starfa. Tölu fastra kennara skal miða við, að eigi komi fleiri en 20 nemendur á hvern, en eftir núgildandi l. skal að jafnaði skipaður einn fastur kennari á hverja bekkjardeild. Skilgreint er nánar í frv. en gert er í gildandi l., hvaða kröfur eru gerðar um háskólamenntun menntaskólakennara. Nú segir, að menntaskólakennari skuli hafa lokið fullnaðarprófi við háskóla eða sambærilega stofnun, en í frv. segir, að hann skuli hafa í aðalkennslugrein sinni lokið prófi, sem sé sambærilegt cand. mag. prófi frá Háskóla Íslands. Kennarar, er eigi fullnægi menntunarkröfum, skulu að fengnum meðmælum skólastjórnar eiga rétt á allt að 2 ára orlofi til fullrar menntunar. Ákvæði eru í frv. um skyldunámskeið fyrir menntaskólakennara þeim að kostnaðarlausu. Þá er heimilað að veita kennurum orlof með launum að nokkru leyti eða að öllu leyti til að vinna að gerð kennslubóka eða kennslugagna.

Sérstakur kafli er í frv. um húsrými og tæki, án hliðstæðu í gildandi l. Er þar ákveðið, að í hverjum skóla skuli séð fyrir húsrými, sem nægi til allrar starfsemi skólans, og í því sambandi taldar ýmsar tegundir húsnæðis. Setja skal sérstaka reglugerð um lágmarkskröfur í þessum efnum. Sérstök ákvæði eru um bókasöfn og lestrarsali. Kveðið er á um, að kennslustofur skólanna skuli eftir föngum vera fagkennslustofur, þ. e. hver stofa miðuð við þarfir ákveðinnar kennslugreinar. Samin skal skrá um nauðsynlegan og æskilegan rit- og tækjakost.

Mynda skal í hverjum skóla skólaráð, skipað yfirkennara og fulltrúum almenns kennarafundar svo og fulltrúa nemenda. Skólastjóri og skólaráð mynda skólastjórn. Í hverjum skóla skal vera nemendaráð, er sé fulltrúi nemenda gagnvart skólastjórn og henni til aðstoðar í málefnum nemenda. Skólastjórar allra skóla á menntaskólastigi nu skulu mynda samstarfsnefnd.

Þá er gert ráð fyrir því, að auk skólalækna séu skipaðir skólahjúkrunarkonur og í reglugerð séu sett ákvæði um heilsuvernd í heimavistarskólum.

Um kostnaðarauka af þeirri skipan, sem frv. gerir ráð fyrir, er ekki rætt í grg. n. Ýmis nýmæli frv. eru þannig vaxin, að mjög torvelt er að segja um, hvaða breytingar á kostnaði þau muni hafa í för með sér. Á það einkum við um þá breytingu, sem frv. gerir ráð fyrir á kennsluháttum skólanna, nýskipun deildaskiptingar og upptöku valgreina. Hér munu ýmis framkvæmdaatriði varða mikiu um tilkostnaðinn. Gera verður ráð fyrir, að settar verði reglur um lágmarksfjölda nemenda, til þess að kennslu verði haldið uppi í valgreinum. Einnig kann fækkun sameiginlegra skyldugreina jafnvel að leiða til lækkunar á kennslukostnaði í vissum tilvikum. Verkaskipting milli skóla kemur og til greina sem leið til þess að geta veitt kost á fjölbreytilegri námsbrautum með hagkvæmari nýtingu kennslukrafta. Ljóst er, að hin nýja skipan mun krefjast mikils skipulagsstarfs, en fyrir fram er ekki auðsætt, að hún muni óhjákvæmilega hafa mikla kostnaðaraukningu í för með sér. Ég gat þess áðan, að þegar væru í einstökum menntaskólum hafnar tilraunir með margbreyttari deildaskiptingu en ráð er fyrir gert í gildandi l. Að því er starfslið skólanna varðar, gerir frv. að vísu ráð fyrir, að lögfest verði ýmis störf, sem ekki eru tiltekin í gildandi l., hins vegar er að verulegu leyti um að ræða störf, sem þegar eru unnin af kennurum gegn sérstakri greiðslu eða afslætti í kennsluskyldu, þótt misjafnt sé eftir skólum. Vafalaust mundi lögfesting frv. leiða til einhvers kostnaðarauka á þessu sviði. Til töluverðs kostnaðarauka horfir það, að gert er ráð fyrir, að hver menntaskólakennari eigi a. m. k. á 5 ára fresti kost á að sækja sér að kostnaðarlausu námskeið í aðalkennslugrein sinni. Hér yrði væntanlega ýmist um að ræða beint námsskeiðshald eða styrki til að sækja námskeið erlendis. Þá ber og að geta ákvæðis um orlof handa kennurum, sem vilja afla sér fullgildrar menntunar, en gert er ráð fyrir, að þeir haldi á meðan launum að einhverju leyti, ef ekki koma aðrir styrkir til. Að því er húsrýmni og tækjabúnað snertir, er öllu fremur um það að ræða, að frv. miði að því að tryggja, að fullnægt verði þeim kvöðum, sem þegar hafa verið gerðar í sambandi við nýjar byggingar fyrir menntaskóla, en fitja ekki upp á kostnaðarsömum nýmælum.

Ég hef verið og er þeirrar skoðunar, að stúdentsaldur hér á landi sé of hár, þ. e. nemendur ættu að geta byrjað menntaskólanám einu ári fyrr en þeir nú gera og þá háskólanáms sömuleiðis einu ári fyrr en nú á sér stað. Í gildandi l. segir, að lágmarksaldur fyrir inngöngu í menntaskóla sé 16 ár. Frá þessu ákvæði hefur hins vegar verið vikið í reynd, ef nauðsynlegt hefur verið talið, en skipulag barna- og miðskólanámsins er þó við það miðað, að menn hefji ekki menntaskólanám fyrr en við 16 ára aldur, og á því bygg-

ist ákvæði núgildandi menntaskólalöggjafar. Eins og ég hef þegar getið um, er í þessu frv. lagt til, að þetta ákvæði um lágmarksaldur sé fellt niður, sé numið úr l. Miklar umr. hafa átt sér stað um það meðal embættismanna á sviði fræðslumála og skólamanna, hvort æskilegt sé að lækka stúdentsaldurinn, og ef það sé talið æskilegt, hvernig að því skuli farið. Menntmrn. skipaði á sínum tíma n. til athugunar á þessu máli, og lauk hún störfum. Engra frekari lagabreytinga er þörf til þess að lækka stúdentsaldurinn. Rammalöggjöfin um skólakerfi og fræðsluskyldu er einmitt þannig, að í framkvæmd er hægt að gera þá breytingu á fræðsluskyldustiginu, sem gæti gert nemendum kleift að ljúka landsprófi 15 ára í stað 16 ára nú. Skoðanir meðal skólamanna eru hins vegar talsvert skiptar um það, hvort slíka breytingu ætti að framkvæma, og þó einkum, hvernig hana eigi að framkvæma. Menntmrn. mun gera ráðstafanir til þess, að á næsta vetri verði á fræðsluskyldustiginu hafin tilraun til breytingar á skipulagi fræðsluskyldunnar, sem geri nemendum kleift að ljúka landsprófi 15 ára í stað 16 ára nú. Mun þetta verða gert í trausti þess, að þetta frv. verði að l. í síðasta lagi á næsta þingi. Hefði ákvæðið um 16 ára lágmarksaldur til inngöngu í menntaskóla þá verið afnumið og miðskólanemendur þar með getað átt þess kost að ljúka landsprófi 15 ára, gætu þeir þá hafið nám í menntaskóla um 15 ára gamlir og lokið stúdentsprófi 19 ára gamlir. Tilraunir í þessum efnum á næsta vetri mundu geta leitt í ljós, hvaða framtíðarskipun eða aðferðir í þessum efnum væru skynsamlegastar.

Þá skal ég að síðustu fara nokkrum orðum um húsnæðismál menntaskólanna. Ég hef heyrt þeirri spurningu hreyft, hvort hægt mundi vera að framkvæma þá breytingu á menntaskólanáminu, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, í þeim húsakosti, sem menntaskólarnir hafa nú yfir að ráða eða er fyrirhugaður. Í þessu sambandi verður fyrst að geta þess, að um áratugaskeið voru húsnæðismál menntaskólastigsins mjög vanrækt. Menntaskólahúsið við Lækjargötu er meira en 100 ára gamalt, og við það var í næstum heila öld engu húsnæði bætt nema bakhúsi, sem áður hafði verið fjós. Fyrir um það bil 4 áratugum var gagnfræðaskólinn á Akureyri gerður að menntaskóla. Árið 1953 var síðan menntaskóla komið á fót á Laugarvatni og byggt yfir hann sérstakt hús. En í höfuðborginni var enn ekkert aðhafzt áratugum saman í húsnæðismálum menntaskólans. Ekki var það þó af því, að yfirmenn menntamála eða forvígismenn skólans gerðu sér ekki grein fyrir nauðsyn aukins húsnæðis, heldur strönduðu framkvæmdir allar fyrst og fremst á langvinnum deilum um það, hvort menntaskólar í Reykjavík skyldu vera einn eða tveir, þ. e. hvort flytja ætti menntaskólann við Lækjargötu á annan stað í bænum og þá hvert, en um 3 staði a. m. k. var deilt í þessu sambandi, eða hvort gamli skólinn skyldi starfa áfram við Lækjargötu og reistur yrði nýr. Á þennan hnút var ekki höggvið, fyrr en núverandi ríkisstj. tók um það ákvörðun árið 1961 að gera hvort tveggja, halda áfram starfrækslu hins gamla menntaskóla við Lækjargötu og byggja jafnframt á þeirri lóð nýtt hús fyrir skólann, sem einkum skyldi ætlað til ýmiss konar sérkennslu, og reisa jafnframt nýjan skóla annars staðar í bænum. Á árunum 1963—1964 var hið nýja hús menntaskólans við Lækjargötu reist, og er það stærra en gamla húsið og búið nýtízku kennslutækjum. Auk þess hefur menntaskólinn við Lækjargötu fengið þriðja húsið til umráða, Þrúðvang við Laufásveg. Árið 1965 var einnig hafin bygging Hamrahlíðarskólans og hefur þegar verið byggt þar húsnæði, sem er 3068 m² og í eru 16 kennslustofur. Árið 1964 var einnig hafizt handa um stækkun menntaskólans á Laugarvatni um helming með því að byggja þar ný heimavistarhús, og verður þeim framkvæmdum lokið á næsta ári.

Til þess að gera þessar framkvæmdir mögulegar hafa fjárveitingar til byggingar menntaskóla verið margfaldaðar á undanförnum árum. Árið 1960 voru fjárveitingar til byggingar menntaskóla 1.1 millj. kr., umreiknað til verðlags í des. 1968. Árið 1965 hafa þær verið auknar upp í 12.1 millj. kr. Og á þessu ári nema þær 38.1 millj. kr. Þótt hér sé augljóslega um mjög miklar fjárveitingar að ræða, má engu að síður spyrja þeirrar spurningar, hvort aukningin sé nógu mikil samt. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að hinir óvenjulega stóru árgangar áranna á eftir stríð eru nú á menntaskólastiginu og á leið inn í háskólann. Í menntaskólunum 4 eru nú alls 2200 nemendur. Eins og nú er, rúma þeir 1460 nemendur, miðað við einsetningu. Er þannig um 50% tvísetningu að ræða, þ. e. að tvísett er í helming menntaskólahúsnæðisins. Auk þess eru um 100 nemendur við stúdentsnám við menntadeild kennaraskóla og lærdómsdeild verzlunarskóla. Á næsta hausti mun nemendafjöldi menntaskólanna aukast um nálega 360 nemendur. Það húsnæði, sem nú er í byggingu, mun taka 240 nemendur, miðað við einsetningu. Tvísetningarhlutfall mun því haldast miðað við þær byggingarframkvæmdir, sem nú er unnið að, ef litið er á menntaskólahúsnæðið í heild, en aðalviðbótin verður á Akureyri, og ekki getur meginhluti hinna nýju menntaskólanemenda sótt nám þangað. Þess vegna er nú í sérstakri athugun að hefja í sumar byggingu fjórða áfanga Hamrahlíðarmenntaskólans, en þeirri framkvæmd var frestað um ár fyrir 2 árum, til þess að unnt væri að hraða byggingu Akureyrarskólans. Auk þess er til athugunar að taka á leigu eða kaupa einhvern af gagnfræðaskólunum í Reykjavík til afnota fyrir menntaskólakennslu. Ég vona fastlega, að næsta haust verði til ráðstöfunar fyrir menntaskólanna meira húsnæði en það, sem nú er í byggingu fyrir þá, þannig að tvísetningarhlutfallið geti lækkað og að um nemendur á menntaskólastig-

inu rýmki. Fjölgunin mun enn aukast 1970, og verða væntanlega á næstu fjárlögum gerðar ráðstafanir til þess að auka þá húsnæði menntaskólanna enn til þess að mæta þeirri aukningu. Samþykkt þessa frv. mun auk þess tvímælalaust gera nauðsynlegt að auka enn byggingarhraðann á menntaskólastiginu, þar eð nauðsynlegt verður að draga úr tvísetningu frá því, sem nú er, ef sú nýskipan námsefnis og kennsluhátta, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, á að koma nemendum að fullum notum.

Ég vona, herra forseti, að með þessum orðum hafi ég gert grein fyrir þeim meginbreytingum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir á menntaskólalöggjöfinni og starfsemi menntaskólanna, þeim ráðstöfunum, sem ég tel rétt að gera, um leið og þessi nýskipan kemur til framkvæmda, þ. e. möguleika á lækkun stúdentsaldurs, ástandi í húsnæðismálum menntaskólanna og framtíðarþörfum á því sviði og tengslum þessa frv. við þá endurskoðun skólalöggjafar og skólastarfs, sem átt hefur sér stað og stendur yfir. Það er skoðun mín, að með samþykkt þessa frv. væri stigið stórmerkt spor í íslenzkri skólalöggjöf og í íslenzku skólastarfi. Þess vegna leyfi ég mér að vænta þess, að það hljóti góðar undirtektir hér á hinu háa Alþ. Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Það er ekki ætlan mín að hefja hér almennar umr. um skólamál við 1. umr. þessa frv. um menntaskóla. Ég get hins vegar ekki látið hjá líða að gera við það stutta athugasemd og þá fyrst og fremst við 1. gr. frv., sem hæstv. menntmrh. gaf nú ákveðnar skýringar á, sem ég kem aðeins að síðar. En ég tel einnig nauðsynlegt, að það komi fram, að frv. þetta var ekki rætt í þingflokki sjálfstæðismanna, áður en það var lagt hér fram í hv. þingdeild, að því er mér er kunnugt.

Í 1. gr. þessa frv. segir, að menntaskólar skuli vera svo margir sem þörf er á að dómi menntmrh. *Hér er um að ræða breytingu frá núgildandi l.*, sem mörgum hlýtur að koma mjög á óvart, en í l. frá 1965 um breyt. á l. nr. 58 1946, um menntaskóla, segir m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Menntaskólar skulu vera 6, tveir í Reykjavík, einn á Akureyri, einn á Laugarvatni, einn á Ísafirði og einn á Austurlandi. Heimilt er að stofna fleiri menntaskóla í Reykjavík eða nágrenni. Menntaskólar utan Reykjavíkur og nágrennis skulu vera heimavistarskólar. Heimilt er að koma framangreindum skólum á fót í áföngum bæði að því er varðar kennslu og byggingu húsnæðis fyrir þá. Heimilt er menntmrn. að koma á fót kennslu í námsefni 1. bekkjar menntaskóla við gagnfræðaskóla, þar sem nemendafjöldi og önnur skilyrði gera slíka ráðstöfun eðlilega og framkvæmanlega."

Hæstv. menntmrh. sagði í framsöguræðu sinni, að óþarfi væri að óttast þá breyt., sem þetta frv. fæli í sér á þessum ákvæðum, ákvæði 1. gr. l. frá 1965 yrðu enn þá í fullu gildi, eftir að búið væri að afnema þau! En ef engin breyt. átti að felast í 1. gr. þessa frv., hvers vegna er þá verið að fella niður ákvæðin frá 1965 um tölu og staðsetningu menntaskóla? Ég leyfi mér að beina þeirri spurningu til hæstv. ráðh. Það sé svo fjarri mér að tortryggja hæstv. menntmrh. í þessu efni að einu né neinu leyti. En mér sýnist, að einfaldast sé að láta ákvæði 1. gr. laganna frá 1965 standa óbreytt og taka efni hennar upp í 1. gr. þessa frv., og vænti ég þá, að allir hv. þingmenn með hæstv. menntmrh. í broddi fylkingar megi vel við una, ef engu átti í raun og sannleika að breyta með þessari nýju og að mér virðist nokkuð annarlegu 1. gr. þessa frv., sem hér liggur fyrir.

Í lagaákvæðunum frá 6. maí 1965 fólst fyrst og fremst sú breyt. á menntaskólalögunum frá 1946, að ákveðið var, að stofnaðir skyldu menntaskólar á Ísafirði og á Austurlandi. Í framhaldi af þessari lagasetningu hefur svo Alþ. veitt árlegar fjárveitingar til byggingar menntaskóla á Ísafirði og Austurlandi. En nú leggur hæstv. menntmrh. hins vegar til, að þetta lagaákvæði verði fellt niður og dómur menntmrh. skuli einn ráða því, hvar menntaskólar skuli vera í landinu og hversu margir þeir skuli vera. Ég tel þetta ákvæði með öllu fráleitt og algerlega óþarft, einnig eftir yfirlýsingu hæstv. ráðh., og ég tel mig knúðan til að lýsa því yfir, að ég geti ekki fylgt þessu frv. óbreyttu, enda þótt í því felist að öðru leyti ýmsar athyglisverðar nýjungar, sem tvímælalaust horfa til bóta, eins og hæstv. menntmrh. leiddi gild rök að. Með fyrrgreindum ákvæðum í 1. gr. frv. er að mínu viti of mikið vald lagt í hendur menntmrh. Hann á einn að ráða því, hvar menntaskólar skuli vera, hve menntaskólar skuli vera margir o. s. frv. Enda þótt núv. hæstv. menntmrh. hafi margt vel gert í sinni löngu embættistíð sem menntmrh., treysti ég honum trauðla til þess að fara með þetta vald. Ég tel, að löggjafarvaldið eigi nú eins og áður að kveða á um fjölda menntaskóla og staðsetningu þeirra.

Í 2. málsgr. 1. gr. frv. segir, að heimilt skuli sveitarfélögum og einstaklingum, að fengnu leyfi menntmrn. og samkv. reglum, er það setur hverju sinni, að stofna og starfrækja menntaskóla á eigin kostnað. Í sambandi við þetta nýmæli vil ég aðeins segja, að mjög ólíklegt verður að telja, eins og nú horfir í okkar þjóðfélagi og að öllum líkindum á næstunni, að einstök sveitarfélög eða einstaklingar taki sig fram um að stofna og starfrækja menntaskóla á eigin kostnað. Mér þætti æskilegt, að hæstv. menntmrh. gæfi frekari skýringu á þessu en kom fram í frumræðu hans. Hefur ef til vill eitthvert sveitarfélag eða einstaklingur

eða einhver stofnun önnur óskað slíkrar heimildar?

Í sambandi við þetta mál vil ég leyfa mér að beina þeirri fsp. til hæstv. menntmrh., hver sé afstaða hans til þeirra óska, sem fram komu í bréfi Ísfirðinga og þm. Vestf. 26. jan. s. l. um framkvæmdir við menntaskóla á Ísafirði, en í bréfi þessu sagði á þessa leið:

„Bæjarstjórn Ísafjarðar kaus þann 13. marz s. l. n. til að vinna að því, að lögin um menntaskóla á Ísafirði komi til framkvæmda sem fyrst. Í dag boðaði n. til fundar með þm. Vestf. og bæjarstjórn Ísafjarðar til umr. um menntaskólamálið. Á þeim fundi lagði n. fram eftirfarandi áætlun um framkvæmdir í málinu:

1) Skólameistari verði skipaður frá og með 1. okt. 1969.

2) Húsameistari verði ráðinn frá og með 1. jan. 1970.

3) Stefnt verði að því, að skólinn geti tekið til starfa 1. okt. 1970.

4) Byggingarframkvæmdir við menntaskólann á Ísafirði verði teknar inn á framkvæmdaáætlun ríkisins árið 1971.

5) Stefnt verði að því að ljúka 1. áfanga byggingarframkvæmdanna fyrir haustið 1972.

Framangreind áætlun hlaut einróma stuðning allra fundarmanna, segir í bréfinu, og áfram: „Er það von undirritaðra, að rn. geti fallizt á þessa framkvæmdaáætlun og verði unnið að framvindu málsins í samræmi við hana. Leyfum við okkur að vænta þess, að starf skólameistara verði nú þegar auglýst og við það miðað, að hann geti tekið til starfa 1. okt. n. k. Við viljum leggja sérstaka áherzlu á, að væntanlegur skólameistari geti notað næsta vetur til að skipuleggja skólastarfið í samráði við fræðsluyfirvöld og byggingarframkvæmdir í samráði við arkitekt skólans. Væntum stuðnings hins háa ráðuneytis um þetta erindi.“

Hér lýkur bréfi fulltrúa bæjarstjórnar Ísafjarðar og þm. Vestf. til hæstv. menntmrh. Ég tel mjög mikilvægt, að hæstv. menntmrh. gefi skýr og glögg svör við þessu erindi. Því er ekki að neita, að það svar, sem fljótt á litið a. m. k. felst í 1. gr. frv. þess, er hér liggur fyrir, verður ekki talið fullnægjandi. Með henni er samkv. orðanna hljóðan lagt til, að slegið skuli striki yfir þá stefnu, sem Alþ. hefur áður markað með ótvíræðum hætti.

Í sambandi við fyrirhugaðan menntaskóla á Ísafirði er nauðsynlegt, að það komi fram, að honum er ekki ætlað að vera fyrst og fremst og eingöngu skóli fyrir Vestfirðinga. Hann á að vera menntaskóli í þágu þjóðarinnar allrar eins og aðrir menntaskólar, sem nú eru í landinu. Það er engin röksemd gegn menntaskóla á Ísafirði, þó að henni hafi heyrzt haldið fram, að fáir nemendur hafi undanfarið sótt menntaskóladeild, sem rekin hefur verið við gagnfræðaskóla bæjarins. Meðan þar er einungis kostur á kennslu í einum bekk, leita auðvitað langsamlega flestir nemendur á Vestfjörðum áfram til gömlu menntaskólanna. Sama gildir um menntaskólanemendur úr öðrum landshlutum.

Kjarni málsins er, að menntaskólum verður að fjölga. Jafnframt verður að auðvelda æskunni aðgang að þessum skólum. Fram hjá þeirri staðreynd verður ekki gengið opnum augum, að landsprófið er gallað og breytingar á framkvæmd þess þola ekki bið. En í þessu frv. felast engar tilraunir til þess. Ég tel einnig rétt að láta þá skoðun koma fram, að eðlilegt sé, að Kvennaskólinn í Reykjavík, sem er gömul og merk menningarstofnun, fái réttindi til þess að brautskrá stúdenta. Í þessu frv. er ekki lagt til, að svo verði gert.

Alþingi markaði árið 1965 þá stefnu, að stofnaðir skyldu tveir nýir menntaskólar, á Ísafirði og á Austurlandi. Þessa stefnu ber að framkvæma, ekki einhvern tíma um næstu aldamót, heldur á þeim grundvelli, sem lagður er með framkvæmdaáætlun þeirri, er hæstv. menntmrh. hefur verið send, að því er varðar menntaskóla á Ísafirði. 4 ár eru liðin, síðan ákveðið var, að fyrrgreindir tveir menntaskólar skyldu stofnaðir. Það verður þess vegna ekki sagt með sanni, að krafa um óhóflegan hraða felist í framkvæmdaáætlun Ísfirðinga og Vestfjarðaþm. Þvert á móti er hér um að ræða sanngjarnar og hófsamar óskir. Það vona ég einnig, að hæstv. menntmrh., sem sjálfur beitti sér fyrir lögfestingu menntaskólasetranna árið 1965, og á fyrir það miklar þakkir skildar, geri sér ljóst ekki síður nú en þá.

Á undanförnum árum hefur margt verið gert til umbóta í íslenzkum skólamálum. Fjölmargt er þar þó enn þá ógert, eins og að líkum lætur. Meginmáli skiptir nú, að lokið verði hið fyrsta við heildarendurskoðun á sjálfu skólakerfinu. Meðan þeirri endurskoðun er ekki lokið, verður erfitt um vik að gera einstökum þáttum þess skapleg skil. Þess vegna er hætt við því, að það frv., sem hér liggur fyrir um menntaskóla, verði að takmörkuðu gagni, þótt að lögum yrði, sem þó getur ekki orðið að minni hyggju nema með verulegum breytingum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég tel rétt, að ég svari strax í nokkrum orðum þeim fsp., sem hv. þm. beindi til mín. Ég hafði satt að segja vænzt þess, að skýringar mínar á 1. gr. þessa frv. nægðu til þess að eyða allri tortryggni varðandi það, að í þessu frv. fælist minnsta tilraun til þess að breyta þeirri stefnu, sem Alþingi hefur markað í þeim efnum, hvar stofna skuli og starfrækja menntaskóla. Ég vil taka það skýrt fram og leggja á það ríka áherzlu, að ég veit, að það vakti ekki fyrir neinum nm. í þeirri n., sem samdi menntaskólafrv., hvað þá fyrir n. í heild, að gera á þessu breytingu. Engum þeirra datt í hug, að orðalag 1. gr. gæti orðið skilið þannig, að ekki væri jafnskylt og áður að stofna og starfrækja menntaskóla á Ísafirði og Austurlandi

og það er í dag. Öllum nm. var það að sjálfsögðu fullkomlega ljóst, að það er auðvitað á valdi Alþ. að ákveða eftir sem áður, að menntaskóla skuli stofna og starfrækja á Ísafirði og Austurlandi. Því fer því víðs fjarri, að fyrir nokkrum hafi vakað með því orðalagi, sem er á 1. gr., að slá striki yfir þá stefnu, sem mörkuð hefur verið af hinu háa Alþingi. En ég heyrði það á ræðu hv. þm., sem ég að sjálfsögðu tel mér skylt að *taka fyllsta tillit til, að tortryggni hans í* þessum efnum virðist ekki hafa verið fulleytt með orðum mínum áðan. Ég leyfi mér að vona, að það eigi að einhverju leyti rót sína að rekja til þess, að hann hafi samið ræðu sína, áður en hann heyrði ummæli mín, en engu að síður, hann viðhafði sín ummæli, og ég tel mér skylt að taka sérstakt tillit til þeirra.

Hann spurði: Ef engin breyting átti í gr. að felast, hvers vegna mátti þá gr. ekki vera óbreytt, eins og hún er í gildandi lögum, hvers vegna *mátti þá ekki áfram nefna, hvar menntaskólar* skuli starfa? Ég skal gefa skýringu á þessu. Hún er sú, að það hefur reynzt og er of þunglamalegt að þurfa lagabreytingu í hvert sinn sem nýr menntaskóli er stofnaður. Þetta ákvæði í menntaskólalögum, að taka menntaskólastaðinn fram í lagasetningunni sjálfri, er frá þeim tíma, að aðeins einn menntaskóli var í Reykjavík. M. ö. o.: það mun fyrst hafa komið inn í lög skömmu eftir aldamótin, þegar fyrst voru sett lög um hinn almenna menntaskóla í Reykjavík, sem leysti lærða skólann af hólmi. Þá voru menn ekki svo framsýnir, að mönnum dytti í hug, að það gæti komið fyrir nema á áratuga fresti, að stofnaður yrði menntaskóli. Nú er gersamlega breytt viðhorf í þessum efnum. Að baki þessari meira en hálfrar aldar gömlu lagasetningu liggur sami hugsunarhátturinn og t. d. háskólalög byggja á, að ekki skuli hægt að stofna prófessorsembætti nema með sérstakri lagasetningu. Fjárveiting dugir þar ekki, heldur þarf sérstök lagasetning að koma til, og hefur reynslan sýnt, að það er allt of þungt í vöfum, eftir að fjölgun prófessora er orðin jafnalgeng og nú á sér stað. Raunar má segja, að alveg sérstök ástæða liggi einmitt nú fyrir því, að talið hefur verið rétt, að sama regla gilti í þessu efni um menntaskóla, sem eru orðnir jafnmargir og raun ber vitni um, eins og um alla aðra skóla í landinu. Það er raunverulega ákvörðunarvald Alþingis, hvar skóli skuli stofnaður og starfræktur, en að forminu til í höndum menntmrh. og menntmrn. að framkvæma vilja Alþingis í þessu efni, að hagnýta það fé, sem Alþingi veitir til starfsins. En það er sérstök ástæða til þess einmitt núna að breyta um stefnu í þessu efni, vegna þess að húsnæðismál menntaskólanna í heild eru til sérstakrar athugunar nú og verða í vor og sumar. Og það er vel hugsanlegt, að úrræði í þeim málum verði þau, að stofnaður verði nýr menntaskóli í Reykjavík. Ein af þeim hugmyndum, sem undanfarnar vikur og mánuði hafa verið til umr. í sambandi við húsnæðismál menntaskólanna, sem eru mikið vandamál, og sú, sem ég persónulega hallast helzt að og teldi æskilegast, að hægt yrði að framkvæma, væri að stofna þriðja menntaskólann í Reykjavík. Ef óbreytt lög eru í gildi, þarf brbl. til þess að koma þriðja menntaskólanum í Reykjavík á fót. Að vísu má segja, að ráðh. séu ekki sérlega feimnir við það að *gefa út brbl., en æskilegt er þó að geta komizt* hjá því í jafneinföldu tilviki og hér er um að ræða. Og hvorki mér né nokkrum manni í menntaskólanefnd datt í hug, að það gæti verið hætta fólgin í því að hafa þetta vald sameiginlega hjá Alþ. og ráðh. til stofnunar skóla á menntaskólastiginu frekar en á öðrum skólastigum.

Ég hef lýst yfir skilningi mínum á 1. gr. frv., þannig, að ráðh. sé að sjálfsögðu skylt að stofna menntaskóla á þeim stað, sem fjárveitingavald hefur ákveðið, að menntaskóli skuli stofnaður og *starfræktur. Ef engin aths. kemur fram við slíka* yfirlýsingu ráðh., lít ég á það, — það munu allir löglærðir menn gera, — sem lögskýringu, sem bindandi sé fyrir framtíðina, og mörg slík dæmi hefur áður verið um að ræða. Ef því engin aths. kæmi fram frá öðrum flokkum um þennan skilning, mundi hann vera talinn gildandi. Með þessu móti er það misskilningur, að of mikið vald væri lagt á hendur ráðh. Enginn hefur fundið að því eða talið, að of mikið vald væri í höndum ráðh., að því er varðar alla aðra skóla á landinu en háskóla og menntaskóla. *Það mætti alveg eins segja:* Hvílíkt ógnarvald hefur ráðh., að geta ráðið því, hvort barnaskóli er stofnaður á Langanesi eða gagnfræðaskóli í Reykjavík! Ég hef aldrei litið þannig á og enginn minna fyrirrennara, að ráðh. hefði slíkt raunverulegt vald í sínum höndum, heldur yrði hér auðvitað að vera um að ræða eðlilega samvinnu fjárveitingavaldsins og framkvæmdavaldsins í ráðuneytum.

Ef svo reynist, — og það var satt að segja höfuðástæðan til þess, að ég taldi rétt að láta þessar aths. koma fram strax til þess að svara öðrum þm., sem líkt kynnu að hugsa og hv. þm., — ef svo reyndist, að mikilsvirtir þm. telja ástæðu til þess að tortryggja enn það orðalag, sem hér er um að ræða, gæti ég fyrir mitt leyti vel hugsað mér að taka algerlega fyrir þá tortryggni með því að breyta 1. gr. þannig, að menntaskólar skuli starfa á þeim stöðum, sem Alþ. hefur þegar tekið ákvörðun um, að þeir skuli starfa, en um stofnun nýrra menntaskóla skuli gilda sömu reglur og gilda um almenna skóla í landinu. Ég fyrir mitt leyti hef ekkert á móti því, að gr. yrði breytt í það horf, og geri það til þess að reyna að fullvissa hv. þm. um það, að fyrir menntaskólanefnd og mér hefur ekki vakað nein breyting á fyrri ákvörðunum Alþingis í þessum efnum.

Að síðustu spurði hv. þm. um afstöðu mína til málaleitunar Ísfirðinga um stofnun menntaskóla

á Ísafirði. Hv. þm. er án efa kunnugt um það, að í meira en 10 ár hefur verið starfræktur 1. bekkur menntaskóla við gagnfræðaskólann á Ísafirði, og þennan vísi að menntaskóla óska Vestfirðingar nú mjög eindregið að gera að fullgildum menntaskóla. Ég hef átt fund með þm. Vestf. um þetta mál og sagt þeim, að ég muni að sjálfsögðu framkvæma vilja Alþ. í því efni að stofna og starfrækja menntaskóla á Ísafirði, þegar nægilegt fé er til þess veitt. Í gildandi fjárl. er engin fjárveiting til skólastjóra við menntaskóla á Ísafirði, svo að eins og nú stendur væri mér ekki heimilt að skipa skólastjóra þar. Ég tel, að þetta mál eigi að koma til athugunar við samningu næstu fjárl., og verði þar tekin upp fjárveiting til skipunar skólastjóra á Ísafirði sem upphaf að stofnun menntaskóla þar, þá mun ég að sjálfsögðu framkvæma þann vilja Alþingis. En á það benti ég þm. Vestf. á þeim fundi, sem við höfum átt um málið, að nútímamenntaskólar eru öðruvísi en menntaskólar voru fyrir einum, hvað þá tveim áratugum. Nútímamenntaskólar eru miklu flóknari og dýrari stofnanir en var fyrir 10, hvað þá fyrir 20 árum, sérstaklega ef reka á þá í því formi, sem menntaskólarnir nú eru yfirleitt reknir. Gerðar eru kröfur til sérgreina á fjöldamörgum sviðum, og gerðar eru miklar kröfur til kennara á mörgum sviðum. Þetta tel ég, að nauðsynlegt sé fyrir áhugamenn um menntaskóla á Ísafirði að kynna sér og athuga mjög vandlega. Einmitt þess vegna varpaði ég fram þeirri hugmynd á fundi með þm. Vestf., hvort ekki væri athugandi, ef af menntaskóla á Ísafirði verður, að helga hann sérstöku verkefni, þ. e. hafa þar eina deild, t. d. deild í þjóðfélagsmálum. Þess vegna nefndi ég þá hugmynd í framsöguræðu minni án þess að tengja hana menntaskólahugmyndinni á Ísafirði. En í þessu frv. er tvímælalaus heimild til þess að starfrækja aðra tegund af menntaskólum en þá, sem frv. gerir ráð fyrir, að skuli vera hin almenna regla um menntaskólana. Slíkur menntaskóli, sem yrði ein deild á einhverju tilteknu sviði, er að sjálfsögðu miklu viðráðanlegri stofnun og gæti verið miklu minni stofnun en þeir menntaskólar, sem gert er ráð fyrir, að verði aðalmenntaskólar landsins og þessu frv. er einmitt ætlað að setja almennar starfsreglur fyrir.

Herra forseti. Með þessum ummælum mínum vona ég nú, að mér hafi tekizt að eyða allri tortryggni um það, að hér hafi nokkur fiskur legið undir steini, að hér hafi verið um að ræða nokkra tilraun til að strika yfir eða eyðileggja fyrri ákvarðanir Alþingis um þetta efni. Ég fyrir mitt leyti fyrir hönd ríkisstj. er reiðubúinn til samstarfs við þá n., sem frv. fær til meðferðar, að eyða öllum hugsanlegum misskilningi í þessa átt.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það er ekki að ástæðulausu, að það er ákveðin tortryggni hjá okkur Vestfirðingum, og sennilega má ég einnig segja hið sama í sambandi við Austfirðinga, varðandi þá breytingu, sem gerð er frá gildandi lögum í þessu frv. Þó að ég ætli á engan hátt að draga í efa góðan hug og vilja núv. hæstv. menntmrh., vil ég þó bæta einu við, sem er alltaf hugsanlegur möguleiki, sem hæstv. menntmrh. kom ekki inn á, og það er, að það hefur stundum verið breytt um menntmrh. í okkar landi eins og aðra ráðh. Og þó að ríkisstj., sem nú situr, hafi verið lífseig og á margan hátt dugleg, þá auðvitað verður hún ekki endalaust, og það er auðvitað oft og tíðum skipt um menn í embættum ráðh. eins og annarra, jafnvel þótt sömu flokkar fari með þau mál. Menn verða oft þreyttir, þegar þeir eru búnir að vera lengi í ákveðnum embættum, og ekkert síður ráðherraembættum en öðrum, og vilja þá gjarnan breyta til. Ég er ekki að segja þetta til lasts hæstv. núv. menntmrh., því að það dregur það enginn í efa, að hann er mikill áhugamaður um menntun og listir, en hins vegar er það ekki óeðlilegt, að það séu uppi misjafnar skoðanir í þessum málum, sem taka í raun og veru til allra landsmanna og allir landsmenn láta sig miklu varða. Þrátt fyrir þessa yfirlýsingu hæstv. ráðh., sem ég skal hreinlega játa, að ég legg fyllsta trúnað á, það sem hann segir um sinn hug til þessa máls, þá get ég ekki fallizt á að greiða atkvæði með 1. gr. þessa frv., eins og hún liggur hér fyrir. Og ég get ekki séð, að þótt það verði byggður menntaskóli úti á landi, nýr menntaskóli, þá sé ofverk Alþingis að fjalla um það mál. Ég verð að segja það, að ég er miklu þreyttari sem þm. á því að hlusta og rétta hér upp höndina með frv., sem eru flutt 10 og 12 og 15 á hverju þingi um sölu eyðijarða, smálandsspildna, heldur en þó að væri flutt frv. um stofnun menntaskóla úti um land. Það mun ekki koma fyrir á hverju ári, sem ekki er von.

Hæstv. ráðh. vísaði til skólakostnaðarl. og las upp 2. gr. þeirra, sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Menntmrn. ákveður skiptingu alls landsins í fræðsluhéruð og skólahverfi og hvar stofna skuli heimangönguskóla og hvar heimavistarskóla, að fengnum till. fræðslumálastjóra, hlutaðeigandi skólanefnda (fræðsluráða) og sveitarstjórna og iðnfræðsluráðs að því er iðnskóla varðar."

Og hann sagði, að eina breytingin væri sú, að í stað menntmrn. væri það menntmrh. Sú breyting skiptir engu máli fyrir mig. En þegar hæstv. ráðh. vitnaði í skólakostnaðarl., þá vil ég minna á 1. gr. l., en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Lög þessi taka til eftirtalinna skóla: barnaskóla, unglingaskóla, miðskóla, gagnfræðaskóla, iðnfræðsluskóla og húsmæðraskóla, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Menntmrn. fer með yfirstjórn þeirra mála, sem lög þessi fjalla um."

Skólakostnaðarlögin ná ekki til ríkisskólanna, til algerra ríkisskóla, hvorki menntaskóla, háskóla,

tækniskóla né ýmissa annarra sérskóla, sem eingöngu eru reknir af ríkinu.

Mér finnst fyllsta ástæða til þess að breyta alls ekki því, sem komið er inn í lög um menntaskóla með þeirri breytingu, sem gerð var á l. 6. maí 1965. Menntaskólar skulu vera 6, 2 í Reykjavík, 1 á Akureyri, 1 á Laugarvatni, 1 á Ísafirði og 1 á Austurlandi, og heimilt er að stofna fleiri menntaskóla í Reykjavík eða nágrenni. Það finnst mér eðlilegt, þar sem menntaskólarnir eru fleiri en einn, ef ekki þykir skynsamlegt að stækka endalaust sama skólann, að þá sé heimild til þess að byggja skóla til viðbótar. En hitt má gjarnan vera eftir sem áður í höndum Alþingis, hvort og hvar eigi að stofna menntaskóla annars staðar á landinu.

Mér finnst rétt að minnast aðeins á það, að barátta Vestfirðinga og í raun og veru Austfirðinga líka fyrir stofnun menntaskóla í sínum landsfjórðungum stóð frá árinu 1946, að fyrst var flutt frv. um breytingar á l. um menntaskóla af Hannibal Valdimarssyni og Páli Zóphóníassyni. Frv. um menntaskóla á Vestfjörðum hefur verið flutt á Alþingi 8 sinnum og síðast árið 1964. Það hefur verið flutt á árunum 1946, 1947, 1948, 1959, 1960, 1962, 1963 og 1964, og þá var lagt fram stjfrv. um breyt. á l. um menntaskóla, sem ég las áðan upp úr, sem ákvarðaði það, að menntaskóli skyldi vera á Ísafirði og einn á Austurlandi. Þar með höfðu Vestfirðingar og Austfirðingar unnið mikinn sigur, að löggjafinn skyldi viðurkenna það og staðfesta það að byggja þar menntaskóla fyrir þessa landshluta. Ég tel, að því miður hafi komið fram allt of margar raddir hér í þéttbýli og þá ekki síst meðal menntamanna um andstöðu gegn skólum úti á landsbyggðinni eða í þessum tveimur landsfjórðungum, og þessar raddir hafa ekki þagnað enn, því að þær hafa heyrzt nú að undanförnu í sambandi við þá fundi, sem menntaskólaæskan hefur haldið, og kröfugöngur og ræðuhöld á Arnarhólstúninu og á fundi, að ég held á Hótel Sögu, sem mér var boðið að sitja, en gat ekki verið þar, vegna þess að þingfundur var það kvöld. Þetta gerir það auðvitað að verkum, að við, sem berjumst fyrir að koma þessum skólum upp, erum ekki eins sannfærðir um, að aðrir standi með okkur í þessu baráttumáli okkar. Við skulum gera mönnum það alveg ljóst, bæði utan þings og innan, að fólkið, sem byggir Vestfirði, og fólkið, sem byggir Austfirði, mun ekki sætta sig við það um alla framtíð, að það sé litið á þessa staði sem verstöðvar. Við eigum sama réttinn til þess, að okkar unga fólk geti notið þessarar menntunar, og aðrir landshlutar, og við erum staðráðnir í því að fylgja þeim rétti eftir. Mér finnst leitt til þess að vita, að unga fólkið hér í Reykjavík eða talsmenn þess skuli hafa farið inn á þessar brautir og verið með þann meting, að það sé fjarstæðukennt að tala um byggingu menntaskóla á Ísafirði, á meðan ekki sé búið að uppfylla skilyrði og kröfur um fleiri eða stærri menntaskóla í Reykjavík.

Mér finnst öðruvísi skjóta við, þegar rætt er við tvo menntaskólanema frá Vestfjörðum, sem eru í menntaskólanum á Akureyri, en blaðið Íslendingur-Ísafold átti nýlega viðtal við tvo nemendur og með leyfi forseta segir blaðið:

„Nú var því haldið fram á fundi menntaskólanema í Reykjavík af einum nemanda í MR, að tómt mál væri að tala um menntaskóla fyrir vestan og austan, á meðan húsnæðisskortur væri í skólunum, sem fyrir eru, og nær væri að styrkja nemendur á þessum stöðum til að sækja gömlu skólana. Hvað viljið þið segja um þetta?"

Þá svarar pilturinn: „Þetta finnst mér harla undarleg speki. Mér finnst, að það liggi nokkuð í augum uppi, að ef halda á áfram að hrúga öllum í gömlu skólana, verður eilífur húsnæðisskortur þar. Þess vegna þarf að létta þörfinni af þeim, einmitt þess vegna." Og unga stúlkan segir: „Og þegar hitt bætist svo við, sem er aðalatriðið, að skapa nauðsynlega menntunarmöguleika úti á landi, þá er þetta auðvitað hrein fjarstæða, að byggja eigi upp gömlu skólana endalaust. Við horfum ekki í það, sem gert er til að efla gömlu skólana. Þeir hafa mikla þörf fyrir það, því að ekki veitir af, að aðstaða sé sem bezt á hverjum stað. En með því að létta af þeim verður auðveldara að bæta aðstöðu þeirra en annars væri."

Þetta finnst mér ólíkt sanngjarnari dómur og sanngjarnara viðhorf en frá þeim mönnum úr hópi menntaskólanema í Reykjavík, sem létu til sín heyra. Ég vona, að meiri hl. og yfirgnæfandi meiri hl. menntaskólanema hér í Reykjavík og á þeim stöðum, sem menntaskólar eru, taki ekki undir orð þessara manna, sem héldu þessar ræður, því að það er ekki til þess að efla samhug og skilning á milli landsbyggðarinnar og þéttbýlisins hér í Stór-Reykjavík.

Hæstv. menntmrh. sagði, að þegar Alþ. hefði veitt nægilegt fé til menntaskóla á Vestfjörðum og Austfjörðum, væri hægt að hefja framkvæmdir. Nú vil ég spyrja hæstv. menntmrh.: Hvenær telur hann, að Alþingi hafi veitt nægilegt fé? Verður Alþ. að hans dómi að veita nægilegt fé til allra bygginga, sem eiga að rísa í sambandi við stofnun slíkra skóla, þannig, að hægt sé að byrja á því? Ég vil segja, að það er hægt að byggja þessa skóla eða menntaskólann á Ísafirði í áföngum. Við höfum möguleika fyrir kennslurými í nokkur ár í gamla barnaskólanum þegar á næsta vetri. En það, sem við þurfum að gera, er fyrst og fremst að byggja bústað fyrir skólameistara og byggja heimavist. Þetta má einnig taka í áföngum. Fyrsta skrefið í þessu að mínum dómi er að gera kostnaðaráætlanir og ákveða röð þeirra framkvæmda, sem þarf að fara í, en ekki að hugsa um það, að allt fjármagnið skuli áður vera veitt af Alþ. til allra framkvæmda og skólabygginga. Við erum ekki svo ósanngjarnir gagnvart þjóðfélaginu,

að við förum fram á það, að allt þetta fjármagn sé veitt á tiltölulega skömmum tíma. Við skiljum vel aðstöðuna, sem ríkisstj. og Alþ. er í hverju sinni að koma fjárl. saman. Við skiljum það, að það er takmarkað, sem Alþingi getur leyft sér að leggja til hinna ýmsu greina í þjóðfélaginu og þá til menntamála eins og annars. En þegar við sjáum, að búið er að veita nokkurt fjármagn, teljum við rétt að láta það ekki liggja í handraðanum, heldur nota það til framkvæmda. Við lifum á tímum verðbreytinga, og því er það ekki hyggilegt að bíða of lengi. Við teljum, að þegar veitt er slíkt fjármagn nú í 4 ár, og búið er þegar að veita 7 millj. og 350 þús. kr. til menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði, þá sé kominn tími til að raða framkvæmdum niður og ákveða framkvæmdastigið.

Hv. 2. þm. Vestf. vitnaði hér í bréf, sem menntmrh. hafði verið ritað, og menntmrh. hefur svarað því. Ég segi út af því svari, að ég tel, að þar sem fámenni er mikið, kemur menntaskóli með sérnámi ekki eins vel að gagni fyrir slík byggðarlög. En hins vegar hygg ég, að það sé engin ástæða til að draga í efa, að þessi skóli yrði fullsetinn. Það var dregið í efa á sínum tíma, að menntaskólinn á Akureyri yrði annað en skóli fyrir örfáa nemendur, en reynslan hefur nú sýnt annað, og ég hygg, að það muni vera hátt á 6. hundrað nemendur í menntaskólanum á Akureyri. Og án þess að ég hafi fengið tölur um það nákvæmlega, þá býst ég við, að um 60 nemendur frá Vestfjörðum stundi þar nám. Þeir hafa verið frá 44—60 s. l. 10—12 ár.

Ég skal svo ekki fjölyrða miklu lengur um þetta mál. En ég vil taka undir það, að þetta frv., sem hæstv. menntmrh. hefur lagt fram, felur í sér margar og miklar breytingar og spor í rétta átt. Ég vil taka undir það og mun vera því meðmæltur, að Kvennaskólinn í Reykjavík fái rétt til þess að brautskrá stúdenta, og mun styðja þá till., sem fram kemur í sambandi við meðferð málsins hér á Alþ. En áður en ég hverf hér úr ræðustólnum, vil ég vona, að hæstv. menntmrh. taki okkar málefnum af skilningi og geri sér það ljóst, sem ég veit, að hann gerir, að við þm. Vestf. allir, hvar sem við erum í flokki, erum staðráðnir í því að fylgja því máli mjög fast eftir og þeim till., sem hafa verið sendar, og ég vænti þess að mega njóta góðs samstarfs við hæstv. menntmrh. í sambandi við framkvæmd þeirra tillagna.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. hefur nú í ýtarlegu máli skýrt þetta frv., sem hér liggur fyrir, og hann mun hafa orðið var við það, að við nokkrir þm. höfum kvatt okkur hljóðs, nokkru áður en þessi umr. hófst, og ég var einn í þeim hópi, og hann beindi þeim tilmælum til okkar, hvort það kynni ekki að vera, að við hefðum fengið þær upplýsingar, sem okkur skorti, í framsöguræðu sinni, þannig að við þyrftum ekki að hafa langt mál hér á eftir. Ég játa það, að ég fagna því að ýmsu leyti, sem fram kom í hans máli. Hins vegar hafði ég gert ráð fyrir því að setja fram í örstuttu máli það, sem mér kom fyrst í hug, þegar ég sá þetta frv., er það var lagt á borðið og ég hafði litið yfir það. Og ég verð að játa það, að ég hrökk nokkuð við, þegar ég las 1. gr. frv. En eins og hér hefur verið rakið og eins og kunnugt er, var það lögfest á þingi 1964—1965, að menntaskólar skyldu vera á Austurlandi og Vestfjörðum. Og það var þess vegna, sem mér kom það nokkuð ókunnuglega fyrir að sjá nú lagt til í þessu frv., að þessi ákvæði féllu niður. Það má að vísu deila um það, hvort nú sé ekki eins hagfellt að hafa óbundið í lögum um skólastaði, sem fram undan hljóta að vera. En breytingin á áður tekinni ákvörðun er auðvitað ekki til í dæminu, og ég er fús að segja það, að ég var alls ekki að væna um það, að raunverulega hafi það átt að felast í því frv., sem hér var lagt fram. En ég vil þó gera hér tvær tilvitnanir í grg. og aths., sem kynnu að geta vakið spurningar. Í aths. við 1. gr. frv. segir svo:

„Hins ber þó jafnan að gæta, ekki sízt er velja skal nýjum skólum stað, að menntaskóli, er fullnægi öllum kröfum um starfslið, húsrými og tækjabúnað, er dýr stofnun og því dýrari hlutfallslega, sem hann er minni."

Það mætti varpa fram spurningunni: Hvað felst í þessu? Og ég verð að segja, að mér urðu það nokkur vonbrigði að sjá þá ágætu menntafrömuði, sem staðið hafa að samningu þessa frv., vera að gæla þarna svolítið við tölvusjónarmiðið, sem ég tel, að sé orðið allt of ríkt í okkar þjóðfélagi.

Í öðru lagi vil ég vitna hér í annað, sem einnig er í þessu frv. eða fskj. þess, en það er í séráliti ráðuneytisstjóra menntmrn. út af Kvennaskólanum í Reykjavík, sem ég skal taka undir ásamt með þeim öðrum þm., sem hér hafa talað, að ég er alveg samþykkur, að rétt sé að láta hafa heimild til að útskrifa stúdenta, — en sú tilvitnun, sem ég vil hér vitna í, er á þá leið, með leyfi hæstv forseta:

„Í l. nr. 56 1965, um breyt. á l. nr. 58 1946, um menntaskóla, er heimild til stofnunar menntaskóla austanlands og vestan og til stofnunar fleiri menntaskóla í Reykjavík og nágrenni." En í lögunum, sem samþ. voru 1965, stendur: „Menntaskólar skulu vera 6." Það er sem sagt ekki heimild, heldur er það alger ákvörðun. Maður verður dálítið undrandi, þegar jafnskýrum manni og sjálfum ráðuneytisstjóra menntmrn. virðist skjótast þarna skýrleikur.

Á þessi tvö atriði vildi ég benda í sambandi við þau fskj., sem eru með frv.

Það er vafalaust nauðsynlegt að endursemja lög um menntaskóla. En ég vil bara að lokum láta það koma fram, að ég tel bezt fara á og raunar er sjálfsagt, að núgildandi ákvæði séu afdráttarlaus áfram, eins og þau eru í 1. gr. núgildandi laga. Og ég vil beina því til hv. menntmn., sem

væntanlega fær þetta frv., að gera þá breytingu á l. Það felst ekki í þessu, að ég vantreysti á nokkurn hátt þeim yfirlýsingum, sem hæstv. menntmrh. hefur hér gefið. En eins og aðrir ræðumenn hér á undan mér hafa þegar bent á, kemur að því, að nýr menntmrh. komi, að breyting verði á ríkisstj., og ég tel þess vegna eðlilegt og sjálfsagt, — og einmitt vegna þess, að ég þykist vita, að það sé a. m. k. samhljóða vilji alþm., að þessi ákvæði, sem nú eru í l., séu í gildi og verði í gildi áfram, — þá álít ég eðlilegast og réttast að gera þá breytingu á 1. gr. frv., þannig að þetta sé alveg ótvírætt.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Mér hefur fundizt, þegar ég var að hlusta á þessa menn, sem hér hafa talað á undan, að það væri einhver kergja hlaupin í „stóru mömmu" á stjórnarheimilinu. Ég get vel tekið undir þá gagnrýni, sem komið hefur fram á 1. gr. frv. hjá hv. þm., sem hér hafa talað. Það er náttúrlega augljóst, að henni verður að breyta. Hún er mjög óheppilega orðuð, og ég skal ekki eyða um það fleiri orðum, vegna þess að hæstv. ráðh. hefur eiginlega lofað því hér og lýst því yfir, að hann skuli beita sér fyrir því, að gr. verði breytt. En að sjálfsögðu hlýtur þetta mál að fara til n., og þessi gr. verður þá tekin til athugunar eins og annað, sem í frv. stendur.

Annars tel ég ástæðu til þess að fagna þessu frv. Ég fæ ekki betur séð en það sé jákvætt í flestum meginatriðum. Það, sem ég tel fyrst og fremst jákvætt við frv., er það, að í því felst viðurkenning á nýjum viðhorfum í sambandi við hlutverk og starfsemi menntaskólanna. Frv. er því að sínu leyti stefnumótun og þó fremur staðfesting á stefnu, sem flestir skólar hafa viðurkennt í verki, að svo miklu leyti sem kostur hefur verið. Eins og fram kemur í grg. menntaskólanefndar, sem samdi frv., hafa menntaskólarnir í sívaxandi mæli tekið upp margvíslega nýbreytni, og „í öllum menntaskólunum standa yfir einhverjar breytingar á tilraunastigi, allt frá niðurfellingu einstakra skyldugreina til stofnunar nýrra deilda," eins og segir í grg. Frv. er því staðfesting á gildi þessa tilraunastarfs, sem þegar hefur verið unnið innan menntaskólanna og raunar á grundvelli núgildandi laga um menntaskóla. En þó að þetta sé haft í huga, finnst mér það ekki rýra gildi frv. Frv. kann að vera jafnnauðsynlegt og gott þrátt fyrir það. En ég held, að rétt sé að gera sér grein fyrir því strax, að gildandi lög um þetta efni veita einnig nokkurt svigrúm til margs konar breytinga og nýsköpunar í námsefni og kennslutilhögun og einnig að frjálslyndir og athafnasamir skólameistarar eða rektorar hafa þegar hafizt handa um nýskipan menntaskólanáms, sem rofið hefur stöðnun og íhaldssemi á þessu sviði. Þess vegna vil ég leggja áherzlu á, að þetta frv. er staðfesting á stefnu, sem þegar er byrjað að framkvæma í flestum eða öllum menntaskólum landsins. Gildi frv. felst aðallega í því, að nú skal með lögum knýja íhaldssama skólastjóra, ef einhverjir eru eða verða, til þess að láta af kyrrstöðutilhneigingum sínum og fylgja frjálslyndari stefnu í anda nútímans. Sem sagt, hér eftir eiga afturhaldssamir skólastjórar ekki að standa í vegi fyrir nauðsynlegum breytingum á starfi menntaskólanna, ef öðrum skilyrðum er fullnægt. Af þessum sökum er ávinningur að frv. Það er spor í rétta átt.

Hæstv. ráðh. hefur lýst efni frv., og ég skal ekki rekja það í neinum smáatriðum. Ég vil lýsa stuðningi mínum við meginefni þess og þá meginstefnu, sem þar kemur fram. En jafnframt vil ég leyfa mér að minna á, að þó að frv. verði að lögum, leysir það ekki allan vanda. Frv. hefur ekki í sér fólgna neina lausn á meginvanda menntaskólanna um þessar mundir, en hann er skortur á húsnæði, skortur á tækjabúnaði einnig. þ. e. a. s. kennsluaðstöðu í samræmi við stefnu þessa frv., og einnig er skortur hæfra kennara. Ég vil því leggja áherzlu á, að þetta frv., þótt að lögum yrði, er ekki lausn á aðalvandamálinu, heldur fer lausn þess algerlega eftir framkvæmd þeirrar stefnu, sem þar er boðuð. Spurningin er, hvort húsnæðisþörf skólanna verði leyst og hvernig það verði gert, hvort unnið verði að því að efla tækjabúnað menntaskólanna, koma upp viðunandi bókasöfnum og kennslubókakosti, og síðast, en ekki sízt, hvort bætt verði úr kennaraskorti, sem fyrirsjáanlegur er, ef auðið á að vera að framkvæma stefnu þessa frv.

Þau atriði, sem ég hef hér minnzt á í stuttu máli, eru ákaflega yfirgripsmikil og vandasöm úrlausnar út af fyrir sig. En samþykkt frv. sem þess, sem hér liggur fyrir, er mjög gagnslítil, ef ekki fylgja aðgerðir á þessum sviðum, sem ég hef nefnt. Flest, sem í þessu frv. stendur, er þess eðlis, að framkvæmd laganna skiptir þar öllu máli. Bókstafur frv. eða l., ef samþ. verður, leysir í sjálfu sér ekkert af aðalvandamálum menntaskólastigsins. Allt stendur og fellur með framkvæmdinni. Ég held, að það sé ákaflega nauðsynlegt að gera sér grein fyrir þessu strax í upphafi. Frv. sem þetta má ekki vekja neinar falsvonir um bráða lausn þess vanda, sem við er að glíma. Hið sanna er, að löggjöf í þessum anda gerir vandamál menntaskólanna að því leyti enn meira aðkallandi en nú er, að ríkisvald og þar með Alþ. taka þar með á sig siðferðilega ábyrgð á viðhlítandi framkvæmd slíkrar löggjafar, þ. e. a. s. taka á sig þá ábyrgð að tryggja, að l. verði annað og meira en pappírsgagn.

Við höfum því miður nokkra reynslu af því, að stundum verður vel hugsuð og vel meint löggjöf lítið annað en pappírsgagn. Sumir mikilvægustu þættir fræðslulöggjafarinnar t. d. hafa löngum verið lítið meira en orðin tóm. Það stafar af því, að fræðslulög eru ekki framkvæmd eins og til er ætlazt. Það hefur tekið miklu lengri tíma að framkvæma l. heldur en upphaflega var ætlazt til. Ég nefni það, að framkvæmd fræðsluskyldu og

þar á meðal útrýming farskólafyrirkomulagsins átti að taka 6—7 ár, miðað við árið 1946, en þessu verkefni er ekki lokið eftir nær 23 ár. En nú boðar hæstv. menntmrh. lengingu fræðsluskyldunnar og upplýsir, að frv. verði lagt fram um það efni mjög á næstunni! Það er lagaskylda, að fullnægjandi gagnfræðaskóli sé í hverju fræðsluhéraði. Það má segja, að það sé lagaskylda. En þetta hefur ekki verið framkvæmt. Og slík dæmi munu kannske fleiri vera og eru víti til varnaðar. Ég minni því enn á það, að framkvæmd nýrra menntaskólalaga er fyrir öllu, en ekki gerð þeirra, samsetning þeirra og ekki samþykkt þeirra ein saman. Auk þess ber hv. þm. að hafa í huga, að þetta frv. fjallar einungis um afmarkað svið innan víðtæks málaflokks, sem menntamálin eru. Þetta frv. gefur ekki til kynna, hver sé heildarstefnan í fræðslu- og menntamálum þjóðarinnar. En það skiptir ekki litlu máli, að heildarendurskoðun þessa mikla og mikilvæga málaflokks verði látin fara fram og þeirri endurskoðun verði flýtt, svo sem auðið er, og jafnframt, eins og hæstv. menntmrh. sagði hér áðan, að slík endurskoðun sé sífellt í gangi. Á þetta atriði hafa framsóknarmenn á Alþingi bent margsinnis á undanförnum árum og flutt till. í þá átt. En þessar till. hafa ekki náð fram að ganga, og ég leyfi mér að efast um, að hæstv. ríkisstj. hafi sinnt því verkefni nægilega af eigin hvötum. Hér er um stærra verkefni að ræða en svo, að það verði unnið af einum manni eða mjög fáum. Til þess að framkvæma slíka endurskoðun, þarf að koma til mjög víðtækt rannsóknarstarf og samstarf margs konar sérfræðinga og samvinna við kennara. Heildarstefnu í menntamálum verður að reisa á sérstökum og víðtækum skólamálarannsóknum, sem eru sérfræðilegs eðlis og verða aldrei unnar án víðtæks samstarfs margra aðila. En þrátt fyrir þetta er þó ýmislegt, sem hægt er að koma auga á, án þess að um það fari neinar sérstakar rannsóknir fram. Það er m. a. augljóst, að skortur hæfra kennara stendur mjög í vegi fyrir nauðsynlegum endurbótum innan þeirra skóla yfirleitt, sem nú starfa. Af því leiðir, að ekki er gerlegt að taka upp nýjungar í kennslustarfi eða breyta um námsefni, jafnvel þótt skólayfirvöld væru þess fýsandi. Þetta atriði mun m. a. sýna sig áþreifanlega í sambandi við þetta mál, sem nú er til umr., námsskipulag í menntaskólunum. En kennaraskorturinn eða úrval hæfra kennara á ýmsum sviðum stendur þarna í vegi. Ég held því, að nauðsynlegt sé að gefa kennaramenntuninni sérstakan gaum og taka það mál alveg sérstaklega út úr og vinna að því að auka framboð á hæfum kennurum, ekki sízt í þeim greinum, sem telja má til nýjunga og nauðsynlegt er að taka á námsskrá skólanna meira og á víðtækari hátt en nú er kostur. Hér kemur ekki einungis til álita efling Kennaraskóla Íslands, heldur og ekki síður efling kennaramenntunar í heimspekideild Háskóla Íslands. Að því verður að stefna, að framhaldsskólakennarar séu háskólamenntaðir í kennslugreinum sínum, og það verður að hraða því, að slík stefna komist í framkvæmd. En slíkt gerist ekki af sjálfu sér. Til þess að svo megi verða, þarf sérstakar aðgerðir, sem ríkisvaldið verður að hafa forustu fyrir.

Ég endurtek það, að þetta frv. er góðra gjalda vert sem stefnuyfirlýsing og viðurkenning á nauðsynlegum breytingum á menntaskólastiginu, en ég minni aftur á það, sem ekki má gleymast, að lagaframkvæmdin skiptir öllu máli, og það er hægurinn hjá að gera vel meinta löggjöf að pappírsgagni, ef út af ber um framkvæmd hennar.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég vil byrja á því að víta það, hvernig mál þetta ber að til umr. hér í d. Það hefur tvisvar verið tekið út af dagskrá, og maður fær þær upplýsingar, að þetta hafi verið gert vegna þess, að hæstv. forseti d. var erlendis og vildi taka þátt í umr. Og það virðist jafnframt koma í ljós, að hæstv. forseti hafi pantað orðið í skeyti, því að þegar maður kemur hér á fundinn, er hann fyrstur á mælendaskrá. Ég bað um orðið strax og umr. hófst og taldi, að þar með væri tryggt, að ég yrði fyrsti ræðumaður á eftir hæstv. ráðherra, en þarna eru þeir þá komnir, hæstv. forseti d. fyrstur, síðan tveir stjórnarsinnar í viðbót, síðan einn framsóknarmaður, — og loks ég. Þessa meðferð vil ég sem sagt víta, og ég lít svo á, að menn geti ekki beðið um orðið og tryggt sér það í umr., fyrr en umr. eru hafnar, og það sé af og frá, að menn geti pantað orðið í símskeyti erlendis frá.

Stöku sinnum, einstaka sinnum gerast markverð tíðindi í menningarmálum hér á hinu háa Alþingi. Og mikið eru þær nú gleðilegar, slíkar stundir, svona meðan þær vara. Ég minnist þess til að mynda, hvað mér þótti sem birti yfir hér í salnum á síðasta þingi, þegar hæstv. ráðh. lagði fram svonefnt æskulýðsmálafrv. Þá var svo sannarlega ástæða til þess að standa upp og fagna, hrópa húrra. Eftir áratuga agg og nagg um þann slæma aðbúnað, sem æskulýður okkar á við að búa, eftir þrotlaust japl og jaml og fuður um þau vandamál, sem þar hafa siglt í kjölfarið, var nú loksins upprunnin stund raunhæfra aðgerða, stund stórhuga framkvæmda. Æskulýðsmálafrv. var þrungið fögrum fyrirheitum, fögrum og glæsilegum fyrirheitum, enda höfðu unnið að því hvorki fleiri né færri en 10 menn hver öðrum menntaðri, gáfaðri og reyndari á þessu sviði. Og þeir höfðu haft til þess heil þrjú ár. Og hæstv. menntmrh. talaði fyrir frv. hér af sinni alkunnu málsnilld.

En æ, því miður, þegar til átti að taka, reyndist hér aðeins vera um að ræða skrautsýningu, býsna hrífandi skrautsýningu að vísu, en því miður helzt til stutta og snubbótta. Hæstv. menntmrh. hafði ekki fyrr dregið tjaldið frá heldur en flokksbróðir hans, hv. formaður menntmn. þessarar d., dró það

fyrir aftur. Hann sá til þess, að æskulýðsmálafrv. lognaðist út af í n., og svæfingin var rökstudd með því, að það mundi hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Eða m. ö. o., sá, sem fer með auraráðin hér í þessu fátæka leikhúsi, sem Alþingi Íslendinga virðist því miður æðioft vera, hann hafði bersýnilega aldrei ætlazt til þess, að þetta yrði annað en skrautsýning — eða eigum við kannske heldur að segja ofurlítið sjónhverfingaatriði með hatti og kanínu, leyft með því skilyrði, að á eftir yrði hvoru tveggja skilað aftur, hattinum og kanínunni.

Nú hefur hæstv. menntmrh. lagt fram frv., sem líka má teljast til meiri háttar tíðinda. Það er væntanleg alveg á næstunni, skilst manni, skýrsla frá hæstv. ráðh., gagnger skýrsla um skólamál, svo að ekki virðist ástæða til að hefja hér umr. um þau almennt. En allt um það gæti verið í tilefni af því frv., sem hér liggur fyrir, frv. til l. um menntaskóla, ástæða til þess að standa upp og fagna. Svo mikið er víst, að þetta frv. er, ekki síður en æskulýðsmálafrv., þrungið fögrum og glæsilegum fyrirheitum, og hefur enda unnið að því álíka stór hópur og vann að æskulýðsmálafrv. sællar minningar, en hafði auk þess til þess helmingi lengri tíma, ekki bara 3 ár, heldur heil 6. Fyrirheit eru hins vegar ekkert annað en fyrirheit. Það, sem skiptir máli, er, hversu þau rætast, hversu reynist með framkvæmd þeirra.

Ég sagði í sambandi við æskulýðsmálafrv. í fyrra, og ég segi það enn, að hæstv. menntmrh. er áreiðanlega allur af vilja gerður að rækja embætti sitt af reisn og með glæsibrag. Og sízt mundi ég vilja frýja honum vits né þekkingar né dugnaðar til slíks. Gallinn er hins vegar sá, að í hvert sinn sem hæstv. ráðh. hyggst láta eitthvað verulega gott af sér leiða, eitthvað verulega stórt og mikið, þá er honum settur stóllinn fyrir dyrnar, og sá stóll er hinn þungi stóll þeirrar menningarsnauðu og kaldlyndu peningahyggju, sem mestu ræður um stefnu þeirrar ríkisstj., sem hæstv. ráðh. tekur þátt í. Þessi hæstv. ráðh. hefur valið sér það hörmulega hlutskipti að streitast við að þjóna menntagyðjunni á því heimili, þar sem Mammon fer með húsbóndavaldið, en á slíku heimili er óhjákvæmilegt, að menntagyðjan og hennar dyggur þjónn verði hornreka.

Reyndar virðist full ástæða til þess að spyrja, hvort þetta frv., sem að forminu til er flutt sem stjórnarfrv., er það í raun og veru. Morgunblaðið, málgagn hæstv. forsrh., sjálft aðalmálgagn stóra bróðurins í stjórnarsamvinnunni, fjallar um þetta mál í ritstjórnargrein s. l. sunnudag og tekur hæstv. menntmrh. heldur en ekki til bæna í þessu sambandi og þá n., sem samið hefur frv., og finnur því allt til foráttu, lætur í ljós enga hrifningu yfir því, nema síður sé. Og svo í fyrradag ber svo við, að Alþýðublaðið svarar í ritstjórnargrein áðurnefndum aths. Morgunblaðsins með orðbragði, sem blaðið notar yfirleitt ekki nema í sérstökum tilfellum, sérstökum neyðartilfellum, um hina verstu menn í röðum okkar stjórnarandstæðinga. Alþýðublaðið segir, að Morgunblaðið hafi með þessu gerzt vettvangur „fyrir ábyrgðarlausustu og vanhugsuðustu sjónarmið, sem sett eru fram í skólamálum.“ Og blaðið gengur svo langt að segja, að „málgagn hæstv. forsrh. hafi“ í máli þessu „sett upp heimskulegan hundshaus.“ Málgagn hæstv. menntmrh. segir, að málgagn hæstv. forsrh. sé með hundshaus. Ég hygg, að fleiri en ég hafi beðið þess með eftirvæntingu að sjá, hvaða haus ritstjóri Morgunblaðsins segði, að væri á ritstjóra Alþýðublaðsins, af þessu tilefni. Og viti menn, Morgunblaðið svarar í gær í lengsta leiðara, sem þar hefur birzt áratugum saman, gott ef nokkurn tíma hefur birzt þar lengri leiðari, og þar virðist ritstj. harma það mest að geta ekki teflt fram í þessu máli sjálfum Jóni Vídalín til þess að tala yfir hausamótunum á ritstjóra Alþýðublaðsins. Morgunblaðið segir, „að málgagn menntmrh. hafi í þessu máli rokið upp og hleypt fram reiði sinni af þvílíkum fítonskrafti og viðkvæmni, að venjulegt fólk er furðu lostið,“ og til frekari áréttingar og lýsingar á ritstjóra Alþýðublaðsins vitnar blaðið í þetta, sem meistari Jón segir um reiðina: „Reiðin lætur mann nísta tönnum, fljúga með höndunum, æða með fótunum.“

Og í morgun svarar auðvitað Alþýðublaðið í sömu mynt, og í fyrramálið svarar Morgunblaðið væntanlega líka í sömu mynt. Ja, er nokkur furða, þó að maður spyrji, hvort ekki ríki í stjórnarherbúðunum í máli þessu ofsi og stríð í staðinn fyrir samkomulag og eindrægni? Og svo ofan á allt þetta bætast þær upplýsingar hv. 2. þm. Vestf. hér áðan, að mál þetta hafi alls ekki verið rætt í þingflokki Sjálfstfl., áður en það er lagt hér fram, — að ógleymdum viðbæti frá hv. 4. þm. Vestf., næsta hótunarkenndum.

Þó að ég fagni þessu frv. út af fyrir sig, þessu frv. til umbóta í málefnum menntaskólanna, sem hér liggur fyrir, þá er sá fögnuður því miður af framangreindum ástæðum allmiklum kvíða blandinn. Ég kvíði því, að þetta eigi aðeins að vera enn ein skrautsýningin og síðan ekkert meir, tjaldið fyrir. Flokksbróðir hæstv. menntmrh., formaður menntmn. þessarar d., var í fyrra látinn leggja æskulýðsmálafrv. út af í n. með þeim rökstuðningi, að framkvæmd þess mundi hafa í för með sér of mikil útgjöld fyrir ríkissjóðinn. Hversu miklu meiri ástæða mun þá ekki talin til þess, að hann beiti svæfingartækni sinni við þetta frv., sem hlyti, ef til framkvæmdanna kæmi, að hafa í för með sér margfalt meiri útgjöld en æskulýðsmálafrv., þó að hæstv. ráðh. reyndi raunar að gylla horfurnar hér áðan með þessari dálítið skrýtnu setningu, sem ég skrifaði orðrétt upp eftir honum, hún er svo hljóðandi:

„Ekki virðist fyrir fram óhjákvæmilegt, að frv. þetta hafi í för með sér mikinn kostnaðarauka.“

Ja, er hægt að orða þetta af öllu þaulhugsaðri

varfærni og fyrirhyggju? Hæstv. menntmrh. sagði raunar í sjónvarpsviðtali um daginn og gaf það fyllilega í skyn í ræðu sinni hér áðan, að tilgangurinn með því að leggja þetta frv. hér fram nú væri alls ekki sá að fá það samþ. á þessu þingi, næsta þingi e. t. v., en alls ekki þessu. Tilgangurinn virðist sem sagt, eftir orðum hæstv. ráðh. að dæma, aðeins sá að skaffa okkur þm. uppbyggilegt lesefni, eitthvað til að auðga andann við, meðan við bíðum þess, að hæstv. ríkisstj. láti lokið þessu helzt til áhrifalitla og leiðinlega þinghaldi okkar hér í vetur. Það verður sem sé ekki vart við sérlega mikinn sóknarhug hjá hæstv. ráðh., þegar hann fylgir þessu frv. úr hlaði. Og í því sambandi ætla ég að leyfa mér að segja við hæstv. ráðh. fáein orð í fullri hreinskilni.

Hæstv. ráðh. leggur þetta frv. fram nú í því augnamiði, sem verður æ algengara, að nota Alþingi Íslendinga sem leikhús. Það, sem fyrir honum vakir fyrst og fremst, er að setja upp skrautsýningu, reyna að lægja þær óánægjuraddir, sem að undanförnu hafa orðið æ háværari vegna ástandsins í málefnum menntaskólanna og raunar skólakerfinu almennt. Hann er með þessu að leitast við að kaupa sér frið. Hann vonast til þess að geta beitt þessu frv. fyrir sig sem hlífiskildi við þeirri gagnrýni, sem hann hefur kallað á sig með embættisrekstri, sem orðið hefur æ því aðfinnsluverðari sem hann, þessi annars svo menningarlega sinnaði maður, hefur lengur tekið þátt í núv. ríkisstj. og beygt sig undir siðalögmál þess vafasama félagsskapar, — og fyrir hann mjög svo óholla félagsskapar.

Hæstv. ráðh. telur, sem fyrr segir, engar horfur á því, að frv. verði samþ. á þessu þingi, annað mál með næsta þing, segir hann, annað mál með það. En hvað sem hann segir um þetta, þá er ég sannfærður um, að hann hefur mjög takmarkaða, ef þá nokkra trú á því, að frv. þetta nái að óbreyttum aðstæðum fram að ganga á næsta þingi eða því þar næsta, — að óbreyttum aðstæðum, segi ég. Til þess þekkir hæstv. ráðh. áreiðanlega allt of vel sitt heimafólk. Eða m. ö. o., ef hæstv. ráðh. gerir í einlægni ráð fyrir því, að þetta frv. hans, þetta að mörgu leyti mjög svo merka frv. hans, nái samþykki á næstu þingum, þá hlýtur hann um leið að gera ráð fyrir stjórnarskiptum, gerbreyttri stefnu í skólamálum sem og öðrum þáttum þjóðmálanna. „Það hefur áður verið skipt um ráðh.," sagði hv. 4. þm. Vestf. hér áðan og varð ógnandi á svipinn, þessi annars ljúfi maður. Og hamingjunni sé lof, hann lýsti líka yfir þeirri skoðun sinni, að hann teldi ekki alveg víst, að þjóðin yrði að búa við núv. hæstv. ríkisstj. til eilífðarnóns. Hæstv. ráðh. veit eins vel og við allir, að umbætur eins og þær, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., kostnaðarsamar umbætur, eru vitavonlausar, meðan núv. ríkisstj. situr að völdum.

Þetta er sorgleg staðreynd og sorglegust að sjálfsögðu fyrir hæstv. menntmrh. En stjórnarskipti verða að sjálfsögðu fyrr eða síðar. Nýir herrar taka við og nýir og betri siðir. Og hversu svo sem þá kann að skipast um ráðherraembætti, þá vil ég að lokum óska þess í einlægni, af því að ég met hæstv. menntmrh. þrátt fyrir allt mikils, — þá vil ég leyfa mér að óska þess af einlægni, að hann eigi einhvern tíma síðar á lífsleiðinni eftir að gegna þessu embætti við þær aðstæður, að hann þurfi ekki að láta sér nægja að sjá drauma sína birtast á pappír og hvergi nema á pappír. Hann á betra hlutskipti skilið heldur en það, að hans stærstu mál og hans veigamestu frv. verði ekki til annars en auka svolítið á annríkið hjá prenturunum í Gutenberg.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð um þetta annars stóra mál. Ég get tekið undir það, sem hv. þm. Norðurl. e., Ingvar Gíslason, sagði um meginstefnu þessa frv. hér áðan, og endurtek ekki neitt af því. En ég kvaddi mér hljóðs til þess að leggja áherzlu á nauðsyn þess að breyta 1. gr. frv. í þá stefnu, sem hér hefur verið minnzt rækilega á af þm. af Vestur- og Austurlandi, sem sé setja það greinilega inn í ný lög um menntaskóla, að lagaskylda sé til þess að koma upp þeim skólastofnunum, sem nú eru ákveðnar með lögum.

Enn fremur vil ég lýsa því yfir, að ég fyrir mitt leyti mun styðja það, að kvennaskólinn fái heimild til þess að útskrifa stúdenta. Það þarf að fjölga þeim skólum, sem rétt hafa til þess, og ég hygg þessa stofnun vera mjög vel færa um að útskrifa stúdenta, þegar búið væri að koma þar á þeim breytingum, sem nauðsynlegar teldust.

Ég vil gera mér vonir um, að það fáist samkomulag um að breyta 1. gr. frv., eins og hér hefur verið rætt um, eftir undirtektir hæstv. ráðh., og fagna ég því.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Það eru orðnar alllangar umr. um þetta mál, sem ekki er að furða, því að hér er mjög merkt mál á ferðinni. Ef að lögum verður, markar þetta frv. vafalaust tímamót í starfsemi menntaskólanna á Íslandi. Ég vil fyrir mitt leyti fagna þessu frv. Það hefur inni að halda mörg merk nýmæli og hefur verið vandlega undirbúið af hinum færustu og kunnugustu mönnum. Einstök atriði hafa þegar sætt hér gagnrýni og þá aðallega það, sem fram hefur komið í umr., að með samþykkt frv., ef það færi í gegnum þingið eins og það nú er, gæti leikið vafi á því, hvort í gildi væri lengur fyrri ákvörðun Alþingis um staðsetningu menntaskóla á Vestfjörðum og Austfjörðum. Út af þessu vil ég fyrir mitt leyti lýsa því yfir, að ég tel slíka tortryggni, eftir yfirlýsingar hæstv. menntmrh., gersamlega ástæðulausa, einkum og sér í lagi þar sem hann hefur lýst því yfir, að hann hafi ekkert við það

að athuga, að 1. gr. frv. verði breytt, til þess að taka af öll tvímæli um þetta.

Ég vil alveg sérstaklega fagna því, að í frv. er, eins og hæstv. menntmrh. gerði grein fyrir í frumræðu sinni, gert ráð fyrir, að til þess að stofna menntaskóla þurfi ekki að stofna algildan skóla, þannig að um sé að ræða allar námsleiðir, heldur megi einnig stofna aðra skóla, eins konar tilraunaskóla, þar sem valin sé ein sérstök námsleið. Mér er það alveg ljóst, að í sambandi við stofnun menntaskóla á Vestfjörðum, eða á Ísafirði, og á Austfjörðum verða slíkir skólar til að byrja með alls ekki stórar stofnanir og alls ekki þannig úr garði gerðir, að þar geti verið um deildaskiptingu að ræða. Einmitt þess vegna fagna ég sérstaklega þessu ákvæði frv. Það er hægt að gera ráð fyrir skólum með aðeins einni deild, sem tæki fyrir sérstök námsefni, eins og hæstv. menntmrh. benti á, t. d. í félagsfræði. Þetta ákvæði frv. verður vafalaust til þess að auðvelda það, að stofnun menntaskólanna á Vestfjörðum og Austfjörðum komist til framkvæmda.

Ég get tekið undir það, sem komið hefur fram í ræðum þm. Vestfjarða, að ekki er von til þess, að við getum byggt við þann skóla, sem við höfum nú, eða framhaldsdeildina, sem við köllum, sem svarar til 1. bekkjar menntaskóla, meðan ekki hefur verið tekin ákvörðun um, að næstu bekkir, 2. og 3. o. s. frv., taki til starfa. Það er ekki við því að búast, að fólk, sem ætlar í menntaskóla, jafnvel ekki búsett á Ísafirði, kæri sig um að setjast inn í þennan skóla, meðan hann er aðeins ein bekkjardeild, og svo þarf að fara á enn annan stað til þess að verða sér úti um framhald skólagöngunnar. Þess vegna legg ég á það mikla áherzlu, að sem allra fyrst verði tekin ákvörðun um, að það megi bæta við 2. og 3. bekk við þessa framhaldsdeild, sem þegar hefur starfað á Ísafirði alllengi. Einnig er það mikið atriði, til þess að hægt sé að vinna upp þennan skóla, að byggð verði heimavist á Ísafirði. Auðvitað er ekki við því að búast enn sem komið er, að tæplega 3000 manna bær leggi til fullskipaða bekkjardeild í menntaskóla. Ég vil í þessu sambandi benda á, að undanfarin ár munu um 50—70 manns frá Vestfjörðum hafa sótt menntaskólanám árlega annars staðar, og þá aðallega á Akureyri. Ég tel það fyrir mitt leyti alveg eðlilegt, að miðað við það, að Vestfirðingar skila þessum fjölda inn á menntaskólastigið, þá sé byggt yfir þá skólastarfsemi á Vestfjörðum, en ekki t. d. á Akureyri eða í Reykjavík. Þetta þýðir alls ekki, að við Vestfirðingar viljum á nokkurn hátt setja fótinn fyrir eðlilega framþróun í þessum málum í þéttbýlinu. Ég veit ekki til þess, að Vestfjarðaþm. hafi nokkra tilhneigingu til þess að setja þetta þannig upp, að þeir telji, að við eigum að fá þennan menntaskóla á kostnað þéttbýlisins. Ég álít, að hv. Alþ. verði að vega og meta þarfirnar í hverjum landshluta fyrir sig og leysa úr þeim eftir þörfum. Af þeim undirtektum og þeirri fyrirgreiðslu, sem hæstv. menntmrh. hefur þegar veitt í þessu máli, — fyrst með því að heimila framhaldsdeildina á Ísafirði, síðan með því að beita sér fyrir stjórnarfrv., þar sem ákvörðun var tekin um staðsetningu skólans, og svo með þeim yfirlýsingum, sem hann hefur hér gefið, — efast ég ekki um, að við Vestfirðingar megum af hans hendi vænta góðrar samvinnu um áframhaldandi lausn þessa máls, og þá sérstaklega, að sem allra fyrst verði tekin ákvörðun um ráðningu skólastjóra og um byggingu heimavistar fyrir skólann á Ísafirði.

Umr. frestað.

Á 65. fundi í Nd., 17. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Umr. þær, sem fram fóru s. l. fimmtudag um þetta mál, voru allóvenjulegar. Frv. var tekið af litlum fögnuði af sumum ræðumönnum og þó einkum nokkrum stuðningsmanna hæstv. mennmrh., aðrir ræðumenn töldu hins vegar, að hér væri um allmikilsvert frv. að ræða.

Í þessu frv. eru sannarlega nýjungar og ferskur andi, sem lofar góðu, ef vel tekst til um afgreiðslu þessa máls og framkvæmdir síðar. En það er 1. gr. þessa frv., sem hefur valdið því, að fram hefur komið hörð gagnrýni á ákvæði hennar og það ekki að ástæðulausu. Með einu pennastriki á að þurrka út ákvæði l., sem sett voru fyrir 4 árum, hvað snertir menntaskóla á Vestfjörðum og Austurlandi. Mig undrar það einna mest, að hæstv. ráðh. skyldi ekki sjá það fyrir, að þm. mundu ekki taka því þegjandi og hljóðalaust, að með einu pennastriki yrðu þurrkuð út réttindi, sem þessum tveimur landshlutum höfðu verið veitt hvað snertir menntaskóla fyrir einum 4 árum, ekki sízt þegar þessi réttur hafði fengizt fyrir langa og harða baráttu. Sú gagnrýni og þau mótmæli gegn þessu ákvæði frv., sem fram komu hjá þeim hv. 2. þm. Vestf. og hv. 4. þm. Vestf., voru í öllum efnum réttmæt. Lýsing hv. 4. þm. Vestf. á þeirri baráttu, sem fram hefur farið um langt skeið til þess að fá menntaskóla á Ísafirði, var í öllum efnum rétt. Þing eftir þing um árabil höfðu Vestfjarðaþingmenn flutt frv. um slíkan skóla, en alltaf árangurslaust. Frv. voru jafnan svæfð í þingnefnd, og ekkert vannst á í málinu. En það væri ranglátt að kenna hæstv. menntmrh. þetta einum. Það vita allir, að það stöðvar enginn einn maður hér á Alþ. mál, það þarf fleiri til. Hitt er auðsjáanlegt, að ef frv. um þennan menntaskóla hefði náð fram að ganga fyrir 6—8 árum, sem vel hefði mátt verða, þá væri menntaskóli á Ísafirði nú eitthvað meira en eingöngu á pappírnum. En hafa þá Vestfjarðaþingmenn ekki unnið þarna stóran sigur 1965 með menntaskólalögunum, sem þá voru afgr.? Nei, því fer víðs fjarri. Vestfjarðaþm. unnu engan sigur, þeir höfðu flutt

frv. ár eftir ár, en alltaf árangurslaust. Það, sem þá gerðist, er það, að heimamenn á Vestfjörðum tóku sig til og söfnuðu undirskriftum meðal alþingiskjósenda um alla Vestfirði undir áskorun til Alþ. og ríkisstj. um að setja lög um menntaskóla á Ísafirði, og það stóð ekki á þessum undirskriftum, því að á tiltölulega skömmum tíma höfðu um 2000 alþingiskjósendur í þessu eina héraði undirritað slíkt erindi til ríkisstj. og Alþ., og á fundi með öllum Vestfjarðaþingmönnum á Ísafirði í jan. 1965 voru þessi merkilegu skjöl lögð fram og þm. falið að koma þeim rétta boðleið, sem líka var gert. Það urðu þó ekki skjót veðrabrigði þarna eftir þetta átak heimamanna. Frv. frá okkur Vestfjarðaþm. um þennan skóla lá fyrir þessu þingi, en það skeði ekki neitt alllengi eða þangað til komið var fram undir vor, þá loks flutti hæstv. menntmrh. sjálfur frv. um menntaskóla í landinu, en sá var þó galli á þessu frv. hvað snertir menntaskóla á Vestfjörðum og Austurlandi, að það ákvæði var í því frv., að þeir skyldu stofnaðir, þegar fé yrði veitt til þeirra á fjárlögum. Aftur á móti um nýjan menntaskóla, sem átti að stofna í Reykjavík, var ekkert slíkt ákvæði. Það þurfti ekki á ákvæðum fjárlaga að halda til þess, að hægt væri að stofna þann skóla. Við Vestfjarðaþm. vildum ekki una þessu og töldum, að hér ætti eitt og hið sama að gilda um hina nýju skóla, sem ráðgerðir væru, og fór það svo, að hæstv. ráðh. féllst á það og frv. var afgr. í þeirri mynd, sem l. eru nú. Auk þess lýsti hæstv. menntmrh. því yfir í umr. þá, að tekin skyldi upp fjárveiting til þessara nýju skóla úti á landinu þegar á næstu fjárlögum, og við það stóð hann. Þegar svo Alþ. var nýlega komið saman haustið 1965 og fjárlagafrv. ríkisstj. lá fyrir, eru þar till. um fjárveitingar til þessara tveggja skóla m. a., á Ísafirði og á Austurlandi. Þetta voru ekki risafjárhæðir, 800 þús. kr., sem samsvarar byggingarkostnaði hálfrar íbúðar, en fjárveiting var það samt. Hæstv. ráðh. hafði alveg staðið við sitt loforð. En þegar svo kemur til þess, að hæstv. fjmrh. flytur sína fjárlagaræðu, þegar hann talaði fyrir fjárlagafrv. fyrir árið 1966, þá minnist hann að sjálfsögðu á þessar fjárveitingar til hinna nýju menntaskóla á Austurlandi og Vestfjörðum, og fórust honum þá orð á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Á síðasta þingi var samþ., að reistir skyldu menntaskólar á Austurlandi og Vestfjörðum. Að sjálfsögðu kemur ekki til mála að hefja byggingu þeirra skóla, fyrr en viðunandi ástand er fengið í sambandi við starfsemi hinna menntaskólanna."

Ýmsum hnykkti við að heyra þetta, að ekki kæmi til mála að hefja byggingu eða stofnsetningu skóla, sem Alþ. hafði ákveðið og veitt til fé. Í tilefni af þessum ummælum hæstv. ráðh. lagði ég fram fsp. á því þingi, þess efnis, hvort hæstv. ríkisstj. hefði tekið ákvörðun um að fresta stofnsetningu menntaskóla á Ísafirði. Hæstv. menntmrh. svaraði því, að það væri fjarri því, ríkisstj. hefði enga slíka ákvörðun tekið. Ég spurði þá, hvort hæstv. ráðh. teldi líklegt, að slík ákvörðun yrði þó tekin á því ári. Hann svaraði því engu. En svarið kom, þótt ekki væri á Alþ. Það kom á þann hátt, að af fjárveitingum, sem veittar voru til þessara tveggja nýju skóla og eru nú búnar að standa á fjárlögum í 4 ár og orðnar um 7.3 millj. til hvors skóla fyrir sig, að af þessum fjárveitingum hefur ekki verið notuð ein einasta króna í því skyni, sem Alþ. mælti fyrir um. Þannig fékkst svarið við því, hvort ætti að fresta stofnun þessara skóla. Sigurinn, sem ég nefndi áðan, í þessu máli var ekki stærri en það, að þessar stofnanir, þessir 2 menntaskólar, komust á pappír og ekki nema á pappír og eru búnir að standa þar í 4 ár.

Það snertir harla lítið þetta mál, sem bar á góma hjá hæstv. ráðh. á fimmtudaginn, að leyfð hefði verið kennsla 1. bekkjar menntaskólanáms á Ísafirði nokkra vetur. Slík kennsla er enginn menntaskóli og engin frambúðarlausn.

Eins og ég hef hér sýnt fram á, hefur verið staðið við þessa yfirlýsingu hæstv. fjmrh. að hefja ekki stofnsetningu þessara skóla þrátt fyrir lagafyrirmæli og þrátt fyrir fjárveitingar. Og hversu lengi mun það haldast? Hversu lengi eiga þessir landshlutar að eiga menntaskóla á pappír og ekkert nema á pappír? Bæjarstjórn Ísafjarðar hefur fyrir skömmu sent hæstv. menntmrh. erindi um menntaskólamál þeirra, og Vestfjarðaþm. hafa auk þess sent n. á fund hæstv. ráðh. til þess að ganga eftir svörum við sameiginlegum óskum þessara aðila hvað snertir menntaskóla á Ísafirði. Þetta bréf las hv. 2. þm. Vestf. hér upp á fimmtudaginn, og er efst meðal þeirra óska, sem þar eru bornar fram, krafa um það, að ráðinn verði skólameistari til menntaskóla á Ísafirði þegar á næsta hausti til að hafa forgöngu um undirbúning að stofnun skólans. Við bíðum eftir svari frá hæstv. ráðh. við þessum óskum og fáum það væntanlega áður en varir, býst ég við. En þó virtist mér koma fram í ræðu hæstv. ráðh. s. l. fimmtudag, að hann væri að svara þessum óskum, hann væri í raun og veru í ræðu sinni að svara því, sem farið er fram á í bréfi bæjarstjórnarinnar og erindi þm., og svarið virtist mér vera á þá leið, að menntaskóli á Ísafirði yrði stofnaður, þegar nægileg fjárveiting lægi fyrir. Hvað snertir fyrstu ósk þessara aðila, sem ég nefndi, um skólameistara, þá sýnist mér, að það þurfi ekki að standa á fjárveitingu að verða við henni. Þótt ekki sé um nema 7.3 millj. að ræða, sem eiga að vera fyrir hendi hvað þennan skóla snertir, þá ætti að vera hægt að ráða slíkan skólameistara, ef vilji er fyrir og alvara með það að stofna skólann. En auðvitað þyrfti að auka fljótlega og strax á næsta ári fjárveitingu til framkvæmdanna. En hverjir ráða fyrst og fremst fjárveitingum hér á Alþ.? Ætli það sé ekki ríkisstj.? Og hverjir eiga að meta það, hvenær fjárveiting er nóg? Ég

ætla, að það sé líka ríkisstj. En við skulum gera ráð fyrir þeim möguleika, að þegar á næsta ári fáist fjárveiting til menntaskóla á Ísafirði, sem yrði nægjanleg að dómi sjálfs menntmrh. Kemur þá skólinn? Verður hafizt handa? Því spyr ég, að mér sýnist, að fram að þessu hafi verið í fullu gildi yfirlýsing hæstv. fjmrh., að það komi ekki til mála að hefja stofnun slíkra skóla, fyrr en komið sé viðunandi ástand hjá öðrum menntaskólum í landinu. Og hvenær er það komið? Ég veit ekki betur en það vanti meira og minna húsnæði, skólahúsnæði í heimavistum og mörgu fleira, hjá öllum hinum menntaskólunum, og það getur orðið æðilangur tími, þar til svo er komið, að þar sé allt orðið viðunandi. Ég held meira að segja, að það hafi komið fram í ræðu hæstv. ráðh. sjálfs, að nú búi einn þriðji hluti menntaskólanemenda í landinu eða um 700—800 nemendur við tvísetningu í skólastofur. Varla getur það talizt viðunandi ástand í nokkrum menntaskóla, að þannig sé farið að. Á þá ekki að hefjast handa um stofnun þessara tveggja nýju menntaskóla, vestanlands og austan, fyrr en þessu er öllu komið í kring? Mér sýnist því, að þarna greini nokkuð á um rökfærsluna hjá hæstv. ráðh., annars vegar er það nægileg fjárveiting, hins vegar er það viðunandi ástand í öðrum menntaskólum. Og hvor ætli megi sín meira, þegar til kastanna kemur, sá ráðh., sem hefur kassann, eða hinn, sem hefur engan kassa?

Að öllu þessu athuguðu sýnist mér full þörf á því og mun varla á því standa, að Vestfirðingar, ekki aðeins alþm., heldur heimamenn, taki til höndum í annað sinn, kannske ekki 2000, eins og fyrir 5 árum, heldur jafnvel 3000, til þess að knýja málið fram, til þess að fá það framkvæmt, sem Alþ. hefur samþ.

Þá kom annað athyglisvert atriði fram, að mér virtist, í ræðu hæstv. ráðh. á fimmtudaginn, en það var, að hann var með fullyrðingar um, að þessir væntanlegu menntaskólar á Austurlandi og Vestfjörðum hlytu að verða litlir skólar eða jafnvel ættu að verða litlir skólar og þess vegna ekki nema einnar deildar skólar, eins og hann ræddi um. Nú eru mér ekki ljós rökin fyrir því, hvers vegna þetta eigi að vera einhverjir litlir, einnar deildar menntaskólar. Það vantar skólabyggingar, það vantar menntaskólahúsnæði í landinu. Hljóta ekki nýir menntaskólar, hvar sem þeir rísa, að leysa verulega úr þörf þeirra, sem fyrir eru? Ég fæ ekki annað séð, ef menntaskóli yrði byggður og stofnsettur austanlands og annar vestanlands, en þá hljóti þeir auðvitað að leysa mjög úr þessari þörf fyrir nýjar framkvæmdir við hina eldri skóla. Það er svo sem enginn sjálfsagður hlutur, að nemendur á Vestfjörðum sæki menntaskóla til Reykjavíkur, frekar en nemendur úr Reykjavík sæki menntaskóla til Ísafjarðar. Það er ekkert sjálfsagðara mál, að Austfirðingar sendi börn sín í menntaskóla á Akureyri en að Norðlendingar sendi sína í menntaskóla á Austurlandi. Fjöldi nemenda úr Reykjavík t. d. stundar nú nám í ýmsum skólum úti um land, að Laugarvatni, Bifröst, Akureyri og í fjölmörgum héraðsskólum. Það eru engin landamerki á milli þessara skóla, og þau eiga ekki heldur að vera. Hitt er annað mál, að það er full þörf á að dreifa þeim nokkuð um landið til þess að jafna námsaðstöðu æskufólks og námskostnað. Ég sé því engin rök fyrir því, að hinir væntanlegu menntaskólar þurfi að vera neitt minni en aðrir menntaskólar, þegar þeir eru komnir í fullt gagn. Ég hlýt því að andmæla þessari hugmynd um einhver einnar deildar skólakríli, sem hér virðist bóla á. Þeir þurfa ekki að vera minni eða ómerkilegri, svo framarlega sem frá upphafi er að þeim búið eins og öðrum menntaskólum í landinu, og til þess eiga þeir að sjálfsögðu fullan rétt. Eða hvernig ætli þessi hugmynd samrýmist ákvörðun 3. gr. þessa frv., þar sem segir, að í skipulagi menntaskóla skuli að því stefnt, að nemendur eigi völ á námsefni og kennslu í samræmi við þarfir sínar og óskir. Yrði þörfum og óskum nemenda í slíkum einnar deildar skólum fullnægt? Eða er þetta í einhverju samræmi við 3. kafla þessa frv., þar sem rætt er um námskjarna, kjörsvið og valgreinar? Hvað yrði úr þessu víðsýni, þessu frjálslyndi, sem hér eru fluttar tillögur um í þessu frv., í þessum litlu einnar deildar skólum? Hvað yrði um kjörsviðið, og hvað yrði um valgreinarnar hjá nemendum þar? Og þó eru þarna, einmitt í þessum kafla þessa frv., að mér sýnist einhver þýðingarmestu ákvæði þess, ákvæði, sem eru full af víðsýni og frjálslyndi, umfram það, sem hefur verið í skólum okkar lands fram að þessu. Eigi væntanlegir nemendur í þessum skólum úti á landinu ekki kost sömu menntunar, sömu námsaðstöðu í hinum nýju skólum eins og nemendur annarra menntaskóla, þá verða þessir skólar ekki sóttir. Þá gæti farið svo, að þetta yrðu aðeins einnar deildar skólar, annars flokks skólar.

Ég endurtek það, sem ég sagði í upphafi, að ég tel, að í þessu frv. felist mikilsverðar nýjungar, sem m. a. auka mjög frelsi, fjölbreytni og víðsýni í kennsluháttum og muni leiða til góðs, þegar komið er til framkvæmda. Ég tel ekkert vandasamt að breyta 1. gr. þessa frv., svo að ótvírætt komi fram, að þeir landshlutar, sem þar eiga í hlut, njóti sama réttar og aðrir landshlutar hafa áður notið. Ég skal svo ekki ræða frekar einstök atriði í þessu frv., enda mun það væntanlega koma til n., sem ég á sæti í.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég á sæti í þeirri n., sem fær þetta frv. til meðferðar, svo að ég sé ekki ástæðu til þess að taka þátt í almennum umræðum við þetta tækifæri. Mig langaði aðeins til að beina lítilli fsp. til hæstv. menntmrh. í sambandi við flutning þessa máls. Ég veitti því athygli, þegar hann fylgdi frv. úr hlaði, að

þá lét hann þess getið, að hann ætlaðist ekki til þess, að frv. yrði afgr. á þessu þingi. Þetta er næsta óvenjuleg orðsending, þegar ráðh. flytja mál á Alþ. Venja þeirra er sú að mælast til þess, að slík mál fái mjög skjóta afgreiðslu. Raunar er reynslan sú, þegar flutt eru hér stærstu og mikilvægustu mál og þau mál, sem mestur ágreiningur er um og þess vegna hefði e. t. v. þurft að fjalla rækilegast um, þá eru þau stundum hespuð af á nokkrum dögum. Ég er ekki að mæla með slíkum vinnubrögðum. En engu að síður fæ ég ekki betur séð en það eigi að vera tök á því að afgr. þetta frv. á þessu þingi, ef vilji er fyrir hendi. Mér skilst, að eftir muni vera svo sem einn mánuður af þinghaldi, og ég held, að sá tími hlyti að nægja til þess að afgr. þetta mál. Mér virðist þetta augljóst, vegna þess að þótt umr. séu nú orðnar alllangar, hafa þau ágreiningsefni, sem fram hafa komið í ræðum manna, verið af smærra taginu. Gagnrýnin hefur fyrst og fremst beinzt að 1. gr. frv., hvort þar eigi að telja upp menntaskólana í landinu eða ekki, og þar held ég, að sé um að ræða atriði, sem auðvelt eigi að vera að ná samkomulagi um. Annað ágreiningsefni, sem fram hefur komið í sambandi við þetta mál, er, hvort kvennaskólinn eigi að fá réttindi til að útskrifa stúdenta eða ekki. Ég held, að það sé einnig minni háttar ágreiningsefni og þess háttar mál, að menn eigi að geta sætt sig við það að láta atkvæði skera úr, ef ekki næst um það almennt samkomulag. En um heildarefni frv., þá stefnu, sem þar er mörkuð, hefur ekki komið fram neinn ágreiningur.

Þetta frv. er tvímælalaust til mikilla bóta, en hins vegar hefur dregizt allt of lengi, að það kæmi fram. Sú n., sem hefur um það fjallað, hefur tekið sér ákaflegan rúman tíma, og á þeim tíma hefur erfiðleikaástand á þessu sviði magnazt mjög mikið, og af þeim ástæðum held ég, að það væri mikil nauðsyn að afgr. þetta mál sem allra fyrst. En einnig vegna þess, að þetta frv. er í raunnini aðeins rammi og viljayfirlýsing, verða að fylgja á eftir miklar og margvíslegar aðgerðir, ef það á að breyta einhverju. Ég vil minna á það, að í grg. frv. er bent á ýmsa slíka þætti. Í athugasemdum við 13. gr. segja höfundar frv. t. d., með leyfi hæstv. forseta, „að meginforsenda fyrir öllum öðrum umbótum í menntaskólunum og jafnframt fyrir áframhaldandi heilbrigðri þróun þeirra er stórfelld umbót á starfsskilyrðum skólanna Á engri umbót er þó brýnni þörf en þeirri, að skólunum sé betur en nú gert séð fyrir því fjölbreytta starfsliði, sem þeim er nauðsynlegt."

Í athugasemd við 20. gr. segir svo:

„Um húsnæði skólanna gegnir sama máli og um starfslið þeirra, að stórfelld aukning umfram það, sem tíðkazt hefur, er algjört skilyrði fyrir öllum umbótum og framförum."

Og í aths. við 21. gr.:

„Af öllu því, sem tefur umbætur á starfsemi menntaskólanna og hamlar því, að upp séu teknir kennsluhættir í samræmi við beztu vitund kennaranna um fræðslu og uppeldi, er fátt eins áþreifanlegt og skortur á bókasöfnum og lestrarsölum. Má t. d. benda á það, að kröfunni um meiri sjálfstæða vinnu nemenda, sem segja má að sé orðin eins konar samnefnari fyrir almenna óánægju með vinnubrögð skólanna, verður með engu móti sinnt, meðan bókakostur skólanna og vinnurými nemenda í húsakynnum skólanna er svo gjörsamlega ófullnægjandi sem raun er á. Leggja ber áherzlu á það, að allar greinar, sem kenndar eru í menntaskóla, eru sérgreinar í þeim skilningi, að til kennslu í sérhverri þeirra þarf í flestum eða öllum kennslustundum á að halda sérstökum bókakosti, sérstökum hjálpargögnum og sérstökum kennslutækjum."

Ef þetta frv. á að verða annað og meira en orðin tóm, þá þurfa að fylgja á eftir mjög fjölþættar breytingar, sem hafa í för með sér mikinn kostnað, og þessum breytingum verður að sjálfsögðu ekki komið á í hendingskasti. Einmitt þess vegna held ég, að það sé mjög brýn nauðsyn að afgr. þetta mál á þessu þingi. Ég vil skýra hæstv. menntmrh. frá því, að að því leyti sem málið kemur til minna kasta í menntmn., þá er ég reiðubúinn til þess að leggja fram þá vinnu, sem kynni að þurfa til þess að gera mér grein fyrir þessu máli, og skila um það áliti eins fljótt og auðið er. Og ég hef trú á því, að sama sé að segja um fleiri nm. Ég vil því beina þeirri fsp. til hæstv. ráðh., hvort hann teldi það ekki æskilegt, að þetta frv. gæti fengið afgreiðslu nú á þessu þingi.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég skal fyrst svara fsp. hv. síðasta ræðumanns um það, hvort ég teldi æskilegt, að þetta mál yrði afgr. þegar á þessu þingi, ef unnt reynist, og um leið vil ég leiðrétta þann misskilning, sem kom fram í ræðu hans, að ég hafi sagt í framsöguræðu minni, að ég ráðgerði, að málið yrði ekki afgr. fyrr en á næsta þingi. Þetta er misskilningur eða um misheyrn að ræða. Setning sú, sem ég lét falla og hann hefur misheyrt eða misskilið, var í þeim kafla ræðu minnar, sem fjallaði um fyrirhugaðar tilraunir á fræðsluskyldustiginu um það að gera nemendum kleift að ljúka landsprófi 15 ára í stað 16 ára, en þær tilraunir hafa verið undirbúnar og verða framkvæmdar á næsta skólaári. Í þessu sambandi sagði ég þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Menntmrn. mun gera ráðstafanir til þess, að á næsta vetri verði á fræðsluskyldustiginu hafin tilraun til breytingar á skipulagi fræðsluskyldunnar, sem geri nemendum kleift að ljúka landsprófi 15 ára í stað 16 ára nú. Mun þetta verða gert í trausti þess, að þetta frv. verði að lögum í síðasta lagi á næsta þingi. Hefði ákvæðið um 16 ára lágmarksaldur til inngöngu í menntaskóla þá verið

afnumið og miðskólanemendur þar með getað átt þess kost að ljúka landsprófi 15 ára.“

Þetta er í eina skiptið, sem ég í ræðu minni vék að því, hvenær þetta frv. kynni að geta orðið að l., og það er augljóst mál, að það er ekki sama að segja, að ég reikni með því, að frv. verði í síðasta lagi orðið að lögum á næsta þingi, og hitt, að óska eftir því eða gera ráð fyrir því, að frv. geti ekki orðið að l. á þessu þingi. Mér væri að sjálfsögðu mikil þökk í því, ef hið háa Alþ. treystir sér til þess að vinna svo ötullega að afgreiðslu jafnmikilvægs máls og hér er um að ræða, að það tækist að afgr. málið á þessu þingi. Hvort það tekst eða ekki, fer að sjálfsögðu eftir því, hvenær þinghaldi lýkur. Um það get ég ekki sagt á þessu stigi, hvað líklegt sé, að þingið muni starfa lengi úr þessu, og þess vegna hef ég ekki þorað að láta í ljós neinar óskir eða vonir í þessu sambandi, aðra en þá ósk og þá von, sem er sjálfsögð og á ekki að þurfa að undirstrika sérstaklega, að ég óska að sjálfsögðu eftir því, að þingið leggi fram þá vinnu og þann áhuga til meðferðar á þessu máli, sem það frekast treystir sér til. Ef þinghald verður meira en nokkrar vikur úr þessu, ætti það að takast. Hins vegar ef svo fer, að þinghald á ekki eftir að standa nema örfáar vikur úr þessu, sem ég auðvitað ákveð ekki, þá er ég svo raunsær að gera mér grein fyrir því, því miður, að það mundi varla takast að afgr. jafnviðamikið frv. og hér er um að ræða. Þess vegna hafði ég þessa setningu í framsöguræðu minni. Hún táknar ekki vantraust á hið háa Alþ. til þess að leggja fram nægilega vinnu, enn síður táknar hún, að ég óski þess ekki, að frv. geti orðið sem fyrst að lögum, þess óska ég og beini þeim tilmælum til hv. menntmn., að hún taki þann tíma, sem hún frekast treystir sér til, til þess að hraða framgangi þessa máls, sem mér þykir vænt um að heyra að síðasti ræðumaður hefur sömu skoðun á og ég, að hér sé um merkilegt mál að ræða og mikið framfaraspor í menntaskólamálum og í skólamálum þjóðarinnar yfirleitt.

Að síðustu vil ég svo aðeins láta í ljós ánægju mína með þær mjög vinsamlegu undirtektir, sem allt meginefni þessa frv. hefur hlotið. Ég lít á undirtektir manna um efni málsins sjálfs sem viljayfirlýsingu af hálfu allra flokka þingsins um það, að hér sé um að ræða frv., sem eigi að hrinda í framkvæmd sem allra fyrst og að það mundi horfa til mikilla framfara og endurbóta, þegar því verður hrundið í framkvæmd. Ríkisstj. ákvað að leggja frv. fyrir Alþ. alveg eins og menntaskólanefndin gekk frá því, gera engar breytingar sjálf á tillögum menntaskólan., enda má segja, að frv. sé samið af þeim mönnum, sem ég held að óhætt sé að segja, að að dómi hlutlauss mats séu til þess hæfastir að gera till. til Alþ. um skynsamlega menntaskólalöggjöf. Þannig a. m. k. reyndi ég að velja menn til þessa vandasama verks. Ég endurtek enn: Alþ. fær frv. nákvæmlega eins og n. skilaði því til rn. fyrir örfáum vikum.

Ég verð að játa það, ég verð að gera alveg hreinskilnislega játningu, að þegar ég las 1. gr. frv., eins og aðrar gr. frv. að sjálfsögðu, las það allt oftar en einu sinni, þá hvarflaði ekki að mér, að það væri hægt að skilja 1. gr. frv. þannig, að með því móti væri ætlazt til, að breytt yrði fyrri ákvörðun Alþ. um, að menntaskólar skuli starfa á Ísafirði og á Austfjörðum, þegar fé hefur verið veitt til þess á fjárlögum. Þegar ég varð var við þennan misskilning, eftir að frv. hafði verið lagt hér fram, tók ég ummæli um þetta efni inn í framsöguræðu mína, sem áttu að taka af öll tvímæli um það, að ríkisstj. liti ekki svo á, að 1. gr. frv., þótt hún stæði óbreytt, breytti í einu eða neinu fyrri ákvörðun Alþ. um, að menntaskólar skyldu starfræktir á Ísafirði og Austurlandi, þegar fé hefði verið veitt til þess í fjárlögum. Enn treysti ég því, að ummæli mín í framsöguræðu um þetta efni muni verða talin nægileg fullvissa til hv. þm. af hálfu ríkisstj. og n., sem ég hafði samband við um þetta efni, að þarna hefði enginn fiskur verið falinn undir steini. Ég þóttist verða þess var, að nokkrir þm. hefðu komið með undirbúnar ræður, skrifaðar ræður, til 1. umr., sem byggðar hefðu verið á því, að í 1. gr. fælist breyt. á fyrri ákvörðun Alþ. og það kynni að hafa verið tilgangur menntaskólanefndar og minn og ríkisstj. að gera hér einhverja raunverulega breytingu á, og fyrst mér hafði ekki tekizt að eyða allri tortryggni varðandi þetta efni í framsöguræðu minni, gaf ég um það alveg skýlausa yfirlýsingu fyrir hönd ríkisstj., að hún hefði ekkert við að það athuga, þó að 1. gr. yrði breytt í það horf, að tekin yrðu af öll tvímæli um, að fyrri ákvarðanir Alþ., fyrri vilji Alþ. í þessu efni skyldi standa. Þetta vonaði ég enn, að mundi duga, en enn heyrðist mér samt á hv. ræðumanni, sem hér talaði áðan, hv. 1. þm. Vestf., að hann væri ekki fullkomlega ánægður, fyrr en greininni hefði í reynd verið breytt, og af hálfu okkar í ríkisstj. er ekkert því til fyrirstöðu, að það verði gert. Ég endurtek enn viljayfirlýsingu mína um það og vona með því, að þá sé úr sögunni það eina ágreiningsefni, sem við þessa 1. umr. hefur komið fram um málið.

Varðandi Kvennaskólann í Reykjavík, sem einnig hefur verið nefndur, vil ég einnig endurtaka þá yfirlýsingu, að ég tel eðlilegt, að Alþ. sjálft skeri úr því, hvort Kvennaskólinn í Reykjavík skuli fá leyfi til þess að brautskrá stúdenta, þó að menntaskólan. hafi ekki beinlínis gert ráð fyrir því með skýru lagaákvæði, en hins vegar orðað 5. gr. frv. þannig, að telja megi heimilt samkvæmt henni að veita Kvennaskólanum í Reykjavík leyfi til þess að brautskrá stúdenta. Ég tel eðlilegt, að Alþ. ákveði þetta einfaldlega með atkvgr., enda er hér um fjárhagsatriði að ræða. Ég get tekið það fram, að ég mun persónulega greiða atkv. með

því, að kvennaskólinn fái leyfi til þess að brautskrá stúdenta, en ég segi, að mitt atkv. ræður ekki meira en annarra þm. um það, fyrst við teljum rétt að láta það verða og er sjálfsagt að það verði úrskurðaratriði Alþ., hvort þetta verður eða ekki.

Með þessu held ég, að ég hafi vikið að því, sem ég tel ástæðu til að láta koma fram, áður en þessari 1. umr. um málið lýkur, og beini svo að síðustu þeim tilmælum til hv. menntmn., þegar málinu hefur verið vísað til hennar, að hún taki málið sem fyrst fyrir og leggi í það nauðsynlega vinnu, til þess að það geti orðið sem fyrst að lögum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Á 82. og 83. fundi í Nd., 28. og 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Nd., 2. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 324, n. 549, 550, 611).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað um frv. um menntaskóla á mörgum fundum, leitað álits skólastjóra, kennara og nemenda menntaskólanna, rætt við höfunda frv. og ýmsa fleiri aðila og fengið till. víðar að. N. er sammála í afstöðu sinni til frv., telur það stórmerkan áfanga í þróun menntaskólanna og leggur áherzlu á, að það verði gert að lögum og síðan framkvæmt af heilum hug. N. er sammála um nokkrar brtt. og mun ég síðar gera grein fyrir þeim.

Fyrst tel ég rétt að geta um afgreiðslu menntmn. á umsókn Kvennaskólans í Reykjavík um heimild til þess að útskrifa stúdenta. Þessi umsókn hafði verið send þeirri n., sem samdi frv. um menntaskóla, og hún hafði um hana fjallað. Þannig barst umsóknin til Alþ. í grg. þessa frv. Menntmn. kynnti sér formsatriði þessa máls og komst að niðurstöðu, sem fólst í bréfi, sem n. skrifaði hæstv. menntmrh. Þetta bréf hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Menntmn. Nd. hefur rætt um ósk Kvennaskólans í Reykjavík um leyfi til að útskrifa stúdenta, en sú umsókn er gerð að umtalsefni í grg. menntaskólafrv. N. er ljóst, að hugsanlegt sé að túlka 5. gr. frv. svo, að samkv. henni gæti ráðh. gert kvennaskólann að menntaskóla þrátt fyrir 4. gr. Þó telur n. þetta hæpna málsmeðferð og ekki æskilega. N. vill minna á, að auk menntaskólanna hafa tveir skólar heimild til að útskrifa stúdenta. Um þá er ekki fjallað í frv., enda eru þeir ekki menntaskólar. **Í samræmi við þetta telur n. rétt,** að um heimild til að leyfa kvennaskólanum að útskrifa stúdenta verði fjallað í **sérstöku** frv. Menntmn. samþykkti á fundi í dag að skrifa hæstv. menntmrh. og tjá honum þessi sjónarmið.

Virðingarfyllst.“

Og síðan koma undirskriftir.

Þetta var sú afgreiðsla, sem þetta mál fékk í menntmn., og kemur að sjálfsögðu ekki fram í þessu, hvort nm. eru efnislega fylgjandi því, að kvennaskólinn fái þessi réttindi eða ekki, en ég vil geta þess, að um þau virtust vera nokkuð skiptar skoðanir.

Ég mun þá gera grein fyrir þeim brtt., sem menntmn. gerir við frv. Þessar till. eru á tveimur þskj., þskj. 550 og þskj. 611.

1. till. á þskj. 550 er við 1 gr., en um hana var mjög rætt við 1. umr. frv. í þessari hv. d. Kom þar fram sú eindregna skoðun, að í þessari gr. ætti að telja upp þá menntaskóla, sem þegar hefur verið ákveðið í lögum, að reistir skuli verða. Menntmn. hefur orðið við þessari ósk og leggur til, að 1. gr. hljóði svo:

„Menntaskólar skulu vera svo margir sem þörf er á, þar á meðal tveir í Reykjavík, einn á Akureyri, einn að Laugarvatni, einn á Ísafirði og einn á Austurlandi. Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til á fjárl.“

Síðari mgr. í frv. er um, að veita megi einkaaðilum eða sveitarfélögum leyfi til að byggja og reka menntaskóla. N. leggur til, að það atriði verði fellt niður úr l., og telur, að ef slík atvik koma upp, einhverjir slíkir aðilar væru reiðubúnir til að koma á fót menntaskóla og gætu það, yrði eðlilegast, að það mál yrði þá afgreitt á Alþ. Eins og n. leggur til, að 1. gr. verði afgreidd, eru þar taldir upp þeir skólar, sem þegar eru taldir upp í lögunum. N. barst bréf, þar sem óskað var að bæta í þessa upptalningu Reykholti í Borgarfirði. N. varð þess vör, að þm. í fleiri kjördæmum hafa hugsað til þess að fá lögbundna staði í þessa gr., og nú síðast hafa borizt í fréttum óskir frá bæjarstjórn Hafnfirðinga. Í sjálfu sér eru nm. í menntmn. ekki sammála um þetta atriði. Sumir telja æskilegast að nefna engan skóla í þessari gr., aðrir eru reiðubúnir til að nefna fleiri, en öll n. sameinaðist um þá málamiðlun að telja upp þá, sem þegar hafa verið lögfestir. En ég vil undirstrika, að eins og gr. er samkv. till. n., mundi, eftir að reistir hafa verið skólar á þessum stöðum, verða óþarfi að lögfesta fleiri staði, því að þá verður hægt að reisa menntaskóla, eftir því sem ákveðið er á fjárlögum. Það er mikilvægt, að menn geri sér grein fyrir þessu, að þegar uppfyllt hafa verið þau loforð, sem felast í gildandi l. í dag, þá tekur þessi gr. við á þann hátt, að menntaskólar skuli vera svo margir sem þörf er á og byggjast eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

2. brtt. á þingskjali 550 er við 9. gr. og fjallar eingöngu um formsatriði, sem ástæðulaust er að fjölyrða um.

Á þingskjali 611 er brtt. við 11. gr., sem einnig

er formsatriði, sem óþarfi er að ræða hér frekar.

Þá kem ég að brtt. við 13. gr. Á fyrra skjalinu, þingskjali 550, er brtt. við 13. gr., sem menntmn. tekur aftur. Í hennar stað kemur brtt., sem er á seinna þingskjalinu. N. leggur í raun og veru ekki til efnisbreytingar á þessari grein, hins vegar hefur hún orðið við mjög eindregnum óskum menntaskólakennara um að breyta nokkrum starfsheitum. Það, sem í frv. heitir yfirkennari (konrektor), verður nú kallað aðstoðarskólastjóri. Og í staðinn fyrir einn lið komi tveir liðir: annars vegar deildarstjórar, sem hafa umsjón með kennslu, námsefni og tækjum í einstökum námsgreinum eða greinaflokkum, hins vegar yfirkennarar, sem gegnt hafa fullri kennslu við menntaskóla í 16 ár, en eru þó ekki deildarstjórar. Með því að bæta þarna inn í þessum lið og halda yfirkennaranafninu, er verið að ganga til móts við margra áratuga, ef ekki aldagamla hefð, því að í menntaskólunum — eða í menntaskólanum, sem lengi vel var einn, hafa kennarar orðið yfirkennarar eftir ákveðinn árafjölda.

4. brtt. á þskj. 550 er við 15. gr. Sú till. er tekin aftur, en á síðara skjalinu er ný brtt. við 15. gr. Eftir að n. hafði lokið störfum, magnaðist mjög hörð deila um það, hvaða kröfur eigi að gera til þeirra, sem geti orðið menntaskólakennarar, og var komið á framfæri við n. mismunandi sjónarmiðum í sambandi við það, sem n. voru raunar kunn áður, en nú af nýjum krafti. Menntmn. kom til móts við þá aðila, sem þarna áttu hlut að máli, en það voru annars vegar menntaskólakennarar og hins vegar samtök háskólagenginna kennara. N. ræddi við báða þessa aðila á nýjan leik, hún hafði haft samband við þá áður, og endirinn varð sá, að n. samþ. að gera nýja till. um 15. gr., till. á þskj. 611. N. leggur því til, að gr orðið svo: „Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólanna, er lokið hafa háskólaprófi í þeim aðalgreinum, sem þeir eiga að kenna. Þeir, sem lengri hafa eðlilegan námstíma, ganga fyrir, ef umsóknir eru sambærilegar að öðru leyti. Kennarar skulu hafa lokið prófi í uppeldis- og kennslufræðum. Þessi ákvæði ná eigi til þeirra, sem nú eru fastir kennarar skólanna. Undanþágu frá þessum ákvæðum má veita, ef sérstaklega stendur á. Þess skal vandlega gætt, að hver skóli hafi á að skipa nægilegum fjölda kennara með fyllstu menntun til að stjórna kennslu í hverri grein. Setja má í reglugerð ákvæði um frekari kröfur til kennara í einstökum greinum."

Í frv. og fyrri brtt. eru tilgreind 2 háskólapróf sem eins konar viðmiðun í sambandi við það, hverja megi ráða sem fasta kennara menntaskólanna. Annars vegar cand. mag.-próf við Háskóla Íslands og hins vegar B. A.-próf við Háskóla Íslands. Eftir því sem meira var um þetta mál fjallað, komst menntmn. lengra inn á þá skoðun, að rétt væri að telja ekki upp nein sérstök próf, enda eru háskólapróf nú sífellt að breytast og próf, sem bera sama nafn, hafa mismunandi gildi í mismunandi löndum, og fleiri ástæður mætti færa fram til þess, að hyggilegt sé að nota þá reglu, sem gilti í gömlu l., að tiltaka ekki ákveðin próf. Ég vil taka það fram, að það er tvímælalaust skilningur menntmn., að till. um orðalag gr. á þskj. 611 sé þannig, að hún nái til B. A.-prófa. Um það má ekki vera neinn vafi. Hins vegar vil ég taka fram, að n. lítur svo á, að stjórnir einstakra menntaskóla hafi með þessu nýja orðalagi frjálsari hendur en áður og meiri möguleika til þess að ráða því, hver menntun þeirra kennara verður, sem ráðnir eru að skólunum, og hafa þannig áhrif á það, hvernig menntun kennara við skólann verður varið í framtíðinni. Þá er settur þarna dálítill varnagli með því, að setja megi í reglugerð ákvæði um frekari kröfur til kennara í einstökum greinum. Þetta er tvímælalaust hyggilegt, af því að l. gera ráð fyrir því, að kennslugreinum geti fjölgað verulega, þar komi til ný fjölbreytni, og tæknin er svo breytileg, að það getur skapazt ástæða til þess að setja einhver alveg sérstök skilyrði varðandi nám til kennslu í einstökum greinum.

5. brtt. n. á þskj. 550 er við 18. gr., og er óþarfi að skýra hana frekar.

6. brtt. er við 19. gr. Þar er gert ráð fyrir því, að veita megi menntaskólakennurum leyfi frá störfum til að semja kennslubækur. Þetta er mjög þýðingarmikið atriði, af því að skortur á hentugum kennslubókum, sérstaklega kennslubókum á íslenzku, er vaxandi vandamál fyrir þessa skóla. Það vandamál mun vaxa enn, þegar frv. þetta verður að lögum og verður framkvæmt. Í frv. stendur, að það megi aðeins veita menntaskólakennurum leyfi frá störfum til að skrifa kennslubækur fyrir menntaskólastigið. En við leggjum til, að þetta verði fellt niður, þannig að það geti eins komið til, að menntaskólakennari sé rétti maðurinn eða eini maðurinn, sem geti samið góðar kennslubækur fyrir fleiri skólastig í sinni grein.

Við 21. gr. er 7. brtt. Þar kemur fyrir orðið bókasafn. Það er lagt til, að í þess stað standi: safn bóka og annarra kennslugagna. Segja má, að orðið bókasafn geti náð yfir þetta allt saman, ef það er túlkað á þann hátt, en nú þegar eru til í menntaskólunum söfn af hljómplötum, sem lánuð eru út, og enginn vafi er á því, að í nánustu framtíð munu bætast þarna við hljóðbönd, myndbönd og fjöldamörg önnur tæki, og er hugmyndin með þessari breyt. sú, að öll slík tæki eigi að rúmast innan ramma gr.

8. brtt. er við 22. gr., en hún fjallar um skólaráð. Er lagt til, að 2. málsl. orðist svo: „Skólaráð skipa aðstoðarskólastjóri, fulltrúar almenns kennarafundar og nemenda (sbr. 23. gr.)." Í fyrsta lagi er breytt orðinu yfirkennari í aðstoðarskólastjóri, og byggist það á því, að till. um 13. gr. verði samþ. Í öðru lagi gerir frv. ráð fyrir því, að nemendur hafi aðeins einn fulltrúa í skólaráði, en brtt. okkar

er á þá lund, að tala kennara og nemenda sé ekki föst í frv., enda getur sú tala farið mjög eftir stærð skólanna og ýmsum öðrum atriðum.

9. brtt. er við 23. gr., og hún er afleiðing af þeirri síðustu um það, að nemendaráð kjósi fulltrúa í skólaráð með þeim réttindum, sem tiltekin eru í ákvæðum reglugerðar um það.

Loks er 10. brtt. við 26. gr. Þar er lagt til, að 1. málsliður orðist svo: „Menntmrn. setur skólunum, að höfðu samráði við skólastjórnir, reglugerð um framkvæmd þessara l. strax eftir gildistöku þeirra, og skal þar m. a. kveðið nánar á um þessi atriði.“ Hér hefur verið bætt inn í setningunni „að höfðu samráði við skólastjórnir.“ Í viðræðum menntmn. við skólastjórana, sem sömdu frv., og ekki síður við menntaskólakennarana kom í ljós, að allir þessir aðilar gera sér ljóst, að hér er um rammalöggjöf að ræða og reglugerðirnar, sem settar verða samkvæmt henni, hafa því meginþýðingu fyrir framvindu menntaskólanna. Allir þessir aðilar lögðu mikla áherzlu á það, að reglugerðirnar yrðu settar þegar í kjölfar laganna og að til þeirra yrði mjög vandað. Þykir menntmn. ekki óeðlilegt, að það standi í l., að hafa skuli samráð við skólastjórnir, en í skólastjórnunum eru skólastjórar, kennarar og fulltrúar nemenda, enda þótt það sé ljóst, að menntmrn. muni að sjálfsögðu ráðgast við þessa aðila, hvort sem það er tekið fram í l. eða ekki. Hins vegar þótti þessum aðilum í menntaskólunum heldur betra að hljóta þá viðurkenningu, að þetta stæði í lögunum.

Herra forseti. Hér er um veigamikið mál að ræða, sem getur haft mikla þýðingu fyrir framvindu menntaskólanna. Samkvæmt upplýsingum, sem menntmn. voru veittar, má búast við því, að á nokkru árabili framundan muni nemendum í menntaskólunum fjölga um allt að helming. Augljóst er, að gera verður þær breyt., sem hér eru lagðar til, að breikka starfssvið skólanna, að breyta stúdentsprófinu úr því tiltölulega þrönga menntamanna- og húfuskírteini, sem það var áður fyrr, í próf, sem er áfangi ungra Íslendinga á sem flestum menntaleiðum. Ég geri fastlega ráð fyrir því, að þess verði ekki langt að bíða, að menntaskólapróf í einhverri mynd, stúdentspróf, muni koma fyrir ofan iðnskólana og tækniskólana og opna þar leiðir til framhaldsnáms, þannig að á þessu sviði verði mun meiri fjölbreytni og sérstaklega, að þetta nám tengist atvinnuvegum þjóðarinnar meira og betur en verið hefur í fortíð. Menntmn. vill því mæla með frv. með þessum breyt. Við höfum ekki lagt til neinar teljandi breyt. á grundvallaratriðum frv., enda þótt tvær eða þrjár af breytingunum snerti atriði, sem eru vissulega þýðingarmikil, t. d. varðandi menntun kennara. Við viljum því vænta þess, að málið fái góðan framgang og tekið verði tillit til þeirra brtt., sem n. hefur lagt til að samþ. verði, eftir samráð við þá aðila, sem eiga að framkvæma þetta frv. og búa við það, þegar að lögum verður.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil láta í ljós þakklæti til hv. menntmn. fyrir það, hversu vel og ötullega hún hefur unnið að afgreiðslu þessa máls, og jafnframt þakklæti fyrir jákvæða afstöðu hennar til þess.

Því vildi ég svo einungis bæta við varðandi málefni kvennaskólans, að það er auðvitað rétt, eins og hv. frsm. gat um í sinni ræðu, að n. skrifaði menntmrn. og taldi ekki eðlilegt, að beiðni kvennaskólans um að fá að brautskrá stúdenta yrði sinnt á jákvæðan hátt með því móti að hagnýta undanþáguheimild 5. gr. frv., eins og það liggur fyrir, en höfundar menntaskólafrv. höfðu lýst því yfir, að þeir teldu menntmrh. hafa samkvæmt þeirri grein heimild til þess að veita skóla eins og kvennaskólanum leyfi til þess að brautskrá stúdenta, ef hann teldi, að slíkt ætti að gera. Ég hafði lýst yfir í framsöguræðu minni með frv., að ég teldi eðlilegast, að Alþ. tæki ákvörðun um það mál, og skil ég niðurstöður hv. menntmn. þannig, að hún sé einnig á því máli, og þess vegna hefur hún skrifað menntmrn. og stungið upp á því, að sérstakt frv. yrði flutt um þessi réttindi kvennaskólans. Ég er því persónulega fylgjandi, að kvennaskólanum verði veitt slík réttindi, en ég hef kynnt mér málið meðal hv. þm. og raunar veit um afstöðu einstakra nm. í menntmn. um þetta efni, og með hliðsjón af því, að einhver ágreiningur mun vera uppi um málið í öllum fjórum stjórnmálaflokkunum á Alþ., þá taldi ríkisstj. að athuguðu máli það vera eðlilegasta afgreiðslu málsins, að menntmn flytti sérstakt frv. um þetta efni, ef meiri hl. reyndist í n. fyrir flutningi slíks frv. Í morgun munu hafa átt sér stað viðtöl milli formanns menntmn. og embættismanna í menntmrn. um framkvæmd þessa máls, enda hafði rn. tilkynnt menntmn. þessa afstöðu ríkisstj. En sem sagt, í morgun munu hafa átt sér stað viðtöl milli menntmn. og embættismanna í menntmrn. um málið og niðurstaðan orðið sú, að sjálfsagt sé af hálfu menntmrn. að láta í té tæknilega aðstoð við samningu slíks frv., sem menntmn. Nd. fengi síðan til þeirrar meðferðar, sem hún teldi æskilegasta. Ég vona, að í hv. menntmn. reynist meiri hl. fyrir því, að slíkt frv. nái fram að ganga. Ég vona líka, að á Alþ. reynist meiri hl. fyrir því, en það á og verður að koma í ljós á sínum tíma, þegar hv. alþm. fá slíkt frv. til meðferðar og það fær lögmælta afgreiðslu á hinu háa Alþingi.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Enginn efi er á því, að þetta frv. markar merkilegt spor í okkar skólamálum og greiðir fyrir því, að menn fái alhliða menntun í þeim skólum, sem hér er um fjallað. Ég vil einungis láta það uppi, að skoðun mín er sú, að þó að menntaskólar séu að vissu marki til undirbúnings fyrir háskólamenntun, þá er það síður en svo, að að því þurfi að stefna eða æskilegt sé, að allir stúdentar þurfi

að sækja háskóla, og þess vegna sé fyrst og fremst í þessum skólum miðað við undirbúning undir framhaldsnám. Enginn efi er á því, að það verður þörf fyrir alhliða menntun í öllum stéttum þjóðfélagsins, eftir því sem tímar líða, og það má síður en svo koma þeim skilningi inn hjá alþjóð og þá allra sízt hjá æskulýð, að það sé nokkur uppgjöf eða hálfmenntun, þó að menn hverfi frá námi að stúdentsprófi loknu. Það er mjög mikilsvert, að menn hafi á þessu réttan skilning. Einmitt þess vegna er æskilegt, að í menntaskólunum séu möguleikar til menntunar á fleiri en einn veg, ef svo má segja.

Um hitt má svo deila, hvort þetta frv. þurfi frekari íhugunar við heldur en hefur gefizt á þeim tiltölulega stutta tíma, sem það hefur verið hér til meðferðar, einmitt vegna þess, hve merkilegar nýjungar það hefur í sér fólgnar. En ef Alþ. getur gefið sér tíma til þess að skoða málið ofan í kjölinn og afgr. það nú á þessu þingi, er að sjálfsögðu ekki nema gott um það að segja. En hitt ber einnig að hafa í huga, að stórmál, slík sem þetta, hafa oft gott af því að meltast nokkuð með mönnum.

Ég staðfesti það, sem hæstv. menntmrh. sagði, að ríkisstj. hefur eftir atvikum orðið því samþykk, að flutt yrði sérstakt frv. um heimild Kvennaskólans í Reykjavík til þess að útskrifa stúdenta. Sjálfur hefði ég þó talið eðlilegra, og ég vil, að það komi hér fram, að í þessu frv. sjálfu væri skýr heimild til þess og ákvæði um það, með hverjum hætti mætti veita skólum slík réttindi. Þetta hefur stundum áður verið gert án nokkurrar lagaheimildar. Nú er talað um, að það sé tvísýnt, hvort ákvæði frv. heimili þetta eða heimili þetta ekki. Ég mundi telja æskilegra, að um þetta væru alveg skýr ákvæði í frv., með hvaða skilyrðum menntmrh. væri heimilt að veita slík réttindi. Þetta krefst að sjálfsögðu vinnu. En er þá ekki eðlilegra, úr því að verið er að setja heildarlöggjöf um menntaskólana, að þá séu öll ákvæðin um þá í einu frv., heldur en við nú alveg samtímis þessu frv. förum að afgr. annað frv. um einn anga málsins? Úr því að menntmn. þessarar hv. deildar hefur talið annan hátt réttari, þá tel ég ekki ástæðu til að beita mér á móti því, að þvílíkt frv. yrði samið og samþ., enda hafa auðvitað allir heimild til að flytja slík frv. En úr því að málið er hér til umr. og ég hér staddur, finnst mér þó rétt að fá nánari rök fyrir því, af hverju menn vilja ekki setja um þetta skýr ákvæði í frv. sjálft. Jafnframt vil ég lýsa því sem minni skoðun, að ég er mjög eindregið fylgjandi því, að kvennaskólinn fái þessa heimild. Það er enginn efi á því, að það hefur greitt fyrir menntun fjölda manna og ekki orðið ríkissjóði og ríkisvaldinu til neins baga, þó að verzlunarskólinn fengi slíka heimild, og eins á að vera hægt að setja fullnægjandi fyrirmæli um þessi efni varðandi kvennaskólann.

Varðandi 1. gr. frv. og eftir brtt. hv. n., sem mér skilst að taki til allrar 1. gr., sýnist mér þar dálítið óljóst til orða tekið. Með leyfi hæstv. forseta, hljóðar brtt. n. á þessa leið:

„Menntaskólar skulu vera svo margir sem þörf er á, þ. á m. 2 í Reykjavík, 1 á Akureyri, 1 á Laugarvatni, 1 á Ísafirði og 1 á Austurlandi. Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til á fjárl."

Hver á að taka ákvörðun skv. þessu um fjölda menntaskóla? Er ætlunin sú, að um það sé sett sérstök löggjöf hverju sinni? Er það nóg, að það sé veitt fé til þess á fjárl., og er þá menntmrh. skyldugur til þess að stofna skóla, jafnvel þó að hann sé því andvígur? Eða getur menntmrh. stofnað skóla, en það bíði þó að komast í framkvæmd, þangað til fé sé veitt á fjárl.? Mér skilst, að ef ætlunin sé, að samþykki beggja þurfi að koma til eða ákvörðun beggja, bæði menntmrh. og fjárveitingarvaldsins, þurfi að taka það skýrt fram, að menntmrh. geti fjölgað menntaskólum, þegar veitt sé til þess fé á fjárlögum, eins og þarna stendur. Helzt ber að skilja þetta svo nú, að fjárveitingarvaldið eitt, án atbeina menntmrh., geti stofnað slíkan skóla, en það er væntanlega ekki meiningin.

Þetta finnst mér ekki nógu ljóst, og ég hygg, að það sé mjög eðlilegt, einmitt í sambandi við þetta frv., að þá geri menn hug sinn upp um það, hvaða skólar eigi að hafa réttindi til þess að útskrifa stúdenta. Á að kveða á um það í löggjöf hverju sinni, á að kveða á um það í fjárl., eða á menntmrh. að hafa valdið? Vel er hægt að hugsa sér þann hátt á, og mér finnst ekki betra að tala um það í sambandi við neitt annað mál en þetta, að greina þarna á milli: annars vegar menntaskóla, sem ríkissjóður stendur undir að öllu, og svo skóla eins og kvennaskólans, sem heldur áfram að vera ungmennaskóli með sama hætti og verið hefur, en ríkið tekur ekki á sig byrðina eitt, nema þá eingöngu að því er varðar stúdentsdeildina. Mig minnir, að verzlunarskólinn standi einn undir byrðinni og þeir, sem bera kostnað af honum, — er það ekki svo? (GÞG: Jú.) — og einungis sá almenni styrkur, sem er veittur skólanum. Hér eru nokkuð misjafnar reglur, og mér finnst vera eðlilegast, að menn geri sér grein fyrir þessu öllu, samtímis því sem verið er að setja löggjöfina. Ég játa þó, að ég er fylgjandi því, að Kvennaskólinn í Reykjavík fái þessi hlunnindi og vil styðja það frekar en að málið falli niður, að um það sé sett sérstakt frv. En ég tel og vildi benda á, að þetta sé svo veigamikill hluti málsins, að menn eigi að gera sér grein fyrir því, samtímis því sem þetta frv. er afgreitt, og hafa það sem einn hluta þess.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég skal ekki gera að sérstöku umtalsefni ræðu hæstv. forsrh., en vil aðeins víkja að því, sem hann nefndi, að menntaskólar þyrftu að mennta fólk á fleiri en einn veg, eins og hann orðaði það. Ég held, að

menn séu yfirleitt sammála um það og að sú er ætlunin, enda er svo fyrir mælt í þessu frv. í 11. gr., að með reglugerðarákvæðum megi ákveða námsefni og prófkröfur svo, að menntaskólanámi ljúki með öðru fullnaðarprófi en stúdentsprófi, svo að þarna er áreiðanlega opnuð leið til þess að hafa fjölbreytni í námi og það geti orðið um annað próf en stúdentspróf að ræða, sem nemendur ljúka frá menntaskóla.

Hann talaði einnig um, að það mundi vera þörf á því, að þetta frv. yrði látið meltast eitthvað lengur. Það er búið að standa yfir í 6 ár að undirbúa þetta frv., og ég er ekki viss um, að það breytist mjög til batnaðar, þó að lengri tími fari í þetta. Menntmn. hefur náttúrlega gert sína skyldu. að kanna málið eftir öllum leiðum, eftir því sem hún hefur getað, og held ég, að það sé ekki hægt að sakast um neitt við hana.

En út af því, sem hér hefur borið á góma um Kvennaskólann í Reykjavík, vil ég segja það, að það kann að vera rétt hjá hv. frsm. n., að það sé ágreiningur um það, hvort kvennaskólinn eigi að fá rétt til þess að útskrifa stúdenta. Ég rengi það ekki neitt, að það kunni að vera. En sá ágreiningur kom ekki fram í menntmn., þ. e. a. s. það reyndi ekkert á það þar, af því að n. komst að þeirri niðurstöðu, að til þess að svo yrði gert, þyrfti sérstakt frv. Að öðru leyti fjallaði n. ekki um það atriði. Hins vegar hef ég lýst því yfir í n., og ég ætla, að það sé rétt hjá mér, að hv. 9. þm. Reykv., Hannibal Valdimarsson, hafi lýst því yfir líka, að við styðjum það eindregið, að kvennaskólinn fái þessi réttindi, og við leggjum áherzlu á það, að hann fái þau ekki síðar en þetta frv. er afgreitt. Það hefur dregizt því miður nokkuð, að þetta frv. kæmi fram, og það er fyrir mistök, sem ég get ekki ásakað neinn sérstakan um, að bréfið hefur einhvers staðar mislagzt, sem átti að fara til menntmn., en kom ekki fyrr en í morgun, en er þó skrifað fyrir viku í menntmrn., þar sem óskað er eftir, að n. flytji slíkt frv. En frv. sjálft er bara ósamið. Og ég held, að við séum sammála um það í menntmn., að það væri æskilegast, að það yrði samið í menntmrn., enda mun það nú verða gert, og eftir því sem hæstv. ráðh. hefur tjáð mér, mundi þá slíkt frv. koma fram núna einhvern allra næstu daga.

Hins vegar er ég ekki sammála þeim skoðunum, sem fram hafa komið, að samkv. 5. gr. frv. sé heimild til þess að leyfa kvennaskólanum að útskrifa stúdenta, því að 5. gr. fjallar eingöngu um það, að stofna megi menntaskóla í tilraunaskyni. En það hefur enginn farið fram á það að gera kvennaskólann að menntaskóla, það hefur engin ósk komið fram um það frá skólanum sjálfum, heldur aðeins um heimild til þess að útskrifa stúdenta. Sumir segja, að þetta sé alveg það sama, að hafa þessa heimild til þess að útskrifa stúdenta, og að vera menntaskóli, en ég held, að það sé alls ekki. Verzlunarskólinn er ekki menntaskóli, kennaraskólinn er ekki menntaskóli, enda eru þeir hvorugir nefndir í þessu frv. En það er miklu meiri breyting á skóla að gera hann að almennum menntaskóla en að veita honum rétt til þess að útskrifa stúdenta, það vitum við. Verzlunarskólinn fékk þessi réttindi, án þess að nokkur sérstök lög væru fyrir, sem veittu heimild til slíkrar útgáfu reglugerðar. Kennaraskólinn fékk sín réttindi með ákveðnum lögum frá 1963. Ég vil ekkert vera að mótmæla því, sem hæstv. forsrh. hélt hér fram, að það væri kannske eðlilegast, að í menntaskólalögum fælist ákvæði um heimild fyrir ríkisstj. til að leyfa ákveðnum skólum að útskrifa stúdenta. Það getur vel verið, að það eigi heima þar, en það getur líka átt heima í sérstökum lögum, þarf ekki endilega að vera í menntaskólalögum.

Ég vil aðeins endurtaka það, að ég er því mjög fylgjandi, að kvennaskólinn fái þessi réttindi og fái þau ekki síðar en þetta frv. verður afgreitt, sem ég vona, að geti orðið á þessu þingi.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Hæstv. forsrh. gerði nokkrar athugasemdir um þetta frv. og óskaði eftir nánari upplýsingum um það, hvað fyrir menntmn. vekti varðandi 1. gr. frv., m. ö. o. hann óskaði eftir skýrum heimildum og ákvæðum um það, með hverjum hætti væri hægt að stofna menntaskóla eða veita réttindi til þess að útskrifa stúdenta. Ég vil taka það fram, að n. vill gera skýran mun annars vegar á hreinum menntaskólum og hins vegar á öðrum skólum, sem fá heimild til þess að útskrifa stúdenta. Þetta frv. fjallar aðeins um menntaskóla, sem eru eingöngu menntaskólar og eru algerlega kostaðir af ríkinu. Við lítum svo á, að þetta frv. komi ekki í veg fyrir það, að aðrir skólar geti fengið heimild til þess að útskrifa stúdenta, og má gera ráð fyrir, að stúdentsdeild sé aðeins partur af starfsemi þess skóla, eins og er með kennaraskólann og verzlunarskólann. Verður að gera ráð fyrir því, að þeim skólum geti fjölgað í framtíðinni, og á ég þar ekki aðeins við Kvennaskólann í Reykjavík, ég er persónulega stuðningsmaður þess, að hann fái umbeðið leyfi, en t. d. er mjög líklegt, að tækniskólinn fái áður en langt um líður heimild til þess að útskrifa stúdenta. Þegar skilið er á milli þessara tveggja tegunda af skólum, verður augljósara, hvað fyrir menntmn. vakir. Þetta frv. er aðeins um menntaskóla. Eins og ég skýrði frá, varð ekki samkomulag um það í n. að telja upp fleiri skóla en þá, sem þegar eru í l., en að öðru leyti er 1. gr. hugsuð þannig, að það verði fyrst og fremst með samþykkt á fjárveitingu frá Alþ., sem nýir menntaskólar yrðu stofnaðir. Ég tel, að stofnun nýrra menntaskóla í framtíðinni mundi þá gerast á þann hátt, að gerð mundi verða fyrir frumkvæði menntmrn. skólaáætlun. Það er þegar búið að leggja mikið starf í slíka áætlun. Sú áætlun hlýtur, eins og áætlanir um framkvæmdir á öðrum sviðum,

að gera ráð fyrir svo og svo mikilli aukningu á menntaskólum í landinu. Síðar mundi sú áætlun af ráðh. og rn. verða send til Alþ. og Alþ. síðan ákveða að framkvæma hana, eftir því sem það sér sér fært, með fjárveitingum á fjárl. Þess vegna er hugmyndin sú, að það þurfi ekki löggjöf hverju sinni eða breyt. á gildandi l., þegar stofnaðir verða menntaskólar umfram þá, sem getið er í þessum lögum. Vænti ég þá, að það ætti að geta verið nokkuð ljóst, hvað fyrir n. vakir, og ég vænti þess, að það þurfi ekki að vefjast fyrir neinum, hvernig þetta er af nefndarinnar hálfu hugsað. Ef hv. þm. eða ráðh. óska eftir því að velta vöngum yfir þessu frekar og íhuga það, þá er sjálfsagt, að þeim gefist tóm og tækifæri til þess, en af hálfu menntmn. liggur málið svona fyrir.

Jónas Árnason: Herra forseti. Þegar þetta frv. var lagt fram og hæstv. menntmrh. fylgdi því úr hlaði, lét ég í ljós vantrú á, að því væri ætlað að komast í gegn á þessu þingi, enda hafði og menntmrh. talað í þeim dúr í sjónvarpsviðtali þá nokkru áður. Ég leyfði mér að segja, að þetta væri ekki annað en skrautsýning, sem hæstv. menntmrh. hefði fengið að setja á svið fyrir sakir metnaðar síns, og fjárveitingavaldið mundi svo sjá til þess, að málið yrði svæft í viðkomandi nefnd, þ. e. a. s. menntmn., eins og annað ágætt stjórnarfrumvarp í fyrra, æskulýðsmálafrv., sem fulltrúar stjórnarflokkanna undir forustu formanns menntmn., hv. 5. þm. Vestf., fengust ekki til að samþ., vegna þess að það hafði í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Ég lét sem sagt í ljós ótta við, að menntaskólafrv. mundi alls ekki eiga afturkvæmt úr n. frekar en æskulýðsmálafrv. í fyrra.

Þeim mun meira ánægjuefni er það mér nú, að frv. skuli vera komið aftur úr n. og að n. skuli einróma mæla með samþykkt þess. Þar með er að vísu ekki sagt, að frv. nái samþykki á þessu þingi, og kann að vera, að þetta sé aðeins nýr þáttur í einni og sömu skrautsýningunni. En víst er, að um slík endalok yrði ekki við að sakast einstaka nm. og þá allra sízt hv. formann menntmn., sem mér er tjáð, að hafi unnið vel að framgangi málsins í n. og sýnt því mikinn áhuga. Fyrir þetta er mér skylt að þakka honum, og þá ekki sízt vegna þess, að ég gagnrýndi hann harðlega fyrir þá meðferð, sem hann beitti við æskulýðsmálafrv. í fyrra, þá svæfingu, sem hann veitti því í n. þá. Batnandi mönnum er bezt að lifa.

En af því að ég minnist nú á æskulýðsmálafrv., þá væri kannske ekki úr vegi að spyrja, hvað sé að frétta af því. Má ekki búast við því, að það — (Gripið fram í. — **Forseti:** Ekkert samtal.) Má ekki búast við, að það verði afgr. úr n.? Já, má ekki bara treysta því, að það verði afgr. úr n. og hljóti álíka ágæta afgreiðslu þar eins og menntaskólafrv. núna? Þessari fsp. vil ég sem sé beina til hv. formanns menntmn.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég get svarað þeirri fsp., sem til mín hefur verið beint, um leið og ég þakka þann óvænta heiður, að hv. þm. skuli tala svo hlýlega til mín, því að ég hef vanizt því, þó að við séum góðir vinir, að eigast við í mismunandi mikilli hörku á Vesturlandi.

Frv. það, sem hann hefur tekið upp og flutt um æskulýðsmál, hefur lítillega verið rætt í menntmn., en ég hef kannað það í stjórnarflokkunum, hvort afstaða til þess hafi nokkuð breytzt, frá því að það var síðast til umr., og ég hef fengið því miður neikvæð svör um það. Hins vegar hef ég ekki dregið dul á það í n., að ég er efnislega fylgjandi þessu frv. og vildi gjarnan, að það yrði að lögum, en ég vænti þess, að hv. þm. viti, hvernig samstaða stjórnarflokka um fjármál verður að vera. Ég veit ekki, hvað minni hl. n. gerir, hvort hann afgr. frv. frá sér, en afstaða stjórnarflokkanna er á þessu stigi málsins óbreytt frá því í fyrra því miður.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 88. fundi í Nd., 5. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 550,1 (ný gr.) samþ. með 33 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 33 shlj atkv.
6.—8. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 550,2 samþ. með 33 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 611,1 samþ. með 30 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 550,3 tekin aftur.
— 611,2 samþ. með 33 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 550,4 tekin aftur.
— 611,3 (ný 15. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv.
16.—17. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 550,5 samþ. með 30 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 550,6 samþ. með 29 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
20. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 550,7 samþ. með 30 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 550,8 samþ. með 31 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 550,9 samþ. með 28 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
24. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
25. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 550,10 samþ. með 30 shlj. atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
27. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 642).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 86. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 88. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og var þar samþykkt samhljóða, eftir að menntmn. hafði einróma og í samráði við menntmrn. og rektora og menntaskólakennara gert nokkrar minni háttar breytingar á frv.

Þeir aðilar, sem látið hafa í ljós skoðun sína á þessu máli, fyrst og fremst kennarar og nemendur menntaskólanna í landinu, hafa talið, að hér væri um merka laganýjung að ræða og mikið framfaraspor í málefnum menntaskólanna. Þess vegna var lögð á það áherzla af hv. menntmn. Nd. að hraða málinu í hv. Nd., og tókst það. Vildi ég leyfa mér að beina því til hv. menntmn., sem ég vona að fái mál þetta til meðferðar að lokinni þessari 1. umr., að hún athugi, hvort hún treysti sér ekki til þess að hafa hliðstæð vinnubrögð um hönd og afgr. málið frá sér, þannig að það geti komið til lokaafgreiðslu nú á þessu þingi.

Þær breytingar, sem urðu á frv. í Nd., lutu fyrst og fremst að því, að í frv. ríkisstjórnarinnar hafði verið gert ráð fyrir, að menntaskólar skyldu vera svo margir sem þörf sé á að dómi menntmrh. og kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé sé veitt til á fjárlögum. Áhugamenn um stofnun menntaskóla á Vestur- og Austurlandi töldu, að í þessu orðalagi 1. gr. frv. kynni að eiga að felast breyting á þeirri stefnu, sem Alþ. hefur markað með því að taka í lög ákvæði um, að menntaskólar skuli vera starfræktir á Vestfjörðum og Austurlandi, þegar fé sé veitt til þess í fjárl. Ég lýsti yfir, að ekkert slíkt hefur vakað fyrir höfundum menntaskólafrv. né heldur fyrir mér né ríkisstj. og þess vegna mætti mín vegna gjarnan taka ákvæði gildandi laga upp í 1. gr. frv., ef það gæti orðið til þess, að allri tortryggni yrði eytt í þessum efnum. Um það varð samkomulag, að svo skyldi gert, og þannig gekk hv. Nd. frá frv. M. ö. o.: eins og það er nú frá hv. Nd., eru sömu ákvæði í þessu frv. og nú eru í gildandi lögum um það, hvar starfrækja skuli menntaskóla, en auk þess er menntmrh. heimilað að fjölga menntaskólum, eftir því sem fé er veitt til í fjárl. hverju sinni, og þá kveða á um staðsetningu þeirra. En engin ástæða er til, að Alþ. taki ákvörðun um stofnun menntaskóla hverju sinni með öðrum hætti en verið hefur um aðra framhaldsskóla, gagnfræðaskóla, barnaskóla, iðnskóla o. s. frv.

Kjarni þessa frv. er, að það felur í sér almenna lagaumgjörð um menntaskóla og stöðu þeirra í skólakerfinu, hlutverk, kennslu, starfslið og starfshætti. Ef frv. verður að l., sem ég vona, verða þau lög fyrst og fremst rammalöggjöf. Fjölmörgum atriðum, sem um er fjallað í frv., þarf að gera frekari skil í reglugerð, og um sum þarf að skipa þar að stofni til. Er því augljóst, að mjög þarf til reglugerðar samkvæmt þessum l. að vanda, og tel ég sjálfsagt að hafa við setningu þeirrar reglugerðar samráð við forustumenn og kennara menntaskólanna, sem og forustumenn nemenda.

Meginbreyt., sem gerð er á menntaskólakennslunni og menntaskólunum með þessu frv., ef að l. verður, er sú, að ákvæði gildandi l. um námsefni menntaskólanna og kennsluna felast í skrá um þær greinar, sem kenna skal, og heimild til að fjölga greinum eða fækka þeim. Að baki þessum gömlu ákvæðum liggur sú hugmynd, sem á sér langa sögu og langa hefð, að almenn menntun felist umfram allt í kynnum af tilteknum námsgreinum, og jafnframt, að tilteknar námsgreinar hafi almennt menntunargildi umfram aðrar greinar. En reynslan hefur sýnt, að hagfelldara og skynsamlegra er að fella greinar af menntaskránni og taka upp aðrar í þeirra stað, einkum og sér í lagi vegna breyttra hagnýtra þarfa. Grundvallarhugmyndin hefur þó lítið breytzt. Merkasta breyt., sem orðið hefur á undanförnum áratugum, er sú, sem fram kemur í skiptingu menntaskóla í mála- og stærðfræðideild og nú nýverið í þriðju deild hér á landi — í náttúrufræðideild, auk þess sem Verzlunarskóli Íslands og Kennaraskóli Íslands brautskrá stúdenta með nokkuð sérstöku námsefni. En í þessum deildum öllum er gert ráð fyrir samhliða, jafngildum námsbrautum, en á hverri braut um sig er eftir sem áður hvert spor ófrávíkjanlega fyrirskipað.

Um nokkurt skeið undanfarið hafa þeir menn, sem sérstaka þekkingu hafa á málefnum menntaskólanna og kennslu þar, komizt að þeirri skoðun, að nauðsynlegt væri að fjölga slíkum námsbrautum innan menntaskólanna og jafnframt veita menntaskólanemendum aukið valfrelsi um það, hvaða greinum þeir helga sig sérstaklega, það sé því ekki rétt að hafa námsbrautina svo ósveigjanlega sem hún hefur verið fram að þessu, heldur sé æskilegra að gera hana sveigjanlegri, einmitt til þess að hægt sé að sinna misjöfnum þörfum og hæfileikum nemenda að því marki, sem réttmætt og nauðsynlegt má teljast. Þess vegna er í þessu frv. lagt til, að felld sé á brott úr l. skrá um námsgreinar skólanna og tekin upp í hennar

stað ákvæði, sem myndi almenna umgjörð um námsefni, námsmagn og námskröfur skólanna, en settar í þessum efnum starfsemi þeirra þær skorður einar, sem nauðsynlegar þykja til að tryggja, að markmiði þeirra verði jafnan náð. Í samræmi við þessa grundvallarhugsun kveða lögin svo á, ef þetta frv. nær fram að ganga, að námsefni menntaskóla skuli framvegis greinast í þrennt, þ. e. kjarna, kjörsvið og frjálsar valgreinar. Kjarnanum svokallaða er ætlað að vera grundvöllur hinnar almennu menntunar nemenda. Á kjörsviðinu er ætlazt til, að þeir búi sig undir sérnám í háskóla, og í frjálsum valgreinum fær hver og einn menntaskólanemi nokkurt svigrúm til að fullnægja einkaþörfum sínum o. s. frv. En jafnframt er lögð rík áherzla á samhengið milli hinna þriggja þátta námsefnisins. Sú almenna menntun, sem í kjarnanum felst, er að sjálfsögðu jafnframt almennur undirbúningur undir háskólanám. Rækileg kynni af einhverju einu þeirra sviða mannlegrar þekkingar, sem kjörsviðin eiga að vera fulltrúar fyrir, eru ómissandi þáttur almennrar menntunar. Og þótt svo sé til ætlazt, að hinar frjálsu valgreinar geti orðið allsundurleitar, er þó öllum ætlað, hverri á sinn hátt, að efla andlegan þroska nemenda. Hlutverk kjarnans er tvíþætt: annars vegar á að þjálfa nemendur í meðferð vitsmunalegra tækja, umfram allt móðurmálsins, og kenna þeim vitsmunaleg vinnubrögð. Kjörsviðin hafa einnig sérstöku hlutverki að gegna og rýra, eins og ég sagði áðan um mikilvægi kjarnagreina, á engan hátt gildi þeirra. Þau hljóta öll að vera efnislega tengd kjarnagreinum. Hlutverk frjálsra valgreina á m. a. að vera það að auka fjölbreytni námsefnisins. En það er ekki efnisinnihald greinanna, sem skilur einhverjar hinna frjálsu valgreina frá kjarna og kjörsviði. Að sjálfsögðu er til þess ætlazt, að meðal hinna frjálsu valgreina séu greinar, sem bvorki er að finna í kjarna né á kjörsviðum, og telja höfundar frv. því næsta lítil takmörk sett, hvers konar námsefni kynni hér að reynast boðlegt og eftirsóknarvert.

Stundum hefur sá ótti verið látinn í ljós, að aukið valfrelsi í skólum og þá sérstaklega í menntaskólum kunni að hafa í för með sér, að slegið verði af námskröfum, að gildi fullnaðarprófa rýrni og los komist á hugmyndir manna um markmið skólanna. Höfundar frv. telja, að auk þess sem hlutur frjálsra valgreina í námsefninu á að vera tiltölulega lítill, þá eru með ákvæði um kjarna og kjörsvið reistar öflugar skorður gegn því, að slík upplausn eigi sér stað. Að því er varðar hæfni nemenda til þess að velja sér sjálfir námsefni, — sumir hafa dregið í efa, að um nægilega slíka hæfni sé að ræða, — má á það benda, að samkv. gildandi l. velja nemendur menntaskólanna hömlulaust um deildir, og hefur hingað til ekki verið talinn skaði að því.

Þessi ákvæði um breyt. á námsefni og kennslutilhögun, þ. e. þessi þrískipting efnisins í kjarna, kjörsvið og frjálsar greinar, eru í raun og veru meginefni frv. Auk þess er rétt að geta sérstaklega þeirra breyt., sem frv. gerir ráð fyrir á skólastjórn menntaskólanna. Samkv. gildandi l. er hún fyrst og fremst í höndum kennarafunda, en reynslan hefur sýnt, að skólastjórar menntaskóla þurfa oft og einatt að taka ákvarðanir um fjölmörg atriði, sem lögum samkvæmt heyra undir kennarafund, en reynsla sýnir, að óhjákvæmilegt er, að skólastjórinn taki afstöðu til og marki stefnu í. Þess vegna er sú breyt. hér gerð á, að skólastjóri er gerður forstjóri skólans, en hefur sér við hlið skólaráð, þar sem bæði eiga sæti fulltrúar kennara og nemenda. Ákvæði um skólaráð eru algert nýmæli, og sérstaklega er ákvæðið um fulltrúa nemenda í skólaráði, þ. e. að öll nemenda að stjórn menntaskólanna, algert nýmæli, sem ég hygg þó, að sé til mikilla bóta. Það hefur reynslan af aðild stúdenta í stjórn háskólans sýnt, að sú aðild hefur verið til mikilla bóta, bæði fyrir háskólann sjálfan og fyrir stúdentana, og ég efast ekki um, að nái þessi ákvæði fram að ganga, muni reynslan af því vera hliðstæð og orðið hefur á háskólastiginu. Hef ég raunar hugsað mér, ef þessi ákvæði ná samþykki hins háa Alþ., að koma á hliðstæðum breyt. í öðrum hliðstæðum framhaldsskólum, en til þess tel ég, að ekki þurfi lagabreyt., það tel ég hægt að gera án sérstakrar lagaheimildar.

Að síðustu skal ég láta þess getið, að þetta frv., sem hefur verið mjög rækilega undirbúið, hefur verið í samningu síðan snemma árs 1963, og eru höfundar þess Kristinn Ármannsson rektor menntaskólans í Reykjavík, sem var fyrsti form. n., Ármann Snævarr háskólarektor, Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri, dr. Broddi Jóhannesson skólastjóri Kennaraskóla Íslands, Jóhann S. Hannesson skólastjóri menntaskólans að Laugarvatni, dr. Jón Gíslason skólastjóri Verzlunarskóla Íslands og Þórarinn Björnsson skólameistari menntaskólans á Akureyri. Árni Gunnarsson fulltrúi í menntmrn. var ritari n. Sumarið 1964 var Magnús Magnússon prófessor skipaður varamaður háskólarektors, og gegndi hann því starfi þangað til í jan. 1966. 1. sept. 1965 skipaði menntmrh. í n. þá Einar Magnússon rektor, er hafði tekið við stöðu rektors menntaskólans í Reykjavík, og Guðmund Arnlaugsson, rektor hins nýstofnaða menntaskóla við Hamrahlíð. Og loks tók Steindór Steindórsson sæti í n. haustið 1967, er hann hafði verið settur skólameistari menntaskólans á Akureyri.

Ég tel ástæðu til þess, eins og ég gerði í hv. Nd., að láta í ljós sérstakt þakklæti til höfunda frv. fyrir það, hversu vel og rækilega og ýtarlega þeir hafa undirbúið málið og hversu framfarasinnaðar till. þeir hafa sent frá sér í þessu frv. og með þessu frv. Það kom í ljós við störf hv. menntmn. í Nd., að frv. hafði verið óvenjulega vel undirbúið, þannig að í ljós kom, að öll vinnubrögð að frv. gátu gengið miklu hraðar, en ég

held að flesta hafi grunað, áður en þeir kynntu sér málið. Ég vona, að hv. menntmn. þessarar d. komist að sömu niðurstöðu og meti og athugi fyrir sitt leyti hið ágæta verk höfunda þessa frv.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að óska þess, að málinu verði vísað að lokinni þessari 1. umr. til 2. umr. og hv. menntmn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða miklum tíma um þetta frv., en ég sé það, að í 1. gr. eru taldir upp ákveðnir staðir í frv. Ég get ekki varizt því að sakna þess, að Reykjanesumdæmið er ekki talið með. Það er þó hverfi, sem hefur brátt talsvert yfir 30 þús. manns, og sannarlega væri ekki úr vegi að athuga það gaumgæfilega, að þörfin á næsta menntaskóla þar er mest. Hafnarfjörður er áreiðanlega kjörinn staður fyrir næsta menntaskóla, sem rís hér á Íslandi. Hann er miðsvæðis, og góðar vegasamgöngur eru frá Keflavík til Hafnarfjarðar, einnig frá Garðahverfi í Hafnarfjörð, og það virðist ekkert óeðlilegt, fyrst verið er að telja upp staði á Íslandi, að þessi staður fljóti með, það er mín skoðun. Að vísu stendur í frv.: „Menntaskólar skulu vera svo margir sem þörf er á, þ. á m. tveir í Reykjavík" o. s. frv. En þó er talið upp: „einn á Ísafirði og einn á Austurlandi." Það hafa komið raddir frá þessum stöðum, og ég hef ekkert á móti því. En það er ekki nóg að samþykkja, að skóli skuli vera á staðnum, það þarf kennaralið, og það þarf margt fleira. Ég tel, að Hafnarfjörður hafi mikla yfirburði yfir þessa staði, að þeim gjörsamlega ólöstuðum. Nemendafjöldi er fyrir hendi, og mér segir svo hugur um, að það sé ekki langt í kennaralið líka frá Hafnarfjarðar-staðsetningu. Ég vænti þess, að þó að Hafnarfjörður yrði valinn í Reykjanesumdæminu, þá yrði ekki togstreita af hálfu Kópavogs eða Garðahrepps, vegna þess að svæðið liggur vel við. Ég vildi vekja athygli á þessu. Það er ekki minni ástæða til að tala um það svæði en eitthvað annað.

Það vakti líka athygli mína, að það hefur komið frv. fram, var lagt á borðið hjá okkur í dag, um Kvennaskólann í Rvík, að hann fái að njóta réttinda til að brautskrá stúdenta. Í 3. gr. þess frv. segir: „Kostnaður við menntadeild kvennaskólans greiðist úr ríkissjóði." Þarna á að lauma inn einum í viðbót, og þá fer ég nú að vera enn harðari á því, að Reykjanesið sitji að sínu ekki síður, því að grundvallarskoðun í frv., sem á lof skilið, er, að skólarnir skuli vera fyrir pilta og stúlkur, samkv. 4. gr. Það getur verið mál út af fyrir sig að fara að stofna sérskóla fyrir sitt hvort kynið, en það er ný stefna á Íslandi í framhaldsmenntun.

Að öðru leyti mætti fjalla um þetta frv. varðandi námssvið og annað, og það væri ekki úr vegi að beina þeim menntaskóla, sem kæmi vonandi sem fyrst í Hafnarfjörð, nær þjóðlífinu sjálfu. Það vantar sannarlega, að menntaskólarnir séu nær raunveruleikanum, eins og íslenzkt efnahagslíf er í dag. Ein mesta fiskvinnsla fer fram á þessu svæði og talsverður iðnaður og á eftir að vaxa verulega, og það væri því ekki úr vegi, að þarna væri sérstakur raunvísindamenntaskóli, sem legði sérstaka áherzlu á slík fræði. Það er sannarlega í tengslum við það, sem er að koma á Íslandi og hefur verið á þessu svæði.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu. Ég veit ekki, hvort menntmn. vill breyta einhverju hér um eða hvort ríkisstj. telur, að þetta svæði, Reykjanesumdæmið, eigi völ á sínum skóla. Ég gat ekki látið hjá líða að minna á þetta, að þarna er svæði, sem á fullkomlega sanngjarna kröfu til, að eftir því sé munað, ekki síður en önnur svæði.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Menntmrh. lét í ljós þá ósk, að frv. þetta yrði afgr. á þessu þingi. Hann beindi jafnframt þeim tilmælum til þessarar hv. d., að hún afgr. málið með hliðstæðum hætti og Nd. Ég vil nú leyfa mér að benda á, að það er nokkur aðstöðumunur milli d. að þessu leyti. Þetta frv. er 166. mál þingsins. Það hefur verið alllengi á leiðinni gegnum Nd., svo að það er augljóst mál, að sá tími, sem Ed. er skammtaður til þess að fjalla um þetta mál, er miklu naumari en Nd. hefur haft til umráða, þannig að það getur í raun og veru ekki verið um það að tefla, að það sé hægt að tala um, að málið fái hér afgreiðslu með hliðstæðum hætti og í Nd. En þetta brennur nú við um fleiri mál, að þau eru, að því að mér virðist, nokkuð lengi að velkjast sum hver í hv. Nd. og hv. Ed. er ætlaður nokkuð skammur tími til að afgreiða málin, þó að stór mál séu. En þrátt fyrir það, þó að þessu sé þannig háttað og tíminn naumur, sem ætlaður er þessari hv. d. til að fjalla um þetta mál, þá vil ég lýsa því yfir og get lýst því yfir fyrir minn flokk, að við viljum vinna að því, að þetta mál fái afgreiðslu á þessu þingi, og munum greiða fyrir því, eftir því sem í okkar valdi stendur.

Ég á sæti í þeirri n., sem fær málið til meðferðar, og skal ég ekki fara að ræða það sérstaklega. Ég vil þó aðeins segja það, að ég álít þetta frv. hafa að geyma umbætur á eldra skipulagi, og ég felli mig vel við þá meginhugsun, sem það er byggt á, þ. e. a. s. að opna fleiri námsbrautir, ef svo má segja, og auka valfrelsi í þessum greinum. Ég verð að segja það eins og er, að mér hefur staðið stuggur af og mér stendur stuggur af því að binda okkar menntunarkerfi í svo fastar skorður, að eiginlega sé verið að kenna öllum svo að segja það sama og að það sé verið að steypa alla einstaklinga í sama mótið. Ég held, að við þurfum einmitt að sníða okkar kerfi við það að vinna heldur að því að koma sérhverjum einstökum einstaklingi til nokkurs þroska. Þess vegna fagna ég einmitt þeirri grundvallarhugsun, sem mér virðist þetta frv. byggt á, og skal svo ekki frekar fara út í það að ræða efni þess og þau atriði, sem hv. menntmrh. vék að. En ég tel sem sagt frv. til bóta og tel sjálfsagt að greiða fyrir því, að það fái af-

greiðslu á þessu þingi. Það er líka svo, eins og gerð var grein fyrir, að það er ekki nema rammalöggjöf, sem þarna er um að tefla, og það verður að fylla út í hana með reglugerðum eða öðrum fyrirmælum framkvæmdavaldshafa, og fer auðvitað mikið eftir því, hvernig til tekst um þau fyrirmæli, hvernig gengur.

En í sambandi við meðferð þessa máls í Nd. var sett fram ósk af hálfu Kvennaskólans í Reykjavík um það að fá réttindi til þess að útskrifa stúdenta. Mér hefði þótt eðlilegast, að ákvæði um það hefðu verið tekin upp í þetta frv. Það sjónarmið var þó ekki ríkjandi í menntmn. hv. Nd., heldur sneri hún sér með málaleitan í þessu sambandi til menntmrh. og gerði honum grein fyrir málinu, og árangurinn af því hefur í stuttu máli orðið sá, að nú í dag hefur einmitt verið lagt fram frv., sem flutt er að vísu af menntmn. Nd., um réttindi Kvennaskólans í Reykjavík til þess að útskrifa stúdenta. Ég er því eindregið fylgjandi, að kvennaskólanum verði veitt þessi réttindi. Ég álít, að það sé eðlilegt, að þau réttindi séu veitt honum nú, vegna þess að það stendur nokkuð sérstaklega á í því sambandi, og skólinn mun innan skamms eiga merkisafmæli, og væri ánægjulegt, ef hann á því merkisafmæli gæti útskrifað sína fyrstu stúdenta. Eins og ég áður sagði, er frv. flutt af menntmn., en ekki af stjórninni, eins og þetta menntaskólafrv., en ég álít eðlilegt, að þessi mál verði samferða eða að kvennaskólafrv. verði a. m. k. ekki neinn eftirbátur menntaskólafrv. Þess vegna og vegna þess, hvernig á stendur og tíminn er svo naumur, svo sem við allir vitum, að það þarf nokkuð sérstaka fyrirgreiðslu, úr því sem komið er, til þess að mál, sem flutt eru nú á þessum tíma, nái fram að ganga, þá vil ég leyfa mér að beina þeirri fsp. til hæstv. menntmrh., hvort hann muni ekki beita sér fyrir afgreiðslu kvennaskólafrv. á þessu þingi og hvort hann telji það ekki eðlilegt, að kvennaskólafrv. verði samferða, að því leyti sem unnt er, þessu menntaskólafrv. Og mér er óhætt að lofa stuðningi míns flokks við þetta kvennaskólafrv. Ef vilji stjórnarinnar er einnig til þess, að frv. nái fram að ganga, þá sýnist mér, að afgreiðsla á því ætti að vera tryggð, þrátt fyrir þótt það sé seint fram komið.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég er fylgjandi því, að frv. það, sem lagt hefur verið fram um, að kvennaskólinn fái rétt til þess að brautskrá stúdenta, nái fram að ganga, og alla tíð talið eðlilegt, að það verði samferða menntaskólafrv. Eins og það frv. var lagt fram, leit ég þannig á í samræmi við skoðun menntaskólanefndar, að í því fælist heimild til þess að veita kvennaskólanum slík réttindi, og hafði hugsað mér að leita eftir fjárveitingu í því skyni á næstu fjárl. og nota síðan heimildina. Niðurstaða menntmn. Nd., sem að vísu var fallizt á, var hins vegar sú, að eðlilegt væri, að sérstök lög yrðu látin gilda um kvennaskólann, sem er einn af gagnfræðaskólum landsins. Þess vegna var þetta frv. flutt, en ég tel sjálfsagt, að þessi frv. fylgist að.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

3. Lax- og silungsveiði.

Á 43. fundi í Sþ., 23. apríl, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði [232. mál] (stjfrv., A. 542).

Á 81., 82. og 83. fundi í Nd., 25., 28. og 29. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Nd., 2. maí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er um að ræða, er flutt af n., sem skipuð var 1. ágúst 1967. Laxveiðilögin, sem núna eru í gildi, eru frá árinu 1957. Laxveiðilöggjöfin er mjög viðkvæm, og um hana standa stöðugt deilur. Þess vegna var m. a. skipuð n. 1963 til þess að endurskoða þessi lög, þótt þau væru ekki þá nema 6 ára gömul. Sú n. skilaði áliti 1965, og var það frv. lagt fyrir Alþ. með nokkrum breytingum frá rn., og það var endurflutt 1966, þá um haustið. Frv. þetta var sent búnaðarþingi, og gerði það ýmsar brtt. um málið, og sýnt þótti, eftir að það hafði komið frá ýmsum umsagnaraðilum, að þetta frv. mundi ekki geta orðið lögfest, og varð því að ráði að skipa n. til þess að semja nýtt frv.

Í því frv., sem hér er um að ræða, eru nokkrar breytingar frá gildandi lögum, sem eru allveigamiklar N, sem fjallaði um frv. og endurskoðun á laxveiðilöggjöfinni, var nokkuð fjölmenn, 9 manna n., en í þeirri n. voru Gizur Bergsteinsson hæstaréttardómari, formaður, Bjartmar Guðmundsson alþm., Guðmundur J. Kristjánsson deildarstjóri, Gunnlaugur E. Briem ráðuneytisstjóri, dr. Halldór Pálsson búnaðarmálastjóri, Jakob Hafstein lögfræðingur, Þórir Steinþórsson fyrrv. skólastjóri og Þór Guðjónsson veiðimálastjóri. Og 22. ágúst 1967 var einum manni bætt við í n., Jóni Ármanni Héðinssyni alþm., sem starfaði svo með n. eftir það. N. hélt marga fundi og fékk fjölda bréfa frá veiðibændum og veiðimönnum og samtökum þeirra. N. varð ekki sammála, en að því frv., sem hér er

flutt, stendur meiri hl. n., þeir Gizur Bergsteinsson, formaður n., Gunnlaugur E. Briem, Þór Guðjónsson og Þórir Steinþórsson, enn fremur Bjartmar Guðmundsson og Halldór Pálsson, en þessir tveir síðast töldu nm. styðja þó frv. með fyrirvara, sem a. m. k. annar þessara manna gerir grein fyrir, en þeir voru báðir í aðalatriðum fylgjandi því frv., sem hér er um að ræða.

Helztu nýmæli í frv. þessu má nefna aukna friðun fyrir netaveiði um 12 stundir á viku. En það er einmitt netaveiðin, sem virðist vera ákaflega viðkvæm. Veiðibændur, sem netaveiðar stunda, eru vitanlega á móti styttingu á veiðitímanum, en þeim, sem búa ofar við árnar, finnst, að netaveiðin taki oft of mikið af veiðinni, og kenna því jafnvel um, að þess vegna veiðist ekki ofar í ánum eða í hliðarám, sem renna í aðalána. Sumir hv. nm. vildu ganga mun lengra í friðuninni en þetta, en meiri hl. n. leggur til, að friðunin verði aukin um 12 stundir. Þetta er vitanlega alltaf álitamál og verður vitanlega til athugunar bæði í þeirri n., sem þetta frv. fær, og meðal alþm., hvort nauðsyn þyki bera til að stytta friðunartímann eða hvort of skammt er gengið í friðuninni með þessu. Það hlýtur að vera matsatriði og til nánari athugunar.

Aðrar merkar nýjungar í frv. eru m. a. breytingar á félagslegu skipulagi veiðimála. Lagt er til, að fiskiræktarfélög verði lögð niður, enda er talið, að þau hafi eigi náð þeirri hylli eða útbreiðslu, sem vænzt var í upphafi. Ætlazt er hins vegar til, að veiðifélög verði starfandi samkv. l. við öll fiskihverfi landsins, m. a. á afréttum, þar sem slík félög geti náð yfir fleiri en eitt fiskihverfi eftir aðstæðum. Það er fyrirhugað að breyta þeirri tilhögun, sem nú er, þ. e. að veiðifélög starfi við sum fiskihverfi og eigi við önnur, enda er stjórn og rekstur veiðimála í góðu lagi, þar sem veiðifélögin starfa, til mikils gagns og hagsbóta fyrir veiðibændur. En þar sem veiðifélög eru eigi starfandi, er skipulagsleysi ríkjandi og fiskirækt vart hugsanleg vegna skorts á samstarfi.

Í frv. er gert ráð fyrir stofnun fiskræktarsjóðs, sem hafi það hlutverk að efla fiskrækt og fiskeldi í landinu með beinum styrkjum og lánum. Með fiskræktaraðgerðum, eins og t. d. með fiskvegagerð og með því að sleppa seiðum, má auka veiði í ám og vötnum til mikilla muna frá því, sem nú er, og að því er vitanlega stefnt. Nútíma fiskrækt byggist að verulegu leyti á fiskeldi, þar sem aliseiðum af mismunandi stærðum er sleppt í veiðivötn. En fisk má enn fremur ala upp til neyzlu, og má gera fiskeldið þannig að sérstakri framleiðslugrein.

Þá eru í frv. till. um breytt skipulag í sambandi við eftirlit með fisksjúkdómum og gerð till. um skipun sérfræðinganefndar til að fylgjast með og vinna gegn fisksjúkdómum, sem kynnu að koma upp í landinu, en með aukinni fiskrækt og fiskeldi er aukin hætta á, að fisksjúkdómar komi upp.

Verðmæti lax og silungs hefur vaxið mjög hin síðari ár og ásækni manna aukizt í að veiða þessar fisktegundir ólöglega. Ber því nauðsyn til að vernda þær í vaxandi mæli gegn ólöglegri veiði og auðvelda, að komið sé fram viðurlögum við brotum gegn laxveiðilöggjöfinni. Í frv. eru ákvæði um að létta eftirlitsmönnum leit að ólöglegu veiðifangi, að Landhelgisgæzlan taki að sér veiðieftirlit úr lofti og sérstakur veiðidómari rannsaki og dæmi veiðilagabrot. Þá hefur refsimörkum verið breytt og þau gerð víðtækari og sektir fyrir laxveiði í sjó verið hækkaðar verulega.

Frv. þetta var lagt fyrir síðasta búnaðarþing, og samþykkti búnaðarþing frv. í aðalatriðum, og nokkrar brtt. þingsins eru teknar upp í frv.

Eins og ég hef þegar tekið fram, er það meiri hl. n., sem stendur að þessu frv., og minni hl. styður það einnig í aðalatriðum. Þótt hann vildi ganga lengra í breytingum á nokkrum atriðum, t. d. með því að tryggja fiskræktarsjóði fjárframlög úr ríkissjóði og stofnfé, þá var minni hl. í aðalatriðum á sömu bylgjulengd og meiri hl., þótt hann vildi á ýmsum sviðum ganga nokkru lengra. Og ég tel sjálfsagt, að álit minni hl. komi til þeirrar nefndar, sem fær þetta mál til meðferðar, og einnig að öðrum hv. alþm., sem þess óska, verði gefinn kostur á að kynna sér álit minni hl.

Minni hl. gerði ákveðnar till. um auknar tekjur fyrir fiskveiðasjóð og breytingu á skipulagi við stjórn veiðimálanna. Enn fremur gerði minni hl. till. um meiri friðun fyrir netaveiði heldur en öll n. gat fallizt á eða meiri hl. hennar. Það er enginn vafi á því, að nú í seinni tíð er orðinn mjög aukinn áhugi á fiskrækt, og með tilkomu fiskeldisstöðvarinnar í Kollafirði er vitanlega stigið stórt spor í þá átt að koma hér upp fiskeldi í landinu. Til fiskeldisstöðvarinnar í Kollafirði hefur nú þegar verið varið allmiklum fjármunum, bæði í stofnkostnaði og rekstri í seinni tíð. Og nú mun fiskeldisstöðin í Kollafirði hafa mikið af gönguseiðum, sem flýtir mjög fyrir fiskræktinni. Vona allir, að fiskeldisstöðin í Kollafirði, sem er í senn fiskræktarstöð og tilraunastöð, sem allir, sem að fiskeldi vilja vinna, geta notið góðs af, geti orðið til þess að ýta þessum málum áfram. Margir einkaaðilar hafa þegar hafið fiskrækt hér syðra og á Vesturlandi, Norðurlandi og jafnvel á Vestfjörðum, og fleiri munu á eftir koma. Okkar straumvötn og stöðuvötn eru vel til þess fallin, að þau séu fyllt af fiski, og að því ber að stefna, og sá áhugi, sem nú þegar er fyrir hendi hjá öllum almenningi, mun vitanlega styðja það bezt og miklu fremur en aukin fjárframlög úr ríkissjóði, sem þó kunna að vera nauðsynleg til þess að þoka þessum málum áfram.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að svo stöddu að hafa þessi orð öllu fleiri. Ég geri ekki ráð fyrir, að þetta frv. nái fram að ganga nú á þessu þingi, en þótti eigi að síður eðlilegt að sýna það, til þess að hv. alþm. gætu gert sér ljóst, hvað

í frv. felst, og tekið það til athugunar. Það verður svo að sjálfsögðu endurflutt á næsta þingi, því að nauðsyn þykir bera til að gera breytingar á núgildandi laxveiðilögum. Og mér er alveg ljóst, að ýmislegt, sem í frv. er, geti orkað tvímælis og eðlilegt, að hv. Alþ. geri sér grein fyrir því, hvort halda ber sig við það, sem í frv. felst, eða gera nokkrar breytingar þar á. Og ég vil segja það, að ég er til viðtals um það að taka ýmis atriði frv. til nánari athugunar.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil minnast með örfáum orðum á eitt atriði í þessu frv. Það er 7. gr. þess. Hún hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„1. málsliður 2. mgr. 15. gr. orðist svo: Eigi má leggja net né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns á tímabilinu frá 1. marz til 1. október en 1000 metra, ef meðalvatnsmagn ár er innan við 25 m^3 á sekúndu, en 2000 metra, ef vatnsmagnið er meira."

Ég bendi á það, að í l., eins og þau eru nú, er þetta bann við að leggja net eða hafa ádrátt í sjó látið ná yfir 500 m svæði frá ósi straumvatns. Þarna á að lengja þetta upp í 1000—2000 metra. Ég vil vekja athygli þeirrar hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, á því, að það er nauðsynlegt að tryggja rétt þeirra manna, sem búa á sjávarjörðum, í sambandi við þessa till., sem þarna er flutt. Ef þeim er meinað að nytja veiði eða bannað að nota þann rétt, sem þeir hafa til að veiða fyrir sínu landi, þá verða þeir vitanlega að fá bætur fyrir þetta, sem yrðu annaðhvort með því að þeim yrðu metnar einhverjar skaðabætur, ef þessi réttur er af þeirra jörðum tekinn, eða þá þeim væri ákveðinn hluti í veiði vatns samkv. arðskrá. Mér er ekki vel ljóst, hvernig ákvæði eru um þetta í núgildandi l., en ég vildi mjög mælast til þess, að hv. landbn. tæki þetta til sérstakrar athugunar, því að þeir, sem þarna eiga að glata sínum rétti samkv. þessu til þess að veiða fyrir landi sinna jarða í sjó, þeir verða að fá þetta bætt, og ef um mat er að ræða á skaðabótum, ættu þeir að fá það framkvæmt án þess að þurfa að bera af því nokkurn kostnað. Annað ætla ég ekki að gera að umtalsefni í þessu frv. að svo stöddu.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér er nú á dagskrá og til umr., um breyt. á l. um lax- og silungsveiði, er flókið mál og grípur inn á viðkvæm hagsmunamál einstakra manna og einnig hópa manna, sem láta sig slík mál varða af ýmsum ástæðum. Þar koma til ólík sjónarmið, bæði af hugsjóna- og hagsmunaástæðum. En hér er einnig um mál að ræða, sem varðar alþjóð, því að fiskrækt í ám og vötnum og veiði nytjafiska snertir þjóðarbúskapinn í heild.

Ekki má ganga fram hjá þeirri staðreynd, þegar fjallað er um þetta mál, að hlunnindi í veiðiám og vötnum hafa, frá því að menn fyrst settu mörk á milli bújarða sinna, verið partur af landsnytjum jarðanna, veiðin verið eins konar hluti jarðanna, óaðskiljanlegur frá þeim, og það svo, að sumar jarðir voru og eru raunar enn í dag óbyggilegar, ef þeim fylgdi ekki fiskveiði í ám og vötnum, sem þær eiga hlutdeild í. Þess vegna er það mjög viðurhlutamikið verk, þegar löggjafarvaldið tekur sér fyrir hendur að færa til þessi hlunnindi með löggjafarákvæðum, minnka veiðimöguleika hjá sumum jörðum, sem alla tíð hafa búið við betri veiðiskilyrði en aðrar, og auka með einum eða öðrum hætti hjá öðrum á kostnað hinna fyrrtöldu. Ýmsir vilja halda því fram, að í einu og sama vatnahverfi hljóti allir, sem land eiga að á, læk eða vatni, að eiga fiskinn sameiginlega, sem um þann ós gengur, er flytur þessi vötn til sjávar. Þetta er að mínum dómi langt frá því að vera rétt, því að skilyrðin til veiðiskaparins eru ólík og misjöfn eftir því, hvernig til hagar á hverjum stað, og eftir því, hvar er á vatnasvæðinu.

Ég tel mig vera nokkuð kunnugan þessu á Suðurlandi, þar sem hin stóru vatnasvæði eru, og á ég þá sérstaklega við Ölfusár-Hvítársvæðið í Árnessýslu. Segja má, að öll vötn í Árnessýslu falli að einum ósi, þar sem er Ölfusárós. Í þetta vatnasvæði gengur oft mjög mikið af laxi. Ef ekki væri veitt í net í Ölfusá og Hvítá, yrði þessi mikla laxamergð að tiltölulega litlum notum, en mörg tonn af laxi úr Ölfusá og Hvítá eru árlega flutt til annarra landa fyrir gott verð og gefa í þjóðarbúið allgóða upphæð í gjaldeyri. Alveg sama er að segja um Þjórsá, að þar nýtast veiðihlunnindin ekki nema með því, að veitt sé í net. Það er óhugsandi að nýta veiðihlunnindin í Þjórsá á annan hátt. En þótt þessar stórár séu svona gjöfular, er aðstaða jarðanna við þessar ár til þess að njóta hlunnindanna mjög misjöfn, og hafa þar sumir lítið og aðrir jafnvel ekkert, og hefur svo verið frá fyrstu tíð. Þennan aðstöðumun telja sumir menn að eigi að jafna með félagsveiði og arðsúthlutun, sem minnki bilið milli jarðanna. Var töluvert gengið í þá átt, þegar síðast var gerð arðskrá fyrir allt þetta mikla vatnasvæði, Ölfusár- og Hvítársvæðið, sem Veiðifélag Árnesinga nær yfir. Ég tel hins vegar, að slík stefna sé ákaflega hæpin og hún byggist á skökkum forsendum, þó að segja megi, að jöfnuður sé alltaf fagurt hugtak í sjálfu sér. En ég lít svo á, að hver jörð eigi að njóta eða gjalda sinna náttúruskilyrða, alveg á sama hátt og menn njóta dugnaðar síns eða gjalda að nokkru ódugnaðar. Félagsveiði var um 20 ára skeið stunduð á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár, og hver jörð fékk arð eftir arðskráreiningum sínum. Útkoman varð sú, að flestir fengu svo lítið út úr þessu, að litlu máli skipti, hvort þeir fengu þennan arð, sem þeim var úthlutað, eða þeir fengu hann ekki. Það skipti menn litlu máli, meðan félagsveiðin var

stunduð. Félagsveiðin var stofnuð í þeim tilgangi að jafna aðstöðu veiðiréttareigendanna til þess að fá arð af veiðirétti sínum, og svo átti með þessu að auka laxgengdina. Það var einn þátturinn í þessu starfi. Það átti að auka laxgengdina og koma í veg fyrir ofveiði, sem margir héldu, að hætta væri á, ef allir væru að fást við veiðiskap. Vonir manna um árangur af þessu brugðust algjörlega, og þess vegna var horfið aftur að því ráði, að hver veiddi fyrir sínu landi, annaðhvort í net eða leigði fyrir stangarveiði. Veiðin hefur farið mjög vaxandi í jökulánum í netin, en það hefur ekki dregið úr fiskgengd í bergvatnsárnar, heldur mun fiskur ekki hafa síður gengið í þær en áður.

Í hvert sinn sem laxveiðilög eru endurskoðuð virðist áhugi flestra, sem um það mál fjalla, beinast að því að takmarka veiði í net og helzt útiloka þá veiðiaðferð. Þó er vitað af reynslunni, að sú veiðiaðferð í hinum stóru og vatnsmiklu jökulám hefur ekki gengið á fiskstofninn, svo sem skýrslur sanna, og liggja fyrir nægar skýrslur til að sanna það. Það er líka vitað, að hlunnindi þessara vatnsfalla verða ekki nýtt á annan arðgæfan hátt, því að stangaveiði í jökulvatni er lítil. Því veldur hið mikla vatnsmagn jökulánna og hinn mikli jökulkorgur, sem þær flytja. Og eins og allir vita, eru net eitt af elztu veiðitækjum, sem til eru, það er eitt af elztu veiðitækjum, sem menn hafa fundið upp, og netaveiddur lax er mjög verðmæt og eftirsótt vara til útflutnings, en lax veiddur á stöng er í litlu verði til útflutnings og gefur því laxveiði á stöng ekki gjaldeyri, sem neinu nemur, nema því aðeins að um sé að ræða miklar leigur til erlendra manna, sem verða að greiða í erlendum gjaldeyri. Útfluttur stangaveiddur lax er í mjög lágu verði á markaði, en hins vegar selst sá lax, sem veiddur er í net, fyrir mjög hátt verð erlendis.

Eins og ég sagði, beinist áhugi flestra að því að útiloka netaveiðina, og það er af eins konar, að ég hygg, misskildum ótta við það, að hún fremur en önnur veiðiaðferð útrými fiskstofninum. Í laxveiðilögunum, sem sett voru 1932, var friðunartíminn fyrir netaveiðina 60 klst. á viku. Þegar þau l. voru endurskoðuð, sem var raunar 1941, þá var ekki friðunarákvæðunum breytt, en þegar þau voru endurskoðuð 1957, var friðunartíminn færður úr 60 klst. upp í 84 klst. á viku, og nú á með þessu frv., sem hér liggur fyrir, að auka þennan friðunartíma enn og nú upp í 96 klst. á viku. Ef það nær fram að ganga, hefur friðunartíminn fyrir netaveiði verið lengdur síðan 1957 um 60%. Ég verð að telja, að hér sé mjög langt gengið á eignarrétt manna, og vil ég þó og mun styðja, að fullrar varkárni sé gætt í sambandi við netaveiði og raunar alla veiði, því að fleiri veiðiaðferðir en netaveiði eru hættulegar. Það má einnig og kannske fremur á margan hátt spilla veiði með öðrum aðferðum. Menn virðast ekki óttast, að stangaveiði geti verið fiskstofnum neitt sem talizt geti hættuleg. Þó vita allir, að vatnslitlar og spegiltærar bergvatnsár, þar sem hver fiskur er sjáanlegur augum veiðimannsins, eru lítil vörn fyrir fiskinn með þeirri veiðitækni, sem nú er hægt að beita, þó að engin net séu höfð í spilinu. Jökulárnar leyna hins vegar vel með sínum mikla, litaða vatnsflaumi þeim fiski, sem þar á veg um eða þar dvelst í hyljum eða álum. Ég tel, að með þeim mjög svo lengda friðunartíma, sem lagt er til að lögfesta með þessu frv. fyrir netaveiði, og öðrum þeim hindrunum fyrir slíkri veiði, sem nú eru í l., sé mjög gengið á eignarrétt þeirra bænda, sem búa við jökulárnar og ekki hafa aðra möguleika til þess að nytja hlunnindi sín en veiða í net.

Það er sjálfsagt að vernda sem bezt öll gæði landsins og gæta hófs um að veiða fiskinn í ám og vötnum, og ég skal verða síðastur manna til þess að mæla á móti slíku. En það er hægt að ganga svo langt, að það geti valdið beinum skaða, því að sjálfsagt er að nytja landgæðin að því marki, sem nauðsynlegt er, án þess að ganga á þau um of, enda á líka klak og eldi seiða, sem sleppt er í árnar, að vega á móti því, sem tekið er, og er slík kostnaðarsöm ræktun til lítils, ef hennar sér ekki nokkurn stað. Mér er óhætt að fullyrða, að klakið, sem Veiðifélag Árnesinga hefur séð um og sett í vatnasvæðin, hefur átt mikinn þátt í vaxandi veiði á því svæði. Félagið er núna nýbúið að reisa stóra klakstöð, sem á að geta framleitt 3 milljónir seiða á ári, og þar að auki á að vera hægt að geyma þar klaklax í þremur þróm, sem allar ná þvert yfir þetta mikla hús, svo að þar hafa verið sköpuð gífurlega mikil skilyrði til fiskræktar með því að reisa þetta mikla og vandaða klakhús, sem byggt var undir Ingólfsfjalli á s. l. sumri í landi jarðarinnar Laugarbakka. Þetta var mjög kostnaðarsamt fyrirtæki, en það á að geta aukið veiði á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár. En vera kann, að það verði að minna gagni fyrir þá, sem lagt hafa í þetta kostnaðarsama fyrirtæki, en til var ætlazt, ef svo fara leikar, að þau ákvæði í þessu frv., sem gera ráð fyrir hinum lengda friðunartíma fyrir netin, verða gerð að lögum. Friðunartíminn er nú, eins og ég hef áður drepið á, hálf vikan, 84 klst., en það á að auka hann nú með frv. í 96 klst. Það er um 15% aukning frá því, sem var, og er það allmikið, þegar þess er gætt, að áður var með lögum 1957 friðunartíminn aukinn um 45%. Ég álít, að hér sé gengið feti framar en skynsamlegt geti talizt. Fiskurinn hefur áreiðanlega haft greiðan gang til þess að komast um vatnasvæðið og dreifa sér um það, þegar hann hefur haft í hverri viku hálfa vikuna, getað ferðazt um vatnasvæðið hálfa vikuna án nokkurrar hindrunar af netum.

Með þessari friðunaraukningu, sem núna er fyrirhuguð í þessu frv., verða hlunnindi þeirra, sem ekki geta veitt fisk nema í net, — en jökulárnar bjóða ekki upp á aðrar aðferðir til veiði, —

þessi hlunnindi verða skert að mun og það á sama tíma og komin er af stað stóraukin klakstarfsemi, sem auðvitað kostar stórfé, eins og ég var áðan að drepa á, að Veiðifélag Árnesinga hefur nú með höndum.

Ég verð að álíta, að þeir, sem leggja þetta til, fari ekki nógu búmannlega að ráði sínu, og vil vona, að hv. landbn., sem mun fá þetta mál til meðferðar, athugi þetta atriði mjög vandlega og hv. alþm. yfirleitt skoði málið vandlega, áður en þeir fallast á hinar auknu friðunartillögur fyrir netaveiðinni, a. m. k. hvað snertir vatnasvæði Ölfusár og Hvítár og Þjórsár, og ég hygg, að það gildi nokkurn veginn það sama um Hvítá í Borgarfirði. Vera kann, að svo sé víðar, en þetta munu þó vera aðalsvæðin, sem um er að ræða, sem ekki verða verulega nýtt til gagns fyrir eigendur og fyrir þjóðarbúið með öðrum hætti en þeim að taka þar fisk í net á tímabili sumarsins. Veiðitíminn er skv. l. nú og á að vera áfram skv. því frv., sem hér liggur fyrir, að ég hygg, 3 mánuðir á sumri hverju. Og þá er naumast um að ræða nema 2 mánuði af þessum tíma fyrir þá, sem í net veiða, sú hefur a. m. k. verið reynslan. Það er hvort tveggja, að úr því að kemur fram í miðjan ágústmánuð, er veiði í net farin svo að minnka, að ekki er eftir miklu að slægjast úr því, og svo hitt, að laxinn fer þá venjulega að breyta svo útliti og gæði hans að rýrna, að hann er úr því mjög léleg og verðlítil verzlunarvara, borgar sig yfirleitt ekki að stunda veiði, úr því að kemur fram í miðjan ágústmánuð. Verði horfið að því ráði, sem lagt er til í þessu frv., að lengja friðunartímann enn fyrir netaveiðina úr hálfrar viku friðun í 96 klst. á viku, sé ég ekki annað en margir bændur verði alveg að hætta veiði og tapi þess vegna alveg hlunnindum jarða sinna af laxveiðum.

Netaveiði kostar allverulega fjárfestingu. Menn skyldu gera sér það ljóst, að hún kostar allverulega fjárfestingu fyrir utan mikla vinnu, sem hver veiðibóndi verður að leggja fram. Netin eru dýr, bátar kosta allmikið fé og þurfa viðhald, og annar útbúnaður kostar einnig fé. Veiðitækin munu kosta hið sama, þó að veiðitíminn styttist. Það verður enginn sparnaður í sambandi við veiðitækin, þó að veiðitíminn styttist, og vinnan við allan undirbúning verður einnig sú sama. Jökulárnar bera oft mikil óhreinindi í netin og í látrin, og allt þetta þarf að hreinsa og undirbúa, áður en lagnirnar eru settar niður. Þetta kostar alveg sömu fyrirhöfnina og jafnmikið fé, þó að veiðitíminn sé svo styttur sem gert er ráð fyrir í frv., eins og þó að hann væri lengri. Þess vegna geri ég ráð fyrir því, að ef svo fer, að veiðitíminn verði styttur svona mikið, eins og gert er ráð fyrir í frv., þá verði ýmsir bændur að yfirgefa það að nytja laxveiðihlunnindi sín, þeir sem búa með jökulánum á Suðurlandi. Hinir, sem áfram halda við laxveiði í netin, verða auðvitað einnig fyrir stórskaða, og jarðir allra þessara manna stórfalla í verði. Þar við bætist svo það, að sveitarfélög þau, sem fyrir þessu verða, missa tekjur við það, að draga skuli úr þeirri tekjuöflun hjá hlutaðeigandi bændum, sem þeir hafa áður haft, svo sem gert er ráð fyrir með þeirri rýrnun á þessum hlunnindum, sem hlýtur að verða, ef þetta nær fram að ganga. Ég get ekki betur séð en hinn lengdi friðunartími fyrir netaveiðinni, sem frv. gerir ráð fyrir, leiði af sér óbeina og lævíslega eignaupptöku fyrir þeim bændum, er búa við þau hlunnindi að hafa getað drýgt tekjur sínar með því að veiða laxfiska í net. Þeir munu missa verulegar tekjur og ekkert kemur á móti. Jarðir þeirra munu falla í verði og tekjuöflun viðkomandi sveitarfélaga rýrna til muna. Þetta verður afleiðingin. Sjálfsagt er til þess ætlazt, að hlutur einhverra annarra batni að sama skapi við þessar aðgerðir. En í því hygg ég, að menn verði fyrir miklum vonbrigðum. Ég hygg, að það nái ekki tilgangi sínum sú hugsun að bæta hlut annarra, og því er nú miður, að það getur þó ekki einhver haft gott af þessu.

Með stjórnarskránni á eignarrétturinn að vera friðhelgur, og ef almannaheill krefst þess, að það verði að taka af mönnum eignir eða rétt til afnota af eignum þeirra, eiga þeir að fá fullar bætur fyrir. Ég tel því alveg víst, að ef veiðiréttur þeirra bænda, sem ekki geta haft not af veiðihlunnindum sínum í ám og vötnum nema á þann hátt að veiða í net, verður rýrður eða af þeim tekinn, þá muni hið opinbera, ríkið sjálft, verða að bæta slíkt tjón með stórfelldum fébótum. Ég hef að vísu tekið eftir því, að í 56. gr. frv. er nýtt ákvæði um skaðabótaskyldu til þeirra, sem verða fyrir tjóni af framkvæmd á ákvæðum, sem samkv. frv. verða að lögum, ef þau ná samþykki. Er þessi skaðabótaskylda nú lögð á eigendur veiðiréttar í fiskihverfi því, sem í hlut á, eftir ákvörðun matsnefndar, eins og frá þessu er gengið í þessari 56. gr. Í núgildandi lögum er skaðabótaskyldan lögð að hálfu á ríkissjóð og að hálfu á hlutaðeigandi sýslusjóð. Ég er ákaflega hræddur um, að það sé mjög hæpin lagasetning, svo að ekki sé nú meira sagt, að ætla einhverjum mönnum, sem eru í sama fiskihverfi, að borga öðrum í því sama fiskihverfi skaðabætur fyrir eignatjón, sem þeir verða fyrir af setningu laga, ekki sízt ef það nú kemur í ljós, að þessir aðrir eigendur veiðiréttar í fiskihverfi því, sem í hlut á, hafa ekkert bætt sinn hlut við það, að hlunnindin voru rýrð hjá öðrum í fiskihverfinu eða af þeim tekin. Og hvenær og hvernig verður það sannað, að annarra hlutur hafi svo batnað, að þeir eigi að borga skaðabæturnar? Ég hygg, að í mörgum tilfellum geti orðið erfitt að sanna slíkt. Og ætli það geti ekki orðið erfitt að innheimta þetta fé, jafnvel þó að lögtaksheimild sé fyrir hendi í frv.? Ég er ákaflega hræddur um, að það gæti orðið erfitt að innheimta slíkar skaðabætur hjá ýmsum aðilum, og ég vil þess vegna eindregið biðja n., sem mál-

ið fær til meðferðar, að athuga þetta atriði mjög vandlega.

Þá vil ég taka það fram, að ég tel, að það geti reynzt varhugavert í sambandi við ákvarðanir í veiðifélögum, að menn geti haldið áfram að skipta jörðum sínum í mörg lögbýli til að fjölga atkv. í veiðifélaginu og veiðitækjum eða veiðivélum í ám eða vatni. Mér virðist, að þessi ákvæði standi óbreytt í þessu frv. og það sé ekki ætlazt til, að þeim verði breytt. Ég álít, að þarna séu mjög varhugaverð ákvæði í l., eins og þau eru núna, og þyrfti að breyta til batnaðar. Eins og l. eru núna, geta menn skipt niður jörðum sínum, fjölgað atkv. í veiðifélögum og einnig um leið fjölgað veiðivélum fyrir landi þeirrar jarðar, sem skipt hefur verið í fleiri býli. Ég hygg, að þetta hafi talsvert átt sér stað, og mér sýnist, að það hafi ekki verið neitt sett undir þennan leka í frv. Mér hefur skilizt, að margir séu að komast á þá skoðun, að ekki sé heppilegt upp á framtíðarþróun búnaðarmála, að jarðir séu brytjaðar niður í smábýli, og ég get vel fallizt á það sjónarmið. Ég álít, að atkvæðisrétturinn í veiðifélögunum verði þess vegna að vera bundinn við einhverja ákveðna stærð jarðar, en megi ekki miðast við, að hver maður, sem nær með einhverjum hætti og við margskiptingu jarðar eignar- eða ábýlisrétti, geti skilyrðislaust að öðru leyti eignazt atkvæðisrétt og þá um leið með hverju nýju lögbýli fjölgað veiðitækjum. Ég hygg, að atkvæðisréttinn ætti kannske að miða við jarðirnar eins og þær voru, þegar l. voru upphaflega sett árið 1932, a. m. k. ekki seinna en 1940.

Veiðimál eru, eins og hæstv. ráðh. sagði áðan, viðkvæm mál og vandmeðfarin og ég álít, að það sé eitthvert það vandamesta löggjafaratriði, sem Alþingi fær til meðferðar, að setja skynsamleg lög um notkun fiskivatna og veiðiréttar í ám og vötnum hér á landi og ganga svo frá, að menn geti sæmilega við það unað. Veiðihlunnindin eiga að mínum dómi að fylgja jörðunum, eins og þau hafa frá fornu fari gert. Það á að auka og efla þessi hlunnindi með vísindalegum hætti, og stuðlar þetta frv. að því að vissu leyti. Ég skal taka undir það og játa það, að frv. gengur á ýmsum sviðum í rétta átt, m. a. með stofnun fiskræktarsjóðsins, sem ákvæði er um í frv., og mun ég geta stutt það af heilum hug. Ég tel, að eitt hið nauðsynlegasta í veiði- og fiskræktarmálum sé öflugt eftirlit með því, að lögum og reglum um veiðina sé hlýtt í einu og öllu og komið sé í veg fyrir skemmdarstörf í ám og vötnum. Ef löggjafinn setur þjösnalegar reglur, sem eigendum veiðiréttar þykja óréttlátar og ganga um of á sinn rétt, þá er hætta á því, að erfitt reynist að gæta þess, að þeim verði í öllu hlýtt. Það er kunnugt, að í okkar stóra og strjálbýla landi er erfitt um alla gæzlu með veiðiám og vötnum og slík gæzla kostar mikið fé. Ég tel þess vegna skynsamlegast, að það sé farið með fullri gát og kosti veiðiréttareigenda verði ekki þrnögvað svo, að þeir telji gengið á sinn rétt umfram það, sem þjóðhagslega er nauðsynlegt. Hvert veiðisvæði á að mínum dómi að hagnýta á þann hátt, sem bezt samrýmist hagsmunum eigendanna og því markmiði að vernda hlunnindin fyrir ofnotkun. Þeir, sem njóta arðs af þessum hlunnindum, og hinir, sem njóta fyrst og fremst yndis af því að veiða, þurfa að skilja hverjir aðra og taka hæfilegt tillit hver til annars. Þetta sjónarmið verður löggjafinn að hafa í huga, þegar hann setur ný lög, svo að sem flestir geti orðið sæmilega ánægðir eða a. m. k. við þetta unað. Svo bezt getur þjóðin öll haft full not af gæðum landsins á því sviði, sem hér er um að ræða, að það sé tekið tillit til þeirra, sem hlunnindin eiga, þess þjóðarhags, sem þau geta veitt, og þess yndis, sem fjöldi manna hefur af því að taka þátt í veiðiskap.

Þá langar mig að lokum að fara fáum orðum um 20. gr. frv., þar sem segir: „Skylt er mönnum að gera með sér félagsskap um skipulega veiði í hverju fiskihverfi, svo fljótt sem kostur er.“ Um þetta ákvæði frv. er sagt í aths., með leyfi forseta: „Hér er kveðið á um eitt aðalefni frv., þ. e. að mönnum skuli skylt að stofna veiðifélög í fiskihverfi hverju.“ Það er eins og höfundar frv. séu stoltir af þessu nýja lagaákvæði, sem ég held að sé einsdæmi í lagasmíði. Ég hef aldrei heyrt lagða þá skyldu á nokkurn mann með lögum, að hann sé skyldugur til þess að stofna félag. Ég held, að þarna sé um brot að ræða á persónufrelsi því, sem íslenzkum mönnum á að vera tryggt með stjórnarskránni. Ég er síður en svo á móti því, að menn gangi í félög, og tel, að slíkt sé eðlilegt í þeim tilfellum, sem hér er átt við, en þó því aðeins, að meiri hl. manna t. d. í fiskihverfi, eins og hér er um að ræða, vilji slíkt af frjálsum vilja. Ég hygg, að ekkert gott geti af því leitt að þvinga menn til slíks. Og ég ætla ekki að öfunda veiðimálastjórann af því að koma slíkum félagsskap á, en hann mun eiga að sjá um þetta, koma þeim félagsskap á, sem hér um ræðir, þar sem meiri hluti manna og kannske allir í sumum tilfellum eru slíku mótfallnir. Og hvernig skyldu höfundar þessa frv. hugsa sér, að það verði hægt að fá menn til þess að starfa í veiðifélagi og stjórna því, ef þeir vilja ekki hafa með sér slíkan félagsskap? Ég hef staðið í þeirri meiningu, að félagsskap sé ekki hægt að hafa, nema viljinn til slíks komi að innan frá hjá mönnum, a. m. k. hjá meiri hl. á hverjum stað. En hér er gert ráð fyrir lagaskyldu í þessu efni og skipunum um það frá veiðimálastjóra. Mér finnst þetta ákvæði frv. minna á það, sem gerist hjá einræðisherrum, sem stjórna með tilskipunum og líta á þegna sína sem eign, líkt og um skepnur væri að ræða. Mér finnst það svo fráleitt að setja þetta í lög. Ég vona, að Alþ. láti það ekki henda sig að lögfesta þetta fáránlega ákvæði um, að menn séu skyldugir að stofna veiðifélög, hvort sem þeir vilja eða ekki. Hitt er allt annað mál, að stuðla að slíku, stuðla að því að

stofna veiðifélög, þar sem vilji er til slíks, og að reynt sé að glæða þann vilja, þar sem hann er daufur fyrir í þeim efnum og menn telja nauðsyn á slíkri félagsstofnun. Með frjálsum hætti eru líkur til árangurs, en ekki með nauðung, þar sem um það gæti verið að ræða, eins og menn ímynda sér, að væri sums staðar. Ég þekki t. d. tvö dæmi um það, að það hefur hvað eftir annað verið reynt að stofna veiðifélög í fiskihverfi, og það hefur ekki verið hægt, vegna þess að menn hafa ekki viljað það. En nú ætti að gera þetta með lagaboði. Ég held, að það sé ekki mikils eða góðs árangurs að vænta af slíku. Þetta er eitt af því, sem ég vildi nú biðja hv. n. að líta á og hvort mönnum gæti ekki sýnzt líkt og mér, að þarna væri um atriði að ræða, sem þyrfti að breyta í frv.

Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að taka fleiri þætti þessa máls til athugunar að þessu sinni, en þrátt fyrir það, þó að mér væri kunnugt um það, að málið mundi ekki eiga fram að ganga núna, og heyrði yfirlýsingu hæstv. landbrh. um það, þá vildi ég ekki láta það dragast að láta þessi atriði koma fram, sem ég hef drepið á hér.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en brtt. barst á þskj. 641.

---

4. Skipan opinberra framkvæmda.

Á 24. fundi í Ed., 10. des., var útbýtt:

Frv. til l. um skipan opinberra framkvæmda [107. mál] (stjfrv., A 138).

Á 25. og 28. fundi í Ed., 12. og 14. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Ed., 16. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem segir í greinargerð með frv. þessu, var á árinu 1965 skipuð 7 manna n. til þess, eins og sagði í skipunarbréfi hennar, að gera heildarathugun á því, hversu hagnýta megi með sem jákvæðustum árangri það fé, er ríkið ver til margvíslegra fjárfestingarframkvæmda. N. þessi skilaði áliti í aprílmánuði 1966, og á grundvelli skýrslu n. var samið frv., sem lagt var fram á hinu háa Alþ. síðla vors 1967 eða skömmu áður en þingi lauk, þannig að málið gat að sjálfsögðu ekki orðið útrætt, enda tók ég það fram í sambandi við flutning málsins eða í framsöguræðu minni, að hér væri um það margvíslegar nýjungar að ræða, að þess væri engin von, að hægt væri að ætlast til þess, að til þeirra væri tekin afstaða í skyndi, og þess vegna þætti rétt að sýna málið. Eftir að þingi lauk þá, hefur frv. ekki aftur verið flutt hér á Alþ. fyrr en nú, og er orsökin sú, að það kom í ljós við nánari athugun, svo sem við mátti búast, að það var nauðsynlegt að taka málið til enn rækilegri meðferðar, og hefur frv. verið sent ýmsum þeim aðilum til umsagnar, sem þetta mál helzt varðar. Það er þá fyrst og fremst Samband ísl. sveitarfélaga auk ríkisaðilanna, en auk þess hafa bæði Efnahagsstofnunin og fjárlaga- og hagsýslustofnunin haft málið til meðferðar. Enn fremur hefur málið verið borið undir ráðunaut Alþjóðabankans um gerð framkvæmdaáætlana, sem kom hér til Íslands fyrir nokkru. Á grundvelli allra þessara athugana og athugasemda, sem fram hafa komið, hefur þetta frv. verið samið af þremur mönnum, þ. e. einum frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, skrifstofustjóra Efnahagsstofnunarinnar og hagsýslustjóra ríkisins. Birtist nú frv. í þeim búningi, sem þeir hafa frá því gengið, eftir að það hefur gengið í gegnum svo margvíslegar athuganir eins og ég hef nú gert grein fyrir.

Við ákvörðun n. þeirrar, sem upphafilega var sett til að íhuga þetta vandamál, sem ég gat um, var því sjónarmiði fylgt að skipa ekki í n. neinn af framkvæmdastjórum eða forráðamönnum opinberra stofnana, sem hefðu með ríkisframkvæmdir að gera. Þetta var ekki gert vegna þess, að það væri neitt vantraust á þessum aðilum, síður en svo, heldur vegna hins, að fá fram ný viðhorf og væri hægt að kanna þessi vandamál á hlutlausan hátt.

N. taldi sig hafa komizt að því fljótlega, eftir að hún hóf starf sitt, að það væri rétt, sem var gefið í skyn í erindisbréfi hennar, að opinberar framkvæmdir hér margar hefðu orðið dýrari og óhagkvæmari heldur en þær hefðu þurft að vera af ýmsum ástæðum, og það væri ástæða til að halda, að það væri hægt að bæta hér mjög verulega um. En til þess þyrfti þó verulega skipulagningu frá því, sem verið hafði.

Með frv. er prentaður kafli úr grg. 7 manna n., þar sem er að finna samandregnar niðurstöður hennar og athugasemdir við það, sem hún telur ábótavant, og jafnframt ábendingar um hitt, sem hún telur þörf að hafa í huga, þegar vinna á að tillögugerð og lagasetningu um endurbætur. Ég skal ekki fara langt út í athugasemdirnar, þar sem þær eru glöggt afmarkaðar hér. Þar kemur ekki fram annað en það, sem mér sýnist vera eðlilegt, og er byggt á því, sem ég hafði álitið að mundi eiga sér stað og vera orsök þess, að ríkið fengi ekki fyllsta afrakstur þess fjár, sem lagt væri í opinberar framkvæmdir. Það má minna hér á aðeins nokkur höfuðatriði, sem n. bendir á.

Það er í fyrsta lagi það, að ráðizt sé í miklu fleiri framkvæmdir en fé sé fyrir hendi til að ljúka. Þetta þekkja allir hv. þdm. Mörg dæmi eru um, að ýmsar byggingar og önnur mannvirki eru í smíðum í langan tíma, sem veldur stórfelldum aukakostnaði og margvíslegum erfiðleikum. Það er ekki séð fyrir því að tryggja það fé, sem þarf til að ljúka þessum mannvirkjum, og það er þess vegna ekki heldur hægt að nýta þau vinnubrögð, hvorki með útboði né með öðrum hætti, að vinna skipulega að því, að framkvæmdin geti orðið sem ódýrust. Það verður oft að fá bráðabirgðalán hér og þar, jafnvel skulda verktökum, sem gerir það að verkum, að það er auðvitað miklu erfiðara að hafa ákveðna stjórn og aðhald að þessum aðilum. Þess eru þess vegna ákaflega oft dæmi, að eftir á standa menn andspænis reikningum hér og þar, bankaskuldum og margvíslegri óreiðu, sem myndazt hefur hjá þeim, sem hafa séð um verkið og hafa reynt að þoka því áleiðis, af því að ekki hefur verið séð fyrir fé.

En það, sem er ekki síður slæmt og er á undan þessu gengið, er undirbúningur verklegra framkvæmda, sem því miður er allt of oft handahófskenndur. Ég á þó hér ekki við hinar venjulegu framkvæmdastofnanir ríkisins, svo sem vegagerð og vitamálaskrifstofu og reyndar fleiri, sem sjá um undirbúning verka og framkvæmd þeirra, en þar er aftur á móti sá annmarki á, að sami aðilinn sér um bæði undirbúning og framkvæmd, sem er almennt talið mjög óheppilegt. Það, sem oft er galli í sambandi við opinberar framkvæmdir, byggingar og annað, er það, að undirbúningur er mjög gallaður, ákvarðanir eru teknar um að hefjast handa, áður en nægilega hefur verið rannsakað, hvort það sé heppilegasta úrræðið til þess að leysa þann vanda, sem á að leysa. Hér er yfirleitt ákaflega lítið um það, að gerðar séu fyrir fram samanburðarathuganir á ýmiss konar valkostum, sem koma til greina til þess að leysa vandann, og því fjarri því, að sé tryggt, að sú leið sé valin, sem í senn sé hagkvæmust og jafnframt geti oft og tíðum verið um leið ódýrust.

Þannig verður bæði þessi stóri galli, að ekki er ákveðið, hver valkostur sé heppilegastur, og jafnframt ófullnægjandi undirbúningur, teikningar og margt annað, til þess, að á þessu verða margvíslegir annmarkar og kostnaðarauki. Það er ekki reynt að gera sér grein fyrir því nema að sáralitlu leyti og oftast nær ekki, hvað leiðir af byggingum þessum, hver verður rekstur þeirra stofnana, sem þarna eru settar upp, eða rekstrarkostnaður mannvirkjanna. Þá er einnig eftirlit með framkvæmdunum oft harla handahófskennt. Það eru skipaðar byggingarnefndir, sem oft og tíðum hafa litla eða enga sérþekkingu á þeim viðfangsefnum, sem við er að fást. Byggingarnefndir geta verið ágætar, en þær eiga í rauninni ekki að sjá um framkvæmd verks, heldur eiga þær að vinna að undirbúningi þess, athuga einmitt fyrstu stigin, hvaða leiðir séu hagkvæmastar og líklegastar til að leysa þá þörf, sem á að leysa. Síðan á það að vera hlutverk tæknilegra sérfræðinga að fylgjast með byggingunum sjálfum.

Eins og ég áðan sagði, er það og mikill galli, hvað það er oft á sömu hendi undirbúningur verka og framkvæmd þeirra. Verk eru síðan ekki tekin út, sem er mjög þýðingarmikið að gera, til þess að gera sér til hlítar grein fyrir því, hvernig verkið hefur verið unnið og hvernig áætlanir hafa reynzt, og síðan sé það beinlínis fengið í hendur bæði Alþ. og þeim aðilum, sem upphaflega hafa ákveðið um verkið, hvernig þetta dæmi allt saman hefur komið út. Þá vantar og mjög á það, að t. d. í sambandi við bæði embættisbústaði og annað sé hugsað um það að hafa staðlaðar byggingar. Það er miklu oftar, að þegar ráðizt er í það að byggja embættisbústað, þá er það látið vera háð tillögugerð þess embættismanns, sem á að byggja yfir. Vitanlega geta aðrir embættismenn haft allt aðrar þarfir, sem síðar koma til, og á þetta á auðvitað ekki að líta, heldur reyna að staðla þessa bústaði og með þeim hætti að gera þá ódýrari.

Þetta eru aths., sem n. setti fram, og síðan benti hún á, hvað hún teldi að þyrfti að vera meginsjónarmið, ef ætti að bæta úr þessum vankönturn, sem hér er um að ræða, og þar tilgreinir n. nokkur atriði. Í fyrsta lagi þurfi að skilja algerlega á milli þeirra aðila, sem undirbúa verkin, og hinna, sem framkvæma þau. Í öðru lagi að takmarka afskipti þeirra aðila, sem nota eiga mannvirkið, við undirbúningsstig þess, gera þeim ekki að hafa framkvæmdastjórnina. Í þriðja lagi að fá ákveðnum aðila það verkefni að hafa frumkvæði að hvers konar stöðlun mannvirkja, sem reisa þarf á ríkisins vegum. Í fjórða lagi að tryggja ákveðnar aðferðir um úttekt og skilagreinar vegna mannvirkja, sem reist eru á vegum ríkisins, og birtingu skýrslna um það opinberlega. Í fimmta lagi að samræma bókhald við mannvirkjagerð til þess að gera auðveldari samanburð. Og síðast, en ekki síst að bjóða út á einum stað alla mannvirkjagerð á vegum ríkisins, eftir því sem aðstæður eru og eftir því sem eðli mannvirkjanna leiðir af sér að sé eðlilegt. Til þess að koma þessum framkvæmdum öllum skipulega fyrir, þurfum við að koma á fót fastri skipulagseiningu, sem eðlilegast sé þá, að sé á vegum fjmrn., sem annist þessa samræmingu og umsjón og sjái til þess, að þessum reglum sé fylgt varðandi undirbúning og framkvæmd þessara opinberu framkvæmda.

Ég skal ekki fara að rekja frv. eins og það liggur hér fyrir. Það er skýrt og skilur rækilega á milli hinna ýmsu þátta í þeim reglum, sem talið er nauðsynlegt að fylgja við undirbúning að skipan og framkvæmd á opinberri mannvirkjagerð. Ég vil í fyrsta lagi leggja höfuðáherzlu á það, að með þessu frv., þó að það sé lagt til að setja upp sérstaka samræmingarnefnd og yfirstjórn þessara

mála sé í höndum fjmrn., þá er hvorki ætlunin að skerða vald Alþ. né heldur vald einstakra rn., og það er tekið fullt tillit til aðildar sveitarfélaga, þar sem það á við. Hér er aðeins um það að ræða að setja ákveðnar reglur um vinnubrögð, sem allir þessir aðilar verði að hafa í huga og fylgja. Það er hér greint á milli frumathugana, áætlunargerðar og framkvæmdar. Í sambandi við frumathuganir er við það átt, sem ég áðan sagði, að áður en ráðizt væri í framkvæmd á verki, sem eigi að leysa tilteknar þarfir, sé reynt að meta þarfirnar og það sé reynt að gera sér fulla grein fyrir þeim valkostum, sem um sé að ræða. Og eftir að það hafi verið gert af réttum aðilum og viðkomandi rn., og þá eftir atvikum í samráði við sveitarstjórnir, þá komi það til athugunar við fjárlagasamningu að afla fjár til þess að halda áfram undirbúningi málsins, þ. e. a. s. næsta stigi þess, sem er áætlunargerð. Og í þriðja kafla frv. eru settar ákveðnar reglur um það, hvað þá skuli hafa í huga og að hverju áætlunargerð stefni, en hún á að leggja grundvöll að því, að ekki sé hafizt handa um framkvæmd verks, fyrr en nákvæmlega liggi fyrir bæði teikningar af því, kostnaðaráætlanir og einnig rekstraráætlanir í sambandi við þann rekstur eða þá þjónustustarfsemi, sem gert er ráð fyrir að þessi tiltekna framkvæmd eigi að sinna. Í fjórða kaflanum eru svo settar ákveðnar reglur um framkvæmd verksins og þá fyrst og fremst gert ráð fyrir því, að út í verk megi ekki leggja, fyrr en sé búið að tryggja til þess fjármagn. Það er svipuð stefna og reynt hefur verið að móta nú síðustu árin í sambandi við skólakostnaðarlögin, þar sem er mikið átak, vegna þess að þar hefur orðið að gerbreyta um stefnu og hefur raunar leitt til þess, að menn hafa á þessu fyrsta stigi gefizt upp við að fylgja lögunum út í æsar, heldur reynzt óumflýjanlegt að stíga dálítið skemmra skref, að í stað þess, að kostnaður við skólabyggingu sé greiddur á þremur árum, þá hefur þótt nauðsynlegt að leggja til, að í þetta sinn verði fylgt reglu um 4 ár, þar sem hér er um að ræða í rauninni mesta fjárhagsvandamálið í sambandi við opinberar framkvæmdir. En engu að síður er það á engan hátt ætlunin að hverfa frá þeirri meginstefnu að stíga skrefið til fulls, svo sem gert er ráð fyrir í lögunum um skólakostnað, sem sett voru á síðasta þingi. Í annan stað hefur verið stefnt í þessa sömu átt með fjárveitingar til hafnargerða, þar sem í stað þess að áður voru veittar nokkur hundruð þús. í kannske margra milljóna mannvirki, svo að það safnaðist hali eða vangreidd ríkisframlög, sem hafa komizt upp í 70—80 millj. kr. og valdið sveitarfélögunum stórkostlegum óþægindum, þá var í ár og einnig ætlunin á næsta ári að fylgja þeirri meginlínu varðandi fjárlög að veita að fullu ríkishluta þess áfanga við hafnargerð, sem á að vinna að á því tiltekna ári. Ég álít, að það sé nokkurn veginn sameiginleg skoðun allra, sem þessu hafa kynnzt, að í báðum þessum tilfellum sé rétt stefnt. Og þetta frv., sem hér er um að ræða, er framhald þeirrar stefnu varðandi ýmsa aðra þætti ríkisframkvæmda.

Svo sem ég áðan tók fram, er gert ráð fyrir því, að það sé meginstefna að bjóða verk út, en hins vegar verði framkvæmdastofnanirnar að gera til viðmiðunar kostnaðaráætlanir, svo að ljóst verði, hvort útboðið skilar þeim árangri, sem ætlazt er til. Það er ætlunin, að þar sem ríki og sveitarfélög eru saman aðilar að verki, þá skuli viðkomandi sveitarfélag geta staðið að útboðinu, það sé samkomulagsatriði. Þá er loks gert ráð fyrir því, sem ég áðan sagði, að það verði ekki hafður sá háttur á, að byggingarnefnd, þó að hún sé sett á laggirnar til að byrja með við athugun á því úrlausnarefni, sem á að leysa í sambandi við tiltekna byggingu, þá skuli hún fást við eftirlit með byggingunni sjálf, heldur skuli ráða hverju sinni sérfróðan umsjónarmann, sem sé fullábyrgur fyrir verkinu og eigi að gera grein fyrir því á viðhlítandi hátt. Og loks þegar verki er lokið, er gert ráð fyrir því, sem hefur ekki áður verið, að hvert verk sé tekið út, og að fjvn. Alþ. og eignaraðilum sé eftir á send nákvæm grg. um það, hvernig tekizt hefur til um verkið, hvort það hefur farið fram úr áætlun og þá á hvaða liðum og af hvaða ástæðum.

Svo sem ég áðan sagði, þótti óumflýjanlegt til að hafa samræmi í þessum efnum, að það væri einn aðili, sem hefði heildaryfirstjórn á framkvæmd opinberra verka, þ. e. a. s. þegar þau eru komin á framkvæmdarstig, þó að viðkomandi rn. og sveitarstjórn eftir atvikum hefðu þau sömu völd, sem þau hafa haft. Og það hefur verið talið eðlilegt, að það verði fjárlaga- og hagsýslustofnun fjmrn., sem hefði þessa yfirumsjón með höndum, og að sett yrði á laggirnar 3 manna samstarfsnefnd til að fylgjast með því, að öllum reglum verði hlýtt, og sjá um, að ekki verði ráðizt í framkvæmdir nema í samræmi við reglur þessa frv. eða laga, ef til kemur, og að það væri tengt saman, annars vegar fjmrn. eða hagsýslustjóri og Alþ., með því að form. fjvn. eða fulltrúi frá fjvn. ætti sæti í þessari samstarfsnefnd, og í þriðja lagi forstjóri Innkaupastofnunar ríkisins, en það er ætlazt til þess, að Innkaupastofnunin annist útboð allra ríkisframkvæmda, og eftir atvikum kæmu e. t. v. þar einnig til fulltrúar frá því rn., sem þessi mál heyrðu undir, eða Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Til þess að taka af allan efa, sem raunar er fram tekið í frv., skal á það lögð áherzla, að með þessu er ekki ætlunin að taka völd úr höndum vegamálastjórnar, vitamálastjórnar eða annarra þeirra aðila, sem hafa með opinberar framkvæmdir að gera, því að það er gert ráð fyrir því, að heimilt sé að fela framkvæmdastofnunum ríkisins umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda, ef þessar stofnanir hafa aðstöðu til að annast þetta verk. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að þessar stofnanir verði einnig um vinnubrögð o*

undirbúning verka að fylgja þeim reglum, sem lagt er til að setja með þessu frv. Það er ekki ákveðið í þessu frv., að þetta skuli taka til annarra stofnana en þeirra, sem taka fjárveitingar í fjárlögum, en hins vegar er því haldið opnu, að það sé hægt að fella undir frv. með ríkisstjórnarákvörðun aðrar ríkisstofnanir, þ. e. a. s. þau fyrirtæki, sem ríkið á, þó að þau séu ekki á fjárlögum eða fái fjárveitingar, bæði rekstrarfyrirtæki eða framleiðslufyrirtæki og svo einnig aðrar stofnanir, eins og t. d. banka.

Þá er að lokum gert ráð fyrir því, að ef þetta verður að lögum, þá verði teknar til endurskoðunar núgildandi reglur um byggingadeild menntmrn., sem sett var á laggirnar af nokkuð svipaðri hugsun og hér er um að ræða, en á nokkuð takmarkaðra sviði og átti eingöngu að fást við skólabyggingar, og að embætti húsameistara ríkisins verði endurskoðað. Húsameistari ríkisins hefur haft með höndum ekki aðeins teikningar mannvirkja, heldur einnig beinlínis eftirlit með þeim. Þetta brýtur í bága við þá hugsun, sem hér er gert ráð fyrir í frv., að sami aðili undirbúi ekki og teikni mannvirki og sjái síðan um alla framkvæmd frá upphafi til enda. Það getur hins vegar verið fullkomlega eðlilegt, að ríkið hafi sérstaka teiknistofu, og þáttur húsameistara ríkisins getur gert sitt gagn engu að síður á þann hátt að teikna mannvirki fyrir ríkið og jafnvel aðra, og það er þá eðlilegt, að það embætti geti staðið undir sér og taki þá eðlileg gjöld, þó að það að vísu geti orðið ríkinu engu að síður mun kostnaðarminna en ef um væri að ræða að bjóða það út til annarra arkitekta.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, nema tilefni gefist til, að fara að orðlengja frekar um þetta frv. Það er eðlilegt, að hv. þdm. þurfi nokkurn tíma til þess að íhuga það, þar sem hér er á margan hátt um nýjungar að ræða. Ég held, að það sé engum efa undirorpið, að það hafi verið þörf að setja reglur í þessa átt og það sé auðið með skipulegri og fastari framkvæmd ýmiss konar mannvirkjagerðar á vegum ríkisins og raunar sameiginlegra mannvirkja ríkis og sveitarfélaga að koma við mun meiri hagkvæmni, sem geti leitt til mikils sparnaðar í fjármunum. Það er jafnan mikil nauðsyn að gera sér grein fyrir því, hvernig hinar ýmsu þarfir verði bezt leystar. Það eru allt of mörg dæmi þess, að það hefur verið ráðizt í mannvirki til þess að fullnægja vissum þörfum, sem hefði verið hægt að fullnægja betur með öðrum hætti, og að byggingar hafa ekki endilega verið reistar þar, sem heppilegast hefði verið, og að þær hafa reynzt í framkvæmd of dýrar. Við þekkjum allt of margar sögur um ýmsar ríkisframkvæmdir, embættisbústaði og margt annað, sem fólk bendir á sem dæmi um það, hve dýrar framkvæmdir á vegum ríkisins séu. Þessu þarf vissulega að sinna og gera sér grein fyrir því, hvernig hægt er úr að bæta, og ég efast ekkert um, að allir hv. þdm. eru mér sammála um nauðsyn þeirrar stefnu. Það getur auðvitað alltaf orkað tvímælis, hvernig nákvæmlega á að þessu að fara. En ég fullyrði, að þetta frv. og þessar till. hafi verið eins rækilega undirbúnar og kostur hefur verið á. Þær hafa farið gegnum allan þann hreinsunareld, sem við höfum getað hugsað okkur, til þess að það hafi verið kannað til hlítar, hvort hér væru á einhverjar veilur, og mér þykir sérstök ástæða til að vekja athygli á því, að sá aðili, sem ég minntist á hér áðan, ráðunautur Alþjóðabankans um framkvæmdaáætlanagerð, sem var hér á ferð í fyrra og skoðaði þetta mál, taldi, að þetta væri mjög mikilvægt spor, sem mundi stuðla að verulega jákvæðum árangri, ef okkur tækist að lögfesta reglur sem þessar og lifa eftir þeim.

Herra forseti. Ég legg svo til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

5. Atvinnuleysistryggingar (stjfrv. til staðfestingar á brbl.).

Á 27. fundi í Sþ., 7. febr., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar [127. mál] (stjfrv., A. 239).

Á 40. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 31. des. s. l., um atvinnuleysistryggingar. Forsenda þeirra brbl. var sú, að hinn 16. marz s. l. var gefin út af hálfu ríkisstj. yfirlýsing, þar sem m. a. var heitið, að ríkisstj. mundi beita sér fyrir hækkunum á bótagreiðslum vegna atvinnuleysis og öðrum lagfæringum á bótaupphæðum. Athugun aðila á málinu lauk hins vegar ekki það tímanlega, að hægt væri að leggja frv. fram á Alþ. og afgr. það, áður en jólaleyfi alþm. hófst, og fyrir því voru brbl. sett. Þau fjalla um allumtalsverða rýmkun á bótarétti í atvinnuleysistryggingunum. Það fjallar þó eingöngu um breytingar á þeim kafla laganna.

Efni frv. er öllum hv. alþm. þegar kunnugt af blaðaskrifum, sem um það hafa orðið, og tel ég því óþarft að rekja einstakar greinar frv. Eins og

ég áðan sagði, er um allverulega hækkaðar bætur að ræða og rýmkun á bótarétti, eins og fram kemur í skýringum með frv. Ég vil enn fremur lýsa því yfir, að samkv. ósk aðila vinnumarkaðarins var talin nauðsyn á því, að allsherjarendurskoðun færi fram á l., sem of lengi hefur dregizt að framkvæmd yrði, og hefur rn. óskað eftir því, að Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasambandið og Samband ísl. sveitarfélaga tilnefni hvert um sig einn fulltrúa til endurskoðunar á þessum l. að öðru leyti en því, sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Ég hef þess vegna ekki talið, að það ætti að hraða afgreiðslu þessa frv., fyrr en séð verður, hvort þessari endurskoðun getur orðið lokið það tímanlega, að tillit mætti til hennar taka við endanlega afgreiðslu málsins. En um það verður ekki sagt á þessu stigi málsins, hvað þessi endurskoðun tekur langan tíma. Það er ósk fyrrgreindra aðila, að sá tími verði sem allra skemmstur, og hugsun þeirra er sú að ljúka því þannig, að þing geti afgr. þær breyt., sem út úr endurskoðuninni kunna að koma. Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

6. Almannatryggingar (frv. BrS).

Á 3. fundi í Nd., 17. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar [24. mál] (þmfrv., A. 24).

Á 5. fundi í Nd., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 6. fundi í Nd., 28. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Breytingar þær, sem hér er lagt til að gerðar verði á almannatryggingal., eru efnislega tvær: að atvinnuleysisbætur skerði í engu bótarétt manna til almannatrygginga né einstæð móðir missi mæðralaun sín, þótt hún verði öryrki og hljóti þar af leiðandi örorkubætur.

Um fyrra atriðið skal þetta tekið fram: Atvinnuleysistryggingar og almannatryggingar eru óskyld tryggingakerfi, þar sem bótaréttur byggist á ólíkum forsendum í meginatriðum eða í þeim tilvikum, sem hér hafa helzt komið til bótatakmarkana, eins og l. eru nú, annars vegar vinnutap, hins vegar aldur eða örorka. Virðist harðleikið af löggjafanum, meðan þjóðin telur sig ekki geta greitt hærri elli- og örorkulífeyri en nú er, að ellilífeyrisþegi eða örorkulífeyrisþegi, sem þrátt fyrir aldur sinn eða örorku freistar þess að vinna hörðum höndum, meðan hann orkar, en missir svo atvinnu vegna atvinnuskorts, missi auk vinnunnar líka rétt sinn til atvinnuleysisbóta. Kunna þeir, sem hafa haft með höndum framkvæmd laga þessara, mýmörg dæmi þess, hve ranglátlega þetta getur komið niður.

Um síðari breytinguna, sem hér er lagt til að gerð sé á almannatryggingalögunum, þá, að einstæð móðir missi ekki rétt sinn til mæðralauna, þótt hún sé eða verði öryrki, þarf ekki að hafa mörg orð. Mun þessi óréttur hafa lent inn í l. vegna óaðgæzlu í skilgreiningu, því að svo augljóst er það, að einstæð kona, sem hefur barn eða börn á framfæri sínu og verður öryrki, er verr sett eftir en áður í lífsbaráttunni, þótt örorkulífeyri fái, en meðan hún hefur vinnugetu sína óskerta. Og því er augljóst óréttlæti að svipta hana mæðralaunarétti við þær aðstæður.

Þó að hér séu ekki gerðar fleiri till. um breytingar á almannatryggingal., er raunar augljóst mál, að brýn þörf er orðin á gagngerðri endurskoðun þeirra. Er hér t. d. minnt á, að aðkallandi er að taka inn í almannatryggingalög tryggingarákvæði um þá, sem nauðsynlega verða að leita sér læknishjálpar erlendis, en þar sem Alþ. samþykkti s. l. vetur þál. varðandi endurskoðun á því atriði, er því ekki blandað hér inn í, með von um, að árangur þeirrar endurskoðunar komi innan tíðar fyrir Alþ. til samþykktar.

Ég legg svo til, að frv. verði afgreitt til 2. umr. og vísað til heilbr.- og félmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 7. fundi í Nd., 29. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 24, n. 698).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. hefur fjallað um frv. þetta og leggur til, að það verði samþ. með þeirri breytingu, sem greind er á þskj. 698 og ég held, að ég þurfi ekki að lesa hér upp. En n. leggur sem

sé til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, sem þarna um ræðir.

ATKVGR.
Brtt. 698 (ný 1. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 736).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 94. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 96. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

7. Þingsköp Alþingis.

Á 3. fundi í Nd., 17. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis [25. mál] (þmfrv., A. 25).

Á 9. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Frv. það til laga um breyt. á l. um þingsköp Alþingis, sem hér liggur fyrir, var flutt á síðasta þingi af sömu flm. og nú flytja það að beiðni allra forseta þingsins. Var það ekki útrætt og er því flutt hér að nýju. Þegar það upphaflega var lagt fram, gerði ég allýtarlega grein fyrir efni þess og þeim breytingum, sem það felur í sér frá gildandi þingsköpum. Ég sé því ekki ástæðu til þess að fjölyrða um frv. nú.

Rétt þykir þó að ítreka, að frv. er byggt á áliti mþn., sem kjörin var á Alþingi 5. maí 1966 til þess að endurskoða þingsköpin, en hún var kjörin í samræmi við þáltill., er samþ. var á Alþ. 29. apríl sama ár. Í n. þessari áttu sæti fulltrúar allra þingflokka. Stóð n. sameinuð að till. sínum. En í henni voru rædd ýmis önnur atriði en þau, sem felast í frv. Um þau náðist ekki fullkomin samstaða. N. taldi hins vegar, að mikilvægt væri, að þær till., er hún léti frá sér fara, kæmu frá henni óskiptri. Var það álit hennar, að æskilegt væri, að sem mest samstaða ríkti á Alþ. um breytingar á þingsköpum.

Þegar frv. þetta var rætt hér í hv. Nd. á síðasta þingi, kom fyrst og fremst fram ágreiningur um eitt atriði till. n. Það er um útvarpsumr. frá Alþ. N. hafði lagt til, að útvarpsumr. yrðu styttar mjög verulega frá því, sem tíðkazt hefur. Raddir voru einnig uppi um það í mþn., að stytta bæri útvarpsumr. enn meira en gert er ráð fyrir í þessu frv.

Í umr. um frv. á síðasta þingi kom fram sú skoðun, að fella bæri útvarpsumr. frá Alþ. í núverandi formi að mestu eða öllu leyti niður. Þær gæfu ranga mynd af þingstörfum og hefðu oft verið þinginu til vansæmdar.

Það kemur nú til kasta hv. Alþ. að taka afstöðu til þessara sjónarmiða.

Mþn. aflaði sér ýtarlegra upplýsinga um útvarp frá þjóðþingum margra landa. Fylgir sú skýrsla grg. frv. Af henni kemur það fram, að mjög mismunandi reglur gilda um þetta í hinum ýmsu þjóðþingum. Frá sumum þingum er útvarpað öllu, sem þar fer fram, frá öðrum er útvarpað umr. um einstök meiri háttar mál, og frá enn öðrum er alls ekki útvarpað. Víða eru fréttir frá þingstörfum í útvarpi og sjónvarpi mjög fullkomnar. Yfirleitt hafa t. d. ríkisútvörpin á Norðurlöndum mjög rúma heimild til þess að taka upp umr. í þingunum og útvarpa þeim að vild. Sjónvarp hefur einnig farið mjög í vöxt á síðustu árum frá þjóðþingum Norðurlanda. Í till. mþn. er einnig lagt til, að slík heimild verði fengin ríkisútvarpinu að höfðu samráði við forseta og formenn þingflokka. Útvarp eða sjónvarp samkv. þessari heimild færi að sjálfsögðu fyrst og fremst eftir fréttagildi umr. og atburða.

Það er skoðun flm. þessa frv., að þær breytingar, sem í frv. felast, séu allar til bóta. En það er auðvitað á valdi þingsins sjálfs að gera ýmsar aðrar og róttækari breytingar á þingsköpum sínum. Miklu máli skiptir, að starfsreglur þingsins tryggi sem hagkvæmust og greiðust vinnubrögð þess. Um það getur naumast ríkt ágreiningur. En þá kemur einnig til greina, að starfsaðstaða þm. sé sem skaplegust. Á það brestur hins vegar mjög, að hún sé það. Nokkuð hefur að vísu verið gert til umbóta í þeim efnum á síðustu árum. En hér þarf fleira að koma til. Sjálfstæði Alþ. gagnvart stjórnvaldi og framkvæmdavaldi þarf að efla. Það er frumskilyrði þess, að þessi elzta og sögufrægasta stofnun þjóðarinnar haldi trausti og virðingu.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eins og hv. aðalflm. hefur rifjað upp, varð nokkur ágreiningur um þetta frv., þegar það var flutt á síðasta þingi. Ég skal ekki rekja þann ágreining í einstökum atriðum né fara aftur yfir þær aths., sem ég þá bar fram við frv. Það er rétt, að ýmis atriði frv. eru tvímælalaust til bóta, en ég leyfi mér hins vegar mjög að draga í efa, að ákvæðin varðandi meginbreytinguna, þ. e. a. s. um fyrirkomulag útvarpsumr., séu viðhlítandi.

Hv. aðalflm. gat þess, að frv. fylgdi grg. um útvarpsumr. í ýmsum þingum og sagði, að þær væru með mjög mismunandi hætti. Nú játa ég að vísu á mig þá vanrækslu, að ég hef ekki lesið þessa skýrslu aftur, en ef ég man rétt, hygg ég, að komið hafi fram í henni, að slíkt fyrirkomulag eins og hér tíðkist hvergi. Og ég þori enn að fullyrða og hef staðfestst í þeirri skoðun minni, sem ég hef lengi haft, að sá háttur á útvarpsumr., sem á að verða aðalreglan einnig eftir þessu frv., þessar tilbúnu umr. frá Alþ. séu mjög óheppilegar, að fátt hafi orðið til þess frekar að draga úr virðingu almennings fyrir þinginu og ekkert til þess að skapa meiri misskilning almennings á því, hvað hér í raun og veru gerist og hvernig störfum er háttað.

Út af fyrir sig getur það vel komið til greina, ef menn vilja, að stjórnmálaflokkar öðru hverju fái færi á því að ræða deilumál sín í útvarpi. En það er með öllu ástæðulaust að tengja þær umr. við Alþ. á sama hátt og verið hefur, enda hygg ég, að svo sé hvergi gert á byggðu bóli nema hér. Annars vegar er útvarpað öllum umr., sums staðar alveg öllum umr., sums staðar um sérstök málefni eða, — og það hygg ég, að sé tíðast og sé að vinna á, — að fréttastofnanir fá heimild þingsins til þess að velja það úr umr., sem þeim þykir sérstaklega fréttnæmt og ástæða til þess, að almenningur kynnist. Það skal játað, að slíkt er miklum erfiðleikum háð. Það krefst hlutleysis og réttsýnis af þeim fréttamönnum, sem að þessu starfa, og einnig mikillar þekkingar og yfirsýnar um þingmál. En ég hygg, að þetta hafi tekizt vel. Nú fyrir fáum dögum átti ég t. d. viðræður við forseta norska Stórþingsins um það, hvernig þetta hefði tekizt í Noregi, og það er þeim mun athyglisverðara, það sem hann sagði, þar sem nú fyrir tiltölulega fáum árum tók ný stjórn við í Noregi, nýr aðalforseti þingsins eftir langvarandi stjórn annars flokks. Forseti Stórþingsins sagði mér, að það væri enginn vafi á því, að þar hefði tekizt vel það úrval, sem fréttamenn hefðu gert. Það væri svo, að almenningur hlustaði á það, sem sagt væri, og þingflokkar hefðu yfirleitt ekki borið fram kvartanir yfir því, að ranglega hefði verið valið. Hitt kynni að vera, að einstakir þm. kvörtuðu undan því, að ekki væru valin einmitt þeirra orð, en í heild væri viðurkennt af öllum, að þarna fengist rétt mynd af því, sem gerðist í þinginu. Ég þori aftur á móti að fullyrða, að núverandi fyrirkomulag útvarpsumr. gefur algerlega ranga mynd af þinginu. Og þess vegna er það mér kappsmál, að slíkt útvarp sé fellt niður, ekki til þess að almenningur fái minni fréttir af þingi og eigi síður kost á að fylgjast með því, sem hér gerist, heldur en áður, heldur að það, sem flutt er, verði í aðgengilegri búningi, það verði raunveruleg frásögn og mynd af því, sem hér gerist, en ekki þær tilbúnu umr., sem hér hafa tíðkazt nú alllengi. Þetta er það aðalatriði, sem menn þurfa að reyna að koma sér saman um. Og ég hef ekki trú á því, að þetta mál verði leyst nema með samkomulagi milli flokka. Ég tel ekki, að það sé hyggilegt né til þess sé grundvöllur, að um þetta sé tekin flokksleg ákvörðun innan þingsins. En ég hygg, að n. hefði betur gert í því efni að kanna betur, hvort ekki var möguleiki á því að fá samkomulag um gjörbreytingu í þessu efni.

Hitt held ég, að sé alger ofrausn, að ætla að halda þessu hvoru tveggja, annars vegar að hafa í stórum dráttum hið sama fyrirkomulag og verið hefur, að vísu miklu styttra en lagastafurinn segir til, en ívið styttra en framkvæmdin hefur orðið. Það er bitamunur, en ekki fjár, breytir ekki þeirri heildarmynd, sem menn fá af störfum hér. Ég held það sé ofrausn að ætla að halda þessu, en innleiða hitt einnig. Ég held, að við eigum að hafa kjark til þess að yfirgefa það, sem illa hefur tekizt, og taka upp alveg nýja skipan, það eitt sé skynsamlegt. Við sjáum líka, að hæpin er sú till. n. að breyta nokkuð til um það, hverju útvarpa eigi, sem kemur fram í því, að það eigi í upphafi þings að útvarpa stefnuskrárræðu forsrh. Ég vakti athygli á því á síðasta þingi, að hér er um algera nýlundu að ræða. Slík ræða hefur raunar verið haldin örsjaldan hin síðustu ár. En að þessu sinni þótti ekki hyggilegt að efna til slíkra umr. í upphafi þingsins þegar vegna þeirra almennu samninga, sem eiga sér stað á milli allra stjórnmálaflokkanna. Það hefur engin aðfinning komið fram enn yfir því, að umr. var ekki höfð. Ég geri ráð fyrir, að það sé vegna þess, að menn hafa talið, að það væri ekki skynsamlegt að efna til slíkrar umr., fyrr en sýnt er, hvernig fer með þá samninga. Nú líður senn að því, að þeim ljúki, og á hvern veg sem það verður, þá er eðlilegt, að þá hefjist almennar stjórnmálaumr., en þá er vitaskuld mikill munur, að það væru ófalsaðar umr. frá Alþingi og því, sem hér raunverulega gerist, fremur en sams konar tilbúnar umr. og þingskapaákvæðin hafa leitt til, að allt of oft hafa verið haldnar. Ég játa, að það er út af fyrir sig kostur að stytta þessar umr., en ég tel, að þær hafi þegar orðið þinginu til svo mikils álitshnekkis, að það eigi ekki að lögfesta þær að nýju, heldur eigi að nota tækifærið til þess að gera á þessu gerbreytingu.

Það er rétt hjá hv. aðalflm., að þetta var og er aðalefni frv. En það var einnig vikið að öðru, sem er ekki leyst á fullnægjandi hátt í frv. n., og það

er varðandi fsp. Ég þori að fullyrða, að þó að segja megi, að till. um fsp. stefni e. t. v. í rétta átt að því leyti, sem þær miða að því að stytta þær umr., og er þó vafasamt, hvort þær ná tilgangi sínum að því leyti, en þá er þar einnig gengið fram hjá því, sem ég vil segja, að fyrst og fremst þarf úrlausnar við, og það er þetta, sem komizt hefur á fyrir venju, að menn geti borið fram fyrirspurnir og af hálfu stjórnarinnar gefið skýrslur algerlega fyrirvaralaust og án þess að um slíkt sé tilkynnt fyrir fram í dagskrá. Í sjálfu sér er alveg þýðingarlaust að hafa ákvæði um fsp. með takmörkuðum ræðutíma og hafa ákvæði um skýrslugjafir af hálfu stjórnvalda á Alþ., ef svo á að vera hægt, eins og venja hefur komizt á, að hafa takmarkalausar umr. þar fyrir utan. Þetta er ákaflega óheppilegt. Það getur stundum staðið þannig á, og þá er hægt að gera það með afbrigðum frá þingsköpum, að það sé með öllu óhjákvæmilegt að veita leyfi til þess að taka fyrirvaralaust upp eitthvert mál til umr. Mundi slíkt þó vera ærið sjaldgæft í framkvæmdinni. En hér þarf að komast ný skipan á. Það er fullkomið ósamræmi í þessum nokkuð löngu og ýtarlegu fyrirmælum um skýrslugjöf og fsp. og halda svo áfram þeirri venju, sem verið hefur varðandi fsp. og skýrslugjafir utan dagskrár. Mér er það ljóst um þetta eins og með útvarpsumr., að það er mjög hæpið að breyta þessu með einhliða meirihlutaákvörðun. Ég segi ekki, að það kunni ekki að því að koma, að slíkt sé réttlætanlegt. En það er hæpið, að slíkt eigi að gera, nema búið sé áður að reyna að fá um þetta samkomulag, til þess að koma betri skipan á störf þingsins. En ég tel, að mþn. hefði átt að sinna þessu atriði ýtarlegar en hún hefur gert.

Þá vil ég einnig minnast á það, sem ég lítillega drap á í fyrra við umr. um þetta mál, og það er, að ég tel, að betri skipan þurfi að koma á fyrirkomulag umr. Við vitum, að sá háttur hefur orðið, að jafnvel mikilsverð mál hafa oft verið til umr. stuttan tíma dag hvern dögum og vikum saman. Slíkt er í raun og veru ákaflega óeðlilegt. Það er langheppilegast að ljúka hverri umr. á sama degi eða á allra næstu dögum í beinu framhaldi og þjappa þannig saman umr. Með því fæst frekar líf í umr. Hún verður fréttnæmari fyrir aðra og leiðir frekar til þess, að umr. hafi einhverja þýðingu sjálf, heldur en ef sá háttur er á hafður, sem lengi hefur tíðkazt, auk þess sem þetta mundi setja skemmtilegri blæ á störf þingsins og verða til þess, að tími þm. nýttist betur en ella. Það má deila um, hvort þörf sé á beinni þingskapabreytingu til þess að koma slíku á. Sennilega er hægt að koma henni á með því valdi, sem forsetar hafa nú, með samkomulagi við alla þingflokka. En ég vil mjög eindregið beina því til hæstv. forseta, að að því verði unnið að taka upp í þessu skipulegri hátt en hingað til hefur verið.

Ég lét þess getið í fyrra og ítreka það nú, að ég hefði talið æskilegra, að mþn. hefði farið rækilegar ofan í þessi málefni en hún hefur gert, og beindi því þá til hennar, að hún héldi störfum sínum áfram. Nú hefur hún ekki gert það, heldur leggur frv. aftur fram óbreytt. Það verður þá að sjálfsögðu athugað hér í n. í Alþ. í vetur, og er ekkert við því að segja. En ég vil lýsa því yfir, að ég tel, að frv. leysi ekki þau höfuðverkefni, sem þarf að leysa til þess að fá betri skipan á þingstörf og réttari mynd gagnvart almenningi á því, sem hér gerist.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Þetta frv. til l. um breytingar á þingsköpum var hér til meðferðar í fyrra og einnig annað mál, sem snertir þessi efni óbeint, og það var breyting á kosningalögum. Í sambandi við umr. um það mál tók ég nokkurn þátt í því að ræða um starfshætti Alþ. og ýmislegt, sem mér fannst að þyrfti að breyta. Ég ætla ekki að endurtaka það nú og allra sízt vegna þess, að ég hef á sérstöku þskj. leyft mér að flytja till. til þál. um, að starfshættir Alþ. verði endurskoðaðir með þeim hætti, sem þar er nánar tilgreint. Ég vona, að ég komist bráðlega að í Sþ. til þess að gera grein fyrir þeim viðhorfum, sem liggja að baki þeirri þáltill. Ég ætla því ekki að ræða hér um öll þau atriði í sambandi við störf Alþ., sem mér finnst nauðsynlegt að ræða hreinskilnislega um og kryfja til mergjar. En margt af því er að mínu viti mjög aðkallandi.

Ég ætla aðeins að segja hér örfá orð út af þessu frv. um þingsköp Alþingis og halda mig algerlega við efni þess. Það, sem ég segi, verður að sumu leyti endurtekning á því, sem ég tók fram í fyrra við sama tækifæri, en það varðar fsp. og útvarpsumr., eiginlega sömu atriðin og hæstv. forsrh. ræddi hér áðan.

Ég vil fyrst segja um fsp., að það hefur illa mistekizt með þær. Þær áttu að verða góður liður í starfsemi Alþ., en það hefur mjög mistekizt. Ég álít, að það sé hæstv. ráðh. mest að kenna, að svo hefur farið, því að sá háttur hefur verið upp tekinn, að í stað þess að svara fsp. í stuttu máli og skorinort, sem oftast væri hægt, eru haldnar hér í sambandi við fsp.-svörin langar ræður, mjög langar ræður, langar skýrslur oft úr embættiskerfinu, eins og við vitum. Það er í sjálfu sér engin ástæða til þess að deila á ráðh. fyrir það, þó að þeir styðjist við upplýsingar úr embættiskerfinu, ef sett er í sómasamlegt form. En úr þessu hafa orðið langir fyrirlestrar af hendi hæstv. ráðh.

Það er alveg auðfundið, að ráðh. hafa fallið fyrir þeirri freistingu að nota nálega hverja einustu fsp. til þess að reyna að koma inn í þingfréttirnar svo og svo miklu af áróðri um þau efni, sem þeir eru að fást við. Það er auðvitað ekki nema mannlegt, að við reynum allir og alls staðar að koma við því, sem kalla mætti áróður, þ. e. a. s. ýtni fyrir okkar málstað og því, sem við erum að glíma við. En það verður að reyna

að setja þessu eðlileg og skynsamleg takmörk, og það er mjög ömurlegt, að svona hefur farið með þessar fsp.-viðræður, vegna þess að í öðrum þjóðþingum skilst mér, að þetta sé þýðingarmikill þáttur, þ. e. að spyrja stutt og fá stutt svör.

Þá er annað, sem hefur skemmt þennan þátt, og það er, að við höfum tekið upp á því, þm., að nota fsp. til þess að efna til almennra umr., en slíkt á alls ekki að eiga sér stað, og við höfum því ekki haldið okkur innan eðlilegra takmarka fremur en ráðh., að mínum dómi.

Ég mundi helzt vilja benda á að gera alls ekki ráð fyrir því, að aðrir þm. taki til máls í sambandi við fsp. en þeir, sem fsp. gera. Ég veit ekki, hvort hægt er að koma því við að taka þetta beint fram í þingsköpum, en a. m. k. að þetta yrði fastur siður, að einungis sá, sem fsp. gerir, taki þátt í umr. og ráðh. fyrir sitt leyti svari stutt. Og ef þeir treysta sér ekki til að svara beint, þá geta þeir líka svarað stutt út úr, eins og þar stendur, ef þeir telja sig endilega þurfa þess. Það er náttúrlega stundum, sem ráðh. eiga erfitt með að svara alveg beint, eins og maður veit, en þá er að svara stutt samt. Ég skal sem sagt ekki segja, hvort hægt væri að bæta úr þessu með þingskapaákvæðum, en þetta er orðið alveg óþolandi, og þetta er búið að eyðileggja gersamlega eða a. m. k. stórskemma fundina í Sþ. og verða til þess, að forsetar í Sþ. og aðrir eiga mjög erfitt með að koma málum að. Bókstaflega allur venjulegur fundartími í Sþ. fer í þetta þras fram og aftur um fsp. og þessar löngu skýrslur, sem ráðh. láta koma fram í sambandi við þær. Afleiðingin af þessu hefur orðið sú, eins og kunnugt er, af þessum sífelldu kappræðum í sambandi við fsp., að þáltill. og önnur málefni, sem eru lögð fyrir Sþ., komast ekki að mánuðum saman.

Ég beini því til manna að reyna að finna betri hátt á þessu, annaðhvort með því að gera ákvæði þingskapanna skýrari um þetta eða þá að reyna að skapa einhverjar skynsamlegar starfsvenjur. Við hljótum að geta það, ef við tölum hreinskilnislega um þetta og einsetjum okkur að bæta okkur í þessu. Við skulum gera okkur það ljóst, að við höfum allir brotið af okkur í þessu sambandi og fsp. eru orðnar allt annað en við vonuðum í upphafi að þær yrðu.

Þá vil ég víkja hér að útvarpsumr. og segja það sem mína skoðun, að mér finnst hæstv. forsrh. ekki sanngjarn, þegar hann ræðir um útvarpsumr. Við skulum gera okkur það ljóst, að útvarpsumr. eru eins konar þingmálafundir. Á bak við þær liggur sú hugsun, að menn komi fram í útvarpi og leggi málstað sinn fram og standi fyrir máli sínu í áheyrn alþjóðar og þetta sé gert af og til á þinginu. Útvarpsumr. eru settar upp eins og þingmálafundir voru áður, nokkuð svipað. Það er talað fyrir hvern flokk og síðan koma svör o. s. frv. Þessir þingmálafundir voru ákaflega nytsamleg fyrirtæki.

Útvarpsumr. eru settar upp eins og kappræður hér á Alþ., fara gjarnan fram, þegar eitthvað er sérstakt um að vera. Þær eru alls ekkert ólíkar því, sem hér gerist, t. d. þegar stór deilumál koma fram eða menn taka sig til og gera upp. Í sambandi við útvarpsumr. var náttúrlega mjög haft í huga, hvernig tíðkazt hafði að haga sér við gömlu eldhúsumr. hér í þinginu, sem við höldum enn, og þær eru útvarpsumr. Það var sem sé þetta, að stjórnarandstaðan deildi á ríkisstj. og stjórnin svaraði fyrir sig, og þetta vildu menn gjarnan láta þjóðina heyra.

Ég vil ekki segja, að útvarpsumr. hér á Alþ. hafi yfirleitt tekizt sérstaklega vel eða jafnvel eins og þær hefðu þurft að takast. T. d. er það ákaflega áberandi í útvarpsumr., og þar er enginn undanskilinn, að menn eru nálega hættir að svara. Upphaflega voru útvarpsumr. hérna þannig, að menn svöruðu gjarnan næsta ræðumanni á undan og svo koll af kolli, eins og gerist á góðum fundi, en nú er þetta meira orðið þannig, að menn semja nálega allar ræður heima hjá sér fyrir fram, og satt að segja kemur sumt af því, sem sagt er, nálega eins og skrattinn úr sauðarleggnum fyrir bragðið. Á þessu verður ekki það kappræðu- eða fundarsnið, sem ætti að vera og þyrfti að vera. En þetta er okkur sjálfum að kenna, en ekki vegna þess, að þetta fyrirkomulag, þessar kappræður í útvarp ættu að þurfa að kalla á þennan starfshátt. Það ætti að vera hægt að hafa á þessu svipaðan hátt og öðrum umr. hér í þinginu, að þetta væru raunverulega rökræður fram og aftur um málin.

Þetta eru oft eldhúsumr., sem þarna eiga sér stað, og kæmu fram svör og andsvör með eðlilegri hætti en tíðkazt hefur æðilengi, þá hygg ég, að við stæðum betur í þessu og mundu þá fleiri hlusta á útvarpsumr. en nú. Enn fremur hafa þessar umr. oftast staðið of lengi, hafa verið tvö kvöld, sem er óþarflega fyrirferðarmikið og leiðigjarnt og venur menn á endurtekningar. Það er alveg vorkunnarlaust fyrir menn að láta öll aðalatriði koma fram á einu kvöldi.

Ég tel mjög mikla áhættu í því fyrir Alþ. og þjóðmálalíf í landinu að láta þessar umr. falla alveg niður, því að satt að segja er það nú orðið mjög fágætt, að þjóðin hafi tækifæri til þess að koma á reglulegan þingmálafund eða hlýða á kappræður, eins og áður var mjög algengt, þar sem slíkir fundir voru haldnir víðs vegar um allt landið með tiltölulega stuttu millibili. En nú potar hver orðið nálega í sínu horni og kallar á sína menn til þess að hlusta á sig. Þetta er í raun og veru hin mesta afturför frá því, sem áður var, og ég held, að útvarpsumr. hér frá Alþ. séu þó til þess, að menn eigi kost á því, þótt mjög sjaldan sé, að heyra þjóðmálin kapprædd, og það ætti að vera í svipuðum stíl og tíðkaðist á hinum almennu þingmálafundum áður og tíðkast í hinum

almennu kappræðum í þinginu, sem hér fara fram, þegar stórmál eru á döfinni.

Ég tel að vísu, að forsrh. hafi dálítið fyrir sér í því, að þessar útvarpsumr. hafa orðið í meðförunum hjá okkur hálfgerðar gerviumræður að þessu leyti til, að það er allt of mikið fyrir fram smíðað í þeim og þetta verða ekki svör og andsvör, eins og þyrfti að vera, ef nógu vel væri á þessu haldið. Og það sama má kannske segja um þingræður hér nú orðið yfir höfuð, að það er allt of mikið af þeim orðið skrifað fyrir fram og undirbúið, en of lítið um raunverulegar kappræður eða „diskution", og það má vera, að útvarpsumr. séu að þessu leyti ekki alveg eins röng mynd af þeim ræðuhöldum, sem hér eru orðin, eins og hér hefur komið fram frá forsrh. Menn ættu að reyna að færa útvarpsumr. í betra horf, en ekki leggja þær niður.

Ég tel mjög mikið til bóta það, sem hér er ákveðið í frv., að þær umr. skuli aldrei standa lengur en eitt kvöld. Ég held, að það mundi hafa afar góð áhrif á umr. og skynsamlegt að takmarka þær á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir í frv. Ég er ekki talsmaður þess, að þær verði lagðar niður.

Við skulum segja, að menn hefðu mikla tilhneigingu til þess að taka rök forsrh. til greina um þetta og reyna að fá á þetta skemmtilegra snið og það, sem hann kallar eðlilegra snið. Þá kemur þessi spurning: Hvernig á að koma því fyrir, að slíkar umr. verði teknar í sjónvarp og útvarp með eðlilegum hætti og það sé þá með fullu jafnræði? Ég hef aldrei séð neinar till. um það, sem mér finnast vera sérstaklega traustvekjandi, að út úr því kæmi jafnrétti, sem þarf að hafa góða gát á í þessu sambandi.

Ég hef lesið nokkuð um það, sem n. upplýsir um það, hvernig þetta er haft annars staðar, og mér finnst það ekki reglulega traustvekjandi. Væri t. d. hægt að eiga það algerlega undir öðrum, án þess að nokkrar reglur væru á Alþ. sjálfu um það, hvernig umr. væru teknar upp á Alþ. í útvarp og sjónvarp? Ég er ekki reiðubúinn til þess að fallast á það, en álít, að þetta sé skref í rétta átt, sem hér kemur fram í frv. um útvarpsumr.

Loks vildi ég mjög óska eftir því, að nm. gerðu sér grein fyrir því, hvernig þeir vilja láta sjónvarp koma inn í þingstarfið, að þeir vildu ganga nánar í það en kemur fram enn sem komið er í sambandi við málið. Ég álít, að það þurfi að leggja talsvert mikla vinnu í það mál og að fulltrúar frá forsetum og flokkum beri ráð sín saman um það, hvernig þeir telja eðlilegt, að sjónvarpið komi inn á Alþingi. Það er nokkuð vikið að þessu í sambandi við málið, en ekki nægilega.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég var einn þeirra alþm., sem voru í þeirri mþn., sem undirbjó þetta frv., og vildi því segja hér örfá orð um þær aths., sem hér hafa komið fram, einkum frá hæstv. forsrh. Mér finnst afstaða hans til þessa frv. vera furðulega neikvæð, og ég skil ekki í raun og veru hans afstöðu, því að ég held, að það verði erfitt að deila um það, að í frv. eru ýmis ákvæði, sem ég ætla, að nálega allir þm. hljóti að vera sammála um, að séu mjög til bóta frá því, sem er að finna í gildandi þingsköpum, — atriði, sem mundu greiða fyrir þingstörfum á ýmsan hátt, gera þau hraðvirkari og eðlilegri. Þessi atriði er öll hægt að afgreiða og sjálfsagt að afgreiða og engin ástæða til þess að draga hér þing eftir þing að afgreiða a. m. k. þau atriði úr þessu frv.

En þá vildi ég víkja að þeim aths., sem einkum hafa komið hér fram frá hæstv. forsrh., sem varða m. a. útvarpsumr. frá Alþ. Það er rétt, að eins og segir í grg. frv., eru þessar till. miðaðar við það, að þær nái aðeins að því marki, sem hægt var að fá fullt samkomulag um innan n., og ég tók svo eftir, að hæstv. forsrh. væri í raun og veru á þeirri skoðun líka, að það væri varla rétt, a. m. k. ekki á fyrsta stigi málsins, að ganga öllu lengra til þess að breyta þingsköpum varðandi þetta mikilvæga atriði en að því marki, sem flokkarnir gætu fallizt á. En þá er aðeins um það að spyrja: Eru þá þessar till. ekki í rétta átt einnig varðandi þetta atriði, um útvarpsumr. frá Alþ.?

Í frv. er lagt til að leggja niður þær útvarpsumr. frá Alþ., sem skyldaðar eru samkv. þingsköpum, sem eru fjárlagaumr., þegar fjárlagafrv. í byrjun þings er lagt fram, sem alveg tvímælalaust eru þær umr. eins og nú er komið, sem eru óeðlilegastar sem útvarpsumr. frá Alþ. Þær eru þannig, að fjmrh. flytur þá jafnan langa skýrslu, einn klukkutíma eða 1½ klukkutíma, mikið talnaflóð, og síðan koma ræður frá hverjum þingflokki, hálftíma ræða frá hverjum þar á eftir og síðan 15 mínútna svarræða aftur frá fjmrh. Þetta eru mjög langdregnar umr., þunglamalegar, og ég hygg, að flestallir þm., ef ekki allir, séu á þeirri skoðun, að það beri að breyta þessum umr. Þetta urðum við sammála um í þessari n., að leggja til að fella þær umr. niður. Þetta tel ég fyrir mitt leyti spor í rétta átt. Hins vegar töldum við ekki óeðlilegt, m. a. vegna þess háttar, sem þá hafði verið tekinn upp á nokkrum þingum, að það yrðu stuttar útvarpsumr. í upphafi hvers þings, þar sem m. a. forsrh. gerði í stuttu máli grein fyrir stefnu ríkisstj. og aðrir þingflokkar fengju þar stuttan tíma til þess að lýsa afstöðu sinni. Þetta sýndist okkur vera mjög eðlilegt, að í upphafi hvers þings færu fram svona tiltölulega stuttar umr. í útvarpi frá þinginu. Og ég er enn á þeirri skoðun, að það sé varla hægt að ganga lengra en svo, um leið og þær umr., sem nú hafa verið lengi sem útvarpsumr. frá þinginu, fjárlagaumr., eru lagðar niður, að þá sé rétt, að svona stuttar umr. komi í staðinn.

Þá er haldið því atriði, að hægt sé að krefjast þess, að það fari fram útvarpsumr. um mál, sem

lagt er fram í þinginu, en ræðutími er styttur frá því, sem verið hefur. Ég fyrir mitt leyti er ekki á þeirri skoðun, að við eigum að fella niður þann rétt þm. og þingflokka, að þeir geti óskað eftir því, að útvarpað verði umr. frá Alþingi um tiltekin mál, sem lögð eru fyrir þingið. Þetta er mjög þýðingarmikill réttur, að þegar mál er lagt fyrir þingið, þá sé hægt að fá umr. um það tiltekna mál, og reynslan hefur verið sú, að það er ekki beðið um slíkar umr., nema um býsna stór mál sé að ræða. En hins vegar varð n. sammála um það að stytta þennan umræðutíma í útvarpi frá því, sem verið hefur. Er t. d. hæstv. forsrh. á þeirri skoðun, að það ætti að taka þennan rétt af með öllu, að þm. eða þingflokkar hafi ekki áfram rétt til þess að óska eftir útvarpsumr. um tiltekin mál, sem lögð eru fyrir þingið, að það ætti að fella þetta alveg niður? Ég er ekki í neinum vafa um það, að þeir þm. eru býsna margir, sem telja þetta ekki fært. Við komumst að þeirri niðurstöðu, eftir að hafa rætt málið allmikið í þessari mþn., að það væri ekki fært að taka þennan rétt af þm. eða þingflokkum.

Það er svo ekkert um það að villast, að í okkar till. er miðað við það að gera t. d. hinar löngu eldhúsdagsumr., sem þingflokkar geta krafizt að séu í framkvæmd miklu lengri en þær hafa verið í reynd nú um langan tíma, — við vildum breyta þingsköpum þannig, að þessum umr. yrði breytt í almennar stjórnmálaumr., sem færu fram á seinni hluta þings, og styttar til mikilla muna frá því, sem verið hefur, eða m. ö. o. að gera ráð fyrir þessu, að í byrjun þings færu fram stuttar umr. í stað langra, sem nú eru, og að á seinni hluta þings eða í þinglok færu fram almennar stjórnmálaumr., líka miklu styttri en eldhúsdagsumr. eru nú, og áfram yrði haldið þessum rétti fyrir þm. og þingflokka, að biðja um útvarpsumr. eða fá útvarpsumr. um málefni, sem lögð eru fyrir þingið, en þó væri sem sagt umræðutíminn miklu styttri en hann hefur verið.

Ég efast um, að það sé auðvelt að fá hér sæmilegt samkomulag á Alþ. um að ganga öllu lengra en þetta í þessa átt, a. m. k. á fyrsta stiginu. Það kann að vera, að þessu verði þá aftur breytt, áður en langt um líður, en það er þá líka auðvelt fyrir Alþ. að breyta þessum þingsköpum, þegar skoðanir eru orðnar uppi um annað.

Þá var annað atriði, sem hæstv. forsrh. gerði hér nokkuð að umtalsefni, en það eru ákvæði í þingsköpum um fsp. á Alþingi. Ég held, að það sé enginn vafi á því, að þær breytingar, sem n. leggur til, að teknar verði upp varðandi fsp. á Alþ., eru mjög til bóta. Með þessu er gert ráð fyrir því að flokka þetta meira niður í tvær óskyldar aðferðir til þess að afla upplýsinga á Alþ. Annars vegar er gert ráð fyrir stuttum og hnitmiðuðum fsp., sem ætlazt er til beinlínis samkv. þingsköpum að ráðh. eigi að geta svarað í örstuttu máli, og hann fær ekki nema stuttan ræðutíma til þess að svara, hann fær enga aðstöðu til þess að halda þar langa ræðu. Hins vegar er gert ráð fyrir því, m. a. í samræmi við þá reynslu, sem hér hefur orðið, að ráðh. geti flutt Alþ. skýrslu um heilan málaflokk. Ef t. d. ráðh. vill flytja Alþ. skýrslu, eins og komið hefur fyrir, við skulum segja um ástand almennt í fræðslumálum landsins, sem er ekkert smáræði að ræða um, þá sé gert ráð fyrir því, að ráðh. geti gefið slíka skýrslu, og þá verði ekki tekin um hana nein sérstök ákvörðun undir þeim dagskrárlið. Og einnig er þá gert ráð fyrir því, að alþm. geti, ef þeir setja fram kröfur um það nægilega margir, óskað eftir því, að ráðh. geri þinginu grein í skýrsluformi fyrir slíkum stærri málaþáttum. M. ö. o.: nokkrir þm. geta óskað eftir því, að ráðh. gefi þinginu skýrslu um heilan málaflokk, en það sé ekki verið að blanda þessu saman, eins og nú hefur orðið í framkvæmd, inn í hinn almenna fsp.-tíma. Það er kannske af hálfu þm. spurt þannig, að það er ekki auðvelt að svara því í hnitmiðuðu máli, en ráðh. virðist gjarnan grípa tækifærið og flytja sem svar við fsp. í fsp.-tíma langa almenna grg. eða ræðu.

Ég held, að menn muni komast að þeirri niðurstöðu við nánari athugun, að þessar till. mþn. til breytinga á þessum málaflokki eru mjög til bóta frá því, sem verið hefur. Það getur vel verið, og ég efast ekkert um það, að það megi bæta þarna enn um, en það ætti ekki að vera þá ofvaxið fyrir þær þn., sem fjalla hér um málið, að bæta þarna nokkuð úr. Mér finnst því, að þær aths., sem ég hef hlustað hér á frá hæstv. forsrh. við þessi tvö meginatriði, séu ekki þess eðlis, að þær séu sannfærandi til þess, að við eigum að láta málið niður falla eða láta það liggja, eins og gert hefur verið.

Þá hefur hæstv. forsrh. einnig minnzt á það í þessu sambandi, — ég skildi hann eiginlega þannig, að hann vildi eiginlega helzt af öllu láta taka það skýrt fram, að fsp. utan dagskrár, sem hér hafa þekkzt um langan tíma, væru þá aflagðar með öllu, þær væru nánast bannaðar. Það tel ég fyrir mitt leyti alveg óeðlilegt. Hinar skriflegu fsp., sem lagðar eru fyrir ráðh., eru allajafna og eðli málsins samkv. til þess að fá upplýsingar um einhver tiltekin atriði, sem ráðh. fær þá venjulega úr sínu rn., en fsp., sem gerðar eru utan dagskrár, eru um einhver málsatvik, sem orðið hafa til skyndilega og eru þess eðlis, að það þarf að fá upplýsingar um þau strax á stundinni eða svo að segja. Gerist einhver stórþýðingarmikill atburður hér í kringum okkur, þá er ekki nema eðlilegt, að alþm. hafi rétt til þess utan dagskrár á þingi að spyrja ríkisstj. um það eða viðkomandi ráðh., hvað sé fyrirhugað að gera í tilefni af einhverju slíku, en alveg óeðlilegt að fara að flytja um það skriflega fsp., sem síðan á að þvælast í þinginu í marga daga eða heila viku. Þessi réttur hefur verið veittur þm. hér í framkvæmd um langan tíma, og það hefur alltaf þótt eðlilegt, að það mætti spyrja

ráðh. eða ríkisstj. í slíkum tilfellum, og ég fyrir mitt leyti er því algerlega andvígur, að það séu sett inn einhver ákvæði í þingsköp um að banna það með öllu, enda held ég, að það væri alveg þýðingarlaust, því að ég held, að slíkar fsp. mundu þá bara koma fram í ræðum manna svo að segja í gegnum hvaða mál sem væri á dagskrá fyrir.

Ég get sem sagt vel skilið það, ekki sízt þegar ég hugsa til þeirra umr., sem fóru fram hjá okkur í þessari mþn. um þessi mál, að hæstv. forsrh. o. fl. komi margt í hug í sambandi við þessi mál og þeim detti í hug, að það mætti skipa þarna ýmsum málum á annan veg en okkur hefur sýnzt í n., að bezt væri. Það get ég mætavel skilið og efast ekkert um það, að hann og fleiri þm. geta komið með ýmsar ábendingar, sem gætu gert þingsköpin betri en hér er lagt til að gera þau. En ég sé ekki, að þessar aths., sem fram hafa komið, séu þess eðlis, að það sé ástæða þeirra vegna að hverfa frá því, að þetta frv. geti fengið hér eðlilega afgreiðslu í þinginu og það verði samþ. a. m. k. þær breytingar á gildandi þingsköpum, sem greinilegur vilji alþm. er fyrir að gera. Ég fyrir mitt leyti mæli því með því, að sú þn., sem fær þetta mál til athugunar, ef málið fer hér til sérstakrar n. til athugunar, sem það hlýtur að gera, að hún reyni nú að þoka þessu máli áfram, svo að hægt verði að afgreiða það á þessu þingi.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að lýsa undrun minni yfir ummælum hv. síðasta ræðumanns, hv. 4. þm. Austf., um það, að hann kvartar annars vegar undan of löngum tíma, sem fari í fsp., og vill setja allstrangar reglur til þess að stytta þann umræðutíma, þó að það sé hins vegar rétt, sem hv. 1. þm. Austf. sagði, að þessar reglur nægja í raun og veru ekki til þess, en sá er samt tilgangurinn með þeim, — ég get ekki látið hjá líða að lýsa undrun minni yfir því, að það skuli vera lögð mikil vinna í að finna slíkar reglur, en hitt skuli vera látið alveg athugasemdalaust, að halda þeim hætti, sem verið hefur, að hægt sé að koma og spyrja um hvaða málefni sem er og hvernig sem á stendur utan dagskrár og ætlast til svars, þó að oft sé þannig málum háttað, að ekki sé unnt að gefa svör nema að athuguðu máli. Í þessu er fullkomið ósamræmi. Og það er þá alveg eins hægt að láta það vera alveg opið, að fsp. sé hægt að bera fram, hvenær sem er, undir hvaða atvikum sem er. Ég veit ekki til þess, að þessi háttur tíðkist í öðrum þjóðþingum. Ef svo er, væri fróðlegt að fá það upplýst. Mér er ekki kunnugt um það. En það er vitað mál, að oft hafa heilir fundir hér farið í þóf út af slíkum fsp., og það er auðvitað algerlega út í bláinn að hafa strangar reglur, sem takmarka málfrelsi þm. um venjulegar fsp., sem eru þó bornar fram á tilbærilegan hátt og búið er að leggja vinnu í að svara, en ætla svo að hafa hitt alveg reglulaust, að hægt sé að bera fram fsp. og síðan sé ráðizt á ráðh., ef hann er ekki viðbúinn að svara jafnvel hinum flóknustu málum, sem dettur í þm. að varpa inn í þingið undirbúningslaust með þessum hætti.

Því fer svo fjarri, að það vaki fyrir mér að draga úr möguleikum almennings til þess að fylgjast með þingstörfum, að ég legg einmitt ríka áherzlu á það, að mínar hugmyndir í þessum efnum ganga í þveröfuga átt.

Hv. 1. þm. Austf. spurði, hvernig væri hægt að koma því fyrir að láta — mér skildist bæði útvarp og sjónvarp fylgjast með á annan veg en þann, sem gert er með því að útvarpa umræðum. Nú er það þannig þegar, að allt er tekið á segulband, sem hér er talað, og víst ætti það að vera mögulegt og án þess að veruleg hlutdrægni kæmist þar að, að einu sinni í viku, einu sinni í mánuði eða hvenær sem menn vildu væri tekið það, sem hér er sagt og sérstaka þýðingu hefur, og almenningi gefinn kostur á að fylgjast með því. Ég teldi það til bóta, ef það væri gert vikulega. Það má ekki fara allt of langur tími í það, þannig að almenningur verði ekki leiður á því, en þá fer ekki á milli mála, hvað hér er raunverulega sagt og með hverjum hætti. Eins legg ég áherzlu á, að þar sem sjónvarp hefur verið tekið upp, — og mér er það ljóst, að það eru vissir annmarkar t. d. í okkar þröngu húsakynnum að koma sjónvarpi að að staðaldri, en annars staðar hefur þetta tekizt þannig, að ekki er undan kvartað. Og hví skyldum við telja víst, að hér væru lakari fréttamenn og hlutdrægari en í öðrum löndum, þar sem þetta hefur tekizt vel? Það er einnig vitað um ýmis mál, að þau hafa almenna þýðingu og vekja almenna eftirtekt. Um önnur mál er það svo, að enginn veit fyrir fram, hvenær um þau verða miklar umræður, sem eru líklegar til þess að vekja áhuga manna, og þá er erfitt að koma sjónvarpi við. En þá er hægurinn hjá að velja úr á segulbandi það, sem sérstaka þýðingu hefur.

Það er rétt, sem hv. 1. þm. Austf. sagði, að að vissu leyti koma þessar útvarpsumræður í staðinn fyrir þingmálafundina gömlu. En hann er mér einnig sammála um, að þetta form, miðað við nútímahætti, er orðið of þungt í vöfum, og hann viðurkenndi einnig, að umræðurnar eru meira og minna tilbúnar. Slíkum umræðum er hægt að koma fyrir á milli flokka, þó að þær séu ekki dregnar inn í sjálft Alþingi. Nú þegar sjónvarp er komið og eftir tiltölulega skamman tíma nær um svo að segja allt landið, er auðvitað ekkert því til fyrirstöðu, að fyrirsvarsmenn flokka fái einhvern tíma í sjónvarpi, undir stjórn fulltrúa sjónvarpsins, til þess að vera í kappræðum þar, ef svo vill verkast, eða láta uppi álit sitt á ýmsum efnum, þannig að ólíkar skoðanir og viðhorf manna komist þannig fram og menn geti fylgzt með því á hverju heimili í landinu. Einmitt ef menn eru spurðir þannig, eins og tíðkazt hefur hér í spurningatímum sjónvarpsins, verða menn að svara því,

sem um er verið að ræða, en koma ekki með skrifaðar ræður, oft út í hött, eins og hv. 1. þm. Austf. réttilega benti á, að er allt of mikið einkennandi fyrir þessar útvarpsumræður, sem hér hafa tíðkazt. Ég hygg, að a. m. k. enn hafi það mælzt vel fyrir, þegar menn koma frá ýmsum flokkum og leiða saman hesta sína í sjónvarpi og verða þar að svara hver öðrum þegar í stað, eftir því sem atvik standa til. Það er einnig vitað, að í öðrum löndum er það ekki einungis, að menn leiði saman hesta sína, fulltrúar flokkanna, heldur eru þeir þar undirseldir eða ofurseldir spurningum frá fréttamönnum, að því er ég hygg völdum þannig, að öll sjónarmið komist að í spurningatíma, sem játað er af öllum, að ef til vill hafi meiri áhrif t. d. á kosningar en flest annað, sem í kosningahríðinni kemur fram. A. m. k. sænsku þm. sögðu nú, þ. á m. forsætisráðherrann, Erlander, að það hefði verið harðasta raunin, sem hann lenti í í allri kosningahríðinni, að svara slíkum spurningum. Ég er ekki að telja eftir þm. og þeim, sem eru í fyrirsvari fyrir flokka, að ganga undir slíka eldraun, þvert á móti.

Ég hygg, að við eigum að ætla okkur það sama í þessu eins og menn verða að gera í öðrum þjóðþingum og annars staðar þar, sem stjórnmálabaráttan er háð, en ekki loka okkur inni í gömlu kerfi, sem ég skal ekki segja, hvort átti rétt á sér á sínum tíma eða ekki. Ég hef raunar alltaf talið frá því fyrsta, að þetta fyrirkomulag væri óheppilegt og væri til þess lagað að skapa minnkandi virðingu fyrir Alþingi og gefa mönnum rangar hugmyndir um störf hér. En látum það vera. Nú er komin önnur tækni og aðrir möguleikar en þá var og auðveldara að koma fram skoðun manna, þannig að menn geti fylgzt með á hverju heimili í landinu, heldur en áður var, og við eigum ekki að vera hræddir við að hafa sams konar hátt á því og aðrir selja sig undir, að upp sé tekið það, sem hér er talað, oft undirbúningslaust, og almenningur eigi þess kost að hlusta á þær raunverulegu umræður, eftir atvikum sjá þær raunverulegu umræður, og að menn séu leiddir upp í sjónvarp, þegar þannig stendur á, og látnir þar standa fyrir máli sínu, en umræður í Alþ. fái svo að vera eftir því hefðbundna formi, sem í þjóðþingum tíðkast, ótruflaðar af því að reyna að gera þær frekar að áróðursfundum en efni standa til.

Það er algerlega rangt hjá hv. 4. þm. Austf., að ég sé á móti því, að þetta frv. sé afgreitt í heild. Ég hef þvert á móti lýst því yfir bæði á þinginu í vetur sem leið og nú aftur, að flest í frv. hygg ég að sé ágreiningslaust. Það er að vísu svo, að flest af því hefur tiltölulega sáralitla þýðingu, það er annað mál, en flestum ákvæðum frv. er ég sammála. En það eru nokkur meginatriði frv., sem ég tel að þurfi að athuga betur. Og það má ekki segja, að vegna þess að ég hef sagt, eins og hv. 4. þm. Austf. einnig segir, að það eigi helzt ekkert að afgreiða nema það, sem almennt samkomulag er um, að þá eigi að afgreiða einmitt það, sem hann telur sér henta, og ekki megi gagnrýna það. Því aðeins geta menn orðið sammála, að menn gefi sér tíma til þess að ræða um þau málefni, sem hér eru gerðar tillögur um og eru engan veginn lítilmótleg. Þetta er ekki eingöngu varðandi fundarsköp, heldur afgreiðslu mála í heild og hvaða svip þingið fær gagnvart þjóðinni. Það hefur þess vegna raunverulega mjög mikla þýðingu, að menn gefi sér dagstund til þess að ræða um það í alþjóðaráheyrn, og er furðulegt, að hv. þm. skuli koma fram með gagnrýni á því, að ekki sé hiklaust gleypt allt það, sem honum kann að detta í hug í þeim efnum.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Mér sýnist það nú tilhlýðilegt, að fleiri þm., auk frsm., en flokkaformenn einir taki þátt í þessum umræðum, því að mála sannast er það, að þingsköpin og gerð þeirra varða ekki eingöngu þingflokkana, heldur hvern einasta þingmann í þessum sölum. Það varðar hvern þm. miklu, hvaða möguleika þingsköpin ákveða varðandi þingstörf.

Ég ætla ekki að taka þátt í þeim deilum, sem virðast vera hér uppi um einstök atriði í því frv., sem fyrir liggur, sem vera má að séu ekki heldur stórvægilegar. Aðeins vil ég segja það út af ræðu hæstv. forsrh., að ég fæ ekki séð, að það, sem hann sagði áðan um fyrirkomulag kosningaumræðna í öðrum löndum, t. d. í Svíþjóð, varði í raun og veru þetta mál, sem hér liggur fyrir. Hér er verið að ræða um þingsköp Alþingis. En þó að ekkert sé í þingsköpum Alþingis um slíkar umræður, sem hann var að minnast á í kosningum erlendis, er það vitanlega hverju sinni á valdi útvarps og þátttakenda í kosningum að taka upp það fyrirkomulag t. d. á kosningaumræðum, sem þeim sýnist hverju sinni, og vafamál, að slíkt eigi heima í þingsköpum.

Þáltill., sem samþykkt var 29. apríl 1966, er um það, að Alþ. kjósi mþn. og að þeirri mþn. skuli falin endurskoðun gildandi l. um þingsköp Alþingis. Í þessari ályktun er ekki vikið að neinu sérstöku, sem n. sé ætlað að endurskoða, ekki bent á neitt sérstakt, sem þingið, þegar það gerði þessa ályktun, telji ástæðu til að sé sérstaklega fjallað um í þessari n., heldur fjallar ályktunin um almenna endurskoðun þingskapa, en þingsköpin eru, eins og hv. þm. er kunnugt, allmikill lagabálkur í 6 köflum og 64 gr. Nú veiti ég því athygli í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, að till. n. virðast aðallega fjalla um afmarkaða kafla eða mjög fáar greinar þingskapanna. Þær fjalla um fyrirspurnir á Alþ. og um útvarpsumræður, þ. e. a. s. um það, hvernig þingið skuli snúa ásjónu sinni að þjóðinni við sérstök tækifæri. En um önnur atriði þingskapanna er yfirleitt lítið fjallað í þessu frv. Nú langar mig til að spyrjast fyrir hjá formanni og frsm. n., sem mér virðist raunar að sé ekki hér í salnum, en hæstv.

forseti gæti kannske séð um það, að hann væri hér. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. ræðumann um að nota tíma þingsins, en frsm. vék sér úr salnum og kemur eftir örskamma stund aftur.) Já, það er sjálfsagt að verða við tilmælum forseta um það, en ég hafði ætlað að beina fyrirspurn til hv. frsm. mþn., og ég sé nú, að hann er kominn í salinn. Þess vegna vil ég nú, af því að hann var ekki hér áðan, þegar ég hóf mál mitt, endurtaka það, að ég rifjaði það upp, að mþn. hefði á sínum tíma, 29. apríl 1966, verið falin endurskoðun gildandi laga um þingsköp Alþingis. En ég sagðist hafa veitt því athygli, að brtt. n. fjölluðu um tiltölulega afmarkaðan hluta þingskapanna og þá aðallega um útvarpsumræður frá Alþ. og um fsp. Nú vildi ég spyrjast fyrir um það hjá formanninum, hvort þessi almenna endurskoðun allra þingskapanna hafi farið fram í n. Og í því sambandi vil ég einnig spyrja um annað. Það má skilja á frv. og hefur enda komið fram hér í umræðum, að frv. sé ekki annað en það, sem allir nm. hafi orðið sammála um. Því vil ég spyrja, hvort ekki hafi komið fleiri till. fram í n. en þær, sem n. varð sammála um, og hvort slíkar till., ef þær hafa komið fram, séu ekki aðgengilegar fyrir þm. eða þá n., sem fær þetta mál til meðferðar, t. d. í nál. eða í fundargerðum n. Það gefur mér sérstakt tilefni til þess að spyrja um þetta, hvort þingsköpin í heild hafi ekki verið endurskoðuð í n., að ég hef fyrir löngu tekið eftir dálítið áberandi vansmíði á þingsköpunum, sem hefur ef til vill ekki í upphafi verið vansmíði, heldur orðið það vegna málsmeðferðar, sem tíðkazt hefur í þinginu. Ég nefni þetta sem dæmi, en það er í því fólgið, að í sameinuðu þingi starfa nefndir, sem ekki eru nefndir sameinaðs þings skv. þingsköpum, heldur deildanefndir, og þessar deildanefndir gefa út í tilteknu máli nál., sem er þskj. í Sþ. Ég á hér við samgmn. d., sem gefa út við meðferð fjárlaganna nál. í Sþ. Mér sýnist, að það hefði verið alveg sjálfsagt, um leið og þingsköpin í heild voru endurskoðuð, að þessu atriði væri gefinn gaumur og ráðin þar bót á, þannig að veruleikinn stangist ekki á við ákvæði þingskapanna, því að það er óþarfi að láta það vera svo til frambúðar, þegar þingsköpin eru endurskoðuð. Ég nefni þetta dæmi því til skýringar, hvers vegna ég ber fram þessa fsp. um það, hvort þingsköpin í heild hafi verið endurskoðuð, en að öðru leyti ætla ég ekki að hafa um þetta mál fleiri orð.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð til þess að koma í veg fyrir, að ég væri misskilinn.

Hæstv. forsrh. ræddi nokkuð áfram um útvarpsumræður, sem honum finnst ekki heppilegt fyrirkomulag og vill nema í brott, en það vil ég ekki, heldur vil ég fallast á till. n. um að stytta þessar umræður. Ég álít, að með því sé líklegt, að þær taki stórfelldum endurbótum. Hæstv. ráðh. sagði, að við yrðum að taka upp nýtízkulega hætti í þessum efnum og notfæra okkur sjónvarp og útvarp með nýstárlegu móti, svipað og aðrir gera. Ég tek fullkomlega undir þetta og tel mig allra manna ólíklegastan til þess að hafa áhuga á því að loka mig inni í einhverju gömlu kerfi í þessu efni. Ég hef tröllatrú á því, að sjónvarp geti komið hér að miklu liði, og hef ætíð haft, síðan ég fór fyrst að hafa spurnir af því, hvernig það er notað annars staðar, og tel, að það verði að koma í vaxandi mæli inn í þessi störf. En samt sem áður vil ég ekki sleppa útvarpsumræðum, þ. e. a. s. kappræðunum frá Alþingi, að þær komi einstöku sinnum og þá þannig, að fullt jafnræði sé á milli flokkanna og það sé tryggt í sjálfum þingsköpunum.

Ég var að rifja það upp fyrir mér, á meðan hæstv. ráðh. var að tala, hvernig þetta er á Norðurlöndum, eftir upplýsingum nefndarinnar, og þá sé ég t. d., sem er mjög athyglisvert, að í Danmörku, þar sem þessi mál eru með heppilegu sniði, býst ég við yfirleitt, er tvisvar, þrisvar sinnum á ári hljóðvarpað umræðum heil kvöld. Þetta ætla ég, að sé mjög svipuð stefna og hér hefur tíðkazt, nema ég geri ráð fyrir því, að tveggja kvölda umræður séu þá ekki tíðkaðar þar, en nú er einmitt meiningin að afnema þær, og hef ég lýst skoðun minni á því. Aftur á móti er sagt frá því, að í Svíaríki og Finnlandi séu umræður þannig fluttar áleiðis, að það sé valið úr ræðum manna, en þá segir t. d. um Finnland, að venja sé, að menn fái sjálfir að ráða, hvaða brot úr ræðum þeirra séu tekin, o. s. frv. En það kemur ekki alveg greinilega fram í því, sem sagt er um önnur Norðurlönd, hvort þar eru höfð afskipti af því af þingsins hálfu, að jafnræði sé í kappræðunum, en það tel ég hina mestu nauðsyn, og það sé alls ekki æskilegt að kasta sér alveg yfir í það að láta aðrar stofnanir algerlega ráða þessu. Það getur verið ágætt, að útvarp og sjónvarp hafi talsvert frelsi í þessu, en samt hygg ég, að skynsamlegra sé að hafa einhverjar umræður, sem eru eftir föstum reglum og þar sem fullt jafnrétti er hreinlega tryggt, eins og hér hefur verið í útvarpsumræðum, það sé ekki hyggilegt að sleppa því.

Ég vil alls ekki gera lítið úr því, að útvarp og sjónvarp geri sér far um hlutleysi í þessum efnum, en það er ákaflega vandasamt að synda hér á milli skers og báru, og það er alls ekki því að leyna, að okkur í stjórnarandstöðunni finnst það mikill ágalli, hvað t. d. útvarpinu finnst það vera miklu fréttnæmara, sem ráðherrar segja, heldur en það, sem við segjum. Þetta er kannske ekki nema mannlegt, en þetta er dálítið hættulegt. Ég held, að það séu engar aðdróttanir í því að segja, að það sé nokkuð augljóst, að starfræksla útvarpsins, og þá meina ég hljóðvarpsins, varðandi fréttaflutning í pólitískum efnum ber það alveg eindregið með sér, að í þeirri stofnun álíta menn það meiri fréttir, sem ráðherrarnir segja, og það

er kannske dálítið vorkunnarmál, því að þeir eru oft að segja frá einhverjum beinum framkvæmdum, sem þeir hafa í huga að gera eða hafa verið gerðar, en stjórnarandstaðan, sem ekki kemur sínum málum fram, er meira að segja frá sínum hugmyndum og flytja till. um ýmislegt, sem menn hafa stundum ekki mikla trú á að komi til framkvæmda strax. Þarna þykir þessari stofnun áreiðanlega mikill munur á fréttagildi, sem verður til þess, að það er margfalt meira sagt frá því, sem ráðherrar hafa fram að færa, en aðrir, t. d. hliðstæðir menn úr stjórnarandstöðunni. Á þessu ber dálítið í þingfréttunum að sjálfsögðu, og dreg ég þó ekki í efa, að þeir, sem starfa að þeim, leggja sig mjög fram, en þetta er nú einu sinni svona.

Sérstaklega ber mikið á þessu í öðrum fréttum en þingfréttunum, því að þingfréttirnar eru miklu betri í þessu tilliti en aðrar fréttir. Það er þannig komið, — það þýðir ekki annað en tala um það hreinskilnislega, — að ráðh. leika þann leik að mæta hjá ýmsum stofnunum hingað og þangað, halda þar hápólitískar áróðursræður og fá þær birtar í útvarpinu, án þess að nokkurt annað sjónarmið komi þar til greina. Slíkt er náttúrlega mjög vítavert, og hefur allt of lítið verið gert að því af hálfu almennings og stjórnarandstöðunnar að benda á þetta. Ég dreg það ekki í efa, að það mætti fá einhverjar lagfæringar á þessu, því að máske er þetta að einhverju leyti fyrir það, að menn hafa ekki veitt þessari þróun nægilega athygli. Þetta hefur þróazt í þessa átt.

Fyrir 20—30 árum þýddi ekkert fyrir ráðh. að fara á fund í einhverjum félagssamtökum og halda þar ræðu um pólitískt efni, hún var alls ekki tekin í útvarpið og ekkert úr henni. Það var allt saman vandlega pillað út, sem gat skoðazt pólitík. Nú er þetta alveg gerbreytt. Ég er ekki að segja, að gamla lagið hafi verið að öllu leyti gott, því að það varð til þess, að þessar stofnanir gátu ekki fullkomlega þjónað sínu hlutverki í því að koma því á framfæri til þjóðarinnar, sem raunverulega var að gerast. Þess vegna þurfti að breyta þessu. En það er vandi að breyta þessu, og það hefur ekki tekizt nógu vel, því að þetta er orðið þannig, að útvarpið — hljóðvarpið — er í fréttatímunum löðrandi í áróðri úr stjórnarherbúðunum, sem komið er inn í það eftir þessum krókaleiðum. Um þetta þarf ekkert að deila, því að þetta getur hver maður sannfært sig um, sem hlustar að staðaldri á hljóðvarpið. Nú er ég ekki að finna að því, þó að tekið sé talsvert úr ræðum ráðh., þegar þeir fara í stofnanir, ef það eru fréttir og ef það er gert hóflega og ekki teknar 10—15 mín. lotur og jafnvel stundum valið úr það, sem hefur mest áróðursgildi, að því er manni virðist, o. s. frv. Ég er ekki að finna að því, að það sé talsvert gert að þessu, ef um fréttir er að ræða, því að ég álít, að það geti verið gott. En ég tel, að útvarpið ætti að fara inn á þá braut að innleiða meira jafnvægi í þessu og meira jafnræði og að það eigi að leggja sig fram og taka upp samstarf við stjórnarandstöðuna um það, að hún eigi opna leið fyrir afstöðu og fréttir. Stundum er sagt, að þetta sé gert, en það er ekki alveg einfalt, vegna þess að auðvitað eru stjórnarandstæðingar ekki kallaðir til að mæta í embættisnafni á aðalfundum samtaka víðs vegar um landið, alls ekki kallaðir á þann hátt, þannig að þeir yrðu þá að fá til jafnræðis, ef í þessu ætti að vera fullkomið jafnræði, sérstaka tíma til þess að koma fram með aths. og upplýsingar, þegar sérstök tilefni gefast, t. d. þegar ráðh. fer á fund og heldur ræðu um ágreiningsefni, þá sé föst venja að gefa stjórnarandstæðingum tækifæri til þess að segja sína skoðun á þessum sömu efnum.

Það er ljóst, að þessi háttur, sem þarf að komast á, mundi gera æðimiklar kröfur til stjórnarandstæðinga, sem sé þær, að þeir hefðu þá á reiðum höndum sína afstöðu og sínar upplýsingar. En þannig verður það að vera. Þeir hafa að vísu til þess ákaflega ömurlega aðstöðu á allan hátt, eins og nú standa sakir. En ég hef sterka trú á því, að það geti ekki staðið öllu lengur eins og það er og hún hljóti að verða bætt, stjórnarandstaðan hljóti að fá bætta aðstöðu, og þá mundi þetta færast í betra horf.

Ég er ekki að ræða þetta til þess að bekkjast til við hljóðvarpið, síður en svo. Ég er að koma með þetta núna inn í umr. vegna þess, að það hefur lengi vakað fyrir mér að koma aths. um þetta á framfæri og reyna að fá einhverjar lagfæringar á þessu. Það þýðir ekkert að byrgja þetta innra með sér endalaust. Það er betra að segja hreint út, að það er ákaflega mikil óánægja með þetta í röðum stjórnarandstæðinga. Og menn mega ekki taka þetta sem ásakanir, að bent er á þetta, heldur er hér efni, sem er vandasamt í meðförum og að sumu leyti nokkuð nýstárlegt, því að það er ekkert ákaflega langt síðan ríkisútvarpið fór út á þá braut að flytja pólitískar fréttir ekki síður en ópólitískar. Það álít ég, að hafi í sjálfu sér verið alveg eðlileg og sjálfsögð braut að fara út á. En það er vandratað á henni, eins og ég veit, að forráðamönnum ríkisútvarpsins er ljóst. Ég vona, að það, sem ég hef sagt hér um þetta, verði ekki til þess að innleiða neina beiskju í þeim herbúðum. Við megum a. m. k. ekki við því í stjórnarandstöðunni, að svo fari, og ég vona, að það komi ekki til, heldur verði þetta skoðað sem vottur um einlægan vilja til þess að ræða hreinskilnislega um þetta. Þeir eru ekkert betur farnir með því, að við séum að nudda um þetta sífellt á bak, og bezt að ræða þetta í heyranda hljóði. Það má vel segja það alveg hreinskilnislega líka, að þegar ég hef beyg af till. eins og t. d. þeim að hætta við gömlu útvarpsumr., þá er það að sumu leyti vegna þess, að ég óttast, að þá muni halla enn meira á í þessu efni en orðið hefur undanfarið, og má það þó að okkar dómi ekki meira vera, að það færi þá þannig, að það þætti

líka fréttnæmara úr þingræðunum það, sem ráðh. segðu en stjórnarandstaðan, og það snaraðist þá á sömu sveif og önnur þau atriði, sem ég hef verið að lýsa. Og ég játa það fullkomlega, að þetta hefur talsverð áhrif á mig í þá átt, að ég vil alls ekki fyrir mitt leyti samþykkja það að fella niður gömlu útvarpsumr. Það er þó algerlega tryggt fullt jafnrétti í þeim.

Mér finnst halla meira á í hljóðvarpinu en sjónvarpinu að þessu leyti. Það kann að vera, að ég sé ekki dómbær um þetta, og það hjálpar ef til vill, að sjónvarpið er blessunarlega lokað fyrir þessum löngu lotum, sem útvarpið virðist vera svo spennt fyrir að fá, a. m. k. frá þeim, sem eru taldir segja eitthvað, sem fréttnæmt eigi að skoða, þar sem við liggur, að teknar séu upp heilar áróðurslanglokur frá ráðh. í útvarpi. En sjónvarpið er blessunarlega laust við þetta. Ég held, að það sé nú líka einu sinni þannig, að sjónvarpinu henti ekki langlokur miklar, sem betur fer, og annað slíkt, enda hef ég orðið var við sterkan vilja, — ég hef orðið var við sterkan vilja í sambandi við fréttirnar sjálfar í útvarpinu og sjónvarpinu, að menn vilja gæta hlutleysis og vera sanngjarnir. En það eru þessar krókaleiðir ráðh., sem ég vil sérstaklega gera aths. við, og að það skuli vera opið eftir þeim inn í ríkisútvarpið. Ég minnist á þetta einmitt nú í sambandi við þingsköpin og umr. um þau, af því að ég er óttasleginn í sambandi við jafnræðið í þessu, ef öllum föstum reglum er sleppt.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Ég leyfi mér að þakka hæstv. forsrh. og hv. þm., sem hafa tekið þátt í þessum umr. Í ræðum þeirra hafa komið fram ýmsar gagnlegar ábendingar og hugmyndir, sem hv. allshn., sem væntanlega fær þetta mál til afgreiðslu, getur haft hliðsjón af. En það voru fyrst og fremst fsp. hv. 1. þm. Norðurl. e., sem urðu tilefni þess, að ég segi hér örfá orð.

Hv. þm. sagði, að mþn. hefði verið falið að endurskoða gildandi lög um þingsköp Alþingis, og spurði í framhaldi af því, hvort þessi almenna endurskoðun þingskapa hefði þá ekki farið fram. Þessu er bezt svarað með því að vísa til grg. frv., en þar segir: „Varð nefndin sammála um að taka þingsköpin í heild til almennrar endurskoðunar.“ N. þykist því hafa unnið starf sitt í samræmi við þáltill., sem hv. þm. nefndi. Að sjálfsögðu má alltaf deila um það, hvort ekki hefði mátt taka fleiri atriði til athugunar og endurskoðunar en n. hefur gert, en það, sem í þessu frv. felst, er það, sem n. varð sammála um, eins og ég gat um í framsöguræðu minni.

Þá spurði hv. þm. í öðru lagi, hvort ekki hefðu komið fram fleiri till. en þær, sem samkomulag varð um. Ég gat þess í framsöguræðu minni fyrir frv., bæði í fyrra og nú við þessa umr. í hv. þd., að það hefðu ýmsar aðrar till. komið fram, og ég tel alveg sjálfsagt, að allshn. þessarar hv. þd. fái aðgang að gerðabók mþn., þannig að hún fái fulla vitneskju um það, hvaða till. aðrar hafa komið fram, enda þótt ég fullyrði ekki um, að hver og ein hugmynd, sem þar var hreyft, hafi verið færð þar til bókar.

Í þriðja lagi benti hv. 1. þm. Norðurl. e. á það, að hann saknaði þess t. d., að engar till. hefðu verið teknar upp í frv. nefndarinnar t. d. um samvinnunefndir, en um þær skorti ákvæði í þingsköpum, skildist mér á hv. þm. Það er rétt, þetta kom aðeins til umr. í hv. mþn., en í þingsköpum eru reglur um samvinnunefndir, að vísu mjög fábrotnar og skematískar. Í 16. gr. þingskapa segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Til fastanefndanna getur hvor þd. vísað þeim þingmálum, sem fyrir d. eru lögð og þörf þykir að n. íhugi, og skal þá að jafnaði vísa hverju máli til sömu fastanefndar í báðum deildum. Það er samvinnunefnd, ef samkynja fastanefndir beggja d. vinna saman.“ Í 16. gr. þingskapa er þannig ótvíræð heimild og ákvæði um það, að samkynja nefndir beggja d. geti unnið saman, enda gera þær það oft og iðulega.

Ég hygg þá, að ég hafi svarað þeim fsp., sem hv. 1. þm. Norðurl. e. beindi til mín. Ég vil svo aðeins segja það út af því, sem hæstv. forsrh. sagði um, að mþn. hefði átt að taka þetta frv. til meðferðar að nýju vegna þeirra ábendinga, sem fram komu hér í hv. þd. á s. l. ári, að ég hygg, að það sé ekki venjulegt, að mþn. taki þannig mál upp að nýju, eftir að þær hafa lokið störfum, enda sýnist þá í þessu tilfelli langsamlega eðlilegast, að hv. þn., sem fær málið til álita og afgreiðslu, geri þær breytingar, sem nauðsynlegar eru frá till. mþn., og taki þá m. a. til greina þær ábendingar, sem fram koma í umr. á Alþingi. Ég vona, að hv. allshn., sem fær þetta mál væntanlega til meðferðar, hafi einmitt þennan hátt á, hún leggi ekki aðeins til grundvallar það frv., sem mþn. hefur gengið frá og liggur hér fyrir, heldur einnig þær margvíslegu og nytsamlegu ábendingar, sem komið hafa fram frá einstökum þm. og hæstv. forsrh.

Ég vænti þess eindregið, að Alþ. afgreiði nú þetta frv. Það er þörf á ýmsum breytingum á þingsköpum, þeim sem lagt er til að gerðar verði í þessu frv., og áreiðanlega ýmsum öðrum, og ég hygg, að það muni ekki standa á okkur nm. í mþn. að fylgja ýmsum skynsamlegum till., sem fram kynnu að koma frá öðrum hv. þm. um þetta mál. En umfram allt: Alþ. þarf ekki að velta þessu máli fyrir sér, breytingu á sínum eigin þingsköpum, svo að árum skiptir. Á því er full nauðsyn, að þingsköp séu endurskoðuð í ljósi reynslunnar og í samræmi við nýjar kröfur og óskir um bætt og breytt vinnubrögð þingsins.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af sjálfu frv., sem hér er til umr., þingskapafrv., þar sem rætt hefur verið

öðru fremur um fsp. og útvarpsumr. Vil ég láta í ljós þá skoðun mína, að ég tel alveg brýna nauðsyn á að endurskoða fsp.-tímann, og er sammála því, sem fram hefur komið yfirleitt hjá þm., að með fsp.-tímana og framkvæmd þeirra hefur mistekizt. Ég skal ekki efnislega fara meira út í það, en í öðru lagi segja það, að ég er hæstv. forsrh. einnig mjög sammála um, að það skiptir miklu máli og mestu máli fyrir þingið sjálft að gera verulegar breytingar á útvarpsumr. frá Alþ. frá því, sem verið hefur, og sé að því stefnt að gefa landsfólkinu frekari spegilmynd af sjálfu þinginu en útvarpsumr. hafa raunverulega verið. Ég tel það beinlínis hættulegt fyrir Alþ., ef við höldum áfram í sama fari og verið hefur og sumir virðast vilja að haldi áfram að stefna varðandi þessar útvarpsumr. frá Alþ.

Það var svo ekki meira um þetta. En síðasta aths. hv. 1. þm. Austf. gaf mér tilefni til þess að kveðja mér hljóðs einnig vegna þess að aths. hans kynnu að orka tvímælis eða misskiljast. Hann gagnrýndi töluvert hljóðvarpið, fremur en sjónvarpið, fyrir ýmiss konar fréttaflutning eða frásagnir í fréttum, og ég skal ekkert fara út í það frekar. En hann talaði m. a. um krókaleiðir ráðh. til þess að koma máli sínu á framfæri í hljóðvarpinu, sérstaklega í frásögnum frá stéttasamtökum og þingum og öðru slíku, sem haldin eru hér hjá sérgreinafélögum og landssamtökum o. s. frv. Þetta gæti gefið tilefni til þess að halda, að við ráðh. legðum okkur í líma við það að komast inn í hljóðvarpið með áróður að einhverjum krókaleiðum. Þess vegna vil ég taka það fram hvað mig snertir, að það hefur fallið í minn hlut að koma á nokkrar slíkar samkomur, sem ég hygg, að hv. þm. hafi átt við, eins og t. d. iðnþing og aðalfund Félags ísl. iðnrekenda og heilbrigðismálaráðstefnur og annað slíkt, en þar er fjallað um málefni, sem tilheyra eða eru í tengslum að einhverju leyti við þau rn., sem ég sýsla með. Í framkvæmdinni hefur það verið svo, að mér hefur yfirleitt aldrei verið ljóst eða ég haft neina hugmynd um, hvort það ætti að útvarpa eða ekki frá því, sem þarna hefur verið sagt, og það hefur aldrei komið fyrir, að ég hafi sent handrit af slíkum ræðum, og það m. a. vegna þess, að ég hef yfirleitt aldrei verið með handrit, heldur komið og flutt nokkur ávarpsorð án blaða. Stundum hefur það komið fyrir, að ég hef sjálfur frétt af því fyrst þegar ég hef hlustað á það í hljóðvarpi eða útvarpi, að það hefur verið fréttamaður frá þessum aðilum. Þetta segi ég eingöngu til að fyrirbyggja það, að það valdi misskilningi, að við eða ég í þessu tilfelli hafi notað aðstöðu mína til þess að koma á framfæri pólitískum áróðri í útvarpinu, sem óeðlilegur væri og hallaði á sérstaklega gagnvart stjórnarandstöðunni. Þetta vil ég aðeins að sé ljóst. Hitt er svo annað mál, að ef þetta kemur fram í hljóðvarpinu að mestu leyti sem langlokur, eins og hv. þm. sagði, þá ætti það náttúrlega ekki að vera til neinna leiðinda fyrir stjórnarandstæðinga, heldur leiðinlegast fyrir okkur sjálfa, að slíkt skuli vera borið á borð fyrir hlustendur frá okkur. En aðalatriðið er það að fyrirbyggja misskilning og það getur verið, að það hafi ekki vakað fyrir hv. þm. að bera neinar sakir á ráðh. að þessu leyti, en ég vildi reyna að taka af öll tvímæli eða misskilning um það, ef svo væri.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. formanni mþn. fyrir greið svör við fsp., sem ég bar fram til hans. Ég vil taka undir það með honum, að mér virðist, að það eigi að stefna að því að afgreiða þetta mál í þinginu á einhvern hátt, og fyrir mitt leyti vil ég stuðla að því, að svo verði. Til þess eru mál lögð fyrir Alþ., að Alþ. afgreiði þau, og á það raunar við um fleiri mál en þetta. Og ég minnist þess í sambandi við þessi ummæli, að á síðasta Alþ. og mörgum öðrum þingum hefur komið fram fjöldi mála, jafnvel í byrjun þings, sem enga afgreiðslu hafa hlotið á þingi. Slíkt er auðvitað ekki eins og það á að vera, og er gott að ræða um þetta við hv. þm., sem sjálfur er forseti annarrar þd.

Hv. þm. benti á það, að í 16. gr. þingskapanna væru ákvæði um samvinnunefndir. Þar segir svo, eins og hann las upp: „Það er samvinnunefnd, ef samkynja fastanefndir beggja deilda vinna saman.“ Ég hygg, að þetta ákvæði 16. gr. taki alls ekki til þess efnis, sem ég ræddi hér áðan. Þetta ákvæði á við það, þegar þeirri vinnuhagræðingu er beitt í flóknu máli, sem menn vilja ekki að tefjist um of, að þegar það er í fyrri d., komi n. beggja d. saman til þess að ræða málið og afgreiða það í raun og veru. Þessar samvinnunefndir fjalla þannig eingöngu um deildamál. En það tilvik, sem ég var hér að ræða um, er það, að n., sem kosnar eru í d. og starfa í d., taka sér fyrir hendur að starfa í Sþ., þegar sérstaklega stendur á, og gefa út nál. í Sþ. Þetta tel ég, að samrýmist ekki þingsköpum og að hér eigi að taka upp annan hátt á, annaðhvort þann að hafa ákvæði um það í þingsköpum, að deildanefndirnar skuli koma þarna til sögu, sem virðist reyndar vera ástæðulaust, eða taka upp ákvæði um sérstaka n. í Sþ., sem hafi það hlutverk, sem þessar nefndir hafa haft í Sþ., og skili um það áliti og e. t. v. um fleiri mál. Í því sambandi mætti á það benda, að til allshn. Sþ. er vísað á hverju þingi mörgum málum, sem varða samgöngur, og ef samgmn. væri til í Sþ., þá væri auðvitað eðlilegt að vísa þeim til hennar.

Ég ætla ekki að ræða frekar um þetta atriði. Ég nefndi það aðeins í ræðu minni áðan sem dæmi.

Um þær umr., sem hér hafa farið fram um það, hvernig útvarpið flytji pólitískar fréttir, skal ég ekki vera margorður. En ég hef gert ráð fyrir því, að þau mistök, sem þar hafa orðið, séu ekki á ábyrgð ráðh. eða þeim að kenna, heldur sé það hið pólitíska útvarpsráð, sem fyrst og fremst ber

ábyrgð í þessu efni, og þá kannske sérstaklega formaður útvarpsráðsins á hverjum tíma, sem eins og aðrir útvarpsráðsmenn er kjörinn pólitískri kosningu hér á Alþingi.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. vildi fá skýringu á því, hvað ég ætti við með krókaleið. Með krókaleið meina ég leið, sem er hlykkjótt. T. d. kalla ég það krókaleið, ef ræða er flutt fyrst — við skulum segja t. d. á einhverju stéttaþingi og kemur síðan þaðan í útvarpið. Þetta kalla ég krókaleið, af því að þetta er hlykkjótt leið, en ekki farið beint. Á hinn bóginn átti ekki að skilja þetta svo, að í þessu væri sérstök aðdróttun til ráðh., af því að ég býst við, að þetta mundi hafa orðið svona með alla ráðh., að þegar þeir uppgötvuðu, að vænar flygsur voru teknar úr ræðum þeirra hingað og þangað og settar inn í útvarpið og það jafnvel þó að þær flygsur væru pólitískar, þá hafa þeir, eins og ekki er nema alveg eðlilegt og sem hyggnir málafylgjumenn, sett meira og meira af pólitísku efni inn í ræður sínar, farið síðan með þær í þessar stofnanir. Þetta hefur færzt óðfluga í aukana, og það situr náttúrlega ekki á mér að ásaka ráðh. fyrir þetta, því að ég býst við, að ég hefði fallið fyrir freistingunni á nákvæmlega sama hátt, að setja meira og meira af þessu efni, þegar ég fann, að það komst eftir þessari leið inn í útvarpið. En þetta hefur færzt í aukana upp á síðkastið, að farið er að ræða á ýmsum slíkum fundum af ráðh. hendi um hápólitísk málefni, sem eru algerlega óviðkomandi þeirri stofnun eða samtökum, sem þeir tala í. Þannig hefur þetta þróazt. Ég er ekki að deila á ráðh. með þessu. Þeir hafa brugðizt við þessu á mannlegan hátt, svipað og ég og aðrir hefðum gert, ef við hefðum verið í þeirra sporum. Við hefðum sett meira og meira inn af þessu pólitíska efni, sem við vildum gjarnan koma á framfæri. Við viljum koma á framfæri okkar pólitísku viðhorfum og því, sem við erum að fást við.

En þetta eru að mínu viti ekki réttar starfsaðferðir hjá ríkisútvarpinu, nánar tiltekið hljóðvarpinu. Þarna er ekki nógu vel að unnið, og það var það, sem ég átti við.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Út af umtali hv. 1. þm. Austf. vil ég segja, að það er gersamlega ástæðulaust af því tilefni, sem ég hreyfði hér um breytingu á útvarpi frá Alþ. Mér hefur aldrei komið til hugar, að sú breyting gæti orðið, nema því aðeins að þingið fylgdist með einum eða öðrum hætti með því, að jafnræði ætti sér stað, og það eru auðvitað til þess margar leiðir, jafnvel þó að fréttamönnum sé falið verkið, og mér er það alveg ljóst, að það væri fráleitt að ætlast til þess, að það væru einungis birtar ræður ráðh. eða stjórnarandstæðinga. Það verður að vera rétt mynd af því, sem kemur, og þeim ólíku sjónarmiðum, sem eiga sér stað. Ég held, að það væri vinningur fyrir þingið og eitt af því, sem hefði þurft að taka upp við endurskoðun þingskapa, að reyna að koma á samkomulagi milli þingflokka um það, að umr. yrðu með nokkrum jafnræðisblæ, þannig að það væri ákveðinn fyrir fram tími, sem væri ætlaður til umr. meiri háttar mála, og tímanum síðan nokkurn veginn skipt jafnt á milli þeirra höfuðsjónarmiða, sem um er deilt hverju sinni. Þannig er þetta gert í mjög mörgum þjóðþingum. Ég hef ekki þekkingu til að segja, að það sé gert í öllum, en það er gert í mjög mörgum þjóðþingum og tekst vel, og ég tel, að slíkar breytingar á þingstörfum séu mjög nauðsynlegar.

Þegar ég sagði hér áðan, að ég hefði talið æskilegt, að mþn. hefði skoðað þetta mál aftur, er það út frá því, að það kom í ljós í fyrra, að því fer fjarri, að menn séu í meginatriðum sammála um breytingarnar, og þess vegna hefði verið æskilegt, að menn innan mþn. hefðu tekið upp viðræður um það, hvort hægt væri að koma af stað víðtækara samkomulagi en þarna er gert. Það var ekki til þess að gera lítið úr störfum n. Ég benti á þessa leið strax í fyrra. N. hefur ekki talið rétt að fara þá leið. Ég sagði þá þegar, að ef menn treystu sér til þess að afgreiða málið á vorþinginu sem leið, þá skyldi ég taka þátt í því, og sízt hef ég hug á að stöðva meðferð þessa máls. En mér er það ljóst, að hér þarf víðtækt samkomulag. En þá verða menn líka að átta sig á, í hverju gallar þingstarfanna eru fólgnir, og ræða um þau á nógu breiðum grundvelli, ef svo má segja, en taka ekki einungis einstök atriði út úr, eins og hér hefur of mikið verið gert.

Hitt er svo annað mál hjá hv. 1. þm. Austf., að fram hjá því verður aldrei komizt, að ráðh. og aðrir framámenn hljóta að mæta við ýmis tækifæri, sem fréttnæmt þykir að flytja sagnir af, hvort heldur í sjónvarpi eða hljóðvarpi. Það er fróðlegt, að í þeim síðustu kosningum, sem nú fóru fram hjá nágrannaþjóð okkar, Svíþjóð, var það á sjálfa kosninganóttina, þegar úrslitin lágu fyrir, þá sagði forustumaður hægri manna, að úrslitin væru ekki sízt því að kenna, að ráðh. hefðu mjög misnotað aðstöðu sína í útvarpi og sjónvarpi, mér skilst á þann sama veg og hv. þm. telur, að aðstaðan hafi verið misnotuð hér. Framkvæmdastjóri eða forstöðumaður þessarar stofnunar þar óskaði jafnskjótt eftir því, að það yrði sett rannsókn á um þetta efni, og víst væri það fróðlegt fyrir okkur að fylgjast með því, sem fram kemur við þá rannsókn. En það var einnig játað af þeim, sem þá báru fram gagnrýnina, að við mörg tækifæri er það óhjákvæmilegt, að ríkisstj. er í þeirri aðstöðu, að frekar er sagt frá því, sem hún gerir, heldur en stjórnarandstæðingar. Menn eru frekar að segja frá athöfnum heldur en hugsunum, ef svo má segja. Slíkt er óhjákvæmilegt og hlýtur alltaf að verða. Það fer í taugarnar á öllum þeim, sem eru í stjórnarandstöðu hverju sinni.

En ég spyr hv. þm.: Ætlast hann t. d. til þess, að það sé ekki skýrt frá því, sem forustumenn stéttarfélaganna segja á sínum fundum, vegna þess að þar er enginn til andsvara? Eða ef formaður L. Í. Ú., ef formaður Stéttarsambands bænda eða Búnaðarfélagsins er búinn að halda ræðu, á þá alltaf að hleypa einhverjum öðrum að og segja: ég var nú þessu ósammála? Ég held, að það verði ekki komizt hjá því, að annaðhvort verði að þegja um þetta eða herma frá því, sem þarna fór fram, alveg eins og það finnur enginn að því, þó að sagt sé frá fundi Alþb. í gær. Ég tel víst, að ýmsir séu ósamþykkir því, sem þar gerðist. En það er fréttnæmt og þess vegna eðlilegt, að frá þessu skuli vera sagt. Fram hjá því verður ekki komizt. En ég ítreka það, sem hæstv. dómsmrh. sagði, að ég kannast ekki við þær krókaleiðir, sem ráðh. fara í þessum efnum. Ég get sagt það, þó að ég hafi hvað eftir annað orðið fyrir árásum fyrir það að hafa komið fram í útvarpi og sjónvarpi, að ég hef oftar neitað þessum stofnunum um að koma þar fram, vegna þess að ég hef ekki viljað sæta þeirri gagnrýni, sem ég vissi, að mundi þar af leiða, og hvað eftir annað aðvarað fréttamenn um það, að þeir mættu búast við gagnrýni fyrir það að vera að spyrja mig einhliða. Þeir hafa engu að síður óskað eftir því að fá þær fregnir, sem þeir hafa talið mig hafa að flytja verandi í þessari aðstöðu, og ég hef ekki alltaf talið mér fært að skorast undan því. En það er síður en svo að mínu viti, að sótt sé eftir af hálfu ráðh. í þessum efnum. Það eru fréttastofnanirnar sjálfar, sem æ verða aðgangsfrekari um fréttir. Þetta vitum við úr fleiri samböndum en þessum, og ég tel, alveg eins og kom fram hjá hæstv. dómsmrh., að það sé ákaflega hæpinn vinningur fyrir menn hér á landi, þar sem hver þekkir annan og auðvelt er að koma til vitundar almennings öllum fregnum, ef menn fá það orð á sig, að þeir oti sínum tota mjög í þessum almannastofnunum, svo að ég hygg, að það sé pólitískt hyggilegt að hafa þar í nokkra varfærni. En þarna er alltaf um töluverðan vanda að ræða. Það er alveg rétt, að það hljóta að verða takmarkatilfelli. Ég benti á, að þetta atriði er undir athugun og í rannsókn hjá einni af okkar nágrannaþjóðum. Það er fróðlegt að fylgjast með því, sem þar gerist, en alltaf hlýtur það að verða svo, að þeir, sem ákvörðunarvald hafa og koma fram af hálfu ríkisins, standa í framkvæmdum, aðgerðum, sem þykja fréttnæmar, verða krafðir sagna, og væri talið með öllu óboðlegt, ef þeir neituðu að svara spurningum eða bönnuðu að hafa eftir sér það, sem þeir segja.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Starfsemi fréttastofnana ríkisútvarpsins er að sjálfsögðu ekki beinlínis viðkomandi þessu frv., þó að um skylt mál sé að ræða, og er því ekki rétt að eyða miklum tíma í það hér, þó að það væri mjög æskilegt að ræða þessa fréttastarfsemi við annað tækifæri.

Það er rétt, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. sagði, að hið þingkjörna útvarpsráð ber endanlega ábyrgð á óhlutdrægni útvarpsins, — óhlutdrægni er orðið, sem notað er í lögum og reglugerðum, — en formaður þess hefur að sjálfsögðu ekki meiri ábyrgð heldur en aðrir, því að hann hefur aðeins eitt atkv. eins og aðrir útvarpsráðsmenn.

Í tíð núverandi útvarpsráðs, sem hefur verið lítt breytt að mannaskipan um alllangt árabil, hefur verið gerð stórkostleg breyting, ekki aðeins á fréttastarfsemi, heldur líka á dagskrá hljóðvarps og sjónvarps, í þá átt að auka mjög flutning á efni, sem varðar stjórnmál og ýmis umdeilanleg mál í þjóðfélaginu. Áður fyrr var óhlutdrægninni framfylgt á þann hátt, að þetta efni var að mestu útilokað, nema það sæti við borð einn maður frá hverjum pólitískum flokki og þeir töluðu í jafnmargar sekúndur hver.

Í sambandi við þá breyttu starfsemi að taka meira af deilumálum samtíðarinnar í útvarpsdagskrána, hafa að sjálfsögðu skapazt ýmis vandamál, sem við verðum smám saman að leysa. Ég hygg, að menn verði að játa, að ráðh. hafa óhjákvæmilega meira af fréttum og fréttnæmum ræðum fram að færa en aðrir stjórnmálamenn. Hjá þessu verður ekki komizt, og það er útilokað annað en fréttastofnanir flytji mikið af slíku máli. Ég hygg, að það sé rétt, sem tveir ráðh. hafa sagt hér í dag, að oft séu það fréttastofnanirnar, sem sækja á í þessu efni, en ekki þeir. En það er eitt vandamál í sambandi við þennan fréttaflutning, sem hv. 1. þm. Austf. hefur kvartað undan. Hér á landi tala forustumenn stjórnarandstöðunnar yfirleitt lítið utan sala Alþingis nema helzt á lokuðum flokksfundum. Þegar þeir flytja stefnuyfirlýsingar eða gera grein fyrir viðbrögðum flokks síns við ýmsu, sem er að gerast, er það oftast við aðstæður, þar sem fréttastofnanirnar komast ekki að. Í Englandi flytur t. d. Heath, leiðtogi íhaldsflokksins, í hverri viku ræðu einhvers staðar á landinu, og fréttastofnanir segja frá skoðunum hans, enda eru þessar ræður fluttar fyrir opnum tjöldum og ráð fyrir því gert, að fréttastofnanirnar geti frá þeim sagt.

Hér er vandamál, sem við verðum á einhvern hátt að leysa, þannig að leiðtogar stjórnarandstöðunnar geti við það unað, hvaða tækifæri þeir fá til þess að koma skoðunum sínum á framfæri. En ég hygg, að við ættum að leita að leiðum til þess að leysa þennan vanda, en ekki snúa til baka, því að ég hygg, að þjóðin sé í heild mjög ánægð með þá breytingu, sem hefur orðið á flutningi þessa efnis í hljóðvarpi og sjónvarpi á síðustu árum.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Mér þykir vænt um, að það kom fram hjá hæstv. forsrh., sem ég hafði ekki orðið var við áður, að hann gerði ráð

fyrir því, að ef breytt yrði um og meira af annars konar útvarpsumr. frá Alþ. en þeim hefðbundnu, þá fylgdist Alþingi með því, að jafnræðisreglur yrðu settar. Þetta er út af fyrir sig þýðingarmikið að heyra, að hæstv. ráðh. finnst þetta. En þá þarf að koma með praktískar till. um það, hvernig þessu geti orðið fyrir komið, hvernig þá skuli skipta ræðutíma, og annað slíkt.

Ég ætla ekki að fara að karpa hér fram og aftur um fréttaflutninginn. Ég taldi skynsamlegt að koma á framfæri sjónarmiðum mínum varðandi það við þessar umr., og ég vil lýsa alveg sérstakri ánægju minni yfir því, sem hv. 2. þm. Vesturl. sagði, því að ég er honum alveg sammála. Ég hef aldrei látið mér detta í hug, að það verði snúið til baka yfir í gamla lagið og stórminnkaðar fréttir af því pólitíska sviði, heldur álít ég, að lausnin eigi að vera fólgin einmitt í því, sem hann tók fram, þ. e. a. s. að taka upp samstarf um að leita að leiðum til þess að sjónarmið stjórnarandstöðunnar geti einnig komið fram, því að vandinn, sem við er að fást í þessu, eins og ég tók fram, þegar ég minntist á þetta hér fyrst í dag, er einmitt þessi, að fréttamönnum finnst, og það er eðlilegt, það meira fréttakyns, sem ráðh. hafa að segja, þegar þeir eru að greina frá framkvæmdum. Svo kemur hitt einnig, að inn í fréttaflutninginn, eins og hann hefur verið hér undanfarið, hefur komið geysilega mikið af því, sem ég mundi kalla áróður, og svo frásagnir um afstöðu, en þar vantar jafnræðið. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Vesturl. um þetta, því að það er áreiðanlega rétta leiðin og það ætti að setjast niður við að reyna að finna fyrir þessu heppilegt form.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en brtt. við það barst á þskj. 50.

---

8. Vinnuvernd o. fl.

Á 4. fundi í Nd., 21. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um vinnuvernd, greiðslu vinnulauna, uppsagnarfrest o. fl. [28. mál] (þmfrv., A. 28).

Á 8. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Frv. um vinnuvernd, greiðslu vinnulauna, uppsagnarfresti o. fl. flyt ég að þessu sinni ásamt hv. 8. landsk. þm., Steingrími Pálssyni. Ég hef áður mælt fyrir þessu frv. og tel því næsta óþarft að flytja langt mál um það til kynningar því að þessu sinni. Þó vil ég undirstrika það, að ég tel þetta mál mjög mikilsvert fyrir allt vinnandi fólk, og vissulega er að mínu áliti meira en tími til þess kominn að lögfesta það, því að vilyrði stjórnarvalda voru á sínum tíma gefin, þ. e. a. s. fyrir nokkrum árum í samningum við verkalýðshreyfinguna um, að löggjöf um vinnuvernd skyldi verða sett, en af því hefur þó ekki orðið enn þá, hefur strandað á að fá samkomulag um slíka löggjöf.

Ég vil taka fram, að ef einhver einstök atriði þessa frv. kynnu að teljast hættulegur ásteytingarsteinn, sem stæði í vegi fyrir, að það fengist samþ., þá mundum við flm. að sjálfsögðu vilja sýna fulla lipurð um að leita samkomulags um slík ágreiningsatriði, ef það mætti þá verða til þess að greiða fyrir framgangi málsins að meginefni.

Frv. er í 8 köflum, og því fylgir allýtarleg grg.

I. kaflinn er um holl og góð vinnuskilyrði á vinnustað. Í honum tel ég ekki vera neitt annað en sjálfsögð öryggisákvæði fyrir hið vinnandi fólk, og um hann gæti varla orðið ágreiningur.

Þá er það II. kafli frv. Hann fjallar um vinnutíma og vinnutilhögun. Í öllum meginatriðum er þar byggt á ríkjandi venjum og tilhögun á vinnumarkaðinum, en þó stefnt að 40 stunda vinnuviku framkvæmdri á 5 vinnudögum, eins og allir vita, að að er stefnt í öllum nágrannalöndum okkar. Þess vil ég þó geta í viðbót, að í einstökum tilvikum, eins og t. d. við námuvinnu, er í frv. gert ráð fyrir 36 stunda vinnuviku.

Í III. kaflanum eru nokkur nýmæli til verndar konum á vinnumarkaðinum, einkum varðandi barnshafandi konur, og ákvæði, sem eru sérstaklega við það miðuð að tryggja, að konur, sem að erfiðisstörfum ganga, geti jafnframt gegnt sínu helgasta hlutverki, móðurhlutverkinu. Þetta eru að minni hyggju ákvæði, sem nú þykja yfirleitt sjálfsögð mannréttindi meðal flestra menningarþjóða.

IV. kaflinn er um vinnuvernd barna og unglinga. Þar er mjög vægilega í sakir farið miðað við hliðstæð lagaákvæði annarra þjóða. Fullt tillit tel ég vera tekið til uppeldisgildis hæfilegrar vinnu fyrir börn og unglinga, en ákvæði frv. aðeins sett til að fyrirbyggja ofþjökun og fyrirbyggja, að börn séu látin vinna einhver þau störf, sem skaðleg geti talizt þroska þeirra, andlegum eða líkamlegum.

Í V. kafla frv. eru svo ýmis ákvæði um greiðslu vinnulauna, og þau ákvæði tel ég flest, ef ekki öll, vera í fullu samræmi við venjur, sem skapazt hafa hjá þeim atvinnurekendum, sem bezta reglu hafa á þeim fjárreiðum sínum gagnvart verkafólki sínu.

Í VI. kaflanum er fjallað um uppsagnarfresti starfsmanna. Það eru ákvæði um vaxandi rétt manna til ríflegri uppsagnarfrests, eftir því sem

þjónustualdur er lengri. Tel ég það eðlilegt. Er báðum aðilum til hags og öryggis, að um þessi viðkvæmu mál gildi föst og ákveðin fyrirmæli í l. Að minni hyggju getur það afstýrt margvíslegum ágreiningi og deilum, sem gott er að geta komizt hjá.

Þá er VII. kaflinn um viðurlög og refsiákvæði vegna vanefnda og brota á l., einnig um setningu reglugerða samkv. þeim, sem ráðh. hefur heimild til, o. þ. h.

Og lokakaflinn, VIII. kaflinn, er svo einungis um gildistöku laganna.

Að lokum vil ég segja það, að við flm. teljum það fráleitt, að nokkur flokkspólitískur ágreiningur eigi rétt á sér gagnvart slíku máli sem þessu. Hér er um sjálfsagt öryggis- og menningarmál að ræða, menningarmál hins vinnandi fólks, fólksins, sem ber hita og þunga dagsins við framleiðslustörf þjóðarinnar og er alls góðs maklegt. Ég tel þetta frv. því vera mál, sem hverjum þm. er sómi að því að lögfesta, en frekar vansi að því að tefja fyrir eða berjast á móti.

Ég legg svo til, herra forseti, að þegar umr. er lokið, verði málinu vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

9. Atvinnuleysistryggingar (frv. BrS).

Á 7. fundi í Nd., 29. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, og l. nr. 29 7. apríl 1966, um breyt. á þeim lögum [36. mál] (þmfrv., A 36).

Á 9. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. með frv. því, er hér um ræðir, frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar, þá eru breytingar allmargar og sumar gagngerðar. Skal hér reynt að gera grein fyrir þeim helztu í stuttu máli.

Í fyrsta lagi er lagt til, að hætt sé að skipta tekjum atvinnuleysistryggingasjóðs eftir sérstökum reglum niður á milli stéttafélaga í A. S. Í., heldur verði hér um einn sameiginlegan sjóð að ræða. Er hvort tveggja, að þetta sparar skattstofum og fleiri aðilum mikla vinnu, en hitt skiptir þó meginmáli, að sjóðurinn verður betri trygging gegn atvinnuleysi, hvar sem er á landinu, heldur en skorinn niður á fjölmörg félög með lagaheimild til að hætta greiðslum atvinnuleysisbóta til meðlima félaga, sem lenda í þrot með sinn sérsjóð. Er augljóst, að þetta kemur harðast við smáfélög, ef beitt er, og þá vísast helzt þar sem þörfin er sárust.

Í öðru lagi er lagt til, að fækkað sé í sjóðsstjórn og vali í hana breytt. Það þykir kannske ekki góð latína að leggja til á Alþingi að rýra vald þess í þessu tilliti. En hér er litið svo á, að annaðhvort ætti Alþingi eitt að velja sjóðsstjórnina eða þeir einir, sem mestra hagsmuna hafa að gæta um sjóðinn, svo sem hér er lagt til, en ekki blanda saman tveim valreglum, eins og nú er. Alls óeðlilegt virðist mér, að sveitarfélögin, sem hafa lagt fram ¼ hluta árlegra tekna atvinnuleysissjóðs, eigi engan fulltrúa í stjórn hans, svo sem nú er, og ég tel óheppilegra að fjölga í stjórninni. Fjölmennar sjóðsnefndir eða stjórnarnefndir eru þungar í vöfum.

Í þriðja lagi er hér lagt til, að allir atvinnurekendur nema bændur verði gjaldskyldir til atvinnuleysistryggingasjóðs, en ekki eins og nú einvörðungu þeir, sem búa í kaupstað eða kauptúnum með 300 íbúa og þar yfir. Í samhengi við þetta er svo auðvitað lagt til, að bótaréttur færist út til launþega, hvar sem er á landinu, en sé ekki bundinn við kaupstaðabúa og kauptúnabúa í 300 manna þorpi og yfir. Sama verði og um gjaldskyldu sveitarfélaga, að þau verði öll gjaldskyld móti atvinnurekendagjöldum, jafnt í strjálbýli og þéttbýli.

Í fjórða lagi er lagt til, að gjöld atvinnurekenda og sveitarfélaga lækki nokkuð til sjóðsins frá því, sem nú er. Er þá allt haft í huga: Í fyrsta lagi, að samkv. frv. verða fleiri atvinnurekendur og sveitarfélög gjaldskyld til atvinnuleysistryggingasjóðs en nú er. Í öðru lagi, að álögur á atvinnuvegi og sveitarfélög eru slíkar, að undan er stuniið. Og í þriðja lagi, að sjóðurinn vex hröðum skrefum, enda hefur hann um 12 ára starfsskeið sitt aldrei þurft að eyða nema broti af ársvöxtum sínum til árlegra bótagreiðslna. T. d. s. l. ár var það um ¼ af vaxtatekjum ársins.

Í fimmta lagi er lagt til, að atvinnuleysisbætur hækki verulega frá því, sem nú er, og miðist við ákveðinn hluta dagkaups Dagsbrúnarverkamanns samkv. tilgreindum útreikningi. Nú eru dagbætur atvinnuleysistrygginga um 146 kr. til einhleypra, en 165 kr. til giftra. Sjá allir, að þetta er óburðug hjálp jafnöflugs sjóðs og atvinnuleysistryggingasjóður er, til þeirra, er á henni þurfa raunverulega að halda. Hér er lagt til, að dagbætur verði um 285 kr. fyrir einhleypa, en um 315 kr. fyrir gifta, sem að vísu er umtalsverð hækkun, en þó engum létt að lifa einvörðungu á. Á móti hækkuðum daggreiðslum kemur hins vegar, að frv. leggur til, að tekjuákvæði verði strangari en nú

eru til að hljóta bætur, þ. e. að tekjur maka komi inn í dæmið, en nú er svo ekki.

Í sjötta lagi er hér lagt til, að bætur almannatrygginga hafi ekki áhrif á rétt atvinnulausra til atvinnuleysisbóta, ef vinnuskortur og tekjumark hamla ekki. Virðist harðleikið að neita ellilífeyrisþega, sem enn stundar vinnu, en missir hana sökum vinnuskorts, um atvinnuleysisbætur, þegar hér er um tvö óskyld bótakerfi að ræða.

Í sjöunda lagi er hér lagt til, að umboðsmenn almannatrygginga, hvar sem er á landinu, annist ásamt fulltrúum launþega og atvinnurekenda úthlutun bóta. Gerði þetta úthlutunina fastari í sniðum og samræmdari, en reynslan hefur sýnt, að víða er erfitt að hafa úthlutun bóta í lagi vegna skorts á hæfum mönnum til að annast verkið, sem krefst nákvæmni og verulegs tíma.

Loks er svo kveðið skýrara á um greiðslu barnadagpeninga en í núgildandi lögum, þ. e. að þeir séu greiddir til þeirra, sem eru fyrirvinna barnanna, hafa þau sannanlega á fullu framfæri sínu.

Þetta eru þær aðalbreytingar, sem hér eru lagðar til, og fer ég ekki fleiri orðum um þær að sinni, en legg til, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil við 1. umr. þessa frv., sem er um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar, láta koma fram nokkrar athugasemdir.

Ég ætla ekki að ræða efnislega málið mikið og tel, að ýmislegt af þeim ábendingum, sem fram koma í þessu frv., séu athyglisverðar. En ég vil sérstaklega minna á, hvernig l. um atvinnuleysistryggingasjóð eru til orðin. Um atvinnuleysistryggingasjóðinn var samið sem lausn í verkföllunum miklu 1955. Það verkfall var eitt harðasta og víðtækasta verkfall, sem hér hefur verið háð, og stóð, ef ég man rétt, í 6 vikur. Þetta verkfall var ákaflega erfitt úrlausnar. Samningarnir um atvinnuleysistryggingasjóðinn voru afgerandi þáttur í lausn þessa verkfalls. Þá var ekki aðeins samið um það, að stofna skyldi atvinnuleysistryggingasjóðinn, heldur einnig samið um grundvallaratriði, sem sjóðurinn skyldi byggður á. Þessi grundvallaratriði voru síðan lögfest hér á hv. Alþingi skv. frv., sem þáv. ríkisstj. flutti. Í þessum grundvallarsamningi, sem ávallt síðan hefur verið nefndur stjórnarskrá sjóðsins, fólst samkomulag um lausn margra einkar viðkvæmra atriða, — og ég vil undirstrika, það var samkomulag um lausn þessara atriða.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, stefnir að breytingum á nokkrum af veigamestu atriðum þessa grundvallarsamkomulags frá 1955. Við lausn verkfallsins 1955 starfaði sáttanefnd, skipuð af ríkisstjórn, einn þessara sáttanefndarmanna er hér á Alþingi nú, hæstv. utanrrh., hann hefur nokkrum sinnum verið talinn faðir þessarar lausnar á verkfallinu 1955. Ég álít, að ég rýri hvorki hans mikilvæga starf þá né annarra sáttanefndarmanna, þó að ég segi, að ég telji það of mikið sagt, að hann væri faðir þessarar lausnar, atvinnuleysistryggingasjóðsins, en ég hygg, að bæði hann og aðrir sáttanefndarmenn gætu verið mér sammála um tvennt: Í fyrsta lagi, að það var ekki auðunnið verk að koma saman samkomulaginu um atvinnuleysistryggingasjóðinn 1955. Og í öðru lagi, að verkfallið þá hefði ekki leystst á grundvelli þess kaupgjalds, sem þá var samið um, ef ekki hefði komið til samningurinn um atvinnuleysistryggingasjóðinn. Þetta vil ég, að menn hafi í huga, þegar rætt er um breytingar á þessum lögum.

Ég vil þá nefna aðeins helztu atriðin í samkomulaginu 1955, sem nú er lagt til að breytist með þessu frv.

Það er í fyrsta lagi í 1. gr., þá er lagt til, að sérreikningar verkalýðsfélaganna falli niður.

Í öðru lagi er í 2. gr. frv. gert ráð fyrir gjörbreytingu á skipan sjóðsstjórnar.

Í þriðja lagi eru í 4. gr. frv. gerðar verulegar breytingar á upphæð iðgjalda.

Og í fjórða lagi eru í 9. gr. breyttar reglur um úthlutunarnefndir og greiðslu bótafjár.

Ég skal ekki ræða mikið hvern þessara efnisliða út af fyrir sig. Ég vil segja það um 1. liðinn, sérreikningana, að þeir hafa lengi verið þyrnir í augum margra og einkum embættismannanna, sem vinna þetta starf. Það hefur fyrir löngu legið fyrir í raun og veru samkomulag um að gera þetta ákaflega einfalt, og væri þá ekki neitt aukastarf fyrir skattstofur eða aðra, eins og hv. flm. taldi að þetta væri nú. Sannleikurinn er sá, að þetta hefur ekki verið framkvæmt nema að litlu leyti, en væri í rauninni ákaflega auðvelt í framkvæmd. Ég ætla ekki að fara að tíunda þær hugmyndir, sem liggja til grundvallar, en þær liggja fyrir frá stjórnskipaðri nefnd, sem endurskoðaði lögin nú fyrir nokkrum árum, en sú endurskoðun fór aldrei lengra en á borð ráðherranna.

Í öðru lagi er svo gjörbreyting á skipan sjóðsstjórnarinnar. Það mætti segja kannske, að það sæti ekki á mér að hafa á móti þeirri skipan sjóðsstjórnar, sem hv. flm. leggur til, en það hefur ævinlega verið afstaða mín í þessum efnum, að ég vil taka tillit til gerðs samkomulags.

Í þriðja lagi er svo um upphæð iðgjaldanna. Þau munu samkv. þessu lækka verulega, ég skal ekki segja um heildargreiðslu, ég skal ekki segja, hvað það vegur á móti, sem hann reiknar með að fleiri verði, sem greiða iðgjöldin. Iðgjald atvinnurekendanna hvers um sig yrði eitthvað, þó lítið lægra en nú er, en hins vegar er framlag sveitarfélaga og ríkissjóðs til muna lækkað. Ég vildi segja það í sem fæstum orðum, að afstaða mín til þessa máls er svipuð og um væri að ræða lækkun á umsömdu kaupgjaldi.

Varðandi úthlutunarnefndirnar vil ég segja það, að ég held, að það sé engin ástæða til að breyta því fyrirkomulagi. Það hefur sýnt sig í framkvæmd

að duga sæmilega, og ég efast um, að betra væri það fyrirkomulag, sem hér er gert ráð fyrir í þessu frv., og það mundi jafnvel líða lengri tími, að þeir, sem bótanna þurfa að njóta, fengju þær.

En sem sagt, ég ætla ekki að fara frekar inn á efnisatriði þessa frv. Ég tek það aftur fram, að ég tel, að ýmislegt í því sé athygli vert, en vil undirstrika, að hér er um mjög viðkvæm atriði að ræða, sem samningar tókust um á sínum tíma.

Langjákvæðasti hluti þessa frv. að mínu viti er sú breyting, sem gerir ráð fyrir verulegum hækkunum atvinnuleysisbóta og kveður á um aukinn bótarétt. Það er aldeilis rétt, sem hv. flm. segir, að hér er um atriði að ræða, sem er orðið í raun og veru öllum til vansæmdar að skuli standa enn óbreytt. Um þessi atriði voru hér á s. l. vetri í þessari hv. d. fluttar breytingar af hálfu Alþb.-manna, sem fóru mjög í sömu átt og það, sem nú er í þessu frv., þótt það sé nokkuð öðruvísi uppbyggt, en öll aðalatriðin voru þar hin sömu. Það frv. náði ekki afgreiðslu hér í hv. d. En í samningum verkalýðsfélaganna í marzmánuði í vetur, við lausn þeirra samninga var gefið fyrirheit af ríkisstj., að hækkaðar skyldu bætur atvinnuleysistrygginga og bótaréttur aukinn. Loforð á þessu fyrirheiti hafa dregizt úr hömlu, en ég hef ástæðu til að halda, að á því verði nú ekki löng bið, að efndir verði á.

Þegar l. um atvinnuleysistryggingasjóð voru samþ. fyrir um það bil 12 árum, var það ákvæði í l., að þau skyldu endurskoðuð eftir 2 ár í samráði við samningsaðila. Það var sjálfsagt þeim einna ljósast, sem að þessari lagasmíð unnu í upphafi, að þar var ekki við neina reynslu að styðjast, margt í l. gat orkað tvímælis og reynslan yrði að skera úr um, hvernig um hin ýmsu atriði l. færi í framkvæmd. Sem betur fer hefur ekki reynt mikið á þessi lög fyrr en nú alveg á síðustu árum og má segja kannske síðustu mánuðum, fyrst og fremst á síðasta ári og nú á þessu ári. En þá hefur líka komið í ljós margs konar reynsla, og nú tel ég, að það væri mjög nauðsynlegt að taka þessi lög til endurskoðunar. Það hefur að vísu verið einu sinni gert áður. Það má ýmislegt nota af þeim till., sem þá komu fram um breyt. á l., en ýmislegt af því er einnig nú orðið úrelt.

Í stuttu máli vil ég segja það, að ég tel alveg bráðnauðsynlegt að þegar í stað verði gerðar breytingar á bótaupphæðum og bótarétturinn aukinn, einkum með tilliti til tekjuhámarks einstaklinga.

Það er annað vandamál, sem hv. flm. kom hér inn á áðan, það eru tekjur maka. Það er mál, sem þyrfti að íhuga mjög gaumgæfilega og að mínum dómi verður að finna viðunandi lausn á. Og síðan er það ákvæði, sem hann einnig minntist á, að almannatryggingar, einkum ellilaunin, skerði ekki bótarétt úr atvinnuleysistryggingum. Slíkt má ekki viðgangast lengur. Síðan teldi ég, að það ætti nú strax að skipa n. til þess að endurskoða l. á grundvelli þeirrar reynslu, sem fengin er, og sú endurskoðun á að fara fram, eins og segir í l., í samráði við þá samningsaðila, sem hlut áttu að máli, þegar til atvinnuleysistrygginganna var stofnað. En jafnhliða endurskoðun á þessum l. er einnig alveg bráðnauðsynlegt, að fram fari endurskoðun á l. um vinnumiðlun. Þar er um ýmis vandamál að ræða, sem ég ætla ekki að koma hér inn á, en teldi, að væri alveg bráðnauðsynlegt, að héldist í hendur.

Okkur getur greint á um það, hvort það sé rétt, að samningsaðilar á vinnumarkaðinum semji um löggjafaratriði eins og þau, sem hér um ræðir. Um það geta verið skiptar skoðanir. En þetta hefur engu að síður verið gert, og þá má ekki gleyma við breytingar á slíkri löggjöf, hvernig hún er til komin, því að þá gætu ýmis slys hent. Þetta vildi ég sem sagt láta fram koma við þessa umr. í Nd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 30 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

10. Siglingalög (frv. JónasÁ og LJós).

Á 7. fundi í Nd., 29. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 66 31 des. 1963 [37. mál] (þmfrv., A. 37).

Á 10. og 11. fundi í Nd., 5. og 7. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Nd., 2. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég flyt hér frv. ásamt hv. 4. landsk. þm., Jónasi Árnasyni, um breytingar á siglingalögum. Frv. þetta fjallar um aukinn bótarétt sjómanna í slysatilfellum. Það hefur komið í ljós, að réttur sá, sem íslenzkir sjómenn eiga til bóta vegna slysa, sem þeir verða fyrir á skipum, er allmiklu minni réttur en ýmsar hliðstæðar vinnustéttir eiga á hendur sínum vinnuveitendum í landi. Ef t. d. er gerður samanburður á rétti sjómanna á fiskiskipum í þessum efnum og rétti verkamanna eða annarra manna, sem vinna við verksmiðjurekstur eða á stórvirkum vinnuvélum í landi, kemur í ljós, að bótaréttur sjómanna er talsvert miklu minni í reynd, eins og lagavenjur eru orðnar í þessum efnum, en þeirra, sem vinna í verksmiðjum eða við vinnuvélar í landi. Sú regla hefur verið gildandi í þessum tilfellum, að því aðeins eigi sjómaður rétt á

fullum bótum í slíkum slysatilfellum af hálfu útgerðarmanns, að útgerðarmaður eða einhver, sem starfar beint á hans vegum, skipstjóri eða stýrimaður, sé sannur að sök fyrir gáleysi eða ófullnægjandi útbúnað, og í slíkum slysatilfellum nýtur sjómaðurinn fulls bótaréttar. En í þeim tilvikum, þar sem um er að ræða tilviljunarkennt slys, þar sem ekki er auðvelt að halda því fram, að einn eða neinn beri sérstaka ábyrgð á því, að slysið varð, eins og t. d. mundi vera í slíku tilfelli, ef sjór ríður á skip og ekki þykir rétt að sakfella skipstjóra eða stjórnanda skipsins fyrir handvömm, en í slíku tilfelli hefur orðið slys á skipverja, er orðin dómvenja sú, að sjómaðurinn á í slíku tilfelli ekki kröfur á bótum á hendur útgerðarmanni. En þegar slys eiga sér stað, t. d. í verksmiðjum í landi, er sá, sem rekur verksmiðjufyrirtækið, í öllum tilfellum bótaskyldur, þegar um slík slys er að ræða, ef ekki verður sönnuð bein sök á þann, sem fyrir slysinu verður.

Við, sem flytjum þetta frv., teljum, að það sé þörf á því að breyta þessum lagaákvæðum, sem hér er farið eftir í þessum efnum, og gera rétt sjómanna a. m. k. jafnmikinn í þessum tilvikum eins og þeirra, sem vinna við hættuleg störf í landi. En á því leikur auðvitað enginn vafi, að í þessum tilfellum vinna sjómenn við sérstaklega hættumikil störf. Við álítum, að það sé rétt að taka það alveg skýrt fram, að bótaskylda útgerðarmanns í þessu tilfelli sé hin sama eða alveg hliðstæð og bótaskylda annarra vinnuveitenda. En til þess að svo megi verða í framkvæmd, þarf að breyta siglingalögunum á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. okkar.

Ég vil vænta þess, að sú n., sem fær þetta mál til athugunar, kynni sér þetta mál vel og ýtarlega, og þá hygg ég, að hún komist að þeirri niðurstöðu, sem við höfum komizt að og íslenzkir sjómenn hafa gert samþykktir um og óskað eftir breytingum á, og geti þá fallizt á, að það sé réttmætt að breyta siglingalögunum á þá lund, sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Síðari mgr. 1. gr. frv. gerir þó ráð fyrir því, að það geti verið um slík atvik að ræða, að tjónþoli sjálfur verði sakfelldur fyrir vítavert gáleysi eða vanrækslu í sambandi við tjónið og þá sé ekki skylt að bæta slík tjón. Þetta ákvæði tókum við upp í frv. vegna þess, að hliðstæð ákvæði er að finna í þeim l., sem gilda um menn, sem vinna í verksmiðjum í landi. En ég vil þó geta þess og vænti þess, að sú n., sem fær málið til athugunar, athugi það við rannsókn á málinu, að ég tel fyrir mitt leyti mjög vafasamt að hafa þetta ákvæði í lögum, bæði í þessu tilfelli gagnvart sjómönnum og eins gagnvart öðrum starfsmönnum. Það er auðvitað alltaf mjög teygjanlegt, hvenær hefur verið um að ræða gáleysi og ekki gáleysi af hálfu þess, sem verður fyrir tjóni, og það hefur sýnt sig, að túlkun á þessu atriði hefur verið á þá leið, að í mjög mörgum tilfellum fær tjónþoli ekki fullar bætur, vegna þess að talið er, að hann eigi nokkra sök á tjóninu. En það vil ég þó ætla, að það tilheyri algerum undantekningum, að búast megi við því, að sá, sem verður fyrir slysi eða tjónum, eigi raunverulega sök á tjóninu.

Hitt skiptir þó hér mestu máli, að sjómenn fái hér a. m. k. tilsvarandi rétt í slysatilfellum eins og þeir hafa, sem t. d. vinna í verksmiðjum í landi eða við önnur áhættusöm störf þar. Ég tel, að það sé með öllu óeðlilegt, að þeir búi hér við lakari rétt en aðrir. En á því leikur enginn vafi, að þannig er þessu þó varið í dag.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð hér að þessu sinni, en að lokinni þessari umr. óska ég þess, að frv. gangi til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

11. Verndun og efling landsbyggðar.

Á 9. fundi í Nd., 4. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um sérstakar ráðstafanir til að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar og koma í veg fyrir eyðingu lífvænlegra byggðarlaga [40. mál] þmfrv., A. 41).

Á 10. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 41 um sérstakar ráðstafanir til að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar og koma í veg fyrir eyðingu lífvænlegra byggðarlaga, eða frv. mjög svipaðs efnis er nú flutt í þessari hv. d. í sjöunda sinn. Það hefur áður verið flutt á 6 þingum, að ég ætla. Þegar það var flutt í fyrsta sinn, mátti heita allgott árferði hér í landi og þó enn betra, þegar það var flutt í þriðja, fjórða og fimmta sinn. Þá var ár hvert aflamet á sjónum og verð útfluttra afurða hækkaði meir en um 30% á þeim árum, innkaupsverð á erlendum vörum hagstætt, sem sé viðskiptakjör þjóðarinnar óvenjugóð, eins og hagfræðingar kalla það. Við flm. þessa máls teljum því, að hér hafi verið látið ónotað einstakt tækifæri til að koma fótum undir þá lífsnauðsynlegu starfsemi á vegum þjóðfélagsins, sem hér er um

að ræða til tryggingar landsbyggð og til að sporna við hættulegri öfugþróun, sem getur, ef ekkert er aðhafzt, reynzt afdrifarík fyrir sjálfstæði þjóðarinnar á komandi tímum. Nú er erfiðara um vik, því að verðbólga hefur magnazt í landinu hin síðari ár og þjóðin safnað stórskuldum erlendis, sennilega hátt á 8. þús. millj., en innstæður engar hjá öðrum þjóðum, og veldur þetta allt því, að nú nægir ekki lengur það aflamagn eða útflutningsverð í krónum, sem fyrir nokkrum árum var talið bjarglegt og vel það, hvað þá minna. Þetta hefur einnig sín áhrif á fjárhag ríkissjóðsins, og er það öllum ljóst, að þar lítur út fyrir, að þrengra verði í búi en verið hefur, nema til komi sérstök hagræðing fjármunanna ríkisfjárhirzlunni í hag, en um framvinduna í þeim efnum er nú allt í óvissu. En þar sem þetta frv., ef að lögum yrði, hefði í för með sér útgjöld úr ríkissjóði, tökum við flm. það fram í grg. málsins, að um fjáröflunarákvæði frv. verði að ræða nánar við meðferð málsins, hvenær þau skuli taka gildi, en það verður að fara eftir horfum og fjármálum ríkisins á næsta ári.

En tímabundnir erfiðleikar eiga ekki og mega ekki stöðva ákvarðanir í þessu máli. Hér er um framtíðarmál að ræða, og með engu móti verður gegn því staðið, að framtíðin komi til þessarar þjóðar með sín viðfangsefni, sum ófyrirsjáanleg og því ekki á okkar meðfæri nú, sem hér sitjum, en sum fyrirsjáanleg, eins og það sem þetta frv. fjallar um. En kreppuástand það, sem nú er og ég hef vikið að, hlýtur að minna á þá staðreynd, að of ört stækkandi stórborg í fámennu landi ýtir undir verðbólgu og að hlutfallslega jafn vöxtur landsbyggðar hefur áhrif á efnahagsmál þjóðarinnar í jafnvægisátt. Hraður vöxtur stórborgarsvæðis, sem sogar til sín fólk og fjármagn, er í sannleika sagt ein aðalundirstaða þeirrar verðbólguverksmiðju, sem með afköstum sínum setur vanmáttuga ríkisstj. og atvinnuvegi landsins í vanda. En það er þessi verksmiðja, sem setur allt á uppboð, þegar verst gegnir. Það er þessi verksmiðja, sem í stjórnvana landi býður 27 þús. kr. í einn fermetra lands, eftir því sem fram hefur komið hér á fundi í gær og í dag, og hleypir slíkum tölum út í verðlagið. Dýrt mundi þá Ísland allt.

Eins og ég sagði, hafa nú ráðandi menn hér á þingi í 6 ár lagt kollhúfur og þybbazt við, þegar þetta frv. um byggðajafnvægisstofnun og þau fjárráð henni til handa, sem að gagni kæmu, hefur verið hér til meðferðar. En þetta mál á sér marga formælendur um allt land og kannske ekkert síður hjá framsýnum mönnum hér í höfuðborginni og sumum, sem þar fara með völd. Þess vegna hafa líka þeir, sem svæft hafa þetta frv. hverju sinni, ekki verið alls kostar ánægðir með sína frammistöðu, og það hefur komið fram í viðleitni eða tilburðum af ýmsu tagi. Eitt árið var atvinnubótasjóðurinn lögfestur og lagðar í hann 10 millj. á ári af gamla atvinnuaukningarfénu, — ég endurtek 10 millj. eða andvirði eins fiskibáts af meðalstærð. Svo kom atvinnujöfnunarsjóðurinn, sem á að fá part af álskattinum, sem enn er ókominn, og það má segja, að sú löggjöf sé smáspor í rétta átt, en má sín þó lítils til þess að vega á móti því mikla fjármagni, þúsundum milljóna, sem á sama tíma var fengið til fjárfestingar, sem, þótt sitthvað megi gott um hana segja, er staðsett einmitt í þeim landshluta, sem nú sogar til sín fólkið. Já, sú löggjöf vegur lítið í því sambandi, ef henni hefur þá verið ætlað það hlutverk. Svo var farið að tala um eitthvað, sem kallað var Vestfjarðaáætlun, sem aldrei hefur verið birt, svo að ég viti, og jafnvel þm. Vestfirðinga segja, að ekki sé til, og hafa það eftir þeim, sem áttu að hafa samið þessa áætlun. Það er mjög dularfullt plagg. Fyrir 3½ ári var talað um að semja Norðurlandsáætlun, og kosningavorið 1967 sagði einn hæstv. ráðh., að sú áætlun yrði tilbúin fyrir árslok 1967. Það varð ekki úr því. Og svo var áætluninni heitið á þessu ári. Hún er því miður ókomin enn. Mér er tjáð, að áætlunarverkið á þessu ári hafi m. a. verið fólgið í því að minnka teikningar af skólahúsum, sem til hefur staðið að byggja á Norðurlandi, og má sjálfsagt sjá á því bæði kosti og galla. En þetta skiptir kannske ekki meginmáli, því að Norðurlandsáætlun eða aðrar slíkar áætlanir og lituð landabréf eða spaklegar hugleiðingar um byggðakjarna kunna að vera lítils virði, ef fjármagnið vantar, þótt þetta hvort tveggja sé í sjálfu sér gott.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er byggt á þeirri skoðun, að koma þurfi á fót sjálfstæðri og skipulagðri starfsemi til frambúðar í því skyni að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar og að sú starfsemi verði að hafa við það fjárframlag að styðjast, að verulegs árangurs megi vænta. Hér þarf að koma til föst landsbyggðar- og byggðajafnvægisstofnun með starfskröftum, sem geti helgað sig viðfangsefninu. Nauðsynlegrar þekkingar verður að afla á hverjum tíma með því að ferðast um landið, ræða við sveitarstjórnir og aðra þá, sem forustu hafa á hverjum stað, gera skýrslur og semja áætlanir, sem úthlutun fjármagns byggist á, ella er hætt við, að aðstoðin verði fálmkennd og atvikum háð og komi ekki að fullu gagni. Hér þarf að koma til fjármagn, sem um munar.

Hér er um að ræða ráðstafanir, sem munu verða allri þjóðinni til hagsbóta. Einnig sá landshluti, sem fjölmennastur er eða verður, mun njóta hér góðs af í ríkum mæli, ef takast mætti að stöðva eða minnka fólksstrauminn þangað, því að hið mikla aðstreymi fólks, sem þar hefur átt sér stað áratugum saman, hefur skapað þessum landshluta ýmiss konar erfiðleika og ekki verið honum hentugt, enda á sumum sviðum haft í för með sér mikil fjárútlát fyrir borgarana. Í öðrum landshlutum mundi byggðajafnvægissjóður með

beinum fjárframlögum og þó einkum útlánum styðja þá uppbyggingarstarfsemi, sem að undangenginni athugun telst til þess fallin á hverjum tíma að draga úr fólksstraumnum þaðan eða stöðva hann og koma í veg fyrir yfirvofandi eyðileggingu verðmæta. Hér er ekki um það að ræða, að hvergi megi leggja niður byggt ból eða flytja á hagkvæmari stað. Uppbygginguna ber að miða við það að hagnýta sem bezt gæði náttúrunnar til lands og sjávar, þar sem þau eru til staðar. Björgulega staði ætti ekki að yfirgefa, heldur stefna að því þar að gera mönnum kleift að koma atvinnurekstri sínum og aðstöðu í samræmi við það, sem hæfilegt má teljast og óhjákvæmilegt á hverjum tíma. En jafnframt ber að hafa það í huga, að ráðið til þess að hindra beina eða hlutfallslega fólksfækkun í hverjum landshluta getur verið m. a. í því fólgið að koma þar upp þéttbýlishverfum eða efla kaupstaði og kauptún, sem fyrir eru, og ber þá byggðajafnvægisstofnuninni að sjálfsögðu að greiða fyrir viðgangi og vexti slíkra staða jafnhliða annarri uppbyggingu þar um slóðir. Aukning fólksfjöldans á slíkum þéttbýlisstöðum, þótt hún í bili dragi til sín eitthvað af fólki úr umhverfi sínu, getur verið brýnt hagsmunamál hlutaðeigandi landshluta, ef hún ræður úrslitum um það, að hann sem heild haldi sínum hlut. Í bæjum og þorpum skapast líka markaður og ýmsir aðrir slíkir möguleikar fyrir nálægar sveitir. Af þessu leiðir, að byggðajafnvægismálið verður ekki leyst, svo að vel sé, nema á það sé litið frá heildarsjónarmiði hinna stóru landshluta, en þá jafnframt haft í huga, að björgulegar byggðir, þótt nú séu af einhverjum ástæðum fámennar og eigi í vök að verjast, dragist ekki aftur úr í sókn þjóðarinnar til bættra atvinnuhátta og betri lífskjara.

Byggðajafnvægisstarfsemin á ekki fyrst og fremst að vera fólgin í atvinnuleysisráðstöfunum eða örvun þjóðhagslega óhagkvæmrar framleiðslu, heldur í því að gera börnum landsins kleift með aðstoð fjármagns og tækni að grundvalla búsetu sína, lífsafkomu, menningu á náttúrugæðum til lands og sjávar, hvar á landinu sem þau eru, og koma með skynsamlegum ráðum í veg fyrir, að landsbyggðin eyðist eða dragist svo aftur úr, að framtíðarvonir hennar verði að engu gerðar. Það þarf að koma í veg fyrir þann misskilning, sem stundum ber á, að hin fámennari byggðarlög og atvinnurekstur þeirra séu yfirleitt byrði á þjóðarbúskapnum. Athuganir hafa leitt í ljós, að í sumum fámennum sjávarplássum t. d. skilar hver íbúi að meðaltali svo mikilli gjaldeyrisvöruframleiðslu í þjóðarbúið, að athygli vekur við samanburð. Víða í sveitum er framleiðslan líka án efa mjög mikil, ef reiknað er á þennan hátt. En þar sem fjármagn skortir og tækni er af skornum skammti, verður þetta oft á annan veg. Þess ber einnig að geta í sambandi við sveitirnar, að engin stétt í þjóðfélaginu mun leggja hlutfallslega eins mikið fram af eigin tekjum og með vinnu sinni til uppbyggingar í landinu og bændastéttin. Það mun óhætt að gera ráð fyrir, að hagnýt þjóðarframleiðsla minnki ekki, heldur vaxi með auknu jafnvægi í byggð landsins.

Í frv. er svo fyrir mælt í bráðabirgðaákvæði, sem því fylgir, að byggðajafnvægisnefnd skuli þegar eftir gildistöku frv., ef að lögum verður, gera bráðabirgðaáætlun um sérstaka aðstoð við þau byggðarlög, sem dregizt hafa aftur úr eða yfirvofandi hætta er á, að dragist aftur úr því, sem almennt er, að því er varðar aðkallandi framkvæmdir og uppbyggingu atvinnuvega eða fari í eyði að verulegu eða öllu leyti, enda séu þar frá náttúrunnar hendi vel viðunandi skilyrði til atvinnurekstrar á landi eða sjó. Til þess er ætlazt, að bráðabirgðaáætlunin sé gerð í samráði við Landnám ríkisins, sem hefur þegar í höndum mikilsverðar upplýsingar á þessu sviði og þar með aðstöðu til að gera sér grein fyrir atvinnuskilyrðum frá náttúrunnar hendi í einstökum byggðarlögum. Lagt er til, að byggðajafnvægisnefnd hafi heimild til að veita hlutaðeigandi sveitarfélögum óafturkræf framlög og verji til þess allt að þriðjungi af tekjum sjóðsins í 3 ár. Kæmi þá síðar til álita að framlengja þá heimild. Sum byggðarlög eru nú þannig á vegi stödd, að hafa verður hraðan á, ef þær sérstöku ráðstafanir, sem þjóðfélagið kann að vilja gera þeim til aðstoðar, eiga ekki að verða um seinan.

Íbúar í landinu voru um síðustu áramót um 200 þúsund talsins. Á bls. 4 í grg. þessa frv. er yfirlitsskýrsla, sem sýnir breytingu mannfjöldans í einstökum landshlutum á einum aldarfjórðungi, þ. e. a. s. árunum 1940—1965. Á þeim tíma, á þeim aldarfjórðungi, fjölgaði íbúum landsins í heild um 59.5%. Það var meðalfjölgunin og þar með það, sem kalla má hina eðlilegu fólksfjölgun í hverjum landshluta, þ. e. án innflutnings eða útflutnings. Tölurnar í þessari skýrslu bera vitni um hina gífurlegu röskun, sem enn hefur orðið á jafnvæginu í byggð landsins á þessum aldarfjórðungi. Á Vestfjörðum hefur á þessum aldarfjórðungi orðið bein fólksfækkun um 19.4%. Í 4 landshlutum var fjölgunin aðeins 8.8%, 14.7%, 25.5% og 30.8%, á sama tíma sem þjóðinni í heild fjölgaði um 59.9%, þ. e. a. s. hlutfallsleg fólksfækkun. Jafnvel í höfuðstað Norðurlands, Akureyri, sem til skamms tíma hefur verið annar stærsti bær landsins, var um hlutfallslega fólksfækkun að ræða á síðasta áratug. En í Kjalarnesþingi vestan fjalls hækkaði fólkstalan um 133.5% á tímabilinu 1941—1965. Í 7 samliggjandi sveitarfélögum, sem nú eru almennt kölluð Stór-Reykjavík, hækkaði íbúatalan úr 43500 upp í nálega 100500 á þessum tíma, en á því litla landssvæði á nú meira en helmingur þjóðarinnar heima.

Þessi þróun er mjög varhugaverð, svo að ekki sé meira sagt, fyrir land og þjóð, ekki aðeins þá landshluta, sem eiga við beina eða hlutfallslega

fólksfækkun að stríða, heldur, eins og ég sagði áðan, einnig fyrir höfuðborgina og nágrenni hennar, sem á erfitt með að valda sumum þeim verkefnum, sem á hana hlaðast vegna of mikils vaxtarhraða, og getur af þeim sökum orðið erfiðara en ella að byggja þar upp nægilega traust atvinnulíf í framtíðinni. Það ætti því að vera sameiginlegt áhugamál allra landsmanna að stuðla að því, að fólksfjölgunin dreifist meira um landið en hún hefur gert hingað til á þessari öld. En til þess að svo megi verða, þarf fyrst og fremst að útvega fjármagn til þess að efla atvinnulíf hinna einstöku landshluta og koma í veg fyrir, að skortur á íbúðarhúsnæði hamli því, að fólk setjist að í þessum landshlutum, t. d. faglærðir menn eða sérfróðir á einhverju sviði, sem víða hefur vantað. Þó kemur fleira til greina.

Gert er ráð fyrir í frv., að byggðajafnvægissjóður fái til umráða 2% af tekjum ríkissjóðs ár hvert. Miðað við áætlun fjárlaga fyrir 1967, þ. e. a. s. síðustu fjárlög, sem birtust í hinni eldri gerð, hefðu þessar árstekjur sjóðsins það ár orðið um 94 millj. kr., en breytast í hlutfalli við tekjur ríkissjóðs, sem á að tryggja það, að starfsgeta sjóðsins haldist, þótt verðlag breytist. Einhverjum kann að þykja þetta há upphæð við fyrstu sýn. En að vel athuguðu máli verður það varla talið frekt í sakirnar farið, þó að lagt sé til, að ríkið verji árlega tveim aurum af hverri krónu til að skipuleggja á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, sókn gegn þeirri öfugþróun, sem tölurnar, sem ég hef áður nefnt, bera vitni um, og tryggja framtíð þeirra byggða, sem alið hafa upp mikinn hluta þess fólks, sem starfað hefur að uppbyggingu landsins til þessa eða nú er á starfsaldri. Hér er um svipaðan hundraðshluta af ríkistekjum að ræða og veittur var til að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu árið 1957. Hann mun hafa verið einmitt nálægt 2% af ríkistekjunum það ár. Rétt er líka að hafa það í huga, að ýmis framlög ríkisins til verklegra framkvæmda víðs vegar um land hafa farið hlutfallslega lækkandi í seinni tíð, miðað við umsetningu fjárlaga.

Í 12. gr. frv. er svo gert ráð fyrir, að sjóðurinn fái lántökuheimild, allt að 200 millj. kr. á ári í 5 ár, og er gert ráð fyrir, að ríkissjóður ábyrgist þau lán, sem sjóðsstjórnin tekur samkv. þeirri heimild.

Frv. er í tveim köflum. Fyrri kaflinn fjallar um tilgang laganna og störf byggðajafnvægisnefndar, sem gert er ráð fyrir, að kjörin verði af Alþ. og haldi fund a. m. k. einu sinni í mánuði og oftar, ef þurfa þykir. N. er heimilað að tryggja sér starfskrafta, eftir því sem nauðsyn krefur, enda komi til samþykki ríkisstj. Yrði það sennilega gert í félagi við Framkvæmdasjóð Íslands. Byggðajafnvægisstofnunin á samkv. frv. að hafa með höndum rannsóknarstörf, áætlanagerð og ráðstöfun fjármagns til uppbyggingar á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Í því skyni eru henni fengin umráð yfir byggðajafnvægissjóði, en um hann er II. kafli frv. Gert er ráð fyrir, að fjárframlög úr byggðajafnvægissjóði verði aðallega veitt sem lán, þegar aðrir lánsmöguleikar hlutaðeigandi aðila eru fullnýttir, og að stjórn sjóðsins ákveði sjálf lánskjör hverju sinni. Geta þau farið að verulegu leyti eftir greiðslugetu. Samkv. frv. má veita slík lán til hvers konar framkvæmda, sem að dómi byggðajafnvægisnefndar eru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum. Er þá að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að sveitir landsins geti einnig notið þar góðs af að því leyti, sem stuðningur sá, sem veittur er samkv. landbúnaðarlöggjöfinni, leysir ekki þau viðfangsefni, sem um er að ræða. M. a. er gert ráð fyrir, að byggðajafnvægisnefnd geti aðstoðað sveitarfélög við að koma upp íbúðum, þar sem íbúðaskortur kemur í veg fyrir æskilega fólksfjölgun og það mál verður ekki leyst á annan hátt. Sjóðsstjórninni er heimilt að gerast meðeigandi í atvinnufyrirtæki, ef sérstaklega stendur á og fullnægt er tilteknum skilyrðum.

Rétt þykir að gera ráð fyrir þeim möguleika, að einstakar sveitarstjórnir eða sýslunefndir, ein eða fleiri saman eða sambönd þeirra, kunna að hafa hug á og telja sér fært að leggja sjálfar fram eða útvega nokkurt fé til þeirrar uppbyggingar á sínu svæði, sem frv. þetta tekur til, og hafa sjálfar meiri forustu en yfirleitt er gert ráð fyrir í frv. Þykir og sanngjarnt og eðlilegt, að þær geti, ef þannig er að farið, fengið fé úr byggðajafnvægissjóði á þann hátt, sem nánar er tiltekið, enda verði þá yfirleitt ekki um aðrar beinar lánveitingar úr byggðajafnvægissjóði að ræða á því svæði, sem hér er um að ræða.

Algengt er, að komið sé upp atvinnufyrirtækjum með fjárhagslegum stuðningi ríkissjóðs, t. d. með ríkisábyrgð, með ríkisláni eða annarri ríkisfyrirgreiðslu. Æskilegt er, að byggðajafnvægissjónarmið komi til greina við staðsetningu slíkra fyrirtækja og að fjárhagsleg aðstoð ríkisins sé hverju sinni því skilyrði bundin, að byggðajafnvægisnefnd hafi látið í ljós álit sitt um möguleika á því að koma staðsetningunni í samræmi við tilgang þessa frv., ef að lögum verður. Lagt er til, að Framkvæmdasjóður Íslands annist daglega afgreiðslu og reikningshald fyrir byggðajafnvægissjóð. Í frv. eru ákvæði um afnám laga um atvinnujöfnunarsjóð og að byggðajafnvægissjóður taki við stofnfé hans á þann hátt, sem mælt er fyrir um í 8. gr., svo og hluta framleiðslugjalds samkv. 9. gr.

Á því sviði, sem hér er til umr., dregur nú enn bliku á loft. Barátta er nú hafin fyrir því, jafnvel í sjálfu stjórnarráðinu, að fækka bændabýlum, sveitaheimilunum í landinu. En eitt meginhlutverk bændabýlanna er að halda uppi landsbyggð utan kaupstaða og kauptúna. Ég held, að þeir þjóðhagsspekingar, sem nú virðast vilja láta setja lög um fækkun bænda, ættu að beina geiri sínum þangað, sem þörfin er meiri fyrir. Ég held, að eins og nú

standa sakir, sé miklu meiri hætta á því, að sveitaheimilin verði of fá í landinu heldur en þau verði of mörg. Mér hrýs hugur við búvöruverksmiðjunum, sem ýmsir vilja nú láta koma í staðinn fyrir bændabýlin mörgu, og ég er ekki viss um, að framleiðsla slíkra verksmiðja yrði eins ódýr og sumir halda. Það er í eðli sínu ekki verksmiðjuvinna eða vélavinna nema að takmörkuðu leyti að hlúa að lifandi gróðri og lifandi búpeningi. Og ég held, að menn séu að gera sér það ljóst nú, þeir sem ekki hafa gert það nú um skeið, að það er ekki algild regla, að stórbú, sem kannske nálgast verksmiðju og svo mjög vélvædd sem mest tíðkast, gefi ævinlega betri raun en minni bú og minna vélvædd. Það, sem máli skiptir að þessu leyti, er, að stærð búa sé rétt ákveðin miðað við vinnuaflið, sem til staðar er á hverjum stað. Ég drep aðeins á þetta mál, en um það mætti lengi ræða. Ég mun þó ekki gera það, en ljúka hér með máli mínu.

Legg ég svo til, herra forseti, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 15. fundi í Nd., 14. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 29 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. ekki á dagskrá tekið framar.

---

12. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. KTh).

Á 14. fundi í Sþ., 21. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt [56. mál] (þmfrv., A. 75).

Á 18. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Kristján Thorlacius): Herra forseti. Ég þarf ekki að fylgja þessu frv. úr hlaði með löngu máli. Frv. gerir ráð fyrir þeirri breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 55 frá 1964, að við 13. gr. bætist nýr liður um, að draga skuli frá launatekjum 15%, áður en skattur er á þær lagður. Þessi frádráttur mundi einnig ná til útsvarsálagningar, þar sem lagaákvæði um útsvör gera ráð fyrir því, að þau séu lögð á hreinar tekjur.

Tilgangurinn með þessu frv. er, að launþegar fái sérstakan skattfrádrátt, er jafni nokkuð metin vegna þess, hve misvel tekjur koma til skila. Það er sama reynslan alls staðar, að erfitt er að varna því, að undan sé skotið tekjum við skattlagninguna. Fyrirmyndina að þeirri breytingu, sem hér er lagt til, að gerð verði á skattal., er að finna í danskri skattalöggjöf, sem gerir ráð fyrir, að launþegar megi draga tiltekna fjárhæð, sem nú er 800 danskar kr., frá tekjum, áður en skattur er á þær lagður, og var sá frádráttur rökstuddur með því, að rétt væri að jafna aðstöðu launþega og annarra gjaldenda með þessum hætti þar. Skattundandráttur hefur löngum verið landlægur hér á landi, og skal ég ekki um það segja, hvort ástandið nú er betra eða verra í þessum efnum en oft áður. En ég hygg, að enginn neiti þeirri staðreynd, að þetta vandamál er mikið og veldur því, að opinber gjöld koma óeðlilega þungt niður á þeim, sem minni möguleika hafa en aðrir til þess að draga tekjur sínar undan sköttum. Vissulega eru í öllum stéttum og starfsgreinum til menn, sem alls ekki kemur til hugar að nota sér möguleika, sem þeir hafa til undandráttar frá sköttum, og engan veginn skal felldur dómur um siðferði manna eftir stéttum í skattamálum. En aðstæðurnar eru einfaldlega þær, að sérstaða launþega er sú, að ekki einasta hann sjálfur telur fram tekjur sínar til skatts, heldur ber vinnuveitandanum einnig að tíunda launagreiðslurnar til skattyfirvalda, og þegar á heildina er litið, koma því launatekjur vel til skila við skattlagningu.

Í skattal. er að finna ákvæði, sem eðlileg verða að teljast við frádrátt á ýmsum kostnaðarliðum í sambandi við atvinnurekstur o. fl., ef rétt væri fram talið, sem áreiðanlega eru mjög misnotuð til þess að ná fram hærri frádrætti og þar með lægri skattheimtum tekjum en ella. Það eru þannig vafalaust margar leiðir, sem notaðar eru til skattundandráttar, aðrar en sú að telja beinlínis fram lægri tekjur en til hafa fallið.

Ég er ekki í vafa um, að það er vilji mjög margra, að unnt sé að ná sem beztum árangri í eftirliti með skattframtölum, og í raun réttri sé það einnig svo með velflesta menn, að þeir telji það eins konar nauðvörn gegn ofsköttun að nota sér allar tiltækar aðferðir til þess að komast hjá greiðslu lögboðinna gjalda. Samt sem áður tekst ekki að uppræta þetta, og afleiðingin er sú, að aðrir verða að greiða þann hluta gjaldanna, sem þeim ber að greiða, sem undan drógu.

Hér sem í öðrum efnum þýðir ekki annað en horfast í augu við staðreyndirnar, og með tilliti til reynslu annarra þjóða er þess varla að vænta, að við náum fullum árangri í eftirliti með framtölum og innheimtu skatta. Þess vegna finnst mér sanngjarnt að fara inn á þá braut, sem Danir hafa farið í þessum efnum, og veita launþegum sérstakan frádrátt til að jafna hér nokkuð metin. Frádráttarupphæðin er matsatriði. Í Danmörku hefur þetta verið ákveðin föst tala, en með frv. þessu hef ég lagt til, að ákveðinn hundraðshluti

verði dreginn sérstaklega frá launatekjum, áður en skattur er á þær lagður. Og með tilliti til þess, að ætla má, að undandráttur sé hér verulegur, legg ég til, að þessi frádráttur verði ákveðinn 15%.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Með frv. þessu er lagt til, að gerð verði sú breyting á skattal., að launamönnum verði heimilað að draga 15% af launatekjum sínum, áður en skattur er á þær lagður.

Launamenn eru margir hér á landi. Það er fjölmennur hópur og stækkandi, og það er mislit hjörð. Þar er allt frá smádrengjum, sem nefndir eru sendisveinar, og upp í sendiherra og fjöldinn þar á milli í ótal þrepum launastigans.

Ég hef reynt að gera mér nokkra grein fyrir því, hver áhrif þetta frv. mundi hafa á skattgreiðslur manna, ef það yrði samþ.

Verkamaður hér í Reykjavík í verkamannafélaginu Dagsbrún, sem vinnur 8 stundir á dag alla virka daga ársins, mun nú hafa samkv. lægsta taxta Dagsbrúnar um það bil 120 þús. kr. í tekjur yfir árið. Ef hann er kvæntur, þótt barnlaus sé, borgar hann engan tekjuskatt. Hann mundi því ekki hafa neitt upp úr þessu.

Kennarar eru fjölmennir hér á landi. Barnakennarar eru flestir í 16. launaflokki. Menn í þeim flokki eftir 5 ára þjónustu fá útborgað nú í desember að frádregnu lífeyrissjóðsgjaldi rúmlega 14300 kr. á mánuði, sem gerir um 172 þús. kr. yfir árið. Kvæntur kennari borgar af þessum launum um 2500 kr. í tekjuskatt. Hafi hann eitt barn á framfæri, verður tekjuskattur hans rúmlega 600 kr., en enginn, séu börnin fleiri. Ekki hefur hann mikið upp úr því, þó að þetta frv. verði samþ. Má raunar segja, að það sé ekki neitt.

En þá er að litast um ofar í launastiganum. Ég sá tekjuskattsgreiðslur 5 manna í skattskrá Reykjavíkur fyrir árið 1968 og reiknaði út skattskyldar tekjur þeirra eftir skattinum. Af skattskránni verður ekki séð, hvað mikið af tekjunum er launatekjur. En við útreikning minn gerði ég ráð fyrir, að allar skattskyldar tekjur þessara fimmmenninga væru launatekjur og kæmu því undir frádráttarregluna samkv. frv. Nú skal að vísu viðurkennt, að margir launamenn hafa einhverjar tekjur samkv. skattaframtali til viðbótar launatekjunum. T. d. er þeim, sem búa í eigin húsum, reiknað nokkuð til tekna fyrir afnot af húsnæðinu. En á móti kemur ýmiss konar frádráttur, áður en skattur er á lagður, svo sem fyrning og viðhald húseignar, vaxtagreiðslur hjá þeim, sem eitthvað skulda, tryggingargjöld og greiddur eignarskattur og eignarútsvar. Ég hygg því, að með reikningsaðferð minni sé hagnaður þessara manna af skattalagabreytingu samkv. frv. frekar of lágt metinn en of hátt. Og hvað kemur þá út úr dæmum mínum? Fyrst skal frægan telja einn ráðh., sem ég nafngreini þó ekki. Ég fékk það út, að ef ákvæði frv. hefði verið komið í lög við skattálagningu á þessu ári, hefði ráðh. fengið 19800 kr. afslátt frá tekjuskatti sínum. Næst er það bankastjóri. Sá hefði fengið afslátt af tekjuskatti, sem mér reiknast til, að nemi 24800 kr. um það bil. Og sá þriðji, sem ég athugaði, er starfsmaður við eina ríkisstofnun. Sá hefði líka fengið 24800 kr. afslátt af skattinum, eins og bankastjórinn. Svo tók ég tvo forstjóra heildsölufyrirtækja. Þeir menn, sem áður voru nefndir heildsalar, eru nú undantekningarlítið komnir í hóp launamanna. Svo að segja öll heildsölufyrirtæki eru rekin af félögum, aðallega hlutafélögum. Forstjórar þeirra, sem oft eru hlufhafar í félögunum, eru launamenn í þjónustu fyrirtækjanna. Ég reikna út hlunnindi tveggja slíkra samkv. frv. Annar mundi græða rúmlega 19 þús. á frv., en hinn um 17 þús. En með þessu er sagan ekki nema hálfsögð og þó líklega tæplega það. Samkv. frv. eiga þeir líka að fá afslátt á tekjuútsvörunum, og ég geri ráð fyrir, að hann yrði í flestum tilfellum meiri en á tekjuskattinum. Það mundu því verða milljónatugir, sem hátekjumenn fengju í afslátt af opinberum gjöldum, ef frv. væri samþykkt.

Við athugun á þessu frv. er þannig ljóst, að með því er ekki stefnt að því að létta þeim róðurinn, sem erfiðastan hafa barninginn, heldur er stefnt að því að veita þeim, sem betur mega. Vilji menn hlaupa undir baggana hjá þeim, sem hafa erfiðasta aðstöðu, er það ekki ráðið að lækka tekjuskattinn, því að það snertir þá ekki. Betra væri fyrir þá, að söluskatturinn væri lækkaður, sem hvílir þungt á almenningi, og aðstöðugjöldin, sem leggjast ósanngjarnlega á fólk víða um land. Það er einnig þörf á því að létta skatta á atvinnufyrirtækjum. Það er nú þannig, að þó að hæstv. ríkisstj. hafi síðasta áratuginn alltaf talið sig vera að koma atvinnuvegunum á heilbrigðan grundvöll, þá er ástand atvinnufyrirtækjanna þannig yfirleitt, að hagur þeirra er harla bágborinn. En það verður ekki greitt fyrir þeim fyrst og fremst með því að lækka tekjuskattinn, því að hann er ekki tilfinnanlegur á félögum. Flest eru þessi atvinnufyrirtæki rekin af félögum. En það eru aðrir skattar, sem þyrfti að létta af þeim. Það eru ýmsir sérskattar, sem hrúgað hefur verið á atvinnurekstrinn á undanförnum árum. Þannig er það ýmislegt á skattamálasviðinu, sem þarf að lagfæra, en ég tel það ekki mest aðkallandi verkefni, eins og nú er ástatt, að lækka skatta á hátekjumönnum, eins og stefnt er að með þessu frv.

Flm. (Kristján Thorlacius): Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. kom hér og nefndi nokkur dæmi í sambandi við þetta frv. og bar þá mjög fyrir brjósti, að mér skildist, atvinnufyrirtækin í landinu og aðstöðugjöld þeirra og nauðsyn á að lækka skatta á atvinnufyrirtækjum. Hann kom inn á

það í leiðinni, að þetta frv. mundi ekki vera til björgunar lægst launuðu mönnunum, heldur verða nokkuð til hagsbóta og aðallega, að því er hann taldi, hátekjumönnum í þessu þjóðfélagi. Hann nefndi nokkur dæmi og nokkuð, verð ég að segja, áróðurskennd. Hann sleppti t. d. alveg að nefna tölur í sambandi við útsvörin, en ég get bent hv. þm. á það, að þetta kemur nokkuð til tekna líka hinum lægst launuðu einmitt í sambandi við útsvörin, þó að þeir séu tekjuskattslausir, eins og hann benti hér á.

Starfsmaður með tekjur í 5. flokki ríkisstarfsmanna, t. d. eins og byrjunarlaunin eru þar, tæplega 105 þús. kr., mundi losna algerlega við skatt, en hefur á annað þús. kr. í skatt eftir núgildandi reglum. Það er að vísu ekki mikið hjá manninum, sem hefur byrjunarlaunin, eða tæp 105 þús. kr., hann mundi losna við að borga 1310 kr. í skatt, hjón með 2 börn. Verkamaðurinn hjá ríkinu, sem kominn er í hámarkslaun eftir 12 ár, hefur 129312 kr. og borgar nú 4160 kr. í útsvar, og þó að þetta sé ekki há tala, þá finnst mér full ástæða til þess að taka það til athugunar að afnema þennan skatt á honum. Starfsmaður t. d. í 15. launaflokki hefur í byrjunarlaun 148752 kr. og útsvarið á honum núna er 7280 kr. Sá, sem kominn er í hámarkslaun í þessum flokki, hefur tæpar 180 þús. kr., og útsvarið á honum er nú 12220 kr., ef miðað er við hjón með 2 börn. Ég get ekki verið sammála hv. 1. þm. Norðurl. v. um það, að það sé engin ástæða að gera neitt fyrir þetta fólk. Starfsmaður í 20. flokki hefur 184500 kr. í byrjunarlaun og útsvar hans er 12680 kr. Hámarkslaun þessa manns væru 223 þús. kr. og tekjuskattur 3372 kr. og útsvar 20640 kr. Ég held, að varla geti hér verið um hálaunamenn að ræða að dómi flestra manna, en e. t. v. álítur hv. 1. þm. Norðurl. v., að sá maður, sem hefur núna í byrjunarlaun 184 þús. og 223 þús. kr. í hámarkslaun, sé í hópi hátekjumanna. Hann var það fyrir stríð, maður, sem var með þessar tekjur að tölu. Hann hefur verið hátekjumaður fyrir stríð, en síðan eru liðnir nokkrir áratugir, og ég vildi benda hv. þm. á, að þróunin hefur orðið nokkuð ör í sambandi við verðbólguna, og ég vildi benda honum á, að það er nauðsynlegt að taka tillit til hinna háu talna, sem eru á ferðinni í þjóðfélaginu í dag. Það er ekki nóg að einblína á tölurnar.

Til styrktar þessu vil ég benda á framfærsluvísitöluna og tekjur vísitölufjölskyldunnar, hvernig þetta kemur út með samanburði við vísitölufjölskylduna, en það er fjögurra manna fjölskylda, sem þar er reiknað með. Í dag með vísitölunni, sem verður 1. des., og miðað við þann vísitölugrundvöll, sem tekinn var í gildi 1. jan. s. l., má reikna með, að vísitölufjölskyldan þurfi 290 þús. kr. til þess að framfæra sig. Þessar tölur, sem þarna er miðað við, eru ekki neinar tilbúnar tölur, heldur er hér byggt á búreikningum, sem hagstofan fékk yfir 100 manns til að halda á árunum 1964 og 1965, og það er þess vegna reynslan af útgjöldum fjölskyldunnar, sem þarna talar, en ekki tilbúningur. Og þarna er ekki reiknað með húsaleigu, sem er reiknuð í vísitölunni eins og hún er 40 þús., en allir vita, að er a. m. k. helmingi hærri. Mér finnst það ákaflega einkennilegt, að þm. skuli koma hér og halda ræðu, sem gæti bent til þess, að verið væri hér að tala máli hátekjumanna, þegar launakjör t. d. opinberra starfsmanna eru þannig, sem ég hef bent á, miðað við vísitöluna. Það er sjálfsagt góðra gjalda vert hjá þessum hv. þm. að vilja styðja atvinnurekendur í sínu heimahéraði og annars staðar, en ég held, að hann ætti að endurskoða sínar tölur í sambandi við launamenn og reyna að rumska við og lifa í nútímanum heldur en koma eins og maður, sem ekki hefur lifað í nokkra áratugi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjhn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

13. Olíuverzlun ríkisins.

Á 16. fundi í Nd., 18. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um olíuverzlun ríkisins [60. mál] (þmfrv., A. 79).

Á 17. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég hef flutt hér á allmörgum þingum frv. um olíuverzlun ríkisins, en það hefur ekki fengið afgreiðslu. Ég hef leyft mér að leggja fram frv. um þetta sama efni enn einu sinni. Ég hef verið að gera mér vonir um, að það væru meiri líkur til þess nú en áður, að fá mætti efni þessa frv. samþ. hér á Alþ. Ég hef veitt því athygli, að framámenn í Alþfl. hafa verið að gefa yfirlýsingar um það, að þeir aðhylltust þessa skipan mála í sambandi við olíusölumálin í landinu, þeir teldu, að það ætti að taka hér upp ríkisverzlun með olíur, og ég hef einnig tekið eftir því, að ýmsir aðrir áhrifamenn í landinu viðurkenna nú orðið opinberlega, að breyta þurfi í grundvallaratriðum því skipulagi, sem við höfum búið við í þessum efnum.

Eins og öllum hv. þm. er kunnugt, höfum við hér í alllangan tíma búið við það skipulag á olíusölumálum, að það hafa verið þrjú stór olíufélög, sem byggt hafa í rauninni upp þrefalt dreifingarkerfi um allt land. Það getur ekki farið á milli mála, að þetta þrefalda dreifingarkerfi hefur ver-

ið mjög dýrt í stofnkostnaði og hlýtur að vera óheyrilega dýrt í rekstri. Í mörgum tilfellum eru hér hafðir þrír starfsmenn til þess að sjá um verk, sem einn gæti séð um, og það er verið að halda við þrefalt kostnaðarsamari eignum heldur en þörf væri á í a. m. k. mjög mörgum tilfellum. Þetta hefur auðvitað haft það í för með sér, að olíuverð hér á landi hefur jafnan verið mjög hátt í samanburði við olíuverð í nálægum löndum, og hefur auðvitað valdið hér óeðlilega háu verðlagi á ýmsum sviðum. Þó að þetta skipulag hafi verið hér ríkjandi, að þessi þrjú stóru olíufélög hafi haft með olíusölumálin að gera, þá er það nú samt sem áður svo, að það hefur verið ríkið í mörg ár, sem gert hefur formleg kaup um svo að segja allan olíuinnflutning til landsins. Kaupin hafa farið fram á þann hátt, að það hafa verið aðilar af hálfu ríkisins, sem hafa samið um kaupin á olíunni, en hins vegar hefur ríkið síðan afhent þessum þremur olíufélögum þennan mikla innkaupasamning, afhent olíufélögunum hann til framkvæmda, og þannig gefið þessum einkafélögum aðstöðu til þess að geta í rauninni komið fyrir þessum málum á þann hátt, sem þau hafa talið sér hagstæðast. Afleiðingin hefur m. a. orðið sú, að það hefur ekki verið hægt að fá keypta olíu hér á Íslandi af þessum olíufélögum með heildsölufyrirkomulagi í mörg ár. Enginn aðili í landinu hefur getað fengið olíuna keypta með heildsölufyrirkomulagi. Jafnvel stórir aðilar á vegum ríkisins sjálfs, sem óskað hafa eftir því að fá að kaupa olíu, sem þeir nota í allríkum mæli, á sanngjörnu og eðlilegu heildsöluverði, hafa ekki getað fengið olíuna keypta þannig. Heil bæjarfélög eða aðrir stórir aðilar í landinu hafa leitað eftir þessu líka, og þeir hafa ekki getað fengið olíuna keypta þannig. Þegar þeir hafa fengið nokkur sérhlunnindi umfram aðra, sem kaupa olíu, hafa þeir þurft að gera kaupin á þeim grundvelli, að þeir tóku olíuna á almennu útsöluverði, en gátu fengið lítils háttar afslátt frá því. Þetta hefur einnig átt sér stað með þau olíusamlög, sem upp höfðu verið byggð í landinu á ýmsum stöðum samkv. lögum frá Alþingi. Þau hafa ekki getað fengið olíu til þess að hafa til sölumeðferðar nema á þennan hátt, að semja við eitthvað af þessum þremur olíufélögum um það að taka olíuna af þeim á almennu útsöluverði, og fengið að vísu lítilsháttar afslátt fyrir öll þau störf, sem samlögin hafa haft af smásöluverzlun sinni. En um það hefur ekki verið að ræða, að hægt væri að fá keypta olíu til slíkra aðila sem þessara með venjulegu og eðlilegu heildsöluverði, sem byggt væri á því verði, sem olían er keypt á til landsins, með óhjákvæmilegum kostnaði, sem á hana hefur fallið við flutning í aðalbirgðastöðvarnar.

Nú vita allir, að olían er mjög þýðingarmikil nauðsynjavara hér á landi. Við þurfum að nota hér á Íslandi tiltölulega mjög mikla olíu miðað við okkar mannfjölda og okkar atvinnurekstur. Verulegur hluti af húsahituninni í landinu byggist á olíunotkun, og þar er því um mjög viðkvæman kostnaðarlið að ræða hjá mörgum. Sama er um það að segja, að tiltölulega stór hluti af okkar atvinnurekstri þarf að nota mjög mikið af olíuvörum. Og því er útkoman sú hér hjá okkur, að olíunotkun hér er tiltölulega mjög mikil. Enn er talsvert rekið í landinu af raforkufyrirtækjum, sem byggja orkuvinnslu sína á olíunotkun, og er þar langstærsti aðilinn ríkið sjálft. En þetta allt saman gerir það að verkum, að við notum eins mikið af olíu og raun er á. Þá fer það ekki heldur á milli mála, að olíunotkun og þar með benzínnotkun er tiltölulega mikil hér á landi vegna þess skipulags, sem við búum við á okkar flutninga- og samgöngumálum. Hér verðum við að flytja mestallt, sem við flytjum á landi innanlands, með bílum, sem annaðhvort nota olíu eða benzín, og þessar vörur eru því mjög viðkvæmar í sambandi við verðlagið allt í landinu af þessum ástæðum.

Það er því býsna stórt mál, hvernig fyrirkomulagið er í sambandi við innflutning á olíu til landsins og með sölumeðferðina á olíum, hvort við reynum að koma þar við hagkvæmu skipulagi eða búum við dýrt og óhagkvæmt skipulag. Ég held, að það geti enginn maður borið á móti því, að við höfum búið í þessum efnum við mjög kostnaðarsamt og óhagkvæmt skipulag, enda koma fram fáar varnir fyrir því, að það, sem við verðum að þola í þessum efnum nú, sé hagstætt. Nú er um þessar mundir mikið talað um það að koma við hagræðingu á hinum ýmsu sviðum, koma við bættu rekstrarskipulagi. Athyglin hefur m. a. beinzt að því, að það þurfi að koma við allmikilli hagræðingu í okkar atvinnulífi. Menn tala um að fækka frystihúsum í landinu og sameina þau á ýmsum stöðum, og nokkuð hefur verið að þessu gert. Og það er greinilegt, að menn tengja miklar vonir við það, að ef þarna væri beitt öðrum vinnubrögðum en verið hefur, mætti spara allmikið fé. En hvers vegna þá ekki að spara eitthvað í sambandi við olíudreifinguna í landinu? Ég er ekki í neinum vafa um, að það er miklu meira aðkallandi mál hjá okkur að taka til endurskoðunar ýmsa þessa milliliðastarfsemi í landinu og koma þar fyrir hagkvæmara skipulagi heldur en er í sambandi við okkar beina atvinnurekstur. Og efast ég þó ekkert um, að þar er hægt að koma fyrir miklu hagkvæmari vinnubrögðum í mörgum efnum, bæði í sambandi við okkar fiskvinnslu, útgerð, iðnaðarrekstur í landinu og marga aðra þætti í okkar atvinnulífi. Það er hægt að koma fyrir miklu hagkvæmara skipulagi en við búum við, og það ber auðvitað að vinna að því. En hitt er þó að mínu viti miklu meira aðkallandi, að snúa sér að ýmsum þeim kostnaðarþáttum, sem nú hvíla á okkar atvinnulífi almennt, vegna þess að við búum við mjög óhagkvæmt skipulag varðandi hvers konar þjónustu og milliliðastarfsemi, og ein greinin í þeim efnum er einmitt olíuverzlunin.

Nú, þegar verið er að gera miklar efnahagsráðstafanir til þess m. a. að styrkja atvinnuvegina, að sagt er, þá sýnist manni, að það væri ekki úr vegi að grípa fyrst til þess ráðs að reyna að lækka útgjöldin hjá atvinnurekstrinum með beinni verðlækkun í sambandi við nýtt skipulag, sem hægt er að taka upp í verzlunarmálum og viðskiptamálum og ýmsum þjónustumálum, eins og t. d. á þessu sviði. Ég hef verið að vona, að einmitt í sambandi við þessi mál kæmu upp möguleikar á því, að breytt yrði hér um rekstrarform á olíuverzluninni í landinu og það fengizt tekin upp olíuverzlun ríkisins. Það er mín skoðun, að þannig eigi að reka olíuverzlun ríkisins, að hún eigi að hafa með höndum innkaup á allri olíu til landsins, sjá um flutning á öllum olíuvörum til landsins, eiga og reka aðalbirgðastöðvarnar í landinu og tryggja á þennan hátt, að við höfum jafnan til í landinu nægilegar birgðir á sem hagstæðustu verði, og síðan eigi þessi stofnun að sjá um eðlilega heildsölu á olíu til þeirra, sem þannig eru settir, að þeir geta keypt olíu af olíuverzlun ríkisins til sinnar starfsemi í dálítið stórum stíl. Þannig álít ég t. d., að þau olíusamlög útvegsmanna, sem á nokkrum stöðum hafa verið mynduð á landinu, ættu að geta fengið olíuna keypta til sinnar starfsemi á réttu heildsöluverði. Ég álít einnig, að það væri sjálfsagt, að stórar ríkisstofnanir og aðrar slíkar stofnanir ættu að geta fengið olíu keypta frá þessari heildsölu ríkisins á réttu heildsöluverði og þá væntanlega á miklu lægra verði en þessir aðilar verða að kaupa olíuna á nú. Sömuleiðis álít ég, að bæjarfélög og einstaka aðrir aðilar, sem þurfa vegna síns rekstrar að nota mikið af þessari vöru, ættu að geta keypt olíu og dreift til sinna stofnana sjálfir, ef þeir óskuðu eftir. Ég tel hins vegar alveg nauðsynlegt, að þessi olíuverzlun ríkisins taki einnig að sér smásöludreifinguna út um allt land, taki hana úr höndum núverandi olíufélaga til þess að koma þar fyrir hagstæðara og ódýrara dreifingarskipulagi en við nú búum við.

Það gefur auga leið, þegar skipt er yfir á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, að þá þarf auðvitað að semja við olíufélögin þrjú, sem þetta hafa með höndum nú, um eignir þeirra, þannig að þau fái eðlilega greiðslu fyrir sínar eignir, eftir því sem réttmætt er að verðleggja þær, eða þá ef samningar takast ekki, þá auðvitað verður hér að fara fram eignar- eða leigunám, því að ekkert vit væri í því, að ríkið færi að byggja hér upp nýtt kerfi eða það fjórða í mörgum tilfellum.

Ég þarf ekki að hafa um þetta miklu fleiri orð. Ég er búinn, eins og ég hef sagt hér áður, að ræða þetta mál hér á mörgum þingum og lýsa mínum skoðunum á því, en það er von mín, að sú n., sem fær þetta mál til athugunar nú, afgreiði málið frá sér, svo að það megi koma hér skýrt fram á Alþingi, hver afstaða alþm. er til þessa máls, hvort þeir vilja með atkv. sínu hér ákveða, að það skipulag skuli ríkja áfram í þessum málum, sem ríkt hefur, eða hvort þeir vilja standa að því að taka hér upp hagkvæmara skipulag, t. d. með því að koma á fót olíuverzlun ríkisins. Ég teldi það sérstaklega æskilegt að fá úr þessu skorið nú, einmitt nú, eins og ástatt er í okkar efnahagsmálum, og í sambandi við þær stórfelldu ráðstafanir, sem nú þarf að gera, hvort þeir, sem nú telja alveg nauðsynlegt, m. a. til þess að styðja atvinnuvegi landsmanna, að sagt er, að leggja á allan almenning þungar byrðar, — hvort þeir telja ófært að breyta nokkuð til um skipulagsatriði varðandi olíusölumálin í landinu, jafnvel þó að það yrði eitthvað á kostnað gróðans hjá þessum þremur stóru olíufélögum. Ég held, að það væri ákaflega gott að fá einmitt úr því skorið nú, hvort þeir, sem standa t. d. að þessum stóru og þungu efnahagsráðstöfunum, telja, að þarna megi ekki koma við þessa gróðaaðila að einu eða neinu leyti.

Ég vænti svo þess, að sú n., sem fær þetta mál til athugunar, sjái nú um að afgreiða það hér til þingsins og geti helzt af öllu fallizt á samþykkt þess. Ég óska svo eftir því, herra forseti, að þetta frv. gangi til fjhn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 81., 82., 83., 87., 88., 89., 90., 91., 93. og 94. fundi í Nd., 25., 28. og 29. apríl, 2., 5., 6., 8., 9., 12. og 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 79, n. 493, 525, 564 og 586).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

14. Smíði fiskiskipa innanlands.

Á 16. fundi í Nd., 18. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um smíði fiskiskipa innanlands [61. mál] (þmfrv., A 80).

Á 17. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Við flytjum hér, þrír þm. Alþb., frv. til l. um smíði fiskiskipa innanlands. Með mér standa að þessu frv. hv. 6. landsk. þm. og hv. 8. landsk. þm. Við fluttum frv. á síðasta þingi, þrír þm. Alþb., sem fór í sömu átt og þetta frv., svo að það er nokkuð kunnugt hér.

Aðalefni frv. er um það, að atvmrn. skuli beita sér fyrir því, að smíðuð verði 50 fiskiskip innanlands í skipasmíðastöðvum hér á næstu 4 árum, árunum 1969—1972. Það er gert ráð fyrir því í

frv., að skipuð verði sérstök 5 manna n., sem skuli hafa með að gera framkvæmdir í þessum málum og forgöngu um það, hvernig að málinu skuli staðið, og það er gert ráð fyrir því, að þeir aðilar, sem hér eiga mestan hlut að máli, útvegsmenn og sjómenn, eigi örugglega fulltrúa í þessari n. Þá er hér einnig gert ráð fyrir því, að ríkið geti tekið nokkurt lán, allt að 200 millj. kr., til þess að tryggja fjármagn til þessarar skipasmíði, en að öðru leyti verði samið við Fiskveiðasjóð Íslands um lánveitingar út á þessi skip og það tryggt, að stofnlán út á skipin verði 85% af stofnkostnaði. Það er gert ráð fyrir því í frv., að hér verði aðallega um að ræða þrjár tegundir af fiskiskipum eða þrjá stærðarflokka, til þess að hægt sé að fá hér fram nokkru hagstæðari aðstöðu til smíðinnar heldur en verða mundi, ef hér væri um allt of margar gerðir að ræða.

Það hefur verið allmikið rætt um það nú að undanförnu, að það væri sjálfsagt að nota betur innlendu skipasmíðastöðvarnar til þess að byggja upp okkar fiskiskipaflota en gert hefur verið. Margar till. hafa komið fram um þessi efni og m. a. ýtarlegar till. frá samtökum járniðnaðarmanna, og við byggðum flutning þessa frv. okkar alveg sérstaklega á till., sem frá þeim komu á s. l. ári. Það er enginn vafi á því, að við gætum, Íslendingar, auðveldlega séð um það í okkar skipasmíðastöðvum að halda við okkar fiskibátaflota, sjá þar um eðlilega endurnýjun og gott viðhald. Þetta verk gætum við unnið hér innanlands, og við gætum á þann hátt sparað okkur allverulega gjaldeyri frá því, sem verið hefur. Ég hygg, að við höfum keypt fiskiskip á undanförnum árum fyrir um það bil 300—400 millj. kr. á ári. Mikið af þessum skipum hefur verið keypt frá Noregi, þar sem þau hafa verið byggð við lítið eða ekki betri aðstöðu en við höfum hér heima hjá okkur. Ég hugsa, að við slík skipakaup, þar sem um er að ræða kaup fyrir 300—400 millj. kr. á ári, megi reikna með því, að um það bil helmingurinn af þessari upphæð eða 150—200 millj. kr. sé hreinlega vinnulaun. Og í þessum tilfellum erum við að flytja inn vinnuafl. En enginn vafi er á því, að við höfum haft þetta vinnuafl hér til staðar og hefðum getað nýtt það, ef vel hefði verið á haldið. Við hefðum ekki þurft að eyða þessum gjaldeyri, sem við höfum eytt, á þennan hátt. Og þá held ég, að afkoman hjá okkar skipasmíðastöðvum hefði líka verið allt önnur en hún er raunverulega nú, eftir það skipulagsleysi, sem hefur ríkt í þessum efnum hjá okkur.

Nú má segja, að það skipulag hafi verið hjá okkur, að það hafi ekki á neinn hátt verið bannað, að menn gætu fengið skip sín smíðuð innanlands, og það er rétt. Það hefur verið hægt að láta smíða skipin innanlands, og meira að segja hefur það verið þannig, að stofnlánin hafa verið aðeins hærri út á innanlandssmíðuðu skipin heldur en þau, sem smíðuð hafa verið erlendis. En formið, sem gilt hefur hér hjá okkur um framkvæmdir á þessum verkum, hefur verið þannig, að það hefur verið ákaflega erfitt fyrir flesta aðila að komast í gegnum þetta form, fullnægja því, og því hefur hér orðið minna úr innanlandssmíðinni en eðlilegt hefði verið.

Það er því skoðun okkar flm. þessa frv., að það sé óhjákvæmilegt, ef það eigi að nýta innlendu skipasmíðastöðvarnar í þessum efnum til fulls og ef við eigum yfirleitt að taka að okkur þetta verk á næstu árum, að halda við okkar bátaflota og endurnýja hann, þá verði að koma til einhver einn aðili, helzt af öllu, hér innanlands á vegum ríkisvaldsins með einum eða öðrum hætti, sem gengist fyrir því að sjá um þessa skipasmíði með allsherjarsamningum við skipasmíðastöðvarnar. Það er skoðun okkar, að það þurfi að taka nokkuð svipað á þessum málum nú og gert hefur verið áður í nokkrum öðrum tilfellum, eins og t. d. þegar Íslendingar hafa keypt togara erlendis frá, þá hefur það verið fyrir beina forgöngu ríkisvaldsins, sem séð hefur um slíka samningagerð og um slík kaup og síðan um framsölu á þeim skipum. Og þetta var einnig gert í sambandi við allmikil bátakaup erlendis frá og reyndar einnig í sambandi við bátakaup frá innlendum skipasmíðastöðvum á nýsköpunarárunum, og í nokkrum fleiri tilfellum hefur þetta einnig gilt. Við álítum því, að hið bezta væri, að ríkisvaldið hefði forgöngu um það að fela einhverjum aðila að gera áætlun, t. d. til fjögurra ára í einu, um smíði fiskiskipa eða a. m. k. þá smíði á fiskiskipum, sem telja má alveg öruggt, að við þurfum á að halda. Ég gæti ímyndað mér þessa framkvæmd þannig, að við ákvæðum t. d. smíði á fiskibátum í þremur stærðarflokkum aðallega. Þá mundi ég þar fyrst tilnefna stærðarflokkinn, sem almennt mun vera talinn sem hentugur stærðarflokkur fyrir vetrarvertíðarbáta, þ. e. a. s. báta, sem væru af stærðinni 80—120 rúmlestir. Það skiptir ekki höfuðmáli, hvort sú n., sem ætti að hafa með framkvæmdina á málinu að gera, kæmist að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að semja um 10 eða 20 eða 30 báta af stærðinni 100 tonn eða 110 tonn, — það skiptir ekki höfuðmáli. En það þarf að velja eina stærð og semja um smíði á allmörgum skipum eða allmörgum bátum af þessari tilteknu stærð og velja til þessa verkefnis nokkrar skipasmíðastöðvar á ýmsum stöðum á landinu, sem þá fengju samning um verkefni til nokkurra ára fram í tímann, t. d. til næstu fjögurra ára. Á sama hátt þarf svo að ákveða tiltekna stærð af þeim bátum, sem tilheyra stærðarflokknum undir 80 rúmlestir, en við þurfum talsvert á slíkum bátum einnig að halda hér í okkar verstöðvum víða um landið. Þar kæmi til mála að ákveða stærðina 30 rúml., 35 rúml. eða 40 rúml. En sem sagt, sú framkvæmdanefnd, sem hefði með málið að gera, mundi velja eina stærð af þessum minni bátum og sjá svo um, að samningar yrðu gerðir við all-

margar stöðvar til þess að taka þetta verkefni að sér á næstu 4 árum. Og þriðji stærðarhópurinn mundi svo vera að mínum dómi stærstu fiskibátarnir okkar, þ. e. a. s. bátar, sem væru í stærðarflokknum frá 250 rúml. til 400 rúml. eða einhvers staðar þar á milli. Og á sama hátt ætti að semja við skipasmíðastöðvarnar um að smíða tiltekinn fjölda báta af þessari stærð, og til þess veldust einnig sérstakar stöðvar, og auðvitað væri eðlilegt, að það yrði nokkurt áframhald á því hjá þeim stöðvum, sem tækju að sér að smíða bátana í stærsta stærðarflokknum, á sama hátt og það yrði um áframhald að ræða hjá hinum stöðvunum, sem tækju að sér verkefnin að smíða báta af minnstu gerðinni.

Með samningum við okkar skipasmíðaiðnað á þennan hátt væri hægt að tryggja þeim öruggt verkefni fram í tímann. Þær gætu staðið miklu betur að sínum verkefnum en þær gera nú, og ég efast ekki um það, að við fengjum á þennan hátt bæði betri skip en við höfum fengið og þó sérstaklega gætum við einnig fengið ódýrari skip en þessi algerlega sérsmíðuðu skip, þar sem einn útgerðarmaðurinn velur sér 250 tonna skip, annar 260 tonna skip og sá þriðji 270 tonna skip, en í sjálfu sér er í rauninni enginn munur á þessum skipum, nema hvert um sig verður að byggjast algerlega á sérteikningu og sérlýsingu í öllum greinum og sérsmíði á ótalmörgum hlutum.

En það þarf að tryggja fjármagn fyrir slíka framkvæmd sem þessa, og nú liggur það fyrir, að fiskveiðasjóður, sem er býsna öflugur sjóður, lánar yfirleitt út á ný fiskiskip, sem byggð eru innanlands, um 75%, og nú í seinni tíð hefur hæstv. iðnmrh. beitt sér fyrir því, án þess að til væru nokkur lagaákvæði um það, að útvega í einstaka tilfellum 10% viðbótarlán við þessi 75%, þannig að út á innanlandssmíðina hafa menn getað í einstaka tilfellum fengið stofnlán, sem nema 85%. Þessi ráðstöfun af hálfu hæstv. iðnmrh. hefur verið lofsverð. Það hefur út af fyrir sig stefnt í rétta átt og greitt heldur fyrir þessum málum í vissum tilfellum. En við álítum, að það þurfi að ákveða þetta í lögum, að út á innanlandssmíðina skuli tryggja 85%, og er þá vitanlega eðlilegast, að það verði stofnlánasjóðurinn, í þessu tilfelli fiskveiðasjóður, sem veiti allt þetta lán. En það þarf án efa í sambandi við framkvæmd af þessu tagi að taka nokkurt erlent lán til þess að styrkja fiskveiðasjóð til að geta staðið undir þessum framkvæmdum. En þegar við á undanförnum árum höfum verið að kaupa okkar fiskiskip, t. d. frá Noregi, þá höfum við alltaf verið að taka heilmikið af erlendum lánum þar með þessum skipum, því að eins og kunnugt er, hefur um 70% af verði hvers skips verið tekið að láni hjá byggingarstöðvunum erlendis, láni til 7 ára. En til þess að hægt væri að standa að þessum málum á þennan hátt, eins og við höfum hugsað okkur, yrði ríkið að gangast fyrir því að taka talsvert lán erlendis í einu lagi og veita til fiskveiðasjóðs í þessu skyni, og það fjármagn hefði komið til viðbótar því fjármagni, sem fiskveiðasjóður ræður yfir á hverjum tíma, og þannig hefði átt að vera hægt að útvega nægilegt fjármagn til þess að standa undir þessari smíði, sem hér er gert ráð fyrir.

Þó að frv. okkar um þetta yrði samþ., er augljóst mál, að það næði ekki yfir alla þessa innanlandssmíði. Hér er aðeins um það að ræða að ákveða að efna til þessara framkvæmda að tilteknu marki, ákveða vissan fjölda af skipum, sem smíðuð skulu verða með þessum hætti, en eftir sem áður gæti auðvitað verið um það að ræða, að einstakir útgerðarmenn semdu við skipasmíðastöðvarnar um byggingar fyrir sig, þar sem þeir teldu sér ekki hentugt að falla inn í þessa smíð eða þessa reglu, sem þarna gilti um. Og það gæti auðvitað staðið áfram, þar til væri búið að færa þetta kerfi svo langt út, að hér væri um það að ræða, að endurbygging og viðhald fiskiskipaflotans yrði aðallega í höndum stofnlánasjóðsins á þessu sviði. En ég býst við því, að það tæki nokkurn tíma, þangað til það færðist yfir í það form.

Hér er auðvitað um að ræða gífurlega mikið atvinnumál líka fyrir landsmenn, eins og komið er. Ég hygg, að þar sem staðið er að smíði á einu fullkomnu síldveiðiskipi fyrir landsmenn nú, skipi af stærðinni 250—300 rúmlestir, vinni nú ekki minna en 100 manns að slíku verki. 300 tonna skip mun kosta, eins og nú er komið, ef það er keypt erlendis, ekki undir 35 millj. kr. Það er að vísu engin smáræðis upphæð, en svona er nú verðlagið orðið. Ég veit um einn byggingarsamning, sem hefur verið á döfinni núna í rúmlega heilt ár. Þar var samið um smíði á einu skipi, að vísu var það rétt í kringum 400 rúml. Það kostaði þá, fyrir 1½ ári, samkv. byggingarsamningi rétt rúmar 20 millj. Svo kom gengislækkunin fyrir ári, og þá hækkaði þessi byggingarsamningur upp í 27 millj. Og nú kom gengisbreyting fyrir fáum dögum og þá þaut þetta skip í verði úr 27 millj. upp í rúmar 40 millj., svo að það er auðvitað enginn vafi á því, að hér er um miklar fjárhæðir að ræða, og þær verða að greiðast, þó að við semjum við norskar skipasmíðastöðvar með þeirri milligöngu íslenzkra lánastofnana, sem við gerum nú, eða hvort við stöndum að smíðinni hér innanlands. Ég held því, að það væri hægt að gera hér stórátak í atvinnumálum á allmörgum stöðum á landinu, ef við snerum okkur myndarlega að þessu verkefni. Þá held ég, að við gætum tryggt þar allmikla vinnu að mjög gagnlegum störfum fyrir okkur á mörgum stöðum, og ég held líka, að við leystum þann vanda miklu betur en við gerum nú, að tryggja það, að eðlileg endurnýjun og eðlilegt viðhald fari fram á okkar fiskibátaflota, en það er okkur alveg nauðsynlegt, ef ekki á illa að fara í framtíðinni með okkar gjaldeyrisöflun. Ég óttast það fyrir mitt leyti, að eins og nú standa sakir, mundu einstakir útgerðarmenn

eða útgerðarfyrirtæki ekki ráðast í það að gera samninga við erlendar skipasmíðastöðvar um kaup á nýjum skipum vegna þess, hve verðið er orðið gífurlega hátt og hve það er miklum erfiðleikum bundið að komast yfir það fjármagn, sem til þarf og leggja þarf fram strax í byrjun smíðarinnar. Ég held því, að það gæti vel farið svo eftir svo mikla gengisbreytingu eins og nú hefur verið samþ., að hér yrði alger stöðvun á endurnýjun okkar skipastóls, ef ekki kæmu til einhverjar ráðstafanir í þá átt, sem við leggjum til í þessu frv. okkar, að ríkið taki upp með beinni forgöngu sinni að semja við innlendar skipasmíðastöðvar um að taka að sér þetta verkefni.

Á undanförnum árum hefur talsvert mikið verið gert að því að bæta nokkuð aðstöðuna í okkar skipasmíðastöðvum, sérstaklega að því leyti til að gera stöðvarnar færari en þær voru áður um það að takast á við hin stærri verkefni. Það er búið að leggja talsvert mikið fé í nokkrar skipasmíðastöðvar hjá okkur, bæði vegna þjónustu við hinn stóra flota og eins líka til þess að takast á við þau verkefni að smíða ný skip. Þessa fjármuni þarf að nýta sem allra bezt. Það þarf að tryggja stöðvunum verkefni. Þetta getum við gert, en því aðeins að mínum dómi, að til komi bein forusta af hálfu ríkisvaldsins. Það er eflaust hægt að koma þessum málum fyrir á eitthvað annan veg en þann, sem við leggjum til með þessu frv. Það er okkur ekki aðalatriði, að það sé haldið stíft í þau ákvæði, sem þarna eru tilgreind, heldur er hitt aðalatriðið, að það gæti hér tekizt samkomulag um að standa að því að leysa þetta stóra verkefni, sem er bæði atvinnulegs eðlis fyrir okkur og eins til þess að tryggja okkur í framtíðinni, að við hefðum þau skip, sem við þurfum á að halda, og svo til þess að reyna að spara verulega okkar knappa gjaldeyri. En ef við látum hlutina ganga áfram á þann hátt, sem þeir ganga nú í þessum efnum, tekst okkur ekki að leysa vandann. Þá verður hér ekki smíðað mikið af skipum innanlands, hvorki stórum né smáum. Stöðvarnar verða verkefnalitlar. Og þá fer ekki heldur fram sú endurnýjun á okkar fiskiskipastól, sem þarf að fara fram, því að það má enginn láta sér það til hugar koma, þó að við eigum talsvert myndarlegan fiskibátaflota, eins og nú er komið, sérstaklega vissar stærðir af honum, að þá þurfum við ekki á mikilli endurnýjun að halda. Þessi floti gengur ört úr sér. Við töpum skipum með ýmsum hætti, og svona stórum flota þarf að halda við, hann þarf að endurnýjast.

Herra forseti. Ég legg svo til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og sjútvn., ég tel það eðlilegast, og vænti þess, að n. sjái sér fært að afgreiða málið hér sem allra fyrst.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég kveð mér ekki hljóðs til þess að deila við hv. 1. flm. þessa frv., hv. 4. þm. Austf. En þó var margt, sem hann sagði í sinni ræðu, sem fær engan veginn staðizt og ég er honum ósammála um. Hann segir t. d., að haldi svo fram sem verið hefur, sé borin von, að við séum færir um að smíða eða endurnýja okkar skipastól innanlands og til þess þurfi að láta ríkið koma til og hafa forgönguna um að ákveða smíði skipanna. Um þetta er ég honum alveg ósammála. Ég leyfi mér að halda því fram, að þetta frv. eigi ákaflega lítið erindi inn í þingið og sum ákvæði frv. séu óraunhæf. Sumt stafar af eðlilegum skoðanamun, grundvallarskoðanamun okkar, sem ekki er ástæða til að fara nánar út í, sumt stafar af því, að hv. flm. virðast engan veginn nægjanlega kunnugir því, sem er að gerast í landinu og hefur verið að gerast í sambandi við skipasmíðarnar innanlands. Það mætti ætla af því, sem hér var sagt, að það væri rétt eins og engar skipasmíðar ættu sér stað innanlands, en það munu nú samt sem áður um 13—14 fiskiskip vera í smíðum í íslenzkum skipasmíðastöðvum í dag eða smíði nýlokið. Að vísu eru nokkur af þessum skipum minni skip, tréskip, en sum þeirra eru myndarleg skip, yfir 100 rúml. og 200 rúml. og þaðan af stærri. En jafnhliða minni ég einnig á, að í smíðum í íslenzkum skipasmíðastöðvum eru í dag tvö strandferðaskip, eins og kunnugt er, í Slippstöðinni á Akureyri. Það lætur þess vegna mjög nærri, og hef ég áður vakið athygli á því, að við séum komnir að því marki að geta í okkar íslenzku skipasmíðastöðvum endurnýjað okkar eigin skipastól, og þá á ég við stálskipaflotann, sem hvað myndarlegastur er og nýlega hefur verið keyptur til landsins. Það er misskilningur hjá hv. þm., sem oft hefur komið fram áður hjá öðrum aðilum, að við hefðum getað byggt hinn nýja skipastól sjálfir. Það er ekki rétt. Það er fyrst upp úr 1960, eftir að viðreisnarstefnan var tekin hér í stjórnmálum, að menn fóru að hugsa til stálskipasmíða í landinu, áður höfðu menn ekki lagt í þær, og ríkisstj. hefur veitt öllum þeim aðilum margvíslega fyrirgreiðslu, sem höfðu hug á og hafa á síðari árum stofnað til stálskipasmíða hér innanlands. Það var gerð áætlun fyrir atbeina ríkisstj. um aðstoð við byggingu stálskipasmíðastöðva og dráttarbrauta til endurnýjunar hinum nýja flota á árinu 1964. Það er 1964, 1965 og 1966, sem fyrstu stálskipin eru smíðuð hér, umfram örfá einstök skip, sem áður höfðu verið smíðuð. Alla tíð síðan hefur af hálfu stjórnvalda verið stuðlað að fjáröflun til uppbyggingar skipasmíðastöðva og dráttarbrauta. Og það er fyrst núna, sem afkastageta þessara skipasmíðastöðva er orðin sú, sem ég sagði, að þær eru að nálgast það að geta endurnýjað flotann. Ég hygg, að það hafi verið nokkuð nálægt því, að afkastageta skipasmíðastöðvanna á s. l. hausti, miðað við verðlag þá, hafi verið um 400 millj. kr. á ári. Og við það er náttúrlega, eins og réttilega hefur verið bent á, mikill sparnaður í erlendum gjaldeyri, því að þá var talið, að um helmingur-

inn af smíði skipa væri erlendur gjaldeyrir. Og það er rétt, að skipasmíðastöðvar með þessum afköstum, sem nú þegar eru til, hafa rúm fyrir hundruð manna í sinni vinnu og verða einn sá þáttur iðnþróunar í landinu, sem taka mun mjög mikinn hluta af vinnuafli til sín á næstu árum.

Hitt er svo alveg rétt, að þessar ungu skipasmíðastöðvar hafa átt í miklum erfiðleikum, og þeir eru af margvíslegum toga spunnir, m. a. almennur fjárskortur, eins og hjá öðrum aðilum í okkar þjóðfélagi, og svo stafa þeirra erfiðleikar, eins og augljóst hlýtur að vera, af þeim miklu erfiðleikum, sem yfir útgerðina hafa dunið. Það hefur ekki verið sama eftirspurn af útgerðarmönnum til þess að láta byggja fiskiskip, og þeir aðilar, sem hafa verið í viðskiptum við skipasmíðastöðvarnar, hafa átt erfitt með að standa í skilum, bæði í sambandi við byggingu skipanna og eins viðgerðir og endurnýjun, sem þar hefur farið fram. Allt hefur þetta bitnað á skipasmíðastöðvunum. En það er eins og hv. 1. flm. þessa frv. sagði, þá hefur af hálfu stjórnvalda verið gert verulegt átak til þess að skapa verkefni fyrir skipasmíðastöðvarnar. M. a. er það rétt, að ríkisstj. ákvað á fundi sínum 4. janúar 1968, að hún mundi hlutast til um 10% viðbótarfjáröflun til þeirra, sem létu smíða eða vildu láta smíða fiskiskip sín hér innanlands, til þess að stuðla að verkefnasköpun í bili í íslenzku skipasmíðastöðvunum. Það hefur svo verið höfð milliganga um það af hálfu iðnmrn. við bankana, að þeir aðstoðuðu með bráðabirgðalán, ef þyrfti. Það hefur lítið komið til þess enn. Skipin eru í smíðum, bráðabirgðalán út á þessi 10% viðbótarlán, þar til gengið yrði frá fjáröflun, sem mundi verða gert í sambandi við fjáröflun til fjárfestingarsjóðanna fyrir árið 1969, og bönkunum heitið, að ef þeir inntu af hendi slíkar bráðabirgðagreiðslur, bráðabirgðalán, fengju þeir þau endurgreidd í janúar 1969. Það er því óhætt að segja, að öllum þeim fiskiskipum, sem nú eru í smíðum í skipasmíðastöðvunum, hafi verið gefin fyrirheit, — öllum, en ekki nokkrum eða einstökum, eins og fram kom áðan, — fyrirheit um eða þau megi ganga út frá því að geta fengið þessi 10% viðbótarlán. Og þar með hafa menn, sem byggja þessi skip hér innanlands, 85% lán, þ. e. a. s. 10% lán til viðbótar 75% láni fiskveiðasjóðs. Þar að auki hafa svo þessir aðilar fengið ýmiss konar fyrirgreiðslu hjá öðrum fjárfestingarsjóðum, bæði atvinnujöfnunarsjóði og atvinnuleysistryggingasjóði, svo að ég hygg, að flestir þeirra hafi um og yfir 90% lán, sem eru að byggja þessi skip nú.

Það er í þessu frv. talað um gerð og útbúnað skipanna, að hann skuli ákveðinn af 5 manna n., sem rn. skipar, og skip skuli eigi vera af fleiri gerðum en þremur. Ég vil minna á það, sem ég hef sagt hér áður, að á miðju sumri 1967 áttum við sjútvmrh. hlut að máli um skipun stöðlunarnefndar fiskiskipa. Sú n. skilaði lauslegu bráðabirgðaáliti haustið 1967, en er ekki enn búin að skila fullnaðarnefndaráliti. Hins vegar hefur af hálfu iðnmrn. mjög verið rekið á eftir, sannast að segja, þessari n., að hún lyki verkefni sínu, og ég hygg, að þess sé nú mjög skammt að bíða, að hún leggi fram till. sínar. Ég hef lagt áherzlu á við n., að það sé betra, að hún skili till. sínum fyrr en síðar, jafnvel þó að hún kynni að vilja vinna betur að þeim, því að auðvitað megi halda áfram endurskoðun á þessum till. En í þessari n. eru mjög færir menn og hæfir á sínu sviði, að því er ég bezt veit. Það eru sérfræðingar þrír, tæknifræðingur og sérfræðingar fiskveiðasjóðs og Fiskifélags Íslands. Það eru fulltrúar frá Landssambandi skipasmíðastöðvanna, skipaðir af iðnmrh., og fulltrúar frá útgerðarmönnum, skipaðir af sjútvmrh. Það þarf þess vegna enga lagasetningu um þetta atriði, en það er auðvitað veigamikið, og því hefur verið á þetta áherzla lögð af hálfu iðnmrn., að slík n. skili sem fyrst áliti, því að það gerir tvennt í senn: Það skapar aðstöðu til þess að fá hagkvæmari skip byggð hér heldur en e. t. v. yrði ella völ á, og auk þess mundi það greiða fyrir, að auðveldara er að ráða við það, sem stundum kemur upp og að mjög eðlilegum hætti á skipasmíðastöðvunum, að hægt sé að skapa þeim stöðugt verkefni við skipasmíði, jafnvel þótt kaupandi sé ekki í bili, í þeirri veru, að þeir aðilar, sem hlut eiga að máli, stjórnvöld, fiskveiðasjóður eða aðrir aðilar, vita þá, að slíkt skip ætti að vera óhætt að gefa skipasmíðastöð í verkefnaskorti kost á að byrja að byggja, vegna þess að þar sé sú skipagerð, sem hafi fengið á sig almennan viðurkenningarstimpil í þessum flokki. Í öðru lagi stuðlar þessi stöðlun fiskiskipanna að ódýrari skipum. Og ég hef nýlega fengið frá einni skipasmíðastöðinni t. d. að gefnu tilefni upplýsingar um, hverju ætla mætti, að slíkt næmi, og það er í stórum dráttum þannig, að ef miðað væri við 120 rúml. skip eða fiskibát, þá er skoðun þeirra, að smíði eins skips kosti um 16.5 millj. kr., eins út af fyrir sig. Hins vegar, ef saman getur gengið smíði tveggja skipa, mundi sennilega vera hægt að hafa verðið 14.1 millj. kr. á hvoru um sig. Og ef um væri að ræða stöðug verkefni án afláts af sams konar gerð, þá er talið, að þrjú skip, ef þau væru í takinu, gætu hvert kostað 13.3 millj., af 4 skipum hvert 12.9 millj. og af 5 skipum 12.6 millj. Þetta er orðið gífurlegur verðmismunur frá því að hafa eitt stakt skip í smíðum, 16.5 millj., eða 5 skip undireins til smíða, þannig að hvert kosti 12.6 millj. kr. Þetta verð, sem hér er nefnt, er miðað við októbermánuð 1968 og að 20% aðflutningsgjaldið, sem þá var, yrði endurgreitt. Auk þess má segja, að þetta séu lauslegar bráðabirgðatölur, sem er aðallega ætlað að gefa til kynna, hvað hér geti verið mikið í húfi.

Það hefur verið unnið að því núna á þessu hausti að hefja fyrstu tilraun með það að skapa

skipasmíðastöð slík verkefni, án þess að ákveðnir kaupendur væru fyrir hendi, og það hefur ekki staðið á stjórnvöldum, hvorki ríkisstj. né peningastofnunum, en það hefur ekki komizt í framkvæmd enn þá vegna erfiðleika í sambandi við tryggingar á fé, sem til þessara hluta þarf, því að það er, eins og ég sagði áðan, rétt, að allar þessar skipasmíðastöðvar hafa oft staðið í ströngu og oft átt erfitt uppdráttar vegna fjárvöntunar, jafnvel þó að lögð hafi verið hönd á plóginn með að útvega þeim fé til byggingarstarfseminnar eða fjárfestingarinnar og rekstrarins. En það er eins og ég sagði áðan, það er svo sem ekki einstakt fyrirbrigði, hvorki fyrr né síðar, í okkar þjóðfélagi.

Það hefur líka verið kvartað undan því og stundum ekki alveg með réttu, að skipasmíðastöðvarnar gætu haft miklu meiri verkefni, ef skipaviðgerðir hefðu ekki farið í jafnríkum mæli fram erlendis og að undanförnu. Ég vil nota þess vegna tækifærið til þess að gera hv. þd. grein fyrir því, að um það var tekin ákvörðun í maímánuði 1967 hjá gjaldeyrisdeildum bankanna að veita ekki gjaldeyrisleyfi vegna skipaviðgerða erlendis, nema ekki væri unnt að annast skipaviðgerðina innanlands á hagkvæmu verði og hæfilega löngum tíma, miðað við það, sem unnt væri erlendis. Þegar þessi stefna var tekin upp, skrifaði viðskmrn. Landssambandi ísl. útvegsmanna og skýrði frá því, að útvegsmönnum væri óheimilt að senda skip sín utan til viðgerða án þess að fá áður leyfi gjaldeyrisyfirvaldanna. Og gjaldeyrisdeild bankanna setti tilkynningu um svipað efni í dagblöðin. En sú tilkynning var reyndar víðtækari og kvað á um það, að allir, sem sendu skip utan til viðgerða, yrðu að fá leyfi gjaldeyrisyfirvaldanna áður. Nú er það sannast bezt að segja, að það hefur orðið brotalöm á framkvæmd þessarar stefnu, af því að það hefur komið fyrir í einstökum tilfellum, — það eru ekki mikil frávik frá því, — að útgerðarmenn hafa látið gera við eða endurbyggja að einhverju leyti skip sín erlendis og komið svo eftir á til þess að fá aðstoð til greiðslu á þessum kostnaði. En þó er það svo, að á fyrstu 9 mánuðum ársins 1968 er gjaldeyrir, sem látinn hefur verið út til viðgerða og endurbygginga á skipum erlendis, 47% minni en á fyrstu 9 mánuðum ársins 1967, og munar þar nokkuð verulega. Enn fremur liggja fyrir tölur um það, hve gjaldeyrisleyfi voru mikil í lok októbermánaðar eða eftir fyrstu 10 mánuði ársins 1968 og 1967, og þar munar einnig svipaðri upphæð, en í heild eru gjaldeyrisleyfin, sem á þessum 10 mánuðum ársins 1968 hafa verið látin út til skipaviðgerða erlendis, 57.2 millj. kr. Þetta virðist í fljótu bragði há upphæð. En hún skiptist þannig, að þarna eru farskipin með 47.1 millj., togarar með 3.7 millj. og fiskiskip 6.5 millj.

Við mig hefur einkum verið talað af umboðsmönnum málmiðnaðarins um erlendar viðgerðir á fiskiskipunum og þá togurunum, og ég skal játa það, að þegar rætt var um þessi mál við mig ekki alls fyrir löngu af fulltrúum frá málmiðnaðinum og ég fékk þessar upplýsingar um viðgerðir farskipanna erlendis, þá var mér óljóst það dæmi áður og þeim var það reyndar líka, sögðu að vísu sem svo, sem augljóst var: Sennilega er meginhlutinn af þessum viðgerðum þó þannig, að farskipin verða ekki tekin nema sum hver í slipp hér heima og bolviðgerðir er ekki hægt að framkvæma hér. — Ég skrifaði þá hins vegar, — það var í byrjun þessa mánaðar, — Eimskipafélagi Íslands og Hafskip hf. og skipadeild Sambands ísl. samvinnufélaga og óskaði eftir því, að þessi skipafélög gerðu iðnmrn. grein fyrir því í fyrsta lagi, í hverju felist skipaviðgerðir á því tímabili, er skýrslan tekur til, þ. e. þessa fyrstu tíu mánuði ársins, hérlendis eða erlendis, og í öðru lagi skoðun sinni á því, að hve miklu leyti hefði verið hægt að framkvæma erlendar viðgerðir hérlendis. Mér hefur ekki enn borizt bréf frá þessum aðilum, en það er sjálfsagt væntanlegt mjög bráðlega, og þessar bréfaskriftir voru gerðar til þess að gera sér grein fyrir, hvað um væri að ræða á þessu sviði skipaviðgerða og endurbygginga, og séu veruleg verkefni þarna, sem ég mundi mjög gjarnan mega vona, þá verður auðvitað stuðlað að því að reyna að fá þau gerð í ríkari mæli hér innanlands eftir en áður. Ég hygg líka, að það sé rétt hjá hv. 4. þm. Austf., að um það atriði velji menn kannske sjálfir, án þess að þurfi að hvetja þá til þess, frekar innlenda smíði, ef hægt er, vegna gengisbreytingarinnar og áhrifa hennar, eins og hann vék að.

Ég veit, að það hafa einnig farið fram viðræður milli Slippstöðvarinnar á Akureyri og Eimskipafélags Íslands um það, hvort Slippstöðin mundi ekki geta fengið verkefni við smíði skipa, sem Eimskipafélagið áformar að láta smíða, þegar lokið er strandferðaskipunum, og stálsmíði þeirra á að vera lokið einhvern tíma upp úr miðju ári 1969, stálsmíðinni sjálfri, þó að þá eigi eftir að gera margt við skipin. Það er kannske eðlilegt viðhorf, eins og ég veit, að Eimskipafélagið hefur látið í ljós: Við þurfum að fá vissa vitneskju um hæfileika ykkar til þess að smíða slíkt skip, áður en við mundum þora að ákveða skipabyggingar hjá ykkur. — En það ætti mjög fljótt að geta komið reynsla á það, og ég hygg, að hæfni og geta íslenzku skipasmíðastöðvanna sé að færast í það horf, að þau geti tekið bæði stærri skip en áður, farskip og t. d. togara eða skuttogara eða önnur slík skip.

Það hefur verið álitið, að það væri mjög nauðsynlegt að gera sér grein fyrir endurnýjunarþörf fiskiskipastólsins á næsta árabili, 5—10 árum, því að það er ekkert vit af okkur að hugsa bara sem svo, að þetta sé að miklu leyti nýr skipastóll og við þurfum ekki í bili að eyða fé í endurnýjunina. Iðnmrn. hefur þegar skrifað Fiskveiðasjóði Íslands og beðið hann, sem eðlilegt er, sem er að-

allánastofnunin og hefur sérfræðinga í sinni þjónustu, að hafa forgöngu um það að gera slíka áætlunargerð. Slík áætlunargerð er að mínum dómi einnig nauðsynleg til þess að ýta undir þá fjáröflun, sem verður að ganga í að afla íslenzku skipasmíðastöðvunum á næstu árum, ekki bara þeirra vegna, heldur þjóðarinnar í heild og búskapar okkar í heild og sjávarútvegsins vegna, því að ég álít, að það sé rétt, sem sagt var áðan, að þær séu færar um að smíða engu lélegri eða kannske betri skip en sum þau skip, sem smíðuð hafa verið erlendis. En þetta er því miður svo á fleiri sviðum, að við þurfum að taka til hendinni og efla íslenzkan iðnað, þar sem íslenzkur markaður er mestur, og þar verð ég að segja, að sumir hafa staðið í stríðu á undanförnum árum, og vitna ég til t. d. tilrauna minna til þess að efla veiðarfæragerð hér á Íslandi, sem sannast að segja hefur ekki hlotið allt of góðar undirtektir, hvorki hjá útgerðarmönnum né innflytjendum, og ég harma mjög, að ekki skuli hafa komizt á gagnkvæmur skilningur og samvinna milli þessara aðila, því að það liggur í augum uppi, að við kaupum erlendis frá veiðarfæri á eldra genginu fyrir meira en 200 millj. kr. og framleiðum kannske veiðarfæri í landinu sjálfu fyrir um 30—40 millj. kr. Svo finnst mönnum í bili, að þeir geti fengið keypt eitthvað betri veiðarfæri erlendis frá. En ef meginhluti þessara veiðarfæra væri framleiddur hér í stórri veiðarfæragerð eða stórum veiðarfæragerðum, tveimur eða þremur eða eitthvað því um líkt, þá mundi aðstaða þessarar veiðarfæragerðar verða allt önnur til þess að framleiða betri og einnig ódýrari veiðarfæri. Og ég hef alltaf litið svo á sjálfur, að þetta væri mikið hagsmunamál fyrir útgerðina. En auðvitað geri ég ekki kröfur til þess, að það sé tekið meira mark á mér í því sambandi heldur en þaulreyndum útgerðarmönnum, sem fram til þessa hafa margir hverjir haft allt aðra skoðun af einhverjum mér óskiljanlegum ástæðum.

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta. Það er auðvitað ekki nema góðra gjalda vert, frv. eins og þetta, sem hér er flutt. Ég tel ekki miklu máli skipta, miðað við það, sem ég hef sagt, hver verður afgreiðsla þess, og í vissum meginatriðum mundi ég vilja fara allt aðrar leiðir. En þó er, eins og ég segi, ánægjulegt að vita til þess, að í meginatriðum eru menn á sömu leið úr bæði stjórnarflokkum og stjórnarandstöðu, og allt það er mikilvægt til þess að hjálpast að, til þess að þessi nýja og unga atvinnugrein okkar Íslendinga geti eflzt í framtíðinni og þurfi ekki að lamast og missa fótanna svo að segja á fyrstu árum sínum, og það þykist ég alveg viss um, að allir hv. þm. eru sammála um að leggja sitt af mörkum til þess, að slík atvinnugrein eflist í landinu til styrktar fyrir íslenzkan iðnað og iðnþróun og íslenzkan útveg og atvinnulíf yfirleitt.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Mér sýnist, að hæstv. iðnmrh., sem ég veit þó af nokkrum viðskiptum við hann í sambandi við þessi mál, að er mjög velviljaður í sambandi við þessa starfsgrein, sem hér um ræðir, skipasmíðarnar, og hefur sýnt það í ýmsum greinum, þar sem hann hefur getað komið sínum ráðum við, og ég met það til fulls, — en mér sýnist, að hann hafi þó ekki áttað sig á því, hvert er meginvandamálið, eins og nú er högum háttað hjá okkur, í þessu efni, því miður hafi hann ekki gert það enn. Það er mikill misskilningur hjá honum, ef hann heldur, að þannig sé ástatt í okkar skipasmíðaiðnaði nú, að þar sé um nóg verkefni að ræða. Menn tala um 13—14 skip. Það er hægt að telja þetta upp á fingrum sér af mönnum, sem þekkja til, hvað af skipum er í byggingu. Sum af þessum skipum í tölunni 13—14 eru skip, sem eru búin að vera í byggingu í 4—5 ár, eins og eitt hérna í nágrenni við okkur, og svo nokkrir smábátar. Sannleikurinn er sá, að við getum gengið á þessar skipasmíðastöðvar, sem hér skipta einhverju máli, og þær eru hver með sitt skip og eru að ljúka og hafa ekkert verkefni fram undan. Þannig er það með Stálvík, þannig er þetta með Akranes, þannig er þetta með Ísafjörð og nú Akureyri. Við vitum, að þeir eru með það verkefni að smíða farþegaskip fyrir Skipaútgerðina. Fyrir utan þetta eru nokkur skip, eins og tveir bátar í smíðum í Stykkishólmi upp á 45 rúml., og svo nokkrir, sem hafa orðið að mestu leyti eftir og eru í vandræðum. En um ný verkefni er hér yfirleitt ekki að ræða, og ég hef enga trú á því, að það komi verkefni handa þessum skipasmíðastöðvum okkar, miðað við núverandi verðlag og aðstæður, gangi maður út frá því, að kjörin eigi að vera eins og þau hafa verið.

Það er rétt, að það hefur ekki skort út af fyrir sig á lánsupphæðina. Maður hefur getað fengið upp undir 90% af stofnverðinu. En það er annað, sem um er að ræða. Það er alveg blátt nei við því, að skipasmíðastöð megi byggja skip, nema þar sem fyrir liggur alveg skýrt, hver sé kaupandi að skipinu. Það er algert nei við því. Það er svona, hvað svo sem ráðh. segir. Ég hef alveg síðustu daga rætt við fiskveiðasjóð og fengið það alveg skýrt þar upp, að það er algert nei við því. Ég vildi mjög gjarnan, að ráðh. endurtaki það hér, að það sé búið að breyta þessu, því að ég veit a. m. k. um einn aðila, sem hafði hugsað sér að smíða skip með því fyrirkomulagi. En það hefur ekki fengizt til þessa, það hefur verið algert nei, nema það lægi fyrir samningur um það, hver væri kaupandi að skipinu.

En það voru fleiri atriði í ræðu ráðh., sem mig langaði til þess að víkja að, en hann hefur nú vikið af fundi. Mér sýnist þar gæta talsverðs misskilnings á eðli málsins. En svo að ég haldi þá fyrst áfram með þetta atriði, er það svo, að ég álít, að það séu engar líkur til þess, að skipasmíða-

stöðvarnar fái hér verkefni nú á næstunni, nema um það verði að ræða, að einhver einn aðili, t. d. eins og fiskveiðasjóður eða þá ríkið í einu eða öðru formi, geri samninga við stöðvarnar um smíðar, án þess að fyrir liggi um kaupendur. Ég hef ekki trú á því, að verkefnin verði öðruvísi.

Ég ætlaði að víkja sérstaklega að því við ráðh., að mér finnst líka gæta hjá honum nokkurs misskilnings um eitt mjög þýðingarmikið atriði í þessum málum, en það er í sambandi við þessa stöðlun á fiskiskipum, sem maður er að heyra alltaf annað slagið, og satt að segja, þegar um það hefur verið talað, hefur verið talað þannig að mínum dómi, að mér sýnist eins og menn hafi ekki gert sér fulla grein fyrir því, hvað þeir eiga við með stöðlun á fiskiskipum. Það er auðvitað ekkert nýtt fyrir okkur að heyra það og vita, að ef samið er um smíði á nokkrum skipum af sömu tegund, komumst við að betri kjörum. Um þetta höfum við sjálfir samið við erlenda aðila oftsinnis áður, og meira að segja lent í því, að sumar þekktar skipasmíðastöðvar hafa sagt við okkur: Við smíðum ekki minna en 5 skip af sömu tegund. Við förum ekki lægra. Við tökum það ekki að okkur. — Frammi fyrir þessu stóðum við t. d. í sambandi við skipasmíðastöðvar í Austur-Þýzkalandi, og við komumst að miklu betri kjörum, þegar við sömdum um smíði á 12 nákvæmlega eins skipum. Þetta eru þeir búnir að vita í mörg ár, sem í þessum málum hafa staðið og þurft hafa að semja við t. d. erlenda aðila um smíði á skipum. Það er miklu hagkvæmara, ef hægt er að koma við samfelldri vinnu við alveg eins skip. En út af fyrir sig er þetta engin stöðlun að öðru leyti en því, að maður hefur slegið fastri ákveðinni teikningu, ákveðinni gerð af skipi, og maður þarf að fá fimm skip af þessari tegund. Það er auðvitað alveg nákvæmlega eins hægt að semja við þessa skipasmíðastöð næsta dag á eftir um það, að hún smíði fyrir mann önnur tíu skip af annarri stærð, en hún vill bara hafa þau 10 af sömu gerð út af fyrir sig. Ég hef enga trú á því, að það verði búið til þannig módelskip hér, t. d. sem landróðrarbátur eða síldveiðibátur, að það verði sagt við allan fjölda íslenzkra útgerðarmanna: Hér er n. búin að finna það út, að svona skal skipið vera, og þetta er hin stimplaða skipagerð og hingað og ekki lengra. — Svona verður þetta ekki. Það kemst engin n. að þessari niðurstöðu. Það fer engin slík stöðlun fram. Það er auðvitað hægt að koma við í skipabyggingum eins og í húsbyggingum og öðrum byggingum ákveðinni stöðlun á ýmsum hlutum, gluggastærð og mörgu öðru slíku í einu skipi, þannig að það sé búið að fella saman nokkuð samfellda stærð af hinum ýmsu hlutum, þó að um mismunandi stór skip sé að ræða. Það getur verið hægt í ýmsum tilfellum og er eflaust gagnlegt. En ég held, að það, sem hér er um að ræða, sé einfaldlega þetta, að það er gott að fá góða menn, sem hafa praktíska þekkingu og tæknilega þekkingu líka, til þess að koma sér saman um það, hvaða stærð af skipum er hentugt að byggja í bili eða óhætt að byggja nokkur slík skip, þó að kaupendur séu ekki fyrir hendi, líklegt sé, að þau muni seljast. Það er sjálfsagt að gera það, það leggjum við til í okkar frv.

En við þurfum ekki að bíða eftir neinni stöðlunarnefnd út af fyrir sig, sem breytir í neinu frá þeim grundvallarreglum varðandi þessi mál, sem við höfum búið við um margra, margra ára skeið. Um það er ekkert að efast. Þessar tölur, sem ráðh. nefndi hér sem dæmi um það, hvað hægt væri að lækka verð á skipum með því að semja um smíði á mörgum skipum af sömu tegund, voru eflaust réttar og lýstu því vel, hvaða árangri er hægt að ná í þessum efnum. Við viljum einmitt með þessu frv. okkar stuðla að því, að þetta verði gert, og við álítum enn fremur, að þessari hagkvæmni verði ekki komið við, nema það komi fram einhver einn aðili, sem hefur vald til þess að semja við skipasmíðastöðvarnar um ákveðinn fjölda af einni tiltekinni gerð. Ef það á að vera á valdi einstakra útgerðarmanna að semja hver fyrir sig við sína skipasmíðastöð um bátinn, þá verður þessari hagkvæmni aldrei komið við. Reynslan mun verða sú. Þetta er ósköp svipað í rauninni í þessum efnum eins og í sambandi við húsbyggingar. Ef það er svo, að það kemur hver einstakur maður og segir: Ég ætla að ráða bæði innréttingu og gluggagerð og öllu saman á minni íbúð, — þá er ósköp hætt við því, að það verði 100 mismunandi útgáfur hjá 100 mönnum í þessum efnum. En ef hins vegar getur komið fram eitt byggingarfélag, einhver aðili, sem byggir 100 íbúðir af tiltekinni gerð, sem verða að teljast heppilegar íbúðir, þá er kannske hægt að koma fram meiri „standardiseringu" í byggingunni en annars. Og það er þetta, sem ég held, að verði að gerast, og ég held, að það verði mjög verðugt verkefni einmitt fyrir hæstv. iðnmrh., sem tvímælalaust hefur sýnt áhuga í sambandi við það að koma hér upp slippum og að búa í haginn fyrir skipasmíðastöðvar á margan hátt, — það væri verðugt verkefni fyrir hann að taka það að sér nú að standa fyrir því, að samið verði við skipasmíðastöðvarnar um smíði á tilteknum fjölda fiskiskipa af þeim stærðum og gerðum, sem nokkurn veginn liggur augljóst fyrir, að við þurfum á að halda, — semja við þær um góð verkefni fyrir stöðvarnar, um hagkvæm skip og eitthvað ódýrari skip fyrir útgerðina en annars væri hægt að fá og auðvitað um þann tvímælalausa gjaldeyrissparnað, sem hér væri um að ræða og hæstv. ráðh. viðurkenndi, að tvímælalaust væri hér til staðar. Ég held, að það væri verðugt verkefni einmitt fyrir hæstv. ráðh., að fá sér heimild til þess að takast á við þetta verkefni og leysa það. En það er skoðun mín, að verði þetta látið vera eins og það er, hafi skipasmíðastöðvarnar okkar á næstunni lítil verkefni, sundurslitin verkefni, hér

verði um sérbyggingar að ræða hjá hverjum og einum, að því litla leyti sem það verður. Og það verður mjög erfitt fyrir hina einstöku aðila að komast í gegnum þau form, sem enn gilda, — mjög erfitt.

Það er svo annað atriði í þessu líka, sem ég álít, að menn megi ekki blanda saman, en mjög er algengt, að menn blandi saman í þessum efnum, og það er það, hver hefur verið aðstaðan hér til þess að smíða skip innanlands og hver hefur verið aðstaðan til þess að taka upp skip í dráttarbrautir til þjónustuviðgerða. Við vorum orðnir mjög illa settir með dráttarbrautir fyrir stærri skip. Þar stóð þetta í rauninni þannig, að við höfðum varla hæfar dráttarbrautir nema hér í Reykjavík fyrir hin stærri skip okkar, ekki einu sinni stærri fiskiskip. Í þeim efnum hefur nú verið gert stórátak og lagazt talsvert mikið. Við þurfum að hafa góðar dráttarbrautir til þess að geta tekið skipin upp og þjónað þeim á eðlilegan hátt. En við þurfum ekki slíkar dráttarbrautir til þess að smíða skip. Það er misskilningur. 300—400 tonna skipin okkar, sem við erum að kaupa frá Noregi, eru byggð á stöðum, þar sem engin dráttarbraut er. Þau eru byggð á stöðum í ýmsum tilfellum, sem ég gæti helzt líkt við stað eins og Mjóafjörð hjá okkur fyrir austan. Það þarf ekkert ýkjamikla aðstöðu til þess að geta unnið a. m. k. stóran hluta af því að smíða skip. Við gátum byggt hér miklu meira af skipum, og þar sem aðstaða hefur verið langbezt í þessum efnum, eins og hér í Reykjavík, þar hefur næstum ekkert verið gert í þessum efnum. Ég álít því, að til þess að gera virkilega fullkomin og góð aðstaða, eins og að nokkru leyti hefur tekizt að koma upp bæði á Akureyri og Akranesi, þar sem hægt er orðið að vinna innanhúss við smíði allstórra skipa, það er auðvitað mjög þýðingarmikið og gott miðað við okkar aðstæður. En það er sem sagt ekkert algert skilyrði til þess, að hægt sé að byggja þokkaleg fiskiskip fyrir okkur, að hafa þannig aðstöðu, og höfum við byggt auðvitað talsvert mikið af skipum hér allt til þessa án þess að hafa það. En ég er svo ekki að þræta við hæstv. ráðh. um þetta, því að ég sé, að það er ekki skoðanamunur hjá okkur um þetta að öðru leyti en því, að mér finnst, að hann trúi á það, að það ástand, sem við búum við í þessum efnum, eða þær reglur, sem við búum við, þeir lánamöguleikar, sem við búum við, muni út af fyrir sig duga, hér verði smíðaðir bátar og endurnýjun muni fara fram hér og það þurfi því ekki að hafa svona forgöngu ríkisvaldsins, sem stungið er upp á í okkar frv. Þar er nokkur skoðanamunur hjá hæstv. ráðh. og okkur, sem stöndum að þessu frv. Við álítum, að þetta, sem er nú, dugi ekki, það þurfi að koma til forusta ríkisvaldsins í þessum efnum.

Ég skal svo aðeins að lokum taka undir það með hæstv. ráðh., að ég er honum alveg sammála í því, að við hefðum þurft að gera hér miklu meira en gert hefur verið í sambandi við ýmsar aðrar greinar okkar iðnaðar, m. a. veiðarfæragerðina. Ég er honum alveg sammála um það. Ég álít, að við þyrftum að koma hér upp miklu öflugri innlendri veiðarfæragerð en við höfum hér. En ég held, að sú tregða, sem fram hefur komið í sambandi við þá veiðarfæragerð, sem hér er nú eiginlega ein til, hafi verið af öðrum toga spunnin. Ég veit, að það hefur eflaust gætt nokkurrar íhaldssemi hjá togaraeigendum að skipta við þessa veiðarfæragerð og reyndar fleiri útgerðarmönnum. Þarna er aðeins eitt fyrirtæki, sem starfar á nokkuð tilteknu sviði. En ég er hæstv. ráðh. alveg sammála um það, að við eigum í rauninni ekki að una við það, að við, sem kaupum svona mikið eins og raun er á af veiðarfærum til landsins á hverju ári og þurfum svona mikið á veiðarfærum að halda eins og raun er á, við skulum ekki geta komið hér upp myndarlegri veiðarfæragerð, sem gæti framleitt megnið af þeim veiðarfærum, sem við þurfum að nota á hverju ári. En ég er líka á þeirri skoðun, og kemur þá til þessa sama, ég hef litla trú á því, að þetta verði leyst, eins og ástatt er hjá okkur, nema með beinni forgöngu ríkisvaldsins. Ég held, að ríkið verði að standa að því, að lagt sé í slíka stórframkvæmd eins og að koma hér upp stórri og myndarlegri veiðarfæragerð. Ég hef ekki trú á því, að þeir aðilar, sem fyrir starfa í þessum efnum, ráði við þetta verkefni. Það er nú svo, að í æðimörgum tilfellum einmitt stendur svo á, að við erum tiltölulega litlir hér. Fjármagn einstakra aðila er svo lítið hér, að þeir ráða ekki við þessi stærri verkefni, og það þarf því að koma til bein forusta af hálfu ríkisvaldsins, t. d. eins og í því formi að láta byggja talsvert af góðum skipum, jafnvel þó að þau gangi áfram út til sölu og verði síðan í höndunum á allmörgum aðilum í rekstri. Það er annað mál. En að því leyti til, sem hæstv. ráðh. tók undir það, sem er meginmál þessa frv., að reyna að vinna að því að ýta undir framkvæmd í þessum efnum, þá þakka ég sem sagt fyrir þær undirtektir.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég sagði áðan, að ég ætlaði ekki að deila við hv. 1. flm. um þetta mál, og það má segja, að það sé raunverulega lítil deila, sem á milli okkar hefur staðið, önnur en sú, sem skilur á milli feigs og ófeigs, að hann vill ríkisforsjána og ríkisvaldið og ég hef trú á einstaklingunum og áræði þeirra og framtaki í þessum málum og ég hef trú á því, að íslenzkar skipasmíðastöðvar muni eflast hér á landi með þeim hætti, sem þær hafa orðið til, og þær hafa orðið til ekki sízt vegna dugnaðar og framtaks og áræðis og bjartsýni sérstakra afbragðs atorkumanna, sem hafa komið þeim upp og staðið í því að búa þær þeim tækjum, sem þær þegar eru búnar. Ég skal svo ekki segja fleiri orð um það. En ég minni bara á það, að þegar

hv. þm. hafði valdið, þá urðu ekki nein þessi stórmerki til. Það var engin stór veiðarfæragerð til. Og þegar hann talar um 12 fiskiskip, sem keypt voru í Austur-Þýzkalandi, hafði hann lofað 12 togurum af stórri gerð. En þetta allt saman minnkaði í höndum ríkisvaldsins og varð að litlum bátum þá í staðinn fyrir stóra togara, sem hátíðlega var lofað, þegar stjórn hans var mynduð.

Ég álít, að það eigi ekki að gera lítið úr þeirri tilraun, sem nú stendur yfir um að gera till. um stöðlun skipa. En það er bezt að segja sem minnst um það. Ég mun leggja áherzlu á, að sú n. skili störfum og að réttum aðilum og þá þm. sem öðrum verði gerð grein fyrir því, menn fái aðstöðu til þess að kynna sér, hvað þar hefur verið unnið að, og ég sagði áðan, að mér fyndist, að starf þessarar n. hefði dregizt of lengi. En ég hef nú fengið þá skýringu frá henni, að það væri m. a. vegna þess, að hún hefur talið, að starfið væri vandasamt, og vildi leysa það vel af hendi, og það út af fyrir sig er virðingarvert, og ég vona, að það taki nú bráðlega enda.

Það var svo aðeins eitt atriði, sem hv. þm. sagði, að það hefði verið alveg útilokað að fá að smíða skip án þess að hafa fastan kaupanda og hann hafi fengið upplýsingar um það hjá fiskveiðasjóði. En ég hafði tjáð mig um annað í minni fyrri ræðu, og það vil ég endurtaka nú skýrar en þá, að skipasmíðastöð hér hefur verið gefinn kostur á því, að henni gæti staðið til boða fjármagn til þess að hefja smíði á tveimur skipum án þess að hafa fastan kaupanda, og það mál var rætt sérstaklega í ríkisstj., og ég hafði forgöngu um það við Seðlabankann að ræða um fjáröflun til þessa atriðis. Hitt er svo alveg rétt, að það var ekki rætt við fiskveiðasjóð, og fiskveiðasjóður hefur kannske af mjög skiljanlegum ástæðum vegna sinnar aðstöðu verið öndverður slíku fram að þessu. En mér er það ljóst, að bæði ríkisstj. og þá ég sem iðnmrh. og Seðlabankinn, sem gekkst í málið fyrir minn tilverknað, tókum nokkra áhættu á okkur með þessu, en engu að síður lá hún fyrir og var tekin, svo að það hefur ekki staðið að þessu leyti á öðru en því, að sjálf skipasmíðastöðin kæmi þessu í framkvæmd.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 18. fundi í Nd., 25. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til sjútvn. með 31 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

15. Greiðslufrestur á skuldum útgerðarmanna.

Á 16. fundi í Nd., 18. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um tímabundinn greiðslufrest á skuldum útgerðarmanna, útgerðarfyrirtækja og vinnslustöðva sjávarafla til undirbúnings breytingar lausaskulda í föst lán [66. mál] (þmfrv., A. 85).

Á 18. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt 2. þm. Reykn. að flytja hér frv. til l. um tímabundinn greiðslufrest á skuldum útgerðarmanna og útgerðarfyrirtækja og vinnslustöðva sjávarafla til undirbúnings breytinga lausaskulda í föst lán og ef til vill skuldaskila.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að útflutningsverðmæti sjávarafurða hefur lækkað mjög síðustu tvö árin. Þetta snertir hag allrar þjóðarinnar, en það er ljóst, að þyngstu áföllin koma á þá, sem starfa við fyrirtæki, sem annast þessa framleiðslu. Að nokkru leyti kemur þetta fram á tekjum sjómanna, en að langmestu leyti bitnar þetta á afkomu fiskvinnslustöðva, báta og togara. Ég veit, að það er alls ekki upplýst, hversu mikið tapið verður hjá þessum fyrirtækjum á þessu ári, en ef maður lítur á, hvað útflutningsverðmætið hefur lækkað mikið, er ljóst, að það getur tæpast orðið minna en einn milljarður eða eitthvað nálægt því, jafnvel þó að afskriftir væru ekki reiknaðar.

Ég hygg, að það hafi verið gert yfirlit yfir þetta í ágúst í sumar af stofnunum ríkisstj., sem hún hefur til að athuga þessi efnahagsmál. Ég hef fengið að sjá eitt eintak af þessu, — ég vil taka það fram, að ég hef ekki fengið að sjá það hjá neinum þm., ég fékk að sjá það hjá öðrum aðilum af tilviljun, — og þar er reiknað með, að hallinn verði um 1600 millj., en af því eru afskriftir nálægt 700 millj., þannig að fyrir utan afskriftir ætti samkv. því tapið að verða allt að 900 millj. Nú er það ljóst, að þá lá ekki fyrir neitt endanlegt uppgjör á þessu og getur ekki legið fyrir fyrr en eftir næstu áramót. Þar var t. d. gert ráð fyrir því, að síldarsaltendur mundu geta rekið sínar stöðvar taplaust, en ég tel, að það sé dálítið vafasamt vegna þess, hve síldaraflinn hefur verið miklu minni en búizt var við þá. Það er ekki hægt að fullyrða um þetta, fyrr en komið er fram í janúar og búið er að safna ýtarlegum skýrslum. En við vitum, að lausaskuldirnar hvíla með ofurþunga á ýmsum útgerðarfyrirtækjum. Við vitum einnig, að frystihúsin hafa verið að smástöðvast. Þau hafa ekki getað greitt fólkinu kaupið. Fólkið hefur eðlilega ekki viljað vinna nema fá sitt kaup. Það þarf á því að halda. Það eru jafnvel sum frystihús nú, sem ekki er hægt að reka vegna þess, að þau eru í svo miklum rekstrarfjárskorti.

Ástæður útgerðarmanna eru þannig, að þeim er eiginlega hvergi vært fyrir rukkurum, þeir hafa hvorki matfrið né svefnfrið. Ég hygg, að margir eigi mjög erfitt með að gera upp við sjómennina nú.

Við höfum ekki samið neitt endanlegt frv. viðvíkjandi þessu, því að reynsla okkar er sú, sem í stjórnarandstöðunni erum, að yfirleitt kærir ríkisstj. sig ekkert um, að við séum að semja nein frv., sem eiga að fara í gegn. En við höfum viljað vekja athygli á þessu máli. Og ég vil taka það fram, að það eru ekki eingöngu við, þessir tveir flm., sem stöndum að þessu, flokkurinn gerir það í heild, sem við tilheyrum. Hann vill vinna að því að leysa þetta á sem hagkvæmastan hátt. Að sjálfsögðu þarf að athuga þetta ýtarlega, áður en frv. er samið. Það geta ýmsar leiðir komið til greina. Bezt væri að þurfa ekki að framkvæma skuldaskil nema þá í mjög fáum tilfellum. Það er einnig mjög athugandi, á hvern hátt á að koma þessum lánum fyrir, hvort lánin eiga að vera við viðskiptabanka eða fiskveiðasjóð eða einhvern sérstakan sjóð. Fyrir útgerðarmenn og fiskvinnslustöðvar álít ég, að væri langbezt að hafa þetta í sambandi við fiskveiðasjóðinn, því að sannleikurinn er sá, að fiskveiðasjóðurinn hefur reynzt okkur betur en nokkur önnur lánastofnun með skilningi og greiðvikni á ýmsan hátt, og er það ekki nema eðlilegt, því að það er greitt árlegt tillag til hans, en auk þess, að það er eðlilegt, hefur þar ríkt skilningur og velvilji í garð þeirra stofnana, sem að framleiðslu sjávarafurða vinna. Ég held, að það sé nauðsyn að gera þetta sem allra fyrst, hvort sem stjórnarflokkarnir vilja, að þetta frv. sé samþ. óbreytt, eða þeir vilja koma með frv., sem einhvern veginn væri öðruvísi. Það er ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er, að eitthvað sé gert í málinu og það sem allra fyrst.

Ég hef enga trú á því, að þetta geti gengið miklu lengur, að það sé ekki greitt fyrir að koma þessum óreiðuskuldum einhvern veginn hagkvæmar fyrir en nú er. Við vitum það, að útgerðarlán hafa eiginlega ekkert hækkað, frá því að gengi peninganna fór að lækka. Ég hygg, að þau hafi ekkert hækkað, síðan gengið var fellt í fyrra, og nú er búið að fella það á einu ári yfir 100%. Ég hygg, að lánin fyrir bátana séu 250—350 þús. kr., og mér er ekki kunnugt um, að það sé nokkur vegur að fá aðra fyrirgreiðslu í lánastofnunum. Við vitum, að lausafé bankanna er ekkert eins og stendur, og þó að menn séu að biðja um smávixla, er mjög örðugt að fá þá og alls ekki hægt með stærri upphæðir. Ég er ekki að ásaka bankastjórana fyrir þetta, því ég veit, að þeir hafa peninga ekki til. Þó að þeir hafi stundum sagt, að þeir hefðu ekki peninga, þó að þeir hefðu þá, hygg ég, að þeir geri ekki mikið að því nú. Ég sé því ekki, að það sé neitt að flýja. Við vitum enn fremur, að þessar óreiðuskuldir lama atvinnulífið í landinu. Fiskvinnslustöðvar er ekki hægt að starfrækja, ef alls staðar hvíla á þeim óreiðuskuldir. Olíuna þarf t. d. að borga, um leið og hún er tekin, lítrinn er kominn á fjórðu krónu. Þetta er bara einn liður. Það þarf allmikla fjárhæð til að geta greitt olíuna fyrir fram. Veiðarfæri hafa raunar fengizt á víxlum, og má vera, að það verði áfram, en þau þurfa líka að borgast, og ýmislegt þarf að greiða. Þessi útgerðarlán eru, eins og ég talaði um, ekki há, ég held, að það sé svipuð upphæð og hefur verið, og þar að auki eru þau dýr, og sannleikurinn er sá, að það er hrein neyð að þurfa að taka þau. Ég held, að ríkisstj. hefði getað hlutazt til um að gera þessi lán auðfengnari og ódýrari en er með því að létta af einhverju af þessum gjöldum, stimpilgjöldum og öðrum kostnaði, þinglýsingargjöldum og öðru slíku af þessum lánum, semja einföld lög viðvíkjandi útgerðarlánum, og þannig greiða fyrir, að útgerðarmenn gætu fengið þau án þess að borga þennan aukakostnað, sem er mikill og mikil vinna við þau. Ég hef ekki tekið útgerðarlán í nokkur ár, því að mér hafa fundizt þau svo leiðinleg og ógeðsleg, að ég hef ekki notað þau, enda er það ekki nema aðeins tímaspursmál. Þetta eru smáupphæðir, sem teknar eru þegar af aflanum, og ekkert nema fyrirhöfnin og erfiðleikarnir við þau. Það væri æskilegast fyrir sem flesta útgerðarmenn að þurfa ekki að taka þau. Að sjálfsögðu bitna efnahagserfiðleikarnir einnig á verkafólkinu í landinu, því að þegar fyrirtækin geta ekki borgað kaup, hvort sem það eru sjómenn eða fólkið, sem vinnur í frystihúsunum eða söltuninni, þá leiðir það til þess, að fólkið hættir að vinna fyrr eða síðar, og þar að auki er staðreynd, að fólkið vinnur verr, ef það fær kaupið sitt ekki greitt skilvíslega, enda þarf það vitanlega á því að halda.

Þessir rekstrarörðugleikar geta orðið til þess, að ýmsir bátar komist ekki á veiðar á réttum tíma, og fiskvinnslustöðvarnar fá síður afla, ef þær geta ekki greitt fiskinn út. Það er allt, sem hjálpast að því að gera þessar aðgerðir nauðsynlegar. Ég veit vel, að mikið af þessu tapi útgerðarmanna liggur í því, að það eru ekki greiddar afborganir af lánunum eða vextir af lánunum í fiskveiðasjóði. Ég reikna ekki með því, að margir bátar geri það og e. t. v. ekki fiskvinnslustöðvarnar heldur í ár. Ég reikna með því, að það verði farið inn á þá leið að hækka prósentuna, sem tekin er af aflanum, ríkið leggi eitthvað á móti. Það var byrjað á þessu í fyrra til þess að standa undir vöxtum og afborgunum. Ég segi þetta ekki af því, að ég hafi frétt það eftir neinum leiðum frá ríkisstj., en ég held, að þetta verði eina leiðin, sem hægt er að fara. Það verður óhjákvæmilegt að gera þær ráðstafanir. Útgerðarmenn hafa sjálfir verið að samþykkja till. um þessi efni og farið fram á, að tekin verði 20% af aflaverðmætinu, og það veitir áreiðanlega ekki af því. Jafnvel þó að það kæmi eitthvað svipað framlag frá ríkissjóði, þá veitir ekkert af því til að standa undir

þessum liðum. En hvað sem um það er, þá er jafnnauðsynlegt að losna við þessar óreiðuskuldir.

Til þess er þetta frv. flutt, að útgerðarmenn geti verið eins og frjálsir menn þennan tíma, þangað til eitthvað verður gert í þessu, og þá reikna ég með, ef stjórnarflokkarnir aðhyllast þá leið, sem við flm. og okkar flokkur aðhyllumst, að óhjákvæmilegt sé að gera eitthvað í þessu, og það er miðað við 1. maí 1969, að fresturinn sé þangað til, vegna þess að það er ekki hægt að safna endanlegum skýrslum um afkomu ársins fyrr en eftir áramót, og svo tekur alltaf sinn tíma að semja frv. og koma þeim í gegn. Þetta er ekki gert í þeim tilgangi, að við ætlumst til, að menn tapi skuldum sínum, heldur til þess að greiða fyrir því að minnka þá örðugleika, sem fiskvinnslustöðvar og útgerðarmenn eru í nú í bili, eða með það fyrir augum, að síðar verði gerðar raunhæfar ráðstafanir. Vilji stjórnarflokkarnir ekkert í þessu máli gera og ætli sér ekkert í því að gera, er það sjálfsagt, að þetta frv. dagar uppi eins og mörg frv., sem við höfum komið með í stjórnarandstöðunni, og nær það þá ekki lengra. En við vildum sýna okkar hug til málsins með því að flytja þetta nú og vekja athygli á því.

Ég legg svo til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

16. Félagsmálaskóli verkalýðssamtakanna.

Á 17. fundi í Ed., 19. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um félagsmálaskóla verkalýðssamtakanna [71. mál] (þmfrv., A. 90).

Á 18. og 24. fundi í Nd., 25. nóv. og 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 19. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Frv. um félagsmálaskóla verkalýðssamtakanna er að þessu sinni flutt af hv. 9. landsk. þm., Braga Sigurjónssyni, og hv. 10. þm. Reykv., Pétri Sigurðssyni, ásamt mér. Frv. hefur verið flutt nokkrum sinnum áður á Alþingi, og er það í þetta sinn að meginefni í samræmi við það form, sem það hefur haft, þegar það hefur verið flutt áður. Þó eru í því nokkur nýmæli, frá því að það var flutt síðast.

Efni frv. er í sem skemmstu máli það, að stofna skuli og halda skóla, er nefnist félagsmálaskóli verkalýðssamtakanna. Gert er ráð fyrir, að hann starfi 6 mánuði á ári yfir vetrarmánuðina, frá 1. nóv. til 1. maí, en þessu námstímabili megi þó skipta í tvennt, þannig að skólahaldið verði í tveimur þriggja mánaða námskeiðum. Einnig er í 1. gr. frv. heimilað að hafa styttri fræðslunámskeið, og er þá hugsunin sú, að kennsla fari á þeim aðallega fram í fyrirlestrum og með starfi námshópa.

Námsgreinar eru nú í frv. ákveðnar með mjög svipuðum hætti og í fyrri frv. um þetta mál, en þó eru nokkur atriði nú, sem ekki voru í fyrri frv., en það er einkum um kennslu, sem skuli fara fram í fyrirlestrum, um framleiðnimál og atvinnulýðræði, hagræðingarmál, vöruvöndun og endurhæfingu starfsmanna og þar á meðal um kjararannsóknir. En aðalnámsgreinar skólans skulu vera: íslenzk tunga og bókmenntir, Íslandssaga, einkanlega þó saga atvinnuveganna, og þjóðfélagsfræði, einnig skal veita ýtarlega fræðslu um sögu, stjórn og störf verkalýðsfélaga, samvinnufélaga og um samtök atvinnurekenda, svo og meginatriði íslenzkrar félagsmálalöggjafar, tryggingalöggjafar, öryggismálalöggjafar ýmiss konar, og þarf ekki að telja það upp nánar. Þá skal og kenna í þessum skóla fundarreglur og fundarstjórn og leiðbeina nemendum um að setja hugsanir sínar fram skipulega í ræðuformi. Enn fremur á að kenna þarna bókfærslu og undirstöðuatriði í vinnurannsóknum. Heimilt er svo, en ekki skylda, að kenna eitt Norðurlandamál í skólanum.

Skilyrði fyrir skólavist eru aðeins þau, að nemendur séu fullra 16 ára minnst, hafi óflekkað mannorð, séu ekki haldnir smitandi sjúkdómi og séu félagsmenn í verkalýðsfélagi.

Í 4. gr. er ákvæði um stjórn skólans, og er gert ráð fyrir, að 4 skólanefndarmenn skuli vera kosnir eða tilnefndir af miðstjórn A. S. Í., en félmrh. tilnefni 5. manninn og sé hann formaður skólanefndar. Stjórn skólans er sem sé hugsuð í höndum 5 manna skólanefndar. Skólanefndinni er ætlað það hlutverk að ráða skólastjóra og kennara.

Félmrn. gefur síðan út reglugerð um starfsemi skólans að fengnum till. skólanefndar.

Þá á ríkið einnig að sjá skólanum fyrir húsnæði. Um það eru nokkru vægari ákvæði en voru í fyrra frv. Nú segir í 4. gr.: „Ef byggja þarf nýtt skólahús, greiðist kostnaður við það úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum. Svo greiðir hann og allan árlegan kostnað við rekstur skólans.“ Það er hugsanlegt, að þessi skólastofnun, sem er brýn þörf fyrir, hefji starf sitt nú fljótlega, ef frv. yrði að lögum. Má þá gera ráð fyrir, að það byrjaði smátt og þyrfti kannske ekki annað húsnæði en eina kennslustofu eða svo, og þess vegna er þetta sett þannig

fram, því menn vita, að nóg er á könnu ríkissjóðs um þessar mundir og hans geta ekki allt of mikil til þess að taka á sig nýjar fjárhagslegar byrðar. Við höfum því sett þetta þannig fram: „Ef byggja þarf nýtt skólahús“ o. s. frv. Þá er í frv. gert ráð fyrir, að lögin komi til framkvæmda á skólaárinu 1969—1970.

Af því, sem ég nú hef sagt, er það ljóst, að tilgangur með slíku skólahaldi er auðvitað sá að skapa starfandi og verðandi forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar, áhugasömum mönnum um hennar störf og hverjum félaga hennar, sem vill njóta möguleika til haldgóðrar fræðslu í þessum efnum, kennslumöguleika í þessum skóla, þ. e. a. s. þjálfa þá til starfa í þjónustu alþýðusamtakanna.

Þær þjóðir, sem okkur eru skyldastar, hafa fyrir löngu, fyrir áratugum, komið á fót slíkum skólum, það hafa Norðmenn gert og Danir, og það hafa Svíar og Finnar gert einnig. Allar Norðurlandaþjóðirnar nema Íslendingar hafa sína verkalýðsskóla, og hver þjóðin um sig þó fleiri en einn. Þetta eru viðurkenndar stofnanir og þykja inna af hendi nauðsynlega fræðslu og efla menn til félagslegs þroska. En þjóðfélagið á ekki svo lítið undir því, að þeir menn, sem starfa fyrir verkalýðshreyfinguna, kunni góð skil á þeim vandasömu málum, sem þar er nú fjallað um og snerta þjóðfélagið æ rið oft og tíðum.

Það er vissulega full þörf á því, bæði fyrir verkalýðssamtökin og vinnuveitendasamtökin og þjóðfélagið, að þeir menn, sem fást við samningagerðir verkalýðsfélaganna og hafa afskipti af því að ákveða um kjör og vinnuskilyrði fólksins, kunni til verka. Þetta eru orðin mjög vandasöm viðfangsefni, eins og ég áðan sagði, og þó að menn að sjálfsögðu læri af reynslunni við að fást við þessi mál, eru þau nú orðin svo margbrotin og flókin, að ekki veitir af því, að menn eigi kost á þjálfun í skóla, í menntastofnun, til þess að ná fullum tökum á þessum vandasömu málum.

Menn kynnu að spyrja: Er það nú sanngjarnt, að þjóðfélagið kosti slíkt skólahald? Ég held, að þjóðfélagið eigi svo mikið undir því, að þessum málum sé vel og viturlega og af fullri þekkingu ráðið til lykta, að af þeirri ástæðu einni sé það sjálfsagt. En einnig má benda á það, að aðrar stéttir hafa notið um langan tíma þess hagræðis, að þjóðfélagið kostaði skóla fyrir stéttirnar. Þannig heldur ríkið uppi fræðslustofnunum fyrir bændastéttina, bændaskólunum, fyrir sjómannastéttina, sjómannaskólanum, og fyrir fámennar undirstéttir, það er rekinn matreiðslu- og þjónaskóli, og það eru vélstjóraskólar reknir. Þannig eru margir stéttarskólar reknir af ríkinu, og sýnist ekki vera nema algerlega hlíðstætt, að ríkið reki einnig skóla fyrir verkalýðsstéttina henni til þjálfunar og menningarauka, og þá sérstaklega trúnaðarmönnum hennar á vinnustöðvunum og stjórnendum verkalýðsfélaganna, en það eru mörg hundruð manns, sem að þessum störfum vinna á ári hverju í þágu þjóðfélagsins.

Ég hef svo ekki fleiri orð um þetta frv. Það hefur oft verið kynnt áður og nú verið gerð grein fyrir þeim breytingum, sem á því hafa orðið frá síðasta flutningi. Ég legg því til, herra forseti, að þegar þessari umr. er lokið, verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

17. Afnám laga um verkfall opinberra starfsmanna.

Á 14. fundi í Sþ., 21. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um afnám laga nr. 33 3. nóv. 1915, um verkfall opinberra starfsmanna [73. mál] (þmfrv., A. 92).

Á 19. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Kristján Thorlacius) Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., er flutt af mér og hv. 6. þm. Reykv. Frv. er um afnám l. nr. 33 frá árinu 1915, er banna opinberum starfsmönnum að gera verkfall, að viðlagðri refsingu, sektum eða fangelsisvist. Á árinu 1915, þegar þessi lög voru sett, höfðu starfsmenn Landssímans stofnað með sér stéttarfélag og voru lögin sett í sambandi við kjaradeilu, sem þetta nýstofnaða félag átti í við stjórnarvöldin. Á þessum tíma voru aðstæður allt aðrar í þjóðfélaginu en nú. Verkalýðsbaráttan var í mótun, og verkföll mættu harðri andstöðu. Hörðustu átök verkalýðsfélaganna á fyrstu áratugum aldarinnar voru einmitt um sjálfan verkfallsréttinn.

Nú eru 30 ár liðin síðan lögin um stéttarfélög og vinnudeilur voru sett, þar sem verkfallsréttur verkalýðsfélaganna var viðurkenndur og settar ákveðnar reglur í sambandi við vinnudeilur og verkföll. Síðan Bandalag starfsmanna ríkis og bæja var stofnað á árinu 1942, hefur það barizt fyrir því, að opinberum starfsmönnum verði veittur samningsréttur og fullur verkfallsréttur til jafns við aðrar launastéttir í landinu. Það má segja, að þegar eftir stofnun Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hafi það verið viðurkennt sem viðræðuaðili fyrir hönd opinberra starfsmanna um kjara-

mál. Ný launalög voru sett á árinu 1945. Þágildandi launalög voru frá árinu 1919. Við undirbúning launalaganna 1945 starfaði 7 manna n., og voru tveir nm. tilnefndir af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Í launalögin 1945 var sett svofellt ákvæði:

„Við samningu reglugerða samkv. lögum þessum, svo og endurskoðun þeirra, skal jafnan gefa Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja kost á að fylgjast með og fjalla fyrir hönd félaga sinna um ágreiningsatriði þau, sem upp kunna að koma."

Sams konar ákvæði er í lögum frá 1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og í framkvæmd var þetta svo frá árinu 1943 til 1962, þegar núgildandi lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna komu til, að viðræður fóru fram milli BSRB og fulltrúa ríkisins um kjaramálin, og á sama hátt ræddu félög bæjarstarfsmanna við vegar um landið við sveitarstjórnirnar um kjör bæjarstarfsmanna. En langt var frá því, að þetta væri neitt sambærilegur réttur og verkalýðsfélögin höfðu fyrir sína meðlimi, enda var það svo, að þótt verkalýðsfélögin næðu samningum um bætt kjör, leið oft langur tími, áður en kjörum opinberra starfsmanna var breytt, enda drógust þeir sífellt aftur úr í starfskjörum á hinum frjálsa vinnumarkaði.

Næsta skrefið, sem ríkisvaldið steig í þessum málum, var, að sett var á laggirnar nefnd á árinu 1958, skipuð fulltrúum ríkisins og BSRB, en nefnd þessi skyldi fylgjast með launabreytingum hjá starfsmönnum á frjálsa vinnumarkaðinum og gera tillögur um breytingar á kjörum opinberra starfsmanna, þegar henni sýndist ástæða til. En þrátt fyrir miklar úrbætur, frá því að opinberir starfsmenn höfðu engin heildarsamtök til að berjast fyrir sínum kjörum, varð reyndin sú, að kjör þeirra voru í ósamræmi við launakjör á frjálsum vinnumarkaði, þar sem fullur samningsréttur gilti. Á árinu 1962 var ástandið orðið svo slæmt í þessum efnum, að segja mátti, að það væri orðið óviðunandi fyrir báða aðila, bæði fyrir starfsmennina og ríki og sveitarfélög. Á þessum tíma var misræmið orðið svo mikið á kjörum opinberra starfsmanna annars vegar og annarra stétta hins vegar, að flótti var hafinn úr opinberum störfum. Nefnd hafði verið skipuð á árinu 1959 til þess að athuga um samningsrétt opinberra starfsmanna. Þessi nefnd skilaði áliti í nóv. 1961, en varð ekki sammála. Fulltrúar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja í nefndinni lögðu til, að opinberir starfsmenn fengju verkfallsrétt með svipuðum hætti og ákveðið var í Noregi með lögum frá 1958. En fulltrúar ríkisins í nefndinni vildu ekki samþykkja verkfallsrétt í neinni mynd. Snemma árs 1962 höfðu kennarar við barnaskóla og gagnfræðaskóla samtök um að segja upp stöðum sínum til þess að herða á kröfum um bætt kjör. Munu hafa legið fyrir skriflegar uppsagnir frá um 90% allra kennaranna. Varð þetta til þess að herða á því, að eitthvað væri raunhæft gert til þess að bæta úr því ófremdarástandi, sem skapazt hafði vegna úreltra kjara opinberra starfsmanna, sem voru í engu samræmi við kjör annarra stétta í þjóðfélaginu. Upp úr þessu komu lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem við nú búum við.

Kjarasamningalögin frá 1962 veita opinberum starfsmönnum, bæði ríkisstarfsmönnum og starfsmönnum hjá bæjarfélögunum, samningsrétt án verkfallsréttar, og enn er þessum starfsmönnum bannað að gera verkfall að viðlagðri refsingu. Samkvæmt l. frá 1962 er samningstímabilið tvö ár. En ef almennar og verulegar breytingar verða á launakjörum annarra stétta á samningstímabilinu, getur hvor aðili um sig, samtökin eða ríkið og bæjarfélögin, óskað endurskoðunar á samningi. Ákvæðin er sáttameðferð í kjaradeilum á sama hátt og hjá öðrum stéttarfélögum, og ákvæði um félagsdóm gilda einnig um úrskurð í ágreiningsmálum um skilning á samningi og brot á lögunum og samningnum. Allt er þetta gott og blessað. En ef samningar takast ekki, skal gerðardómur skera úr ágreiningi. Og það er einmitt þetta ákvæði ásamt verkfallsbanninu, sem hefur verið opinberum starfsmönnum þungt í skauti, og ég leyfi mér að fullyrða, að það sé ekki heldur heppilegt fyrir þjóðfélagið að skipa kjörum opinberra starfsmanna með þessum hætti.

Áður en frv. um kjarasamninga opinberra starfsmanna var lagt fyrir Alþ. 1962, var leitað álits stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Það var álit stjórnar BSRB þá, að slík lagasetning væri skref fram á við og vel þess vert að reyna þetta fyrirkomulag. Samþykkti bandalagsstjórnin svofellda ályktun um málið, þegar verið var að leggja síðustu hönd á frv. til l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna, með leyfi hæstv. forseta:

„Enda þótt ríkisstj. hafi ekki fallizt á, að opinberir starfsmenn fái fullan samningsrétt til jafns við aðra launþega, eins og bandalagsstjórnin hefur barizt fyrir í samræmi við stefnu bandalagsþinga, telur stjórnin, að bandalagið hafi með frv. náð svo mikilsverðum áfanga, að fulltrúum þess beri að samþykkja það, þó að hún viðurkenni ekki réttmæti þess, að kjör launþega séu ákveðin með lögskipuðum gerðardómi. Jafnframt telur stjórn BSRB sjálfsagt, að unnið verði áfram að því lokamarki, að opinberir starfsmenn njóti sama samningsréttar og aðrir launþegar búa við."

Fyrstu heildarsamningar samkvæmt hinum nýju lögum áttu að taka gildi 1. júlí 1963. Samningar tókust í fyrsta skipti að nokkru, þ. e. a. s. um skipan starfsmanna í launaflokka, en kjaradómur úrskurðaði um launaupphæðir og vinnutímaákvæði, yfirvinnukaup o. fl.

Þegar á heildina er litið, þótti fyrsta framkvæmd kjarasamningalaganna takast allvel og lofa góðu um það fyrirkomulag, sem hér var tekið upp. En framkvæmdin eftir það hefur orðið til mikilla vonbrigða fyrir opinbera starfsmenn og samtök

þeirra, þannig að meiri samstaða ríkir nú en nokkru sinni meðal opinberra starfsmanna um að berjast fyrir fullum samningsrétti til handa samtökum þeirra, þ. e. sama samningsrétti og önnur stéttarfélög hafa samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur frá 1938.

Eins og ég sagði áðan, hefur það verið stefna samtaka opinberra starfsmanna frá stofnun Bandalags starfsmanna ríkis og bæja að vinna að því, að opinberir starfsmenn fengju verkfallsrétt. Um þetta hafa verið samþykktar ályktanir á mörgum þingum samtakanna, og nú hefur áhuginn á þessu máli margfaldazt. Á þingi BSRB, sem haldið var í byrjun síðasta mánaðar, var samþykkt svofelld ályktun um þetta mál, með leyfi hæstv. forseta:

„Þingið felur stjórn bandalagsins að hefja undirbúning að samningu lagafrv., sem feli í sér fullan samningsrétt opinberra starfsmanna og þar með talinn verkfallsrétt. Þó skal þess gætt, að sá verkfallsréttur stofni ekki öryggisþjónustu hins opinbera í hættu."

Í þessari ályktun kemur glöggt fram sú margyfirlýsta stefna samtaka opinberra starfsmanna, að þess verði gætt með sérstökum ákvæðum, að verkfallsréttur, sem þeim verði veittur, stofni ekki öryggisþjónustu þjóðfélagsins í hættu. Um þetta er einnig rætt í grg. fyrir því frv., sem við flytjum hér og nú er til umræðu.

Ég tel, að það hafi sýnt sig við framkvæmd kjarasamningalaganna, að höfuðókosturinn við ríkjandi fyrirkomulag er tilhneiging ríkisvaldsins og forsvarsmanna sveitarfélaga til þess að vilja fremur skjóta ágreiningsmálum til dómstóla en semja um þau. Ég hygg, að þetta eigi ekki bara við um ágreining í kjaramálum, heldur ágreining um fjárkröfur á hendur ríki og sveitarfélögum yfirleitt. Af þessum ástæðum tel ég, að varla verði reiknað með því, að kjarasamningalögin verði nokkurn tíma annað í framkvæmd en réttur til viðræðna við stjórnarvöld um kjaramálin og réttur til málflutnings fyrir gerðardómi. Eftir slíku fyrirkomulagi hafa samtök opinberra starfsmanna aldrei óskað, og þau voru frá byrjun uggandi vegna gerðardómsákvæðis laganna, eins og fram kemur í ályktun stjórnar BSRB frá 1962, sem ég las hér áðan.

Ég skal ekki fara langt út í að rekja hér ágalla, sem verið hafa á framkvæmd l., sem samtök opinberra starfsmanna telja mjög marga og alvarlega, bæði af hálfu stjórnarvalda og kjaradóms. En ég vil nefna hér stærsta og alvarlegasta atriðið í því efni.

Seint á árinu 1963 var samið um 15% launahækkun til annarra stétta en opinberra starfsmanna, og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja gerði kröfu um sömu hækkun launa opinberra starfsmanna með skírskotun til þeirra ákvæða í kjarasamningalögunum, að hliðsjón skuli hafa af kjörum launþega, er vinna sambærileg störf hjá öðrum en hinu opinbera. Ríkisstj. synjaði um þessa réttmætu kröfu, og meiri hl. kjaradóms, 3 af 5 dómendum, neitaði einnig að verða við hækkunarkröfunni. En í forsendum fyrir þeirri synjun færir meiri hl. kjaradóms ekki þau rök fyrir synjun sinni, að opinberir starfsmenn hafi ekki átt rétt til hækkunar launa til samræmis við aðrar stéttir, heldur var þetta rökstutt með því, að synjunin væri liður í tilraun til að stöðva verðbólguþróunina. Auðvitað hélt verðbólgan sitt strik þrátt fyrir það, að rétti opinberra starfsmanna væri þarna fórnað á altari hennar. En þetta varð til þess, að starfsmenn ríkis og bæja drógust stórkostlega aftur úr öðrum stéttum á ný í launakjörum og eru nú margir hverjir mjög illa settir fjárhagslega að taka við þeim efnahagsörðugleikum, sem yfir dynja þessa dagana.

Mikið af íslenzkri löggjöf hefur mótazt af löggjöf annarra Norðurlanda og mér sýnist eðlilegt, að litið sé til þeirrar þróunar, sem átt hefur sér stað hjá þessum frændþjóðum okkar um samningsrétt opinberra starfsmanna. Í Finnlandi og Danmörku eru engin lagaákvæði, sem banna opinberum starfsmönnum að gera verkföll. Í Danmörku hefur ekki á þetta reynt. Afstaða ríkisvaldsins hefur verið þar tiltölulega góð í kjaramálum starfsmanna hins opinbera og ekki leitt til svo stórfelldra átaka sem verkfall er. En í Finnlandi hefur hins vegar komið til verkfalla opinberra starfsmanna, og er þar skemmst að minnast verkfalls hjúkrunarkvenna fyrir skömmu. Í Noregi var sett löggjöf árið 1958, þar sem opinberum starfsmönnum var veittur verkfallsréttur. Þar hefur aldrei til þess komið, að samtök opinberra starfsmanna notuðu þennan rétt, þó að liðin séu 10 ár frá lagasetningunni. Í Svíþjóð gengu í gildi lög 1. jan. 1966, sem ákváðu, að opinberir starfsmenn skyldu hafa verkfallsrétt. Þar í landi gerðu háskólamenntaðir menn allvíðtækt verkfall á s. l. ári, og heimurinn stendur enn og meira að segja situr Erlander enn í forsætisráðherrastóli þar, þótt stjórn hans veitti opinberum starfsmönnum verkfallsrétt og þótt forsætisráðherrafrúin, sem er kennari, tæki þátt í fyrsta verkfallinu, sem háð var samkv. þessum lögum.

Menn verða að átta sig á þeirri stórfelldu breytingu, sem átt hefur sér stað hér á landi síðan lögin um bann við verkföllum opinberra starfsmanna voru sett á árinu 1915. Á þeim tíma voru örfáir starfsmenn í þjónustu ríkis og bæja. Nú starfa hjá ríki og bæjarfélögum milli 8 og 9 þús. starfsmenn, sem taka laun, sem ákveðin eru samkv. kjarasamningalögunum frá 1962, og af þessum starfsmannahópi eru rétt innan við 7 þús. meðlimir í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Um flesta þessa starfsmenn gildir það, að engin ástæða er til, að þeir búi við annan rétt en aðrir launamenn, að því er tekur til verkfallsréttar. Um hina, sem gegna öryggisþjónustu, telja samtök opinberra starfsmanna rétt að setja sérákvæði, er tryggi, að öryggisþjónustan sé ekki sett í hættu.

Mér er það ljóst, að afnám laganna frá 1915 fellir ekki úr gildi það lagaákvæði, að opinberir starfsmenn búa við gerðardóm um kjaramál sín, og það þarf samþykkt annars frv. til að ráða þar bót á, og væntanlega verður slíkt frv. samið á vegum heildarsamtaka opinberra starfsmanna og komið á framfæri við hv. Alþingi. En opinberir starfsmenn mundu meta það mikils, ef hv. alþm. samþykktu að afnema lögin frá 1915 um verkfall opinberra starfsmanna, sem löngum hafa verið mikill þyrnir í þeirra augum.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr- og félmn.

Haraldur Henrýsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að lýsa stuðningi mínum við frv. það, sem hér er til umr., og jafnframt vil ég taka undir þær röksemdir, sem fram komu í ræðu hv. 1. flm. þess. Ég tel, að með framkomu þessa frv. fái hið háa Alþ. tækifæri til að þvo blett af lýðræðisframkvæmd hér á landi, og vona ég, að hv. þm. sameinist í því verki.

Við Íslendingar tölum oft um það, að við séum lýðræðisþjóð, og oftast heyrist sú fullyrðing í ræðum hæstv. ráðh. og annarra fyrirmanna á tyllidögum. Víst er það rétt, að stjórnarskrá okkar mótast af lýðræðishugsjónum, og það er vissulega dýrmætt, en samt sem áður er það nú svo, að við eigum margt ógert, áður en við getum hnarreistir lýst því yfir, að hér ríki lýðræði. Það er ekki ætlun mín að rekja hér þá annmarka, sem ég tel þar á, enda er það fyrir utan ramma þess máls, sem hér er til umr. En það er óneitanlega einn bletturinn á okkar lýðræðisframkvæmd, að opinberir starfsmenn skuli ekki hafa þann rétt, sem nú er talinn einn grundvallarréttur í lýðræðisríki, fullan samningsrétt. Ef við ætlum okkur að þróa lýðræði okkar í átt til fullkomnunar, hljótum við að kappkosta að sníða af því svo augljósa agnúa sem þennan. Það er sannarlega mótsögn í því, að menn, sem mjög halda á lofti ágæti lýðræðis í ræðum sínum, skuli hér á hinu háa Alþ. og annars staðar berjast gegn jafnsjálfsögðum mannréttindum og hér um ræðir.

Ég veit, að helzta röksemdin gegn því, að opinberir starfsmenn fái óheftan samningsrétt og verkfallsrétt, er sú, að hagsmunir almennings og ríkisins séu svo ríkir, að þeir réttlæti skorður hér á. Ég tel, að opinberir starfsmenn geri sér fyllilega grein fyrir mikilvægi starfa sinna og hafi það ríka ábyrgðartilfinningu, að þeim sé ljóst, hvað í húfi er. Ég hygg, að treysta mætti því, að þeir notfærðu sér ekki sinn ýtrasta rétt, fyrr en allt annað þryti. En þennan rétt eiga þeir ótvírætt að hafa eins og aðrir þegnar þjóðfélagsins, því að ella eru þeir mesta ójöfnuði beittir.

Ég er þess fullviss, að við frjálsa samninga um þessi mál yrðu opinberir starfsmenn fúsir til með tilliti til sérstöðu sinnar að ganga svo frá hnútum, að dregið væri stórlega úr hættu á verkföllum. Það er vissulega unnt með samningum milli aðila að koma málum þannig fyrir, að þessi hætta verði hverfandi. Þetta á reyndar við um alla samninga milli atvinnurekenda og launþega. Viðræður þessara aðila eru nú allt of stopular og handahófskenndar og hefjast sjaldnast fyrr en á síðustu stundu, þegar allt er komið í eindaga og verkfall yfirvofandi. Vinna þarf að því, að aðdragandinn að samningum sé lengri, og helzt, að fulltrúar aðilanna komi saman reglulega allt samningstímabilið og fjalli um hugsanlegar breytingar á samningum. Ég held, að með slíkum vinnubrögðum væri mikið unnt að gera í því að draga úr ófriði á vinnumarkaðinum og auk þess stuðla að því, að fulltrúar aðila gætu ætíð fylgzt með sjónarmiðum hver annars og haft betri yfirsýn yfir vandamálin. Það er rétt, að verkföll og verkbönn eru hverju þjóðfélagi skaðleg og dýr, en okkur ber fyrst og fremst að koma í veg fyrir þessi fyrirbæri með frjálsum samningum, en ekki með boðum og bönnum.

En úr því að hér er rætt um málefni opinberra starfsmanna og réttindi þeirra, þá vil ég leyfa mér að vekja athygli á því, að réttindum þeirra er einnig ábótavant á ýmsum öðrum sviðum. Vil ég hér t. d. minnast á það öryggisleysi, sem þeir hafa búið við að því er varðar skipanir í embætti hins opinbera, þar sem hvað eftir annað eru fótum troðin þau sanngirnis- og réttlætissjónarmið, sem eiga að ríkja við slíkar skipanir. Hvað eftir annað er starfstími, reynsla eða hæfni manna einskis metin, ef pólitískir eða einkahagsmunir veitingarvaldshafa krefjast annars. Þarna hafa hæstv. ráðh. hvað eftir annað gert sig stórlega seka og sett með því ljótan blett á það lýðræði, sem þeir keppast við að lofa.

Annað mál, sem ég vildi vekja hér athygli á, þegar rætt er um samningsrétt, er sú réttlætiskrafa Bandalags háskólamanna, að það fái samningsaðild og rétt fyrir sín aðildarfélög. Háskólamenntaðir menn í þjónustu hins opinbera telja a. m. k. margir hverjir, að við ákvörðun launa þeirra hafi ekki verið tekið nægjanlega mikið tillit til menntunar þeirra, þess tíma og kostnaðar, sem þeir hafi lagt í til að öðlast hana. Sumir segja af þessu tilefni, að við eigum að forðast það að skapa hér einhvers konar menntaaðal með því að hleypa langskólamenntuðum mönnum langt fram yfir aðra í launum. Á þessu stigi er þó ekki um neitt slíkt að ræða, heldur aðeins það, að þessir menn verði ekki látnir gjalda þess að hafa lagt á sig langt og oftast dýrt nám og verði þess vegna að standa höllum fæti gagnvart jafnöldrum sínum, sem hafa ekki lagt á sig slíkt nám. Það er oft talað um það, að þjóðinni sé brýn þörf á því að mennta sem flesta til sérfræðistarfa, og það er áreiðanlega rétt, sem oft er sagt, að sú fjárfesting, sem til þess er varið, skilar sér. Það er allt of áberandi sjónarmið meðal okkar, að

langskólamenn séu baggar á þjóðfélaginu. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að enda þótt þjóðfélagið styðji og styrki menn til mennta á margan hátt, er langt nám einnig fórn af hálfu þeirra, sem leggja það á sig. Menn, sem eru í námi langt fram á þrítugsaldur og koma þá fyrst inn á vinnumarkaðinn, standa yfirleitt miklu verr að vígi en jafnaldrar þeirra, sem hafa ekki farið í langskólanám. Þá eiga þeir m. a. í flestum tilfellum eftir að koma sér þaki yfir höfuð og leggja í annan stofnkostnað, auk þess sem þeir þurfa að greiða skuldir, sem þeir hafa stofnað til á námsárum sínum. Staðreyndin er sú, að þeir hafa flestir goldið síns langa náms og þjóðfélagið hefur ekki viðurkennt mikilvægi þess. Ef okkur er alvara með tali okkar um nauðsyn menntunar, verður að leiðrétta þetta og viðurkenna það, sem hér er á sig lagt, og meta það við ákvörðun launa.

Ég held, að háskólamenntaðir menn geri sér fyllilega grein fyrir okkar séraðstæðum og ætlist ekki til þess, að þeir séu gerðir að neinni yfirstétt í þjóðfélaginu, heldur vilja þeir fyrst og fremst fá viðurkennt það framlag, sem þeir leggja til þjóðfélagsins með námi sínu. Það verður að teljast eðlileg og sanngjörn krafa, að samtök þeirra fái að semja um þessi mál fyrir þeirra hönd.

En þegar rætt er um þessi mál og m. a. um nauðsyn þess, að ekki skapist hrópandi misræmi í launamálum í þjóðfélagi okkar, get ég ekki látið hjá líða að vekja athygli á því, að svo virðist sem þetta hafi ekki ætíð verið haft í huga við launaákvarðanir og ótrúlegt misræmi hafi myndazt, sem telja verður skaðlegt. Hér á hinu háa Alþ. kom það t. d. fram nú í vetur, að læknar við sjúkrahús úti á landi hefðu á 2. hundrað þús. kr. á mánuði í laun og auk þess ókeypis húsnæði og dygði þó ekki til að halda þeim þar, þar eð þeir teldu sig bera meira úr býtum í Reykjavík, að því er manni skildist. Ekki veit ég, hvort hér er rétt með farið að öllu, en ekki hef ég séð þessu mótmælt, og mér er einnig ljóst, að læknar hafa náð hér sérkjörum. Það er engan veginn ætlun mín að draga úr því, að læknar eigi skilið góð laun, jafnvel hærri en flestir aðrir langskólamenntaðir menn. En ég hlýt að láta í ljós þá skoðun mína, að hér hafi verið farið inn á hættulega braut, og ég sé ekki, á hvaða grundvelli það hefur verið gert. Ég tel, að slíkt himinhrópandi misræmi í launamálum sé okkur hættulegt og stuðli fremur en flest annað að óánægju og ófriði á vinnumarkaði. Ég ítreka þá skoðun mína, að viðurkenna eigi í verki það, sem langskólamenn leggja á sig við nám, en að ein stétt eða fáar fái rétt á því að taka til sín margföld laun á við aðra á þennan hátt, er tvímælalaust röng stefna. Það er rangt að magna þannig sérréttindi einstakra stétta, á sama tíma og þorra launþega er beinlínis haldið niðri og þeim sagt, að fórna sé þörf.

Ég tel, að hæstv. ríkisstj. hafi á valdaferli sínum stuðlað mjög að slíkum sérréttindum, sem hafa skapað geysimiklar andstæður í launa- og kjaramálum, og hafi hún þannig sleppt af sjálfri sér því beizli, sem hún brýnir svo ákaft fyrir almenningi, að hann þurfi að hafa á sér í kröfum sínum. Sérstaklega á þetta við um verzlunina, einkum innflutningsverzlunina, sem virðist hafa getað tekið til sín nær ótakmarkaðan hlut án raunhæfs eftirlits eða hlutfallslegra skila til sameiginlegra þarfa. En sem fyrr segir, hefur nú einnig borið á slíkri sérréttindastefnu innan kerfis opinberra starfsmanna. Enn fremur má nefna í þessu sambandi óeðlilegt og ósanngjarnt misræmi, sem myndazt hefur í verkalýðsstéttunum, t. d. milli ýmissa greina iðnaðarmanna annars vegar og annarra stétta, svo sem ófaglærðra verkamanna og margra opinberra starfsmanna hins vegar, svo og milli iðnaðarmanna innbyrðis. Við þurfum að stefna að því hið fyrsta að koma þessum málum í eðlilegri farveg, koma á meira jafnvægi og hindra, að einstakar stéttir geti í skjóli óeðlilegs tímabundins ástands í þjóðfélaginu náð til sín hlut, sem er sýnilega í ósamræmi við almennt ástand kjaramála. Við viljum vinna að bættum kjörum, en þær kjarabætur þurfa að miðast við það, að allir geti notið þeirra og fengið laun eftir réttu mati á störfum sínum.

Ég hef hér e. t. v. farið nokkuð út fyrir það efni, sem er til umr. En ég tel hér um mikilvæg réttindamál að ræða, sem þessu efni séu skyld, enda mundi lausn þeirra stuðla að auknum friði á vinnumarkaðinum. Ég ítreka að lokum stuðning minn við fyrirliggjandi frv. og skora á hv. þd. að afgreiða það á jákvæðan hátt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

18. Almannatryggingar (frv. KTh).

Á 14. fundi í Sþ., 21. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 1963, um almannatryggingar [74. mál] (þmfrv., A. 93).

Á 27. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Kristján Thorlacius): Herra forseti. Lögin um almannatryggingar gera ráð fyrir greiðslu sjúkradagpeninga, ef samlagsmaður í sjúkrasamlagi verður óvinnufær. Í 50. gr. l. eru reglur um

framkvæmd þessa ákvæðis. Þar er ákvæði um, að sjúkradagpeningar megi ekki vera hærri en sem nemur ¾ þeirra vinnutekna, sem hlutaðeigandi hefur misst vegna veikinda sinna. Þá skal samkv. l. hafa hliðsjón af tekjum manns síðustu tvo mánuðina, áður en veikindi hófust. Um tekjur húsmæðra í þessu efni segir í 50. gr. l., með leyfi hæstv. forseta:

„Tekjur húsmóður vegna fullrar vinnu á heimili skulu í þessu sambandi metnar jafnar lífeyri samkv. 13. gr."

En í umræddri 13. gr. er skilgreining á því, hverjir eigi rétt á örorkulífeyri. Samkv. lagagr. eru það þeir menn á aldrinum 16—67 ára, sem eru öryrkjar til langframa á svo háu stigi, að þeir eru ekki færir um að vinna sér inn ¼ þess, er andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn. Þarna er húsmóðurstarfið beinlínis metið til jafns við öryrkja með ¼ hluta starfsorku.

Það ber að virða, að ákvæði hafa verið tekin í almannatryggingalögin um sjúkradagpeninga til handa húsmæðrum. En í sambandi við þessa dagpeninga er matið á störfum húsmæðra alveg fráleitt og þarf leiðréttingar við. Um það fjallar frv. þetta, sem hér er til umr., en í 1. gr. frv. er lagt til, að þegar húsmóður eru ákveðnir sjúkradagpeningar, séu tekjur hennar metnar jafnar hámarkslaunum barnakennara, eins og þau eru á hverjum tíma. Þetta er með tilliti til uppeldisstarfs húsmóðurinnar og þess, að hún er annar af forstöðumönnum heimilisins og stundum eini forstöðumaður þess. Það ákvæði, sem nú gildir um þetta, að meta starf húsmóðurinnar til jafns við starf manns, er glatað hefur ¾ starfsorku sinnar vegna sjúkdóms eða annars, er fráleitt og hugsunarhátturinn, sem liggur að baki slíku ákvæði, er greinilega leifar frá þeim tíma, að konur höfðu ekki í orði, hvað þá heldur á borði, jafnrétti í launamálum.

Fyrir utan það, að hér er um að ræða fjárhagslegt hagsmunamál heimilanna í landinu, mega menn ekki una því nú á dögum, að slík mistök sem hér hafa orðið í lagasetningu séu látin haldast að því er varðar mat á húsmóðurstarfinu. Flestir viðurkenna, að heimilið og uppeldisstarfið, sem þar fer fram, sé það, sem þjóðfélagið á hvað mest undir. Er því ranglátt og hættulegt að vanmeta svo starf þess forstöðumanns heimilisins, sem oft og tíðum hvílir mest ábyrgð á, en það er einmitt húsmóðirin.

Eftir að það frv., sem hér liggur fyrir, var lagt fram, kom til mín kona og sagði m. a. við mig, að hún minntist þess að hafa fyrir skömmu lesið auglýsingu í blaði, þar sem óskað var eftir starfsmanni til skrifstofustarfa. Starfið væri ekki erfitt, stóð í auglýsingunni, og íslenzkukunnátta ekki nauðsynleg. Húsmæðrum var bent á, að starfið hentaði þeim. Sem vonlegt er, var þessi kona hneyksluð á auglýsingunni og bætti því við, að ekki virtust allir vera þess minnugir, að við nefndum íslenzkt mál móðurmálið. En vissulega var þarna um einstakling að ræða, sem svo klaufalega komst að orði í auglýsingu og vafalítið í fljótfærni. Hv. Alþ. má ekki leyfa sér slíka fljótfærni, og ég leyfi mér að vona, að það samþykki þetta frv. og leiðrétti þar með það ákvæði almannatryggingalaganna um mat á starfi íslenzkra húsmæðra, sem hér er lagt til, að leiðrétt verði.

Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

19. Vernd barna og ungmenna (frv. KTh).

Á 19. fundi í Nd., 26. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna [78. mál] (þmfrv., A. 98).

Á 20. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Kristján Thorlacius): Herra forseti. Frv. það, sem ég flyt á þskj. 98, lýtur að því að breyta reglunum um skipun barnaverndarráðs Íslands. Nú er barnaverndarráð skipað 5 mönnum, og velur ráðh. þá alla án tilnefningar. Meðan einungis þrír menn áttu sæti í barnaverndarráði, var einn tilnefndur af Sambandi ísl. barnakennara, annar af Prestafélagi Íslands, en ráðh. skipaði formann án tilnefningar. Eins og ég hef tekið fram í grg. frv., er það ekki flutt sem gagnrýni á störf þeirra manna, sem nú eiga sæti í barnaverndarráði, heldur til þess að styrkja starfsgrundvöll ráðsins með því, sem ég tel eðlilegra skipulag en nú er. Það er að mínu áliti heppilegt, að þau samtök, sem frv. gerir ráð fyrir, að tilnefni fulltrúa í barnaverndarráð, öðlist þannig ábyrga aðild að ráðinu. Gera má ráð fyrir, að Kvenfélagasamband Íslands tilnefni konu í ráðið, en engin kona á þar nú sæti. Læknafélag Íslands mundi væntanlega tilnefna lækni, Prestafélagið prest og Samband ísl. barnakennara kennara. Ráðh. mundi síðan skipa lögfræðing sem formann ráðsins. Með þessari skipan er stefnt að tvennu: Í fyrsta lagi, að a. m. k. ein kona verði skipuð í barnaverndarráð, en ég tel mjög óheppilegt, að engin kona skuli eiga aðild að því að fjalla í barnaverndarráði um vernd barna og ungmenna, jafnvandasöm og viðkvæm mál og þar er um að ræða og þar sem konur hafa að sjálfsögðu mikinn áhuga á þessum málum og öll skilyrði til þess að fjalla

um þau af þekkingu og reynslu, og í öðru lagi tel ég mikilvægt, að þau félagssamtök, sem nefnd eru í frv., öðlist ábyrga aðild að störfum barnaverndarráðs með tilnefningu fulltrúa til starfa í því. Með tilnefningu þeirra aðila, sem frv. gerir ráð fyrir, tel ég fullvíst, að barnaverndarráð mundi jafnan verða skipað mjög vel hæfum mönnum, sem hefðu sjónarmið þýðingarmikilla samtaka á sviði uppeldis-, heilbrigðis- og menningarmála að leiðarljósi í starfi sínu. En ég er sammála því ákvæði, sem nú er í l. um skipan formanns barnaverndarráðs, að hann skuli vera lögfræðingur. Æskilegt tel ég, að fleiri tilnefningaraðilar en Kvenfélagasamband Íslands tilnefndu konur í barnaverndarráð, en ekki virðist mér ástæða til þess að binda það í l., og eru allir tilnefningaraðilar, einnig Kvenfélagasamband Íslands, frjálsir að því samkv. frv. að tilnefna, hvort sem þeir vilja, konur eða karla til setu í ráðinu.

Samkv. gildandi l. um barnaverndarráð á barnaverndarráð að ráða í þjónustu sína uppeldisfræðilega menntaðan mann. Barnaverndarráð er mjög þýðingarmikil stofnun að því er barnaverndarmál varðar, og geta ákvarðanir þess ráðið örlögum margra manna til góðs eða ills.

Með þessu frv. er leitazt við að treysta skipulagsgrundvöll barnaverndarráðs. Ég tel ástæðulaust að hafa um þetta frv. fleiri orð. Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

20. Eftirlit með skipum.

Á 19. fundi í Nd., 26. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum [79. mál] (þmfrv., A. 99).

Á 20. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Henrýsson): Herra forseti. Í frv. því á þskj. 99, um breyt. á l. nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum, sem ég flyt ásamt hv. 4. landsk. þm., er lagt til, að varðskipum ríkisins verði beitt til eftirlits og löggæzlu að því er varðar öryggisbúnað skipa. Eins og nú er háttað lögum, geta einungis sérstakir eftirlitsmenn Skipaskoðunar ríkisins framkvæmt skoðanir á skipum og búnaði þeirra. Hér er sem sé lagt til, að skipverjum varðskipanna verði falið að framkvæma skoðanir á hafi úti á öryggisbúnaði og siglingatækjum og geti þeir framkvæmt þær skoðanir hvenær og hvar sem er.

Það hefur lengi skort töluvert á það hjá okkur, að fyrirmælum laga og reglugerða um öryggi skipa væri hlýtt. Talið er, að vanræksla á þessu sviði hafi leitt til slysa og skiptapa, og það ætti því að vera okkur kappsmál að hindra slíkt, eftir því sem við bezt getum. Hér eigum við svo mikið í húfi, að einskis má láta ófreistað, sem stuðlað geti að auknu öryggi. Aðstæður hér við land eru þannig, að nauðsynlegt er, að skip séu vel og sterklega byggð og jafnframt útbúin beztu tækjum, sem gera þau hæfari til að ná höfn við allar aðstæður, svo og til að bjarga áhöfn, ef illa fer fyrir skipi. Hér eru gerðar allstrangar kröfur í þessum efnum um frágang og búnað skipa, en það eitt nægir ekki. Reynslan hefur, sem fyrr segir, sýnt, að ætíð er viss hætta á vanrækslu og kæruleysi, e. t. v. vegna þess, að aðhald hefur ekki verið nógu mikið eða stöðugt. Þær skoðanir, sem nú eru framkvæmdar í höfnum, oftast aðeins einu sinni á ári, hafa ekki reynzt nægilegt aðhald, og hefur oft komið í ljós, að mikilvæg tæki vantar eða eru í ólagi, þegar til þarf að taka.

Þá er í frv. þessu og lagt til, að varðskipsmenn geti beint löggæzluaðgerðum að skipum, sem augsýnilega eru ofhlaðin eða haffærni þeirra raskað á annan hátt. Hefur það hvað eftir annað skeð á undanförnum árum, að skipum hefur hvolft og þau sokkið bersýnilega vegna ofhleðslu. Ég tel, að í þessum málum eigi hið sama að gilda og um skoðun bifreiða. Þær eru skoðaðar reglulega einu sinni á ári af skoðunarmönnum bifreiðaeftirlitsins, en alla aðra daga ársins geta bifreiðaeigendur átt von á því, að lögreglumenn stöðvi þá í akstri til athugunar á ástandi bifreiðar. Enn ríkari ástæða sýnist mér til að lögbinda slíka löggæzlu og eftirlit með skipum, þar sem þar er oftast bæði um fleiri mannslíf og meiri verðmæti að tefla.

Ég held, að varðskipsmenn eða yfirmenn varðskipanna, sem mundu hafa yfirumsjón með þeim skoðunum, sem framkvæmdar yrðu, séu nú þegar fullfærir um að inna þetta verkefni af hendi. Þessir menn eru bezt að sér og lærðastir íslenzkra sjómanna um þau tæki, sem hér um ræðir, og meðferð þeirra. Það er hins vegar nauðsynlegt, að náið samráð verði á milli landhelgisgæzlu og skipaskoðunar um framkvæmd þessara mála og settar yrðu nánari reglur um framkvæmd þessa eftirlits og ef ástæða þætti til haldið námskeið fyrir áhafnir varðskipanna til að gera þær hæfari til að sinna þessu verkefni.

Að lokum vil ég benda á, að slíkt eftirlit og löggæzla á hafi úti er ekkert einsdæmi, og má í því sambandi t. d. benda á bandarísku strandgæzluna, sem mér er tjáð, að hafi sig töluvert í frammi við eftirlit með öryggisútbúnaði skipa.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

Tekjuskattur og eignarskattur (frv. HS o. fl.).

Á 15. fundi í Sþ., 27. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt [85. mál] (þmfrv., A. 105).

Á 21. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 105 hef ég ásamt hv. 3. þm. Norðurl. e. og hv. 2. þm. Sunnl. leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt.

Frv. þetta gerir ráð fyrir því, að með útdrætti verði tekin 10% af skattframtölum og þau rannsökuð sérstaklega og allt, sem af því leiðir eða fram kemur í sambandi við þessi framtöl, sem þannig er með farið, verði rannsakað eins gaumgæfilega og nauðsyn ber til og framkvæmanlegt er.

Það hefði verið ástæða til að flytja frv. eða þáltill. um að taka skattamálin til sérstakrar meðferðar, því að öllum er ljóst, að nauðsyn ber til, að svo sé gert. En ástæðan til þess, að það er ekki gert hér að þessu sinni, er fyrst og fremst sú, að á vegum ríkisins starfar milliþn., sem er að vinna að því, hvort framkvæmanlegt sé að taka upp staðgreiðslukerfi skatta. Það er gert ráð fyrir því, að þegar þessi nefnd hefur lokið störfum, verði að taka útsvars- og skattamálin til sérstakrar meðferðar, ef að þessu ráði verður horfið. Af þeirri ástæðu vildum við flm. ekki að þessu sinni gera till. um víðtækari breyt. en hér er lagt til. En þessi breyting, sem hér er lagt til, getur komið til framkvæmda nú þegar, ef hv. Alþingi samþ. breytinguna, og það er nauðsynlegt, að hún komi til framkvæmda. Öllum er kunnugt um það, að skriffinnskan í okkar skattaálagningu og skattakerfi er geysilega mikil, og hún hefur farið að minni hyggju út í algerar öfgar, þar sem skattstofurnar eyða tíma í það að láta skrifa bréf til gjaldþegna eða skattframteljenda, sem hvorki koma til með að greiða skatt né útsvar, en um það eru mýmörg dæmi.

Með þessum breyt., sem hér er lagt til, er hægt að gera hið venjulega eftirlit einfaldara og minna, en taka aftur þetta mjög föstum tökum. Og ég er sannfærður um það og við flm., að það mundi verða til þess að hafa geysilega mikil áhrif í þá átt að bæta skattframtölin í landinu.

Ég hef uppi ýmsar hugmyndir um það, að nauðsyn beri til að breyta skattaálagningu eða meðferð skattframtala frá því, sem nú er. M. a. fyndist mér eðlilegt, að sveitar- og bæjarfélögin hefðu að öllu leyti tekjuskattinn, en ríkið sleppti honum. Jafnframt því mundi þá falla niður það framlag, sem jöfnunarsjóður sveitarfélaga fær nú af aðflutningsgjöldum og söluskatti, því að þá mundi verða ákvæði í lögum um, að hluti af tekjuskattinum gengi til jöfnunarsjóðs. Sömuleiðis gæti þá komið til nýrrar athugunar meðferð á eignarsköttum og fasteignasköttum. Ég held, að okkur sé hin mesta nauðsyn að gera okkar skattamál í framkvæmdinni einfaldari en þau eru. Þau eru mjög flókin, og það eru á sama stofninum tekjustofnar til þessa og hins, eins og t. d. það, að ákvæði er í l. um það, að hluti af eignarskattinum skuli ganga til byggingarsjóðs ríkisins. Þegar skattamálin í heild verða endurskoðuð, vildi ég, að þetta sjónarmið kæmi fram og það yrði skoðað. Ég held líka, að það sé orðið algerlega úrelt sjónarmið, að atvinnufyrirtæki eða stofnanir, sem ríkið á og rekur, séu undanþegin útsvari og skatti, eins og nú er. Meðal þeirra stofnana, sem ég vildi í því tilfelli nefna, eru bankar og sparisjóðir, sem ekki er nein ástæða til að greiði ekki eðlileg gjöld í sameignarsjóði eins og aðrar stofnanir. Þetta nefni ég aðeins sem hugleiðingar í sambandi við þessi mál, þegar þau verða tekin til athugunar, og ég gæti þá jafnframt hugsað mér það, að athugun á framtölum færi fram hjá bæjar- og sveitarfélögunum, að öðru leyti en því, er til úrskurðar kæmi, sem félli undir skattstjóra, og framkvæmd á því atriði, sem hér er lagt til með þessu frv.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til á þessu stigi málsins að gera frekari grein fyrir þessum þætti, sem liggur ljós fyrir. Ég vil þó taka það fram, að við flm. erum til samkomulags að breyta hlutfallinu, gera það eitthvað minna eða meira, ef það mætti verða til þess að tryggja framgang málsins hér á hv. Alþingi. Ég legg svo til, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til hv. fjhn.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég dreg það á engan hátt í efa, að fyrir flm. þessa máls vaki gott eitt og að þeir vilji með þeirri tillögu, er þeir hér flytja, stefna í þá átt annars vegar að gera skattheimtuna ódýrari, eins og hv. flm. vék að, og hins vegar að stuðla að því, að betri athugun verði gerð á skattframtölum.

Ég vék að því í fjárlagaræðu minni í haust, að þetta tvennt hefði verið að undanförnu mjög til athugunar. Reynsla væri nú töluverð fengin af skattrannsóknardeildinni og sú reynsla hlyti auð-

vitað að leiða til þess, að það þyrfti að endurmeta ýmis vinnubrögð og aðferðir með það í huga að gera þetta eftirlit virkara og jafnframt að koma því þó þannig fyrir, að það yrði ekki um óhæfilegan fjárhagsbagga að ræða. Ég vék þar að því, að það hefðu varðandi skattaálagninguna verið tekin upp ýmis ný vinnubrögð á s. l. ári, sem leiddu til þess, að skattaálagningin varð til mun fyrr en áður hafði verið, og stafaði það fyrst og fremst af því, að það var ekki nema að takmörkuðu leyti fylgt þeim vinnubrögðum að fara í gegnum öll framtöl, heldur var þessari vinnu dreift á árið, og það hefur síðar á árinu verið farið í endurskoðun á framtölunum. Þetta leiddi til þess, að auðið var að framkvæma álagninguna með skjótari hætti, og ég álít að stefna beri í þá átt, að það geti jafnvel orðið gert með enn þá fljótvirkari hætti, og um það hafa verið áttar mjög ýtarlegar viðræður við skattstjórana. Það hafa verið haldnir með þeim fundir til þess að ræða um þessi mál og hvernig þessu yrði komið fyrir með þeim hætti, að það í senn yrði fljótvirkt og ódýrt, en þó um leið sem virkast.

Þegar skattrannsóknardeildin hóf starf, þá minnist ég þess, að það komu fram tillögur hér á Alþingi um það, að það væru eðlileg vinnubrögð að taka vissa prósentu framtala og miða starfsemi deildarinnar við athugun á þeim framtölum. Það var þá í upphafi talið óheppilegt að fastbinda þetta, vegna þess að starf skattrannsóknardeildarinnar væri ómótað og það kynni að þurfa að haga starfseminni með öðrum hætti en með úrtökum einum saman, enda kom það á daginn, að það var nauðsynlegt. Það þótti hentugt og raunar óumflýjanlegt að taka vissa starfshópa til þess að gera heildarathuganir á þeim út frá þeirri vitneskju, sem síðar var fyrir hendi úr öðrum áttum varðandi heildartekjur í þeirri grein, bæði á viðskiptum og á annan hátt. Þetta hafa menn smám saman verið að fikra sig áfram með, og niðurstaðan hefur orðið sú, að nú væri orðið tímabært, jafnhliða því sem þessum almennu athugunum væri haldið áfram, að velja með úrtaki vissan hóp skattgreiðenda á hverju ári til þess að framkvæma rækilega skattrannsókn hjá, og að þessum úrtökum hefur verið unnið að undanförnu. Það er töluvert flókið mál að átta sig á því, hvernig þessu verður bezt fyrir komið, og skal ég ekki út í það fara. En þeir menn, sem að þessu starfa og hafa sérstaka reynslu fengið í þessum efnum, hafa unnið að þessu að undanförnu, og ég gat þess einnig í þessari sömu ræðu, sem ég vitnaði til, að þess mætti vænta, að nú alveg á næstunni yrði komið á einnig þessum úrtaksaðferðum. Nú skilst mér, að það sé ekki beinlínis þetta, sem vakir fyrir hv. flm., heldur að hætt verði að framkvæma athugun á öllum framtölum hjá skattstofum, en menn taki árlega 10% framtalanna og hin séu svo látin eiga sig.

Það kann vel að vera, að að lokum telji menn æskilegt að taka framtöl með einhverjum þeim hætti, að úrtök verði einnig tekin á skattstofunum til hins almenna eftirlits. Hér er um tvíþætt eftirlit að ræða: annars vegar almennt skattaeftirlit, sem miðast að framtölum yfirleitt, og hins vegar skattrannsóknaeftirlit. Ég mundi hins vegar telja, að það þyrfti vel að íhugast, — og er ekki fyrir fram að slá því föstu, að þetta sé fráleit hugsun, — en að það þurfi vel að íhugast, hvort það sé ekki varasamt að binda starfshætti skattstofanna og skattkerfisins með þessum hætti, þannig að því sé slegið fyrir fram föstu í allra vitund, að svona eigi að vinna að þessum málum og ekki á annan hátt. Þetta tel ég að þurfi vel að íhuga. Ég er, eins og ég segi, ekki að slá því föstu, að það geti ekki í framtíðinni orðið hyggilegt að vinna með þessum hætti, en ég held, að það sé a. m. k. ekki enn þá hægt að hverfa frá þeim aðferðum, sem hafðar hafa verið um að reyna að hafa sem víðtækast eftirlit í gegnum launamiða og með öðrum hætti á framtölum. Ég efast ekkert um, að það mætti vel hugsa sér, að með þessum hætti mætti koma við sparnaði, og ég tel sjálfsagt, að þetta sé íhugað, en á þessu stigi a. m. k. er ég ekki reiðubúinn til að ljá samþykki mitt við þessari fastmótuðu hugmynd, að þessu skuli slegið föstu í lögunum, að svona skuli að unnið. Og ég er ekki búinn að sannfærast um það, án þá nánari athugunar, að með þessum hætti sé komið á nokkru virkara eftirliti en með þeim hætti, sem nú er hafður, til viðbótar þeim vinnubrögðum, sem tekin hafa verið upp hjá skattrannsóknardeildinni og áformað er að efla og endurbæta með þeim hætti, sem ég hef hér gert grein fyrir, og jafnframt er nú unnið að því að skipuleggja nánara samstarf milli skattstofanna og skattrannsóknardeildarinnar, til þess að unnið verði með skipulagðari hætti að þessum þýðingarmiklu verkefnum.

Ég tek alveg undir það með hv. 1. flm., að hér er um verkefni að ræða, sem brýn nauðsyn er að sinna, og það er gersamlega óviðunandi, að tekjur skattborgaranna komi ekki allar fram til skatts. Ég hef margsinnis lagt á það áherzlu og þarf ekki að endurtaka það, um það getur enginn ágreiningur verið og sjálfsagt að leita allra tiltækra ráða til þess. Ég skal ekki heldur fremur en hv. frsm. fara út í að ræða skattkerfið almennt. Það er rétt, sem hann sagði, að það er ekki tímabært að taka það til rækilegrar endurskoðunar í lagaformi a. m. k., fyrr en fyrir liggur niðurstaða staðgreiðslukerfisnefndarinnar, sem ætla má að geti orðið nú fljótlega upp úr áramótunum. Ég gat jafnframt um það í minni fjárlagaræðu, að það hefði verið gerð núna heildarathugun á skattkerfinu á breiðari grundvelli, einmitt með hliðsjón af því, sem hann einnig vék að, skiptingu skatta á milli ríkis og sveitarfélaga, og hefði verði fengin tæknileg aðstoð hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og sérfræðingum hans til þess að kanna skatt-

kerfi okkar hlutlausum augum, þannig að við gætum haft það mat til hliðsjónar. Ég vonast til þess, að einnig snemma á næsta ári liggi fyrir grg. um þetta efni, þannig að þá ætti að vera hægt að meta það, hvernig við stöndum varðandi okkar skattamál yfirleitt. Það er engum efa bundið, að í þessum efnum þarf ýmsu að breyta, og það er hárrétt hjá hv. flm., að það þarf að íhuga, hvort hægt er að koma við hreinni tekjuskiptingu en nú er varðandi skattheimtuhlutdeild sveitarfélaga og ríkisins, að þau séu ekki að nota sömu tekjustofnana. Og jafnframt geri ég ráð fyrir, að ef að því yrði horfið t. d. að afnema að verulegu leyti beina skatta til ríkissjóðs, þá kæmi það til álita, hvort sveitarfélögin ættu þá að taka að sér í ríkari mæli einhver önnur verkefni heldur en þau nú hafa. Allt er þetta mjög margþætt, eins og menn vita, og þarf auðvitað nánari athugunar við. En ég tel, að þetta séu allt atriði, sem nauðsynlegt sé að gefa gaum fyrr en seinna, en að við þurfum fyrst að sjá framan í tillögurnar frá staðgreiðslukerfisnefndinni, sem óhjákvæmilega hljóta að leiða af sér ýmsar breytingar á okkar skattkerfi, áður en horfið er að því ráði að hefja frekari breytingar á skattkerfinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

22. Söluskattur.

Á 15. fundi í Sþ., 27. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt [86. mál] (þmfrv., A. 106).

Á 21. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 106 hef ég ásamt hv. 3. þm. Norðurl. e. og hv. 2. þm. Sunnl. flutt frv. til laga um breyt. á l. um söluskatt. Eins og fram kemur í grg. frv., var lögð á það áherzla af hálfu Framsfl., að því leyti sem málefnalegar umr. fóru fram á milli stjórnmálaflokkanna á s. l. hausti, að úrræðin m. a. til þess að leysa þann vanda, sem í efnahagsmálum þjóðarinnar væri, væru þau að draga úr kostnaði við atvinnureksturinn, við heimilishaldið í landinu, það sem af okkar hálfu var kallað að minnka vandann. Þetta vildum við gera með því m. a. að lækka skatta á atvinnurekstrinum, lækka vexti o. fl., sem hér hefur oft verið til umr. En að þessu sinni ætla ég aðeins að víkja að því, sem við leggjum til með þessu frv., en það er að fella niður söluskatt af allra nauðsynlegustu vörutegundum, þ. e. af innlendum matvælum, svo og af heitu vatni og rafmagni frá rafmagnsveitum og hitaveitum, enn fremur af kaffi, sykri og kornvöru og olíu. Í grg. frv. er vitnað til þess, að 1966 þótti ástæða til að greiða vöruverð í landinu niður mjög verulega. Á s. l. ári var því svo breytt aftur og sú niðurgreiðsla, sem upp var tekin 1966, var að mestu leyti þá felld niður. En verðhækkanir hafa á þessu tímabili orðið verulegar, og sem dæmi um það hef ég fengið upp gefnar hækkanir á nokkrum vörutegundum. Olía mun hafa hækkað um 100% frá 1966, hitaveitugjöld um 24% og rafmagnsgjöld um 13.6%, nýmjólk um 18.5%, þ. e. án þess að niðurgreiðslan hafi áhrif á það, dilkakjöt um 23.5% og smjör, þegar tekið er tillit til niðurgreiðslunnar, sem var á því 1966 og er nú, um 100%. Á sama tíma hefur almennt kaupgjald í landinu, miðað við Dagsbrúnartaxta, hækkað um 15%.

Eins og ég gat um áðan, hefur niðurgreiðsla á vöruverði lækkað verulega og verið felld niður, eins og af smjörlíki, en á árinu 1966 var niðurgreiðsla á dilkakjöti 33.6% af heildarverðinu, af nýmjólk var hún 66.5% og smjöri 93.9. Nú er hins vegar niðurgreiðslan 17.7% af heildarverði dilkakjötsins, 51.7% af heildarverði nýmjólkur og 63.9% af smjörverðinu. Þegar þessi þróun er höfð í huga, er öllum ljóst, hvað kjör hins almenna borgara hafa versnað á þessu tímabili. Inn í þetta eru að litlu eða engu leyti komnar þær verðhækkanir, sem nú eru framundan.

Það verður því ekki annað sagt um þetta frv. okkar en það sé farið hófsamlega í hlutina og aðeins leitað eftir því að leiðrétta smávegis það, sem kemur við hvern einasta borgara í landinu og enginn getur án verið. Það verður ekki heldur hægt með rökum að halda því fram, að það mundi vera ofraun ríkissjóði, þó að hann sæi af þessum tekjum. Þetta eru ekki þær fjárhæðir í ríkisrekstrinum í heild, að það væri ekki hægt með öðru móti að leysa þann vanda, enda vonast ég til, að ef frv. það, sem ég talaði fyrir hér áðan, yrði að lögum, mundi það bæta ríkissjóði verulega upp þann tekjumissi, sem hér ætti sér stað. Ég vil enn fremur minna á það, að fram til 1960 komst ríkissjóður af án þess að þurfa að leggja söluskatt á fisk, kjöt, smjör og smjörlíki. Þess vegna er ég sannfærður um það, að hér er um sanngirni að ræða, og þetta er svo einfalt í framkvæmdinni, að það er ekki heldur hægt að halda því fram, að það mundi bjóða heim svindli í söluskatti.

Ég treysti því og við flm. þessa frv., að hv. Alþ. sjái sér fært að verða við því að samþykkja þetta frv., enda erum við sannfærðir um, að það mundi verða til þess að leysa á ódýrari, en farsælan

hátt vandamál, sem mundi reynast ríkissjóði erfiðara að leysa en hér er lagt til, og það mundi verða til þess að draga aðeins sárasta broddinn hjá hinum almenna borgara úr þeim efnahagsráðstöfunum, sem nú er verið að gera, en öllum er ljóst, að þeir, sem minnstar tekjurnar hafa í þessu þjóðfélagi, hafa ekkert til að fórna í þær efnahagsaðgerðir og þess vegna verður að mæta þeim með skynsamlegum ráðstöfunum.

Þetta frv. er einn þáttur í því að taka á málinu á hagkvæman og skynsamlegan hátt, og því treysti ég því, að hv. d. verði við því að samþykkja þetta frv. Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjhn. og 2. umr.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Hv. 1. flm. þessa frv. er nú búinn að fylgja því úr hlaði, en ég saknaði eins í hans ræðu, og ég hygg, að hann og aðrir flm. frv., sem allir eru gæddir mikilli ábyrgðartilfinningu og enginn efast um, hafi gert sér ljóst, hvað það muni kosta ríkissjóð í lækkuðum söluskattstekjum, ef þetta frv. yrði samþ. En þrátt fyrir hans ágætu ræðu hér áðan mun hann hafa gleymt að geta þess, hvað þetta væri há upphæð, og ekki trúi ég því, að jafngrandvar maður og hann reyni ekki að gera sér eftir föngum ljóst, hvað þetta hafi mikil áhrif á afkomu ríkissjóðs. Og ég minnist nú þess alveg sérstaklega, að við 1. umr. fjárl. lýsti þessi hv. þm. miklum áhyggjum sínum yfir fjárhagsafkomu ríkissjóðs og taldi, að þar þyrfti margra úrbóta við, sem vafalaust er mikið rétt í. Þar þarf margt að bæta og margt að gera. En ég stóð nú aðeins upp til þess að fá upplýsingar hjá hv. flm. um þetta mikilvæga atriði, sem mér skilst, að hafi allmikið að segja í afstöðu þm. til málsins á síðara stigi.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem fram kom í ræðu hv. 4. þm. Vestf., vil ég taka fram, að mér hefur ekki tekizt að fá hjá þeim, sem ég leitaði eftir, nákvæmar tölur um það, hve mikla fjárhæð hér er um að ræða. En í sambandi við það, sem fram kom í ræðu hans um ábyrgð þm., þá mun ég ekki telja mig neitt standa þar höllum fæti. Ég veit ekki, hvort þeir hv. þm., sem hafa stjórnað fjárhagsafkomu þjóðarinnar síðasta áratug, hafa efni á því að tala um ábyrgðarleysi annarra.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði við 1. umr. fjárlagafrv., að afkoma ríkissjóðs er ekki góð og fyrir fjármálum ríkissjóðs er ekki vel séð. En þau verða aldrei leyst með því að leggja söluskatt á mat fátækasta fólksins í landinu. Það verður ekki sú lausn, sem ég vil standa að, og ég ber þess vegna þetta mál hiklaust fram. Ég vil líka minna hv. þm. á, að það hefur verið við fjárlagaafgreiðslu talið ekki hægt að sinna smámálum, en komið nokkru seinna með útgjöld úr ríkissjóði upp á hundruð millj., eins og gert var á yfirstandandi ári í janúar eða febrúar, þó að fjárlög væru afgreidd fyrir hátíðar og ekki talið fært að taka þá smáútgjaldahækkun á fjárlagafrv. Þess vegna er ég sannfærður um það, að því er betur varið og þessi þáttur er frekar til að leysa úr erfiðleikum í aðsteðjandi vandamálum heldur en flest annað, sem nú er fram komið, og það verður ekki hægt að komast hjá því að leysa málefni hinna verst settu í þjóðfélaginu, og þessi lausn mun reynast ríksisjóði happadrýgri en flest annað.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að efna til mikilla umr. um þetta mál, en sannast sagna fannst mér viðbrögð hv. 1. flm. þessa frv. við mjög hógværri fsp. eins þm. hér í hv. d. ákaflega furðuleg. Ég held, að það sé sannast sagna ekkert eðlilegra og í rauninni annað algerlega ábyrgðarlaust heldur en menn spyrjist fyrir um það, hvað frv. sem þetta feli í sér háar upphæðir, hvað sé gert ráð fyrir, að ríkissjóður tapi miklu í tekjum, og það er náttúrlega ekkert svar við því að segja, að aðrir menn hafi stjórnað fjármálum ríkisins svo illa, að þess vegna sitji ekki á þeim að vera að tala um það, að þetta vanti nú í frv. og grg. fyrir því. Þetta er auðvitað alveg fráleitt, að bregðast svona við fsp. En það kannske sýnir bezt, hvað vakir fyrir hv. flm.

Mér fannst nú, þegar ég sá þetta frv. fyrst, að það minnti á gamansögu, sem ég skal ekki út í fara, en lauk með því, að viðkomandi maður, sem hafði ekki haft allt of mikið framtak til vissra aðgerða og þurfti að fá vin sinn til þess, sagði, þegar kom að hinni þægilegu hlið: Nú get ég. — Og mér fannst þetta frv. minna á það, að hv. flm. hefur alveg láðst að taka þátt í aðgerðum, sem eru kjarni þess vandamáls, sem við höfum verið að fást við síðustu vikurnar og mánuðina, og dregið sig algerlega ekki aðeins í hlé, heldur snúizt gegn ráðstöfunum, sem hafa verið kjarni vandans og hafa beinzt að því að leysa hann. En þegar að því kemur að minnka hann í hina áttina, þ. e. a. s. fara að rétta að hinum almennu borgurum ýmis þægindi, þá eru þeir til. Þá er ekkert vandamál að taka þátt í að minnka vandann, eins og það er orðað. Nú ætla ég mér ekki að fara að ræða þetta í neinum ádeilutóni. Ég get ekki gert annað en segja þetta, þegar hv. þm. bregzt svo við hógværri fsp. eins og hér var beint til hans áðan. Það sýnir, að ekki liggur það raunsæi á bak við þessa tillögugerð, sem ég satt að segja hefði eins og fyrirspyrjandi vænzt af þessum hv. þm., sem bæði er glöggur og reyndur maður og þekkir auk þess ákaflega vel fjárhagsvandamál, sem við er að fást í þessu sambandi. Nóg um það. Því er að vísu haldið fram, að þessi leyndardómsfulla upphæð, sem enginn veit, hver sé, við þurfum ekki að hafa miklar áhyggjur af henni, því að það muni allt skila sér í till. hv. þm. um breytingar á skatteftirliti. Ég er nú í ákaflega miklum efa um það og skal ekki út í

það mál aftur fara, en það hefur verið reynt, held ég, með öllum ráðum, sem tiltæk eru, að halda uppi virku skatteftirliti, og það skal vissulega ekki á standa að halda því áfram, en að sú till. út af fyrir sig færi ríkissjóði eitthvert stórfé í kassa, það held ég, að sé meira en ég veit að hv. þm. muni láta sér til hugar koma, að séu nokkrar sannanir fengnar fyrir.

Varðandi það atriði, að flm. og flokksbræður þeirra hafi aldrei fengizt til að taka þátt í að leggja skatta á fátæklinga, — ég veit nú ekki, hvort það er ástæða til þess að ræða það svo ákaflega ýtarlega, menn þekkja það allt of vel frá liðnum árum. Ég er ekki að saka þá um eitt né neitt fyrir það, en ég held, að það þýði ekki með einfaldri setningu eins og þessari að hvítþvo sig af því, að þeir hafi aldrei komið nálægt neinni óhæfilegri skattlagningu á almenning í landinu. En sleppum því einnig.

Það var í rauninni annað, sem ég hafði í tilefni af frv. viljað ræða efnislega um. Og það er það, að vitanlega kemur mjög til álita, hvað hægt sé að gera til þess að létta almenningi og þá fyrst og fremst hinu tekjulægsta fólki áhrif gengisbreytingarinnar og hinnar miklu verðhækkunar, sem henni fylgir. En það mál þarf allt saman nánari athugunar við, og þýðir ekki að varpa fram undirbúningslaust frv. um það efni. Það mál verður tekið fyrir á næstu vikum og skoðað niður í kjölinn, með hvaða hætti auðið er að gera það, og ég er síður en svo sannfærður um, að það verði heppilegasta leiðin að velja þetta úrræði sem eitt þeirra úrlausnarefna eða úrræða, sem þar koma til álita. Þar kemur margt alveg eins til greina. Ég er nefnilega alveg í vafa um það, að niðurgreiðslur út af fyrir sig eða lækkun vöruverðs almennt, eins og hér er gert ráð fyrir, leysi almennt sérstaklega vanda þeirra, sem eru miður settir í þjóðfélaginu, því að slíkar greiðslur létta auðvitað vanda allra, líka þeirra, sem eru mjög vel settir í þjóðfélaginu. Hér er um almennar niðurgreiðslur að ræða, og ég er t. d. í vafa um það, hvort það gæti ekki jafnvel komið til álita að minnka niðurgreiðslur almennt og nota þá peninga, sem þar sparast, með einhverjum öðrum hætti til þess að minnka álögurnar á þá, sem verst eru settir. Ég er ekki þar með að segja, að líta beri á þetta sem mína tillögu. Ég álít, að það komi mjög til álita, því að það er alveg ljóst og verður aldrei hjá því komizt, að það verður nú að leggja almennt álögur á landsmenn. Hjá því getur enginn maður komizt með neinum hætti. Spurningin er aðeins: Hvernig er hægt að létta byrðarnar fyrir þá, sem verst eru settir? Það er það viðfangsefni, sem þarf að skoða nú á næstunni.

Það atriði, að því hafi verið slegið föstu 1966 með verðstöðvunarstefnunni og auknum niðurgreiðslum í því sambandi, að fólk gæti ekki keypt þær vörur, sem þar er um að ræða, nema með því að halda niðri vöruverðinu, það er auðvitað allt annars eðlis, sem þar er um að ræða, og ekkert mat á því. Þar var eingöngu um að ræða aðgerðir til að halda niðri vísitölu, hreint og afdráttarlaust sagt, og það vissu allir. Það er enn þá varið mjög miklum fjárhæðum í niðurgreiðslur, og það er eitt af þeim málum, sem þarf að taka til íhugunar, hvort því fé sé jafnvel ekki betur varið til þess að létta undir með þeim, sem verst eru settir.

Það er svo staðreynd, að það er ákaflega erfitt að hafa margar vörur undanþegnar söluskatti. Reynslan hefur sýnt það á undanförnum árum og áratugum, að miklar undanþágur frá söluskatti, a. m. k. í sambandi við blönduð viðskipti, eru ákaflega erfiðar og leiða til þess, að það er miklum erfiðleikum bundið að koma við virku eftirliti með söluskattsskilum. Þetta vita allir og hafa bent rækilega á, sem fást við framkvæmd söluskattsmálanna, þannig að það að fara að undanþiggja einstakar vörutegundir, sem eru seldar blandaðri sölu í almennum matvöruverzlunum, er mjög erfitt og vandasamt og hættulegt. Það má segja, að nýmjólk út af fyrir sig, sem seld er í sérstökum mjólkurbúðum, það sé mál, sem komi til athugunar og þurfi ekki að vera erfitt, né heldur nýr fiskur eða eitthvað slíkt, sem er selt í sérstökum fiskbúðum. En að öðru leyti er það mjög varhugavert.

Ég skal að öðru leyti ekki, herra forseti, segja um þetta annað en endurtaka það, sem ég áður sagði, að ég efast stórkostlega um það, að þetta sé heppileg lausn á þeim vanda að leysa sérstaklega byrðar þeirra, sem nú eru verst settir, og í annan stað álít ég, að þetta verði ekki slitið úr samhengi við hina almennu skoðun þess vandamáls og þess vegna sé það út af fyrir sig ekki sérstakt innlegg í málið að flytja frv. með þeim hætti, sem hér hefur verið gert.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Við erum svo vanir því, stjórnarandstæðingar, að hæstv. ráðh. lítist ekki á okkar mál, að það er ekki neitt til að kippa sér upp við, enda hefur reynslan sýnt, að svo er. Þess vegna er nú stefnubreytingar þörf. En það eru tvö atriði, sem ég vildi víkja að, sem fram komu í ræðu hæstv. fjmrh.

Í fyrsta lagi sagði hann, að við framsóknarmenn hefðum komið okkur hjá því að taka á vandanum í efnahagsmálunum í sambandi við umr. þær, sem fóru fram milli stjórnmálaflokkanna á s.l. hausti. Um þetta vil ég segja það, að það eru tvö atriði sem sanna betur en nokkuð annað, að hér er ekki farið með rétt mál. Fyrsta atriðið er það, að þegar hæstv. ríkisstj. mætti til viðræðnanna, þá hafði hún ekkert fram að leggja sem innlegg í málið. Það tók því nærri tvo mánuði að safna gögnum, til þess að viðræðurnar gætu raunverulega hafizt. Og þegar var búið að safna

gögnum, þá var þeim lokið. En áður en þessu var fullkomlega lokið, hélt annar stjórnarflokkurinn, Alþfl., sitt flokksþing hér í Reykjavík og gerði stjórnmálaályktun, þar sem hann lýsti yfir áframhaldandi samstarfi í núv. ríkisstj., en nefndi ekki samstarf allra stjórnmálaflokka um þjóðstjórn. Þetta var yfirlýsing um það, að hverju var stefnt með þessum viðræðum, enda var þeim lokið, þegar búið var að safna þeim gögnum, sem sköpuðu grundvöllinn að viðræðunum.

Annað atriðið, sem hæstv. ráðh. vék að og ég vildi nefna, var í sambandi við, að þessi leið væri ekki öruggasta leiðin til þess að leysa vandann hjá þeim, sem verst væru settir í þjóðfélaginu. Það er vitnað til þess í grg. okkar fyrir þessu frv., að í fjárlfrv. fyrir árið 1967 var talin ástæða til að auka niðurgreiðslurnar til að halda verðlagi í skefjum, og þá var því fyrst og fremst haldið fram, að það væri verið að gera það til þess að bæta um hjá þeim, sem verst eru settir. Nú skilst mér á hæstv. ráðh., að það komi ekki þeim, sem verst eru settir, að gagni, þó að verðlag lækki, það geti verið eitthvað annað, sem henti þeim betur, og það væri ánægjulegt að sjá það, þegar það fer að koma fram, en það er a. m. k. ekki séð enn þá. Ekkert kemur eins vel við hinn almenna borgara í þessu landi og lágt og skynsamlegt vöruverð á þeim tegundum, sem mest neyzla er á. Þess vegna er ég sannfærður um það, að ef hæstv. ríkisstj. sér sér ekki fært að hagnýta sér þessa leið mína, þá kemur að því, að hún verður farin. Það, að niðurgreiðslurnar, sem þóttu mikils virði fyrir þjóðfélagið 1966, eru nú ekki lengur taldar heppileg vinnuaðferð, sannar það til viðbótar því, sem áður hefur verið vitnað til, að hugsunin á bak við þá framkvæmd var fyrst og fremst sú að búa í haginn fyrir hæstv. ríkisstj. í sambandi við kosningarnar 1967, og það er ánægjulegt, þegar viðurkenning kemur á því frá hæstv. ríkisstj., að þannig hafi málið verið hugsað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 76., 77., 78., 79., 81., 82., 83., 87., 88., 89., 90., 91. og 93. fundi í Nd., 14., 15., 17., 21., 25., 28. og 29. apríl, 2., 5., 6., 8., 9. og 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 106, n. 445 og 465).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

23. Greiðslufrestur á skuldum bænda.

Á 22. fundi í Nd., 3. des., var útbýtt:

Frv. til l. um tímabundinn greiðslufrest á skuldum bænda og vinnslustöðva landbúnaðarafurða [90. mál] (þmfrv., A. 113).

Á 23., 24. og 25. fundi í Nd., 5. og 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., 10. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er um tímabundinn greiðslufrest á skuldum bænda og vinnslustöðva landbúnaðarins. Flm. með mér eru hv. 5. þm. Austf., hv. 2. þm. Sunnl. og hv. 5. þm. Norðurl. v. Ég mun nú lesa frv., það er örstutt, og grg., með leyfi forseta:

„1. gr. Bændur og vinnslustöðvar landbúnaðarafurða skulu hafa greiðslufrest til 1. maí 1969 á öllum afborgunum og vöxtum af þeim skuldum, sem þessir aðilar hafa stofnað til fyrir 1. sept. 1968 vegna framkvæmda eða framleiðslu og vinnslu landbúnaðarafurða. Tímabilið frá gildistöku þessara laga til 1. maí 1969 telst ekki með fyrningartíma skulda, sem greiðslufrestur er veittur á, víxilréttar né neinna réttargerða.

2. gr. Í reglugerð, sem ráðh. setur, skal kveða nánar á um framkvæmd á ákvæðum 1. gr."

Grg. er svo hljóðandi:

„Bændur og vinnslustöðvar landbúnaðarafurða hafa aukið skuldir sínar stórkostlega á undanförnum árum. Ýmsar ástæður valda þessu. Árferði hefur verið mjög óhagstætt landbúnaði í sumum landshlutum að undanförnu, m. a. stórfelldur grasbrestur í sumum sveitum vegna kals í túnum. Af því leiddi, að óhjákvæmilegt var fyrir allmarga bændur að verja miklu fé til fóðurkaupa til þess að skerða bústofninn ekki um of. Á sama tíma hafa orðið miklar verðhækkanir á rekstrarvörum landbúnaðarins, m. a. af völdum gengisbreytinga.

Um þessar mundir er gerð athugun á því, hve skuldir bænda eru miklar. Þessi athugun fer fram á vegum nefndar þeirrar, sem hefur fengið það verkefni að kynna sér hag og aðstöðu bænda og gera till. um ráðstafanir vegna harðæris.

Flm. þessa frv. telja það óhjákvæmilegt að ákveða með l. tímabundinn greiðslufrest á afborgunum og vöxtum af þeim skuldum, sem bændur og vinnslustöðvar landbúnaðarins hafa stofnað til fyrir 1. sept. 1968 vegna framkvæmda eða framleiðslu og vinnslu landbúnaðarafurða. Slíkan tímabundinn greiðslufrest ber að veita, meðan unnið er að athugun og yfirliti um skuldir bændastéttarinnar og meðan á Alþ. er fjallað um frv. um breytingar á lausaskuldum bænda í föst lán."

Herra forseti. Þar sem ég mun nú beina máli

mínu fyrst og fremst til hæstv. viðskmrh. og hæstv. landbrh. og ég sé, að þeir eru ekki hér í salnum, þykir mér það ekki viðeigandi, að ég flytji mál mitt að þeim fjarverandi, og óska eftir því, að það verði gerðar ráðstafanir til þess, að þeir komi hér í salinn, og mun gera hlé á máli mínu, þar til þeir koma í salinn. (**Forseti:** Forseti hefur þegar gert ráðstafanir til þess að hafa samband við þá tvo hæstv. ráðh., sem þm. óskaði eftir, að viðstaddir væru. Ef þm. vill gera hlé á ræðu sinni, þá er það velkomið, en ég vonast til þess, að þeir komi hér innan skamms, og væri þess vegna óhætt að halda áfram ræðunni. Það er upplýst, að báðir hæstv. ráðh. eru í húsinu, og er verið að gera könnun á því, hvort þeir geti mætt hér til fundar. Þar sem hér eru viðstaddir tveir ráðh. úr ríkisstj., sem sjálfsagt mundu flytja skilaboð til beggja hæstv. ráðh., sem þm. minntist á áðan, þá spyr ég þm., hvort hann vilji ekki halda sinni ræðu áfram á meðan.) Ég endurtek ósk mína, að þeir verði hér viðstaddir. (**Forseti:** Það er upplýst, að báðir hæstv. ráðh., sem þm. óskaði eftir, að væru hér viðstaddir, eru bundnir við önnur störf. Vill þm. ekki halda áfram sinni ræðu, þar sem hér eru viðstaddir tveir aðrir hæstv. ráðh., eða óskar hann eftir því að gera hlé á sínu máli, þannig að umr. verði frestað?) Ja, það er ekki um annað að gera. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 27., 28., 29., 30. og 31. fundi í Nd., 12., 13., 14., 16. og 17. des., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., 18. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Stefán Valgeirsson) [frh.]: Herra forseti. Ég sé, að hæstv. viðskmrh. er ekki í fundarsalnum, en þar sem aðalmálgagn hæstv. ríkisstjórnar, Morgunblaðið, hefur upplýst mig um það, að það séu hálfgerð skrípalæti að ætlast til þess, að hæstv. ráðh. sinni þingstörfum, vil ég bera það undir forseta, hvort um annað sé að ræða en að hefja mál mitt að hæstv. viðskmrh. fjarstöddum, þó að mér finnist, að það hefði verið viðkunnanlegra, að hæstv. ráðh. hefði verið viðstaddur, þar sem ég ætla fyrst og fremst að beina máli mínu til hans. (**Forseti:** Forseta þætti vænt um, ef hæstv. þm. vildi halda áfram ræðu sinni. Hins vegar vill forseti stuðla að því eftir megni, að hæstv. viðskmrh. verði viðstaddur.) — Mun ég nú ræða stöðu landbúnaðar í þjóðfélaginu með tilliti til þeirra fjárhagslegu erfiðleika, sem hann hefur nú við að stríða. Ástæðan, sem ég tel fyrir þessum erfiðleikum, er fyrst og fremst hin breytta stefna, sem hæstv. ríkisstj. knúði fram í krafti meiri hl. síns, er hún settist á valdastóla. Ég mun ræða hina nýju landbúnaðarstefnu ríkisstj., sem nú er verið að marka vegna kröfu Alþfl. Ég mun ræða, til hvers sú stefna muni leiða, ef hinir misvitru ráðh. fá ráðrúm til þess að koma henni í framkvæmd. Ýmsir kaupstaðir og bæir eiga mest sitt undir því, að samdráttur verði ekki í landbúnaði, nema áður sé öðrum stoðum rennt undir atvinnulíf hjá þeim. M. a. kemur það fram, að landbúnaðarafurðir eru nú fluttar út fyrir um 500 millj. kr. Þá mun sú spurning sækja á flesta, hvort gjaldeyristekjur þjóðarinnar séu svo miklar, að hún megi við því að verða af þessum gjaldeyri. Ég mun einnig sýna fram á, að hæstv. viðskmrh. nefnir aðeins það, sem fer út úr ríkiskassanum vegna útfluttra landbúnaðarafurða, en nefnir það ekki að neinu, sem kemur aftur til baka af innflutningnum fyrir þann gjaldeyri í tollum og söluskatti, en það mun vera lítið lægri upphæð. Ég mun benda á það, að sá, sem græðir mest á gengisfellingunni, verður varnarliðið á Keflavíkurflugvelli og Sviss Alúmíníumfélagið í Straumsvík og erlendir verktakar á vegum þeirra. Niðurstaða mín er sú, að skorturinn eigi að vera skömmtunarstjóri hjá ríkisstj. í stað skynseminnar.

Þegar unnið var að verðlagningu landbúnaðarvara haustið og veturinn 1967 og í ljós kom, að lög um framleiðsluráð landbúnaðarins voru gjörsamlega sniðgengin og hreinni valdníðslu beitt til þess að hindra allar verðhækkanir á framleiðsluvörum bænda, ræddi ég hér á hinu háa Alþingi, hvernig efnahagur margra bænda væri þá þegar kominn og til hvers það mundi leiða, ef dómur yfirnefndar yrði látinn standa og engar ráðstafanir gerðar til þess að rétta hlut bændastéttarinnar að öðru leyti. Ég benti á, að verðlagningin haustið 1966 hefði ekki tekizt betur en það, að meðaltekjur bænda mundu a. m. k. verða 33% minni en viðmiðunarstéttanna, þótt fullt tillit væri tekið til þeirra hliðarráðstafana, sem fylgdu samningunum 1966. Nú hefur aftur komið í ljós, að bændur náðu ekki hálfum tekjum það ár, miðað við viðmiðunarstéttirnar. Er það samdóma niðurstaða búreikningaskrifstofu landbúnaðarins og hagstofunnar. Niðurstaða þessara stofnana beggja varðar vinnulaun bændafjölskyldunnar allrar, og voru þau um 95 þús. kr. að meðaltali. Hins vegar voru meðaltekjur viðmiðunarstéttanna 228 þús. það árið, fyrir utan vinnulaun konu og barna. Það vantaði því hvorki meira né minna en 133 þús. á meðaltekjur bændanna það árið, miðað við aðrar stéttir, og þó er að engu reiknuð öll sú vinna, sem húsfreyjurnar og börnin inna af hendi við framleiðslustörfin.

Þegar þessi niðurstaða er höfð í huga, og hvernig var að verðlagningu landbúnaðarvara staðið haustið 1967, ætti það ekki að vera undrunarefni neinum vitibornum manni, þó að miklir erfiðleikar séu nú hjá bændastéttinni í heild. Gengisfellingin í fyrra jók svo enn á erfiðleika bændastéttarinnar. Þó að afurðaverðið hækkaði, miðað við hinn úrskurðaða grundvöll, var það ekki í reynd nema hluti af hinum raunverulega aukna rekstrarkostnaði, þar sem magntölur í grundvellinum voru þar

vanreiknaðar, jafnvel að hálfu leyti. Og fleira kom til. Sú rekstraraðstaða, sem viðreisnarstjórnin hafði búið bændastéttinni á valdaferli sínum og Morgunblaðið hefur hælt hæstv. landbrh. mest fyrir, reyndist bændum svo heil, að sú hækkun að krónutölu, sem við fengum fyrir aðalútflutningsvöru landbúnaðarins, er leiddi af gengisfellingunni, reyndist vera um 7 kr. á einingu, en hinn raunverulegi rekstrarkostnaður hækkaði um 10—11 kr. á hverja einingu. Þetta er sá hagnaður, sem íslenzkur landbúnaður hafði af gengisfellingunni 1967, og ekkert bendir til þess, að það verði svo miklu hagstæðara nú, að það bæti útflutningsaðstöðu okkar, heldur þvert á móti. Enda virðist ekki að því stefnt að bæta aðstöðu íslenzkra atvinnuvega fyrst og fremst, heldur hinu, að laða hingað erlent fjármagn í stórum stíl. Skilyrðið fyrir því, að erlend auðfélög fái aukinn áhuga á Íslandi, sýnist vera, að íslenzkir valdhafar geti bent á, að hér sé hægt að fá ódýrt vinnuafl og ódýra orku. Og varla er hægt að neita því, að eins og nú standa málin, hafi valdhafarnir hér allvel lagt grundvöllinn að því, þar sem varnarliðið á Keflavíkurflugvelli og erlendir verktakar á vegum Sviss Alúmíníumfélagsins í Straumsvík munu nú þurfa að borga fyrir íslenzkt vinnuafl aðeins helming þess, sem þessir aðilar þurftu að borga fyrir einu ári.

Í þessu sambandi væri ekki úr vegi, að það kæmi fram, hvað það íslenzka vinnuafl, sem vinnur hjá þessum aðilum, aflar nú þjóðinni miklu minni gjaldeyris en fyrir gengisfellinguna í nóvember 1967, og við ýmsa aðra þjónustu, sem ekki er bundin í erlendri mynt, yfir eitt ár, en fróðir menn telja, að það muni vera hærri upphæð yfir eitt ár en gengislánin tvö, sem hæstv. ríkisstj. og fjármálaspekingar hennar tóku nú í sambandi við þessa síðustu endurreisn á viðreisninni, en þau námu um 770 millj. kr.

Það hlýtur að vera einhver sérstök tegund af hagspeki, sem slíkar aðfarir útfæra á þá leið, að gengisfelling hafi verið bezta úrræðið fyrir íslenzka atvinnuvegi og íslenzkt launafólk og fyrir þjóðina í heild, eins og stjórnarliðið og málgögn þess halda nú fram. Hitt er svo annað mál, að þetta er stjórnarstefna viðreisnarinnar. Við þekkjum þessa stefnu. Þetta er fjórða gengisfellingin á tíu ára ferli hennar.

Hæstv. stjórnarherrar og skutulsveinar þeirra hafa á undanförnum árum hamrað það inn í þjóðina, að allar stjórnarathafnir þeirra væru við það miðaðar að byggja upp atvinnuvegina og þó fyrst og fremst iðnaðinn. Þetta hefur verið gert með því að gefa allan innflutning frjálsan, þannig að háþróaðar iðnaðarþjóðir, sem búa við allt önnur ytri skilyrði en okkar iðnaður, hafa fyllt hér markaðinn af alls konar vöru, og hefur það svo leitt til þess, að fjölmörg iðnaðarfyrirtæki hafa orðið ýmist að draga mjög úr starfsemi sinni eða hætta henni alveg.

Á þennan hátt hefur atvinnuuppbygging viðreisnarinnar verið. Hún hefur verið á þann veg að draga úr atvinnu í okkar landi, en hins vegar hefur þessi stefna leitt til aukinnar atvinnu hjá þegnum annarra þjóða, og það er ef til vill í augum einhverra virðingarverð viðleitni að örva atvinnu og framleiðslu meðal framandi þjóða. Hins vegar er ég ekki viss um, að sagan eigi eftir að meta slíka stjórnvizku hæstv. valdhafa eins og ætlazt mun til. Og er ekki sami keimur að þessu öllu?

Með gengisfellingunni í fyrra og aftur nú fáum við helmingi minni gjaldeyri fyrir það vinnuafl, sem er hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli og hjá erlendum verktökum, sem eru á vegum þess og á vegum Sviss Alúmíníumfélagsins í Straumsvík, miðað við óbreytt kaupgjald í landinu. Að þessum aðilum sýnist því vera sæmilega búið. Þeir þurfa sannarlega ekki að kvarta yfir viðreisnarstjórninni, enda skilst manni, að þeir meti þessa ríkisstj. að verðleikum og telji hana sína stjórn, eftir erlendum blaðafregnum að dæma.

En hafa þessar gengisfellingar verið eins hagstæðar fyrir íslenzka aðila? Hvað hefur reynslan kennt okkur í því efni?

Áhrif þessara gengisfellinga, sem reynsla er fengin af, eru þau, að mestöll framleiðsla í landinu var að stöðvast, atvinnuleysi skollið á um allt land og kominn kreppukyrkingur í allt þjóðfélagið. Þá greip hæstv. ríkisstj. til hinna sömu úrræða og áður, þó að full reynsla væri að flestra dómi komin af þessum gengisfellingum. Það kom til mín ungur jafnaðarmaður, sem sagði mér, að hann hefði að undanförnu hitt ýmsa vinnuhópa að máli til að heyra álit þeirra á þessari stjórnvizku hæstv. ríkisstj. Hann sagði, að menn væru á einu máli, að þessi gengisfelling og þær hliðarráðstafanir, sem enn hefðu séð dagsins ljós, væru þess eðlis, að þjóðin mundi fara enn lengra út í kviksyndið. „Ríkisstj. var alls staðar fordæmd," sagði hann, „og þó sérstaklega við." Þetta hafði þessi ungi jafnaðarmaður að segja mér, og þetta er sú saga, sem maður segir manni nú. Þó að erfitt sé ástandið í sjávarútvegi og iðnaði, þá er þeirra aðstaða að því leyti betri en landbúnaðar, að það er enn sem komið er ekki yfirlýst stefna ríkisstj. að þrengja stakk þeirra og draga úr framleiðslu þeirra eins og landbúnaðarins. Að vísu verða báðir þessir atvinnuvegir, sjávarútvegur og iðnaður, að láta sér það lynda, að fram yfir þá í einu og öllu séu teknir þeir erlendir aðilar, sem atvinnurekstur hafa hér, og þeir, sem sjá um varnir landsins, sem kallað er. Þeir eru í öndvegi. Þeir þurfa ekki að borga aðflutningsgjöld af þeim varningi, sem þeir flytja inn í landið. Þeir þurfa ekki að borga eins hátt orkuverð og íslenzkir aðilar. Og svo mætti lengi telja.

En það fer ekki milli mála nú um stefnu hæstv. ríkisstj. í landbúnaðarmálum. Þau mál hafa verið mjög til umr. á liðnum árum, en þeir mest um

þau talað, sem minnstan skilning hafa á þeim málum og ekki skilja gildi landbúnaðarins fyrir þjóðfélagið, hvorki frá menningarlegu né atvinnulegu sjónarmiði. Um það mætti nefna mörg dæmi, en ritstjóri Alþýðublaðsins, Kristján Bersi Ólafsson, ræddi enn á ný um þessi mál í leiðara í blaði sínu á fyrra þriðjudegi. Þar má minna á það, að hann kom fram í sjónvarpsþætti hér í haust, þættinum „Á öndverðum meiði", til þess að ræða um stefnuna í landbúnaðarmálum og það við hæstv. landbrh. Þessi ritstjóri Alþýðublaðsins hóf mál sitt á því að lýsa því yfir, að hann hefði enga þekkingu á landbúnaðarmálum, og það er það, sem hlýtur að vekja athygli í þessu sambandi, að þrátt fyrir þessa yfirlýsingu taldi þessi ritstjóri sig fullfæran til að mæta sjálfum landbrh. hæstv. til að rökræða við hann um þessi mál í sjálfu sjónvarpinu. Og það þykir hæfa málefnalegum grundvelli Alþfl., að maður, sem sjálfur hefur lýst því yfir, að hann hafi enga þekkingu á málefnum landbúnaðarins, sé látinn ritstýra höfuðmálgagni flokksins í þessum málum, og verður að líta á skrif Alþýðublaðsins um þessi mál í því ljósi. Hins vegar eru þessi skrif blaðsins fyrst og fremst bergmál frá hinum nýja formanni flokksins, sem hefur hlotið mikla frægð fyrir víðsýni sína á þessu sviði, og þó að hann fari ekki með alveg réttar tölur um þessi mál, eins og frásögn Alþýðublaðsins ber með sér s. l. miðvikudag, þar sem segir frá ræðu, sem hæstv. ráðh. flutti á fundi í Hafnarfirði, þá eru víst fáir hissa á því. Á hinu hefðu menn verið meira hissa, miðað við fyrri reynslu, hefðu þessar tölur verið eitthvað nálægt því rétta.

Það er ekkert, sem bendir til þess, að gengisbreytingin verki þannig, að útflutningur á landbúnaðarvörum verði hagstæðari en áður, ef áhrif gengisfellingarinnar koma nú með fullum þunga á rekstrarvörur landbúnaðarins. Og nú er svo komið, að annar stjórnarfl. hefur blátt áfram sett það að skilyrði fyrir áframhaldandi setu í ríkisstj., að nú þegar verði breytt um stefnu í landbúnaðarmálum, gerðar verði ráðstafanir til að draga úr framleiðslunni, sem þeir kalla offramleiðslu, og breytt verði á þessu þingi lögum um framleiðsluráð o. fl. Og tilgangurinn leynir sér ekki. Að dómi þessara herra varð verðlagningin á s. l. hausti of hagstæð bændum, og fyrir það þarf að girða, að slíkt endurtaki sig. Og ekki er annað hægt að sjá en að Sjálfstfl. hafi gengið að þessum skilyrðum Alþfl. Staðreyndirnar tala þar sínu máli. Þetta skilyrði var sett fram af Alþfl. fyrir áframhaldandi setu í ríkisstj. Ríkisstj. situr enn sem fastast. Og hæstv. landbrh. er búinn að fara þess á leit við bændasamtökin, að þau tilnefni mann í n. til að endurskoða lög um framleiðsluráð o. fl. Og n. er þegar skipuð. Þarf fleiri vitna við?

Ég sagði það úr þessum ræðustól fyrir ári, að það væri ekki ljóst, hver réði stefnunni í landbúnaði, hæstv. menntmrh. eða hæstv. landbrh. Ég held, að enginn þurfi að fara í grafgötur um það nú, hver ræður meira í dag, en ég kem að því betur síðar. En til þess að átta sig betur á því, hvaða orsakir liggja til þess, að bændur eru komnir í þær þrengingar, sem raun ber vitni, verð ég að víkja að því með nokkrum orðum.

Þegar hæstv. landbrh. tók við því virðulega embætti, voru skráðir vextir af stofnlánum bænda helmingi lægri en nú, lánstíminn lengri og lánin hlutfallslega hærri. Þegar stofnlánaskatturinn var lögfestur, voru aðalrökin fyrir honum, að með því væri stefnt að því að hækka stofnlánin hlutfallslega til að fyrirbyggja, að bændastéttin safnaði lausaskuldum. Hvernig hefur það fyrirheit staðizt? Þegar stofnlánaskatturinn var lögfestur, voru föstu lánin um 60% af skuldum bænda. Um svipað leyti var lausaskuldunum breytt í föst lán. Í dag munu lausaskuldirnar vera komnar yfir 60% af skuldum bænda, enda farið lítið fyrir því loforði, að stofnlánin yrðu hlutfallslega hækkuð frá því, sem áður var, þrátt fyrir skattlagninguna, heldur hið gagnstæða.

Ég hef athugað lánveitingar á 12 ára tímabili úr stofnlánasjóðum Búnaðarbankans, árin 1955—1967. Ég hef umreiknað lán hvers árs yfir á byggingarvísitölu ársins 1955, þannig að sambærileg tala fáist. Síðan hef ég tekið meðaltal af árunum 1955—58 að báðum meðtöldum og hins vegar af árunum 1959—67, og kemur þá í ljós, að meðaltal lánsupphæða fyrra tímabilið reyndist vera 40768 kr., en hið síðara 36398 kr., eða 4370 kr. minna hvert lán að meðaltali eða framkvæmdarmáttur hvers láns lækkaður um rúml. 10%. Lántakendur voru 1077 fyrra tímabilið, en síðara 1211 á ári að meðaltali. Þannig voru þær efndir í reynd. Við þetta bætist svo það, að sé stofnlánaskattinum bætt við þær rentur, sem bændur þurfa nú að borga af stofnlánum, kemur í ljós, að hin raunverulegu kjör stofnlánadeildarinnar eru þau, að bændur verða að borga þar að meðaltali yfir 11% í vexti eða þrefalt meira en þegar Framsfl. hafði úrslitaáhrif á þessi mál. Sem sagt, lánakjör stofnlánadeildarinnar eru bændum óhagstæðari en nokkurn tíma víxillán. Það þarf enginn að halda, að þessi breyttu lánakjör eigi ekki stóran þátt í því, hvernig komið er fyrir bændastéttinni nú.

Hæstv. landbrh. getur því ekki stært sig af því, hvernig handleiðsla hans hefur tekizt að þessu leyti íslenzkum bændum til heilla og aukinnar hagsældar.

Þegar hæstv. landbrh. tók við stólnum, voru heldur engir veltu- eða söluskattar á landbúnaðarvöru, og fyrir þann tíma var það höfuðstefnan að halda niðri verði á rekstrarvörum landbúnaðarins, og þá var stuðlað að hagkvæmari rekstri með beinum framlögum. Þetta er einmitt sú stefna, sem nágrannaþjóðir okkar fylgja í landbúnaðarmálum, einnig hjá þeim þjóðum, sem jafnaðarmannaflokkar stjórna, því að landbúnaðarvörur eru mjög stór hluti af allri verzlun al-

mennings og verð þeirra hefur því mikil áhrif á kaupkröfur í viðkomandi landi. Landbúnaður nágrannaþjóðanna hefur yfirleitt aðgang að nægu fjármagni til langs tíma með lágum vöxtum. Bændurnir þar þurfa ekki að byggja upp sína lánasjóði sjálfir með sérstökum skatti og háum vöxtum, eins og íslenzkir bændur eru látnir gera, og víða erlendis er verðlagi á rekstrarvörum haldið niðri með beinum niðurgreiðslum og landbúnaðurinn að ýmsu öðru leyti aðstoðaður, og þó að verð á framleiðsluvörum hans sé lágt, hafa bændur þess vegna víðast hvar sæmileg kjör miðað við aðrar stéttir.

Menn ættu að hafa þetta í huga, þegar þeir bera saman framleiðslukostnað hér og erlendis, og það má ekki falla úr minni, að það var núv. hæstv. ríkisstj., sem breytti algjörlega um stefnu í landbúnaðarmálum, þegar hún settist á valdastóla, og menn mega gjarnan vera þess minnugir nú, hvað hæstv. landbrh. sagði, þegar hann með þingfylgi stjórnarfl. var að móta þessa óheillastefnu, að þó að vextir hækkuðu og allar rekstrarvörur, þá gerði það ekkert til, bændur mundu fá allt aftur í hækkuðu verði afurðanna. Þetta var tónninn. Við framsóknarmenn vöruðum við þessari stefnubreytingu, fórum ekki dult með það, til hvers hún mundi leiða, og nú geta menn séð og ættu að skilja, hvor stefnan hefur reynzt bændum og þjóðinni allri hollari.

Hafa bændur fengið hina háu vexti og hinn hraðaukna rekstrarkostnað til baka í auknu afurðaverði? Hefur þessi stefna viðreisnarinnar leitt til aukinnar bjartsýni á landbúnaðinn og leitt til betri efnahags bændastéttarinnar en áður var? Benda hinar stórauknu skuldir bænda til þess? Framkvæmdir hafa verið með líkum hætti í landbúnaði og á árunum 1954—59. Ekki er það skýringin. Að vísu hefur tíðarfarið verið óhagstætt hin síðari ár, sérstaklega norðanlands og austan. En þar er ekki að finna nema lítinn hluta af skýringunni á því, hvað valdi þeim erfiðleikum, sem nú steðja að landbúnaði okkar. Og við komum aftur að því sama: Það er afleiðing stjórnarstefnunnar fyrst og fremst. Það er af óðaverðbólgu, sem aukið hefur rekstrarkostnaðinn svo, að bændurnir standa eftir tekjulitlir ár eftir ár. Þeir fengu aldrei háu vextina eða aukna rekstrarkostnaðinn aftur í hækkuðu verði afurðanna. Þar liggur hundurinn grafinn.

Og nú er ég kominn að kjarna málsins. Viðreisnarstefnan, sem hefur leitt af sér meiri óðaverðbólgu en áður eru dæmi um í þessu landi, hefur, eins og ég áður sagði, aukið rekstrarkostnaðinn það mikið, að enginn atvinnurekstur í landinu ber sig lengur, ekki einu sinni sjávarútvegurinn. Og þó fara þeir verst út úr því, sem framleiða fyrst og fremst fyrir innlendan markað. Þegar þessar staðreyndir blasa við, gerist það, að hæstv. viðskmrh. kveður sér hljóðs um íslenzkan landbúnað á aðalfundi Verzlunarráðsins, og af ummælum hans er fyrst og fremst þrennt athyglisvert: hvernig hann vilji útfæra jafnaðarstefnuna í landi okkar, en hann er nú orðinn formaður Alþfl., eins og kunnugt er, hvaða skilning hann hefur á gildi íslenzks landbúnaðar og hvaða skilning hann hefur á því atvinnuástandi, sem nú er í landinu. Eftirfarandi ummæli eru úr ræðu, sem hæstv. viðskmrh. flutti á aðalfundi Verzlunarráðs Íslands 11. okt. s. l., með leyfi hæstv. forseta:

„Rekstur íslenzks landbúnaðar og stefna sú, sem í áratugi hefur verið fylgt í landbúnaðinum, er mjög með þeim hætti, að heildarstyrkur þjóðfélagsins til landbúnaðarins er langt úr hófi fram og honum beint þannig, að í því er bókstaflega ekkert vit lengur. Það er algerlega óþarfi af íslenzkum landbúnaði að framleiða landbúnaðarvörur til útflutnings, og það er beinlínis fráleitt, að grundvallarstefnan í íslenzkum landbúnaðarmálum skuli vera sú að stefna stöðugt að aukinni framleiðslu og það meiri framleiðsluaukningu en fólksfjölgun nemur, eftir að um greinilega offramleiðslu er orðið að ræða, miðað við þarfir innanlandsmarkaðarins. Það, sem hægt er að spara af þessum styrkjum til landbúnaðarins, eru útflutningsuppbæturnar og þeir beinu styrkir, sem hann fær úr ríkissjóði og beinlínis hvetja til síaukinnar landbúnaðarframleiðslu."

Og enn segir ráðherrann:

„Mér er ljóst, að öfugstreymi í málefnum íslenzks landbúnaðar er orðið svo langvinnt og á sér svo djúpar rætur, að torvelt er að ráða þar bót á nema á löngum tíma. En einhvern tíma verður að byrja á endurbótunum. Í haust þarf án efa að gera ráðstafanir, sem verða launþegum ekki léttbærar. Ég tel óhugsandi, að þeir geti sætt sig við þær byrðar, sem óhjákvæmilegar munu reynast, nema jafnframt verði hafizt handa um skynsamlegri stefnu í landbúnaðarmálum en hér hefur verið fylgt. Þegar hliðsjón er höfð af þeirri þungu byrði, sem launþegar og skattgreiðendur hafa af ástandi landbúnaðarmálanna, verður það enn þungbærara fyrir þá að þola þá miklu hækkun á innlendum landbúnaðarvörum, sem gerðardómur um ákvörðun landbúnaðarverðs hefur nú nýlega ákveðið. Ég tel, að gerðardómur sá um verðlag landbúnaðarafurða, sem nýlega var kveðinn upp, taki af öll tvímæli um það, að gildandi löggjöf um þessi efni er óhæf og að henni verður að breyta á þessu Alþingi."

Og í Alþýðublaðinu 23. okt. s. l. er birt stjórnmálaályktun flokksþings Alþfl. Þar gefur að líta m. a.: „7. Endurskoðun á lögum um ákvörðun verðlags á innlendum landbúnaðarafurðum. 8. Ákvörðun um að breyta stefnunni í landbúnaðarmálum smátt og smátt í það horf, að landbúnaðurinn framleiði fyrst og fremst fyrir innlendan markað, þannig að útflutningsuppbætur sparist og sömuleiðis þeir núverandi styrkir, sem einkum hvetja til offramleiðslu." Og síðan segir: „Ef tekið verður tillit til þessara meginsjónarmiða, telur

flokksþingið, að Alþfl. eigi að standa að þeim ráðstöfunum á þessu hausti" o. s. frv.

Og í framhaldi af þessu áhlaupi Alþfl. á landbúnaðinn, þar sem það virðist vera hans aðalstefnumál að þrengja hlut bændanna, án þess að hugleiða það eða taka tillit til, hvaða afleiðingar það mundi hafa fyrir atvinnulífið í landinu og á hag alls þjóðfélagsins, ef sú stefna hans næði fram að ganga, var í fyrradag lagt fram hér á hv. Alþ. frv., nokkurs konar bændafækkunarfrv. Þó að aðeins einn flm. sé skráður á þessu frv., má ætla, að það sé flutt í umboði Alþfl., enda er það í beinu framhaldi af því, sem að framan greinir. Vil ég því lesa þetta frv. upp hér og grg., því að það undirstrikar þessa nýju stefnu betur en flest annað, sem frá þessum herrum hefur komið, með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. til l. um breyt. á l. nr. 101 1967, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu landbúnaðarafurða o. fl.

Flm.: Bragi Sigurjónsson.

1. gr. 2. mgr. 12. gr. laganna orðist svo: Tryggja skal greiðslu á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara, en þó skal greiðslan vegna þessarar tryggingar ekki vera hærri en sem svarar 5% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar viðkomandi verðlagsár, miðað við það verð, sem framleiðendur fá greitt fyrir afurðir sínar.

2. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1970."

Og greinargerðin er svo hljóðandi:

„Það er kunnara en frá þurfi að segja, að íslenzkir bændur framleiða til útflutnings verulegt magn landbúnaðarvara, sér og þjóðarheildinni til óhagræðis. Mun láta nærri samkvæmt núgildandi lögum, að ríkissjóður þurfi að greiða komandi ár um 300 millj. kr. til bænda með þessari útflutningsframleiðslu þeirra og þeir fái þó ekki framleiðslukostnaðinn greiddan að fullu. Sjá allir, að hér þarf að ráða bót á. Æskilegast hefði verið, að stéttarsamtök bænda hefðu hér haft forustu um úrræði, svo sem með skipulagðri stjórn á því, að eigi væri framleitt óhóflegt magn til útflutnings á landbúnaðarvörum, sem seldist langt undir kostnaðarverði. En á þessu bólar lítið, og segja má, að löggjafinn hafi fremur unnið gegn því en með, að hér væri vakað á verði, með því að verja jafnmiklu fé til útflutningsbóta og raun ber vitni. Af þessum sökum er hér lagt til, að hlutfallstala sú, sem útflutningsuppbætur landbúnaðarvara hafa verið miðaðar við undanfarin ár, verði lækkuð verulega, í trausti þess, að það leiddi til skynsamlegri hátta varðandi framleiðsluna, bændum og alþjóð til hagræðis. Að sjálfsögðu ber að stefna að því, að útflutningsbætur séu alls ekki greiddar með vöru, sem engan þjóðhagslegan vinning gefur að framleiða til útflutnings, en bæði er, að í þessu tilliti væri hér um of bráða aðgerð að ræða, ef tekið væri fyrir slíkt með öllu, og fyrir bændur stórleg tekjuskerðing, nema þeir fái nokkurn aðlögunartíma. Hér er því lögð til veruleg lækkun, en auk þess að stíga niður um þrep nokkur tími hafður til stefnu til að taka skrefið, eða ársfrestur."

Hvað skyldu Norðlendingar segja um þetta frv., þegar þeir hafa brotið það til mergjar og þeim verður ljóst, hvað samþykkt þess mundi þýða, ekki einungis fyrir bændurna, heldur ekkert síður fyrir bæina og þorpin? Það þarf enginn að fara í grafgötur um það, að ef þetta frv. yrði samþ., mundi það þýða stórkostlega fækkun bænda, sérstaklega þeirra, sem búa fyrst og fremst með sauðfé. Það mundi þýða stóraukið atvinnuleysi í flestum þorpum og bæjum landsins. Það mundi þýða, að þjóðin mundi tapa þeim gjaldeyri að mestu, sem hún fær nú fyrir landbúnaðarafurðir. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. afsökunar, en ég hafði lofað hv. form. þingflokks Framsfl. að fresta fundi rétt fyrir hálffimm.) Ég verð ekki nema svona 10 mín. að ljúka. (**Forseti:** Treystir hv. ræðumaður sér til þess? Ég heyri, að hæstv. landbrh. kveður sér hljóðs, en það er áformað að fresta fundi.) Ég verð a. m. k. 10 mín. (**Forseti:** Þess er óskað, að hv. þm. geri hlé á ræðu sinni. En fundi verður fram haldið aftur kl. 6.) — [Frh.]

Umr. frestað.

Á 37. fundi í Nd., s. d., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Stefán Valgeirsson) [frh.]: Herra forseti. Þá mun ég fram halda ræðu minni, þar sem ég var stöðvaður í henni áðan. Það leynir sér ekki á öllu háttalagi Alþýðuflokksmanna, að þeir eru búnir að missa trú á því, að hægt sé að lifa í þessu landi án hjálpar erlendra auðfélaga, og til þess að opna landið sem mest fyrir erlendu fjármagni telja þessir herrar, að drepa þurfi niður allt framtak í landinu. Þetta er aðeins einn liður í þeirra viðleitni. Hitt þarf engan að undra, þótt þeir séu búnir að missa trúna á viðreisnarstefnuna og eigin hæfileika og getu til að stjórna landinu. Má segja, að það sé vonum seinna, því að öll þjóðin er búin að missa trú á hvoru tveggja fyrir löngu. Og ekki hef ég trú á því, að hv. 9. landsk. vaxi í augum sinna kjósenda við flutning þessa frv., eða hvernig mætti það vera? Og hæstv. menntmrh. er alltaf jafnhreinn og beinn. Þó að hann sé sá maðurinn, sem hefur fyrst og fremst barizt fyrir þessari nýju bændafækkunarstefnu, leggur hann ekki í eða brestur kjark til þess að flytja svona frv. beint í nafni flokksins, þó að allir viti, að málið er þannig vaxið í raun og veru.

Nei, það þarf ekki að fara í neinar grafgötur um hina raunverulegu stjórnarstefnu í landbúnaðarmálum nú. Hér er hún komin skýrt og umbúðalaust fram, og hér sést svart á hvítu, hver það er, sem ræður ferðinni í þeim málum. Hæstv. landbrh. er búinn að undirstrika það með nefndarskipun til þess að gera breytingar á framleiðsluráðslögunum. En til hvers mun þessi stefna leiða,

ef ríkisstj. endist líf og hefur til þess meiri hluta hér á hinu háa Alþ. að koma þessari stefnu fram? Það eru fleiri en bændur og fjölskyldur þeirra, sem hafa lífsafkomu sína af landbúnaði. Þorpin og kaupstaðirnir víðs vegar um land byggja atvinnu sína, ýmsir að nokkru leyti og aðrir að öllu leyti, á vinnslu, dreifingu eða á ýmsum þjónustustörfum fyrir landbúnaðarhéruð, sem liggja út frá hverjum stað. Hvernig færi t. d. með Selfoss, með Hellu, með Hvolsvöll, með Vík í Mýrdal, með Egilsstaði, með Blönduós eða Borgarnes? Og fleiri staði mætti nefna, sem eingöngu byggja afkomu sína á landbúnaðarframleiðslu með margbreytilegum hætti eða að hálfu leyti eða vel það, t. d. Akureyri, Húsavík, Sauðárkrókur, og þannig mætti lengi telja. Samdráttur í framleiðslu landbúnaðarvara mundi þýða samdrátt í atvinnu að sama skapi á öllum þessum stöðum. Er hæstv. viðskmrh. búinn að undirbyggja atvinnufyrirtæki á þessum stöðum með aðstoð vitringa sinna til að taka við þessu fólki, þegar framkvæmdin á samdrætti á framleiðslu landbúnaðarvara er farin að verka fyrir alvöru samkv. hinni nýju stefnu? Eða ætlar hæstv. ríkisstj. að efna loforð sitt við þjóðina um að byggja upp atvinnu í landinu með þeim hætti að kippa sem flestum stoðum undan atvinnulífinu í landinu, eins og hér er stefnt að og hefur verið gert í sambandi við iðnaðinn með hinum stjórnlausa innflutningi? Ef atvinna væri næg í landinu og vöntun á vinnuafli við arðvænlega útflutningsframleiðslu, þá væri annað mál að hugleiða það, hvort ekki væri hugsanlegt að færa til vinnuafl úr öðrum atvinnugreinum. En slík aðstaða er nú ekki fyrir hendi, heldur hið gagnstæða. Samdráttur í framleiðslu, hvar sem hún er, eykur atvinnuleysið.

En væri þá að öðru leyti einhver þjóðhagslegur ávinningur að því að sníða landbúnaðinum þann stakk, að framleiðsla hans væri eingöngu miðuð við innanlandsþarfir? Hæstv. viðskmrh., núv. form. Alþfl. og þá um leið væntanlega boðberi um sem jöfnust laun og aðra lífsaðstöðu þegnanna, lagði til í sinni frægu ræðu á aðalfundi Verzlunarráðsins, að fyrst og fremst væri þrengt að þeirri stétt, sem á undanförnum árum hefur haft lægst laun. Hans stjórnvizka kom fram í því, að hann lagði til, að atvinna í landinu væri örvuð með því að draga saman framleiðsluna í landbúnaði. Hann sagði, að ekki kæmi til mála að taka upp stjórn á innflutningi til að spara gjaldeyri og örva iðnaðarframleiðslu. Hans leið í innflutningsmálum er að hafa skortinn sem skömmtunarstjóra í stað skynseminnar. Og af þessari frægu ræðu mætti ætla, að þjóðin hefði nægan gjaldeyri. Það, sem hæstv. ráðh. lá mest á hjarta, var að boða ráðstafanir til þess að svipta þjóðina þeim gjaldeyri, sem komið hefur fyrir útfluttar landbúnaðarafurðir, en í ár mun hann nema um 500 millj. kr. Mundi vænkast hagur Strympu, ef þessi gjaldeyrir yrði af þjóðinni tekinn?

Og þá er ég kominn að meginröksemd hæstv. viðskmrh. og Alþfl., að það fari svo mikið úr sameiginlegum sjóði þjóðarinnar í útflutningsuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, að í þeim sé ekkert vit. Þessi hæstv. ráðh. talar aðeins um það, sem fer út úr ríkissjóðnum, en minnist aldrei á, að það komi neitt inn í hann aftur, þegar aðrar vörur eru fluttar inn fyrir þennan gjaldeyri. Eins og ég sagði áðan, þá ætti þessi gjaldeyrir, sem fyrir útfluttar landbúnaðarvörur fæst á þessu ári, ekki að vera undir 500 millj. kr., og við skulum miða við þá tölu. Eftir upplýsingum frá opinberum stöðum og frá þeim stöðum, sem ættu að vera ábyggilegastir, væri meðaltollur 35% á innfluttar vörur og meðalálagning 30—35% í heildsölu- og smásölustigum. Innflutt vara fyrir 100 kr. verður með innflutningsgjaldi og kostnaði 110 kr., þegar tollur er á hana reiknaður. Tollurinn verður því 38.50, eða varan 148.50 út úr tolli. Ef reiknað er með 32% álagningu í báðum sölustigum, þá verður álagningin á þessa vöru 47.52 kr. Er þá þessi vara komin upp í 196.02 kr. Þá er söluskatturinn af þessari vöru 14.70 kr., eða tollur og söluskattur 53.20 kr., og mundu þá koma í ríkissjóðinn í tekjur af þessum gjaldeyri 265 millj. kr.

Við skulum nú segja, að heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar verði 3 milljarðar í ár, og ættu þá bændur að fá 300 millj. kr. í útflutningsuppbætur. Það eru því 35 millj. kr., sem fara raunverulega úr sameiginlegum sjóði þjóðarinnar til að bæta þennan útflutning upp umfram þær tekjur, sem fást fyrir þennan gjaldeyri.

Þá má leiða hugann að fleira í þessu sambandi. Nú er mjólkurframleiðslan í landinu ekki meiri en það, að hún nægir til neyzlu hvern dag. Eins og útlitið er í dag, verða litlar birgðir af mjólkurafurðum til í landinu á næstu vordögum, og ef enn dregur úr mjólkurframleiðslunni samkv. þessari nýju stjórnarstefnu, þá er hætt við, að mjólkurverðinu verði ekki hægt að halda eins niðri og gert hefur verið á undanförnum árum. Yrði það hagkvæm þróun fyrir neytendurna? Hvað halda menn um það? Enn er það, að nú er mjög talað um iðnaðarframleiðslu í stórum stíl til útflutnings. Þegar slíkt ber á góma, kemur það sama upp í huga flestra, að helzt mundi vera fyrir okkur að framleiða iðnaðarvörur úr ull og gærum til sölu á erlendum mörkuðum. Er líklegt, að slíkar vonir muni rætast, ef hæstv. viðskmrh. á að halda áfram að marka stefnuna í landbúnaðarmálum þjóðarinnar eða hafa forustu á öðrum sviðum þjóðmála, miðað við kenningar hæstv. ráðh., sem ég hef rakið að nokkru hér að framan? Eða hvernig hljómar það í eyrum, að það eigi að auka útflutninginn með því að minnka framleiðsluna og það eigi að auka atvinnu með sömu ráðum? Það er að vonum, að maður spyrji mann: Hvers konar ríkisstj. er þetta? Er engin leið til þess að koma þessum mönnum frá?

Ég hef rökstutt það, að þjóðin megi sízt við því nú að draga úr framleiðslu landbúnaðarafurða, ekki sízt vegna þeirra erfiðleika, sem steðja nú að þjóðinni í atvinnulegu og viðskiptalegu tilliti. Það eru heil héruð, sem lítið eða ekkert hafa getað greitt af skuldum sínum eða vöxtum s. l. tvö ár. Þeir bændur, sem geta staðið í skilum, munu gera það, þótt þetta frv. verði að lögum. Tilgangurinn með flutningi þessa frv. er aðeins sá að reyna að koma í veg fyrir, að gengið verði að þeim bændum og þeim vinnslustöðvum landbúnaðarins, sem eru nú í greiðsluerfiðleikum, og til þess er ætlazt, að þessi tímabundni greiðslufrestur verði vel notaður til þess að finna færar leiðir út úr erfiðleikunum, t. d. með því að breyta lausaskuldum í löng, föst lán með viðráðanlegum vöxtum. Við verðum að komast út úr kreppuástandinu. En það verður ekki gert með samdrætti, úrræðaleysi og stjórnleysi. Ef við tækjum okkur á og farið yrði að stjórna af skynsemi, framleiðslugeta atvinnuveganna nýttist til hins ýtrasta og um það séð, að hver vinnufús hönd hafi lífvænlegt starf að vinna, eins og hver þjóðfélagsþegn á heimtingu á, þá er ég þess fullviss, að ekki mundi líða langur tími þar til birta færi til og þessari helköldu viðreisnarþoku færi að létta af þjóðinni.

Í 4. gr. framleiðsluráðslaganna stendur: „Söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði skal miðast við það, að heildartekjur þeirra, sem landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta.“ Verðlagningin hefur aldrei verið framkvæmd þannig, að þessum ákvæðum hafi verið fullnægt, og hefur hin öra verðbólga fyrst og fremst valdið því. En þó hefur munurinn aldrei verið meiri en síðustu tvö árin. Með þetta í huga og þar sem ljóst er, að þótt t. d. allur gengishagnaðurinn, sem við vorum að ræða hér í gær, væri settur til þess að greiða í útflutningssjóðinn fyrir útfluttar landbúnaðarafurðir, þá mundi hann ekki nægja til þess að tryggja bændum grundvallarverð að þessu sinni á afurðir sínar. Þess vegna tel ég, að það væri ekki verjandi að ráðstafa honum til annarra hluta, hvað nauðsynlegir sem þeir kunna að vera.

Eins og ég hef þegar bent á, er ástæðulaust fyrir bændur að vera klökkir við að ræða þessi mál af fullri einurð. Þeirra hlutur í þjóðarframleiðslunni er sízt minni en annarra stétta, þeirra framleiðsla er lífsnauðsyn fyrir þjóðfélagið, og eins og nú er háttað atvinnu- og viðskiptamálum þjóðarinnar, mundi allur samdráttur í landbúnaði hafa mjög alvarlegar afleiðingar. Til að svara þessari baráttu Alþfl. fyrir fækkun bænda og fyrir því, að þeir verði látnir búa við langtum verri kjör en aðrar stéttir þjóðfélagsins hafa nú, og vegna þess undansláttar, sem hæstv. landbrh. hefur sýnt, t. d. með því að skipa nú n. til þess að endurskoða framleiðsluráðslögin, og fleira mætti nefna, þá ættu bændurnir að boða til almennra umræðufunda í öllum héruðum landsins og skora á hæstv. viðskmrh. og hæstv. landbrh. að mæta á þessum fundum og ræða þessi mál. Það er hinn rétti vettvangur til að ræða um, hvaða stefnu á að fylgja í landbúnaðarmálum, og a. m. k. réttari vettvangur en að ræða þau á aðalfundi Verzlunarráðsins eða í sjónvarpi, þegar þannig er valið, að öðrum megin við borðið eru menn, sem byrja á því að lýsa því yfir, að þeir hafi ekkert vit á því, sem þeir ætla að tala um. Út úr slíkum umr. fæst lítið.

Herra forseti. Ég hef nú lokið máli mínu að sinni. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég geri nú ráð fyrir því, að hæstv. viðskmrh. hafi ánægju af því að ræða við hv. þm., sem var að ljúka máli sínu hér, þegar hann hefur tíma til, og þess vegna er nú svo, að ég þarf í rauninni ekki mjög langan tíma að þessu sinni. Kemur það sér vitanlega vel, þar sem þetta er á síðustu dögum þingsins fyrir jólin. Ég vil þó í tilefni af því, að hv. þm. sneri sér öðru hverju til mín í sínum málflutningi, segja hérna nokkur orð.

Hv. þm. talar mikið um samdráttarstefnu í landbúnaðinum, og hann segir, að það sé stefna Alþfl., sem ræður í landbúnaðarmálum, og þess vegna hljóti að verða samdráttur. Og hann spyr: Hvað verður um kauptúnin, og hvað verður um suma kaupstaðina, ef þessi stefna fær að ráða, þessi stefna Alþfl. í landbúnaðarmálum, samdráttarstefnan? Ég held, að stefnan í landbúnaðarmálum sé alveg augljós, og ef hv. þm. vill segja, að það sé stefna Alþfl., þá er ekkert við því að segja. Sú stefna, sem hefur verið fylgt í landbúnaðinum síðustu 9 árin, er enn þá ráðandi í dag, og um það, hvort hún hefur leitt til samdráttar eða ekki, þurfum við ekki að eyða löngum tíma hér í hv. Alþ. Við getum lesið .opinberar skýrslur um það, hvort þetta hefur verið samdráttarstefna, sem ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. hefur fylgt undanfarin ár. Og við getum farið í fleiri skýrslur og athugað það, hvort þessi stefna Sjálfstfl. og Alþfl. á undanförnum árum hefur leitt til þess að gera aðstöðu bænda lakari í þjóðfélaginu heldur en var.

Hv. þm. talar um, að það sé auðséð, að ég hafi látið undan einhverri þvingun með því að skipa n. til þess að endurskoða landbúnaðarmálin. Ef Sjálfstfl. og Alþfl. hefðu viljað taka upp einhverja nýja stefnu, samdráttarstefnu, þá hefði ekki verið farið að skipa n. í góðu samkomulagi við Stéttarsamband bænda, við forustumenn bænda, sem vilja vera ábyrgir og skynsamir, þegar um er að ræða hagsmuni bændastéttarinnar. En það er rétt, það hefur verið skipuð n. í góðu samkomulagi við fulltrúa Stéttarsambands bænda, og í n. eiga sæti 3 fulltrúar bænda í 6 manna nefnd. Þar eiga einnig sæti 3 fulltrúar frá neytendum, það eru 3 hv. alþm., og sjöundi maður í n. er Jónas Haralz forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar. Og

hvernig er svo erindisbréfið, sem þessi n. hefur fengið? Er lagt fyrir hana að stuðla að samdrætti í landbúnaði? Er lagt fyrir hana að taka af bændunum eitthvað af því, sem þeir hafa fengið, t. d. útflutningsuppbæturnar eða annað slíkt?

Hv. þm. Stefán Valgeirsson talar hér af ábyrgðarleysi, án þess að hafa kynnt sér það mál, sem hann er að ræða um, án þess að finna orðum sínum stað, og talar þannig, að það er útilokað, að þeir, sem eitthvað þekkja til þessara mála, taki nokkurt mark á því, sem þessi hv. þm. hefur sagt. Samdráttarstefnan, sem hann segir, að hafi verið fylgt, er það, að þegar þessi ríkisstjórn tók við, höfðu verið ræktaðir í landinu um 60 þús. ha. Túnastærðin var um 60 þús. ha. En við þessi áramót munu vera 110 þús. ha. lands ræktaðir. Þetta hefur verið gert í tíð núv. ríkisstj. og þetta var ekki gert af því, að núv. ríkisstj. vildi hefja samdráttarstefnu í framleiðslunni, ekki af því heldur, að hún vildi fækka bændum sérstaklega. Þetta var gert vegna þess, að ræktunin leiðir til framfara og til betri aðstöðu bændastéttarinnar, leiðir til þess, að allir þjóðfélagsþegnarnir njóta þess að búa í betra landi, sem hefur meiri ræktun og meiri möguleika. Og í krafti þessarar ræktunar hefur framleiðslan ekki dregizt saman, hún hefur aukizt. Fyrir 9 árum var mjólkurframleiðslan 70 millj. lítra á ári, sem komu í mjólkurbúin, en á s. l. ári var hún, að mig minnir, 110 millj. lítrar. Þetta kallar hv. þm. samdráttarstefnu. Og sama máli gegnir um kjötframleiðsluna: um 9 millj. kg fyrir 9 árum, en á s. l. ári um 12 millj. kg. Það er rétt, að framteljendum í landbúnaði hefur fækkað nokkuð síðustu árin, ekki vegna þess, að það hafi verið stefna núv. ríkisstj. endilega að fækka bændum, heldur hefur þróunin verið sú af eðlilegum ástæðum, þar sem atvinnuástandið er gott í landinu, eða var gott, að það var ljóst, að þeir bændur, sem höfðu lélegar jarðir til ábúðar og lélegt land, þeir gátu aldrei búizt við því að fá sambærilegar tekjur og aðrir þjóðfélagsþegnar. Þess vegna er það, að framteljendum í landbúnaði hefur fækkað og að ýmsar jarðir, kotjarðir, sem áður voru í ábúð, hafa farið í eyði og verið lagðar undir aðrar jarðir, þannig að með sameiningunni hefur tekizt að gera tvær lélegar jarðir að einni góðri ábýlisjörð. Þannig hefur meðalbúið stækkað vegna ræktunar, vélvæðingar og bættra skilyrða úr 315 ærgildum á þessum 9 árum í 400 ærgildi. Þetta leiðir til þess, að bændurnir hafa fengið auknar meðaltekjur frá því, sem áður var.

Hv. þm. talaði um, að það hafi verið breytt um landbúnaðarstefnu, þegar núv. ríkisstj. kom til valda. Það er rétt. Það var breytt um stefnu á þann veg að reyna að skapa þeim, sem landbúnað stunda, ekki lakari lífskjör en öðrum vinnandi stéttum, og stærsta sporið í þá átt var það að taka upp útflutningsuppbæturnar, sem voru ekki áður fyrir hendi, — útflutningsuppbæturnar, sem miðast við það, að ríkissjóður greiði, ef með þarf, í útflutningsuppbætur allt að 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar. Og þetta hefur oftast nægt til þess, að bændur hafa fengið fullt verð fyrir alla framleiðsluna. En þetta var ekki svona áður en núv. ríkisstj. kom til valda. Þá urðu bændur sjálfir að bera hallann af því, sem út var flutt. Og hv. þm. Stefán Valgeirsson kannske man ekki eftir þessu. Hann var ekki þá kominn á Alþing. En hann var búandi maður, og hann hefði átt að taka eftir því, að oft vantaði á það, að grundvallarverðið fengist, áður en útflutningsuppbæturnar voru upp teknar, og hann hefði átt að hafa heiðarleika til þess hér í hv. Alþ. að viðurkenna það, að með því að breyta um stefnu árið 1960 og tryggja bændum fullt grundvallarverð fyrir alla framleiðsluna, þá var verið að bæta hag bænda frá því, sem þeir áður höfðu búið við. En hv. þm. viðurkenndi ekki þetta, heldur tók hann það ráð að gaspra og koma með órökstuddar fullyrðingar.

Ég vil einnig minna á, að verðlagning landbúnaðarvara hefur í mörgum tilfellum farið fram með öðrum hætti, eftir að núv. ríkisstj. kom til valda, heldur en áður var, og að bændur í gegnum verðlagninguna hafa náð betri árangri síðan en oft áður. Ég vil minna á það, að 1966, um vorið, var viðurkennt, enda staðfest í Árbók landbúnaðarins, að bændur höfðu fengið á sex árum hlut sinn leiðréttan, þannig að kaupgjaldsliður bóndans í verðlagsgrundvellinum hafði hækkað um 144%, þegar kaupgjald verkamanna hafði aðeins hækkað innan við 100%. En af hverju gerðist þetta? Gerðist það vegna þess, að ríkisstj. vildi gera hlut bænda betri, miklu betri en verkamanna eða launþega? Nei, það gerðist ekki af því. Það gerðist af því, að ríkisstj. vildi ekki, að hlutur bænda væri lakari en hlutur annarra vinnandi stétta. Þess vegna varð þessi leiðrétting til að koma. Þessi leiðrétting varð til að koma vegna þess, að framsóknarmenn, á meðan þeir fóru með völd, höfðu vanrækt að stuðla að því, að bændur fengju það verð í grundvellinum, sem þeim bar til þess að fá hliðstæð kjör við aðrar vinnandi stéttir, að þeir fengju fullt grundvallarverð. Það var ekkert gert til þess að tryggja útflutninginn á þessum tíma, og það var látið líðast, að bændur fengju lægra verð skrásett en svo, að þeir gætu nokkurn tíma náð hliðstæðu kaupi út úr framleiðslunni við það, sem verkamenn og aðrir launþegar höfðu fengið. Þess vegna varð að hækka kaup bóndans við verðlagninguna á þessum árum miklu meira en laun verkamanna og annarra vinnandi stétta hafði hækkað. Getur það verið, að hv. þm. Stefán Valgeirsson hafi ekki vitað um þetta, þegar hann var að semja þá ræðu, sem hann var að flytja hér áðan? Er leyfilegt að hugsa sér það, að þm. sé svo illa að sér, að hann hafi ekki vitað um þetta? Ég veit ekki, hvort er betra fyrir hann að vera álitinn svo fáfróður um þessi mál, sem hann

talar svo títt um, að hann hafi ekki vitað um þetta, eða hitt, að hann hafi vitað um það og að hann hafi ekki verið nógu heiðarlegur til þess að viðurkenna staðreyndir í þessu efni, heldur kosið að koma hér með fullyrðingar í trausti þess, að því yrði ekki andmælt, og að menn hefðu gleymt því, sem skeði fyrir örfáum árum.

Ég skal ekkert fullyrða um það, hvað menn vilja álíta í þessu efni, en hvort sem verður ofan á, þá verður hlutur hv. þm. í þessu tilfelli alls ekki góður. Það held ég, að sé alveg útilokað. En ég vil minna hv. þm. á það, að þegar hann hneykslast á nefndarskipuninni, þá hafa bændur sjálfir á sínum stéttarþingum talað um það, að það þyrfti að endurskoða framleiðsluráðslögin. Þeir hafa — bændurnir sjálfir — óskað eftir því að gera verðlagningarkerfið einfaldara. Þeir hafa jafnvel sumir, sem lengst hafa gengið, óskað eftir því að leggja 6 manna nefndina niður. Þeir hafa óskað eftir því, síðan núv. ríkisstj. kom til valda, að semja beint við ríkisstj. Skyldi það vera vegna þess, að þeir vantreysta ríkisstj.? Ég hef oft sagt það við bændur, sem hafa borið þessa till. fram á stéttarsambandsfundum og annars staðar, að ég gæti út af fyrir sig verið stoltur af því, að þeir óskuðu eftir því að taka upp beina samninga við ríkisstj. um verðlagningu búvöru. Ég hef hins vegar ekki óskað eftir því að taka við þeim heiðri og framkvæma það. Ég hef talið, að það væri eðlilegt að stuðla að því, ef mögulegt væri, að hafa samkomulag við neytendur um verðlagninguna, eins og hefur verið síðan 1943. Og það er enginn vafi á því, að ef það tekst að ná samkomulagi þannig, þá tryggir það miklu frekar heldur en nokkuð annað frið á milli stéttanna, og það er ákaflega mikils virði fyrir bændur, ef hægt er að halda friði við neytendur, sem kaupa vöruna. Ég skal viðurkenna, að þann frið má ekki kaupa það dýrt, að hagsmunir bænda séu fyrir borð bornir. Nú hefur það verið svo s. l. 2 ár, síðan framleiðsluráðslögunum var breytt, að þá hefur Alþýðusamband Íslands ekki viljað tilnefna mann í 6 manna nefnd, þessi fjölmennu stéttarsamtök, neytendasamtök, og þess vegna hefur félmrh. orðið að skipa mann í nefndina, til þess að hún yrði fullskipuð. Einn punkturinn af fimm í erindisbréfi þessarar umræddu nefndar er sá, að getið verði tilraun til að fá neytendur til að taka fullan þátt í verðlagningunni. Ef sú tilraun fer út um þúfur, nær það ekki lengra. Það er þá aldrei verra en svo, að það yrði e. t. v. reynt að búa við lögin eins og þau eru úr garði gerð. Og það eru 4 punktar aðrir, sem ég kann ekki utan að, en ég get huggað hv. þm. Stefán Valgeirsson með því, að ég samdi þetta erindisbréf í samráði við fulltrúa bænda og fulltrúa neytenda. A. m. k. sumir af þeim vissu nákvæmlega um það, hvernig þessir punktar voru. Og fulltrúar bænda í 6 manna nefnd og stjórn Stéttarsambandsins, sem tekur ábyrga afstöðu til málanna, þeir gera sér alveg grein fyrir því, að það getur verið vinningur að því að athuga ýmislegt, sem við kemur þessum málum. Það getur t. d. verið vel athugandi, hvort það er heppilegt að nota þær fjárhæðir, sem bændur fá nú í útflutningsuppbætur og notaðar eru í niðurgreiðslur, öðruvísi en nú er gert, hvort það gæti komið bændum að betra gagni, að þessir peningar væru notaðir öðruvísi en nú er gert, og þjóðinni í heild að eins miklu eða betra gagni, t. d. með því að greiða niður á öðrum stigum og lækka framleiðslukostnaðinn. Þetta er reikningsdæmi, og ég vil ekki fyrir fram fullyrða neitt um það, hvernig útkoman verður, ef þessu væri breytt. En ég hlustaði á formann Stéttarsambands bænda halda ræðu einu sinni í sumar, þar sem margt var saman komið af bændum og reyndar fleira fólki, og þá hafði hann einmitt orð á þessu, að það gæti vel komið til greina, að þessar fjárhæðir allar, niðurgreiðslurnar og útflutningsuppbæturnar, gætu komið að meira gagni fyrir bændastéttina og verið notadrýgra fyrir þjóðarheildina að nota þetta með öðrum hætti í þágu bænda. Og menn skyldu aldrei fyrir fram vera lokaðir fyrir því að skoða málið. Það er einnig ákveðið í þessu bréfi, að það skuli athugað, með hverjum hætti væri hugsanlegt að draga úr framleiðslukostnaðinum, m. a. til þess að gera framleiðsluna samkeppnisfærari á erlendum markaði, til þess að gera hana ódýrari fyrir neytendur, en þó þannig, að bændur bíði alls ekki tjón þar af. Þá býst ég við, að n. athugi það einnig, hvort heppilegt er að stuðla að sérframleiðslu búvara á einstökum svæðum eða hvort eðlilegt er að ýta sérstaklega undir mjólkurframleiðslu t. d. í námunda við þéttbýli, en kjötframleiðslu, þar sem lengri eru flutningar á innlendan markað. Allt þetta mun n. skoða. En erindisbréf n. hljóðar ekki upp á það að fara að stefna aftur á bak í íslenzkum landbúnaði, heldur er meiningin miklu frekar sú að finna leiðir til þess að stefna fram á við, til þess að kjör bændanna megi vera betri en þau hafa verið, til þess að framleiðslan geti orðið hagnýtari. Og áreiðanlega mun n. taka einnig til athugunar, hvort ekki er ráðlegt að taka upp enn meiri fjölbreytni í framleiðslunni, þannig að hún fullnægi enn betur en fyrr öllum þörfum og kröfum, sanngjörnum kröfum neytenda.

Það hefði verið gott fyrir hv. þm. að ræða við flokksbræður sína um þessa nefndarskipun og innihald þessa bréfs, áður en hann kemur hér upp í ræðustólinn og fullyrðir, að með þessari nefndarskipun hafi verið ákveðið að hopa eitthvað í framfarasókn íslenzks landbúnaðar og fyrir hönd íslenzkra bænda. Hv. þm. á vonandi eftir að læra það, að það er betra að kynna sér þau mál, sem rætt er um, áður en hann fer upp í ræðustólinn til þess að fullyrða það, sem menn sín á milli segja um á eftir: Þetta var tóm vitleysa, sem maðurinn sagði.

Satt að segja talaði hv. þm. lítið um þetta frv., sem hann er þó 1. flm. að og dagskráin segir, að sé hér til umr. Hann lauk máli sínu með því að segja eitthvað á þá leið, að frv. væri flutt í þeim tilgangi að reyna að fá því til vegar komið, að lausaskuldum bænda verði breytt í föst lán með það fyrir augum að bæta kjör þeirra og gera þeim kleift að standa undir skuldabagganum.

Árið 1962 var lausaskuldum bænda breytt í föst lán til 20 ára með 8% vöxtum. En af einhverjum ástæðum notuðu ekki nærri allir bændur sér þetta tækifæri þá. Það má segja, að nú eftir 6 ár sé ástæða til þess að gera þetta í annað sinn. En lausaskuldir voru hjá bændum fyrir 1962 og áður en núv. ríkisstj. komst til valda, en það bar aldrei á því, að flokksmenn hv. þm. sæju ástæðu til þess þá að gera ráðstafanir til þess að breyta lausaskuldum í föst lán.

Hv. þm. flytur nú þetta frv., við skulum segja af miklum áhuga á framförum og velgengni bænda, og hann hefur fengið með sér mæta menn á þetta frv., en enginn af þeim hefur viljað vera 1. flm., m. a. vegna þess, að sams konar eða líkt frv. hafa flokksbræður þessa þm. flutt í Ed. á þessu þingi og einnig áður, og einnig vegna þess, að bæði 1. flm. og allir hinir vita það, að ríkisstj. hefur í undirbúningi ýmislegt þessu skylt. Á s. l. vori voru ráðnir menn til þess að gera athugun á efnahag og rekstraraðstöðu bænda á harðindasvæðunum. Það skyldu teknar upp eignir og skuldir bænda á harðindasvæðunum. Það skyldi fengin glögg mynd og góð grg. um það, hvernig efnahagur bænda á þessu svæði væri, áður en ríkisstj. gerði till. um, hvað gera skyldi bændastéttinni á þessu svæði til hjálpar. Þegar leið á sumarið og komið var fram í ágústmánuð, var ákveðið, að þessi athugun skyldi ekki bundin aðeins við harðindasvæðið, heldur skyldi athugunin ná yfir landið allt. Það skyldi dregin upp glögg og skýr mynd af afkomu og rekstrarafkomu bændastéttarinnar um land allt. Og tveir ágætismenn hafa unnið í þessu. Annar þeirra er Árni Jónasson, fyrrv. bústjóri. Hinn var Kristján Karlsson, sem nú er nýlega látinn. Og störfin hafa tafizt nokkuð, vegna þess að hann féll frá. En ég vænti þess, að þessi mynd, sem á að vera skýr og gefa gott yfirlit um efnahag bænda um land allt og rekstraraðstöðu, hún liggi fyrir í janúarmánuði. Þetta vissu allir nú á haustmánuðum, að ríkisstj. var að láta vinna. Þessi vinna er harla yfirgripsmikil, hún kostar talsvert fé, og menn geta spurt: Hvers vegna var ríkisstj. að láta gera þetta? Hvað meinar hún með þessu? En er það ekki augljóst, að ríkisstj. lætur gera þetta af því, að hún vill laga og bæta aðstöðu þeirra, sem verst eru settir? Og það er ekki talið fært að gera það nema hafa séð grunninn og séð, hvernig efnahagur bændanna er og rekstraraðstaða öll. Þess vegna hefði verið nægilegt að flytja eitt frv. líkt þessu, sem hér er um að ræða. Það hefði verið nægilegt að endurflytja það frv., sem hv. framsóknarmenn hafa flutt á mörgum undanförnum þingum, þótt ekki hefði komið annað frv. því líkt hér í hv. Nd.

En út af fyrir sig skiptir þetta ekki verulegu máli, og það er ekki þetta, sem bændurnir spyrja um að lokum. Þeir spyrja ekkert um það, hvernig ræðu hv. þm. Stefán Valgeirsson flutti hér í kvöld. Það kemur málinu ekkert við. Það, sem kemur bændunum við, og það, sem spurt verður um, er það, hvað verður gert í þessu máli. Það er það, sem skiptir máli. Þegar þessi athugun hefur farið fram, liggur það fyrir, hversu margir bændur eru svo illa settir sem hv. þm., sem talaði hér áðan, lýsti, því að hann lýsti því þannig, að það væri algert kreppuástand, ekki aðeins hjá bændum, heldur í atvinnulífinu öllu og hjá öllum stéttum þjóðfélagsins. Og þess vegna er það, þegar slíkar fullyrðingar eru í frammi hafðar dag eftir dag, viku eftir viku og mánuð eftir mánuð, — þess vegna er það mikils virði, að athugun, eins og ég nú var að lýsa, fari fram og menn fái sanna mynd af þessu. En ég ætla, sem betur fer, að fullyrðingar hv. þm. hafi ekki við rök að styðjast, og sem betur fer er meiri hluti bændastéttarinnar allvel settur og alls ekki hjálparþurfi. Hitt er svo annað mál, að í öllum héruðum munu finnast menn, sem hafa lélegan efnahag, miklar skuldir, of lítil bú og sitja á þannig jörðum, að það er ekki að búast við sæmilegum lífsskilyrðum með því að búa á þeim jörðum. Þess vegna er það, að það þarf enn að sameina fleiri jarðir, sem eru of litlar, til þess að skapa lífvænleg skilyrði, og það er ekki til afturfarar fyrir landbúnaðinn, þó að tvö eða þrjú kot verði sameinuð í eina góða bújörð, og hvaða þm. er það, sem vill með sanni halda því fram, að það út af fyrir sig sé röng stefna? Hver vill segja, að það hafi verið röng stefna að stækka meðalbúið, eins og hefur verið gert síðustu 9 árin og ég lýsti áðan? Vitanlega enginn.

Það er enginn vafi á því, að aðstaðan til búrekstrar hefur versnað síðustu þrjú árin. Hún hefur versnað vegna þess, að tíðarfarið hefur gerbreytzt. Ég lýsti því áðan, að bændur hefðu fengið mikla leiðréttingu til ársins 1966 á verðlaginu, með því að kaup bænda í verðgrundvellinum var hækkað miklu meira en kaup launþeganna, og að á árinu 1965 munu bændur hafa verið komnir fyllilega upp að hlið launþeganna og fengið fyllilega hliðstæðar tekjur og aðrar vinnandi stéttir, viðmiðunarstéttirnar. Kannske hefur það verið í fyrsta sinn, eftir að löggjöfin var sett, — kannske hefur það verið í fyrsta sinn 1965, að bændur hafa náð því takmarki að hafa nokkurn veginn sambærilegar tekjur. En þegar árferðið versnar og tíðarfarið kólnar, þegar við fáum þessi köldu vor eins og hafa verið núna undanfarið, hafa bændur vitanlega orðið að eyða bæði meiri heyjum og fóðurbæti en reiknað var með og normalt er, og það hefur leitt til þess, að þeir hafa fengið minni afurðir, en stóraukinn tilkostnað. Ég veit

ekki, hvort hv. þm. Stefán Valgeirsson vill kenna ríkisstj. um þetta. En á orðum hans áðan mátti raunverulega skilja, að það væri raunverulega ríkisstj. að kenna. Og lítið gerði hann úr verðlagningu búvöru 1966, en þá var samkomulag í 6 manna n. um verðið, og ég hygg, að verðlagningin 1966 hafi alls ekki verið ámælisverð, það sé alls ekki réttlátt að ámæla fulltrúum bænda, sem sömdu þá um verðið við neytendur. Verðlagningin 1967 fór fram með öðrum hætti, vegna þess að það varð ekki samkomulag. Hv. þm. vill láta í það skína, þó að hann segi það ekki berum orðum, að ríkisstj. hafi staðið á bak við þá verðlagningu, þann úrskurð, sem þá var felldur. Ég mun ekki eyða tíma í að ræða slíkt, það vita allir, að verðlagningin 1967 fór fram samkv. lögum, og hvernig dómurinn féll, var ekki mál ríkisstj. Verðlagningin á s. l. hausti fór einnig fram samkv. lögum til 2 ára. Þá féll úrskurður, og enginn vafi er á því, að sá úrskurður var hagstæðari fyrir bændur en úrskurðurinn fyrir ári. Ég ætla ekki heldur að fara út í það, en áreiðanlega geta menn enn bent á ýmislegt, sem mætti leiðrétta betur, en ég hygg líka, að það séu margir, sem efast um, að það sé rétti tíminn einmitt núna til þess að heimta það, sem mætti kalla fullar leiðréttingar.

Hv. þm. talaði mikið um gengisbreytinguna og annað slíkt, og það mátti skilja á honum, að það væri sök ríkisstj., þessi gengisbreyting og gengisbreytingarnar bæði nú og fyrr. Ég held, að það verði að fresta því fram yfir hátíðar að ræða nánar um gengisbreytinguna og orsakir þess, en ég hygg, að þeir séu orðnir margir flokksbræður þessa hv. þm., sem hafa gert sér grein fyrir því, hvers vegna gengisbreytingin var gerð. Ég held, að það séu fleiri en formaður þingflokks Framsfl., sem gerðu sér grein fyrir því, að það varð annaðhvort að fella krónuna eða taka upp útflutningsuppbætur í miklu stærri stíl, vegna þess að þjóðin hafði misst nærri helming af sínum útflutningstekjum. Og jafnvel þótt hv. þm. vilji láta í það skína, að þetta sé allt sök ríkisstj., þá trúir því enginn, að það sé á valdi ríkisstj. að stjórna síldargöngum, það sé á valdi ríkisstj., hvað mikið veiðist hér af þorski, eftir að allt hefur verið gert til þess að auka veiðitæknina með kaupum nýrra skipa, að það sé á valdi ríkisstj. að ráða markaðsverði á síldar- og fiskafurðum í heiminum. Þessu trúir enginn, og vegna þess að það trúir því enginn, dettur engum í hug að deila um það í alvöru, að gengisfellingin sé ríkisstj. að kenna. Hitt er svo vitað mál, að vegna þess að búið var að undirbyggja ýmislegt hér, auka atvinnutæknina, hefur ekki enn skollið á raunveruleg kreppa hér á landi, og samkvæmt útreikningum þurfa lífskjörin ekki að ganga lengra til baka en svo, að það miðist við árin 1962 og 1963. Ég vil vona, að hv. þm. geri sér grein fyrir því nú um jólahátíðina, því að þá er tími til þess að hugsa og þá er líka tími til þess að tala minna, — hann geri sér grein fyrir því, í hverju það liggur, að við Íslendingar þurfum nú um sinn að breyta nokkuð til frá því, sem var, þegar bezt lét, og að hann geti huggað sig með því á jólunum, að ef hann vilji ganga í lið með þeim, sem vilja byggja raunverulega upp og efla frið í þjóðfélaginu í staðinn fyrir ófrið, muni fljótt aftur koma bati í íslenzku atvinnu- og efnahagslífi.

Umr. frestað.

Á 43. fundi í Nd., 11. febr., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Þegar þetta mál var á dagskrá í des. s. l., hélt hv. 1. flm. þess, hv. 5. þm. Norðurl. e., skörulega ræðu, þar sem hann gerði grein fyrir frv. á glöggan hátt og tók um leið stefnu ríkisstj. og frammistöðu allri rösklegt tak. Hæstv. landbrh. þoldi ekki mátið, sem varla var nú von, og flutti þá hérna langa ræðu. Fannst mér, þegar ég var að hlusta á þá ræðu, að þar væri sumt ofsagt, en annað ýmislegt með þeim hætti, að varla hæfði, því að ráðh. brá frsm. bæði um vanþekkingu og að hann vantaði heiðarleika í málflutningi.

Ég hef stundum áður orðið þess var, að þessi hæstv. ráðh. bregður slíkum rökum fyrir sig, þegar hann telur sig eiga í vök að verjast. Mér finnst það ekki vel viðeigandi. Auðvitað ræður hann sinni venju í þessu, og ég mun láta það afskiptalaust. En mér finnst vegur Alþ. ekki vaxa af því, þegar þm. og ekki síður ráðh. bregða hverjir öðrum um óheiðarleika í málflutningi, þegar slíku er ekki til að dreifa, eins og ég tel, að ekki hafi verið í áminnztri ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e.

Ég ber virðingu fyrir því, þegar menn sýna karlmennskuhug og reyna að verja sig, og það má segja um hæstv. landbrh., að hann er bardagamaður og beitir kröftum í bardaganum. En hv. 5. þm. Norðurl. e. er líka nokkuð sterkur. Og það er dálítið gaman að því að sjá þá eigast við. Ég býst nú við, að þeir eigi eftir að takast hér á og þeirra atgangur verði e. t. v. nokkuð harður, eins og hann var fyrir jólin. Ég kvaddi mér ekki hljóðs til þess að fara í neina glímu í sambandi við þetta frv., ég er ekki neinn bardagamaður eins og þeir, en ég taldi rétt, þar sem ég er einn af flm. þessa frv., að ég kæmi hér í ræðustólinn og segði nokkur orð.

Ég veit, að bændastéttin á nú í miklum erfiðleikum með að standa í skilum við sína lánardrottna, og það mun líka hafa verið svo, að margir bændur munu eiga óuppgerðar sínar sakir núna, sem áttu þó að vera á hreinu um s. l. áramót. Ég veit, að mörgum bónda líður nú illa út af slíku. En bændurnir eru ekki vanir að bregða loforð sín. Það vita þeir, sem vanir eru því að eiga viðskipti við þá. En núna er svo komið högum þeirra margra, að þeir hafa ekki getað greitt

af skuldum sínum. Þeim ríður þess vegna ekki á neinu meira núna í bili heldur en því, að greiðslufrestur verði gefinn á skuldum, þar til athugun er lokið á þeirra efnahag, og það verði teknar ákvarðanir um að breyta lausaskuldum þeirra í föst lán með þolanlegum kjörum, eins og frv. okkar framsóknarmanna í Ed. gerir ráð fyrir. Hæstv. landbrh. hefur sjálfur skipað rannsóknarnefnd til þess að athuga hag bænda. Þetta hefði hann varla gert, ef hann teldi hag þeirra almennt góðan, eins og hann lætur þó við flest tækifæri í ljós, að hann sé. Ég hef aldrei satt að segja skilið þá röksemdafærslu hjá hæstv. landbrh., þegar það er haft í huga, að hvað eftir annað er það staðfest í opinberum skýrslum hagstofunnar, og ég hef ekki heyrt neinn treysta sér til þess að mótmæla hennar niðurstöðum og hennar skýrslum, að bændur eru tekjulægsta starfsstétt landsins, búin að vera það nú um nokkuð mörg ár. Það munaði t. d. á tekjum þeirra og viðmiðunarstéttanna árið 1967 um 130 þús. kr., að bændur voru þá tekjulægri en viðmiðunarstéttirnar.

Þá er ég ekki síður hissa á upphrópunum og fullyrðingum hæstv. landbrh. um góðan hag bænda, þegar það er haft í huga, að árið 1962 neyddist hann sjálfur til þess að beita sér fyrir lögum um það að breyta lausaskuldum bænda í föst lán. En gengisfellingarnar, sem núv. hæstv. ríkisstj. gerði 1960 og aftur 1961, gengu svo nærri afkomu bænda og fleiri ráðstafanir, sem þá voru gerðar, eins og t. d. stytting lánstímans, hækkaðir vextir um 50% a. m. k., skattur lagður á söluvörur bændanna o. fl., að þeir gátu þá ekki staðið í skilum margir hverjir. Slíkt hafði þá ekki skeð síðan í heimskreppunni eftir 1930. Dýrtíðin og hinar stóru gengisfellingar í fyrra og aftur nú í vetur hafa sannað það enn á ný, að nú er ekki minni þörf en 1962 á því að gera ráðstafanir í skuldamálum bænda, því að það er vitað, að skuldasöfnun hefur verið mjög mikil hjá þeim síðustu árin. Þetta veit hæstv. landbrh. Þess vegna hefur hann sett n. til þess að rannsaka þessi mál, eins og ég sagði áðan.

Ráðh. vill aldrei viðurkenna, að ríkisstj. vilji samdrátt í landbúnaði. Það getur vel verið, að hann sjálfur kæri sig ekki um samdrátt, en ég held, að það sé opinbert mál, að ríkisstj. hefur viljað samdrátt í landbúnaði, ekki síst hæstv. viðskmrh., sem hvað eftir annað hefur látið það í ljós, að hann vildi fækka bændum og vildi draga saman framleiðsluna í landbúnaðinum. Hins vegar vill, eins og ég sagði, hæstv. landbrh. ekki viðurkenna þetta, og í því sambandi skírskotar hann venjulega til talna, sem hann hefur þá á reiðum höndum um aukna ræktun, sem átt hefur sér stað á síðustu árum í landinu. En hann nefnir þá ekki heldur, sem hann ætti þó að gera, — hann nefnir ekki allar þær jarðir, sem á þessum árum hafa farið í eyði, og alla þá ræktun á þessum jörðum, sem í eyði eru komnar, sem nú er komin í órækt og ekki að neinum nytjum. Það eru í skýrslu, sem ég hef í höndum frá landnámsstjóra, taldar í eyði fardagaárið 1966—1967 527 jarðir. Ef gert er ráð fyrir t. d., að meðaltúnstærð á þessum eyðijörðum sé 5 hektarar á hverri, sem ég hygg að fyllilega megi gera ráð fyrir, og e. t. v. meira, en ég ætla ekki að gera ráð fyrir nema 5 hekturum að jafnaði á þessum jörðum, þá hafa þar fallið í niðurníðslu 2600 hektarar af ræktuðu landi á undanförnum árum og eru nú á þeim flestum þessi tún komin í órækt.

Ráðh. sagði í ræðu sinni hér fyrir jólin um þetta mál, að meðalbúið hefði stækkað á s. l. 9 árum úr 315 ærgildum í 400 ærgildi. Þetta mun vera rétt hjá honum. En þessi bústærðaraukning hefur ekki nægt, og það veit ráðh. sjálfur, til að mæta auknum tilkostnaði bæði við búreksturinn og til aukinnar neyzluþarfar vegna dýrtíðarinnar og gengisfellinganna. Sem dæmi skal ég nefna það, að dráttarvél, sem kostaði árið 1958 eitthvað rúmar 50 þús. kr., kostar núna af sömu stærð um eða yfir 200 þús. kr. og önnur tæki eftir þessu. Allir vita um byggingarkostnaðinn, hver risaskref hann hefur tekið á s. l. 9 árum, þar sem byggingarvísitalan hafði hækkað í júlí s. l. um 232 stig frá því, sem hún var árið 1960. Þá má nefna áburðarverðið. Ég hef ekki athugað, hvað verð tilbúins áburðar hefur hækkað mikið síðan 1958 eða 1959. En verðhækkunin á s. l. vori var 19.53% fyrir allar áburðartegundir, þ. e. a. s. vegið meðaltal allra áburðartegundanna, hækkun 19.53% á því eina ári. Ég er ákaflega hræddur um, að sú fjölgun ærgilda á meðalbúinu, sem hér hefur verið nefnd og er úr 315 í 400, hafi hjá mörgum bændum náð allt of skammt til þess að vega á móti þeirri gífurlegu dýrtíð og ráðstöfunum, sem m. a. hafa verið gerðar af hálfu stjórnarvalda til þess einmitt að koma á samdrætti í landbúnaðinum, enda má sjá þess merki í greiðsluerfiðleikunum og skuldasöfnun bændanna, sem ég hef verið að tala um, í því, að þeim hefur fækkað á 9 árum um hátt á sjöunda hundrað, og í því, að nú dregst mjólkurframleiðslan svo saman, að gera má bráðlega ráð fyrir skorti á sumum mjólkurvörum. Það þarf ekki að rökstyðja það, að það fækkar ekki fólki í þeim stéttum, þar sem er velmegun. Fólki fækkar ekki í öðrum stéttum en þeim, þar sem mönnum vegnar ekki nógu vel. Úr þeim atvinnuvegi flýja menn og reyna að fá sér lífsviðurværi við eitthvað annað. Og þetta hefur átt sér stað á undanförnum árum. Bændum hefur fækkað. Sumir segja, að það sé ekki mikill skaði, og það má vel vera, að það sé hægt að reka hér blómlegan landbúnað, þó að bændum fækki eitthvað. Ég skal ekki hafa á móti því, að það geti verið skynsamlegt að leggja einhver afskekkt býli til hliðar og geyma þau framtíðinni, á meðan framleiðslan er yfrið nóg. En þetta hefur átt sér stað

á undanförnum árum vegna þess, að menn hafa ekki unað við hlutskipti sitt í landbúnaðinum og flúið frá honum.

Hæstv. landbrh. talaði um, að nokkrar kotjarðir væru komnar í eyði. En eins og ég var að segja, eru þær nú allmargar og fleiri en nokkrar, og þar að auki væri hægt að nefna nokkuð mörg stórbýli, sem einnig hafa lagzt í eyði á undanförnum árum. Hann hefur líka stundum talað um það, hæstv. ráðh., að það hafi bætt aðstöðu sumra bænda, þegar byggðin grisjaðist og þeir fengu eyðijarðir til viðbótar við sínar jarðir, þeir sem eftir sátu. Í sumum tilfellum kann þetta að vera rétt, þar sem sauðfjárrækt er stunduð í stórum stíl, ef viðkomandi bændur ráða þá við að smala þessi stóru lönd. En það er nú ekki alls staðar, sem þeir hafa í raun og veru ráðið við það, og víða hafa girðingar, sem eru nauðsynlegar fyrir búskapinn, fallið í vanhirðu vegna þess, að bændur hafa ekki ráðið við að stækka svo við sig löndin.

Þeir bændur t. d., sem stunda mjólkurframleiðslu, eiga ekkert að gera við stórar jarðir. Það hefur ekkert gildi fyrir þá, af því að þeir komast ekki yfir að nytja þær eða hirða. Þeir þurfa að hafa aðeins nóg land til ræktunar, en víðátturnar hafa enga þýðingu fyrir mjólkurframleiðslubændurna.

Hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni, þegar hann var að svara hv. 5. þm. Norðurl. e., að það þyrfti að sameina fleiri jarðir, svo að þær yrðu betri bújarðir. En ég hef nú bent á, að það er ekki nema þá á stöku stað, sem slíkt á við. Það er hægt að benda á það, og það er eftirtakanlegt í sumum sveitarfélögum, sem ég þekki til á Suðurlandi, að þar sem fólkið er flest og hver jörð er setin, þar er afkoma fólksins bezt. Þar er fólkið ánægðast, þar er félagslíf í blóma, þar verða störfin léttust hjá fólkinu, og þar er öryggið mest, ef eitthvað ber út af með heilsufar eða ef eitthvað kemur fyrir, því að þá er hjálpin nærtæk, og þar sem fjölmenni er og margmenni í sveitarfélagi, þar eru skilyrði til þess að koma til hjálpar, ef eitthvað ber út af. Ég get t. d. nefnt sveitarfélag eins og Hrunamannahrepp í Árnessýslu, sem er svo þéttsetinn af fólki, að ég held, að það sé í raun og veru ekki pláss fyrir fleiri, eins og nú standa sakir. Ég held, að það sé ekki víða, þar sem fólk er ánægðara og því líður betur en einmitt í þeirri sveit, af því að það finnur til öryggiskenndar og það getur veitt sér hollt og heilbrigt félagslíf, sem er nauðsyn á okkar dögum.

Ég hygg, að við séum flestir sammála um það, að við Íslendingar hljótum eins og flestar aðrar þjóðir að byggja landbúnað okkar á ræktun. Flestar þjóðir verja miklu fé til þess að halda landbúnaði sínum í horfi, efla hann og styrkja. Valda þar um bæði efnahagslegar og þjóðernislegar ástæður. Og við þurfum á því að halda eins og aðrar þjóðir að varðveita okkar þjóðerni, halda landi okkar í byggð eins mikið og við getum og vernda það fyrir eftirkomendur okkar og komandi kynslóðir.

Þó að ég hafi nú stundum deilt hér við hæstv. landbrh. um málefni bændanna, skal ég játa það, að ég hygg, að við eigum báðir það markmið að vilja bæta hag bænda. Það takmark næst ekki með því að telja upp, hvað ærgildum hefur fjölgað á meðalbúi og hvað sáð hefur verið í marga hektara á ári. Þó að það sé gott að vita til þess, að meðalbúið hefur nokkuð stækkað, þá væri þó hitt enn betra, ef það væri hægt með fullgildum rökum að sanna það um leið, að hagurinn hefði blómgazt og batnað. En því miður er það ekki, eins og ég hef reynt að draga nokkur rök að. Það segir ekki a. m. k. nema hálfan sannleikann um hag bændanna og stöðu landbúnaðarins sem atvinnuvegar, þó að við getum bent á, að meðalbúið hafi nokkuð stækkað. Það er fyrst og fremst góður efnahagur, traustur efnahagur, sem er bændunum sjálfum og þjóðinni allri brýnasta nauðsyn.

Ríkisvaldið hefur á okkar dögum miklar skyldur að rækja við atvinnuvegi og þegnana í hverju landi og ekki sízt hjá okkur Íslendingum, sem erum sífellt að nema okkar land og eigum ákaflega mikið ógert í því, bæði við sjávarsíðuna og til sveitanna. Bændurnir eru hlekkur í þeirri keðju, sem bindur lífakkeri lands og þjóðar, og þess vegna verður að treysta eins og mögulegt er öryggi fyrir því, að þeir geti haldið störfum sínum áfram nokkurn veginn óháðir. Ef bændastéttin flosnar upp frá jörðum sínum og getur ekki lifað við allgóð og traust lífskjör, verður ekki heldur lengi traustur grundvöllur undir ráðherrastólnum, sem hæstv. landbrh. situr í eða aðrir ráðh. sitja í. Það fer að hrikta í valdastólum, ef atvinnulífinu er ekki fullur skilningur og sómi sýndur bæði til lands og sjávar. Báðir höfuðatvinnuvegirnir, landbúnaður og sjávarútvegur, geta veitt og munu veita þúsundum manna viðurværi á óbeinan hátt í æ ríkara mæli, eftir því sem tímar líða, með vinnu við iðnað. Það sást bezt nú í vetur, þegar verksmiðjurnar brunnu á Akureyri, hvaða störf það voru, sem fólkið þar missti um sinn. Það var vinna við það að breyta framleiðsluvörum bændanna í dýra útflutningsvöru. Það voru bændurnir, sem höfðu lagt til hráefnið í þessa mikilvægu iðngrein, sem þarna er stunduð, og ég hygg, að þá hafi mörgum fyrst opnazt sýn um það, hverja þýðingu landbúnaðurinn getur haft líka fyrir iðnaðinn í landinu og fyrir fólkið í þéttbýlinu. Þessi störf má enn auka, það er ég sannfærður um, og margfalda, ef búið verður svo að bændastéttinni, að hún verði fær um að rækja sitt mikilvæga hlutverk.

Það er hart, að í hvert sinn sem við framsóknarmenn berum hér fram á hinu háa Alþ. till. um stuðning við landbúnaðinn og þá, sem hann stunda, þá skuli sjálfur landbrh. rísa hér upp með

þá fullyrðingu, að bændastéttin hafi svo góð lífskjör, að þau hafi aldrei verið betri. En þetta er hans venja. Í hvert skipti sem við berum hér fram einhvers konar málefni, sem eiga að verða til stuðnings við landbúnaðinn, þá kemur hann upp í þennan ræðustól og víða annars staðar og blæs sig út um það, hvað bændur búi nú við góð kjör og þau hafi aldrei verið betri áður. Ég kann illa við þetta og ég trúi því ekki, að hann trúi þessu sjálfur. Ég veit, að hann er manna kunnugastur landbúnaði og bændastéttinni, og hann veit, að þar eru miklir erfiðleikar núna og hafa verið að aukast einmitt í hans stjórnartíð vegna þeirrar stjórnarstefnu, sem rekin hefur verið. Hún hefur farið þannig með bændastéttina, eins og hann hlýtur bezt að vita sjálfur. Mér finnst, að þessar aðferðir hæstv. landbrh. líkist mest barnalegri afbrýðisemi í garð okkar. Ég get vel skilið það, að ráðh. hafi metnað og vilji setja sinn stimpil á allar úrlausnir, sem gerðar eru í sambandi við landbúnaðarmál af hálfu hins opinbera. En þó að hann hafi viljað bændum vel, fer það ekki leynt, eins og ég hef bent á, að þeir eru tekjulægsta stéttin í landinu. Og það er líka opinbert mál, að allt of margir þeirra eru sokknir í skuldir, sem þeir ráða ekki við. Það er líka vitað mál, að fram undan er nú og þarf að vinna að því á næstu árum að byggja upp nýjar vinnslustöðvar fyrir afurðir þeirra, eins og t. d. sláturhús. Og ég veit, að það mun kosta of fjár að breyta þessum vinnslustöðvum landbúnaðarins í það horf, sem nútíminn sættir sig við, svo að við getum borið höfuðið hátt gagnvart þeim, sem við viljum hafa viðskipti við, bæði innanlands og utan. En það getum við ekki í dag. Við höfum ekki svo góðar vinnslustöðvar fyrir sauðfjárafurðir landbúnaðarins, að við getum verið stoltir af því. Þar þarf miklar umbætur að gera á næstu árum.

Allt þetta og margt fleira verður að leysa, og það verður að gera með samstarfi margra manna, bæði hér á Alþ. og meðal bændastéttarinnar og forustumanna hennar. Þó að ég geri ekki lítið úr dugnaði og áhuga núv. hæstv. landbrh., þá hygg ég, að hann leysi þessi mál ekki einn. Hann ætti frá mínu sjónarmiði þess vegna að taka vel hverri þeirri viðleitni, sem aðrir en hann og hans samherjar sýna til þess að lagfæra þessi mál bændanna, sem ég hef gert hér að umtalsefni, og mörg önnur, sem ég hef ekki nefnt hér. Ég fyrir mitt leyti hef ekki og mun ekki kvarta undan því, þó að hæstv. landbrh. sé ómjúkur í garð okkar framsóknarmanna. „Þeim var ég verst, sem ég unni mest," sagði Guðrún Ósvífursdóttir. Hæstv. landbrh. var einu sinni fyrir löngu í Framsfl. Það er víst nokkuð algengur kvilli að óttast þá, sem menn einu sinni hafa sagt skilið við, og vilja í engu á þá hlusta. Og mér finnst, að þessi kvilli sé nokkuð áberandi hjá hæstv. landbrh.

Málefni atvinnuveganna eru alvarlegri en svo, að réttlætanlegt sé vegna flokkslegra væringa að ónotast út af till., sem fluttar eru í því skyni að ráða bót á vandræðum, og í því skyni einu er það frv. flutt, sem hér er til umr. og hv. 5. þm. Norðurl. e. flutti hér framsöguræðu fyrir í des. s. l. Ég vil því eindregið mælast til þess við hæstv. landbrh., að hann flýti fyrir þeirri lausn á skuldamálum bænda, sem felst í þeim frv., sem við höfum flutt, bæði því frv., sem hér er til umr., og frv., sem flutt er af framsóknarmönnum í Ed. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán. Þetta eru núna mest aðkallandi mál fyrir bændur. Í næstu röð kemur svo spursmálið um áburðarverðið í vor. Hvað ætlar ríkisstj. að gera í því máli? Það er sú spurning, sem brennur núna, að ég hygg, á vörum hvers einasta bónda í landinu. Hækki áburðurinn enn í verði, eins og ætla má af völdum gengisfellingarinnar og menn þekkja af reynslunni, þá er víst, að á stóran hluta af þeirri nýju ræktun, sem hæstv. landbrh. er svo drjúgur yfir, verður ekki borið í sumar. Ég veit, að ég þarf ekki að útskýra það hér, hvaða afleiðingar slíkt hefði, ekki einasta fyrir bændastéttina, heldur fyrir þjóðfélagið í heild. Það er beðið áreiðanlega núna í sveitum landsins með óþreyju eftir því að heyra eitthvað um það, hvað stjórnin ætlast fyrir í þessu efni, og þess vegna hef ég nú það mín síðustu orð, að ég ber þá spurningu hér fram til hæstv. landbrh.: Hvað er ákveðið að gera í því með áburðarverðið á komandi vori?

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hafði haldið, að þetta frv. væri að mestu leyti útrætt fyrir jólin. En hv. 2. þm. Sunnl. hefur nú samið ræðu í þinghléinu og flutt hér, sem við höfum heyrt. Ég er ekki að segja, að hann hafi verið sérstaklega lengi að semja þessa ræðu, en í þinghléinu hefur hún orðið til. Og hv. þm. er meðflm. að þessu frv., og þess vegna er ekkert óeðlilegt, þó að hann láti eitthvað í sér heyra. Og sannleikurinn er sá, að mér finnst nú vera ráðin að nokkru leyti gátan um það, hvers vegna hv. 1. flm. var ekki kosinn í bankaráð Búnaðarbankans. Ég gæti trúað því, að ýmsir hv. flokksbræður þeirra flm. að þessu frv. hafi álitið, að það væri ekki kannske alveg full ábyrgð, sem þessir menn bæru á gerðum sínum, að bera það fram og vilja lögfesta það, að bændur og vinnslustöðvar landbúnaðarafurða skuli hafa greiðslufrest til 1. maí 1969 á öllum afborgunum og vöxtum af þeim skuldum, sem þessir aðilar hafa stofnað til fyrir 1. sept. 1968 vegna framkvæmda eða framleiðslu og vinnslu landbúnaðarafurða. Það er nú alveg ljóst, hvað hefði orðið um stofnlánadeildina, ef þetta hefði verið lögfest um það leyti, sem frv. var flutt. Það hefði vitanlega verið grafið algerlega undan henni og komið í veg fyrir það, að hún gæti starfað áfram, nema þá hún fengi fjármagn annars staðar frá, t. d. frá ríkissjóði. En ekki fluttu þessir hv. flm. till. við fjárl. um það að taka

á ríkissjóð nokkra tugi millj. kr. til handa stofnlánadeildinni, sem hún hefði orðið af, ef þetta frv. hefði orðið að lögum.

Hv. 2. þm. Sunnl. gerði mikið úr því, hvað greiðsluerfiðleikar bænda væru alvarlegir nú, að þeir gætu ekki staðið í skilum með skuldbindingar sínar, og það væri þeim raun. Það er rétt. Það er nokkur hluti bænda, sem á í erfiðleikum. En það eru betri skil hjá stofnlánadeild landbúnaðarins á árinu 1968 heldur en áður. Það er minna ógreitt við síðustu áramót hjá stofnlánadeildinni heldur en áður. Og það staðfestir ekki þá staðhæfingu, sem hér var viðhöfð áðan. Það nálgast það að vera ekki heiðarlegur málflutningur hjá hv. 2. þm. Sunnl. En hann var viðkvæmur fyrir því í byrjun sinnar ræðu, að ég hafði fullyrt, að hv. 1. flm. þessa frv. hefði ekki haft heiðarlegan málflutning í frammi, þegar hann flutti framsöguræðu sína hér í þessu máli. Ég leyfði mér að kalla það óheiðarlegan málflutning, þegar hann fullyrti t. d., að það hefði ávallt verið stefna núv. ríkisstj. að draga úr framleiðslunni, að fækka bændum og jafnvel mátti lesa það á milli orðanna, að það hefði verið stefna ríkisstj. að búa illa að bændum. Það er vitanlega ekki rétt, þar sem hv. 1. flm. þessa frv. er ekki hér viðstaddur nú, að fara mörgum orðum um þetta, en það er hægt að lesa ræðu hv. þm. hér í þingtíðindunum, og þá geta menn áttað sig á því, hvort málflutningurinn hefur verið heiðarlegur og hvort það var viðeigandi hjá mér að viðhafa þau orð, sem ég hafði um þessa ræðu.

Það er dálítið merkilegt, að hv. 2. þm. Sunnl. skuli jafnvel taka undir það, að það hafi verið og sé stefna núv. ríkisstj. að draga úr búvöruframleiðslunni, þrátt fyrir allar tölur og opinberar skýrslur, sem vitna algerlega gegn þessu öllu saman. Þetta nálgast að vera það, sem er ekki svaravert. Og sérstaklega er þetta vítavert af bónda á Suðurlandi, sem hefur séð fyrir augum sér undanfarin ár vöxt í búskap bænda á Suðurlandi og vaxandi uppbyggingu hjá þeim á flestum sviðum. Og mér þótti vænt um það, að hv. ræðumaður vitnaði hér í eitt blómlegt byggðarlag á Suðurlandi, Hrunamannahrepp. Þar væri þéttbýli. Þar væri blómlegur hagur bænda almennt. En hv. þm. hefði getað nefnt fleiri sveitarfélög, sem slíkt má segja um á Suðurlandi, sem betur fer. Þar er víða þéttbýli, og það hefði verið eðlilegt, að hv. þm., þegar hann var að tala um eyðijarðirnar og eymdina, sem núv. ríkisstj. hafi leitt yfir bændastéttina, að hann hefði minnzt á einhverjar jarðir á Suðurlandi, sem væru að fara í eyði. Hvaða jarðir eru það á Suðurlandi núna, sem eru að fara í eyði? Hvaða jarðir eru það, sem eru að losna úr ábúð? Mér þætti fróðlegt að heyra eitthvað um það. En ég veit það, að jarðeignadeild ríkisins veit ekki af mörgum jörðum, sem losna úr ábúð á næstu fardögum. Hitt er rétt, að á undanförnum árum hafa ýmsar smájarðir losnað úr ábúð og verið lagðar undir önnur býli og eitt býli gert byggilegt úr tveimur litlum jörðum. Og þetta á enn eftir að ske. Það eiga enn eftir að fara í eyði nokkrar jarðir. Og það er ekkert böl. En það er rangt, sem hv. þm. sagði hér áðan, að með því að reikna með, að 5 hektara tún hefði verið á þessum jörðum, sem hann taldi upp, eitthvað um 500, sem hefðu farið í eyði, þá hefði ræktað land þar með farið í auðn og úr notkun. Það er algerlega rangt. Það er víða á þessum jörðum, sem fólk hefur flutt af, að túnin eru höfð í fullri rækt og eru nytjuð og land þessara jarða, sem hafa verið lagðar undir aðrar jarðir, er að fullu nytjað.

Framleiðslan hefur vaxið, eins og hv. 2. þm. Sunnl. veit, og hún hefur ekki vaxið af því, að ríkisstj. hafi haft á stefnuskrá sinni að draga úr framleiðslunni, heldur vegna þess, að hún hefur stuðlað að því, að þessi vöxtur gæti átt sér stað.

Hv. þm. talaði um, að ég hefði neyðzt til 1962 að flytja frv. til l. um það, að bændur breyti lausaskuldum sínum í föst lán, — ég hefði neyðzt til þess 1962. Þetta frv. gerði ráð fyrir því, að þær skuldir, sem hefðu orðið til fyrir 1961, gætu komizt undir þessa lagaframkvæmd. Það voru skuldir, sem urðu til á árunum 1956, 1957, 1958, 1959 og 1960. Það voru skuldir, sem höfðu orðið til t. d. í tíð vinstri stjórnarinnar. Það er rétt, að áður var ekki hugsað um þetta. Bændur höfðu verið skuldugir undanfarna áratugi, allt frá aldamótum, síðan framkvæmdir byrjuðu, en það hafði ekki verið um það hugsað að gera þeim mögulegt að breyta lausaskuldum í föst lán fyrr en 1962, ef undan eru skilin kreppulánin, en það er nú heldur langsótt að kenna núv. ríkisstj. um það. En 1962 var meginhlutinn af lausaskuldunum frá vinstristjórnarárunum. Nú er fyrirhugað að gera þetta að nýju, og að því hefur verið unnið síðan í ágústmánuði s. l. að safna gögnum og skýrslum um þetta og fá heildarmynd af efnahag bændastéttarinnar og rekstraraðstöðu. Meginhlutinn er nú þegar búinn og gefur glögga mynd af ástandinu, og myndin verður nú miklu fallegri, hún verður miklu betri en sú mynd, sem hv. 2. þm. Sunnl. hefur dregið upp og hann hefur búizt við að sjá, sem betur fer. En ég ætla ekki að fara að vitna í þessa skýrslu enn, vegna þess að hún er ekki alveg tilbúin, en á grundvelli hennar verður lagt fram frv. til þess að gera bændum, sem safnað hafa miklum lausaskuldum, mögulegt að breyta þeim í föst lán. Það tel ég vera eðlilegt og sjálfsagt að gera. Og það þarf ekki að vera vegna þess, að bændastéttin í heild sé illa stödd, að þetta þyki eðlilegt. Við vitum, að fjárfesting og framkvæmdir í landbúnaði hafa verið miklu örari undanfarin ár en nokkurn tíma áður, og það er enginn vafi á því, að það hefur orðið stórkostleg eignaaukning hjá bændum. Það er enginn vafi á því, að margir bændur geta verið í nokkrum greiðsluerfiðleikum, þótt þeir eigi drjúg-

ar eignir. Þótt þeir eigi drjúgar eignir umfram skuldir, geta þeir verið í nokkrum greiðsluerfiðleikum.

Það hefur stundum verið sagt, að lausaskuldirnar hafi safnazt vegna þess, að stofnlánin hafi verið of lítil. Þetta má segja, að sé ástæðan. En það hefur aldrei verið reiknað með því að veita stofnlán úr stofnlánadeildinni til þess t. d. að kaupa bifreið. En nú má segja, að það sé bifreið á hverju heimili og jafnvel tvær. Það hefur aldrei verið reiknað með því, að bændur gætu fengið lán úr stofnlánadeildinni til þess að kaupa húsgögn, heimilistæki, sjónvörp og annað slíkt. En sem betur fer hefur bændastéttin á síðustu árum keypt þessi tæki, húsgögn, heimilistæki, sjónvarp og ýmislegt fleira, sem áður var óþekkt og þótti ekki nauðsynlegt á sveitaheimilum. En það er ánægjulegt, að nú getum við víða komið á sveitaheimili, þar sem enginn munur er á þægindum og þar sem gerist bezt við sjóinn. Við komum inn í ágæt íbúðarhús, vel hirt, þar sem eru húsgögn eins og víða í Reykjavík, þar sem eru heimilistæki til þess að létta störfin og önnur nútímaþægindi. En stofnlánadeildinni var aldrei ætlað að lána til þessara hluta. Og þegar bændur hafa byggt yfir sjálfa sig og heimilisfólkið og búpeninginn vandaðar byggingar, keypt húsgögn, heimilistæki og vélar allar, bifreið og jafnvel bifreiðar og ræktað eins og raun ber vitni, þá er ekkert undarlegt, þó að þetta hafi ekki allt verið borgað, um leið og framkvæmdin átti sér stað. Það er eðlilegt, að það sé talsvert af þessu óborgað, og það er eðlilegt, að það sé talsvert af þessu á víxlum og í lausaskuldum. En það get ég fullyrt, að þær skýrslur, sem nú eru að berast frá þeim mönnum, sem annazt hafa gagnasöfnunina um efnahag bænda, sýna það og sanna, að bændur hafa ekki safnað skuldum vegna neyzluvöru. Skuldirnar eru ekki vegna eyðslu, þær eru ekki vegna þess, að illa hafi verið haldið á eða til óreiðu stofnað. Þær eru vegna framkvæmda og vegna myndarlegs átaks, og það er það ánægjulega. Og þótt sagt sé, að bændur hafi búið við slæm lánskjör, þá er þetta ekki rétt, því að bændur hafa fengið tiltölulega góð lánskjör í stofnlánadeildinni. Þeir hafa ekki tekið gengistryggð lán og orðið fyrir áföllum við gengisbreytinguna. Þeir hafa fengið lán með tiltölulega lágum vöxtum til langs tíma. Hv. 2. þm. Sunnl. sagði hér áðan, að lánstíminn hefði verið styttur. Þetta er ekki rétt. Hann var aldrei styttur til íbúðarhúsalána, en það stóð í tvö ár, að hann hafði verið styttur um 5 ár til útihúsabygginga og ræktunar. En það er langt síðan þetta var leiðrétt, og lánstíminn er nú sá sami og hann var áður. En það er eins og hv. 2. þm. Sunnl. vilji ekki við þetta kannast eða það hafi farið fram hjá honum, sem ég vil heldur ætla en hann haldi því fram gegn betri vitund. (**Forseti:** Ég vil spyrja hæstv. ráðh., hvort hann geti lokið máli sínu eða vilji fresta ræðu sinni.) Ég skal verða við beiðni forseta. Ég veit ástæðuna fyrir því, að hann vill ekki halda fundi áfram, og lýk því máli mínu.

Umr. frestað.

Á 44., 45., 49. og 50. fundi í Nd., 13., 17., 18. og 20. febr., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Nd., 20. febr., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Það urðu hér nokkrar umr. um þetta mál, þegar það var á dagskrá fyrir nokkrum dögum. Hæstv. landbrh. flutti þá hér nokkuð langa ræðu og kom víða við í máli sínu. Ég tel, að ég verði að gera nokkrar athugasemdir við ýmislegt af því, sem fram kom hjá honum. Mér þykir nú verst, að ég sé, að ráðherrann hefur gengið frá, og vonast til, að hann verði hér viðstaddur, á meðan ég segi þessi fáu orð. Vill ekki hæstv. forseti gera ráðstafanir til þess að sækja ráðherrann? (**Forseti:** Forseti hefur þegar gert ráðstafanir til þess.) Ég ætla að hinkra þá aðeins. — — — (**Forseti:** Það mun standa þannig á fyrir hæstv. landbrh., að hann á óhægt um vik að koma alveg á stundinni. Ég vil því spyrja hv. þm., hvort hann treysti sér ekki til að halda áfram máli sínu.) Ja, þetta, sem ég ætlaði að segja, var athugasemd við ræðu hæstv. landbrh., og ég kann illa við að flytja það hér að honum fjarstöddum. (**Forseti:** Ég vil þá bjóða hv. þm., að málinu verði frestað.) Það skal ég þiggja.

Umr. frestað.

Á 54. fundi í Nd., 24. febr., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Því miður gat ég ekki verið við, þegar framhaldsumr. fóru fram í þessu máli hér í hv. þd. Málið var flutt 18. des. s. l., og er því mál til komið að ljúka þessari umr. og koma því til n. Samt get ég ekki látið hjá líða að taka nokkur atriði úr ræðu hæstv. landbrh. til athugunar, þó að hún gefi ekki tilefni til mikilla andsvara.

Ég tek það ekki nærri mér, þó að hæstv. landbrh. beri mér á brýn vanþekkingu á málum landbúnaðarins. Ég tel hann ekki þess umkominn að dæma þar um. Ég er hins vegar tilbúinn að leggja það undir dóm þeirra, sem landbúnað stunda, hvort þekking mín og skilningur á þessum málum er minni en hæstv. landbrh. Ég vil með því gefa honum kærkomið tækifæri til þess að standa við þá fullyrðingu sína. Ég vil því gefa hæstv. landbrh. kost á því að mæta mér á fundi í hans kjördæmi til þess að ræða um stefnu núv. ríkisstj. í landbúnaðarmálum. Hann ætti ekki

að vera smeykur við það að leggja það undir dóm sinna umbjóðenda, hann með alla þekkinguna á þessum málum á móti minni vanþekkingu og reynsluleysi. Hæstv. ráðh. ætti ekki að hræðast dóm sinna kjósenda, ef hann hefur staðið sig eins vel sem landbrh. og hann vill vera láta í þessum ræðum sínum. Sunnlenzkir bændur hljóta að vera réttlátir í dómum sínum, ekki sízt þegar 1. þm. þeirra og ráðh. á í hlut.

Ég vil lýsa ánægju minni yfir þeirri yfirlýsingu hæstv. landbrh., að hann hafi ákveðið að flytja nú á þessu þingi frv. þess efnis, að bændum verði gefinn kostur á að breyta lausaskuldum sínum í föst lán. Eins og greiðslugetu bænda er nú komið, er þetta mjög brýnt mál, sem við framsóknarmenn höfum mjög barizt fyrir, og þarna sést, hverju barátta okkar hefur til leiðar komið, þó að í minni hluta séum hér á hv. Alþ. Hins vegar vil ég undirstrika eftirtalin atriði: Sú könnun, sem hefur átt sér stað á efnahag og skuldum bænda og að sögn hæstv. landbrh. er að verða lokið, sýnir ekki rétta mynd af þessum málum, þar sem skuldir bænda munu vera þar í mörgum tilfellum vantaldar. Mun þetta koma fram, þegar hver og einn bóndi leggur fram sína lánsumsókn. Til þessa munu liggja fleiri en ein orsök og ekki þeim að kenna, sem þessa könnun hafa gert. En þetta ber að hafa í huga við meðferð málsins. Þessi breyting á lausaskuldum bænda í föst lán nær því aðeins tilgangi sínum, að lánin verði löng og vöxtunum mjög í hóf stillt, því að verði ársgreiðslurnar af þessum lánum allt að því vísilvextir, ofbýður það greiðslugetu fjölda bænda, eins og nú horfir, og þá er ávinningurinn ekki mikill. Þetta mál þarf að skoða mjög vel og reyna að leysa það á þann hátt, að það nái tilgangi sínum. Og í sumum tilvikum þurfa að koma til skuldaskil og því miður í æðimörgum — eða það er minn grunur, að það þurfi að gera það í æðimörgum tilvikum.

Eitt þótti mér athyglisvert við ræður hæstv. landbrh., að hann sneiddi að mestu hjá þeim veigamestu efnisatriðum, sem fram komu í minni frumræðu. Hins vegar kom það í ljós, að hæstv. ráðh. hafði ekki lesið þetta frv., er hann flutti sína fyrri ræðu, því að hann sagði, að það hefði verið flutt sams konar frv. af framsóknarmönnum í Ed., og flest annað var í samræmi við þetta, engu líkara en hæstv. ráðh. væri mjög miður sín og utan gátta.

Eitt af því, sem hæstv. landbrh. sagði og átti að vitna um hans miklu stjórnvizku og hvað hlutur okkar bænda hefði batnað mikið undir hans stjórn á þessum málum, var það, að 1966 hafi verið viðurkennt, að á 6 árum hafi kaupgjaldsliður verðlagsgrundvallarins hækkað um 144%, en kaupgjald verkamanna hafi á sama tíma hækkað aðeins um 100%. Og ráðh. heldur áfram og spyr, með leyfi forseta: „Hvers vegna gerðist þetta? Það gerðist vegna þess, að ríkisstj. vildi ekki, að hlutur bændanna væri lakari en annarra vinnandi stétta. Þess vegna varð þessi leiðrétting að koma.“

Þetta er líklega það, sem á máli hæstv. landbrh. flokkast undir það að vera heiðarlegur málflutningur. Eða skilur hæstv. landbrh. virkilega eins lítið í þessum málum og þessi ummæli hans gefa til kynna? Ég hef ekki haft aðstöðu til þess að kanna, hvort þessar tölur, sem hæstv. ráðh. sló fram, eru réttar, og víst gæti það hitzt svo á, að þær væru það, þó að það sé þá ein af örfáum undantekningum í þessum umræddu ræðum hans. Ég ætla að ganga út frá því, að tölurnar séu réttar. En mér er þó ljóst, að það segir ekkert um það, hvort bændur hafa fengið leiðréttingu sinna mála eða ekki á þessum árum. Á meðan ekki fæst viðurkenndur í verðlagsgrundvellinum nema hluti af þeim rekstrarvörum, sem til búrekstrarins þarf, hvað þá það fjármagn, sem er bundið í tækjabúnaði, ræktun og byggingum, þá gefur vinnuliðurinn í verðlagsgrundvellinum enga bendingu í þá átt, hvort bændur hafa fengið leiðréttingu mála sinna á umræddu tímabili eða ekki. Hafi magntölur rekstrarvaranna í samræmi við vaxandi notkun þeirra ekki fengizt viðurkenndar, eins og átt hefur sér stað á þessu tímabili, og hin hraðvaxandi fjármagnsþörf vegna óðaverðbólgu, þá verkar það á vinnuliðinn fyrst og fremst og beinlínis ákvarðar, hvað vinnan hefur í sinn hlut. Það var það, sem skeði t. d. á árinu 1967, þegar bændur náðu ekki því að hafa hálfar tekjur viðmiðunarstéttanna. Og það sýnir, hvernig þessi viðleitni hæstv. ráðh. hefur tekizt til að rétta hlut bændanna. Þar er að finna blákaldan og beiskan sannleikann um það, hvernig tekizt hefur í þessu efni, en ekki í þessum samanburðartölum hæstv. landbrh.

Ég er ekki viss um, að lánastofnanir og verzlunarfyrirtæki taki fullyrðingar og sjálfhælni hæstv. landbrh. sem góðan og gildan gjaldmiðil frá bændum, því miður. Ef það væri, þyrftu þeir engu að kvíða, því að nóg er af hvoru tveggja. Og þó að valdaferill hæstv. landbrh. sé ein sorgarsaga, sem virðist ætla að fá skuggalegan endi, þá er þessi barnalegi ávani hans að segja hag bænda og afkomu þeirra miklu betri en er ámælisverðari en allt annað, enda hefur þetta orðið til þess, að óábyrg öfl í þjóðfélaginu hafa fengið vopn í hendur til þess að afflytja þessi mál á marga vegu, eins og t. d. bændafækkunarfrv. Alþfl. ber helzt með sér. Er það ekki líka einsýnt, að öll aðstaða hæstv. landbrh. er miklu verri til að sækja öll mál fyrir bændur innan ríkisstj., þegar hann viðhefur slíkan málflutning við hvert einasta tækifæri, sem gefst? Ég held, að enginn skynsamur og ábyrgur maður, svo að ég noti orð ráðh. sjálfs, muni telja slík vinnubrögð vænleg til árangurs. Með þessum málflutningi er hæstv. ráðh. að gera þessi mál enn erfiðari úrlausnar fyrir hann sjálfan. Hæstv. land-

brh. sagði m. a. í seinni ræðu sinni um þetta mál, með leyfi forseta:

„Það eru betri skil hjá stofnlánadeild landbúnaðarins á árinu 1968 heldur en áður. Það er minna ógreitt við síðustu áramót hjá stofnlánadeildinni heldur en áður. Og það staðfestir ekki þá staðhæfingu, sem hér var viðhöfð áðan, og það nálgast það að vera ekki heiðarlegur málflutningur hjá 2. þm. Sunnl."

Þannig talar hæstv. landbrh. En þó liggur það fyrir, sem allir aðrir vita, sem á annað borð fylgjast nokkuð með þessum málum, að vanskilin hafa farið vaxandi hjá stofnlánadeildinni ár frá ári. 31. des. 1968 voru 77.7 millj. í vanskilum af þess árs greiðslum eða 60% af heildarupphæð. Árið áður, eða 31. des. 1967, voru 62.4 millj. af greiðslum frá því ári í vanskilum, eða 52% af heildarfjárhæð, og höfðu því hækkað um 15.3 millj. á þessu eina ári. Þó segja þessar tölur ekki allan sannleikann, því að við síðustu áramót voru vanskil eldri lána miklu meiri en nokkurn tíma áður. Ég læt þetta nægja, enda sýnir það nógu vel, hvernig sá málflutningur er, sem hæstv. landbrh. temur sér.

Hæstv. landbrh. segir, að ég hafi sagt í minni frumræðu, að það hafi ávallt verið stefna núv. ríkisstj. að draga úr framleiðslunni, að fækka bændum. Ég held, að þetta fari eitthvað á milli mála hjá hæstv. ráðh., enda er sannleikurinn sá, að hæstv. landbrh. hvatti bændur mjög til þess að stækka búin og framleiða meira. Hins vegar breytti hann lánakjörum á þann veg, að vextir plús stofnlánaskattur þeföldu greiðslur bænda til stofnlánadeildarinnar, þannig að lánakjörin að skattinum meðtöldum eru hærri en nokkurn tíma víxilvextir. Hæstv. landbrh. sagði við bændur, að það skipti þá ekki neinu máli, hvað vextir hækkuðu og allt annað, sem til búrekstrarins þyrfti, þeir fengju það allt aftur í hækkuðu verði á afurðum sínum.

Höfuðtilgangur stofnlánaskattsins var sagður sá, að hægt væri að auka stofnlánin til bænda. Hvernig hefur verið staðið við það loforð? Framkvæmdamáttur lánanna hefur lækkað um 10% á viðreisnartímabilinu frá því, sem áður var. En það er rétt hjá hæstv. landbrh., að bændur hafa haldið áfram að byggja og rækta, enda til þess sérstaklega hvattir af ráðh. sjálfum. Og framleiðsla þeirra hefur aukizt, þrátt fyrir það að nú séu komnar á sjötta hundrað jarðir í eyði. En skuldirnar uxu hjá bændum þrátt fyrir hagstætt árferði fram til ársins 1966. Ástæðurnar fyrir því voru óðaverðbólga í landinu. Aukin notkun rekstrarvara fékkst ekki viðurkennd við verðlagningu búvara og aðeins hluti af öðrum útgjöldum, t. d. í sambandi við vélar og rekstur þeirra, og aðeins lítill hluti af því fjármagni, sem nútímabúskapur þarf.

En hin raunverulega bændafækkunarstefna fer ekki að verða ráðandi afl hjá ríkisstjórnarflokkunum fyrr en á árinu 1967. Þó að vitað væri áður um afstöðu forustu þess flokks, sem enn gengur undir nafninu Alþýðuflokkur, og án efa hafi afstaða hans ráðið miklu um það, að hlutur bænda var flest árin miklu lakari en viðmiðunarstéttanna, þá urðu þáttaskilin í þessum málum í sambandi við verðlagninguna 1967. Það var þá, sem stefna Alþfl. í landbúnaðarmálum var upp tekin, bændafækkunarstefnan. Og árangurinn hefur ekki látið á sér standa. Mjólkurframleiðslan hefur dregizt það saman, að í allan vetur er framleiðslan aðeins fyrir daglega notkun. Smjörfjallið, sem var talið þjóðarböl fyrir 2—3 árum, er aðeins orðið lítil þúfa, og allt bendir til þess, að hún verði horfin með öllu um miðjan næsta vetur. Bændur hafa ekki fengið neina hækkun vegna þeirra hækkana, sem orðið hafa á rekstrarvörum þeirra af völdum gengisfellingarinnar í nóv. s. l. Þeir fengu þó hækkun 1. jan. 1968 vegna gengisfellingarinnar 1967. Hækkunin, sem bændur áttu að fá nú, mun vera um 6.4% á verðlagsgrundvöllinn, sem þýðir 13% lækkun á vinnulið grundvallarins, fái þeir ekki hækkunina.

Nú liggur það fyrir, að stór hluti bændastéttarinnar getur ekki keypt áburð á tún sín í vor, þó að áburðarverð hækki ekkert, hvað þá ef áburður hækkar sem svarar gengisfellingunni. Ef ekki verður borið á nema að hluta, verður tilsvarandi minni heyskapur í landinu nema í mjög góðu árferði. Það mundi þýða mikla fækkun á bústofni landsmanna næsta haust, afleiðingin af því mjólkurskortur næsta vetur og alger skortur á vinnsluvörum mjólkurinnar um miðjan vetur. Þá hefur draumur Alþfl. rætzt.

Í þessu sambandi vil ég leggja þá spurningu fyrir hæstv. landbrh.: Hvers virði verður hinn aukni húsakostur bænda, sem þeir hafa byggt að undanförnu, ef þessi þróun verður ekki stöðvuð, og hvers virði verður hin aukna ræktun liðinna ára fyrir bændur, ef þeir hafa enga möguleika til að fá áburð á tún sín? Ætli skuldabagginn, sem þessar framkvæmdir leiddu af sér, verði ekki mörgum bóndanum ofviða og þjóðinni framkvæmdin til lítils gagns, ef framvindan verður eins og nú horfir? Ætli það reynist ekki bændum dýrt spaug að hafa farið eftir leiðsögn og áeggjun hæstv. landbrh. undanfarin ár um að stækka búin, rækta og byggja meira og meira, ef hann bregzt þeim nú, eins og allt útlit er fyrir? Og hann vinnur það til að ráða engu til þess að hanga í ráðherrastóli enn í nokkrar vikur. Ég hafði meiri trú á hæstv. landbrh. en þetta. Það hlýtur þó að vera mikil raun fyrir hæstv. ráðh., er hann ekur um Suðurland á túnaslætti og sér heil flæmi af graslausum, gulum túnum, tákn um dugleysi og mistök þeirra manna, sem hvorki skilja þjóðina né þekkja landið, sem þeir telja sig þó borna til að stjórna.

Þeirri hugmynd hefur verið slegið fram, að það ætti að taka mikinn hluta af gengishagnaði land-

búnaðarins nú til þess að borga niður verð á tilbúnum áburði. Hér er háskaleg hugsunarvilla á ferðinni. Í lögum um gengishagnað landbúnaðarins er sagt, að hann skuli ganga til landbúnaðarins. Með því að greiða niður verð á áburði með gengishagnaðinum fer hann ekki til bændanna, heldur til þess að borga niður vöruverð í landinu. Á þessu er meginmunur, sem bændur þurfa að átta sig á. Ég veit ekki betur en Stéttarsamband bænda hafi lagt til, að allur gengishagnaðurinn gangi til útflutningssjóðsins, og mun ekki af veita, til þess að bændur nái grundvallarverði á framleiðslu sína. Það er réttlátasta ráðstöfunin á gengishagnaðinum og kæmi bændastéttinni nú að langmestu gagni, eins og greiðsluvandræðum þeirra er nú háttað. Ef gengishagnaðurinn fer ekki í útflutningssjóðinn, þarf að setja stórkostlegt verðjöfnunargjald sérstaklega á kindakjöt. Það væri óréttlátt og gæti orðið háskaleg ráðstöfun, þar sem sauðfjárbændur standa nú allflestir mjög höllum fæti. Ég tek því mjög undir till. Stéttarsambands bænda um ráðstöfun gengishagnaðarins, en tel þá hugmynd að nota hann til þess að borga niður verð á áburði fráleita, og með því móti væri honum ekki ráðstafað samkvæmt gildandi lögum.

Ekki fer það á milli mála, að hæstv. landbrh. ber höfuðábyrgð á málum landbúnaðarins og hvernig komið er fyrir bændastéttinni. Ef hann mannar sig ekki upp og tekur þessi mál úr höndum hæstv. viðskmrh. og sér um, að bændur fái hlut sinn réttan, er mikil hætta á því, að stofnlánadeildin verði fyrir meiri áföllum á næstu árum en dæmi eru til um nokkra lánastofnun til þessa í landi okkar.

Ef við framsóknarmenn hefðum verið í þessari samsteypustjórn með Alþfl. í stað Sjálfstfl., og væri sama, hvaða hv. þm. Framsfl. hefði farið með landbúnaðarmálin, þá hefðu þeir verið búnir að segja af sér fyrir löngu, hefði Alþfl. tekizt að ná þeim kverkatökum, sem manni virðist, að þeir hafi náð á hæstv. landbrh. nú. Framsóknarmenn sætta sig ekki við það og gera sér það ekki að góðu að vera ávarpaðir hér á hv. Alþingi sem hæstv. landbrh., en vera það ekki. Ef við komum ekki málum fram samkv. yfirlýstri stefnu þess ráðh., sem með málaflokkinn fer, eða samkv. yfirlýstum málefnasamningi, þá eru forsendur fyrir samstarfi brostnar og lýðræðisleg viðbrögð að segja af sér. Af þessum ástæðum fór vinstri stjórnin frá.

Hæstv. landbrh. sagði undir þessum umr., að stefnan í landbúnaðarmálum væri óbreytt, að hann hefði rétt hlut bændanna frá því, sem áður var. Hæstv. viðskmrh. sagði Verzlunarráðinu, hver væri stefna Alþfl. í landbúnaðarmálum, lét flokksþing Alþfl. samþykkja þá stefnu og setja hana fram sem skilyrði fyrir áframhaldandi samstarfi um stjórn landsins. Menn geta svo velt því fyrir sér, eftir hvorri stefnunni er farið. Hafa bændur fengið þær hækkanir, sem urðu á rekstrarvörum landbúnaðarins vegna áhrifa gengisfellingarinnar, til baka í hækkuðu verði á framleiðslu sinni? Hvaða stétt í þjóðfélaginu verður að taka á sig með tvöföldum þunga áhrif gengisfellingarinnar önnur en bændur, aukinn framleiðslukostnað heimilanna eins og aðrir, en auk þess allar hækkanir á rekstrarvörum, sem þýðir a. m. k. 13% hækkun á vinnulið grundvallarins? Ef hæstv. landbrh. hefur ekki getu eða dug til að rétta hlut bændanna nú, þá skora ég á hann að segja af sér.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Ég stanzaði í ræðu minni, þegar hæstv. landbrh. hafði gengið frá. Ég vildi ekki vera að tala til hans, þegar hann væri ekki viðstaddur. Hann hélt hér mikla ræðu, þegar þetta mál var á dagskrá hér um daginn, og hann var eitthvað svo kvartsár og ólíkur sjálfum sér orðinn, meyr og siðavandur við þm. og talaði mikið um óheiðarleika í öllu, sem við sögðum, við hv. 5. þm. Norðurl. e. Ég fyrir mitt leyti kann ekki við þennan tón hjá hæstv. ráðh. Ég vil langtum heldur, að hann sé harðvítugur og skammi okkur andstæðinga sína. En mér fannst einhvern veginn, að maður, sem er orðinn svona siðavandur eins og hæstv. ráðh., hann ætti eiginlega frekar að vera prestur eða biskup heldur en vera stjórnmálamaður, því að það veitir ekki af að vera dálítið harður af sér í því starfi. En ég kann nú eiginlega ekki við það og veigra mér heldur við því að vera hér að deila við þennan ágæta hv. samþingismann minn, sem hæstv. landbrh. er. Mér fellur á marga lund vel við hann og þykir leiðinlegt að þurfa að vera að deila við hann hér. En mér fannst ég ekki geta annað en komið hér upp í ræðustólinn til þess að svara nokkrum atriðum, sem fram komu í ræðu hans og hann beindi aðallega til mín.

Hæstv. landbrh. spurði í sambandi við þetta frv. okkar, hvað mundi hafa orðið um stofnlánadeildina t. d. nú í þetta sinn, ef þetta frv. hefði orðið að lögum fyrir áramótin, því að þá hefðu menn ekki greitt af lánum sínum, þá hefði það dregizt. Ég hygg, að það sé nú þannig með flesta, sem lán fá nú orðið í stofnlánadeildinni, að lánin gangi upp í það að greiða af fyrri lánum, svo að það hefði ekkert annað skeð á þessum mánuðum en það, að þetta hefði verið óuppgert og dregizt, þangað til nýrri skipan hefði verið komið á þessi mál, og ég hygg, að það liggi nú í loftinu, að hæstv. ráðh. muni beita sér fyrir því að breyta lausaskuldum bænda í föst lán, og þá hefði auðvitað þetta uppgjör farið fram um leið. Ég held því, að stofnlánadeildin hefði ekkert sérstaklega liðið af þessum sökum. Hún fær líka talsvert fé á annan hátt en með afborgunum af lánum, árgjöldum, þar sem er skatturinn af bændum og neytendunum og framlag ríkissjóðsins, þannig að ég hygg, að það hefði ekkert skeð háskalegt þessa mánuði af þeim sökum hjá henni.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það hefði verið minna nú um áramótin s. l. ógreitt af lánum bænda hjá stofnlánadeildinni heldur en á sama tíma í fyrra. En samkv. því, sem stofnlánadeildin sjálf gefur upp um þetta, var það þannig, að vanskil af heildarupphæð voru 31. des. 1967 53% eða 62.4 millj. og núna 31. des. 1968 voru þau 60% eða 77.7 millj., enda hefur stofnlánadeildin auglýst það, að hún láni ekki neitt núna nema til allra nauðsynlegustu framkvæmda. Ég hef hér í höndum auglýsingu frá stofnlánadeildinni, og þar segir, með leyfi hæstv. forseta, í endinn á þessari auglýsingu: „Stofnlánadeildin telur ástæðu til að hvetja bændur til ýtrustu varkárni með byggingarframkvæmdir og aðra fjárfestingu á árinu og telur horfur á, að ekki verði unnt að gefa lánsloforð nema til alveg bráðnauðsynlegra framkvæmda.“ Ég hygg, að þessi tilkynning stafi af því, að stofnlánadeildin sé hrædd um það, að hún fái ekki greiðslur af árgjöldum og geti þar af leiðandi ekki veitt lán. Það er ekki af því, að henni sé ekki vel kunnugt um það, að í sveitum landsins er enn þá mikið ógert. Það þarf mikið að byggja og það þarf mikið að rækta á Íslandi enn þá. Og við vitum það, að allar framkvæmdir og byggingar og ræktun þarf síns viðhalds með og það þarf að endurnýja þessar framkvæmdir, en það verður ekki gert nema með stuðningi frá lánastofnun.

Ráðh. sagði, að það væri mikil gróska í búskapnum á Suðurlandi og hann vissi ekki til þess, að jarðir þar væru að fara í eyði, og hann sagði líka, að framleiðslan færi vaxandi. Ég get vel tekið undir það með ráðh., að á Suðurlandi eru mjög margir ágætir bændur, sem betur fer. Það er ekki svo illa komið, að það séu ekki margir góðir bændur til enn þá í landinu. Skárri væru það nú ósköpin. Að vísu er þessi ríkisstj. búin að vera við völd í 9 ár, en bændur eru seigir og þola talsvert margir hverjir. Og það hafa alla tíð verið til góðir bændur á mestu hörmungartímum þjóðarinnar, meira að segja voru til ýmsir bændur, sem stóðu upp úr og voru traustir efnalega, og svo er það enn í dag, og það er talsvert mikið til af slíkum bændum á Suðurlandi. En því miður eru hinir líka mjög margir og allt of margir, á Suðurlandi ekki síður en annars staðar, sem hafa erfiðan fjárhag og allt of erfiðan. Og framleiðslan hefur farið minnkandi núna undanfarið. Það var nokkur minnkun á mjólkurframleiðslunni á árinu 1967. Og enn gerðist það sama á árinu 1968, þá minnkaði hjá sunnlenzkum bændum mjólkurframleiðslan um 2.5%. Það var 880 þúsund lítrum minna, sem Mjólkurbú Flóamanna tók á móti á s. l. ári heldur en á árinu áður. Það gerir sjálfsagt um 9 millj. í tekjuskerðingu fyrir bændur á Suðurlandi. Þá get ég upplýst ráðh. um það, að ég veit til þess, að á Suðurlandi hafa ýmsir hætt algjörlega við mjólkurframleiðslu, og hún hefur hraðminnkað núna. Það stafar að vísu eitthvað af lélegri heyjum en verið hafa undanfarið. Ég get nefnt sem dæmi 2 hreppa, þar sem ég er mjög vel kunnugur í báðum þeim hreppum. Í öðrum hreppnum standa auðir á fjórða hundrað básar í nýlega byggðum fjósum, sem er búið að tæma. Og í hinum hreppnum standa auðir á annað hundrað básar, líka í ágætum nýlega byggðum fjósum. Það segir til sín þetta í framleiðslunni, og menn hætta ekki þessari framleiðslu nema af því, að þeir telja hana ekki hagstæða og telja sig ekki geta lifað á þessari framleiðslu. Ég get ekki ímyndað mér, að það sé af öðru. Margir þessara bænda sitja í húsum á þessum jörðum og sumir stunda atvinnu í þorpum til þess að hafa ofan af fyrir sér með. Það sést í nýjasta hefti Hagtíðinda, að mjólkurkúm hefur fækkað á árunum 1966 og 1967 um 5000 á öllu landinu. Sauðfé hefur á sama tíma — að vísu ekki fækkað svo mikið, en það eru þó um 19 þús. sauðkindur, sem hefur fækkað um á þessum árum. Ef þessar kýr stæðu allar mjólkandi á básunum sínum, þá mundu þær sennilega skapa um 15 millj. lítra af mjólk, og það hefði sannarlega ekki veitt af því núna hér á Suðurlandi, að við bændurnir hefðum getað haft meiri mjólk til sölu. Það hefur orðið að skrapa saman hingað og þangað, inn til dala og út um strandbyggðir norðanlands í vetur, mjólk til þess að flytja hingað suður á Reykjavíkurmarkaðinn með ærnum kostnaði og hefði ekki verið hægt nema af því, að tíðin hefur verið alveg sérstaklega hagstæð. Þetta er auðvitað mikið hættuspil fyrir þennan mikla neytendafjölda hér við Faxaflóa. ef þessi framleiðslugrein rýrnar mikið og dregur úr henni. Bændurnir, sem stunda þetta, þurfa að geta búið við svo góð kjör, að neytendurnir séu nokkurn veginn öruggir um það, að þeir geti útvegað þeim þessa nauðsynlegu vöru daglega.

Ég tók eftir því, að þegar hæstv. landbrh. var kominn á búnaðarþing, — ég hlustaði á ræðu hans þar, — þá var þó nokkuð annað hljóð komið í strokkinn hjá honum heldur en þegar hann var að tala til mín hér á dögunum. Þá sagði hann, að 3.4% bænda væru svo illa staddir, að þeir yrðu að hætta búskap, nema þeir fengju einhverja sérstaka hjálp til að geta haldið áfram, þ. e. a. s. um 160 bændur. Og það er það sorglega við þetta, að að líkindum eru þetta yngri mennirnir úr hópi bændastéttarinnar, sem svona er ástatt fyrir. Það eru mennirnir, sem hafa byrjað búskap á undanförnum svokölluðum viðreisnarárum og orðið að kaupa vélar og bústofn og framkvæma margt og taka mikil lán einmitt á þessum erfiðu tímum fyrir búskapinn.

Þá sagði ráðh. á búnaðarþinginu, ef ég hef tekið rétt eftir, að það mundu vera um 19% bænda þar fyrir utan, sem þyrftu sérstaka fyrirgreiðslu til þess að geta haldið áfram búskap. Þetta kalla ég háa tölu. Þetta munu vera um 10—12 hundruð bændur, sem þá er svo komið

fyrir, að þeir þurfa alveg sérstaka hjálp til þess að geta haldizt við búskapinn.

Ég veit, að hæstv. landbrh. þykir ekki skemmtilegt að þurfa að gefa svona skýrslu, því að ég efast ekkert um, að hann hefði viljað, að þetta væri á annan veg. Mér dettur ekki í hug að halda annað.

Og þá sagði hæstv. ráðh. um þau 77%, sem þá væru eftir af bændum, að mikið af þeim væru menn með ágætar aðstæður, en þó mundu þar vera innan um menn, sem þyrftu að fá lausaskuldum sínum breytt í föst lán. Hafi ég tekið rétt eftir því, sem hann sagði, þá var það svona. Og þetta er sannarlega ekki glæsilegt, því að ég verð að álíta. að a. m. k. hér á Suðurlandi hafi verið góðæri, — ja, ég vil segja síðan 1955. Það hefur ekki komið nokkurt erfitt ár hér á Suðurlandi síðan 1955. Annað mál er það á Norðurlandi, þar sem hafa gengið mikil harðindi. Þar hefur náttúrlega verið erfiðara. Hér á Suðurlandi höfum við bændur ekki haft ástæðu til að kvarta undanfarin 13—14 ár.

Þetta er útkoman eftir þessi viðreisnarár, og í ofanálag á þetta er það þannig, að það getur enginn bóndi, sem af einhverjum ástæðum þarf að hætta, annaðhvort vegna elli eða heilsubrests, selt eignir sínar. Það kaupir enginn, það verður að láta þetta af hendi fyrir svo að segja ekki neitt.

Hæstv. landbrh. sagði, að það hefði aldrei fyrr en í hans stjórnartíð verið hugsað um það að breyta lausaskuldum bænda í föst lán. Átti hann þá við 1962, þegar hann beitti sér fyrir því, og þetta var nauðsynlegt vegna þess, hvernig upphaf viðreisnarinnar verkaði á bændastéttina, gengisfellingarnar 1960 og 1961. En það var ekki liðið lengra en fram á árið 1962, þegar varð að breyta lausaskuldum bænda í föst lán, sem margir höfðu þá mikið gagn af að vísu. En það er ekkert undarlegt, þó að þetta hafi ekki verið gert áður, því að þess hefur aldrei þurft, þess hefur aldrei verið óskað. Það hefur verið búið þannig að landbúnaðinum á áratugunum áður, að það þurfti ekki að gera þetta. Það komu engar óskir fram um slíkt frá bændunum.

Ráðh. segir, að það hafi orðið mikil eignaaukning hjá bændum á s. l. árum, og ekki skal því neitað, að það hefur ýmislegt verið keypt. Það hafa verið keyptar vélar og húsgögn og bílar, eins og hann sagði, sjónvarpstæki og þess háttar, eins og hann var að tala um, og hann furðaði sig ekki á því, þó að það hefðu safnazt lausaskuldir, þegar menn hefðu verzlað svona mikið og keypt hitt og þetta af þægindum og húsgögnum. En ég verð nú að segja það, að það er nú ekki beisinn atvinnuvegur, sem getur ekki veitt fólki þau þægindi, að það geti átt stól til að sitja í — og ég vil segja bíl nú á þessum tímum. Það er í raun og veru ekki hægt að vera sveitabóndi nú á tímum nema eiga farartæki, svo að mér finnst þetta ekki nein sönnun fyrir því og ekki til þess að réttlæta það, að skuldasöfnun hefur orðið. Hún hefur vitanlega orðið vegna þess, að atvinnuvegurinn, tekjur bændanna hafa ekki getað staðið undir þeim lífsnauðsynlegu þægindum, sem þeir þurfa að veita sér ekki síður en annað fólk.

Já, vinnandi stéttir landsins hafa sopið illt seyði af gengisfellingunum, sem hafa farið fram hér á landi 4 sinnum á undanförnum 9 árum, og þeirri óstjórn, sem af því hefur leitt á efnahagsmálum á öllum sviðum. Þó hefur, held ég, engin stétt farið eins illa út úr þessu eins og bændastéttin. Mér dettur í hug í sambandi við það saga af sparisjóðsbók einni, mig langar til að segja þá litlu sögu:

Það var árið 1941, sem bóndi einn austur í Árnessýslu lagði 10 lambsverð inn í sparisjóðsbók handa syni sínum. En þessi sonur hans var þá í heimanbúnaði, ætlaði að fara út í heiminn, ætlaði að hverfa úr föðurgarði, og bóndinn vildi ekki skilja þannig við son sinn, að hann léti hann ekki hafa eitthvað úr búi sínu til þess að grípa til, ef á þyrfti að halda. En það fór nú þannig fyrir þessum syni bóndans, að hann kom sér vel áfram, varð dugandi maður og þurfti ekki að grípa til sparisjóðsbókarinnar. Hún hefur þess vegna legið alla tíð í skúffu hjá honum. Hann hefur ekki látið færa inn vextina og vaxtavextina fyrr en núna fyrir áramótin í vetur. Það eru liðin 27 ár síðan þetta gerðist, eins og ég sagði áðan, 1941. Nú lét hann færa inn vexti og vaxtavexti af þessum 10 lambsverðum í sparisjóðsbókina sína fyrir áramótin, og það stóð alveg heima, að þegar búið var að leggja saman í bókinni, þá var í henni nákvæmlega eitt lambsverð. Og hvað er svo hægt að kaupa fyrir þetta eina lambsverð? Það er hægt að kaupa hérna úti í næstu búð eina miðlungsdýra reykjarpípu fyrir þetta eina lambsverð, — ég spurði um verð á þeim þar í morgun. Ég nefni þetta sem dæmi.

Nei, það fór því miður fyrir hæstv. landbrh. og hans félögum í hæstv. ríkisstj. líkt og vinnumönnunum á kirkjustaðnum, sem segir frá í gamalli sögu. Þá langaði til að efnast og bæta hag sinn, alveg eins og ríkisstj. langaði til að bæta hag þjóðarinnar, — ég efast ekkert um það, — svo að þeir fundu upp á því, að þeir fóru út í kirkjugarð og ætluðu að vekja þar upp einn af þeim framliðnu til þess að afla sér auðsins. Ríkisstj. hins vegar fann upp viðreisnina. Þeir vöktu upp einn náunga. En þegar hann kom upp úr gröfinni, þá vildi svo illa til, að þetta var gamall strandmaður og talaði ekki íslenzku, heldur eitthvert mál, sem þeir skildu ekki, svo að þeir réðu ekki við hann, hvorugir skildu aðra. Og það hefur farið eins fyrir hæstv. ríkisstj. að þessu leyti. Viðreisnin og ríkisstj. hafa hvorug skilið aðra, og út úr þessu hefur komið sá óskapnaður, sem við öll eigum nú við að búa, og þau vandræði í efnahagsmálunum, er allir kannast við.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Fyrir um það bil einni viku urðum við hér í deildinni áheyrendur að spjalli þriggja samherja í stjórnarflokkunum. Þeir, sem tóku þátt í þessu, voru hv. 9. landsk. þm., Bragi Sigurjónsson, hv. 11. landsk. þm., Bjartmar Guðmundsson, og hv. 4. þm. Norðurl. v., Pálmi Jónsson. Þeir töluðu um landbúnaðarmál, enda var á dagskránni frv. um framleiðsluráð landbúnaðarins, sem einn þeirra hefur borið fram. Þeir félagar settu dálítinn sjónleik á svið hér í þingdeildinni, vildu láta líta svo út sem þeir væru örlítið ósammála. Þeir voru þarna að látast eins og börnin stundum. Ekki fannst mér sjónarspil þeirra takast með neinum ágætum, enda sagði einn þeirra, að þeir leikararnir ættu stundum dálítið erfitt með að skilja hver annan. Ég held, að það komi ekki svo mjög að sök, þó að skilningurinn sé ekki fullkominn. Allir þessir góðu drengir eru innilega sammála um að fylgja mömmu sinni, þ. e. a. s. ríkisstj., hvað sem hún gerir. Hér á þingi greiða þeir allir atkvæði um öll mál, sem nokkra þýðingu hafa, þar með talin landbúnaðarmál, nákvæmlega eftir fyrirmælum mömmu. Má því segja, að þetta séu góð og hlýðin börn. En það er verst, að mamman, þ. e. a. s. hæstv. ríkisstj., er ekki nógu vel hæf til að ala upp krakka. Stjórnarheimilið er ekki gott, því miður. Að vísu fara ekki sögur af miklum deilum þar, enda held ég, að hæstv. forsrh. hafi sagt hér á þingi í vetur, að ráðh. allir væru á einu máli. Líklega er samkomulagið þar allgott hjá húsbændum og krökkunum. En gallinn er bara sá, og hann er stór, að samkomulagið þar er um vitleysur, margar og stórar. Og þetta hefur orðið allri þjóðinni dýrt. Það hefur valdið henni miklu tjóni. Þess vegna er stjórnarheimilið vandræðaheimili, og líklega ætti barnaverndarnefnd að hafa þarna nokkurt eftirlit. (Gripið fram í.) Ég veit nú ekki, hæstv. forseti, kannske væri rétt, að ég frestaði framhaldinu. (**Forseti:** Sér hv. þm. sér fært að ljúka ræðu sinni fyrir kl. 3?) Það er afar hæpið, held ég, en við skulum sjá, ég er ekki vanur að vera margorður. Við skulum sjá, ef hæstv. forseti vill, að ég haldi áfram.

Þetta mál, sem hér liggur fyrir, var fyrst tekið til umr. 18. des. í vetur. Þar flutti hæstv. landbrh. ræðu, og hann talaði þar m. a. um útflutningsuppbætur á landbúnaðarvörur, sem núv. ríkisstj. hefði komið á, og sagði, að þetta hefði oftast nægt til þess, að bændur hefðu fengið fullt verð fyrir alla framleiðsluna, en svo hefði ekki verið áður en núv. ríkisstj. kom til valda. Þá hefðu bændur orðið sjálfir að bera hallann af því, sem út var flutt. Þarna skrikaði hæstv. ráðh. fótur. Hann hlýtur að vita það, að á þeim tíma höfðu bændur rétt til þess að jafna hallann á útflutningnum með hækkun á verði á því, sem þeir seldu innanlands, og þessi réttur þeirra hafði verið staðfestur með hæstaréttardómi, svo að þarna hefði hæstv. ráðh. getað sagt rétt frá.

Hæstv. ráðh. sagði í þessari sömu ræðu, að þegar núv. ríkisstj. kom til valda, hefði verið breytt um landbúnaðarstefnu, tekin upp ný stefna. Þetta er að vissu leyti rétt hjá hæstv. ráðh. Og nýja stefnan var sú að þrengja kosti bændastéttarinnar með ýmsu móti. Við framkvæmd á þessu kom til Teits og Siggu, eins og segir í gömlu máltæki. Einn af ráðh. er allra fremstur þeirra að því leyti, að hann flytur flestar ræður, en það er, eins og allir vita, hæstv. menntmrh. og viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, doktor að nafnbót. Ef til vill flytur hann einn jafnmargar ræður og allir hinir. Við öll tækifæri, sem bjóðast, talar hann og talar um flest milli himins og jarðar og þar á meðal um landbúnaðarmál. Það hefur komið í hans hlut að marka stefnuna í þeim málum og lýsa henni í töluðu máli. Þetta hefur hann gert árlega, einkum á kaupmannafundum. Og hæstv. ráðh. hefur gert þetta mjög skilmerkilega, eins og hans er von og vísa. Þegar hann er þannig búinn að marka stefnuna og lýsa henni glögglega fyrir kaupmönnum og öðrum landsmönnum, þá kemur til kasta Siggu, þ. e. a. s. hæstv. landbrh., að annast um framkvæmdina, — þegar Teitur er búinn að lýsa stefnunni. Nú er það svo um þessa hæstv. ríkisstj., að stefnufesta mun ekki verða fyrirferðarmikið orð í ævisögu hennar. En þó má segja, að þessi stefna hennar í landbúnaðarmálum, að þjarma að bændum með ýmsu móti, hefur tekizt svo vel, að bændur eru nú og hafa verið um skeið tekjulægsta stéttin í þjóðfélaginu samkvæmt því, sem opinberar skýrslur herma. Stjórnin hefur komið þessu fram með ýmsu móti. Ég ætla aðeins að nefna hér eitt dæmi um hernaðaraðgerðir hennar gegn bændum. Það er skatturinn á bændurna. Snemma á valdaferli sínum fékk hæstv. stjórn þingliði sitt til að samþ. lög um að leggja sérstakan skatt á bændur, allþungan, og skyldi hann renna til einnar deildar í Búnaðarbankanum. Þetta þekktist ekki áður. Fyrir daga þessarar stjórnar þurftu bændur ekki að borga neinn slíkan skatt. Þó fengu þeir framkvæmdalán í Búnaðarbankanum á þeim tíma engu síður en nú og með miklu hagstæðari vöxtum en nú eru. Innheimta þessa skatts á bændur hófst 1963, og nú um næstliðin áramót, — í árslok 1968, var þessi skattur orðinn með vöxtum og vaxtavöxtum samtals yfir 92 millj. kr. Ég held, að landbrh. ætti að endurgreiða bændum þennan skatt. Það kæmi sér vel fyrir þá nú á erfiðleikatímum að fá þetta endurborgað. Ég skal að vísu játa, að það er ekki víst, að það sé svo auðvelt fyrir Siggu að borga þetta út nú þegar. Í fyrsta lagi getur skeð, að Teitur banni henni það. Í öðru lagi er ég ekki öruggur um, að það sé nóg í peningabuddunni hjá hæstv. fjmrh. til þess að snara þessu út í einu vetfangi. En hérna mætti nota aðra aðferð. Stjórnin gæti látið tölvuna reikna út skattgreiðslu frá hverjum einstökum bónda frá upphafi og bæta þar við vöxtum. Og

þessar upphæðir mætti færa hverjum einstökum bónda til tekna í sérstökum reikningi í Búnaðarbankanum. Það mætti setja reglur um það, að þetta yrði endurgreitt þeim — þessi inneign yrði greidd þeim á vissu árabili, svo gætu þeir líka notað þessar innstæður til þess, eftir því sem þeir þyrftu, að greiða með þeim árgjöld til stofnlánadeildarinnar af lánum, sem þeir hafa fengið þar. Þetta mundi, ef hæstv. landbrh. gæti komið þessu í framkvæmd, auka mjög veg hans. Þetta yrði honum til sóma. Náttúrlega þyrfti að gera meira. Um leið og þessi endurgreiðsla yrði ákveðin, þyrfti Alþ. að afnema þennan rangláta skatt, sem nú er lagður á bændur. En ef svo skyldi fara, að hæstv. landbrh. fengi ekki nógan stuðning til þess verks frá sínu liði í Alþfl. og Sjálfstfl., þá tel ég eiginlega víst, að framsóknarmenn á þingi væru fúsir til að rétta honum hjálparhendur við það nauðsynjaverk. Já, ég vil endurtaka það, að ég tel, að af þessu mundi hæstv. ráðh. hafa sóma, en hitt eykur ekki veg hans, að koma í þennan ræðustól, eins og hann gerir stundum, belgja sig hér út og fara með ýmsar fullyrðingar, sem hafa ekki við rök að styðjast.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til landbn. með 33 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

24. Verðlagsuppbót á tryggingabætur.

Á 17. fundi í Sþ., 4. des., var útbýtt frá Sþ.:

Frv. til l. um greiðslu verðlagsuppbótar á tryggingabætur [93. mál] (þmfrv., A. 117).

Á 23. og 24. fundi í Nd., 5. og 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 9. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Kristján Thorlacius): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt af mér og hv. 2. þm. Reykn. og hv. 5. þm. Austf.

Á s. l. ári voru numin úr gildi ákvæði laga frá 1964 um verðtryggingu launa, þar sem m. a. var svo fyrir mælt, að verðlagsuppbót skyldi greidd á bætur frá almannatryggingunum og fleiri tryggingabætur, svo sem bætur samkv. 18. gr. fjárlaga. Þegar verðtryggingarlögin voru afnumin, féllu niður greiðslur verðlagsuppbótar á tryggingabæturnar eins og til annarra. Á s. l. vetri voru síðan gerðir samningar milli verkalýðsfélaganna og atvinnurekenda um takmarkaðar verðlagsuppbætur á laun, og síðar úrskurðaði kjaradómur, að verðlagsuppbót, einnig takmörkuð, skyldi greidd opinberum starfsmönnum. En samt sem áður eru bótaþegar almannatrygginga og aðrir tryggingabótaþegar enn þá án þess að fá greidda verðlagsuppbót á sínar bætur. Eru þetta þó þeir aðilar í þjóðfélaginu, sem helzt þurfa á því að halda, að laun þeirra hækki til samræmis við breytingar á verðlagi til hækkunar.

Það er margyfirlýst krafa launþegasamtakanna og er sannarlega alger lágmarkskrafa í kjaramálum, að stjórnarvöld komi í veg fyrir sífellda rýrnun umsaminna launa vegna verðlagshækkana, og það er hart fyrir launamenn og erfitt við það að búa, að allar kjarabætur séu jafnharðan étnar upp af verðhækkunum, og nú er það jafnvel svo, að stigin hafa verið skref aftur á bak í kjaramálum, svo að mörgum árum skiptir. En harðast er þetta fyrir ellilaunamenn og öryrkja, sem verða að sætta sig við lágar tryggingabætur og sjá svo þessar lágu tekjur sínar brenndar á báli óðaverðbólgu og dýrtíðar. Ellilaun hjóna eru nú 5517 kr. á mánuði og ellilaun einstaklinga 3065 kr. á mánuði. Samkv. upplýsingum, sem ég hef fengið hjá einu af elliheimilunum, er daggjaldið þar nú 215 kr. eða vistgjald á mánuði um 6500 kr. Nú munu sveitarfélögin yfirleitt greiða þann mismun, sem þarna er á vistgjaldi og ellilaunum. Samt sem áður sýna þessar tölur, að auðvitað eru ellilaun allt of lág, til þess að unnt sé fyrir menn að draga fram lífið af þeim. Það þarf meira til framfæris en húsnæði og fæði, sem fólk fær fyrir vistgjaldið á elliheimilinu, og auðvitað á þetta að vera svo, að ellilaun hrökkvi fyrir lífsnauðsynjum og fólk þurfi hvorki að leita til sveitarfélagsins né annarra í þessu sambandi.

Okkur flm. þessa frv. er það vel ljóst, að hér hrekkur það engan veginn til, að verðlagsuppbót verði tekin upp á ný á tryggingabætur, grunnupphæðirnar þurfa einnig að hækka stórlega. En verðlagsuppbótin tryggir, að bæturnar dragist ekki jafnóðum aftur úr verðlaginu. Þess vegna er þetta frv. flutt, og við leggjum áherzlu á, að greidd verði verðlagsuppbót á tryggingabætur og þær auk þess hækkaðar verulega að grunnlaunum til.

Varðandi það, hverjir eiga að verða aðnjótandi verðlagsuppbóta, er frv. efnislega samhlj. ákvæðum laga nr. 63 1964, um verðtryggingu launa.

Í frv. er lagt til, að verðlagsuppbót verði greidd frá 1. marz 1968, en samningar verkalýðsfélaganna um verðlagsuppbót giltu frá 18. marz s. l.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

25. Útgerðarstofnun ríkisins til atvinnujöfnunar.

Á 17. fundi í Sþ., 4. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um Útgerðarstofnun ríkisins til atvinnujöfnunar [95. mál] (þmfrv., A. 119).

Á 23. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér frv. til l. um Útgerðarstofnun ríkisins til atvinnujöfnunar. Frv. þetta á þskj. 119 hefur einkum tvenns konar tilgang. Annars vegar er hugsunin sú, að unnt verði með þessu átaki að efla togaraútgerð í landinu, en hún hefur heldur dregizt saman á undanförnum árum, eins og flestum er kunnugt. Hinn megintilgangurinn er sá að fá þarna upp stofnun, sem til þess sé fallin að miðla hráefni til frystihúsa víða um land og bæta með því rekstur þeirra. Það er sérstaklega til þess ætlazt, að þeir staðir víðs vegar um land, sem búa við lélegt atvinnuástand á hverjum tíma, verði einkum fyrir valinu. Þessi megintilgangur frv. kemur skýrt fram í 1. gr. þess, þar sem segir, að Útgerðarstofnun ríkisins sé sjálfseignarstofnun, sem lúti sérstakri stjórn og sé hlutverk hennar að annast útgerð togara og báta og miðla hráefni til þeirra staða, þar sem atvinnuástand er lélegt og verkefni skortir. Þessum tilgangi er ætlunin að ná á þann hátt, að ríkisstj. taki sér fyrir hendur að kaupa allt að 5 skuttogara 1500—2000 smálestir að stærð og allt að 5 báta af stærðinni 250—400 rúml. og þeir verði afhentir Útgerðarstofnun ríkisins. Er sérstaklega ætlazt til þess, að stærri skipin séu búin fullkomnum tækjum til að heilfrysta fisk, en eins og kunnugt er, hefur rutt sér til rúms ný tækni á því sviði, sem er í því fólgin, að aflinn er heilfrystur um borð og síðan verða frystihús í landi að hafa sérstök tæki til þess að þíða aflann og fullvinna.

Það er óþarfi að rekja það hér, að hagur togaraútgerðar hefur verið heldur lélegur á liðnum árum, og það á nú reyndar við um flestar tegundir sjávarútvegs, ef síldin er undanskilin. Það er svo, sérstaklega með togaraútgerðina, að þar eru miklir fjármunir í veði, og reynslan hefur verið sú, að fjárvana bæjarfélög og einstaklingar hafa ekki ráðið við það til langframa að standa undir slíkum rekstri, þegar um það hefur verið að ræða, að hann hefur verið rekinn með tapi um nokkurra ára skeið, og þess vegna hefur togurunum stöðugt verið að fækka. En ég geri ráð fyrir, að þeir, sem einhvern ofurlítinn skilning bera á hagfræði og hagvísindi, viti það, að fyrirtæki getur verið rekið með miklum halla til langframa, enda þótt það sé þjóðhagslega mjög nauðsynlegt, og fer það fyrst og fremst eftir því, hvernig búið er að því, bæði hvað snertir gengisskráningu, vaxtabyrði, lánaaðstöðu og margt, margt fleira. Og þess vegna liggur það í augum uppi, að það má ekki afskrifa togaraútgerðina í landinu á þeim forsendum einum, að þar hafi verið um taprekstur að ræða. Það verður að gera ráðstafanir til að efla togaraútgerð á Íslandi að nýju. Það er sem sagt annar megintilgangur þessa frv., að ríkisvaldið hlaupi undir bagga í þessum efnum og gerist virkur þátttakandi í atvinnulífinu, þar sem svo stendur á, að einstaklingar hafa ekki ráðið fullkomlega við þennan atvinnuveg. Ef við lítum t. d. á stórfyrirtæki eins og Sementsverksmiðjuna, mun það sanni næst, að engum hafi dottið í hug á sínum tíma, að hún yrði reist af einstaklingum. Ástæðan er auðvitað fyrst og fremst sú, að einstaklingar réðu ekki við slíkt stórfyrirtæki, og það voru allir sammála um það, hvort sem þeir voru að stjórnmálaskoðun hægri menn eða vinstri menn, að slíkt stórátak yrði aðeins gert með sameiginlegu átaki þjóðarinnar allrar og fyrir forgöngu ríkisvaldsins. Og ég held, að menn eigi á sama hátt að geta verið sammála um það, að þegar um það er að ræða, að ein mjög mikilvæg atvinnugrein hjakkar í sama farinu árum saman eða er jafnvel stórum að dragast saman, þá dugir alls ekki að vera með neina fordóma gagnvart ríkisafskiptum eða ríkisrekstri á slíku sviði. Þá eiga menn ekki að láta kreddukenningar um það, að ríkisvaldið megi ekki koma nálægt atvinnurekstri, hafa áhrif á sig.

En það er nú ekki svo, að þetta frv. sé fyrst og fremst flutt vegna togaraútgerðarinnar almennt, þó að það sé að vísu annar tilgangur þess. Það má segja, að megintilgangur þessa frv. sé að reyna að leysa atvinnuvandamál ýmissa staða úti um land. Við vitum, að í flestum sjávarþorpum víðs vegar um landið hafa verið byggð frystihús. En það nægir ekki að byggja frystihús, ef hráefni eru ekki til staðar, og það hefur víða verið aðalvandinn, sem við hefur verið að glíma, að hráefni hefur skort. Hér er sem sagt ætlunin að reyna að leysa þetta vandamál, a. m. k. að einhverju leyti, og þá einkum þar sem atvinnuástand er lélegast, með því að ríkisvaldið komi þarna beinlínis til skjalanna. Ég vil taka það fram, að frv. eins og þetta er ekki neitt algert nýmæli hér á Alþ., þó að það hafi að vísu ekki komið fram núna um alllangt skeið, en mér er nær að halda, að svo sem fyrir 20 árum hafi hugmyndir eins og þessar átt miklu fylgi að fagna, og frv. eins og þetta var stutt af Alþfl. bæði á áratugnum milli 1930 og 1940, og svo er mér kunnugt um, að svo var í kringum 1950, en þessi hugmynd hefur ekki komið fram hér núna í seinni tíð, og ég persónulega hef verið þeirrar skoðunar, að þarna væri um nokkra lausn að ræða, og þess vegna hef ég flutt þetta frv.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir þessu frv. Ég vildi þó geta

þess, að stjórn þessarar stofnunar er ætlað að vera samkv. 4. gr. skipuð 7 mönnum og 7 til vara til þriggja ára. Það hefur verið algengast um stofnanir, sem ríkið hefur sett á fót, að menn í stjórn slíkra stofnana væru kjörnir á Alþ. og þá að hver stjórnmálaflokkur ætti sinn fulltrúa í slíkum stofnunum. Ég verð að segja það, að ég hef ekki verið algerlega sáttur við þessa skipan mála og aldrei talið þetta hina einu eðlilegu lausn. Ég hef ævinlega talið, að fyrst og fremst þeir, sem mestra hagsmuna hefðu að gæta varðandi viðkomandi stofnun, ættu að eiga fulltrúa í stjórn fyrirtækisins, og í þessu tilfelli finnst mér alveg sjálfsagt, að slík sjónarmið séu afgerandi við val manna í stjórn. Ég hef þess vegna lagt til, að ráðh. skipi menn í þessa stjórn og þar af séu tveir tilnefndir af áhöfnum skipanna og öðru starfsliði stofnunarinnar, en tveir af frystihúsaeigendum, og eru þeir nefndir þarna sérstaklega vegna þess, að þeir hafa óneitanlega mestra hagsmuna að gæta. Um það, hvernig þessu verður fyrir komið, hvernig tilnefningin á sér stað, verður auðvitað að setja sérstakar reglur, og er ætlazt til þess, að ráðh. setji þær reglur. Það er einnig gert ráð fyrir því, að ráðh. setji nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Guðlaugur Gíslason: Það kom fram í ræðu hv. flm., að þm. mættu ekki láta fordóma um ríkisrekstur ráða afstöðu sinni til þessa máls. Það er öllum ljóst og vitað, að menn greinir mjög á um það, hvað mikil afskipti ríkisvaldið eða hið opinbera á yfirleitt að hafa af atvinnurekstrinum. Í þessu sambandi verður þó ekki fram hjá því gengið, að Íslendingar hafa verulega reynslu af afskiptum hins opinbera, sérstaklega í sambandi við togaraútgerð. Þegar nýsköpuninni svokölluðu var komið á fót hér eftir stríð, var um það mjög almenn stemmning um land allt og fór þá yfirleitt ekki eftir stjórnmálaskoðunum ráðandi manna, að hið opinbera ætti að taka verulegan þátt í þeirri nýsköpun. Ég hygg, eftir því sem ég man, að þá hafi 13 kaupstaðir af 14 kaupstöðum landsins haft meiri og minni afskipti af togararekstri. Ég held, að það sé rétt munað hjá mér, að aðeins Kópavogskaupstaður hafi einn staðið utan við afskipti af togararekstri, sem þá var komið á fót hér í stórum stíl með þeim nýsköpunartogurum, sem fluttir voru til landsins. Reynsla allra kaupstaðanna, — það er enginn kaupstaður þar undan skilinn, — var sú, að þeir reyndu við fyrsta tækifæri, eftir að þeir höfðu átt togarana í til þess að gera stuttan tíma, — þá reyndu þeir allir eða flestallir að losna við þá aftur og höfðu haft af þeim verulegt fjárhagslegt tjón.

Mér er þetta mál mjög vel kunnugt vegna afskipta minna sem eins af bæjarfulltrúum í Vestmannaeyjum, að sá kaupstaður réðst í kaup á tveimur þessara nýsköpunartogara og rak þá í nokkur ár og fékk af þeim verulegar fjárhagslegar byrðar, sem síðan varð að leggja á almenning til að losna við fyrirtækið aftur. Þessi sama reynsla fékkst hjá, að ég held, öllum öðrum kaupstöðum, mismunandi mikil að sjálfsögðu, og nú munu aðeins vera, eftir því sem ég man eftir, aðallega tveir, en þó munu það vera þrír eða fjórir kaupstaðir, sem hafa afskipti af togaraútgerð, þó að hún hafi alls staðar dregizt mjög saman, nema þá hér í Reykjavík og á Akureyri. Hafnarfjörður, sem um áratuga bil hefur haft með höndum togaraútgerð, hefur dregið þann rekstur mjög saman, og er það eingöngu vegna þess fjárhagslega tjóns, sem það bæjarfélag hefur haft af þessum rekstri síðasta áratuginn. Það er því ekki eingöngu um fordóma að ræða, eins og fram kom hjá hv. flm., sem markar afstöðu manna til þess, hvort ríkisvaldið eða það opinbera á að standa fyrir atvinnurekstri í jafnstórum stíl og þarna er gert ráð fyrir, heldur er það sú reynsla, sem við höfum þegar öðlazt af þessum afskiptum og ég hef hér bent á.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir kaupum á 5 skuttogurum, 1500—2000 smálestir að stærð, og 5 bátum af stærðinni 250—400 tonn, og er þessum atvinnutækjum ætlað að afla hráefnis til frystihúsa víðs vegar um landið. Ég er þeirrar skoðunar, að ef ríkið ætti að fara í bein afskipti af öflun hráefnis til frystihúsanna, ætti það að gerast með skipum af allt annarri stærð en þarna er tilgreint. Togarafiskur mun vera í dag og hafa verið undanfarin ár langdýrasta hráefni, sem aflað hefur verið til vinnslu í frystihúsunum. Það liggja fyrir um það opinberar skýrslur, enda öllum það ljóst, sem þessi mál þekkja, að til útgerðar togara er greitt úr ríkissjóði hlutfallslega meira á hvert einasta tonn fisks en greitt hefur þó verið til báta, sem aflað hafa hráefnis til fiskvinnslustöðvanna. Af þessu sést, að það hráefni, sem togararnir skila á land, er það langsamlega dýrasta, sem aflað er, og því hlýtur það að koma í huga manns, að eðlilegra væri að fara aðrar leiðir en þessar, ef ríkisvaldið ætlaði að skipta sér af þessu máli á þann veg að stuðla að meiri hráefnisöflun en nú er.

Útgerð 250—400 tonna báta, — ég hygg, að það liggi alveg ljóst fyrir í dag, að það er sú stærð skipa, sem langsamlega á erfiðast uppdráttar með rekstur sinn. Einnig það hlýtur að benda til þess, að það hráefni, sem aflað yrði á slíkum skipum, yrði enn dýrara en jafnvel hjá togurunum og örugglega dýrara en hægt væri að gera, ef um smærri fiskibáta væri að ræða, þannig að ég tel það grundvallaratriði, sem í þessu frv. er og fram kemur í 2. gr., — ég tel það byggt á röngum forsendum, þannig að ef Alþingi væri á því að fara einhverjar slíkar leiðir, eins og frv.

gerir ráð fyrir, hlyti að verða farið í aðra stærð skipa en þarna er gert ráð fyrir.

En ég hygg, að brýnna sé fyrir þjóðina í heild og þá sérstaklega sjávarútveginn að gera allt aðrar ráðstafanir en í þessu frv. felast. Skortur sá, sem verið hefur á öflun hráefnis til hinna ýmsu fiskvinnslustöðva víðs vegar um landið, byggist að mínum dómi á því, að við höfum ekki getað komið okkur saman um enn þá hér á hv. Alþingi að nýta þau fiskimið, sem í kringum landið eru, á þann hagkvæmasta hátt, sem þau hljóta að verða nýtt í framtíðinni, ef fiskiðnaður á að eiga sér nokkra framtíð hér á landi. Án efa sýnir sú reynsla, sem við þó höfum af nýtingu fiskimiðanna, — á ég þar við þá reynslu, sem við höfum af togveiðum smærri báta, bæði við Suðvesturland og einnig við Norðurland, — að það má halda fiskiðnaðinum gangandi með mjög eðlilegum hætti, ef fiskimiðin á þessum stöðum og annars staðar við strendur landsins eru nýtt á eðlilegan og skynsamlegan hátt.

Það þarf ekkert að vera að eyða orðum að því, að togveiðarnar hafa að sumu leyti, nokkrir segja að verulegu leyti, stuðzt við veiðar, sem ekki samrýmast þeim reglum og þeim lögum, sem þar gilda um. Nú hefur nýlega verið gefin út tilkynning frá hæstv. dómsmrh., þar sem þeim aðilum, sem kunna að hafa reynzt brotlegir í sambandi við þessar veiðar, er veitt sakaruppgjöf, og það jafnframt vitað, að í verki mun þessum lögum verða framfylgt. Öllum, sem þessi mál þekkja og við sjávarsíðuna búa og hafa fylgzt með öflun hráefnis yfir sumartímann, er ljóst, að ef svo vindur fram sem nú horfir og ef Alþingi gerir ekkert til að leysa þessi mál eða ég vil segja vindur ekki bráðan bug að því að leysa þessi mál, munu stöðvast tugir báta, sem þessar veiðar hafa stundað víðs vegar um land. Ég tel því, að það liggi allt annað fyrir hv. Alþ. nú í dag í sambandi við öflun hráefnis til vinnslustöðvanna í kringum landið heldur en fara að stofna til nýrrar útgerðar á vegum ríkisins og þá á skipum, eins og ég hef bent á, sem eru langsamlega dýrust í rekstri og skila til fiskvinnslustöðvanna langsamlega dýrasta hráefni, sem þær taka á móti. Ég hygg, að það megi nokkuð tryggja atvinnuástandið, ekki einasta fyrir sjómenn og þá afkomu vélbátanna, heldur einnig og frekar fyrir hið vinnandi fólk á hinum ýmsu stöðum í kringum landið, með því að Alþ. komi sér saman um skynsamlega nýtingu þeirra fiskimiða, sem við búum við og getum nýtt þjóðinni allri til hagræðis, ef það er gert á eðlilegan og skynsamlegan hátt. Fiskiskipafloti okkar, sem þessar veiðar stundar, hefur að vísu dregizt nokkuð saman, og hlýtur að koma að því, að opinber afskipti koma til við að endurbyggja hann að einhverju leyti, og mín skoðun er sú, að það verði bezt gert með því, eins og verið hefur, að hann verði rekinn af einstaklingum, en ekki því opinbera. En ef það verður gert, og ef settar verða reglur um nýtingu fiskimiðanna, þar sem önnur veiðarfæri en handfæri, lína og net verða leyfð, þá frekast yfir sumartímann, þá hygg ég, að afla megi fiskvinnslustöðvunum nægjanlegs hráefnis, til þess að atvinnuástand á hinum ýmsu stöðum í sjávarþorpunum geti haldizt með nokkuð eðlilegum hætti. Ég er alveg sannfærður um það, að slík ráðstöfun yrði mun heilladrýgri fyrir þjóðarheildina heldur en þó að ráðizt yrði í fyrirtæki eins og gert er ráð fyrir í þessu frv.

Eins og ég sagði í upphafi, greinir menn sjálfsagt á um það, hefur alltaf greint á um það og um það munu í framtíðinni einnig verða skiptar skoðanir, að hve miklu leyti ríkisvaldið á að verða beinn þátttakandi í atvinnurekstrinum. En ég vil undirstrika það, sem ég sagði einnig í upphafi, að við höfum vissulega fengið verulega reynslu um afskipti hins opinbera af þessum málum, og á ég þar við þátttöku hinna ýmsu sveitarfélaga í útgerð nýsköpunartogaranna, sem hingað komu til landsins eftir stríðslok. Sú reynsla, sem þá fékkst, hlýtur að vera nokkur aðvörun til ráðandi manna í þjóðfélaginu um að fara þar gætilega og ekki stofna á ný til slíkrar útgerðar, nema önnur ráð til öflunar hráefnis til fiskvinnslustöðvanna séu ekki fyrir hendi. En ég tel, að sú aðstaða sé ekki fyrir hendi í dag. Það er mín sannfæring, að það megi með allt öðrum og miklu einfaldari aðgerðum auka verulega hráefnisöflun til handa fiskiðjuverunum, það megi gera á allt annan og auðveldari hátt en þetta frv. gerir ráð fyrir, og hef ég af þeim ástæðum viljað láta þessar aths. og ábendingar koma fram nú við 1. umr. þessa máls hér.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. 3. þm. Sunnl., Guðlaugur Gíslason, gerði hér nokkrar aths. við það frv., sem ég hef hér flutt. Hann taldi m. a., að sú stærð, sem í frv. er tiltekin að vera skuli á þessum skipum, sé ekki hin rétta. En í frv. segir, að skuttogararnir eigi að vera 1500—2000 smálestir og bátarnir 250—400 rúmlestir. Ég held, að ég treysti mér ekki til þess að deila við hv. þm. um þetta atriði. Ég verð að viðurkenna það, að persónulega er ég ekki nægilega viss í minni sök hvað það atriði snertir, en þó hafa menn, sem mjög kunnugir eru þessu máli, sagt mér, að þessi stærð mundi tvímælalaust vera talin hin heppilegasta, og þeir hafa með ýmislegum rökum getað sannfært mig um það, að miðað við allar aðstæður mundi þetta vera skynsamlegust lausn á málinu. En sem sagt, þetta er svo sannarlega ekkert trúaratriði hjá mér, og þetta atriði verður að sjálfsögðu að athuga nánar. Þetta verður að teljast með smærri atriðum.

Hitt meginatriðið, sem hv. þm. vék að, var spurningin um það, hvort ríkisvaldið ætti yfirleitt að skipta sér af slíkum atvinnurekstri eins og þessum. Og ég vil taka það skýrt fram, að þó

að ég flytji hér frv. um ríkisútgerð togara, þá er það síður en svo, að ég vilji amast við því, að aðrir aðilar fáist við slíkan atvinnurekstur. En ég tel æskilegt, að ríkisvaldið leggi hins vegar hönd á plóginn á þessu sviði ásamt þeim aðilum, sem fyrir eru.

Við Alþb.-menn höfum flutt frv. og þáltill. á fyrri þingum um, að ríkisvaldið hafi forgöngu um smíði nokkurra skuttogara og að þessir togarar verði síðan framseldir einstaklingum og bæjarfélögum, og frv. eins og þetta er síður en svo í neinni andstöðu við þann tillöguflutning, heldur aðeins honum til viðbótar. Ég held hins vegar, að hv. þm. muni eiga fjarska erfitt með að telja nokkrum trú um það, að reynslan af nýsköpunartogurunum hafi verið slæm. Það held ég, að sé býsna mikill misskilningur hjá hv. þm. Fyrsta áratuginn, eftir að þessi skip voru keypt, sköpuðu þessi atvinnutæki mikla atvinnu víðs vegar um landið, ekki aðeins þeim sjómönnum, sem þar fengu pláss, heldur og fólkinu í landinu, og er ástæðulaust að rekja það hér. Einnig, er ástæðulaust að tíunda þær stórkostlegu gjaldeyristekjur, sem þessir togarar hafa veitt þjóðinni. Það er hægt að fullyrða það, að lífskjör þjóðarinnar hefðu verið talsvert önnur og miklu lakari á 5. áratug aldarinnar, ef þessi skip hefðu aldrei verið keypt.

Það er alveg rétt, að togaraútgerðin hefur oft verið rekin með tapi. Þar hefur verið um að ræða það, sem með réttu má kalla bókhaldslegt tap. En það hefur á sama tíma verið ótvíræður þjóðhagslegur gróði af útgerð slíkra skipa, og vandamálið hefur auðvitað verið það, að það hefur ekki verið búið nægilega vel að togaraútgerðinni. Efnahagsstefnan, sem fylgt hefur verið í landinu, hefur því miður oft og tíðum verið hlynntari ýmsum öðrum fyrirbrigðum efnahagslífsins heldur en sjávarútvegi. Það er alkunna, að það hefur ekki fyrst og fremst verið í sjávarútvegi, sem menn hafa safnað miklum auðæfum, heldur hefur það miklu frekar verið í ýmiss konar milliliðastarfsemi og verzlunarstarfsemi, og efnahagsstefnan, sem rekin hefur verið í landinu, hefur verið fyrst og fremst miklu hagstæðari slíkum atvinnugreinum. Það er skoðun mín, að ef fyrirtæki skilar mjög miklum gjaldeyri og er tvímælalaust þjóðhagslegt gróðafyrirtæki, þá skiptir hitt minna máli fyrir þjóðarheildina, þó að um sé að ræða taprekstur. Þá er sem sagt ekki lausnin sú að henda því fyrirtæki á hauga, heldur ber fyrst og fremst að laga þjóðfélagið eftir aðstæðum, þannig að það geri fært, að þetta þjóðhagslega hagstæða fyrirtæki sé líka rekið með bókhaldslegum gróða.

Hv. þm. gat þess, að bæjarútgerðir víða um land hefðu reynzt illa. En staðreyndin er sú, að á þeim eina stað, þar sem töluvert fjármagn hefur staðið á bak við slíka útgerð, eins og verið hefur hér í Reykjavík, þar sem Bæjarútgerðin hefur verið töluvert stór í sniðum, þar hefur þetta fyrirtæki staðið alla tíð, og mér er ekki kunnugt um það, að neinn flokkur í bæjarstjórn Reykjavíkur hafi nokkru sinni lagt það til, að Bæjarútgerð Reykjavíkur væri lögð niður. Það sýnir svo sannarlega, að menn hafa talið, að það væri nauðsynlegt og gott fyrirtæki.

Ég álít sem sagt, að ef svo stendur á, að einstaklingar eða fjárvana bæjarfélög og aðrir aðilar ráða ekki við að halda úti togurum og gera togara út, þá sé langeðlilegast, að hinn eini aðili hér á landi, sem getur leyst slík verkefni, hefur nægilegt fjármagn á bak við sig til þess að byggja það upp, svo að það sé hagkvæmlega rekið, eigi þá að grípa þarna í taumana og koma til skjalanna, þ. e. a. s. ríkisvaldið. Og ég vil alvarlega vara við því, að menn haldi enn á lofti þessum gömlu og löngu úreltu kreddukenningum um það, að ríkisvaldið megi ekki koma nálægt atvinnurekstri. Það hefur sýnt sig, að í þjóðfélagi okkar eru ekki margir aðilar, sem geta ráðizt í stór verkefni. Oft og tíðum er það þá ríkisvaldið eitt, sem getur ráðið við slík verkefni, og þá á það hiklaust að gera það. Mér sýnist á öllu, að togaraútgerð á Íslandi sé eiginlega komin í þann farveg, að ekki verði undan því vikizt, að ríkisvaldið grípi þar í taumana.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð til þess að leiðrétta misskilning, sem mér skilst að hafi orðið hjá hv. frsm., ef hann heldur, að ég í ræðu minni áðan hafi verið að tala gegn togaraútgerð. Ég taldi mig ekki hafa komizt svo að orði, að þannig ætti eða mætti misskilja það, sem ég sagði. Ég get alveg fallizt á það, að það getur verið eðlilegt að halda uppi útgerð, þó að hún sé rekin með tapi, ef það er nauðsynleg undirstaða undir atvinnurekstri og vinnu fólks í landi. Hins vegar þýðir ekki að vera að berja höfðinu við steininn með það, að sú reynsla, sem fékkst af rekstri togara í eigu hins opinbera, bæjarfélaganna, á sínum tíma, varð mjög neikvæð og mjög dýr fyrir mörg sveitarfélög, þannig að þau fengu vart og ekki undir því risið sum þeirra. Það, sem ég vildi láta koma hér fram í sambandi við þetta mál, var það, að ég tel, að ef ríkisvaldið vill hafa einhver bein afskipti af öflun meira hráefnis til hinna ýmsu vinnslustöðva víðs vegar um land til atvinnuaukningar fyrir það fólk, sem þar býr, þá er hægt að gera það að mínum dómi á allt annan og miklu þjóðfélagslega séð betri hátt en þarna er lagt til.

Það var þetta, sem ég vildi láta koma fram og sérstaklega undirstrika, að ég tel, að þetta frv. stefni ekki í þá átt að skapa aukna atvinnu í sambandi við fiskiðnaðinn á eins hagkvæman hátt og ég hygg, að megi gera eftir öðrum leiðum, og ég lítillega kom hér inn á í minni fyrri ræðu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 24. fundi í Nd., 9. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 29 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

26. Verzlun með tilbúinn áburð.

Á 19. fundi í Sþ., 11. des., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um afnám laga nr. 51 28. jan. 1935, um verzlun með tilbúinn áburð [110. mál] (þmfrv., A. 141).

Á 30. og 31. fundi í Nd., 16. og 17. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Nd., 17. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Fyrri flm. þessa máls á nú ekki sæti á þingi, þegar frv. kemur til umr., en hann sat hér á þingi sem varaþm. fyrir hv. 4. landsk. þm., Jónas Árnason. Ég held, að löng framsaga fyrir þessu máli sé óþörf, en ég mun þó fylgja málinu úr hlaði með nokkrum orðum.

Frv. er um eitt efnisatriði, og efni þess er það, að lög nr. 51 frá 28. jan. 1935, um verzlun með tilbúinn áburð, verði felld úr gildi.

Skv. þessu er efni frv. það eitt, að einkasala með tilbúinn áburð verði lögð niður. Það er skoðun okkar flm., að ríkjandi verzlunarhættir með tilbúinn áburð hafi gefizt illa, og ég held, að það sé ekki ofsagt, að megn óánægja ríki almennt meðal bænda landsins með áburðarverzlunina. Það eitt er víst, að óánægjan hefur magnazt hin síðari ár, einkum síðan áburðareinkasalan var fengin Áburðarverksmiðjunni í hendur.

Af samanburðarrannsóknum, sem fram hafa farið á köfnunarefnismagni Kjarnaáburðar annars vegar og sama magni í kalísaltpétri hins vegar, virðist tvennt hafa komið í ljós:

1. Efnisinnihald uppskerunnar sé lakara, þegar Kjarninn er notaður.
2. Uppskera hefur farið hraðminnkandi, miðað við flatareiningu lands, og því lengur og meiri hefur skerðingin orðið sem Kjarni hefur lengur verið notaður.

Þetta virðast mér vera meginatriðin í niðurstöðum þeirra samanburðarrannsókna, sem farið hafa fram. Nú skal ég engan veginn fullyrða, að þessar niðurstöður hafi almennt gildi eða séu réttar, óyggjandi réttar. En miklar líkur benda þó í þá átt, að þessar niðurstöður fari ekki fjarri lagi. Ég segi því: séu þessar niðurstöður réttar, er vissulega hér um mjög alvarlegt mál að ræða, sem bakar bændastéttinni stórtjón á hverju einasta ári. Með þetta í huga er það auðskilið mál, að bændur óski og hljóti að óska meira frjálsræðis um kaup á tilbúnum áburði, svo að þeir eigi þess kost hverju sinni að kaupa þær áburðartegundir, sem þeir telja sig hafa þörf fyrir og þeir telja að henti því gróðurlendi, sem þeir hafa til ræktunar. En því er frv. borið fram um þetta réttindamál hér á hv. Alþ., að kröfum um þetta hefur verið synjað og yfirleitt heldur svarað með því að herða einkasölufjötrana á áburðinum.

Það er t. d. kunnugt, — ég hygg öllum alþm., bændum er það a. m. k. vel kunnugt, — að nú er bændum gert að skyldu að taka a. m. k. 70% af köfnunarefnisáburði þeim, sem þeir telja sig þurfa á næsta vori, í Kjarna. Það ætti ekki að þurfa neitt valdboð um þetta, ef bændum væri ljúft að taka Kjarnann í svona stórum stíl, og þá væri það auðvitað sjálfsagt. En þessum fjötrum eru bændur nú bundnir, þeim er skylt að taka 70% af köfnunarefnisáburðinum í formi Kjarnaáburðar. Um það er þeim ekkert undanfæri gefið. Og það er ekki ofsagt, þegar ég fullyrði, að þessu ófrelsi una bændur illa. Krafa þeirra er almennt meira verzlunarfrelsi á þessu sviði. Af bændastéttinni er áreiðanlega almennt tekið undir kröfu, sem fer í sömu átt og efni þessa frv., að einkasalan með tilbúinn áburð verði lögð niður. Þess vegna væntum við flm. þessa frv. þess, að hv. Alþ. rannsaki þetta mál ofan í kjölinn, svo sem kostur er á, og þá efum við ekki, ef svo verður gert, að hv. Alþ. muni fallast á efni þessa frv. og samþ. það.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði að umr. lokinni vísað til hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

27. Húsnæðismálastofnun ríkisins (frv. KTh o. fl.).

Á 27. fundi í Nd., 12. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins [113. mál] (þmfrv., A. 148).

Á 31. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Nd., 18. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Í þessu frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins er lagt til, að gerðar verði 4 breyt. á lögunum.

1. breyt. er sú, að lán Húsnæðismálastofnunarinnar verði afborgunarlaus fyrstu 3 árin í stað eins árs, eins og nú er. Ég hygg, að það þurfi ekki að hafa mörg orð um þessa breyt., því að það liggur í augum uppi, hvað vakir fyrir flm. með henni. Þeir, sem ráðast í húsbyggingar, eiga að sjálfsögðu a. m. k. langoftast erfiðast með að standa undir greiðslum fyrstu árin, og þess vegna er gert ráð fyrir því í gildandi lögum, að lánin verði afborgunarlaus fyrsta árið. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að kjör manna almennt hafa versnað síðari árin, af ástæðum, sem ég ætla ekki að rekja hér, og er því eðlilegt, að lánin verði afborgunarlaus í lengri tíma en gert hefur verið ráð fyrir fram að þessu. Þetta er meginástæðan fyrir því, að lagt er til, að lánin verði framvegis afborgunarlaus í 3 ár í stað 1 árs, eins og nú er.

2. breyt., sem lagt er til að gerð verði á l., er sú, að lánstíminn verði lengdur úr 26 árum í 35 ár. Það má segja, að það séu að vissu leyti að mestu sömu rökin fyrir þessari tillögu og þeirri, sem ég nefndi áðan. Kjör manna hafa yfirleitt versnað að undanförnu, sérstaklega þeirra, sem standa í nýbyggingum, auk þess að byggingarkostnaður hefur hækkað verulega og mun enn hækka af völdum gengisfellingarinnar. Það meðal annars gerir það eðlilegt, að lánstíminn verði lengdur eins og hér segir. Þess má geta, að víðast annars staðar er lánstíminn á slíkum lánum mun lengri en gert er ráð fyrir í þessu frv., hvað þá heldur eins og hann er nú ákveðinn í l. um Húsnæðismálastofnunina.

3. breyt., sem felst í þessu frv., er sú, að vísitölubinding lánanna verði afnumin. Þetta er mál, sem talsvert hefur borið á góma á undanförnum þingum, og vísa ég til þess, sem áður hefur verið um það sagt, en í stuttu máli má minna á það, að þetta eru eiginlega einu stofnlánin, sem eru vísitölubundin, og er óeðlilegt að vísitölubinda þessi lán frekar en önnur hliðstæð lán, sem eru t. d. veitt fyrirtækjum. Vísitölubindingin var upphaflega tekin upp að verulegu ráði í sambandi við júnísamkomulagið, sem var gert milli verkalýðsfélaganna, atvinnurekenda og ríkisstj. 1964, en eitt aðalatriði þess samkomulags var að taka upp lögbindingu á kaupgjaldsvísitölu á allar launagreiðslur. Á síðasta þingi voru þessi lög hins vegar afnumin. Það má segja, að með afnámi þeirra laga hafi verið kippt burt þeim grundvelli, sem var undir vísitölubindingu þessara lána á sínum tíma. Þess vegna er eðlilegt, að þessi vísitölubinding verði látin niður falla. Það liggur svo í augum uppi, að vegna gengisfellingarinnar og hækkana, sem leiðir af henni beint og óbeint, munu þessi lán stórhækka, ef vísitölubindingin helzt áfram, og gerir það enn nauðsynlegra, að þessi breyt., sem felst í frv. um afnám vísitölubindingarinnar, nái fram að ganga.

4. breyt., sem felst í þessu frv., er sú, að heimilt verði að veita lántakanda tímabundinn gjaldfrest, ef hlutaðeigandi hefur orðið fyrir fjárhagslegum áföllum vegna atvinnuleysis eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að tekjur manna hafa mjög rýrnað að undanförnu, ekki aðeins vegna þess, að dýrtíð hefur aukizt, heldur einnig vegna þess, að það hefur dregið úr atvinnu, auka- og eftirvinnu, sem menn studdust mjög við áður fyrr, og þess vegna er nú svo komið hjá fjöldamörgum, sem hafa ráðizt í það, oft á tíðum af litlum efnum, að eignast eigin íbúð á undanförnum árum, að þeir geta með engu móti risið undir þeim greiðslum, sem þeir hafa verið búnir að taka á sig og hafa verið miðaðar við það, að þær tekjur, sem þeir höfðu, mundu haldast og jafnvel aukast. Nú hefur þetta farið á annan veg, eins og ég hef lýst. Þess vegna er margt þessara manna í vandræðum, og yfir mörgum þeirra vofir það, að þeir verða að missa íbúðina, ef þeir fá ekki einhverja aðstoð til þess að rísa undir lánunum. Þess vegna er lagt til í þessu frv., að Húsnæðismálastofnuninni verði heimilað að veita gjaldfrest, þegar þannig er ástatt um gjaldendur.

Mér finnst rétt að minna á það í þessu sambandi, að þegar gengislækkunin var gerð á s. l. ári, var því heitið af ríkisstj., að gerðar yrðu ýmsar hliðarráðstafanir til þess að létta mönnum þær byrðar, sem af gengisfellingunni mundu hljótast. Það er víst, að einmitt þessi breyting, að leyfa húsnæðismálastjórn að veita gjaldfrest undir þeim kringumstæðum, sem ég áðan minntist á, er ein af þeim hliðarráðstöfunum, sem gæti komið mörgum að verulegum notum. Þess vegna vænti ég þess, að þetta mál fái góðar undirtektir hjá hæstv. ríkisstj. og hennar flokkum.

Að sjálfsögðu munu allar breyt., sem lagt er til samkv. þessu frv., að gerðar verði á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, hafa nokkurn útgjaldaauka í för með sér fyrir byggingarsjóð ríkisins, og er því lagt til í frv., að ríkisstj. hlutist til um það við Seðlabankann, að hann útvegi Húsnæðismálastofnuninni það lánsfé, sem byggingarsjóðurinn þarfnast til þess að rísa undir þeim auknu skuldbindingum, sem felast í frv. Ég ætla ekki að fara að rekja það nánar hér, en það er víst, að fyrirgreiðslan, sem Húsnæðismálastofnunin fær í dag hjá Seðlabankanum, er miklu minni en vera ætti, og ef vilji væri fyrir hendi hjá þeim, sem ráða Seðlabankanum, og ríkisstj.,

þá á honum að vera vel kleift að taka þá lánsútvegun á sig, sem hér er gert ráð fyrir.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál frekar að sinni, en leyfi mér að leggja til, að að þessari umræðu lokinni verði málinu vísað til félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

28. Hagtryggingarsjóður landbúnaðarins.

Á 30. fundi í Nd., 16. des., var útbýtt:

Frv. til l. um hagtryggingarsjóð landbúnaðarins [122. mál] (þmfrv., A. 179).

Á 31. og 43. fundi í Nd., 17. des. og 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Nd., 13. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Í frv. því, sem hér um ræðir, er lagt til, að stofnaður verði sérstakur sjóður, svonefndur hagtryggingarsjóður landbúnaðarins, sem hafi það hlutverk að bæta bændum ýmisleg ófyrirsjáanleg og óviðráðanleg tjón, sem þeir verða fyrir af völdum illæris, náttúruhamfara o. s. frv. En svo sem alkunna er, eru ýmiss konar tryggingar tæki nútímaþjóðfélags til velfarnaðar þegnum sínum. Virðist gefa auga leið, að þessu tæki eigi ekki sízt að beita atvinnuvegunum til öryggis, enda hefur hér svo verið gert í talsverðum mæli hvað sjávarútveginn snertir, en hins vegar allt of lítið varðandi landbúnaðinn, en þar treyst meira á beina ríkishjálp, þegar á hefur bjátað. Nú höfum við Íslendingar mörg dæmi fyrir okkur, að landbúnaður er áhættusamur atvinnuvegur fyrir þá, sem hann stunda. Sjúkdómar hafa herjað bústofninn, svo að efnahagur margra bænda hefur beðið mikinn hnekki af. Slæmt árferði, svo sem ill veðrátta, hefur valdið stórfelldum fóðurbresti hjá bændum, og er skammt að vitna til undanfarinna kalára á Norður- og Austurlandi. Þá geta eldgos, jarðskjálftar, skriðuföll og vatnsflóð valdið landbúnaði stórfelldum áföllum, en sjóðsstofnun þeirri, sem hér er gerð till. um, er ætlað það hlutverk að bera þessi blök af bændum að ákveðnum hluta. Lagt er til, að bændastéttin og ríkið byggi þennan sjóð upp eftir ákveðnum reglum, svo sem í frv. greinir, þ. e. að bændur greiði ákveðin gjöld í sjóðinn árlega af hverjum öfluðum heyhesti og keyptri kjarnfóðurlest og áburðartonni, en ríkið leggi jafnt á móti framlagi bænda og Búnaðarbanka Íslands, sem er ætlað lítilsháttar beint framlag, enda hafi sá banki sjóðinn í vörzlu sinni. Lagt er til, að stjórn sjóðsins sé í höndum Stéttarsambands bænda og landbrn., svo sem greint er í 3. gr. frv.

Eins og ég drap á fyrr, þá er Ísland áfallasamt til atvinnurekstrar bæði til lands og sjávar vegna misæris. Mundi fátt styðja atvinnuvegi okkar betur en öflugar tryggingar, sem gætu borið verstu áföllin af. Ýmislegu í þá átt höfum við komið á stofn, eins og ég hef áður drepið á, sem gefið hefur góða raun, en betur má, ef duga skal. Ríður þá á miklu, að atvinnuvegirnir sjálfir renni meginstoðum undir hagtryggingar sínar, því að þannig finna þeir, sem þá stunda og reka, mest til ábyrgðar sinnar varðandi það, að vel farnist, eftir því sem föng framast leyfa.

Varðandi stofnun hagtryggingarsjóðs landbúnaðarins er bændum ætlað að byggja hann upp að verulegum hluta sjálfum og hafa á honum stjórn að meiri hluta. Takist vel til um stofnun slíks sjóðs og framkvæmd, mætti svo fara, að landbúnaður okkar öðlaðist drjúgum meira öryggi um afkomu en hann býr nú við, jafnframt því sem hann hlyti af því aukna reisn og viðgang að koma á samtryggingu gagnvart ýmiss konar áföllum, en þyrfti sjaldnar og minna að leita til hins opinbera, þó að hallaðist á hesti. Umdeilanlegt er hins vegar, af hvaða einingum skuli reikna tillög til slíkra tryggingarsjóða og hve há slík tillög megi vera, svo að þau ofbjóði ekki þeim, sem atvinnuveginn stunda. Varðandi landbúnaðinn er hér horfið að því ráði að miða framlögin við undirstöðu rekstrareiningar, en ekki framleiðslu. Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar lætur nærri, að á undanförnum 3 árum hafi heyfengur bænda verið um 3.2 millj. hestburða á ári, meðalkjarnfóðursnot yfir sama tíma um 48000 lestir árlega og meðaláburðarnot samkvæmt upplýsingum áburðarverksmiðjunnar reynzt 53000 lestir á ári. Gæfi þetta, miðað við 3 kr. af hverjum heyhesti, 200 kr. af hverri kjarnfóðurlest og 100 kr. af hverju áburðartonni, eins og lagt er til hér í frv., þá gæfi þetta um 25 millj. kr. í árstekjur í hagtryggingarsjóð frá bændastéttinni, 2.5 millj. frá Búnaðarbanka Íslands og loks 27.5 millj. kr. frá ríkinu, þannig að tekjur sjóðsins næmu um 55 millj. kr. á ári, miðað við líkar aðstæður og hér er að framan getið. Gæti sjóðurinn því orðið allöflugur innan tíðar og veruleg baktrygging landbúnaði okkar, ef ekki beinlínis lyftistöng. Nú er einmitt mjög um það talað, að landbúnaðinn þurfi að aðlaga breyttu þjóðlífi, bæði þeim, er stunda hann, til betri lífskjara og allri þjóðinni til meira hagræðis, en slíkt hlýtur alltaf að kosta verulega fjármuni.

Rétt þykir að fara örfáum orðum um það ákvæði frv., að Búnaðarbanki Íslands leggi hagtryggingarsjóði landbúnaðarins til nokkurt fé árlega. Í lögum bankans, 2. gr., segir, að tilgangur bankans sé að styrkja landbúnaðinn, og þegar haft er í huga, að verulegur hagnaður var af rekstri bankans s. l. ár, virðist ekki óeðlilegt, að nokkur hluti þess hagnaðar renni í tryggingarsjóð landbúnaðarins. Ætla má og, að umræddur tryggingarsjóður verði innan tíðar umtalsverðir fjármunir, sem bankanum er ætlað að ávaxta, þannig að hann öðlast með sjóðnum aukið fé til umsýslu.

Að lokum skal tekið fram, að flm. þessa frv. gengur þess ekki dulinn, að vel kann svo að vera, að tryggingarmálum landbúnaðarins megi betur fyrir koma en í frv. þessu er lagt til, og yrðu allar slíkar ábendingar vel þegnar, enda er þess vænzt, að Alþ. muni bæta um það, sem miður kann að þykja, í meðförum sínum á frv. þessu.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Það eru nú aðeins örfá orð í sambandi við þetta frv. Ég álít, að það sé virðingarvert, að þm. reyni að finna leiðir til þess að tryggja hag atvinnuveganna, og það getur auðvitað verið um ýmsar leiðir að velja til þess að koma slíku í kring. En einn höfuðgalli er á öllum sjóðamyndunum nú á þessum árum, og hann er sá, að allir sjóðir étast jafnharðan upp og verða að engu á þessum tíma, þar sem gengisfellingar eru á hverju ári, og þar af leiðandi verða þeir skattar, sem innheimtir eru af atvinnuvegunum, að litlu gagni til þess að tryggja þeirra hag. Hér er lagður til verulegur skattur á bændur til þess að stofna svokallaðan hagtryggingarsjóð landbúnaðarins. Ég álít, að sú hugsun, sem á bak við þetta liggur, sé að því leyti rétt, að landbúnaðinn vanti slíkan hagtryggingarsjóð. En þó því aðeins kæmi hann að gagni, að gengi peninganna væri nokkuð tryggt og öruggt.

Í fyrra minnir mig að það væri, sem tekinn var nokkur hluti af þeim skatti, sem bændur hafa borgað undanfarið til byggingar bændahallarinnar, og lagður til bjargráðasjóðs í því skyni að efla þann sjóð til þess að styrkja landbúnaðinn fyrir sérstökum áföllum. Það er því um umtalsverða upphæð að ræða, sem landbúnaðurinn leggur nú þegar fram sér til styrktar, þegar út af ber. Með þessu frv., sem hér er til umræðu, er gert ráð fyrir verulegum skatti, og að sumu leyti er erfitt að hugsa sér, hvernig hægt er að innheimta þetta fé, t. d. það, sem á að greiða af hverjum heyhesti, en það er verulegur hluti skattsins, sem mundi koma af hverjum heyhesti, það er gert ráð fyrir 3 kr. Nú er þannig háttað til, að bændur eru hættir að telja heyfeng sinn í heyhestum, eins og var. Nú miða forðagæzlumennirnir við rúmmálið í hlöðunum, rúmmál heysins, þegar þeir ákveða ásetning á haustin, en ekki við heyhest. Það mætti þess vegna vel hugsa sér, að þetta yrði eins innheimt af rúmmáli heyjanna. En þarna er um verulega mikinn skatt að ræða, sem ég hygg að mundi reynast nokkuð erfitt að innheimta.

Meðalbóndi í landinu er talinn hafa núna samkvæmt verðlagsgrundvellinum 10 kýr, 2 nautgripi aðra og 180 fjár. Mér sýnist fljótt á litið, að þetta bú mundi þurfa að afla 1000 hesta af heyi, miðað við gamla lagið að telja heyið í hestum, hestburðum. Þess vegna kæmi þarna 3000 kr. skattur á hvern bónda.

Það er gert ráð fyrir, að umboðsmenn ríkisvaldsins innheimti þetta gjald. En hver á að ákveða álagningargrundvöllinn, hver á að ákveða það? Ég vildi gera þá fsp. til flm., hver á að ákveða álagningargrundvöllinn, hver á að ákveða, hvað mikið er af heyi hjá hverjum bónda? Ég geri ráð fyrir, að það yrði erfitt að innheimta gjaldið.

Þá er það ákaflega mikill skattur líka að bæta við 200 kr. á hvert tonn af kjarnfóðri, sem bændur kaupa. Grundvallarbúið er talið þurfa 8.5 tonn af fóðurbæti. Þarna kemur 1700 kr. skattur á fóðurbæti meðalbúsins, og það, sem er eitt af því allra erfiðasta núna, er einmitt það, hvað fóðurbætir er dýr, og það verður aldrei komizt hjá því, að bændur noti verulegan fóðurbæti hér á landi. Við búum við þannig náttúrufarsskilyrði, að við verðum alltaf, ef við eigum að framleiða nægilega mikið af landbúnaðarafurðum fyrir þá neyzlu, sem þjóðin þarf, þá verðum við ævinlega að nota allmikið af þessari vöru, og þarna finnst mér, að bændum verði íþyngt verulega.

Þá kem ég að áburðinum. Samkvæmt verðlagsgrundvallarbúinu er gert ráð fyrir, að meðalbóndi þurfi 4.3 tonn af áburði, og nú hefur áburðarverð farið mjög hækkandi ár frá ári vegna gengisfellinganna, sem eru tíðar, og það er orðið eitt af því, sem bændur eiga verst með að eignast, það er áburðurinn. Í því er falin stórhætta fyrir landbúnaðinn. Ég er sannfærður um, að það þarf að nota miklu meiri áburð fyrir þennan heyfeng, sem gert er ráð fyrir að meðalbúið þurfi að hafa, heldur en þann áburð, sem gert er ráð fyrir í grundvellinum. Ég þekki það dálítið af eigin reynslu, ég er búinn að nota þennan áburð áratugum saman, og ég nota miklu meiri tilbúinn áburð en það bú, sem reiknað er með. Ég geri ráð fyrir, að ég hafi a. m. k. þrisvar sinnum grundvallarbú sjálfur, en ég notaði á s. l. ári á milli 30 og 40 tonn af áburði, en hér er reiknað með 4.3 tonnum á þetta meðalbú. Ég er viss um, að íslenzkur landbúnaður líður mikinn skaða við það, hvað lítill áburður er notaður, og það er fyrst og fremst vegna þess, að bændur hafa ekki bolmagn til þess að kaupa þennan áburð, svo dýr sem hann er. Og nú ætti að bætast þarna á talsverður skattur, að vísu ekki mikill, ég skal játa það, en það munar um allt, og mér finnst,

að þessi álagningargrundvöllur, sem hv. flm. hefur fundið og byggir frv. sitt á, hann sé mjög varhugaverður frá mínu sjónarmiði.

Ég ætla nú ekki að tefja tímann og tala meira um þetta mál nú, það gefst kannske tími til þess síðar. En ég tel, að sú n., sem fær málið til meðferðar, þurfi mjög vel að athuga um álagningargrundvöllinn og hvort það þyki fært að stofna núna til slíkrar sjóðsstofnunar eins og hér er gert ráð fyrir, á þeim tímum einmitt, þegar bændur búa við mjög erfiða aðstöðu fjárhagslega og eiga þess vegna erfitt með að bæta á sig sköttum, og enn fremur þegar tillit er tekið til þess, að allir sjóðir, sem verið er að basla við að stofna á undanförnum árum, þeir hafa eyðzt upp í eldi óðaverðbólgu og dýrtíðar og gengisfellinga. — Ég ætla svo ekki að hafa um þetta fleiri orð að sinni.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að vekja athygli á því, að í 2. gr. frv., sem ég lýsti hér áðan, er einmitt tekið fram, hvernig ætlunin er, að gjald af heyfeng bænda sé fundið og hvernig það sé lagt á. Stendur í 2. gr.: „Gjald samkvæmt 1. gr. a-lið skulu sveitarstjórnir leggja á bændur ár hvert samkvæmt skýrslum forðagæzlumanna, og skal sú gjaldskrá liggja frammi jafnhliða skrám um opinber gjöld.“ Þarna er tekið fram, hvernig ég hugsaði mér, að þessi gjöld væru fundin og lögð á.

Varðandi það, að allir sjóðir hafi brunnið upp í óðaverðbólgu undanfarin ár, þá skal því að vissu marki ekki andmælt. En þó vil ég benda á það, að þeir sjóðir, sem hafa ávaxtað sig í fasteignum, eins og einmitt er gert ráð fyrir að þessi sjóður geri að nokkru leyti, þeir hafa vissulega aukizt og margfaldazt og dafnað vel, og þurfum við ekki annað en að vísa til atvinnuleysistryggingasjóðs, sem er nú öflugasti sjóður, að ég hygg, hér á landi og hefur gert atvinnuvegunum — að minni hyggju og að ég held fleiri — geysilegt gagn. Þess vegna er ég viss um, að svona sjóður gæti gert landbúnaðinum einmitt verulegt gagn, ef tækist að koma honum á fót.

Ég tók fram í niðurlagi ræðu minnar, að ég hefði einmitt velt því fyrir mér, hvort gjaldfóturinn væri rétt fundinn, og hann væri vissulega til athugunar. Það má vel vera, að þetta þyki of há gjöld. En á móti því, sem ég hygg að sjóðurinn kynni að veita landbúnaðinum, þá er þó álitamál, hvort grundvallarbúið þarf að horfa í það að greiða um 5000 kr. á ári til þess að öðlast þá tryggingu, sem ég hygg að slíkur sjóður mundi veita, þegar hann væri kominn á laggirnar og farinn að starfa af fullum þrótti.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það er eiginlega ekki nýtt mál hér á ferðinni, að ræða um það að semja löggjöf til þess að tryggja landbúnaðinn. Það var, held ég, 1963 eða 1964, sem kom hér fram á hv. Alþ. þáltill. um, að það skyldi kosin eða skipuð n. til þess að gera drög að frv. um búfjártryggingar. Þessi n. var skipuð, og í henni áttu sæti ýmsir af þeim mönnum, sem eru hjá Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda. Þeir sömdu frv. að l., og það var tekið fyrir á búnaðarþingi, að mig minnir 1966, og það var samþ. á því búnaðarþingi með dálitlum breytingum. Þetta frv. var sent til allra hreppabúnaðarfélaga landsins til umsagnar. Og ég held, að ég megi segja það, að mikill meiri hluti hreppabúnaðarfélaganna treysti sér ekki til þess að mæla með samþykkt þess, vegna þess að þeim fannst þá vera nógu mikil gjöld lögð á landbúnaðinn, og eins og rekstraraðstaðan var þá, var ekki fært að bæta meiri gjöldum þar við.

Á s. l. þingi var lögum um bjargráðasjóð mikið breytt og raunar að allverulegu leyti var þeim breytt þannig, að þetta frv. út af fyrir sig hefur ekki mikla þýðingu þannig lagað. Það væri þá nær að hækka tekjur bjargráðasjóðs á einhvern hátt, því að í sjálfu sér nær það, eins og ég sagði áðan, yfir það að miklu leyti, sem þessi hagtryggingarsjóður ætlast til.

Það er alveg rétt, sem flm. sagði, að gjaldið miðað við grundvallarbúið mun verða eitthvað rúmar 5000 kr., en reynsla okkar bændanna er sú, að þetta mundi verða í reynd einhvers staðar í kringum 7000 kr. á meðalbúið eða jafnvel meira. Ég hef spurt um það ýmsa, bæði ráðunauta og aðra, hvað þeir telji, að mikill áburður sé notaður á búi af þessari stærð, sem nú er miðað við, þ. e. a. s. 400 ærgildi, og eftir því mundi það verða yfir 7000 kr., sem grundvallarbúið yrði að borga. Við sjáum, miðað við þá rekstraraðstöðu, sem landbúnaðurinn hefur nú við að glíma, hvort mundi vera fært að bæta því við á þessu ári. Hins vegar ætla ég alls ekki að gera lítið úr því, að það þarf einhvern veginn að tryggja betur landbúnaðinn en er og það þyrfti að finna bjargráðasjóði meiri tekjustofna en hann hefur nú á hverju ári.

Það hefur komið í ljós, að á árinu 1967 munu bændur hafa haft í meðaltekjur innan við 100 þús. kr. Það er samdóma álit Hagstofunnar og Búreikningaskrifstofu landbúnaðarins. Eftir gengisfellinguna síðustu hefur það ekki fengizt, að bændur fengju að hækka sínar afurðir að neinu leyti eins og var í fyrra, og það mundi nema um 6.4% á verðlagsgrundvelli, og í raun og veru er þarna verið að lækka um 13% vinnulið verðlagsgrundvallarins, ef þessi hækkun fæst ekki fram. Ef svo á að bæta þessu gjaldi ofan á þessa rekstraraðstöðu, þá veit ég ekki, hvar á að taka fjármuni til þess. Ég veit, að búnaðarþing fer að koma saman, og ég tel sjálfsagt, að sú n., sem fær þetta mál, vísi því þangað og leiti umsagnar þeirra, sem eiga að njóta tryggingarinnar og borga þessi iðgjöld. En ég vil endurtaka það, að eins og rekstraraðstaða landbúnaðarins er nú, tel ég þetta alls ekki réttan tíma til þess að bæta gjöld-

um á landbúnaðinn, og það verður að finna einhverjar aðrar leiðir til þess að tryggja hann fyrir áföllum heldur en þessa leið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

29. Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Á 30. fundi í Nd., 16. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 101 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. [123. mál] (þmfrv., A. 180).

Á 31. og 44. fundi í Nd., 17. des. og 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Nd., 17. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Landbúnaðarmál hafa allmikið verið til umr. undanfarið, og er þá mjög um það rætt, að landbúnaðinn þurfi að aðlaða breyttu þjóðlífi, bæði þeim, sem stunda hann, til betri lífskjara og allri þjóðinni til meira hagræðis. Láta mun nærri, að ríkið verji rúmum 500 millj. kr. til beinna framlaga til landbúnaðarins, eða miklum mun hærra framlagi en til nokkurrar annarrar atvinnugreinar okkar. Hér er það, sem ágreiningurinn rís. Sumir telja þessi framlög óeðlilega há, þar sem hér sé ekki lengur um neinn aðalatvinnuveg þjóðarinnar að ræða og veiti tiltölulega fámennum hluta hennar atvinnu. Aðrir telja framlög ríkisins of mjög skorin við nögl og bæta þurfi hag bænda, lægstlaunuðu stéttar landsins, með drjúgum hærri ríkisframlögum. Um hitt er ekki deilt, að við þurfum og eigum að halda þessum atvinnuvegi uppi og hafa sem bezt not af honum fyrir þjóðarheildina og veita þeim, er hana stunda, sem bezt kjör. Deilan stendur um það, hvernig að þessu skuli vinna, og líka, hver hagur bænda er. Oft er því haldið á lofti, að bændur séu lægst launaða stétt landsins, og ugglaust er þetta tölulega rétt að meðaltali. En líklega hefur engin stétt eins misjafnar tekjur og bændur, allt frá því að hafa naumlega til hnífs og skeiðar og upp í ofsatekjur. Hér er líka um atvinnugrein að ræða, sem hagsýni og ráðdeild orka afar miklu um, hver útkoma árstekna verður. En sé haft í huga, hve margar afdala- og útnesjajarðir eru þó enn í byggð, hve mörg smábýli eru yrkt til tekjudrýginda með annarri vinnu og hve margt eldra fólk stundar þessa atvinnugrein, fólk, sem hvorki getur né vill stækka bú sín, en unir glatt við sitt, þótt smátt sé í augum áhorfenda, þá gefur auga leið, að meðaltekjum bænda verður seint náð upp úr lágu meðaltali og nánast vonlaust að freista þess. Til þess að búa meginþorra bænda, burðarásum stéttarinnar og búnaðarins, góð lífskjör, verður að ástunda samfærslu byggðar þeirra og stækkunar meðalbúa þeirra, en taka ekki inn í það dæmi afdalakot og smábýli hinna, sem vilja og þurfa að búa smátt. Jafnframt á að hætta að berja það inn í bændastéttina, að hér sé um svo vesælan atvinnuveg að ræða, að hann verði ekki stundaður nema með stórfelldri ríkisaðstoð. Sá hugsunarháttur drepur dug og metnað úr ungu fólki til að iðka landbúnað, en allir sjá, hvar lendir, ef sú stétt endurnýjast ekki með eðlilegum hætti.

Hér þarf að verða hugarfarsbreyting á. Í augum fjölmargra neytenda og bæjarbúa eru bændur sérréttinda- og yfirvöðslustétt, sem krefst meira af ríkinu en nokkur önnur stétt. Í mínum augum eru bændur fyrst og fremst ráðvillt stétt, sem finnst jörðin skríða undir fótum sér, finnur, en skilur ekki til fulls, að vegna stórfelldrar þjóðlífsbreytingar síðustu áratugi er staða landbúnaðarins í þjóðlífinu að gerbreytast. Sumir sjálfskipaðir forsjármenn þeirra grípa til rómantísks sveitalofs um ágæti atvinnunnar og hollustu hennar og menningarlegra áhrifa. En ekkert af þessu snertir innsta kjarna málsins, að gera landbúnaðinn arðvænlegan fyrir þá, sem stunda hann, og þjóðarheildinni hagfelldan. Þar tel ég skipta máli, að bændur verði ekki hvattir til offramleiðslu á þeim landbúnaðarvörum, sem síðan eru seldar úr landi langt undir kostnaðarverði. En þar virðist mér 10% viðmiðunin hafa haft óheppileg áhrif og komið í veg fyrir, að stéttin leitaði meiri fjölbreytni í framleiðslu, sér til betri tekna og ríkiskassanum til léttis.

Það er trú mín, að með stofnun hagtryggingarsjóðs landbúnaðarins, þar sem fjármunir eru dregnir saman til tryggingar og uppbyggingar, muni öryggiskennd bænda aukast, en með lækkun útflutningsuppbóta muni þeir gaumgæfa betur framleiðsluhætti sína, sér og þjóðarheildinni til hagræðis. Hvort tveggja tel ég tímabært og nauðsynlegt, og til að stuðla að slíku eru þau tvö frv., sem ég hef lagt hér fram á Alþ., flutt.

Ég legg svo til, að frv. þessu verði vísað til landbn. og 2. umr.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera margorður um þetta frv., þar sem ég geri ráð fyrir því, að það verði sent til n., sem ég er í. Hins vegar vil ég ekki láta hjá líða að segja hér örfá orð í sambandi við flutning þessa frv. á þessu stigi.

Landbúnaðarmál hafa verið mjög til umr. nú um sinn, og mér finnst, að mörg orð hafi fallið í þeim umr., sem bera vott um, vægast sagt, takmarkaðan skilning á þeim málum og aðstöðu þeirri, sem bændur eru í um þessar mundir. Það hefur verið mjög eftirtalið af ýmsum mönnum, að ríkið skuli hafa greitt og greiði enn nokkrar fjárhæðir, sem kallaðar eru uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, sem miðast að hámarki við það, að upp verði bættar þær vörur, sem úr landi eru fluttar, allt að 10% af allri framleiðslu landbúnaðarins. Þessi verðtrygging til handa bændum var sett með lögum frá 1960, og hafa það að mínu áliti orðið mjög farsæl lög að því er það snertir að tryggja hag bændanna betur en ella hefði orðið á því tímabili, sem liðið er síðan.

Það má segja, að þessar uppbætur séu orðnar nokkuð háar nú upp á síðkastið vegna þess, hvað verðbólgan hefur aukizt. Nú hefur hins vegar orðið allmikil breyting á þessu, svo að á þessu ári er talið, að fyrir landbúnaðarvörur, sem útfluttar eru, muni fást allt að því 80% af framleiðsluverði sauðfjárafurða.

Annað er það, sem mjög hefur verið á lofti haldið í sambandi við landbúnaðarmál, og það er það, að byggðin sé allt of dreifð og það eigi að færa hana saman, og margir hafa meira að segja sagt, að það væri þjóðþrifamál að fækka bændum verulega, vegna þess að þeir framleiddu of mikið af landbúnaðarvörum. Þetta má til nokkuð sanns vegar færa í góðærum, að landbúnaðarvörurnar hafa orðið heldur miklar fyrir innanlandsmarkað. En hins vegar er ekki lengi að verða breyting á, þegar harðnar í ári. Og meira að segja nú, strax á þessu ári, hefur það komið í ljós, að mjólkurframleiðsla hér á mjólkursvæði Reykjavíkur er mun minni en þörfin, svo að það hefur orðið að flytja mjólkurvörur norðan úr landi, sem kostar mjög mikið. Þetta sýnir aðeins það, að landbúnaðarvöruframleiðslan er svo miklum sveiflum háð eftir árferði, að það er mjög óvarlegt að miða við það að framleiða ekki meira handa þjóðinni en nægi, þegar góðæri er, því að þá mun fljótlega koma að því, að framleiðslan verði of lítil, þegar verr árar.

En eins og ég lofaði í upphafi, þá ætla ég ekki að gera þetta mál hér að neinu verulegu umræðuefni að þessu sinni, þar sem það mun eiga eftir að koma í n., en ég vil aðeins benda á það, að margt er í kringum landbúnaðarmál, sem þarf athugunar við, eins og réttilega kom fram í framsöguræðu hv. flm. En varðandi þetta frv. er rétt að benda á, að það hefur þegar verið skipuð n. af hálfu landbrh. til þess einmitt að gaumgæfa mörg atriði í sambandi við framleiðslumálin og gera till. um ýmislegt, sem gæti orðið til breytinga til bóta á þessu sviði. Og ég hygg, að óskynsamlegt sé að afgreiða þetta frv., fyrr en a. m. k. fyrir liggur álit þessarar nefndar.

Ég vil svo bæta því við í sambandi við þá kenningu, að færa eigi saman byggðina, að þá eru þar fleiri hliðar en sú að hugsa aðeins um það, að hæfilega sé framleitt af búvörum hverju sinni. Gangi eitthvert byggðarlag saman, fækki verulega fólki í einu byggðarlagi, er byggðarlaginu stór hætta búin öllu í heild. Þeir, sem eftir eru, eiga miklu örðugra með að haldast við, ef flótti hefur orðið úr byggðarlaginu. Og þá er mjög hætt við því, að eftir lítinn tíma komi að því, að byggðarlagið þurrkist út. Þetta er eitt höfuðatriðið, sem mælir á móti því, að það sé rétt stefna að fækka fólki í byggðarlögum, ef á annað borð er hugmynd þeirra, sem ráða þjóðfélaginu, að byggðin dragist ekki stórkostlega saman og að landið verði byggt mestallt, eins og hér er nú og hefur verið og á að vera að mínu áliti.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. En landbúnaðarmál eru miklu flóknara viðfangsefni en mér virðist koma fram í ýmsum umræðum og ályktunum, sem um þau hafa verið gerðar nú upp á síðkastið, og ég vona, að þjóðin beri gæfu til þess að stuðla að því, að landsbyggðin eyðist ekki fram úr því, sem er, heldur að taka meira í hinn strenginn en mér virðist hafa verið gert nú upp á síðkastið.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það hefði verið mjög æskilegt, að hæstv. landbrh. hefði verið viðstaddur, meðan umr. um þetta mál fer fram, og mér finnst raunar varla forsvaranlegt að flytja það í hans fjarveru.

Ég hef þegar tekið þetta frv. til meðferðar að nokkru leyti í sambandi við annað mál hér í hv. þd. Því get ég verið fremur stuttorður um þetta bændafækkunarfrv. Alþfl. nú, enda stendur það öðrum nær en okkur framsóknarmönnum að verja þá stefnu, sem stjórnað hefur verið eftir s. l. 9 ár og leitt hefur til þess, að engin framleiðsla í landinu hefur viðunanlegan rekstrargrundvöll, og er bein orsök þess, að hraðvaxandi erfiðleikar steðja nú að bændastéttinni. Við sögðum það fyrir, til hvers mundi leiða sú stefna, sem stjórnarflokkarnir tóku upp í landbúnaðarmálum í byrjun „viðreisnar", stórkostleg hækkun á vöxtum lánasjóða landbúnaðarins ásamt hækkun á almennum vöxtum, ekkert hugsað um að gera ráðstafanir til þess að draga úr hækkunum á rekstrarvörum landbúnaðarins, eins og ríkisstjórnir nágrannaþjóðanna hafa gert með ýmsu móti, og þrátt fyrir margendurtekna yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. um það, að höfuðmarkmið hennar sé að stöðva verðbólguþróunina í landinu, þá hafa ýmsar veigamiklar framkvæmdir, sem hafa einmitt verið gerðar á vegum hennar, verið þannig framkvæmdar, að þær hafa verkað sem beinn verðbólguvaldur.

Hvernig hafa t. d. Breiðholtsbyggingarnar verið? Þegar sú starfsemi hófst, var sagt, að tilgangurinn væri að lækka svo byggingarkostnaðinn, að efnalítið fólk ætti þess kost að festa sér

íbúð, þó að það gæti ekki borgað á byggingartímanum nema 20% af kostnaðarverði íbúðanna. Ekki veit ég til þess, að nokkur viðhlítandi greinargerð hafi verið samin um raunverulegan kostnað við þessar byggingar. Hins vegar hefur verið sett á þær íbúðir, sem afhentar hafa verið, ákveðið verð, og manni hefur skilizt, að það verð væri ekki miðað við það, að um álagningu væri að ræða, heldur sé þetta verð undir raunverulegum byggingarkostnaði. Og hvernig er svo verðið á þessum íbúðum, miðað við t. d. byggingarkostnað í sams konar íbúðum byggðum á sama tíma í byggingarsamvinnufélögunum? Breiðholtsbyggingarnar reynast a. m. k. 1/3 dýrari. Þannig er árangur af þessum framkvæmdum. Halda menn, að svona lagað hafi engin áhrif á verðbólguþróunina í landinu? Auk þess soga þessar byggingar í Breiðholti til sín mikinn hluta þess fjármagns, sem Húsnæðismálastofnunin hefur yfir að ráða, þannig að önnur byggingarstarfsemi er meira og minna lömuð af þeirri ástæðu.

Það væri full ástæða fyrir Alþ. að kjósa rannsóknarnefnd til þess að kanna, hvernig er hagkvæmast fyrir þjóðina að ráðstafa þeim fjármunum, sem hún getur ráðstafað til íbúðabygginga ár hvert. Þessi liður útgjalda er orðinn svo geigvænlegur miðað við hið almenna kaupgjald í landinu, að hann er gersamlega ofviða flestum, og Breiðholtsbyggingarnar hafa ekki orðið til þess að lækka byggingarkostnaðinn, þvert á móti. Eða halda menn, að það hafi ekki ýtt undir verðbólguþróunina í landinu, þegar ríkisstj. tók af allar takmarkanir á fjárfestingunni, sem var orsök þess mikla kapphlaups í byggingu verzlunar- og skrifstofuhalla hér í Reykjavík, sem leiddi til þess, að þessir aðilar buðu í vinnuaflið til þess að fá það, allt frá 30 og í 50% ofan á gildandi kauptaxta og jafnvel enn meira? Og þessar hallir standa nú sumar hverjar hálfkláraðar og lítt notaðar, talandi tákn þeirra mistaka og þess stjórnleysis, sem verið hefur í landinu á síðustu árum.

Þannig mætti lengi telja fram hliðstæð dæmi, hvað valdið hefur þeirri verðbólgu, óðaverðbólgu, sem þjóðin stendur nú frammi fyrir. Orsakanna fyrir henni er sízt að leita hjá bændunum, og engin stétt hefur áreiðanlega haft minni áhrif á hana en bændastéttin. Lögum samkvæmt á að verðleggja búvörur bænda með hliðsjón af því, að þeir fái fyrir vinnu sína eins og viðmiðunarstéttirnar höfðu að meðaltali árið á undan. Framkvæmdin hefur verið sú, að bændur hafa aldrei náð þessu kaupi, og sum árin hafa þeir ekki náð einu sinni hálfu kaupi viðmiðunarstéttanna. Hefur þessi munur aldrei verið meiri en síðustu árin.

Það er á valdi ríkisstjórnar hvers tíma, hvernig lánstími lánasjóðanna er, hvernig lánakjör eru og að miklu leyti um verðlag á rekstrarvörum atvinnuveganna. Það liggur því í augum uppi, að orsakanna fyrir verðbólguþróun síðustu ára er annars staðar að leita en hjá landbúnaðinum. Fyrir 5 árum þurfti sáralitlar útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir, þrátt fyrir það, hvernig að þessum atvinnuvegi var búið að ýmsu leyti. Það er því óðaverðbólga síðustu ára, sem er fyrst og fremst orsök þess, hvernig landbúnaðurinn stendur nú gagnvart framleiðslu til útflutnings, til sölu á útlendum mörkuðum. Það er því hlutverk ríkisstj., fyrst og fremst þess ráðherra, sem fer með landbúnaðarmál, að ráða fram úr þeim vanda án þess að grípa til örþrifaráða, t. d. þess ráðs, sem frv. er ætlað til, að draga úr landbúnaðarframleiðslunni sem útflutningnum nemur.

Ég hef áður sýnt fram á það í umræðum hér í hv. deild, að þjóðin megi ekki við því að draga úr framleiðslu landbúnaðarvara. Við þurfum sannarlega á öllum þeim gjaldeyri að halda, sem sá útflutningur gefur, og allt bendir til þess, að það séu miklir möguleikar til þess að gera alla okkar ull og gærur að verðmætum útflutningsvörum, sem gætu veitt fjölda fólks atvinnu, margfalt fleiri en t. d. í einu eða tveimur álvinnsluverum. Samdráttur í landbúnaðarframleiðslu nú mundi leiða af sér samsvarandi aukið atvinnuleysi í þéttbýlinu.

Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að þessar útflutningsuppbætur séu æskileg leið fyrir landbúnaðinn, þvert á móti. Við framsóknarmenn vildum fyrst og fremst fara þá leið í þessum málum að lengja og auka stofnlánin og að vextirnir væru hóflegir, eins og þeir voru, meðan við höfðum úrslitaáhrif í þessum málum. Við vildum halda niðri rekstrarvörum landbúnaðarins og gera raunhæfar ráðstafanir til þess að halda verðbólguþróuninni niðri. En stjórnarflokkarnir fóru öfugt að, og um það þarf ekki mörg orð, staðreyndirnar tala þar sínu máli. Fyrir „viðreisnina“ höfðu bændur rétt til þess að hækka verð vara á innlendum markaði sem því nam, er vantaði á framleiðsluverð fyrir þá vöru, sem var flutt úr landi á hverjum tíma. Þessi réttur bænda, sem var á sínum tíma staðfestur með hæstaréttardómi, verkaði þannig eða tryggði það, að ríkisstjórn hvers tíma hugði mjög að því að halda niðri framleiðslukostnaðinum við landbúnaðinn. Þessi réttur bænda var því þeim mikils virði. En þessi réttur var af þeim tekinn árið 1960 af núverandi stjórnarflokkum og útflutningssjóðurinn tekinn upp í þess stað, og þá voru vextirnir hækkaðir og stofnlánaskatturinn lögfestur, lánstími stofnlána styttur og bændum sagt, að þetta gerði þeim ekkert til, þeir fengju allt aftur í hækkuðu verði á afurðum sínum. En nú skeður það, að annar sá stjórnarflokkur, sem bar ábyrgð á þróun þessara mála síðustu árin, leggur til, að útflutningsuppbæturnar verði lækkaðar um helming frá næstu áramótum að telja, án þess að gera aðrar ráðstafanir til þess, að bændur geti haldið áfram sinni framleiðslu með líkum hætti og hingað til. Það er ekki rík ábyrgðartilfinning hjá þeim mönnum, sem að slíkum tillöguflutningi standa, og

þeirra eina afsökun er, að þeir gera sér ekki fulla grein fyrir því, hverjar afleiðingarnar yrðu, ef þetta frv. yrði samþ. hér á hv. Alþ. og ekki gerðar þá um leið einhverjar aðrar ráðstafanir, sem tryggðu bændum viðunanlega afkomu.

Við vitum, að nú hefur það skeð, að mjólkurframleiðslan gerir ekki meira en að duga til neyzlu hvern dag í landinu. Fyrir tveimur eða þremur árum var talið, að hið mesta böl þjóðarinnar væri smjörfjallið. Nú er það orðið aðeins að lítilli þúfu, sem með svipuðu áframhaldi og hefur verið verður orðin að engu á miðjum næsta vetri, og jafnvel þó að bændur héldu þessum útflutningskvóta sínum óskertum, þá blasir það við í dag, að bændur geta ekki borið á tún sín í sumar, nema einhverjar aðrar ráðstafanir verði gerðar vegna óðaverðbólgunnar í landinu. Og hvernig verður þá með mjólkina og offramleiðsluna á næsta vetri? Það er þá fyrirsjáanlegt, að það verður stórfækkun á bústofni í landinu á haustnóttum, nema verði afburðagott sumar, og þá getur orðið lítið um mjólk eða mjólkurvörur síðla næsta vetrar. Það kann að vera, að það sé sú stefna, sem er verið að marka með þessum tillöguflutningi.

Hv. 11. landsk. þm., síðasti ræðumaður, sagði, að aðstaðan til útflutnings hjá bændum væri svo góð, að það væri 80%, sem þeir fengju af framleiðslukostnaðinum. Því miður er þetta ekki rétt. Það er miðað við allt aðrar tölur en hinar réttu. Það er þá miðað við það verð, sem var ákveðið í haust, en ekki þann framleiðslukostnað, sem nú er eftir gengisfellinguna. En það hefur samt skeð, að verð á kjöti og sérstaklega gærum og ull hefur hækkað á undanförnum mánuðum, og það er líklegt, að það sé hægt að fá fyrir gærukílóið um eða yfir 80 kr. kg og ullina eitthvað yfir 20 kr. Kjötkílóið í Bretlandi er um 54 kr. rúmar, 54.45 kr., sem er lægsti markaðurinn, og í Noregi, sem mun vera bezti markaðurinn, mundum við geta fengið 80 kr. fyrir kg. En ef við fengjum þá hækkun, sem við bændur ættum að fá, miðað við þau áhrif, sem gengisfellingin hefur haft til hækkunar á okkar rekstrarvörum, þá *mundi það nema um 6.4—6.5%.*

Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja mál mitt meira núna. Þetta kemur til n., sem ég á sæti í, og ég mun leggja þar til, að þetta frv. verði sent búnaðarþingi, sem var sett í dag, og ég mun náttúrlega styðja að því, að þetta frv. fái afgreiðslu til 2. umr. og nefndar.

Umr. frestað.

Á 49. fundi í Nd., 18. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs, þegar þetta mál var hér til 1. umr. í gær, ekki svo mjög til að ræða efnisatriði frv., heldur aðallega vegna ýmissa ummæla, sem komu fram í ræðu hv. flm., hv. 9. landsk. þm. Um frv. sjálft vil ég þó segja það, að ég mun leggja til, að það fái skjóta og þinglega afgreiðslu. Það er óskað eftir því, að því verði vísað til þeirrar hv. n., sem ég á sæti í, og ég mun leggja því lið, að það nái að komast svo langt. Hins vegar er þess eigi að vænta, að stuðningur minn við frv. nái lengra.

Frv. felur í sér, að skera skuli niður um helming það fé, sem verja má til útflutningsuppbóta, þannig að greitt skuli einungis sem svarar 5% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar í stað allt að 10%, svo sem gert hefur verið nú um nokkur undanfarin ár. Ég vil út af fyrir sig segja það, að ég tel mjög ómaklegt og óeðlilegt, að till. sem þessi komi fram, ekki sízt á tímum eins og þessum, þegar landbúnaðarframleiðslan hefur átt við erfiðleika að stríða vegna árferðis nú um 2—3 undanfarin ár, og ég vænti þess, að hv. þdm. taki það til athugunar, að bændastéttin hefur ekki átt við það góð kjör að búa þessi síðustu kuldaár, að hún megi við þessari skerðingu á tekjum.

Hv. 9. landsk. þm. komst þannig að orði í ræðu sinni, að að sínu áliti væru bændur ráðvillt stétt, sem fyndi jörðina skríða undir fótum sér. Þetta tel ég ranglát ummæli og ómakleg. Bændastéttin hefur frá upphafi vega stefnt að því að bæta þetta land. Hún er þjóðnýt stétt og þjóðholl, sem vinnur að því að auka framleiðslu til hagsbóta fyrir þjóðarbúið og skila landinu betra til næstu kynslóðar, bæta það frá hverju ári til hins næsta, og ég tel fullkomlega óréttmætt að telja, að hún sé ráðvillt og að jörðin sé að skríða undan fótum hennar.

Hv. flm. talaði mikið um offramleiðslu í landbúnaði, og það hefur verið mjög í tízku síðastliðin ár að deila á bændastéttina fyrir þá stefnu, sem ríkt hefur, vegna þess að nokkuð hefur verið framleitt umfram það, sem neyzluþörfin hefur verið í landinu. Nú blasir það við, að mjólkurframleiðslan, sem að vísu hefur verið nokkuð mikil undanfarin ár, hefur dregizt svo saman, að hér á mjólkursölusvæði Reykjavíkur hefur þurft að *flytja neyzlumjólk allt norðan frá Húsavík* eða næstum því yfir hálft landið. Kjötframleiðslan og framleiðsla sauðfjárafurða er að vísu nokkru meiri en neyzlan innanlands, en við það er að athuga, að nú hafa verðhlutföllin orðið þeim mun hagstæðari en áður var, eins og fram kom hér í umræðunum í gær, að nú munu fást um það bil 80% af innanlandsverðinu á erlendum markaði. Vegna þess, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði hér í gær um þetta atriði, þá hlýtur að verða að miða við það verð, sem í gildi er.

Á síðasta ári voru samkvæmt því, sem segir í Hagtíðindum, sem liggja á borðum hv. þm., fluttar út landbúnaðarvörur fyrir 541 millj. kr. Ég hygg, að nokkuð mundi sjá á, fyrir þjóðarbúið, ef þessar gjaldeyristekjur skorti, og við vitum það,

að eftir gengislækkunina í nóv. s. l. ár hefur verð þessara vara á erlendum markaði hækkað verulega í krónutölu, þannig að þess má vænta, að þessi upphæð verði drjúgum hærri á næsta ári.

Í grg. með frv. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Að sjálfsögðu ber að stefna að því, að útflutningsuppbætur séu alls ekki greiddar með vöru, sem engan þjóðhagslegan vinning gefur að framleiða til útflutnings.“ Ég vænti þess, að hv. flm. eigi við einhvern hluta af þeim framleiðsluvörum bænda, sem á síðasta ári voru fluttar út fyrir á sjötta hundrað millj. kr., sem sé að sú framleiðsla hafi ekki gefið af sér neitt þjóðhagslegt gildi. Annars væri mjög fróðlegt að fá upplýsingar um það hjá hv. 9. landsk. þm., hvaða skilning hann vill leggja í þessi orð sín.

Hv. flm. minntist á það, að sumir teldu, að ekki væri lengur um neinn aðalatvinnuveg að ræða, þar sem landbúnaður væri. Ég get lítið um það sagt, hvað hinir og þessir telja, en ég vænti þess, að allir hv. alþm. séu þeirrar skoðunar, að landbúnaðurinn sé vissulega einn af höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar, og hann er einn af aðalundirstöðuatvinnuvegum þessarar þjóðar. Það er rétt, að bændastéttin er ekki fjölmenn, bændur eru nú rúmlega 5000 talsins, og það er ekki stór hópur af þjóðarheildinni, en þeir skila miklum verðmætum í þjóðarbúið, og þeir skapa mikla og vaxandi atvinnu fyrir aðrar stéttir þjóðfélagsins, og þarf ekki að eyða mörgum orðum til að skýra, hvað ég á við. Það er ljóst að í mörgum tilfellum hefur meginhluti fólksins í þorpum og kaupstöðum víðs vegar um land haft aðalatvinnu sína, óbeint eða beint, af ýmiss konar þjónustustarfsemi og iðnaði, sem bundinn er landbúnaðinum, og hygg ég, að hv. flm. þessa frv. ætti að vera það nokkuð kunnugt, þar sem ég man ekki betur en hann sé forseti bæjarstjórnar á Akureyri.

Þegar hv. 9. landsk. þm. talar um það, að bændastéttin sé ráðvillt stétt, sem finni jörðina skríða undir fótum sér og viti ekki, hvert skuli stefna, þá hefur hann ráðin á takteinum, og þau felast í því að skerða enn hlut þessarar stéttar. Ég hafði ætlað, að þessi hv. þm. og aðrir þdm. mundu haga sínum málflutningi og sínum tillöguflutningi á annan veg en hér kemur fram.

Ég ætla ekki að ræða þetta mál miklu lengur. Eins og ég sagði, mun því verða vísað til þeirrar n., sem ég á sæti í, en ég sá ástæðu til að vekja athygli á ummælum, sem fólust í framsögu hv. flm., sem mér fundust gersamlega ómakleg til handa bændastéttinni, og gat ekki látið vera að mótmæla þeim.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Stundum dettur manni í hug, hér í þessari hv. þingdeild, að þó að við tölum allir íslenzku, þá skiljum við ekki hver annan allt of vel. Mér datt þetta í hug, bæði þegar ég hlustaði á ræðu hv. 11. landsk. þm. í gær og hv. 4. þm. Norðurl. v. rétt áðan. Menn gera hver öðrum allt of oft upp skoðanir og orð, liggur mér við að segja, sem alls ekki eru meint á þann hátt, sem síðan er reynt að leggja í þau, og nú vil ég koma lítillega að því.

Í gær sagði hv. 11. landsk., að í ræðu minni hefði verið lagt til, að byggðin yrði færð saman, sem var rétt. En hann lagði þann skilning í orðin, að ég ætlaðist til, að endilega þyrftu að koma út úr því færri menn í viðkomandi byggð. Og til þess að sýna fram á, að slíkt þarf alls ekki að vera, vil ég einmitt taka mína heimasveit eða fæðingarsveit, sem ég kalla enn „heima“, þó að ég sé ekki þar búsettur lengur, og ég veit, að þar hefur fækkað um 7 býli, þ. e. a. s. útkjálka- og afdalabýli hafa lagzt í eyði, en hreppurinn hefur aldrei verið jafnfjölmennur og nú, vegna þess að fólkinu hefur fundizt það eðlilegra og hagkvæmara að flytja saman, byggja nýbýli niðri í dalnum, þar sem betra og þægilegra var til byggðar, en leggja niður afdala- og heiðarkotin, sem gáfu ekki sömu raun til búskapar og jarðirnar, sem betur voru settar. Það var þetta, sem ég átti við með samfærslu byggðarinnar, og bakþanki minn var líka sá, hve hörmulegt er að horfa upp á það ár eftir ár og áratug eftir áratug, að það er í raun og veru algerlega vonlaust að leiða rafmagn til allra bændabýla hér á Íslandi, meðan byggðinni er háttað eins og nú er. Það er farið að kosta yfir 300 þús. kr. að leiða rafmagn inn á hvert það býli, sem bætt er við nú, og sjá allir, að slíkt er ekki gerandi fyrir þjóðina og ekki heldur viðunandi fyrir það fólk, sem hefur ekki rafmagn, að fá það ekki, og þá er eina leiðin samfærsla byggðarinnar, þ. e. a. s. að menn búi ekki eins strjált og nú er.

Þetta er það fyrsta, sem mér fannst styðja það, að stundum skiljum við ekki hver annan, þótt við tölum sama málið hér í d. Ég hygg, að þegar hv. 11. landsk. hugleiðir þennan skilning, sem ég hafði í mínum orðum, fari ekki langt á milli okkar skilnings á því, að það er heppilegt að færa saman byggð.

Annað, sem sá hinn sami þm. drap á, en þar skilur okkur nokkuð á, hann talaði um, að það væri að verða of lítil framleiðsla á landbúnaðarvörum. Ég hygg, að einmitt Hagtíðindin, sem hér var vitnað í áðan, sýni það, að enn er offramleiðsla. Við verðum að flytja töluvert mikið út af landbúnaðarvörum, án þess að það gefi þá raun í aðra hönd, sem er þjóðfélaginu heppileg og bændum hagstæð. Ég kem síðar að því, hver þessi útflutningur er og hvað fyrir hann þarf að kaupa. En í þessu sambandi vil ég aðeins drepa á það, að sú breyting varð á landbúnaðarframleiðslunni frá 1963 til 1967, að bændur fækkuðu kúm sínum verulega og fóru yfir í fjárbúskapinn meira og það svo mikið, að nú er orðin miklu meiri offramleiðsla á kjötinu heldur en mjólkurvörunum. Þetta finnst mér styðja þá skoðun mína, að það vanti yfirstjórn og hagsýni í landbúnaðinn.

Það er varla von, að bændur einir út af fyrir sig geti fundið, hvað rétt er í þessu, en þegar yfirstjórnina brestur, er hætta á ferðum.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. kallaði þetta frv. bændafækkunarfrv. Það má sjálfsagt gefa því það heiti. En ég vil minna þd. á, að ég flutti hér annað frv. og þessi frv. verða varla skoðuð nema hvort með öðru. Hið fyrra laut að því að koma upp sjóði fyrir landbúnaðinn, sem gæti orðið honum lyftistöng. Og ég ætlaðist til, að sá sjóður væri byggður upp bæði af bændum og ríki. Ég er þeirrar skoðunar þvert á móti því, sem mér virðist vera skoðun hv. 5. þm. Norðurl. e., að hvaða stétt sem er og hvaða atvinnuvegi sem er sé hollast að standa töluvert á eigin fótum. Ég mundi kalla hans stefnu miklu meira ríkishjálparstefnuna. Hann var að gera gys að þessum hagtryggingarsjóði, sagði, að það væri miklu réttara að efla bjargráðasjóð, og ég er ekkert að andmæla því, að það sé gott að efla hann. En ég vil benda á það, að bjargráðasjóði ráða bændur ekki nema að óverulegum hluta eða kannske engum hluta, en þessum sjóði, sem ég var að hugsa um, að stofnaður yrði, eiga þeir að ráða að meiri hluta, byggja hann upp að hálfu leyti og ráða honum að meiri hluta og geta þannig valdið miklu um, að hve miklu gagni hann kemur fyrir stéttina og þessa atvinnugrein.

Þessi hv. þm. drap einmitt á það, sem ég er honum algerlega sammála um. Uppbætur eru ekki æskilegar, sagði hann. Og það er það, sem ég var að benda á í síðara frv. Uppbæturnar hafa leitt til þess, að bændur hafa ekki athugað eins vel sinn gang í því, hvað væri hagkvæmt að framleiða. Hér var drepið á það áðan, að það fengist býsna mikið fyrir að flytja út kjötið og mjólkina. En ég man ekki betur en það birtist í Morgunblaðinu grein rétt fyrir jólin, þar sem bent var á það, að bændur fengju þá eitthvað um 35 kr. fyrir kjötkg, þar mætti draga frá 15 kr. í slátrunarkostnað, þannig að bóndinn fengi 20 kr. heim til sín fyrir kjötkg, sem flutt væri út, en þyrfti að fá 77.50 kr. fyrir kjötkg, til þess að það stæðist grundvallarverð. Þetta hefur, að mér skildist eftir tölum, sem nefndar voru í gær, batnað nokkuð, þannig að fyrir kjöt, sem flutt væri út til Bretlands, mundu fást um 45 kr., en slátrunarkostnaðurinn dregst þó þar frá. Eftir, skilst mér, eru þá eitthvað um 30 kr., og enn þá vantar meira en helming, til þess að bóndinn fái grundvallarverð fyrir kjötið, sem hann verður að flytja út.

Hér var áðan vitnað í Hagtíðindin og sagt, að útfluttar landbúnaðarvörur hefðu verið um 541 millj. kr. s. l. ár. Ég fékk nú raunar út úr því ofurlítið meira, en það skiptir ekki máli. Það var ekki sem neinu nam. En ef gert er ráð fyrir því, að þetta sé, og mér skilst, að það sé hámarkið, sem hægt er að gera ráð fyrir, að fyrir þetta fáist helmingsverð móti því, sem framleiðslan af því kostar, þá eru það um 250—270 millj. kr., sem tapast á þessum útflutningi. En þó að við sleppum þessum útreikningi, þá hafa fóðurvörur og tilbúinn áburður, sem flutt var inn á s. l. ári, samkv. Hagtíðindum líka, verið 451 millj. kr. eða rétt um það sama og fyrir landbúnaðarvörurnar fékkst, sem fluttar voru út. Sem sagt, við höfum orðið að flytja inn fóðurvörur og tilbúinn áburð fyrir 451 millj. kr. til þess að geta flutt út svipaða upphæð fyrir þannig verð, að það er helmingstap fyrir bóndann að framleiða þetta.

Pálmi Jónsson, hv. 4. þm. Norðurl. v., kvaddi sér hér hljóðs vegna ómaklegra orða flm., eins og hann komst að orði, og þá kem ég að öðru atriði þess, sem mér virðist stundum mega vitna í, að við skiljum ekki vel hverjir aðra hér í þd. Hann vitnaði réttilega í það, að ég sagði, að að mínum dómi væru bændur ráðvillt stétt, sem fyndist jörðin skríða undir fótum þeirra. En nú ætla ég að segja Pálma, af því að hann virðist ekki alveg hafa skilið, hvað ég lagði í þessi orð, — við segjum stundum, að okkur finnist jörðin skríða undir fótum okkar, þegar við erum óvissir um, hvar við stöndum. Og það var þetta, sem ég átti við. Bændurnir finna ósjálfrátt, að landbúnaðurinn er ekki lengur neinn aðalatvinnuvegur Íslendinga. Þeir finna það, en þeir eiga ákaflega erfitt með að sætta sig við það, og þess vegna eru þeir ráðvilltir. En þeir rata ekki til réttra átta með því að skilja ekki, hvar þeir eru staddir. Þeir verða að skilja, hvar þeir eru staddir, verða að skilja það, hvað er hagkvæmast fyrir þá að framleiða, svo að þeir njóti góðra kjara og svo að þjóðin hljóti ekki skaða af þeirra búskap. Nú er ég ekki að segja, að í heild sé þetta alltaf svo. Við þurfum vissulega að framleiða landbúnaðarvörur. En það, sem okkur skilur á, þessa 3 hv. þm., sem ég hef hér nefnt, og mig, er það, að ég tel, að bændum sé skaði að því og þjóðinni sé skaði að því að framleiða fram yfir það, sem fer til neyzlu hér innanlands, og að þessi prósenta, sem ég legg til að verði lækkuð, valdi því að nokkru leyti, að bændur athuga ekki sinn gang og skilja verr en ella, hvar þeir eru staddir og til hverrar áttar þeir eiga að horfa. Þetta er það, sem ég vildi koma hér á framfæri, án þess að ég ætli að taka þátt í því, sem mér finnst stundum vera gert hér í d., að pexa lengi um hlutina.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Hv. 9. landsk. þm. sagði í þessum ræðustól nú fyrir stundu, að bændurnir finni, að landbúnaðurinn er ekki lengur einn af aðalatvinnuvegum þjóðarinnar. Og hann gat um það eða það var ekki hægt að heyra annað í hans orðum en að það væri eini atvinnuvegur í þessu landi núna, sem byggi við öryggisleysi. Ég held nú, að þessi ríkisstj., sem hann styður svo dyggilega í gegnum þykkt og þunnt, sé búin að sanna þjóðinni, að það sé ekki hægt að framleiða neitt í þessu landi. Ég veit ekki, hvernig hægt er að gera það betur en hefur verið gert.

Það er ekkert sérstakt með landbúnaðinn, og ef eitthvert öryggisleysi er þar, er það vegna stefnu núv. ríkisstj., en ekki af öðru. Hann gat um það, að það mundi fást aðeins helmingur verðs fyrir útfluttar landbúnaðarvörur nú. Og hann mun hafa haft hér tölur, sem hann þóttist hafa eftir mér í gær um verð, sem við fengjum í Bretlandi, en hann fór skakkt með þessar tölur. Ég sagði, að það væru rúml. 54 kr. fyrir kg í Bretlandi, og það er lægsti markaðurinn. Ég sagði líka, en það hafði hann ekki eftir, að í Noregi gætum við fengið 80 kr., ef við kæmumst þar inn á þann markað, og það er búið að selja svolítið magn á því verði. Hann gat ekki um það. En þarna var ég með tvær tölur, sem eru hæsta og lægsta verðið. Það er mismunandi í hinum löndunum, en allt hærra en það, sem ég gat um áðan í Bretlandi.

Hann var að vitna í grein, sem kom í Morgunblaðinu um þessa hluti. Það stóð fleira í þessari grein. Það stóð þar enn fremur, að það fengist ekki nálægt því grundvallarverð fyrir ull og gærur á erlendum mörkuðum. Þetta er alrangt. Það fæst meira en grundvallarverð nú fyrir gærurnar, þó að ég taki þar ekki gengisbreytinguna, ekki þau áhrif. sem hún hefur þar á. Verðið í grundvellinum á gærunum er 33 kr., en það mun vera um 40 kr. eða tæpar 40 kr., sem fæst miðað við gamla gengið. Og það þýðir ekki fyrir þennan hv. þm. að líta aðeins á kjötið eitt. Það verður að taka auðvitað afurðirnar af sauðfénu allar og meðaltalstölur af því, hvað þetta gerir. Eins og nú horfir, er hægt að fá fyrir gærurnar, að mér er tjáð, fob.-verð um 80 kr. eða fast að því fyrir kg. Það er auðvitað fob.-verð, ekki það, sem bændurnir fá. Svipað er um ullina og með gærurnar. Það hefur komið fram nú að undanförnu, að það eru miklir möguleikar í að vinna úr þessum vörum hér og veita mörgum atvinnu við það, og það er ráðgert a. m. k. á tveimur stöðum í landinu að setja nú upp sútunarverksmiðju fyrir um það bil helminginn af þeirri framleiðslu landsmanna, sem nú er, og mér er tjáð, að það sé möguleiki til þess að fá verð fyrir allar okkar gærur og ull, ef verður hægt að ráðast í það, eins og nú standa málin. En það er kannske bara ráðið að skera sauðfé niður, eins og hv. þm. í raun og veru leggur til og annað ekki.

Það er alveg rétt, að ég sagði hér í ræðu minni í gær, að uppbæturnar væru ekki æskileg leið. En það verður eitthvað að koma þá í staðinn, og ég gat um það, hverjir það væru, sem bæru ábyrgð á þessari leið, sem farin var. Það eru stjórnarflokkarnir, sem fóru inn á þessa leið og breyttu þar alveg um stefnu. Það var önnur leið farin í þessum málum áður.

Hv. 4. þm. Norðurl. v. var að tala um þetta verð, sem fengist, og hann vildi miða við það grundvallarverð, sem var ákveðið í haust. Það er náttúrlega alveg alrangur mælikvarði. Ef við ætlum að reikna eins og gengisbreytingin verkar nú á verðið, þá eigum við náttúrlega líka að reikna með þeim aukna kostnaði, sem við þessa framleiðslu verður vegna gengisfellingarinnar. Annars erum við með rangar tölur, og það náttúrlega þýðir ekkert fyrir okkur að vera að blekkja okkur með því. En það mun láta nærri, að það fáist um 70 eða 73% að meðaltali, eins og er miðað við það að taka, ef þessi hækkun kemur eins og hún átti að gera 1. janúar á útfluttar sauðfjárafurðir. Það er minna aftur á mjólkurvörurnar, það skal ég játa, en það er ekki langt frá helmingi af framleiðslukostnaðarverði. En við þurfum víst ekki að hafa áhyggjur af því á næstunni, eins og nú horfir, að þurfa að flytja út mjólkurafurðir.

Í gær sagði hv. 9. landsk. þm. í umr. í þessu máli, að bændur væru ráðvilltir, og manni gat, eins og ég sagði áðan, skilizt, að þetta frv. ætti að verka þannig, að þeir ættu að ná áttunum og hefðu rétt viðbrögð í þeim vandamálum, sem nú steðja að landbúnaðinum. En ég vil spyrja hv. þm. að því, hvort hann sé ekki farinn að átta sig á því, að það eru ekki bændur einir, sem eru ráðvilltir. Það er vegna stjórnleysis og úrræðaleysis hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokka hennar, að menn eru í hópum að ráðgera nú t. d. að fara til útlanda og atvinnuleysið í landinu magnast dag hvern. Svo langt er gengið, að hv. þm. leggur til, að bændurnir einir verði að búa við allt annað en aðrir þegnar í þessu þjóðfélagi.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þessi mál hér miklu lengur, en það er annað mál, sem er á dagskránni og verður kannske tekið fyrir, og ég er víst á mælendaskrá þar, og mun ég ræða þar betur landbúnaðarmálin.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Ég sagði hér í gær nokkur orð í sambandi við flutning þessa frv., af þeirri ástæðu fyrst og fremst, að mér virtist flutningur þess og sú stefna, sem fram kom í málflutningi hv. 9. landsk., vera angi af boðskap, sem fluttur hefur verið allmikið nú í seinni tíð, en þó raunar aldrei komizt inn í hv. Alþingi fyrr en nú. Það er boðskapur um það og kenning um það, að bændur á Íslandi séu of margir og þar af leiðandi baggi á þjóðinni. Ég kom inn á það aðeins lauslega í gær, að sú offramleiðsla, sem með réttu mátti segja að væri, þegar bezt áraði hér, núna fyrir 2, 3, 4 árum, tilheyrði nú sögunni eða fyrri tíma, því að það færðist óðum í það horf, að framleiðslan væri ekki nema handa þjóðinni að því er snertir mjólkurvörur. Hins vegar hefði aðstaða með sauðfjárafurðir, sölu á þeim úr landi, nokkuð breytzt núna upp á síðkastið vegna breytingar á gengi. Í hagskýrslum, sem ég leit í, eftir að ég hafði sagt mín fáu orð hér í gær, stendur, að nautgripum hafi fækkað hér á landi frá því 1965 til 1967 um 7298. Á sama tíma hefur sauðfé líka fækkað um 19 þús. Það liggja ekki fyrir tölur, hve naut-

gripir séu margir 1968, og því síður, hvað þeir munu verða margir í vor, þegar framtalsskýrslur verða gerðar, en ég ætla, að það megi fullyrða, að þeim hafi enn fækkað og sennilega eins mikið og á árunum 1965—1967. Enda er það þegar komið í ljós, að mjólkin hefur verulega minnkað. Þess vegna var það nú fyrir þremur árum, þegar smjörfjallið var mest umtalað, það var stundarfyrirbæri, það var vegna ástands, sem skapaðist af mjög góðu árferði.

Hv. 9. landsk. taldi, að ég hefði misskilið orð hans, þar sem ég talaði um það, að byggðarlögum væri lífsnauðsyn á því, ef þau ættu að haldast við, að fólki fækkaði þar ekki. Ef vel væri fyrir hvert byggðarlag, þarf fólkinu að fjölga, en ekki fækka. Þeir, sem tala um það, að bændur séu of margir í landinu, tala ekki um það, hvaða ástand mundi skapast í þessum byggðarlögum, ef þeim fækkaði verulega. Ég er ekki að tala hér um byggðarlag eins og t. d. byggðarlag eða sveitarfélag mitt eða það sveitarfélag, sem hv. 9. landsk. nefndi. Ég er ekki að tala um byggðarlög t. d. hér á Suðurlandsundirlendi, í Borgarfirði, í Eyjafirði eða Suður-Þingeyjarsýslu. Þetta eru það fjölmenn byggðarlög og hafa það góða aðstöðu, að þar hefur fólki frekar fjölgað en fækkað. Hins vegar eru það allt önnur byggðarlög, sem mundu verða fyrir því, ef bændafækkun yrði veruleg í landinu. Við skulum taka byggðarlög, sem liggja næst Þórshöfn á Langanesi. Hv. 4. þm. Norðurl. v. benti á það réttilega, að þorp og kaupstaðir styddust mjög við sveitabyggðina, sem væri kringum þau. Þórshöfn styðst við byggðirnar í Þistilfirði og á Langanesi. Sama má segja um Raufarhöfn og Kópasker, svo að maður haldi sig bara við Norðurlandið. Þessar byggðir, þessi þorp styðjast mjög við sveitabyggðina, sem er inn frá þeim og í kringum þær, og alveg sama má segja, þegar kemur vestur fyrir Eyjafjörð, t. d. Skagafjörð og Húnavatnssýslu, Sauðárkrók og Blönduós. Þetta styður allt hvað annað. En þegar fer að fækka í einu sveitarfélagi, skapast þar það ástand, að fólkinu heldur áfram að fækka, þangað til máske er komið svo, að byggðarlagið þurrkist algerlega út, eins og átt hefur sér stað á Vestfjörðum. Það eru þessi byggðarlög, sem ég tel vera í hættu, ef bændum fækkar, því að fækkun bændanna veikir þau. Þetta er sú stóra hætta, sem er í sambandi við það, að bændum fækki, fyrir utan það, að ég álít, að þeim megi ekki fækka, ef svo á fram að fara sem hingað til hefur verið viðurkennt, að bændastéttin eigi að fæða þjóðina með landbúnaðarframleiðslu.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða öllu meira um þetta. Ég tel, eins og ég benti á áðan, að kenningin um það, að það sé hættulega mikil framleiðsla á landbúnaðarvörum hér á landi, eigi ákaflega litla stoð í veruleikanum, og mitt hugboð er það, að við Íslendingar þurfum vel á að halda, ef við eigum að koma í veg fyrir það, að bændastéttin og hin strjála byggð verði ekki of fámenn, þveröfugt við það, sem mér virðist vera kenning sumra hagfræðinga og útreikningamanna, sem við höfum gert helzt til mikið með nú upp á síðkastið, svo að ekki sé meira sagt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 50. fundi í Nd., 20. febr., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

30. Loðdýrarækt.

Á 43. fundi í Nd., 11. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 8. marz 1951, um loðdýrarækt [132. mál] (þmfrv., A. 245).

Á 44. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Nd., 17. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 10. þm. Reykv., Pétri Sigurðssyni, að flytja hér á þskj. 245 frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 frá 8. marz 1951, um loðdýrarækt. Efni frv. er tvíþætt: Annars vegar, að leyft verði minkaeldi í Vestmannaeyjum, og hins vegar, að leyfður verði innflutningur tiltekins fjölda lifandi minka til stofnunar eins tilraunaminkabús þar.

Lög eru um innflutning búfjár, nr. 74 frá 1962, en samkvæmt þeim eru ýmsir aðilar, sem þar koma til með að þurfa að segja álit sitt um og veita samþykki sitt fyrir, ef innflutningur lifandi búfjár á að eiga sér stað. Flm. töldu eðlilegast, að ef hv. Alþ. samþ. á annað borð að leyfa minkaeldi í Vestmannaeyjum, þá yrði jafnhliða tryggt, að leyft yrði að flytja inn tiltekinn fjölda lifandi minka til stofnunar eins tilraunabús þar. Það er lagt til í 1. gr. frv., að þetta sé að sjálfsögðu háð umsögn yfirdýralæknis, og er þar gert ráð fyrir, að það ætti að vera nægileg trygging fyrir, að ekki yrðu flutt inn nema heilbrigð dýr, sem hann vildi mæla með innflutningi á.

Frv. til l. um loðdýrarækt og heimild til minkaeldis hafa áður nokkrum sinnum verið flutt hér á hv. Alþ. Þau hafa fengið misjafnar undirtektir. Um það hafa verið nokkuð skiptar skoðanir og allharðar deilur, og helztu rök, sem komið hafa fram gegn því, að minkaeldi yrði aftur

komið hér á fót, er ótti við, að villiminka mundi verða vart í ríkara mæli en nú er, ef til kæmi, að lifandi dýr slyppu út úr minkabúum. Þeir, sem hafa flutt frv. um að leyfa minkaeldi aftur, hafa mjög á það bent, að ekki væri ástæða til að óttast svo mjög, að til þess þyrfti að koma, að minkur slyppi út úr búum. Á þessu sviði eins og öðrum hefur tækninni að sjálfsögðu fleygt fram og talið nokkuð tryggt og öruggt, að þannig sé hægt að ganga frá þessum dýrum í minkabúum, að ekki þurfi að koma til, að þau þurfi að sleppa út. Hins vegar getur að sjálfsögðu enginn um það fullyrt, og slys geta hent eða annað slíkt. En mjög hafa verið skiptar skoðanir um það, hvort *ástæða væri til þess að óttast eins mikið og hjá* sumum hv. þm. hefur komið fram, að villiminkur mundi aukast svo mjög frá því, sem nú er, ef minkaeldi yrði leyft, og hvort hann raunverulega geri eins mikið tjón og af mörgum hefur verið bent á og haldið fram.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, ætti ekki að þurfa að valda ágreiningi að þessu leyti, því að þetta er einangrað við einn stað, Vestmannaeyjar, og aðrir landsmenn þurfa sannarlega ekkert að óttast, að aukning á villimink yrði hér uppi á meginlandinu, þó að minkaeldi í tilraunaskyni yrði leyft þar úti í eyjum. Vestmanneyingar sjálfir hafa gert um það einróma samþykkt hjá bæjaryfirvöldum að óska þess, að hv. Alþingi leyfi, að slík tilraun verði gerð þar. Ég hygg, að það liggi nokkuð ljóst fyrir, að ef á annað borð minkaeldi er talið fjárhagslega arðvænlegt eða atvinnuvegur, sem eðlilegt væri að risi hér upp aftur, væri hann það ekki síður í Vestmannaeyjum en annars staðar. Þar er fyrir hendi, eins og vitað er, verulegur hluti þess fæðis, sem þessi dýr eru fóðruð á, þ. e. fiskúrgangur, og aðstæður að öðru leyti ekki verri en annars staðar, nema um það var deilt á sínum tíma, hvort loftslag þar væri eins heppilegt og annars staðar á landinu. Í því sambandi er rétt að benda á það, að síðan minkaeldi var þar haft um hönd fyrir 20—30 árum, hefur það skeð og liggur fyrir í skýrslum, að tíðarfar hefur nokkuð breytzt þar. Vestmannaeyjar voru á þeim tíma einn af þeim stöðum á landinu, þar sem einna mest rigndi. Það sýndu skýrslur Veðurstofunnar. En á þessu hefur orðið breyting síðan. Hvað því veldur, veit ég að sjálfsögðu ekki, en skýrslur sýna þetta, og almenningur veit, að nokkuð annað tíðarfar er þar nú en var fyrir 20—30 árum, þannig að minna er um rigningar, meira um vestlægar, norðvestlægar og norðlægar áttir heldur en áður var, þar sem austanátt, oftast nær með mikilli úrkomu, var þar langsamlega yfirgnæfandi veðurátt. Ég hygg því, að einnig þetta atriði þyrfti ekki að verða þess valdandi, að neitt verra væri að stunda minkarækt á þessum stað heldur en kannske annars staðar hér á Suðurlandi eða annars staðar á landinu.

Á sínum tíma, þegar minkaeldi var í Vestmannaeyjum, voru þar, að mig minnir, a. m. k. þrjú bú. Eitt þeirra var langsamlega stærst, hafði norskan sérfræðing frá upphafi, og var talið, að rekstur þess hefði verið mjög eðlilegur, og menn héldu því fram, að þar hefði ekkert dýr sloppið út. Hjá hinum tveimur aðilunum var þetta ekki í eins föstu formi, og um það er ekkert hægt að fullyrða, en verður að reikna með, að dýr hafi kannske frekar sloppið þar út. En eitt er öruggt, að villiminkur hefur aldrei sézt í Eyjum, hvorki á meðan búin voru þarna né eftir að þau voru lögð niður. Hvað því veldur, skal ég ekki segja, hvort þannig hefur hitzt á, að ekkert hafi sloppið út af honum, vil ég ekkert fullyrða um. En þetta er staðreynd, að villiminkur hefur ekki sézt þar.

Menn greinir á um það, — það hefur komið hér fram við þær umr., sem verið hafa um frv. svipaðs efnis áður, — menn greinir nokkuð á um það, hvort þetta sé fjárhagslega arðvænlegur atvinnuvegur eða ekki eða hvort rétt sé, að Íslendingar leggi í fjárfestingu í sambandi við þennan atvinnuveg eða ekki. Ég hygg, að það sé nokkuð vont að fullyrða nokkuð fyrir fram um þetta. Hitt er staðreynd, sem verður ekki gengið fram hjá, að nágrannaþjóðir okkar, bæði Danir og Norðmenn, hafa þróað upp þennan atvinnuveg, þannig að hann er orðinn nokkur þáttur í þeirra atvinnulífi og hefur skilað þeim árlega verulegum gjaldeyristekjum. Þetta eru staðreyndir, sem liggja fyrir og ekki verður um deilt. Hvort okkur tækist hér á landi að gera þetta að þróuðum atvinnuvegi, sem ætti sér framtíð, verður reynslan að mínum dómi að skera úr um. Ég tel ekki, að það komi neitt þar til álita eða megi tefja neitt, þó að menn hafi á það bent, að minkaeldi hafi hér mistekizt áður. Það er svo með fjölda atvinnuvega, sem nú eru taldir eðlilegir og sjálfsagðir, að á þeim voru í fyrstu margir vankantar, og þó að þetta hafi komið fram hér við minkarækt í fyrstu tilraun, þá tel ég ekki, að það eigi neitt að hafa áhrif á, að þessi tilraun sé ekki gerð aftur.

Ég tel, að þetta mál liggi svo ljóst fyrir, að ég þurfi ekki að hafa um það mjög miklu lengri framsögu. Þetta er einangrað við einn stað, sem öruggt er, að öðrum landsmönnum á ekki að stafa nein hætta af, þó að minkaeldi yrði leyft þar, og á ég þar við Vestmannaeyjar, eins og fram kemur í frv., þannig að þau rök, sem að þessu leyti hafa áður komið fram gegn minkaeldi hér á landi, ættu ekki að vera fyrir hendi í sambandi við þetta frv.

Ég vil að lokum einmitt í því sambandi leyfa mér að benda á, að í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem dags. er 15. febr. 1966 og þessi stofnun gaf í sambandi við frv., sem þá lá hér fyrir Alþ., þar er lagt til, þó að það komi fram af umsögn þessarar stofnunar, að hún sé mótfallin því, að minkaeldi verði almennt leyft, — þar er lagt til eða sett fram sem varatill., að ef ekki verður hægt að sporna við því til fulls, að minka-

eldi verði leyft hér á ný, vill stofnunin gera það að varatill. sinni, að það verði aðeins leyft í Vestmannaeyjum, svo framarlega sem Vestmanneyingar vilja fallast á að taka við minknum, eins og þessi hv. stofnun orðar það. Nú liggur það fyrir, að Vestmanneyingar eða forsvarsmenn þess byggðarlags hafa sjálfir óskað eftir að fá að gera tilraun með þetta, þannig að vel væri þess vegna hægt að verða við þeirri varatill., sem fram kemur í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem er, eins og ég sagði áður, frá árinu 1966 varðandi þetta mál, þegar það lá þá hér fyrir.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til þess að hafa um þetta lengri framsögu, en vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þegar minkaræktin var bönnuð hér á landi sællar minningar, gerðu menn sér vonir um, að hægt væri að útrýma honum úr landinu með því móti. Nú hefur þetta ekki tekizt, eins og kunnugt er, og er svo komið, að það munu aðeins vera úteyjar einar, sem eru nú minklausar, þ. á m. Vestmannaeyjar. Nú virðist eiga að taka upp nýja stefnu í þessu máli í samræmi við aðrar stjórnarathafnir yfirstandandi tíma. Það er lagt til að leyfa minkaeldi að nýju, en aðeins þar sem enginn villiminkur er fyrir, og að öðru leyti skal minkaeldi bannað hér eftir sem hingað til annars staðar í landinu, sem sagt, allt í góðu samræmi hvað við annað.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það var á þinginu 1964, þá lá hér fyrir frv. um loðdýrarækt, og það voru mjög skiptar skoðanir um þetta mál og verulega um það deilt. Ég óttaðist það á tímabili, að þessi skolli yrði samþykktur, og taldi þetta háskalegt, og þá bar ég fram eina brtt. í frv. var bráðabirgðaákvæði og ég lagði til, að við það ákvæði yrði bætt þessum orðum: „Minkabú, sem leyfð kunna að verða, skulu vera í Vestmannaeyjum.“ Þarna fór ég eftir till. dr. Finns Guðmundssonar, þess ágæta fræðimanns, sem var mjög andvígur því, að minkaeldi yrði leyft hér, en bar þetta fram sem varatill. í bréfi til Alþ., að það yrði sett upp tilraunabú í Vestmannaeyjum, ef menn endilega vildu reyna þetta. Þessu var ekki vel tekið af öllum, sem hlut áttu að máli, þessari till. minni. Hv. 3. þm. Sunnl., sem er fyrri flm. og frsm. þessa máls, flutti ræðu um málið hér í Alþ. 4. maí 1965, og m. a. sagði hann þá þetta:

„Ég verð að segja, að mér þykir kveðja Skúla Guðmundssonar, hv. 1. þm. Norðurl. v., til okkar Vestmanneyinga heldur kaldranaleg.“ Já, það var nú þá. Nú flytur hann sjálfur frv. um að leyfa minkarækt í Vestmannaeyjum.

Það var nú ekki svo að skilja, að ég væri á þessu þingi fyrir nokkrum árum sérstaklega hrifinn af því, að þetta yrði sett upp í Vestmannaeyjum. En ef illt átti að ske, taldi ég það þó skárra, að þetta yrði leyft í þeim eyjum, heldur en á meginlandinu, því að það væri þá minni skaði skeður, þegar þeir færu að hleypa þessum óargadýrum út úr geymslum. Og þess vegna bar ég fram þessa till. Mér kom auðvitað aldrei til hugar, að þetta yrði sett upp þar, nema Vestmanneyingar vildu það sjálfir.

Það má segja, að ég megi vel við una, því að nú hefur þessi hv. 3. þm. Sunnl. tekið aftur öll kaldyrði í minn garð, sem hann lét sér um munn fara vorið 1965 út af þessu máli. Ég veit ekki, að hverju gagni þetta kæmi, þó að út í þetta yrði farið. En ætli þessir flm. viti nokkuð um það, hvernig útkoman er af þessum atvinnuvegi hér í nágrannalöndunum? Ég veit ekki, hvort þeir vita nokkuð um það. Ætli þeim sé t. d. kunnugt um það, að Norges Pelsdyravlslag, sem mér skilst að sé einhvers konar samband skinnaframleiðenda í Noregi, gaf það út núna í desemberlok í vetur, að síðustu 2 árin hafi meðalminkabúin þar í landi ekki haft neinn hagnað af rekstrinum. Auðvitað hefur þetta gengið í bylgjum þar. Þetta hefur verið mismunandi frá ári til árs og mismunandi útkoma hjá búunum eftir því, hvernig þeirra dýrastofn er og hvernig á er haldið að því er rekstrinn varðar, eins og gefur að skilja. En þetta var meðalútkoman hjá þeim síðustu tvö árin. Vita þessir flm. nokkuð um minkapestina, sem hefur verið landlæg í Noregi síðan 1962? Núna standa yfir málaferli í Noregi. Þar er minkabúseigandi í skaðabótamáli við ríkisstj. út af þessari pest, eða líklega heldur út af einhverjum stjórnvaldaráðstöfunum í sambandi við pestina. Vita þeir nokkuð um þetta, þessir hv. flm.? Og þessi minkapest, mér skilst, að hún sé einnig á hinum Norðurlöndunum, og það er talað um það, að minkapestin muni upphaflega hafa borizt með dýrum frá Bandaríkjum Norður-Ameríku. Hvar ætla þessir menn að fá dýr, sem öruggt sé að ekki séu með þessa pest? Ég teldi náttúrlega ekki mikinn skaða, þegar þeir fara að sleppa þessum dýrum úr haldi, sem þeir auðvitað gera, og eins hvort þau eru í búrum eða utan búra, þó að þessi pest yrði þeim að grandi. En það er bara slæmt fyrir þá, sem leggja fé í þetta, að vera að kaupa dýrin dýrum dómum og svo fari þau úr pest.

Og svo er annað. Þeir segja, Norðmenn, það stendur í norsku blaði, að þessi minkapest sé mjög skyld hundapest, og það gæti verið verra að fá slíka veiki í hundana. Nú er það að vísu svo um okkar hunda, að þeir eru misjafnir að gæðum, og það hefur því miður verið of lítil rækt lögð við það að venja þá, temja þá og hafa af þeim það gagn, sem hægt er að hafa, og það er ekki nógu góð meðferð á þeim ágætu dýrum víðast hvar. Þó eru hér undantekningar frá þessu, og þar nægir að minna á fjárhundana hans Jóhannesar bónda á Kleifum í Gilsfirði. Mér er sagt, að þeir hafi verið á landbúnaðarsýningunni hér næst-

liðið sumar og sýnt listir þar. Þó var aðstaða þeirra þar náttúrlega langtum verri hér í þeim þys og látum öllum en þar heima vestur á Kleifum. Það var núna fyrir einum tveimur kvöldum viðtal í útvarpinu við Carlsen, sem er auknefndur minkabani, en hann hefur hundabú hérna upp í Mosfellssveit, og mér skilst, að hann sé þar aðallega að temja hunda til að nota við minka- og refaveiðar. Og það hefur verið góður árangur af því. Hundarnir hafa verið mjög gagnlegir við það að drepa minkinn. Carlsen lét sér þau orð um munn fara, — ég heyrði það, sem við vitum reyndar allir fullvel, að hundarnir eru vitur dýr, — og hann sagði, að þeir væru oft vitrari en mennirnir. Ekki dreg ég í efa hæfileika þeirra hv. þm. tveggja, sem flytja þetta frv., en ég held, að þeir yrðu ekki eins góðir við smalamennsku vestur á Kleifum og hundarnir hans Jóhannesar bónda þar. Ef þeir ættu nú þátt í því að flytja þessa pest til landsins og hún kæmist hér í hunda, m. a. í hundana á Kleifum, ætli þeir væru menn til þess að bæta Jóhannesi skaðann? Jafnvel þótt þeir vildu bjóðast til að gerast smalar hjá honum, þá er ég hræddur um, að þeir yrðu ekki eins snúningaliprir við féð og hundarnir. En þannig er með þessa hunda þar á Kleifum, þeir eru svo vitrir, að þeir smala landareignina tilsagnarlaust og án þess að nokkrir menn fylgi þeim í smalamennskuna. En auk þess mætti búast við, að mennirnir, hvort það væru nú þessir tveir eða aðrir, yrðu þyngri á fóðrunum og gerðu meiri kaupkröfur en sepparnir á Kleifum.

Það er, skal ég segja ykkur, að minni hyggju margt að athuga í sambandi við þetta mál. Og ég efast um það, það kom a. m. k. ekki fram í ræðu fyrri flm. og frsm., að hann hefði nú kynnt sér þetta nokkuð til hlítar. Ég held, að þetta þurfi að skoðast betur. Þetta fer nú sjálfsagt til n., og þá er mögulegt að athuga það nánar. En ég vil bara þakka þessum hv. þm. það, að hann hefur, þó að það sé nú ekki gert fyrr en eftir tæp 4 ár, tekið aftur sín kaldyrði um mig í sambandi við tillöguflutning minn á þinginu 1964 um minkarækt í Vestmannaeyjum.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Okkar reynsla af innflutningi á dýrum hefur yfirleitt verið slæm. Við höfum tvisvar sinnum flutt inn í landið fjárkláða með innflutningi útlendra sauðkinda. Við fluttum inn með sauðfé karakúlpestirnar, bæði garnaveikina og mæðiveikina, og þannig hefur okkur reynzt þetta erfitt. Og við fluttum inn minkinn á sínum tíma, sem líka hefur orðið okkur dýrt spaug, því að hann hefur orðið að skaðræðismeindýri í landinu, og það hefur kostað ríkið stórfé að halda þessari plágu niðri, og auk þess hefur þetta dýr valdið miklum skaða í náttúru landsins, fuglalífi og dýralífi í vötnum og ám. Við höfum því illa reynslu, Íslendingar, af þessum innflutningi á dýrum.

Ég fór hér í ræðustólinn aðallega til þess að láta þess getið, að hv. fyrri flm. þessa frv. átti tal við mig sem samþingismann sinn um flutning á þessu frv. eða meðflm., en ég tjáði honum, að ég teldi mig ekki geta verið með honum í flutningi frv., þrátt fyrir það að hann segði mér frá því, að bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum hefði óskað þess eindregið, að þm. Sunnl. gerðust flm. að þessu máli. Ég er mjög andvígur minkarækt inni, sérstaklega vegna þeirrar reynslu, sem orðið hefur af minknum. Það var brugðið á það ráð á kreppuárunum upp úr 1930 að flytja inn mink og fara að stunda ræktun hans hér, og það var þá aðallega gert í þeim tilgangi, að hægt yrði að skapa útflutningsverðmæti og atvinnu fyrir landsmenn. Og víst er það virðingarverð tilraun, hver sem það reynir, að skapa atvinnu og auka gjaldeyristekjur. En þessi tilraun gafst mjög illa, eins og kunnugt er. Minkurinn slapp út víða og gerðist að rándýri í landinu, og þar á ofan varð enginn ávinningur að þessu fyrir þjóðina. Þetta gaf ekki þær tekjur, sem til var ætlazt. Það einhvern veginn mistókst að framleiða minkaskinn hér, sem eins og til var ætlazt yrðu að góðri söluvöru.

Ég er ákaflega hræddur um það í sambandi við Vestmannaeyjar, að þar sé óheppilegt veðurfar fyrir minkarækt. Að vísu sagði frummælandi, fyrri flm., hér áðan, að veðurfar hefði breytzt nokkuð mikið, það væri þurrviðrasamara en áður var. Það skal ég játa. Við höfum þá reynslu hér sunnanlands, að það er miklu meira um þurrviðri nú á síðari árum en var áður fyrr. En einhver umhleypingasamasti staður á landinu er Vestmannaeyjar samt enn í dag, og ég hef alltaf heyrt, að það væri óheppilegt veðurfar fyrir ræktun loðdýra eins og minksins. Ég er því ákaflega hræddur um, að þar sé illa valinn staður að þessu leyti. Auk þess er fuglalífið í eyjum í mikilli hættu, ef þessi dýr sleppa út. Þarna er mikið fuglalíf, margar tegundir og sumar fágætar tegundir, sem eiga þarna heima, hafa þarna dvöl, farfuglar og raunar aðrir fuglar, sjófuglar mikið í björgunum.

Ég var núna fyrir nokkrum dögum að líta í bók eftir Gils Guðmundsson alþm. um Færeyjar, þar sem hann er að lýsa náttúrulífi þar í eyjunum, sem er mjög líkt því, sem er í Vestmannaeyjum. Þar segir hann frá því, að á einhver svæði eða eyjar þar fluttist kvikindi, sem kallað er brúna rottan, það er ekkert greint frá því nánar, hvaðan hún kom, og hún hefur gjörsamlega útrýmt öllu fuglalífi á þeim svæðum, þar sem hún tekur sér bólfestu, svo að þar örlar ekki á dýralífi síðan. Og ég er ákaflega hræddur um, að ef það óhapp henti, að minkur slyppi út í Vestmannaeyjum, mundi hann gera þar mjög mikinn usla í fuglalífinu, en það er hrein paradís að koma til Vestmannaeyja á sumrin. Lundinn hefur mikla byggð í Vestmannaeyjum, og bjargfuglamergð er þar geysilega mikil.

Ég verð að láta í ljós, að ég hef ekki neina sérþekkingu á þessari atvinnugrein. En mér finnst, að reynslan sé sú, að Íslendingum láti yfirleitt illa að starfa að atvinnuvegum, sem þarfnast mikillar nákvæmni við, sérstaklega í sambandi við dýrin. Við höfum ekki sýnt það, að við værum natnir við umhirðu dýranna, því miður. Við eigum þar eftir mikið að læra, Íslendingar, og vonandi lærum við það með tímanum. En ég hygg, að þessi búskapur þurfi á að halda sérstaklega mikilli nákvæmni og vandvirkni. Og ég þekki nú Vestmanneyinga nokkuð. Þeir eru duglegir að fiska og bera mikinn afla á land, og yfirleitt eru ekki, að ég hygg, duglegri menn annars staðar á landinu heldur en í Vestmannaeyjum. En ég efast mjög um það, að þeim léti vel þessi atvinnugrein. Og hef ekki verulega trú á henni fyrir okkur Sunnlendinga eða Vestmanneyinga. Ég hygg, að þetta sé aðallega hugsað á þeim grundvelli að fá þarna markað fyrir úrgang af sjávarafurðum. En eru nú líkindi fyrir því, að útgerðarmennirnir í Vestmannaeyjum eða frystihúsin þar fengju hærra verð fyrir þessar afurðir frystihúsanna þarna í Vestmannaeyjum heldur en þau fá fyrir útflutninginn? Ég vil spyrja flm. að því, hvort hann geri ráð fyrir því, að það yrði hærra verð, sem þessi nýja atvinnugrein gæti greitt fyrir þetta, heldur en kaupendur á Norðurlöndum, sem aðallega hafa keypt þessar afurðir af okkur að undanförnu. Ég efast mikið um, að af þessu yrði mikill hagnaður gjaldeyrislega séð.

Þetta var nú það, sem ég vildi segja. Ég vildi sem sagt ekki leyna því, að ég hef ekki trú á *þessum atvinnuvegi, og þó að ég sé viss um,* að minkarækt í Vestmannaeyjum mundi ekki vera hættuleg að því leyti til, að sá minkur, sem slyppi þar, breiddist út um landið, mundi hann geta eyðilagt dýralífið á staðnum. Það er ákaflega erfitt að útrýma villimink, sem næði þar bólfestu, vegna þess að þarna er allt holt, allt brunnið hraun undir eyjunum, eða Heimaeynni, og ég álít, að það væri mikill skaði skeður, ef svona villidýr næði þar bólfestu.

Ég mun fylgja frv. til n., en ég vil ekki lofa stuðningi við það lengra. Minn stuðningur mun sennilega ekki ná lengra en það, að ég vil hleypa málinu til n. *Þetta vildi ég, að kæmi fram af* minni hálfu.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. minnti hér á ummæli, sem ég hafði viðhaft um minkarækt, þegar málið var hér til umr. 1964. Þess gerðist ekki þörf mín vegna. Mér voru þessi ummæli mjög í huga og vel ljós, þegar ég átti hlut að því að leggja málið fyrir hér að nýju í því formi, sem það er nú gert. En ef menn vilja lesa ræðu hv. þm., sem hann vitnaði í, þá munu þeir sjá, að hún gekk öll út á það að mæla gegn minkaeldi, og aðalrökin voru þau, að þetta væri svo mikið skaðræðisdýr, svo þjóðfélagslega hættulegt, eins og hann orðaði það, held ég, og þegar hann er búinn að reyna að sannfæra alla þm. um það, hversu hættulegt þetta dýr sé og skaðlegt, þá leggur hann til, að það sé samþykkt, að það sé leyft aðeins í Vestmannaeyjum. Ég endurtek ekki það, sem ég sagði þá, að þetta voru kaldar kveðjur til okkar Vestmanneyinga, og þær voru sannarlega ekki meintar af góðum hug, ef maður vill lesa ræðu þessa hv. þm. Hann ætlaði sem sagt, að því, sem hann taldi sannfæringu sína þá, að væri til skaða fyrir þjóðina og þá, sem vildu hafa afskipti af þessu, því ætlaðist hann til, að við einir tækjum við. Af þeirri ástæðu benti ég á þetta, sem hann vitnaði í, að ég hafði talið þetta kaldar kveðjur. Þær voru það á þeim tíma. Málið horfir allt öðruvísi við í dag. Nú hafa ráðamenn byggðarlagsins gert þetta upp við sig, bæði þann skaða, sem kynni af því að verða, og eins þann hagnað, sem þeir telja að kynni af því að verða, og óskað eftir því að fá að gera þessa tilraun.

Málið þarf að sjálfsögðu, áður en minkabú er stofnað, ef það yrði leyft hér, verulegan undirbúning. Það þarf að kynna sér málið frá öllum hliðum, skoða bæði hugsanlega arðsemi af því og eins það tjón, sem þetta gæti valdið. En það er auðvitað ekki ástæða til að leggja í kostnað við það, fyrr en við vitum, hvort hv. Alþ. vill leyfa, að þessi tilraun sé gerð. Það er frumskilyrði fyrir því, að eðlilegt sé, að lagt verði í kostnað við að skoða málið og vinna að eðlilegum undirbúningi þess, að fá úr því skorið, hvort hv. Alþ. vill leyfa okkur að gera tilraun, ef okkur *sjálfum sýnist hagur í því.*

Það er alveg rétt, sem hér kom fram hjá hv. 2. þm. Sunnl., að þetta náttúrlega byggist á því, að við trúum því, að fengnum þó ekki meiri upplýsingum en við höfum, að við trúum því sjálfir, að við getum gert afurðir okkar, sem þar berast á land, arðvænlegri í því formi að rækta mink, nota fiskúrganginn til að rækta mink, og fá þess vegna meira út úr þeim hluta afurðanna í formi minkaskinna heldur en að setja þetta í beinamjölsverksmiðju eða frysta það í litlum stíl, eins og nú er gert til minkaeldis annars staðar. Þetta er það, sem málin byggjast á. Og ef það kemur í ljós, að við höfum þarna rétt fyrir okkur, að við getum aukið verðmæti fiskafurða í Eyjum með þessu móti, hvers vegna má þá ekki leyfa okkur að reyna þetta? Við gerum okkur ljósa þá áhættu, sem kann að verða af þessu. Við gerum miklu minna úr henni en margir hér, sem talað hafa gegn málinu.

Sú hliðin á málinu, sem hv. 2. þm. Sunnl. lagði mest upp úr, það var óttinn við, að þetta kynni að valda skaða á fuglalífinu. Þá verða menn að gera sér ljóst, að það er alveg rétt, sem hann sagði, að það er mjög fjölbreytt fuglalíf í Eyjum og sennilega hvergi meira. En það er bara í úteyjum, það er ekki á Heimaeynni. Það er hreint

ekki fjölbreyttara fuglalíf á Heimaey en annars staðar á landinu, nema kannske síður sé, en í úteyjum er það mun fjölbreyttara en víðast annars staðar við landið. Og það er engin hætta á því, að minkurinn sleppi út í úteyjar. Ég tel ekki nokkra einustu hættu á því. Það er um mjög langan veg að fara yfir sjó, sem ég hef ekki nokkra trú á að minkur lifi af að reyna að synda. Við leggjum því nú orðið ekki svo mikið upp úr þeirri hlið málsins, að við teljum ekki, að það sé eðlilegt, að okkur verði leyft að gera þessa tilraun til að reyna að auka verðmæti okkar eigin framleiðslu á þennan hátt, að nota fiskúrganginn, sem fer að langmestu leyti í fiskmjöl, skilar litlum hagnaði og litlum erlendum gjaldeyri. Við trúum sjálfir, að það væri hægt að gera þessar afurðir verðmeiri í formi minkaskinna, ef vel tækist til.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. var að geta um alls konar bollaleggingar um pest í minkum. Það er náttúrlega hætta, sem allir geta átt von á, sem eru með dýrarækt, hvort sem það eru loðdýr eða önnur dýr, að pestir komi upp. Við Íslendingar höfum sannarlega ekki farið varhluta af því að fá hingað pestir, og við höfum ekki hætt við sauðfjárrækt, þó að hér hafi komið upp pest, sem hefur kostað ríkið og alla, sem þar eiga hlut að máli, verulegt fé, þannig að það þýðir ekki að vera með andmæli á þeim forsendum, það fær ekki staðizt. Þessi grínsaga um hundapestina, — ég man nú ekki, hvar hann talaði aðallega um þessa vitru hunda, — það vill nú svo til, að hundahald er ekki leyft í Vestmannaeyjum, það eru engir hundar þar, þannig að hundar þaðan ættu ekki að smita mikið út frá sér, því að þar eru þær skepnur ekki leyfðar og ekki til, svo að það er náttúrlega hreinlega sagt út í bláinn líka.

Um afkomu annarra þjóða, þá vita það allir, að þetta er orðinn allverulega þróaður atvinnuvegur bæði í Danmörku og Noregi og nokkuð í Svíþjóð. Auðvitað eru á þessu sveiflur, en það liggur hins vegar fyrir, að minkaskinn virðast vera einu skinnin af loðdýrum, sem nokkuð halda velli á markaði. Skinn annarra dýra eru miklu frekar tízkufyrirbæri, sem hlaupa í hátt verð stuttan tíma, en falla svo úr tízku og eru óseljanleg. Áratuga reynsla er aftur fengin með minkaskinn og í þeim er miklu minni sveifla, en það er sveifla í þeim, það vita allir, en í þeim er miklu minni sveifla, og þess vegna hafa þær þjóðir, sem ég hef hérna vitnað til, séð sér fjárhagslegan hag í því að gera þetta að atvinnuvegi og það í allstórum stíl, eins og er hjá Dönum nú.

Ég sé nú ekki ástæðu til að fjölyrða miklu meira um þetta. Það er rétt, sem hv. 2. þm. Sunnl. gat um, að ég benti honum á einróma óskir ráðamanna í Eyjum og spurði hann, hvort hann vildi vera meðflm. að frv. í samræmi við það. Hann tjáði réttilega, eins og hér hefur komið fram, að hann væri á móti málinu í heild, og er ekkert við því að segja. Þetta er eitt af þeim málum, sem menn greinir nokkuð á um, menn hafa ólíkar skoðanir á. En af því að hann beindi hér fyrirspurn um þetta, hvort við í Eyjum reiknuðum með að geta fengið hærra verð fyrir úrgang úr fiskafurðum með þessu móti, þá get ég svarað alveg játandi. Eins og málin standa í dag, þá trúum við því. Komi annað í ljós, að þetta sé ekki fjárhagslega hagkvæmt, stofnkostnaður of mikill, reksturinn ekki arðvænlegur, þá auðvitað verður tilraunin ekki gerð. En ef talinn er grundvöllur fyrir henni, þá efast ég ekki um, að Vestmanneyingar munu gera þessa tilraun. Og ég veit, að þeir, sem þarna hafa kannske mestra hagsmuna að gæta í sambandi við þetta, eru alveg tilbúnir að leggja eitthvert fjármagn fram, til þess að þessi tilraun verði gerð. En ég vil aðeins undirstrika það, sem ég benti á í framsöguræðu minni, að þetta mál er þess eðlis, að ég tel, að hv. alþm. margir, sem kunna að vera í nokkrum vafa um, hvort rétt sé að leyfa minkaeldi hér á landi almennt, þeir gætu fylgt þessu frv., því að þetta snertir aðeins einn stað, sem ég held að allir séu sammála um, að öðrum stafi ekki hætta af, þó að hann væri leyfður, hvorki hundahaldi á Kleifum né annars staðar á landinu, frekar en að villiminkur bærist til meginlandsins utan frá okkur í Eyjum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Á 76. og 78. fundi í Nd., 14. og 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 245, n. 428).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

31. Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Á 55. fundi í Nd., 25. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. l. um breyt. á þeim l., nr. 31 25. apríl 1964 [155. mál] (þmfrv., A. 286).

Á 57. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Í frv. þessu til breytinga á lögum um stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sem hér er lagt fram, er sú ein breyting lögð til, að styrkur til íbúðarhúsabygginga hjá þeim bændum, sem þurfa að endurnýja íbúðarhús sín og

eins og segir í lögunum hafa erfiðan fjárhag eða meðaltekjur eða minni, verði hækkaður úr 60 þús. kr. í 100 þús. kr.

Nýbýlum hefur farið frekar fækkandi að undanförnu, en hins vegar hefur fjölgað þeim bændum, sem hafa hlotið þennan styrk vegna endurbyggðra íbúðarhúsa. Þetta mál ber að vissu leyti að líta á í sambandi við þá lánamöguleika, sem bændur hafa til íbúðarhúsabygginga, og er það rakið í grg., að þeir fá núna 300 þús. kr. lán úr stofnlánadeild landbúnaðarins, og það eru þeirra einu lánamöguleikar til íbúðarhúsabygginga. En til samanburðar má benda á, að lán til byggingar íbúðarhúsa í bæjum eru 380 þús. að viðbættum 75 þús. kr. til meðlima verkalýðsfélaga, en aftur má benda á það, að fjöldi manna hefur einnig möguleika á lífeyrissjóðslánum, en eðlilegt er að draga hliðstæðu milli bænda og verkamanna að því leyti, að slíka möguleika hafa þeir ekki.

Um aukna fjárþörf, ef af þessari breytingu yrði, er erfitt að segja. Það er þegar komið í ljós af þeim umsóknum, sem liggja fyrir, að það mun verða heldur lítið um íbúðarhúsabyggingar á komandi sumri, þannig að það er ekki útilokað, að hægt væri að hækka þetta án aukinnar fjárveitingar. En hins vegar er auðvitað sá möguleiki fyrir hendi, að þessi hækkun yrði til þess að örva eitthvað byggingarnar, og það er að sjálfsögðu vel, ef svo færi, og sjálfsagt er, að allt það fjármagn, sem til þessa er veitt, notist. En það eru auðvitað þeir möguleikar, að þessi örvun yrði svo mikil, að til þessa þyrfti einhverja aukafjárveitingu, en um það er ekki gott að segja

Ef þetta yrði til að örva byggingar í sveitum, yrði það auðvitað til aukinnar atvinnu og af því mundu fleiri iðnaðarmenn fá atvinnu í sumar, hvort sem það eru iðnaðarmenn, sem starfa í sveitum, eða menn frá bæjum og kauptúnum. Það er allvíða atvinnuleysi hjá þeim mönnum, þannig að það virðist æskilegt að örva þessar byggingar, eins og á stendur, og þess vegna yrði fé vel varið, jafnvel þó að þyrfti að fara fram á einhverja aukna fjárveitingu. Nefna má, að fjárveiting landnámsins, sem þetta er tekið af, var að vísu skert um 7½ millj. á s. l. ári og einnig á þessu ári. En það var bundið við þau tvö ár, þannig að næsta ár eru líkur til, að fjárveitingar mundu örugglega vera nógar.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að að loknum umr. um þetta mál verði því vísað til landbn.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég hygg, að það sé ekki ofmælt, að einn aðalhvatamaðurinn að því, að þessi styrkur var lögtekinn á sínum tíma, hafi verið Jón Pálmason, fyrrv. ráðh. og alþingisforseti, enda hefur þessi styrkur stundum verið nefndur bæði í gamni og alvöru J-styrkur. Þessi styrkur hefur komið mörgum bóndanum að góðu gagni, bæði nýbýlamönnum og síðar bændum, sem hafa haft við erfiðan fjárhag að búa, og loks hefur þetta í raun og veru orðið almennur byggingarstyrkur til sveita.

Mig minnir, að styrkur þessi hafi fyrst numið 25 þús. kr., en hefur síðan smávaxið með árunum. Það er alveg rétt hjá flm., eins og fram kemur í grg., að vissulega má færa full rök fyrir því, að styrkur þessi sé orðinn lágur miðað við nútímaverðlag og vaxandi verðbólgu. Hitt er annað mál, hvort flm. hefur að öllu leyti valið heppilegan stað og stund til að ýta þessu áhugamáli sínu í framkvæmd. Það er jafnan svo, að oft verður að sæta lagi, bæði að því er tíma og stað snertir, til þess að koma málum í framkvæmd, sem maður hefur einlægan áhuga á. Mér er kunnugt um það, að um þetta mál hefur verið fjallað á öðrum vettvangi nú undanfarið, og eru vissulega margir, sem styðja þetta málefni. Ég er einn þeirra, því að vissulega mun ég styðja frv. til n. og vinna að því af heilum hug, að málið verði athugað og það nái fram að ganga fyrr eða síðar eða m. ö. o. við fyrsta hentugt tækifæri.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá 1. minni hl. landbn., á þskj. 774, var útbýtt 16. maí, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

32. Skipulagslög.

Á 55. fundi í Nd., 25. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á skipulagslögum, nr. 19 1964 [156. mál] (þmfrv., A. 287).

Á 57. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., 3. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér í hv. þd. frv. til l. um breyt. á skipulagslögum, nr. 19 frá 1964.

Eins og fram er tekið í grg. með frv., hefur á seinni árum verið mjög vaxandi ásókn í töku margs konar fyllingarefnis vegna mannvirkjagerðar, og með notkun stórvirkra vinnuvéla hefur efnistaka orðið miklu umfangsmeiri en áður var. Aðallega á þetta við um þéttbýlustu landssvæðin og næsta nágrenni þeirra, þ. e. innan marka skipulagsskyldra landssvæða. Það mun vera hægt

að finna þess dæmi, að af þessum sökum hefur landslagi svo til hreinlega verið breytt, og er augljóst, að þegar um er að ræða þá staði, sem auðsjáanlega þarf að taka til byggingar í náinni framtíð vegna nauðsynjar á auknu athafnasvæði fyrir vaxandi byggð, getur hömlulaus jarðefnistaka á tilteknum svæðum skapað stór vandamál síðar.

Með samþykkt frv. þessa, sem hér um ræðir, opnast möguleikar til þess, að viðkomandi sveitarstjórnir geti með samþykki skipulagsstjórnar ríkisins lagt bann við svo stórfelldum tilflutningi jarðefna, að til vandræða leiði síðar til nýtingar á landssvæðinu undir byggð. Ekki er þó gert ráð fyrir því í frv., að landeigendur þurfi að sækja fyrir fram um leyfi fyrir því að nýta land sitt á þennan hátt, heldur er gert ráð fyrir því, að sveitaryfirvöld grípi aðeins í taumana, þegar að þeirra dómi og skipulagsstjórnar ríkisins sé hætta á, að of langt verði gengið í þessum efnum með tilliti til nýtingar landssvæðisins til almennra nota síðar. En að vissu marki er eðlilegt og sjálfsagt, að jarðefnisnámur séu nýttar.

En er þá ekki með þessu ákvæði, ef samþ. verður, verið að skerða eignarrétt landeigenda um of? spyrja máske einhverjir. Og víst er, að þessi heimild, ef samþykkt verður, til sveitarstjórna og skipulagsstjórnar takmarkar að nokkru nýtingu landeigenda á landi sínu, þó svo, eins og ég hef áður sagt, að aðeins sé gert ráð fyrir því í þeim tilfellum, þar sem nauðsyn er talin á, að svo sé gert með tilliti til nýtingar landsins síðar. En í þessu sambandi er og vert að benda á, að í gildandi skipulagslögum eru einmitt í þessari sömu lagagrein ákvæði, sem vissulega takmarka ráðstöfunarrétt landeigenda á landssvæðum á skipulagsskyldum stöðum. Þegar þau lög voru samþ. hér á hinu háa Alþingi, var það vandamál, sem hér um ræðir, þ. e. ásókn í ýmiss konar fyllingarefni til mannvirkjagerðar og tilkoma hinna stórvirku vinnuvéla, sem eru mjög afkastamiklar í þessu efni, ekki orðið svo augljóst sem nú er varðandi þéttbýlustu landssvæðin. Í þeirri lagagr., sem ég vitnaði hér til, þ. e. 31. gr. skipulagslaganna, segir svo, með leyfi forseta:

„Óheimilt er á skipulagsskyldum stöðum að skipta löndum og lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum, nema samþykki sveitarstjórnar komi til, og getur hún krafizt þess, að gerður sé fullnægjandi uppdráttur af landi, er skipta skal."

Af því, sem hér segir í núgildandi lögum, er augljóst, að löggjöfin hefur þegar sett viss takmörk á ráðstöfunarrétt landeigenda, þegar um skipulagsskylda staði er að ræða, og gert það til þess að auðvelda, að landssvæðin verði skipulögð til nýtingar síðar meir. Á sama hátt er nauðsynlegt að veita sveitarstjórnum og skipulagsstjórn heimild til þess að grípa í taumana, þegar hætta er á, að of langt verði gengið í brottflutningi jarðefna, svo að verulegir erfiðleikar geti af hlotizt, þegar að því kemur, að nýta þarf landið til annars. Við höfum oft séð, að mjög er ábótavant á stundum um, að sómasamlega sé skilið við þær efnisnámur, sem nýttar hafa verið, og þannig við skilið, þegar efnistöku er hætt, að hætta getur beinlínis af stafað, auk þess sem til verulegra lýta er fyrir umrædd svæði. Með tiltölulega litlum kostnaði er hægt að ráða þarna bót á. En allt aðhald vantar þessu aðlútandi, og því er í frv. ákvæði um, að sveitarstjórnir geti með samþykki skipulagsstjórnar sett tiltekin skilyrði um frágang og krafizt hæfilegra tryggínga fyrir efndum. Þar sem í frv. er ávallt gert ráð fyrir því, að samþykki skipulagsstjórnar þurfi til, bæði um takmörkun á efnistöku og einnig varðandi skilyrði um frágang að lokinni efnistöku, á það að vera trygging fyrir því, að sveitarstjórnir misnoti ekki umrædda lagaheimild til takmörkunar á því, að landeigendur nýti land sitt, svo lengi sem ekki er í þeim efnum lengra gengið en eðlilegt er með hliðsjón af nýtingu landsins síðar, þar sem um skipulagsskylda staði er að ræða.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn. þessarar hv. þingdeildar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

33. Iðnfræðsla.

Á 59. fundi í Nd., 4. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 11. maí 1966, um iðnfræðslu [161. mál] (þmfrv., A. 310).

Á 61. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Ég flyt hér í þessari hv. þd. frv. til l. um breyt. á l. um iðnfræðslu, nr. 68 frá 1966. Frv. er á þskj. 310.

Í 12. gr. í gildandi lögum um iðnfræðslu er í 7. og 8. tölul. ákvæði um skólaumdæmi iðnskólanna, sem í lögunum heita iðnfræðsluskólar. Þar er Reykjavíkurborg sérstakt skólaumdæmi, en Kjósarsýsla, Gullbringusýsla ásamt kaupstöðunum Kópavogi, Hafnarfirði og Keflavík skólaumdæmi. Nú er áhugi fyrir því í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur, þ. e. a. s. Mosfellssveit, Seltjarnarnesi og Kópavogi, að fá fram breytingu á þessu

ákvæði, þannig að þessi sveitarfélög verði skólaumdæmi með Reykjavík. Segja má, að þessi sveitarfélög ásamt með Reykjavík séu eitt og sama atvinnusvæðið og margþætt samskipti milli þessara sveitarfélaga og á mörgum sviðum náin samvinna. Fyrir iðnnemendur frá þessum sveitarfélögum er mun auðveldara að sækja skóla í Reykjavík en t. d. í Hafnarfirði. En til þess að sækja þangað þurfa þeir að notast við minnst tvo strætisvagna, en til að sækja skóla í Reykjavík aðeins einn, og á þetta við um alla nemendurna nema rétt aðeins þá fáu, sem búa í næsta nágrenni við Hafnarfjarðarveginn í Kópavogi. Það er því augljóst, að það er miklum mun tímafrekara og kostnaðarsamara fyrir nemendur að sækja skóla til Hafnarfjarðar en til Reykjavíkur.

Ég vil sérstaklega taka það fram, að ástæðurnar fyrir því, að ósk kemur fram um þessa breytingu, sem hér er lagt til, að lagaákvæðum um viðkomandi skólaumdæmi verði breytt, eru þær, að það er að öllu leyti hægara fyrir nemendur frá þessum sveitarfélögum, sem hér um ræðir, að sækja skóla til Reykjavíkur en Hafnarfjarðar. Á þessa till. til lagabreytingar um skólaumdæmin ber alls ekki á neinn hátt að líta sem vantraust á Iðnskóla Hafnarfjarðar. Af þeim skóla hef ég aðeins gott eitt frétt.

Fyrir liggur, að byggja þarf nýtt skólahús fyrir iðnfræðslu í Hafnarfirði, og eðlilegt er, að stærð þess verði ákveðin með hliðsjón af stærð og fjölmenni skólaumdæmisins, eins og lög segja til um að það sé. Sú breyting, sem hér er lagt til að gerð verði á l. um viðkomandi skólaumdæmi, þarf því að ná samþykki nú, áður en lengra er haldið með undirbúning að þeirri nýju skólabyggingu í Hafnarfirði, sem ég gat hér um. Til þessa hafa flestir iðnnemar úr áðurgreindum sveitarfélögum sótt iðnnám til Reykjavíkur. Þessi tilhögun hefur gefizt vel. Reyndar hefur ekki verið annarra kosta völ. Iðnskólinn í Reykjavík hefur tekið við þessum nemendum, án þess að nokkrir samningar hafi verið gerðir milli sveitarstjórna þessara sveitarfélaga og borgarstjórnar Reykjavíkur. Og vissulega ber að þakka það, að iðnnemar frá nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur hafa átt þess kost að sækja þangað sitt iðnnám.

Nái þessi breyting fram að ganga, sem von mín er að verði, hljóta að verða teknir upp samningar milli hlutaðeigandi sveitarstjórna nágrannasveitarfélaga Reykjavíkur og borgarstjórnar þar. Ég veit, að borgarstjórnin í Reykjavík er fús til þeirra viðræðna. Sveitarstjórnir nágrannasveitarfélaga Reykjavíkur gera sér fulla grein fyrir því, að sveitarfélögin verða að sínu leyti að standa undir kostnaði við mannvirkjagerð og rekstur iðnfræðsluskóla vegna sinna nemenda, þó að þessi sveitarfélög hafi til þessa losnað við þann kostnað. Sveitarstjórnirnar kjósa aðeins, að í þessu efni verði sá kosturinn valinn, sem hentugastur er, miðað við allar aðstæður.

Í 16. gr. l. um iðnfræðslu segir, hvernig skólanefndir iðnfræðsluskóla skuli skipaðar. Í gr. segir m. a., að í skólanefndunum skuli vera 5 menn skipaðir af ráðh. og skal einn þeirra skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður. Í gr. er gert ráð fyrir því, að hinir 4 skuli skipaðir samkv. tilnefningum bæjarstjórna og sýslunefnda í viðkomandi skólaumdæmi. Í Reykjavík tilnefnir borgarstjórn 4 skólanefndarmenn. Ég legg ekki til, að gerð verði nein breyting á þessu ákvæði, þó að ég leggi til, að skólaumdæmi Reykjavíkur verði fært út. Eins og fyrr segir, hljóta að eiga sér stað víðtækir samningar um öll þessi mál, ef þessi breyting nær fram að ganga, og getur það þá verið tekið upp í þeim samningaviðræðum, ef einhverjar óskir yrðu uppi um það, að þessi sveitarfélög vildu bera fram tilteknar till. um val á manni við borgarstjórn Reykjavíkur. Ég hef ekki séð neina ástæðu til þess, að nauðsynlegt væri að breyta þessari grein, þrátt fyrir það að fyrrgetna breytingin nái fram að ganga. Þarna er fyrst og fremst samkomulagsatriði, hvernig með það verður farið.

Herra forseti. Ég hef hér rakið nokkur atriði, sem ég vonast til að verði til þess að skýra fyrir hv. þm., hvers vegna umrætt frv. er flutt. Í raun réttri er með samþykkt þessa frv. verið að staðfesta það fyrirkomulag, sem verið hefur varðandi iðnnám nemenda frá umræddum nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur. Og þar sem þessi skipan hefur í alla staði gefizt vel, er eðlilegast að ganga út frá því í ákvæðum laga um skólaumdæmi iðnfræðsluskóla, að þetta fyrirkomulag verði áfram, en sett í fastara form. Fræðsluráð Kópavogs hefur gert samþykkt, þar sem fram kemur, að það telur þá skipan, sem hér er lagt til að upp verði tekin, þá eðlilegustu miðað við allar aðstæður.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

34. Æskulýðsmál.

Á 65. fundi í Nd., 17. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um æskulýðsmál [182. mál] (þmfrv., A. 357).

Á 66. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 20. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 357, hefur verið hér á ferð tvisvar áður. og það er að ætt og uppruna stjórnarfrv. Hæstv. menntmrh. lagði það fram undir þinglok í hittiðfyrra, aðeins í kynningarskyni, að því er virðist, svona álíka og hann hefur nú lagt skömmu fyrir þingslit fram annað frv., menntaskólafrv., ekki eftir orðum hæstv. ráðh. í sjónvarpinu um daginn að dæma, að því er virðist, af því að hann hafi a. m. k. þá reiknað með því, að það næði fram að ganga á þessu þingi, heldur aðeins til þess að gefa þm. kost á því að kynna sér það gaumgæfilega og með nægilegum fyrirvara, til þess að þeir væru fyllilega undir það búnir að fjalla um það snemma á næsta þingi og tryggja framgang þess. Því miður verður þó ekki sagt, að þessi aðferð hafi gefið góða raun. Frv. það, sem hér er til umr., æskulýðsmálafrv., hlaut að vísu góðar viðtökur, þegar það var flutt hér aftur snemma á síðasta þingi, og ekki hvað sízt af hálfu okkar stjórnarandstæðinga. En þegar það var komið til menntmn., reyndust stjórnarsinnar í n. undir forustu flokksmanns hæstv. menntmrh. haldnir svo mikilli fjárhagslegri ábyrgðartilfinningu, að þeir treystu sér ekki til að mæla með samþykkt frv., þar eð það hefði í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, og þeir beittu meirihlutavaldi sínu til þess, að frv. var svæft í n. Minni hl., þ. e. a. s. fulltrúar stjórnarandstöðunnar í n., mælti hins vegar með samþykkt frv.

Ég tel ekki ástæðu til að tefja störf fundarins með löngu máli um efni þessa frv. nú að þessu sinni. Með flutningi þess áður og ýtarlegri grg. og skilmerkilegum ræðum hæstv. menntmrh. til útskýringar einstökum ákvæðum þess ætti að vera sæmilega fyrir því séð, að hv. þm. hafi þegar móttekið nauðsynlegan fróðleik um það. En ég vil aðeins ítreka þá skoðun mína, sem ég lét í ljós í fyrra, þegar frv. var flutt þá, að ég tel, að ef þetta frv. næði fram að ganga, mundi þar með stigið stórt og merkilegt skref til lausnar þeim miklu vandamálum, sem við hefur verið að etja á undanförnum árum og áratugum vegna lélegs aðbúnaðar og ófullnægjandi þroskaskilyrða æskufólks hér í þessu þjóðfélagi okkar.

Það kann að hafa vakið nokkra undrun, að einn óbreyttur þm. úr stjórnarandstöðunni skuli hér hafa brugðið á það ráð að vekja upp stjórnarfrv., frv., sem stjórnin sjálf hefur áður látið svæfa. En það kemur fyrir stöku sinnum, að stjórnarfrv. eru hin ágætustu frv., og þá ekki hvað sízt þau frv., sem stjórnin reynist, þegar á hólminn kemur, ekki hrifnari af en svo, að hún hindrar framgang þeirra. Og slík frv. geta stjórnarandstæðingar að sjálfsögðu blygðunarlaust tekið upp og flutt og virðist raunar sjálfsagt, að þeir geri það, þegar stjórnin sjálf sýnir enga tilburði í þá áttina að halda í þessum málum lífinu, hvað þá meira.

Eitt slíkt frv. er það frv., sem hér liggur fyrir. Nú er að vísu langt liðið á þingtímann, svo að hæpið kann að virðast, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi, jafnvel þó að stjórnin hefði tekið upp jákvæðara viðhorf til þess, hefði endurskoðað afstöðu sína til þess frá í fyrra, auk þess sem segja má kannske, að í menntmn. hafi áhugamenn um framgang góðra mála nú þegar ærið verkefni að vinna við að forða því, að annað ágætt frv., þ. e. a. s. menntaskólafrv., verði svæft, þó að ekki sé bætt á þá því verkefni að forða þessu frv. frá endurtekinni svæfingu.

En ég vil láta þess getið í þessu sambandi, að áður en ég ákvað að flytja þetta frv., hafði ég gengið úr skugga um það, að það lá tilbúið til prentunar án nokkurrar teljandi fyrirhafnar frá í fyrra. „Satsinn" hafði verið geymdur, eins og sagt er á prentsmiðjumáli, þannig að ekki þurfti annað en renna frv. enn einu sinni gegnum pressuna, svo að hversu svo sem kann að fara um málið nú að þessu sinni, þá verð ég a. m. k. ekki sakaður um það að hafa stofnað til mikils og ótímabærs kostnaðar í þessu sambandi, þó að ég flytji frv. nú enn á ný. Ekki svo að skilja, að ég telji neina ástæðu til þess að biðja einn né neinn afsökunar í þessu sambandi og sízt af öllu hæstv. ríkisstj. eða þann ráðh., sem á allan heiðurinn af því, að þetta frv. varð til, þ. e. a. s. hæstv. menntmrh. Ég tel þvert á móti, að ég sé með þessu að minna á þá staðreynd, ég sé að ítreka þá staðreynd, að enda þótt úrbætur hæstv. menntmrh. gagnvart þeim vanda, sem að okkur steðjar á sviði æskulýðsmála, enda þótt þessar úrbætur hafi vegna afskipta vissra afla í ríkisstj. enn ekki náð lengra en það að komast á prent, þá gerir hann sér, hæstv. menntmrh., a. m. k. fyrir sitt leyti ljóst, hve mikill og alvarlegur þessi vandi er. Og heiður þeim, sem heiður ber.

Svo legg ég til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. menntmn., á þskj. 717, var útbýtt 13. maí, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

35. Norðvesturlandsvirkjun.

Á 67. fundi í Nd., 20. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um Norðvesturlandsvirkjun [190. mál] (þmfrv., A. 375).

Á 68. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Á þskj. 375 flyt ég ásamt hv. 5. þm. og hv. 4. þm. Norðurl. v. frv. til l. um Norðvesturlandsvirkjun. Eins og fram kemur í grg. þeirri, sem fylgir þessu frv., er það flutt samkv. beiðni eða áskorun frá raforkumálanefnd Norðvesturlands, en n. þessi var skipuð síðla á síðasta ári, og í henni eiga sæti fulltrúar frá Sauðárkrókskaupstað, Skagafjarðarsýslu og Húnavatnssýslum báðum, og eru þessir menn kjörnir í n. af bæjarstjórn Sauðárkróks og af sýslunefndunum. Verkefni þessarar n., sem í eiga sæti 10 menn, er að kanna, hvaða leiðir muni færar til þess að auka raforku á veitusvæðum Skagafjarðar og Húnaþings, og enn fremur að kanna möguleika á því, að héruðin sjálf taki dreifingu orkunnar í sínar hendur. N. þessi hefur þegar haldið með sér nokkra fundi, og á fundi n. á Blönduósi 2. marz s. l. lágu frumdrættir þessa frv. til athugunar og umr. hjá n., og varð það niðurstaða þessa fundar, að farið var á leit við okkur þm. kjördæmisins, að við flyttum þetta mál inn í Alþingi nú á þessu þingi, og þótti okkur ekki annað hlíta en að verða við þeirri beiðni.

Ég vil alveg sérstaklega benda hér á það, sem ég tel mjög mikilsvert atriði í þessu máli, en það er það, hversu mikil samstaða virðist hafa skapazt heima í héraði um þetta mál, og án þessarar samstöðu mundi ég ekki telja eðlilegt, að frv. sem þetta væri flutt hér á þingi, því að þess er ekki að dyljast, að frv. boðar verulega stefnubreytingu í raforkumálum í þessum landshluta og hefur í för með sér fjárhagslegar skuldbindingar fyrir viðkomandi bæjar- og sveitarfélög. Öll orkuvinnsla og orkudreifing á þessu svæði er nú rekin af ríkinu, að undanskilinni rafmagnsveitu Sauðárkrókskaupstaðar, sem rekin er af bænum, og er þar að finna eina frumkvæðið í raforkumálum heima fyrir. En með þessu frv., sem mjög er byggt á löggjöf um Landsvirkjun og Laxárvirkjun, er ráð fyrir gert, að ríkið annars vegar, en sveitarfélög Húnavatns- og Skagafjarðarsýslna ásamt Sauðárkrókskaupstað hins vegar setji á stofn sameignarfyrirtæki, sem taki við og annist raforkuvinnslu og raforkuflutning á Norðvesturlandi.

Til er ætlazt, eins og segir í 1. og 8. gr. frv., að stjórn þessa fyrirtækis verði skipuð 5 mönnum, sem heima eiga á svæðinu, og heimili þess og varnarþing verði á Sauðárkróki. Það er svo ráð fyrir gert, að hvor aðili um sig eigi helming fyrirtækisins og skuli það starfrækt sem sjálfstætt fyrirtæki með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

Í 2. gr. frv. er upp talið, hvert skuli vera hlutverk þessa fyrirtækis. Það er í fyrsta lagi að byggja og reka virki til framleiðslu og flutnings raforku til almenningsnota og iðnaðar, og í öðru lagi að selja í heildsölu raforku til héraðsrafmagnsveitna, í þriðja lagi að annast áætlanir og undirbúning nýrra virkja til vinnslu og flutnings raforku og í fjórða lagi að annast í umboði sveitarfélaga og ríkisins rekstur héraðsveitna samkv. samningi við viðkomandi eigendur.

Í sambandi við það ákvæði 2. gr., að fyrirtækið annist áætlanir og undirbúning nýrra virkja til vinnslu og flutnings raforku, er á það bent í grg., að fyrirtæki af þessari stærð geti trauðla haldið starfsliði til þess að sinna slíkum undirbúningsstörfum að fullu. En það er talið mikilsvert atriði, að heima í héraði sé maður eða menn, sem hægt sé að fela stjórn á slíkum áætlunum og gerð mannvirkja, þó að þeir geti ekki unnið þær að öllu leyti sjálfir. Með því ætti að fást trygging fyrir því, að allur undirbúningur og gerð mannvirkja sé í nánu samræmi við þær aðstæður, sem fyrir eru, auk þess sem það ætti að stuðla að því, að allur undirbúningur verði hraðar unninn og dragist ekki úr hömlu, svo að skaði sé að.

Í 4. lið þessarar gr. frv., 2. gr., er svo fyrirtækinu heimilað að annast í umboði sveitarfélaga og ríkisins rekstur héraðsveitna. Þetta fyrirkomulag á sér fordæmi og hefur þótt gefast vel. T. d. er það svo, að sveitarfélög hér á Suðvesturlandi hafa með sér samvinnu um rafveiturekstur, rafveitur Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Keflavíkur og Selfoss reka rafveitur fyrir sveitarfélög í nágrenni sínu. Á sama hátt er unnt að hugsa sér, að fyrirtæki tækju að sér rekstur veitna, sem eru í eigu ríkisins, ef það þætti hagkvæmt að hafa þann hátt á.

5. og 6. gr. frv. fjalla um orkuöflunina. Þar er engu slegið föstu um það, hvaða leið skuli fara í þeim efnum, heldur heimilað að velja þá lausn til orkuöflunar, sem forráðamenn Norðvesturlandsvirkjunar ásamt þeim aðilum, sem ákvörðun um þau mál taka af hálfu stjórnvalda, telja bezt henta. En í 6. gr. er gert ráð fyrir því, að Norðvesturlandsvirkjun verði heimilað að reisa allt að 6 mw. orkuver í Svartá í Skagafirði eða öðru fallvatni í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum.

Þess er ekki að dyljast, að áhugi okkar heimamanna beinist mjög að því, að Svartá í Tungusveit verði virkjuð, og sú áætlun um fjáröflun, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, er miðuð við Svartárvirkjun, að Svartá verði virkjuð við Reykjafoss. Allumfangsmiklar athuganir hafa verið gerðar á þessari virkjun, og benda þær athuganir til, að þar megi virkja með sæmilega hagkvæmum hætti.

Í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum eru nú tvær vatnsaflsvirkjanir. Það eru Gönguskarðsárvirkjun, sem framleiðir 1200 kw., og Laxárvatns-

virkjun, sem framleiðir 500 kw., virkjun vatnsafls á þessu svæði er samtals 1700 kw., eða 1.7 mw. Þetta hefur að sjálfsögðu reynzt allt of lítil orka fyrir svæðið, og hafa því verið settar upp dísilstöðvanna hjá rafmagnsveitum ríkisins sé nú eða 2.6 mw., og sjálfsagt þarf, ef ekkert er gert í því að reisa ný virki á þessu svæði, að auka dísilafl mjög bráðlega. Þetta er að mínu viti hreint neyðarúrræði. Mér hefur skilizt, að framleiðsla dísilstöðvanna hjá rafmagnsveitum ríkisins sé nú 4 sinnum dýrari en framleiðsla þeirra vatnsaflsstöðva, sem rafmagnsveiturnar hafa yfir að ráða. Á Norðvesturlandi mundi virkjun Svartár leysa að mestu af hólmi hinar óhagkvæmu dísilstöðvar. Hún mundi verða þáttur í því að spara dýrmætan gjaldeyri og fullnægja orkuþörf svæðisins um árabil og gefa einnig notendum kost á meiri notkun raforku en nú er.

Það mun hafa verið árið 1964 eða 1965, sem Knútur Otterstedt rafveitustjóri á Akureyri var fenginn til þess að gera kostnaðarsamanburð á mismunandi leiðum til orkuöflunar fyrir Norðvesturland. Leiðirnar voru þessar, sem um var að velja: það var aukning dísilvéla, tenging við Laxárvirkjun og virkjun Svartár við Reykjafoss. Þessi samanburður var miðaður við tímabilið 1968—1979. Niðurstöður þessara athugana voru þær, að virkjun Svartár væri hagstæðasta lausnin í orkuöflun fyrir Norðvesturland. Notkun dísilstöðva væri dýrari leið, og hún þykir áreiðanlega vera orðin nú enn þá dýrari leið, hún væri óheppileg vegna olíukaupanna og olíuflutningsins. Tenging við Laxá væri einnig dýrari leið en virkjun Svartár og öryggi notenda minna með línu yfir Öxnadalsheiði. Ég sá ekki ástæðu til þess að birta þessar athuganir Knúts Otterstedts né aðrar athuganir og áætlanir um Svartárvirkjun við Reykjafoss með þessu frv., en ég minni á það, að við þm. Norðurl. v. fluttum á þingunum 1963 og 1964 frv. til laga um virkjun Svartár og með þessum frv. voru birtar sem fskj. álitsgerðir og útreikningar sérfróðra manna um Svartárvirkjun. Vænti ég þess, að sú nefnd, sem fær þetta frv. til athugunar, gefi sér tíma til þess að athuga þau gögn, sem þá voru birt í þingtíðindum.

Þessi frv. náðu illu heilli, vil ég segja, ekki fram að ganga. Þau voru, svo sem eðlilegt var, send til umsagnar raforkumálaskrifstofunnar. En af hvaða orsökum sem það var, bárust aldrei neinar umsagnir um málið frá raforkumálaskrifstofunni. Ég geri ráð fyrir því, að þetta frv. verði einnig sent til umsagnar réttum aðilum. En ég legg á það áherzlu, að sú n., sem fær þetta frv. til meðferðar og athugunar, gangi eftir því, að umsagnir verði gefnar og þær sendar inn í þingið í tíma. Ég sé ekki nokkra ástæðu til að una því, að ríkisstofnanir, sem fá frv. héðan frá Alþingi til álits og umsagnar, hliðri sér hjá því að taka afstöðu til þeirra og gefa umsagnir, sem um er beðið.

Í 11., 12. og 13. gr. frv. eru ákvæði til fjáröflunar fyrir Norðvesturlandsvirkjun vegna þeirra verkefna, sem frv. gerir ráð fyrir. Það er lagt til, að ríkisstj. heimilist að leggja fram úr ríkissjóði allt að 5 millj. kr. í höfuðstól fyrir fyrirtækið gegn jöfnu framlagi heiman að, eða frá sveitarfélögunum. Þá skal ríkisstj. einnig heimilt að ákveða að lána Norðvesturlandsvirkjun 15 millj. kr. með þeim kjörum, sem fjmrh. ákveður. Þá skal ríkisstj. einnig heimilað að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, er Norðvesturlandsvirkjun tekur, allt að 55 millj. kr. eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt. Ríkisstj. skal einnig heimilt að taka lán, er komi að hluta eða að öllu leyti í stað ábyrgðar, og endurlána Norðvesturlandsvirkjun með þeim kjörum og gegn þeim tryggingum, sem hún ákveður.

Þá er í frv. einnig ákvæði um, að fella skuli niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni og tækjum og vélum, öðrum en vinnuvélum, sem þurfa kann að kaupa vegna þessara framkvæmda, og mun þetta vera í samræmi við ákvæði, sem er að finna í lögum um Landsvirkjun og Laxárvirkjun.

Ég gat þess áðan, að með þessu frv. væri lagt til, að breytt verði um stefnu í raforkumálum Norðvesturlands. Vafalaust munu vera á því skiptar skoðanir, hvort hér er stefnt til réttrar áttar eða ekki. Það er hyggja mín, að með samþykkt þessa frv. verði hraðað lausn á raforkumálum þessa landshluta, og ég hygg, að okkur, sem í strjálbýlinu búum, sé hollt að hafa fleiri viðfangsefnum að sinna. Ég hygg, að það muni efla sjálfstæði okkar og sjálfstraust. Heimastjórn málefna og verkefna ætti að vera skyggnari á þarfir og möguleika, og þeir, sem bera fjárhagslega ábyrgð, falla síður í þá freistni að bera fram óraunhæfar kröfur, og eru þetta allt saman að minni hyggju mikilsverð atriði. Virkjun vatnsaflsins er verkefni, sem að þarf að vinna af fullri festu og framsýni. Vatnsorkuverin verða okkur dýrmæt eign, og það er eðlilegt sjónarmið, að héruðin sjálf vilji eiga a. m. k. hlut í þeim og njóta að sínum hluta þess arðs, sem þau gefa.

Ég hef ekki þessi orð fleiri, herra forseti, en legg til, að frv. verði vísað að umræðu þessari lokinni til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá fjhn., á þskj. 798, var útbýtt 17. maí, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

36. Sauðfjárbaðanir.

Á 37. fundi í Sþ., 26. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. um sauðfjárbaðanir, nr. 23 27. apríl 1959 [197. mál] (þmfrv., A. 400).

Á 70., 74., 75. og 76. fundi í Nd., 27. marz, 10. og 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 77. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Það er hérna lítið frv., sem ég flyt ásamt hv. 5. þm. Norðurl. v., frv. til l. um breyt. á l. um sauðfjárbaðanir. Efni þess er ósköp einfalt. Það er aðeins að breyta þeim tímatakmörkum, sem sett eru í núgildandi lögum um það, hvenær baðanir skuli fara fram. En eins og nú er, er það á tímabilinu frá 1. nóv. til 1. marz, en við leggjum til, að þessu verði breytt þannig, að í staðinn fyrir 1. marz komi 1. maí.

Rökin fyrir þessu eru nokkuð dregin fram hér í grg. Það kann að vera, að það hefði verið nægilegt að hafa þennan tíma um 15. apríl, og er e. t. v. eðlilegra. Það skiptir kannske ekki höfuðmáli. En ég vil aðeins vekja athygli á því, að þessi lög eru sett 1959, og ég hef verið að gera mér grein fyrir því í seinni tíð með þessi lög og mörg önnur, sem eru sett um það leyti eða fyrr, að þau bera nokkuð merki þess, að við höfum lifað sérstaklega góðviðristíma undanfarna áratugi, og það er enginn vafi á því, að veturnir á þessum síðasta áratug hafa verið yfirleitt miklu kaldari en gerðist á næstu 30—40 árum þar á undan, og það tímabil var búið að móta ákaflega mikið í raun og veru skoðanir manna um veðurfar hér á landi og margar ákvarðanir, sem taka varð og varð að draga ályktanir einmitt af veðurfari um. Þess vegna er það, eins og tekið er þarna fram, að yfirleitt er kaldasti tími ársins janúar og febrúar. Við það bætist, að í seinni tíð hafa fjárhús yfirleitt verið reist úr steini og mikið með einföldu járni, eru þau því mjög köld, og það getur því í mörgum tilfellum verið óframkvæmanlegt að koma við böðun fyrir 1. marz. Þess vegna held ég, að það sé skynsamlegt að samþykkja þetta frv. Það má kannske segja, að það væri ekki alvarlegt lagabrot, þó að það drægist fram yfir 1. marz hjá einhverjum, sem ekki treysti sér til að baða vegna þess, hversu kalt væri í húsum, en það er a. m. k. viðkunnanlegra, að það sé heimilt, og ég vil þess vegna eindregið mæla með því, að hv. Alþingi fallist á þessa breytingu, annaðhvort 1. maí eða a. m. k. 15. apríl.

Ég vil svo leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og landbn.

Björn Pálsson: Herra forseti. Þessi lög um böðun eru frá 1959, og þar er ákveðið, að það megi baða á tímabilinu frá 1. nóv. til 1. marz. Ég er búinn að tala um þetta mál bæði við Pál Pálsson yfirdýralækni og eins við búnaðarmálastjóra.

Það er engin tilviljun, að við berum þetta frumvarp fram, og ég álít fara vel á því, að Jónas sé 1. flm., því að hann er formaður fyrir vísindaráði í landbúnaðarmálum. En þetta kom til umr. á Búnaðarþingi og var mikið rætt og nokkuð skiptar skoðanir um það. Þar varð samkomulag um að lengja þetta tímabil, en það var ágreiningur um, hve mikið ætti að lengja það, hvort það ætti að ná fram í apríl eða eitthvað fram eftir marz. Og niðurstaðan varð sú, og þeir eru búnir að senda erindi til þingsins, sem liggur frammi í lestrarsal Alþingis, að það var samþ. að óska eftir því, að það væri frá 15. nóv. til 15. marz. Páll Pálsson sagði mér, að þeir, sem væru að baða fyrri part vetrar, einkum væri það nú t. d. í Breiðafirðinum, þar sem þeir hefðu fé í eyjum, þá væru þetta vandræði, það væri ekki baðað nema sumt af fénu. Og þetta er víða þannig. Þannig var það hjá okkur t. d. í Húnavatnssýslunni í vetur. Þeir fóru að baða í hlákunum, meðan fé lá úti, þá fóru þeir að smala. Það urðu ekki nægilega góð samtök, enda smalast ekki þannig í fyrstu smölun, þar sem víðlent er. Það er alveg víst, að það vantaði víða af fé. Sumir sögðust hafa baðað það seinna. Má vera, að einhverjir hafi gert það, en ég er sannfærður um, að það hafa ekki allir gert það, ekki a. m. k. allt. Og þetta verður til þess, ef menn eru að smala, einn og einn maður og jafnvel þó að reynt sé að smala yfir stærri svæði, að það verður alltaf eitthvað eftir, á meðan fé er látið liggja úti. Svo þegar kólnar í veðri, koma frostin. Hús eru afar mikið breytt frá því, sem áður var. Þá voru húsin yfirleitt með torfþaki, a. m. k. norðanlands, en nú eru þau orðin með steyptum veggjum og einföldu járnþaki, og það er stórhættulegt að baða fé í miklum frostum í svo köldum húsum. Það er hlýtt á Nýja-Sjálandi t. d., ég var þar í 6 mánuði, í einu mesta sauðfjárræktarlandi í heimi, — og það ber dálítið á brjósthimnubólgu í lömbum þar, og þess vegna er það kjöt ekki flutt út. Og sérfræðingar töldu, að þessi brjósthimnubólga kæmi af því, að þeir baða yfirleitt að vorinu eða þegar hlýtt er, þegar lömbin eru fædd, og þá voru lömbin böðuð líka, unglömbin, og þau ofkólnuðu á því. Nærri má þá geta hérna, hvort það er gott að baða um háveturinn, þegar frost eru hvað mest.

Svo er það þannig, að það skiptir fljótt um veður hér á Íslandi, og jafnvel þó að það sé hlýtt, þegar byrjað er að baða, getur verið komið hörkufrost, þegar búið er að baða. Við vitum það t. d. í vetur, að það hefur oft komið fyrir, að það hefur breytzt á einu dægri frá hita og upp í þetta 10—15 stiga frost.

Ég álít, að aðalatriðið sé að baða, þegar hlýtt er, en það skiptir ekki að öðru leyti máli, hvenær baðað er. Ég hef sjálfur tvíbaðað um sumarmál, og það varð engri kind meint af því.

Annað atriði er það, að ef menn baða seinni part vetrar, fæst miklu meiri ull af fénu, það týnir miklu síður ullinni. Og þetta ár, sem ég tvíbaðaði um sumarmál, fékk ég þriðjungi meiri ull. Ég er sannfærður um það, að böðun á einmánuði eða í apríl einhvern tíma gefur allt að því ¼ meira af ull í mörgum tilfellum. Ef ull hækkar í verði, sem ekki er óliklegt, og hún hækkar náttúrlega í krónutölu þegar á þessu ári, þá hygg ég, að þarna geti verið um talsvert mikið fjárhagsspursmál að ræða. Og ekki er óliklegt, að farið verði að vinna meira úr ull okkar en gert

hefur verið, og ef vel er að málum unnið, markaðsöflun ytra fyrir ullarfatnað og annað slíkt, ætti það bæði að geta aukið atvinnu innanlands og eins ætti það að vera vegur, ef vel er á málum haldið, að hækka ullarverðið til bændanna. A. m. k. er það þannig með Ástralíubúa, það er þar mikið af bændum, sem lifa svo að segja eingöngu á ullarframleiðslu, þar sem Merinoféð er. Það er haft mest vegna ullarinnar. Okkar ull er ekki jafngóð til klæðnaðar, en hentar aftur betur í ýmislegt annað, eins og gardínur, gólfteppi o. fl., þannig að ég geri mér vonir um, að ullin verði mjög mikill þáttur í tekjum bænda í framtíðinni. Ég efast um, að það henti nokkur ullartegund betur í teppi á gólf. Ég hef séð alveg frábær teppi úr íslenzkri ull, þannig að það eitt út af fyrir sig, ef það gæfi meiri ull, gæti svarað kostnaði.

Annars er þetta aðalatriðið, þegar á að baða fé, að það náist allt saman, og það næst ekki allt fyrr en orðið er kalt í veðri og allir eru farnir að hýsa fé. Og þá kemur kuldatímabilið, sem yfirleitt er um háveturinn, þannig að í mörgum tilfellum hentar bezt að baða, þegar fer að hlýna, og það er ekki fyrr en í apríl. Það fer ekki að hlýna verulega í veðráttu fyrr. Þetta er því ástæðan fyrir því, að við komum með þetta frv. Við teljum það hagkvæmara fyrir bændur a. m. k. að hafa leyfi til að baða, þegar veðráttan fer að hlýna að vorinu, vegna þess að þá er hægt að ná öllu fénu og við fáum meiri ull af því. Og það er miklu minni hætta á því, að það ofkólni. Ég talaði um þetta við Pál Pálsson, og hann er á sama máli með þetta, að heimildin eigi að ná fram til aprílloka, og hið sama má segja um búnaðarmálastjóra, þannig að þetta er ekki aðeins sérálit okkar flm. Og ég get auðvitað lýst því yfir sem minni skoðun og minni reynslu, að ég vil helzt baða í apríl, ég tel það hagkvæmast á allan hátt og bezt fyrir skepnurnar líka, enda er ómögulegt að vera tryggur að ná öllu fénu fyrr en farið er almennt að hýsa og þá er að kólna svo mikið í veðráttunni.

Ég geri ráð fyrir að þetta frv. verði sent til umsagnar bæði til Búnaðarfélagsins og yfirdýralæknis, og þá fæst þeirra álit, og ég sé þess vegna ekki ástæðu til þess að fjölyrða meir um þetta. Breytingin er eingöngu þetta, að það er lengt tímabilið, sem heimilt er að baða á, því að það er dálítið leiðinlegt að standa í því, ef ill veðrátta er, og svo er talað um lagabrot og varðar sektum, ef ekki er baðað, hvernig sem á stendur með veðráttu. Og ef þetta er samþ., tel ég líkur til þess, að böðun verði framkvæmd á þann hátt betur, að það náist til allra skepnanna, og síður hætt við, að þær ofkólni, vegna þess að böðun sé framkvæmd á óhagkvæmum tíma.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 78. fundi í Nd., 17. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til landbn. með 31 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

37. Útsvars- og skattfrádráttur aldraðra manna.

Á 39. fundi í Sþ., 9. apríl, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um sérstakan útsvars- og skattfrádrátt aldraðra manna [206. mál] (þmfrv., A. 432).

Á 74. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 29 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 2. þm. Reykn., Jóni Skaftasyni, að flytja þetta frv., sem hér er til umr.

Vandamál aldraða fólksins eru gjarnan til umr., og aðbúnaður að öldruðu fólki er mikið félagslegt verkefni og á margan hátt erfitt úrlausnar, og margir velta því fyrir sér, hvað hægt sé að gera því til hagsbóta. Ég skal ekki fara langt út í það mál, en benda á það, að þar er um ýmsar leiðir að velja. Yfirleitt á það hljómgrunn hjá öllum ráðamönnum, að vinna skuli sem ötullegast að því að byggja dvalarheimili fyrir aldrað fólk, og í þeim efnum hefur mjög mikið áunnizt. En hins vegar mega menn ekki líta mjög einhliða á þetta mál og telja, að öllu sé borgið með því, að sem mest sé byggt af dvalarheimilum fyrir aldrað fólk. Ég hygg, að það þurfi einnig að hugsa fyrir því að gefa öldruðu fólki kost á því að vera sem lengst sjálfs sín ráðandi, ef svo má segja, vera á heimilum sínum sem allra lengst, því að væntanlega er um verulega röskun á heimilishögum að ræða, þegar aldrað fólk flyzt á elliheimili, og ekki ástæða til þess að gera það oftar en þörf krefur. Og ætla ég ekki að segja beinlínis, að svo sé. Ég hygg þess vegna, að það þurfi að hafa í huga að reyna að búa svo um hnútana, að aldrað fólk geti verið sjálfs sín sem allra lengst, dvalizt á heimilum sínum og haldið hópinn, t. d. hjónin, og að því sé stuðlað með þeim ráðum, sem tiltæk kunna að vera.

Þetta frv., sem hér er til umr., leysir að sjálfsögðu ekki allan vanda aldraðs fólks, en það er þó nokkur réttarbót eða kynni að verða nokkur réttarbót fyrir vissan hóp aldraðs fólks. Það er viss réttarbót í því fólgin fyrir vinnufær gamalmenni, sem eru að leitast við að sjá sér farborða. Frv. gerir í aðalatriðum ráð fyrir því, að það fólk, sem hefur náð 70 ára aldri, njóti alveg sérstakra skattfríðinda, eða, ef svo mætti segja, það nyti sérstaks ellifrádráttar í sköttum og útsvari. Þó að aldrað fólk hljóti oft og einatt að draga sig í hlé frá almennum vinnumarkaði eftir 70 ára aldur, m. a. af heilsufarsástæðum og svo af því, að því eru tryggð lífvænleg eftirlaun,

þá gildir þetta alls ekki um allt fólk. Allmargir menn eru vel vinnufærir eftir sjötugt, a. m. k. í nokkur ár, og vilja vinna fyrir sér, enda hafa þeir margir hverjir engin eftirlaun önnur en ellilífeyrinn frá almannatryggingunum, sem er svo naumur, eins og menn vita, að af honum verður ekki lifað eðlilegu lífi heilbrigðs og sjálfbjarga fólks, og þetta skyldu menn hafa í huga. Ég sé því ekki, að þjóðfélagið eigi yfirleitt að leggja neina hindrun í veg aldraðs fólks um það, t. d. aldraðra verkamanna, sem vilja vinna fyrir sér, og ég held ekki, að þetta sé yfirleitt gert, enda alls ekki mannúðlegt að gera slíkt. Og ég hygg, að oft hafi vinna aldraðra verið mjög vel þegin, þegar vinnuaflsskortur hefur sagt til sín, og það eru mörg störf, sem aldraðir menn einir hafa fengizt til að sinna, og stundum eru það erfið verk og óþrifaleg verk, sem aðrir hafa ekki viljað leggja sig niður við. En verkamenn og aðrir, sem vinna sem daglaunamenn af handafla sínum eða á annan hátt, geta því haft nokkrar vinnutekjur eftir 70 ára aldur, ef þeir hafa heilsu til að vinna. Þeir geta því orðið skattskyldir, en þó fyrst og fremst útsvarsskyldir, og eru ýmis dæmi þess, að gamalmenni, sem eru að eyða síðustu æviárum sínum og áreiðanlega síðustu leifum starfsorku sinnar, slíkir menn hafa oft greitt jafnvel tugi þúsunda í opinber gjöld einstök ár, og slíkt er auðvitað fullkomlega löglegt. En ég held, að þetta sé mjög hæpið, m. a. frá mannúðarsjónarmiði, og að líkindum óskynsamlegt, þegar á allt er litið, frá almennu þjóðfélagslegu sjónarmiði. Við flm. teljum, að það sé tæpast forsvaranlegt að skattleggja þurftarvinnutekjur aldraðra verkamanna, og teljum heppilegra að leyfa þeim að halda tekjum sínum óskertum og gefa þeim möguleika á því að leggja fyrir til allra síðustu ára sinna, þegar starfsævi hlýtur að ljúka, enda augljóst, að lítið er eftir af starfsævinni, eftir að komið er yfir 70 ára aldur, þó að einstöku maður kunni að hafa slíkt þrek, að hann geti unnið nokkuð, eftir að þeim háa aldri er náð. En ívilnun sem þessi er einnig sanngjörn með tilliti til hinnar miklu rýrnunar sparifjár. Hin öra og langvarandi verðbólguþróun hefur komið harðast niður á sparifjáreigendum. En ég hygg, að mikill meiri hluti sparifjáreigenda sé gamalt fólk. Það er því verið að rýra eignir gamla fólksins meira en allra annarra, með sífelldum gengisfellingum og rýrnandi peningagildi. Fólkið, sem hefur sparað til elliáranna, er þannig rúið eignum sínum. Sparsemin, sem prédikuð hefur verið sem mikil og góð dyggð, er beinlínis svívirt með slíkum aðförum, og það er sannarlega þörf á því, að þjóðfélagið og þá ekki sízt Alþ. geri sitt til að bæta fyrir slíkt.

Þótt í litlu sé, þá er þetta frv. spor í þá átt að koma til móts við þarfir allstórs hóps aldraðs fólks. Að áliti okkar flm. er sú réttarbót, sem frv. gerir ráð fyrir, útlátalítil fyrir hið opinbera. Ákvæði frv. ná ekki til þess fólks, sem telja má að hafi góð afkomuskilyrði í ellinni. Það er útilokað, að verulegir efnamenn nytu óverðskuldaðra fríðinda, ef þetta frv. verður að lögum, en það gæti hins vegar hjálpað mörgum bjargálnamönnum og þeim, sem eru verr á vegi staddir, til þess að sjá sér lengur farborða á eigin spýtur en ella mundi.

Ákvæði þessa frv. ná ekki til þeirra, sem njóta lífeyrissjóðsréttinda, né til þeirra, sem hafa með höndum sjálfstæðan atvinnurekstur, eins og segir í 1. gr. frv. Okkur flm. þótti rétt að slá slíkan varnagla. Þó má vel vera, að þessi ákvæði þurfi frekari athugunar við. Það er engan veginn víst, að rétt sé að setja alla sjálfstæða atvinnurekendur undir sama hatt.

Við flm. sjáum ekki, að samþykkt þessa frv. hafi neina verulega þýðingu fyrir tekjuöflunarmöguleika hins opinbera, því að hvort tveggja er, að ekki er hægt að reisa umtalsverða tekjuvon á skattlagningu þurftarlauna gamalmenna, sem eru steinsnar frá grafarbakkanum, auk þess sem slíkur stuðningur við sjálfsbjargarviðleitni hinna öldruðu dregur úr þörfinni á beinni opinberri aðstoð við aldrað fólk, þ. e. a. s. aldraða, en þó vinnufæra fólkið getur lagt meira til hliðar af tekjum sínum og þarf því síður og síðar á því að halda að leita á náðir hins opinbera um aðstoð í ellinni fram yfir það, sem felst í hinum lögboðna ellilífeyri.

Við flm. lítum á þetta mál sem sérstakt form fyrir félagslegum aðgerðum í þágu aldraðs fólks. Okkur er ljóst, að það nær ekki og á ekki að ná til allra, sem náð hafa 70 ára aldri. Það er aðeins viss hópur, sem réttinda mundi njóta samkvæmt þessu frv. Frv. er hugsað sem liður í því að jafna kjör aldraðs fólks, að svo miklu leyti sem þess er kostur eftir þessari leið.

En ég vil benda á, að kjör aldraðs fólks verða þó aldrei jöfnuð og aldrei réttlát, nema til komi lífeyrissjóðsréttindi, sem veita forsvaranlegar framfærslutekjur í ellinni. En meðan það mál hefur ekki verið endanlega og fullkomlega til lykta leitt, þá teljum við flm. ákvæði þessa frv. til réttarbóta fyrir margt aldrað fólk. Þess vegna berum við það fram hér í hv. Alþ. og væntum þess, að þessi hv. þingdeild taki því vel og veiti því greiðan stuðning, þannig að málið geti fengið afgreiðslu á þessu þingi. Ég hygg, að þessu máli sé svo farið, að eðlilegast sé, að það fari til heilbr.- og félmn. Hér er miklu fremur um útsvarsmál og um félagsmál almennt að ræða heldur en um skattamál, og því er það till. mín, herra forseti, að þessu máli verði að lokinni umr. nú vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

38. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. MÁM).

Á 74. fundi í Nd., 10. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 1965, um tekjuskatt og eignarskatt [208. mál] (þmfrv., A. 442).

Á 81., 82., 83., 87., 88., 89., 90. og 91. fundi í Nd., 25., 28. og 29. apríl, 2., 5., 6., 8. og 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 92. fundi í Nd., 9. maí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 26 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. þessu er ætlað að vera spor í þá átt að hvetja almenning til þátttöku í atvinnulífinu með fjármagni sínu, að í stað þess að nota hluta af fjármagni sínu til eyðslu, þá hafi þessir aðilar tækifæri til þess að taka þátt í atvinnurekstri og hafa af því sinn arð. Í frv. er lagt til, að allur greiddur arður njóti sömu fríðinda og vaxtatekjur af fé, sem í innlánsstofnun er, svo og skattfríðindi á öllu hlutafé. Mér er ljóst, að hér verður að sjálfsögðu að vera um takmarkaðan arð að ræða, en ég vil hins vegar ekki hafna þeirri hugmynd, að það sé ekki réttlætanlegt, að sú prósenta sé hærri en sparifjárvextir, og er greinin þess vegna orðuð með þeim hætti, sem er á þskj. Mér er enn fremur ljóst, að sjálfsagt þarf að setja takmarkanir í sambandi við skattfríðindi hlutabréfa, og slík skattfríðindi, sem hér er gert ráð fyrir að hlutabréf njóti, kalla að sjálfsögðu á nýja hlutafélagalöggjöf, sem sniðin væri út frá þeim sjónarmiðum, sem ég hér hef reifað. Auk þessa yrði að koma á verðbréfamarkaði, en ég geri ráð fyrir því samkv. lögum um Seðlabanka Íslands, að hann annist forgöngu þar um.

Í því frv., sem ég hef hér leyft mér að flytja, er um að ræða ábendingar um tvær leiðir til þess að skapa fyrirtækjum aukið fjármagn og til þess að skapa áhuga hjá fjöldanum á atvinnurekstri og gera hlutafélög almennings, stór hlutafélög, möguleg. Sjálfsagt eru fleiri sjónarmið sem og nýrri hugmyndir, sem gætu stuðlað að þessu sama, en ég taldi á þessu stigi málsins ekki rétt að hreyfa þeim sjónarmiðum. Ég varð hins vegar mjög ánægður, þegar ég sá það í blöðum skömmu eftir að þetta frv. var flutt, að hæstv. fjmrh. hafði skipað n. til að endurskoða skattalögin vegna mögulegrar inngöngu Íslands í EFTA og þessari n. var sérstaklega falið það verkefni, auk þess sem ég gat um, að gera athuganir á skattalögunum, með hvaða hætti hægt væri að stuðla að meira eigin fjármagni hjá félögum. Ég hefði fyrir mitt leyti kannske kosið, að n. hefði verið öðruvísi skipuð, svo verður ævinlega. Ég hefði kosið, að sjónarmið þeirra, sem atvinnurekstur hafa með höndum, fengi að vera innan veggja þessarar nefndar í ríkari mæli en þau eru. Mér er ljóst, að í n. eru aðilar, sem hafa þau, og ég segi þetta án þess að kasta nokkurri rýrð á þá ágætu menn, sem skipaðir hafa verið í þessa n. Hins vegar eru þeir flestir fulltrúar skattheimtunnar, og við mundum kannske í byrjun ekki búast við frá þeim hugmyndum í þessar áttir, en ég veit engu að síður, að þeir eru allir velviljaðir menn og skilja þá þýðingu, sem atvinnureksturinn hefur, og svo hitt, að þær breytingar, sem þeir mundu leggja til að gerðar yrðu, eiga sjálfsagt eftir að fara gegnum hreinsunareldinn, þ. e. a. s. koma hér í sali Alþingis, og þeir 60 menn, sem hér sitja, að fjalla um þau mál.

Vegna þessarar n., sem ráðh. hefur nú þegar skipað, langar mig til þess að benda á, og ég veit, að ég segi honum sjálfsagt engin ný tíðindi, þegar ég get þess, að í norska Stórþinginu liggur einmitt nú fyrir frv. um skattlagningu hlutafélaga í Noregi. Í þessu frv. koma fram hugmyndir, sem ég held að væru þess verðar, að við athuguðum þær einmitt í sambandi við þá endurskoðun, sem nú fer fram á skattalögunum. Þetta frv. var lagt fram í Stórþinginu í janúar. Mér er ekki kunnugt um, hvort það er orðið að lögum, en þær hugmyndir, sem fram komu í frv., eru þess verðar, að þær séu skoðaðar.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því, að hlutafélög séu undanþegin því að greiða skatt af eignum. Og í öðru lagi er gert ráð fyrir því í þessu frv., að við álagningu skatts til ríkisins geti fyrirtækin krafizt frádráttar í tekjum vegna arðs af hlutabréfum, — það er eins og er í okkar skattalögum í dag, — en það er enn fremur gert ráð fyrir því, að félögin hafi rétt til þess að krefjast fjárhæðar, sem á viðkomandi reikningsári hefur verið sett í sjóð til seinni úthlutunar arðs, og þessi upphæð yrði líka undanþegin skatti. Slíkt fé, eins og þar stendur, sem á næstu 5 árum hefur enn ekki verið greitt hluthöfum, skal færa yfir aftur og við álagningu talið skattskyldar tekjur fyrir félagið á því ári, sem yfirfærslan á sér stað.

Þessi hugmynd, sem þarna kemur fram, er sambærileg við hugmyndir um að flytja á milli 5 ára tap, sem orðið hefur á rekstri fyrirtækja. En mér skilst, að samkv. íslenzkri skattalöggjöf væri ekki heimilt að haga bókhaldi þannig, að á ári, sem enginn hagnaður er, væri engu að síður greiddur arður og fyrirtæki kæmi þar af leiðandi út með tapi, sem því næmi, og það tap fengist síðan bætt á milli ára. Mér skilst, að þetta sé ekki heimilt samkv. skattalögum. Hins vegar væri mjög auðvelt að breyta þessu ákvæði í okkar skattalögum og gera arð frádráttarbæran eins og annan rekstrarkostnað. Það eru þessi tvö atriði sérstaklega í þessu frv., sem mig langaði til þess að koma á framfæri hér við umr. þessa máls.

Þá vil ég gjarnan vekja athygli á samþykkt, sem gerð var hjá Mjólkursamsölu Reykjavíkur fyrir nokkrum dögum, þar sem í tilefni af þessu frv. var bent á skattlagningu stofnfjárinnstæðna og þeirra vaxta, sem eigendur fá af þeim greiddar og lagðar eru við stofnfjársjóðina. Það gildir mjög líkt um þetta og hlutaféð, nema að því leyti að þessir aðilar eru verr settir. Þeir geta ekki ráðstafað stofnfé sínu eins og þó sá, sem hlutaféð á. Honum er frjálst að selja það.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri. Ég vonast til þess, að það að hreyfa þessu máli hér nú á hv. Alþ. gefi þeirri skoðun, sem ég held að sé mjög ríkjandi í dag, byr undir báða vængi, að við þurfum að búa betur að okkar atvinnurekstri hvað þetta snertir og gera almenningi í landinu mögulegt að taka virkari þátt í atvinnurekstrinum með myndun stórra og fjölmennra hlutafélaga. Innan veggja sala Alþ. situr í dag þm., sem hefur gerzt mikill talsmaður þessa, sem ég nú síðast gat um, og ég vildi geta þess hér til þess

að undirstrika það, sem fram hefur komið einmitt í því, sem hann hefur látið frá sér fara. Ég á við hv. 10. landsk. þm., Eyjólf Konráð Jónsson. Ég vonast til þess, að hv. þm. séu mér sammála um það, að þessi atriði séu þess verð, að þau séu skoðuð.

Ég vonast svo til þess, að að umr. þessari lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hér er um mjög stórt mál að ræða, og er viðs fjarri, að ég ætli að fara að eyða tíma þingsins til að fara út í það í einstökum atriðum. Það væri allt of langt mál og þjónaði engum sérstökum tilgangi. En það eru þó örfáar aths., sem ég vildi koma að í sambandi við frv.

Í fyrsta lagi vil ég segja það, að ég fagna því mjög, að þessu máli er hér hreyft, þannig að hv. þm. gefist kostur á að íhuga þetta vandamál, sem hér er um að ræða. Málið er hins vegar í eðli sínu miklu flóknara en svo, enda kom hv. flm. inn á það, að hægt sé að gera ráð fyrir, að hægt sé að afgreiða það í því formi, sem það liggur fyrir, enda vakti hann athygli á því, ef ég skildi hann rétt, að hann væri hér fyrst og fremst að vekja athygli á mikilvægu vandamáli, sem vel gæti komið til greina að leysa með einhverjum öðrum hætti, en tilgangur hans væri sá að greiða fyrir því, eins og segir í grg., til að efla undirstöðu atvinnurekstrarins í landinu. Og það er vitanlega kjarni málsins. Hins vegar eru í sambandi við skattlagningu hlutafélaga, eins og við aðra skattlagningu, svo mörg tæknileg atriði og margt, sem þarf að hafa í huga og íhuga, áður en endanleg niðurstaða er tekin um form á slíkri skattlagningu, að það væri ekki mögulegt að samþykkja þetta nákvæmlega í því formi, sem það liggur fyrir. Ég mundi hins vegar telja, að það væri mikils virði, ef hv. n., sem fengi þetta mál til meðferðar, gæti með einhverjum hætti, t. d. í sambandi við vísun málsins til ríkisstj., látið koma fram afstöðu sína til þeirrar hugsunar, sem liggur að baki málsins. Og ég tel þetta mikils virði vegna þess, að eins og hv. flm. vék að, þá hef ég nýlega skipað n. til þess að rannsaka grundvallarþætti þessa vandamáls, sem hér er um að ræða, og það væri vissulega töluvert mikils virði að hafa um það einhverja hugmynd, hvernig afstaða þingsins sem slíks væri til þess vandamáls, þó að auðvitað væri ekki hægt að fara út í einstök atriði.

Ég skýrði frá því í fjárlagaræðu minni s. l. haust, að ég hefði farið þess á leit við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, að hann léti okkur í té tæknilega aðstoð sérfræðinga sinna til þess að meta skattalöggjöf á Íslandi, til þess að fá hlutlaust mat á því, hvernig hér væri búið að bæði einstaklingum með skatta og þá ekki hvað síst atvinnurekstri, vegna margvíslegra fullyrðinga, sem maður heyrir alltaf sitt á hvað um það efni. Sá sérfræðingur, sem kannaði sérstaklega þetta mál, hefur nýlega sent mér grg. sína, og er hún í athugun. Það er mikið plagg. Er sannast sagna merkilegt, hvað þessir aðilar hafa komizt til botns í okkar dæmalaust flókna skattkerfi á tiltölulega skömmum tíma og geta gert sér grein fyrir þeim höfuðvandamálum, sem þar er við að fást. En áður en hafizt væri handa um framhald þeirrar athugunar, sem ég hef lengi talið nauðsynlegt að þyrfti að gera og er nokkuð í samræmi við það, sem er vakið máls á í þessu frv., þá er ljóst, að fram þyrfti að fara heildarkortlagning á þessu vandamáli.

Annar þáttur þessa sama máls var athugun á því, með hverjum hætti væri hægt að koma hér á kauphingi. Það er ljóst, að til þess að gera mögulega hér myndun eigin fjár í félögum og gera mögulega hlutabréfasölu í nokkuð svipuðum mæli og tíðkast hjá öðrum þjóðum, sem þroskaðastar eru í þessum efnum, þá yrði að vera til kauphing. Seðlabankinn fól tveimur kunnum sérfræðingum að rannsaka þetta vandamál. Það var einnig nauðsynlegt að fá niðurstöðu í því efni, áður en hægt væri að átta sig á, hvernig bæri að taka á framhaldi vandans.

Í þriðja lagi var svo það, sem hv. flm. vék að og óneitanlega er óumflýjanlegt að taka til alvarlegrar íhugunar, og það er hugsanleg aðild okkar að EFTA. Ef búið er þar lakar að íslenzkum atvinnurekstri heldur en atvinnurekstri annarra EFTA-landa, þá liggur í augum uppi, að samkeppnisaðstaða okkar er vonlaus eða vonlítil, enda hefur því verið yfirlýst af hálfu þeirra aðila, sem í viðræðum hafa átt við samtök atvinnuveganna, að að sjálfsögðu yrði að skoða skattlagningu atvinnurekstrarins hér á Íslandi með hliðsjón af hugsanlegri inngöngu í EFTA, áður en það mál yrði endanlega til lykta leitt. Þetta allt er komið á það stig, að tímabært þótti að hreyfa þessu máli með því að setja í það n. manna. Hv. flm. sagði, að hann væri e. t. v. ekki alls kostar ánægður með skipun þeirrar n., það hefði verið æskilegra, að það hefðu verið fulltrúar þar frá atvinnulífinu, og ég geri ráð fyrir, að sumir segi, að hefði verið æskilegt, að þar væru einnig stjórnmálafulltrúar. En n. er skipuð með alveg ákveðnum ásetningi, og hún er hugsuð sem fyrst og fremst tæknileg sérfræðinganefnd til þess að kanna öll atriði þessa vandamáls og draga fram allar hliðar málsins, en ekki ætlunin sú, að endanlega verði hennar till. e. t. v. það, sem fram verður lagt, heldur verði úr þeim valið. Það er vel hugsanlegt, að slík n. bendi á mörg atriði, marga möguleika. Þess vegna var mikilvægt að fá alla færustu menn í skattamálum, sem við áttum, til þess einmitt að kortleggja fyrir okkur þetta vandamál. Og ég held, að hafi verið valdir í n. allir þeir menn, sem hér hafa mesta þekkingu í þessum efnum, og þó að þeir séu viðriðnir skattheimtu, held ég, að það sé ekki ástæða til að halda, að þeir séu svo miklir skattamenn, að þeir geti ekki hugsað sér einhverja breytingu á skattheimtu, jafnvel þó að það sé annað mál, sem ég vil taka fram, að við breytingar, hvort sem það er í sambandi við þetta atriði eða í sambandi við inngöngu okkar í EFTA eða hvað annað sem við gerum, þá auðvitað verður að sjá ríkissjóði fyrir nauðsynlegu fjármagni engu að síður. Það getur þá komið til greina aðeins, að það verði með breyttu formi.

Nú er það svo hér, að íslenzk hlutafélög búa við ýmis forréttindi, sem hlutafélög annarra landa búa ekki við, þannig að t. d. er hér leyfður frádráttur hjá hlutafélögum, sem þekkis[illegible]

nema í örfáum löndum, þar sem þau fá að draga frá 10% af hagnaði sínum, áður en þau eru skattlögð. Þetta þekkist ekki í neinum nálægum löndum. Það, sem aftur á móti er vandamálið hér á Íslandi, er það, að hér er sparifé skattfrjálst, og það veldur því, að þegar menn eiga um það að velja, hvort þeir leggja fé sitt í banka eða leggja það í hlutabréf, þá er þar mismunur á, að maðurinn, sem leggur féð í bankann, fær arðinn skattfrjálsan, en hinn fær sinn arð skattaðan. Og vitanlega má hugsa sér þá leið, að skattfrelsi sparifjár væri afnumið, í stað þess að veita hlutafélögunum þessi viðbótarréttindi að þessu marki. Um það skal ég ekkert segja, hvað rétt er eða rangt í því, en hér er vandinn sem sagt þessi mismunun, sem um er að ræða.

En hvað sem þessu öllu saman líður, og út í þá sálma skal ég ekki lengra fara, því að eins og ég sagði áðan, það er svo margþætt og flókið mál, að það tæki allt of langan tíma, enda ekki ástæða til þess, — það er kjarni málsins, sem hér skiptir öllu, — þá er ég hv. flm. sammála um það, að við erum nú stödd á því stigi í okkar atvinnulífi, að það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, hvernig við eigum að undirbyggja eigið fjármagn í okkar atvinnurekstri. Það hafa verið allt of mikið lokuð augu manna fyrir því hér á Íslandi, að það er eigin fjármagnið, það er áhættufé, sem lagt er í atvinnureksturinn, sem hér skiptir höfuðmáli. Við höfum of mikið treyst á lán á lán ofan, að það væri lausnin á vandanum. En það er ekki lausnin. Og það er í engum löndum, sem eru komin langt með uppbyggingu síns atvinnurekstrar, talin lausn að leysa allt með lánsfé. Nú er hér komið fyrir Alþ. frv., mjög eftirtektarvert, sem byggist einmitt á því að stofna sérstakt fjárfestingarlánafélag. En það er alveg ljóst, að það verður lítið úr þeim hugmyndum nema því aðeins að það verði komið á þeim lagfæringum, sem bæði ég hef verið að minnast á og vaka fyrir hv. flm. þessa frv. Það er alger forsenda, að þær lagfæringar eigi sér stað, til þess að þessi hugmynd um fjárfestingarlánafélag í því formi, sem þar er talað um, geti orðið að veruleika.

Herra forseti. Ég skal ekki þreyta menn með lengra máli, heldur vildi ég aðeins segja þetta í tilefni þess, að þetta frv. kemur fram. Og þó að ég sé ekki reiðubúinn á þessu stigi til þess að lýsa yfir samþykki mínu nákvæmlega við þá aðferð, sem þarna er um að ræða, þá er ég hv. flm. algerlega sammála um þá hugsun, sem liggur að baki frv., og þann tilgang, sem því er ætlað að ná. Og ég held, að við hljótum að vera sammála um það nú, hafið yfir öll flokkamörk, að við þurfum með einhverjum skynsamlegum hætti að stuðla að því að draga fjármagn inn í atvinnurekstur í okkar landi með öllum þeim hætti, sem auðið er, þess vegna sé þetta tímabært mál og þess vegna, eins og ég áðan sagði, væri það mjög æskilegt frá mínum bæjardyrum séð, með hliðsjón af því, sem verið er að vinna í þessu máli, ef hv. n., sem fær það til meðferðar, gæti séð sér fært að afgreiða það jafnvel á þann hátt, eins og ég áðan sagði, að hún gæti fallizt á að afgreiða það til ríkisstj. með einhverri bendingu, svo að hægt væri að átta sig á því, hver hugur hv. þm. væri í þessu máli, því að vitanlega verður aldrei neitt lagfært í þessu á einn veg eða annan, nema því aðeins að hið háa Alþingi að lokum samþykki.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Mál það, sem hv. 1. þm. Reykn. hér hreyfir, er að mínu mati hið merkasta, og get ég ekki látið hjá líða að víkja að því fáum orðum, án þess þó að ég muni tefja hér umr.

Það er orðið almennt viðurkennt nú, að íslenzk atvinnufyrirtæki hafi ekki nægilegt eigið fjármagn undir höndum, eins og hæstv. fjmrh. réttilega gat um hér áðan. Löngum hefur það verið svo, að andstæðingar þeirra hugmynda, að einkarekstur væri öflugur, hafa haldið því fram, að hann hagnaðist um of, og gagnrýnt það rekstrarform. En nú er svo komið, sem betur fer, að fólk um allt land skilur nauðsyn þess, að atvinnufyrirtækin séu sem allra öflugust, og þeim skoðunum vex fylgi dag frá degi, að almenningur eigi að taka þátt í atvinnurekstri og vera meðeigandi atvinnutækjanna, sem eru undirstaða lífskjaranna.

Ég hef sett fram till. svipaðar þeim, sem hv. flm. setur hér fram, að vísu ekki alveg með sama hætti. Ég gekk ekki eins langt og hann í minum till., taldi frekar, að til greina gæti komið að skattleggja arð og hlutabréf með svipuðum hætti og sparifé og vexti af sparifé, sem ekki er skattfrjálst í öllum tilfellum, heldur sem aðalregla.

Sannleikurinn er sá, að ríkissjóður, bæjarfélög og önnur sveitarfélög hafa sáralitlar tekjur af hlutabréfum og arði, eins og nú háttar. Ég efast um, að það nemi mörgum millj. kr. yfir landið allt, einfaldlega vegna þess, að hlutafé í fyrirtækjum er mjög lítið og arðgreiðslur mjög litlar. Þannig hygg ég ekki, að svo mundi fara, að opinberir aðilar töpuðu neinum tekjum, sem um munaði, þótt frv. það, sem hér er til umr., yrði samþykkt og skattfrelsi yrði á hlutafé og vöxtum af því. Þótt um algert skattfrelsi væri að ræða um eitthvert árabil, þá hygg ég, að það gæti orðið undirstaða mikillar tekjuöflunar ríkissjóðs og sveitarfélaga í framtíðinni, því að menn mundu þá kaupa hlutabréf í ríkum mæli, eins og gerist í öðrum löndum, og atvinnulífið mundi standa undir verulegum hluta skattbyrðarinnar hér á landi, er fram í sækti, eins og annars staðar er, gagnstætt því, sem aftur er hér, þar sem einstaklingar verða að greiða meginþorra skattbyrðarinnar, þar sem atvinnufyrirtækin eru vanmegnug að taka á sig þær byrðar.

Það er óvanalegt talið, að fjmrh. leggi með till. um að lækka skatta. Þeir verða venjulega að halda nokkuð í þá peninga, sem þeir geta fengið. Hæstv. fjmrh. lýsti hér yfir eindregnum stuðningi við þá meginhugsun, sem í þessu frv. felst. Ég hygg, að það sé bæði vegna þess, hve víðsýnn hann er, en einnig þess, hve framsýnn hann er, því að í framtíðinni munu skapast verulegir tekjumöguleikar fyrir ríkissjóð, þegar fólk hefur fjárfest í fyrirtækjunum, þau eru orðin öflug og geta staðið undir skattbyrðinni og hún verður þar af leiðandi léttari á almenningi.

En eins og ég sagði áðan, skal ég ekki lengja neitt þessar umr., heldur einungis lýsa á ný yfir stuðningi mínum við þetta mál, meginhugsun þess, og gleðjast yfir því, að hæstv. fjmrh. hefur

skipað n. til að gera till. í þessu efni. Ég veit um hug hans í því og vissi raunar áður. Við höfum á vegum Verzlunarráðsins rætt þetta mál við hæstv. fjmrh., og hann hafði þá þegar lýst yfir stuðningi við þessar hugmyndir og raunar áður. Þess vegna má treysta því, að þegar á næsta þingi verði unnt að gera þær ráðstafanir, sem nægja muni til þess, að íslenzkt atvinnulíf muni eflast — og eflast einmitt á þann hátt, sem við helzt viljum, þ. e. a. s. að sem allra flestir einstaklingar í landinu verði þátttakendur í atvinnurekstri, að sem allra flestir verði fjárhagslega sjálfstæðir, en jafnframt ábyrgir fyrir því, að atvinnulífið verði rekið af þrótti og lífskjörin verði þar með eins og bezt verður á kosið.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég verð að gera þá játningu, að ég er ekki búinn að kynna mér þetta frv. til neinnar hlítar, og ætla því ekki nú á þessari stund að ræða um efni þess. Þetta stafar mikið af því, að þetta mál kom seint fram í þinginu og það hefur dregizt enn lengur, að það væri tekið til 1. umr., svo að ég taldi ekki horfur á, að það væri meiningin að afgreiða þetta frá þessu þingi, og því hef ég látið sitja í fyrirrúmi að athuga önnur mál, sem sjáanlegt var, að áttu að fá fullnaðarafgreiðslu nú á þinginu. Þótt ég ræði ekki um efni málsins núna, þá voru það tvö atriði í ræðu hv. flm., sem ég vildi aðeins minnast á með fáum orðum.

Mér skilst, að hann beri mjög fyrir brjósti atvinnureksturinn, atvinnufyrirtækin og að þau séu ekki skattlögð úr hófi fram. Og hann var í þessu sambandi að minnast á það, sem rétt er, að það hefði verið gerð breyting á skattalögum árið 1962. En ég vil vekja athygli á því, að þá voru engar þýðingarmiklar breytingar gerðar á skattalögum. Það voru nokkrar breytingar, en engar af þeim voru þýðingarmiklar. Hins vegar var fáum árum áður, í tíð vinstri stjórnarinnar, gerð breyting, sem hafði mjög mikla þýðingu einmitt fyrir atvinnureksturinn í landinu. Með lögum 1958 var sú breyting gerð á skattalögum, að hætt var að reikna stighækkandi skatt af tekjum félaga. Ég segi, að þetta hafi haft ákaflega mikla þýðingu fyrir atvinnureksturinn, því að við vitum það, að öll stærri atvinnufyrirtæki hér á landi eru rekin af félögum og reyndar mörg smærri líka. Þetta hafði því mjög mikla þýðingu. Ég vildi aðeins benda á þetta, að þarna voru lög, sem höfðu miklu meiri þýðingu en þær breytingar, sem gerðar voru 1962.

Eitt var það, sem hv. 1. þm. Reykn. nefndi í sinni ræðu og ég er honum sammála um. Hann var að tala um gjöldin til sveitarfélaganna, sem legðust á alveg án tillits til þess, hvernig rekstrarafkoma fyrirtækjanna væri. Þarna átti hann við aðstöðugjöldin að sjálfsögðu. Það er rétt, að þetta er mjög óeðlilegur gjaldstofn, eins og honum er fyrir komið. Annað er þó að mínu áliti verra við þessi aðstöðugjöld, og það er það, hvað þau leggjast misjafnt á fyrirtæki og einstaklinga eftir því, hvar þeir eru búsettir á landinu. Nú er það svo, að t. d. verzlunarfyrirtæki víða úti um land þurfa að borga 100 og allt upp í 300% hærri aðstöðugjöld en hliðstæð fyrirtæki í Reykjavík. Og um atvinnureksturinn er það að segja, að t. d. frystihúsin þurfa víða um land að borga 100% hærri aðstöðugjöld en frystihús t. d. í Reykjavík, á Siglufirði og Sauðárkróki og hér í nágrannabæjum Reykjavíkur. Þetta er óhæfa, þetta er óþolandi ranglæti, sem ekki er hægt að láta menn búa við. Á síðustu tveimur þingum, í fyrra og nú, höfum við gert tilraun til þess, fáeinir menn, að fá þessu breytt. Við höfum flutt frv. um, að það væri ekki leyfilegt að leggja á hærri aðstöðugjöld yfirleitt annars staðar en t. d. hér í Reykjavík. En þetta hefur ekki fengizt viðurkennt hér á Alþ., að það bæri að gera þessa breytingu. Og mér til sárra vonbrigða hefur hv. 1. þm. Reykn. verið í hópi þeirra, sem hafa lagzt á móti þessari leiðréttingu. En ég er nú að gera mér vonir um, að hann hverfi frá villu síns vegar og fari að átta sig á því, að það er ekki hægt að hafa svona lög og svona framkvæmd áfram og þess vegna taki hann í spottann, næst þegar þetta mál kemur fyrir hér á þingi, með okkur ýmsum, þ. á m. með nafna sínum hinum vestfirzka, sem hefur miklu betri skilning á þessu en sá af Reykjanesinu.

Það var þetta tvennt, sem ég vildi segja í sambandi við ræðu hv. þm., en ég skal ekki tefja tímann með lengri ræðu um þetta, því að eins og ég sagði er ég ekki við því búinn að ræða efnislega um málið að svo stöddu, og úr því að hæstv. fjmrh. fór ekki út í það, þá ætti mér að fyrirgefast, þó að ég láti það bíða þar til síðar.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Það eru aðeins tvö atriði, sem mig langar til að fá staðfest hjá hv. flm., að ég hafi skilið rétt í því frv., sem er hér til umr.

Hið fyrra er það, hvort ekki sé með frv. gert ráð fyrir, að arður af hlutabréfum skuli vera skattfrjáls án tillits til þess, hversu hár hann kann að vera, þ. e. a. s. hversu mörg prósent sem arðurinn er af hlutafjáreign hverju sinni. Í grg. með frv. er þess getið, að ætlunin með flutningi þess sé að styrkja undirstöðu fyrirtækja með auknu eigin fjármagni. Ég fæ ekki betur séð en svo geti farið, að þegar hlutafélag hagnast vel, samtímis því að fyrir lægi, að sá hagnaður yrði eigendum hlutafjárins skattfrjáls með öllu, ef hann yrði greiddur út, en skattlagður ella, þá aukast einmitt líkur á því með lagabreytingu um takmarkalaust skattfrelsi arðs af hlutafé, að sá arður verði látinn renna út úr fyrirtækinu með því að hafa arðgreiðslurnar til hluthafa nógu háar. Þetta er annað atriðið, sem mig langar til að fá staðfest hjá hv. flm. Hann gerir ráð fyrir, að arður af hlutafé verði skattfrjáls án takmörkunar. Frv. ber það með sér.

Hitt atriðið er þetta: Gerir flm. ekki ráð fyrir því með frv. sínu, að arður af hlutafé verði skattfrjáls án tillits til þess, um hvers konar fyrirtæki er að ræða, þ. e. a. s. arður af hlutabréfum, t. d. í fasteignasölu, banka, bílasölu, söluturni, sælgætisgerð eða billjardstofu, svo að eitthvað sé nefnt, á samkv. frv. að verða skattfrjáls? Mig langar einnig til að fá staðfest, að ég skilji þetta rétt. Frv. er fáort, rúmlega 30 orð, og virðist einfalt, en þeim mun hrapallegra þætti mér að misskilja það og óska því þessara upplýsinga, áður en ég kynni að freistast til þess að ræða frv.

almennt út frá sjónarmiði þeirra þjóðfélagsþegna, sem aldrei vex svo fiskur um hrygg að þeir eignist hlut í öðru fyrirtæki en því, sem kallað er fjölskylda, berjast í bökkum allt lífið við að fleyta því fyrirtæki áfram frá ári til árs og verða að borga skatt af hverri krónu, sem afla þarf, til þess að það takist.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þeim tveim ræðumönnum, sem töluðu hér áðan, hæstv. fjmrh. og hv. 10. landsk. þm., undirtektir í sambandi við þetta frv. Ég vil jafnframt segja það út af þeirri n., sem fjmrh. hefur skipað, að sú skýring, sem hann gaf á skipan n., er að mínum dómi mjög skiljanleg, og eins og ég gat um í framsöguræðu minni, ættu sjálfsagt eftir að ganga í gegnum hreinsunareld þær hugmyndir, sem þessir ágætu menn fengju, þannig að þeir aðilar, sem hafa með höndum atvinnurekstur og þekkja þetta hvað bezt, hefðu tækifæri til þess að leggja orð í belg, áður en lagðar væru fram till. til úrbóta í þessum efnum. Hann gat m. a. um það, að hér væri um sérstakt fyrirbrigði að ræða, þar sem er 10% frádráttur af arðsútborgun í sambandi við hagnað félaga. Ég einmitt benti í minni framsöguræðu á frv., sem liggur nú fyrir Stórþinginu í Noregi, þar sem þeir gera ráð fyrir að taka þetta upp og ganga mun lengra, heimila skattfrádrátt í arðgreiðslusjóð, þannig að það sé ævinlega tryggt, að þeir, sem eigi hlutafé, fái arðgreiðslu, enda þótt ekki sé um hagnað hjá fyrirtækinu að ræða einstakt ár, þ. e. a. s. þegar vel árar er heimilt að leggja í þennan arðgreiðslusjóð og það til frádráttar eins og 10% arðurinn, sem hér er heimilaður.

Í sambandi við ræðu hv. 1. þm. Norðurl. v. þá gat ég þess m. a. í ræðu minni, að það hefði tekið hálfan annan áratug að fá skilning á því, hvernig skattaálögum atvinnufyrirtækja væri komið. Ég minntist sérstaklega skattalaganna frá 1962, sem að mínum dómi mörkuðu spor í breytingu á skattalögunum. Hinu skal ég ekki neita, sem hann einmitt gat um, að 1958 var gerð önnur breyt. á þessum skattalögum, sem mjög var til bóta og gerði það að verkum, að skattlagning þessara fyrirtækja var mun betri eftir en áður. Við sitjum saman í þeirri hv. n., sem ég hef lagt til að fái þetta frv., svo að okkur gefst sjálfsagt tækifæri til þess að tala saman um málið, og ég sé því ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta atriði. Þó vil ég í sambandi við aðstöðugjöldin benda hv. þm. á það, að hér er um að ræða mjög misjafna þörf sveitarfélaganna, og það kemur ætíð að því sama í sambandi við fjáröflun þeirra, — hvar ætti sveitarfélag að fá fjármagnið, ef þeir aðilar, sem eru starfandi í viðkomandi sveitarfélagi, ættu ekki að greiða það, nema um væri að ræða, að allt landið væri eitt og sama skattsvæðið og skatturinn gengi, hvort sem hann er frá sveitarfélagi eða ríki, í einn og sama sjóðinn og honum síðan útdeilt? Við tókum skattinn núna í einn og sama sjóðinn og deildum fénu hér á hv. Alþ., en hitt atriðið hafa sveitarfélögin fjallað um.

Varðandi það, sem hv. 6. landsk. þm. spurði um, gat ég þess í framsöguræðu minni, ef ég man rétt, að ég hefði ekki tekið fram, hversu há prósenta af arði yrði skattfrjáls. Ég gat þess líka, að frv. bæri með sér, að allur sá arður, sem greiddur væri, yrði skattfrjáls. En ég gerði aths. við þetta og sagði, að ég hefði ekki talið rétt að taka það fram, heldur hitt, að við afgreiðslu málsins yrði þetta atriði skoðað, vegna þess að ég sagðist ekki hafna þeirri hugmynd, að það væri greiddur hærri arður skattfrjáls en þeir vextir, sem skattfrjálsir eru af sparifé. Það var einfaldlega þess vegna, sem ég taldi rétt að láta ekki þá takmörkun koma fram í frv., heldur hugsaði mér í minni framsöguræðu að gera grein fyrir þessu.

Varðandi hitt atriðið má sjálfsagt um það deila, hvort allt hlutafé á að vera skattfrjálst. Það geta að sjálfsögðu verið um það eins og hitt uppi mörg sjónarmið. Þar verður auðvitað mat hvers og eins að ráða. Sumir mundu að sjálfsögðu segja, að það væri eðlilegt, að hlutabréf í atvinnurekstri, sjávarútvegi, iðnaði, landbúnaði, verzlun, samgöngum, í þessum atvinnurekstri væri skattfrelsi á hlutafé, en ekki í öðrum fyrirtækjum, sem minna væru nauðsynleg, eins og hann benti á, sælgætissölu, billjardstofum o. s. frv. Þetta getur að sjálfsögðu verið matsatriði, og einmitt þess vegna orðaði ég þetta líka þannig, að hægt væri að koma að öllum þeim sjónarmiðum, sem gætu komið fram í sambandi við þetta atriði.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta, en ítreka, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjhn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það er enn örlítil viðbót um aðstöðugjöldin. Hv. 1. þm. Reykn. (MÁM) spyr, hvernig sveitarfélögin eigi að fara að því að ná tekjum, sem þau þurfa á að halda, ef það sé takmörkuð heimild þeirra til að leggja á aðstöðugjöld. Ég hef gert grein fyrir skoðun minni á því í umræðum um þessi frv., sem hér hafa legið fyrir bæði nú í vetur og í fyrra um breytingar á tekjustofnalögum sveitarfélaganna að því er varðar aðstöðugjöldin. Það er til sjóður, sem heitir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, og þegar þannig er ástatt fyrir einhverju sveitarfélagi, að það fær ekki tekjuþörfum sínum fullnægt með álögum eftir almennum reglum, á það að fá framlag úr Jöfnunarsjóði. Hitt er óhæfa, að ætla fólki og fyrirtækjum á vissum stöðum á landinu að borga allt upp í 300% hærri opinber gjöld en á öðrum stöðum.

Það er mikið talað um það nú á tímum, að það þurfi að efla atvinnurekstur sem víðast um landið og stuðla að því, að byggð haldist við sem víðast, þar sem eru byggileg héruð á annað borð. En það er alveg vonlaust mál að koma upp fyrirtækjum úti um land, ef þeir, sem fyrir því standa, eiga von á því að þurfa að borga margfalt hærri gjöld af atvinnurekstri sínum en aðrir landsmenn eiga við að búa. Það er algerlega vonlaust, og ég vona, að hv. 1. þm. Reykn. fari að skiljast þetta, svo að hann fari að verða liðsmaður í þeim hópi, sem vill leiðrétta þetta ranglæti.

Það er náttúrlega ýmislegt í þessum skattamálum, sem þarf að athuga. Þetta er eilífðarmál. Ég held, að það væri hægt að koma þessu miklu betur fyrir og með einfaldari hætti. Nú er þetta

þannig, ef við tökum t. d. skatta á vörur, að það er tekið aðflutningsgjald af vörunum, þegar um útlendar vörur er að ræða, þegar þær koma til landsins. Síðan er lagður á þetta söluskattur hjá þeim, sem verzla með þessar vörur. Og svo er lagt aðstöðugjald á þessar vörur líka. Væri ekki réttara að reyna að sameina þetta allt í einn skatt og skipta honum eftir ákveðnum reglum á milli sveitarfélaga og ríkisins? En þá þyrfti sjálfsagt um leið að gera athugun á verkaskiptingu ríkisins og sveitarfélaga. Þar gæti verið ástæða til að breyta til. Ríkið gæti kannske tekið að sér eitthvað af þeim verkefnum, sem voru falin sveitarfélögum, og svo öfugt. Þetta er mál, sem þyrfti að skoða. Það er alveg eins með beinu skattana. Ríkið tekur tekjuskatt og eignarskatt, og svo eru sveitarfélögin að leggja á fyrir sig á þessa sömu gjaldstofna. Það væri miklu einfaldara að taka þetta í einu lagi og skipta því eftir vissum reglum. En þetta er vitanlega mál, sem krefst vandlegrar skoðunar. Ég er ekki að slá því föstu, að það sé auðvelt að gera þetta. En ég segi: Þetta á að athuga og þetta á að athuga vandlega, því að það væri stórum einfaldara, ef það væri hægt að koma því fyrir með þolanlegu móti að taka þetta í einu lagi en að vera með þessa margföldu skattlagningu. Þetta kostar mikið, þessi álagning öll og innheimta. Það væri stórum betra, ef það væri hægt að sameina þetta, í stað þess að halda í þetta gamla fyrirkomulag, sem við búum við.

Já, það er með aðstöðugjöldin enn þá. Sumir segja nú, að þetta komi almenningi ekki við, því að það séu verzlanir og fyrirtæki, sem borgi þetta. En þetta er hin mesta villukenning. Ef verzlun á einum stað þarf að borga allt upp í fjórum sinnum hærra aðstöðugjald en á öðrum stað, bitnar það á fólkinu, sem býr á þeim stöðum, þar sem þessi háu gjöld eru. Það bitnar á því í hærra vöruverði eða lakari þjónustu hjá verzlunarfyrirtækjunum, nema hvort tveggja sé. Og að því er snertir frystihúsin, bitnar þetta vitanlega á fólkinu á þeim stöðum, þar sem háu gjöldin eru. Þetta eru undirstöðuatvinnufyrirtæki á ýmsum stöðum. Það er rekstur þeirra, sem afkoma fólksins byggist á, og það er þess vegna mál, sem snertir allan almenning ákaflega, hvort það er búið þannig að þessum fyrirtækjum, að þau geti lifað eða rekstur þeirra sé eyðilagður með miklu meiri skattlagningu en annars staðar tíðkast. En ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð núna, ég tala um þetta síðar við hv. 1. þm. Reykn. og reyni að fá hann til liðs við okkur aðra til að leiðrétta þetta ranglæti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 93. fundi í Nd., 12. maí, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

39. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. VH og SV).

Á 77. fundi í Nd., 15. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 1965, um tekjuskatt og eignarskatt [214. mál] (þmfrv., A. 457).

Á 78. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 25 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það er ástæðulaust að hafa langa framsögu fyrir þessu litla frv. Hámarksákvæði það í lögum um tekjuskatt, sem hér um ræðir, hefur staðið óbreytt í mörg ár og er vitanlega orðið í algjöru ósamræmi við allt verðlag. Það má út af fyrir sig deila um það, hvort rétt er að gera þann greinarmun á, sem tekju- og eignarskattslögin gera varðandi skattlagningu hjóna, þann mikla greinarmun, sem þar er gerður á eftir því hvort kona vinnur fyrir tekjum sínum við atvinnurekstur annarra eða við þann atvinnurekstur, sem fjölskyldan á sjálf að miklu leyti. Við flm. þessa frv. teljum í sjálfu sér hæpið að gera þennan mikla mun þar á. Þess vegna er það, að þó að við leggjum ekki til að fella þetta hámarksákvæði niður úr lögunum þá leggjum við til, að það sé hækkað mjög mikið, þannig að það yrði í langflestum tilfellum eftir mati, hversu mikinn þátt konan ætti í öflun tekna, þegar hún vinnur við fyrirtæki fjölskyldunnar.

Ég hef þessi orð ekki öllu fleiri. Mér sýnist þetta einsætt réttlætismál, og jafnvel þó að svo kynni að fara, sem viðbúið er, að hv. Alþ. sæi sér ekki fært, þar sem mjög er liðið á þingtímann, að afgreiða þetta mál nú, þá er það ætlun okkar flm., að flutningur frv. geti orðið til þess að vekja athygli á þessu atriði og að það mætti þá ná fram að ganga eða breyting í þessa stefnu mætti þá ná fram að ganga á næsta þingi. En í sjálfu sér er málið svo einfalt, álít ég, að það væri vel hægt að afgreiða það nú.

Herra forseti. Ég leyfi mér svo að leggja til, að frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. fjhn., á þskj. 746, var útbýtt 14. maí, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

40. Heimild til að selja Akureyrarkaupstað jörðina Ytra-Krossanes.

Á 78. fundi í Nd., 17. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Akureyrarkaupstað jörðina Ytra-Krossanes, Akureyri [217. mál] (þmfrv., A. 464).

Á 79. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 80. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 29 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Frv. þetta til l. um heimild til handa ríkinu að selja Akureyrarkaupstað jörðina Ytra-Krossanes er flutt að beiðni Akureyrarkaupstaðar. Síðan 1954 hefur þessi jörð verið í lögsagnarumdæmi Akureyrar og er nánar greint nyrzt á mörkum þess sjávarmegin, en að sunnan liggur hún að Syðra-Krossaneslandi, sem bærinn á, og þar er lóð Krossanesverksmiðju. Það hefur verið stefna bæjaryfirvalda Akureyrar um áratugaskeið, að kaupstaðurinn skyldi leitast við að eignast allt það land og þær jarðir, er hann tekur yfir, og er raunar svo komið nú með litlum undantekningum. Ein slík er jörðin Ytra-Krossanes, og hefur bærinn farið sér hægt varðandi hana hingað til sökum þess, að hún hefur verið í lífstíðarábúð, en jarðeignadeild ríkisins hefur hins vegar verið gert kunnugt um eignaráhuga kaupstaðarins. Nú hefur hvort tveggja gerzt, að innan skamms mun losna um ábúð jarðarinnar sökum aldurs búanda og nýtt skipulag af Akureyrarhöfn gerir ráð fyrir olíuhöfn bæjarins í Krossaneslandi. Þykir því bæjarstjórn Akureyrar nú rétt, að heimildar Alþ. verði leitað til handa ríkinu til að selja Akureyrarkaupstað nefnda jörð, og væntir þess, að ekki verði á því fyrirstaða. Rétt er að taka fram, að samband hefur verið haft við jarðeignadeild ríkisins um flutning þessa frv., hvort nokkur vandkvæði mundu á sölu jarðarinnar, ef heimild fengist, og voru svörin þau, að ekki mundi svo vera.
Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

41. Leigunám fyrirtækja vegna verkbannsaðgerða.

Á 79. fundi í Nd., 21. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um leigunám fyrirtækja, sem stöðvað hafa eðlilegan rekstur vegna verkbannsaðgerða [220. mál] (þmfrv., A. 491).

Á 80. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 81. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 27 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Um þessar mundir eru mikil stéttaátök í þjóðfélaginu, margbreytilegri verkfallsaðgerðir en nokkru sinni fyrr og verkbönn í fyrsta skipti í sögu Íslendinga. Engum getur dulizt, að þessi stórfelldu átök eru í beinum tengslum við stefnu hæstv. ríkisstj., og það er alkunna, að unnið er að lausn deilunnar, m. a. með tilboðum um lagasetningu hér á hinu háa Alþ. Til að mynda heyrði ég um daginn í sjónvarpi framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands bjóða fram breytingar á lögum um almannatryggingar til þess að greiða fyrir lausn kjaradeilunnar, og þótti mér vægast sagt furðulegt, að fulltrúi atvinnurekendasambandsins skyldi telja það í sínum verkahring að ráðstafa fjármunum almannatrygginga. Einnig hefur fleiri löggjafaratriði borið á góma í viðræðunum. Um þessi mál er rætt á endalausum fundum deiluaðila og sáttanefndar. Um þau er rætt manna á milli, hvar sem fólk hittist á förnum vegi. Um þau er alls staðar rætt nema á Alþingi Íslendinga. Hér virðist hvíla á því bannhelgi að ræða um þau atriði, sem tvímælalaust munu hafa úrslitaáhrif á þróun efnahagsmála og landsmála um langt skeið.
Þegar við Alþb.-menn orðum þessi vandamál einstaka sinnum, eftir því sem þingsköp leyfa okkur, eru viðbrögðin dumb þögn af hálfu hæstv. ráðh. Verkefni okkar, hinna kjörnu fulltrúa þjóðarinnar, er að fjalla um minkaeldi, alkohólmagnið í bjór, ættfræði sem nýja grein lögvísinda og önnur viðfangsefni engu ómerkari. En við eigum aðeins að vera áhorfendur að því, þegar aðilar utan þings takast á um meginatriði efnahagsmála og taka m. a. ákvarðanir um mjög veigamikil löggjafaratriði. Þetta eru staðreyndir, sem mér finnst að ættu að vera ærið umhugsunarefni fyrir alla þá, sem einhvers meta þingræði á Íslandi og áhrifavald þessarar stofnunar meðal þjóðarinnar.
Í frv. því, sem hér er til umr., er vikið að einum þætti í stéttaátökunum miklu, verkbanni iðnrekenda og verkstæðiseigenda, sem hrakið hefur hátt á annað þúsund manns út af vinnustöðum sínum. Þessi verkbönn eru algert nýmæli í stéttaátökum á Íslandi, þótt þeim sé lýst yfir í samræmi við II. kafla í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur frá 1938. Þau lög eru, eins og margt annað í löggjöf Íslendinga, sniðin eftir erlendum fyrirmyndum. Fyrirmyndin er sótt til þróaðra kapítalískra þjóðfélaga, þar sem nokkurt jafn-

vægi hefur tekizt milli eigenda fyrirtækja annars vegar og verkalýðssamtaka hins vegar og þar sem báðum aðilum er heimilað að beita því þjóðfélagslega valdi, sem þeir ráða fyrir, innan vissra takmarka.

Í þessum þjóðfélögum eru atvinnurekendur *raunverulegir eigendur fyrirtækja sinna samkv.* þeim reglum, sem þjóðfélögin hafa sett sér, og verkbann er kynning á því valdi. En á Íslandi hafa atvinnurekendur aldrei öðlazt þessa þjóðfélagsstöðu nema stutta stund í senn. Svo til öll fyrirtæki á Íslandi eru að meginhluta til stofnuð með beinni aðstoð opinberra aðila, aðallega fyrir almannafé, sparifé þjóðarinnar. Að stofnun þeirra hafa yfirleitt staðið Alþingi og ríkisstjórnir og oft með ríkisábyrgðum, sem ósjaldan hafa fallið á þjóðarheildina. Rekstur þessara fyrirtækja er á sama hátt háður látlausri fyrirgreiðslu stjórnarvalda, skipulagsbundnum lánveitingum og fjölþættri annarri aðstoð. Flestar stofnanir þjóðfélagsins taka þátt í þessari fyrirgreiðslu, þ. á m. verkalýðssamtökin sjálf. Síðast í janúar í vetur var gert formlegt samkomulag um stofnun á nýjum sjóði, sem ætlaður er til aðstoðar íslenzkum atvinnuvegum. Og undanfarnar vikur hafa fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar verið önnum kafnir við að úthluta fjármunum úr þessum sjóði ásamt atvinnurekendum og ráðh., á milli þess að sömu aðilar hafa verið að deila um kaup og kjör.

Fjölmargir aðrir sjóðir eru, sem kunnugt er, starfræktir í þjóðfélaginu til þessara þarfa. Má t. d. *minna á Atvinnuleysistryggingasjóð* og Atvinnujöfnunarsjóð. Allan þingtímann er það eitt af helztu verkefnum okkar alþm. að leggja atvinnurekendum til hina fjölbreytilegustu aðstoð, og á sama hátt eru margir ráðh., ekki sízt hæstv. iðnmrh., einatt önnum kafnir við að aðstoða jafnvel einstök fyrirtæki.

Þessar staðreyndir um stöðu íslenzkra atvinnurekenda þekkja allir. Og þær eiga ekki að vera neitt ágreiningsefni, þótt menn kunni að vilja draga af þeim mismunandi ályktanir. Baráttumenn einkarekstrar viðurkenna einnig þessar staðreyndir til að mynda sá þm., sem mest hefur um þessi mál fjallað, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson. Hann hefur í langan tíma verið óþreytandi við að bera fram hinar fjölbreytilegustu till. um aðgerðir til þess að gera íslenzka atvinnurekendur að raunverulega sjálfstæðum aðilum í þjóðfélaginu.

Vilji menn á raunsæjan hátt fjalla um eignaraðild á hinum svokölluðu einkafyrirtækjum á Íslandi, *verður ekki skotizt undan þeirri ályktun*, að í rauninni sé um að ræða sameign hinna svokölluðu vinnuveitenda og þjóðarheildarinnar með beinni aðild Alþ. og ríkisstj. og raunar með aðild sjálfra verkalýðssamtakanna einnig. Þegar atvinnurekendur lýsa yfir verkbanni, eru þeir því að taka sér þjóðfélagslegt vald, sem þeir hafa ekki í raun. Þeir eru að misnota aðstöðu, sem þeim hefur verið veitt af þjóðarheildinni, bönkum hennar og sjóðum, Alþingi og verkalýðssamtökum. Slíku gerræði er ekki hægt að una, og því er lagt til í frv. okkar þremenninganna, að verkbannsfyrirtæki verði tekin leigunámi. Í því felst ekki ýkjamikil breyting í raun, eins og ég hef rakið, því að atvinnurekendurnir hafa aðeins verið *einn aðili af mörgum. Í þessu sambandi vil ég* leggja á það áherzlu, að frv. er aðeins ætlað að hnekkja þessari valdníðslu atvinnurekenda. Hins vegar felst ekki í því nein íhlutun í þá alvarlegu kjaradeilu, sem nú stendur yfir. Verkalýðsfélögin *yrðu sjálf að tryggja rétt sinn í viðskiptum* við leigunámsfyrirtæki eins og hver önnur.

Verkbann atvinnurekenda hefur raunar vakið hjá mér margs konar furðu. Ég hef oft í vetur heyrt leiðtoga Sjálfstfl. leggja áherzlu á það, að eina leið okkar út úr efnahagsvandræðunum væri að auka framleiðsluna, aldrei hefði verið fráleitara en nú að stöðva atvinnutækin. Þær kenningar hafa raunar verið í samræmi við yfirlýsingar Sjálfstfl. árum og áratugum saman. Hvers konar stöðvun á framleiðslu hefur verið talin tilræði við þjóðfélagið, og Morgunblaðið hefur löngum reiknað út af mikilli nákvæmni, hversu mikið tjón hefur hlotizt af hverri stöðvun um sig.

Í þeim miklu átökum, sem nú standa yfir, hafa verkalýðssamtökin beitt valdi sínu af meiri hófsemi en nokkru sinni fyrr og lagt sérstaka áherzlu á að trufla útflutningsframleiðsluna sem minnst. Samt verða viðbrögð atvinnurekenda þau í fyrsta sinn í sögu landsmanna að grípa til verkbanna, sem virðast hafa þann tilgang að stuðla að allherjarstöðvun sem fyrst.

Það er alkunna, að ýmsir helztu fulltrúar iðnrekenda eru í forustuliði Sjálfstfl. og sá flokkur getur haft úrslitaáhrif á ákvarðanir þessara atvinnurekenda. Því verður ekki komizt hjá þeirri ályktun, að Sjálfstfl. og sú ríkisstj., sem hann veitir forustu, beri fulla ábyrgð á verkbönnunum ásamt atvinnurekendunum. Á sama tíma og í orði er talað fagurlega um nauðsyn aukinnar framleiðslu, eru í verki gerðar ráðstafanir til þess að stöðva framleiðsluna. Sú staðreynd verður án efa geymd, en ekki gleymd.

Forusta iðnrekenda í þessum verkbönnum hefði raunar gefið tilefni til að fjalla ýtarlega um stöðu og vandamál íslenzks iðnaðar. Hvernig stendur á því, að íslenzkur iðnaður telur sig ekki geta greitt nema svo sem helming af því, sem greitt er í dönskum iðnfyrirtækjum, enda þótt þjóðartekjur á mann séu taldar svipaðar í löndunum báðum? Ekki er hægt að kenna síldinni um þá staðreynd, þótt nú sé mjög í tízku að gera hana ábyrga fyrir öllum vandamálum þjóðfélagsins. Ástæðan fyrir ófarnaði íslenzks iðnaðar er allt önnur. Það er skipulagsleysið og óstjórnin, sem hefur leitt til þess, að fjárfesting og vélakostur skila ekki þeim þjóðfélagslega arði, sem ástæða er til að krefjast.

Við höfum oft heyrt hæstv. iðnmrh. birta skýrslur hér á þingi um mikla fjárfestingu í iðnaði, og þær skýrslur eru í sjálfu sér alveg réttar. Þarna hefur verið afar mikil fjárfesting. En meinið er það, að fjárfestingin hefur ekki komið að þeim þjóðfélagslegu notum, sem til var ætlazt, vegna þess að hún hefur verið skipulagslaus og tækin hafa ekki verið hagnýtt á þann hátt, sem þarf að hagnýta þau fyrir fyrirtækin. Aðferðin í iðnaði á Íslandi hefur verið sú, að ef einhver iðnrekandi hefur hafið framleiðslu, sem reynzt hefur ábatasöm, þá hafa sprottið upp fjölmargir aðrir og tekið upp sams konar framleiðslu, þar til

atvinnutækin voru orðin gersamlega ofviða hinum þrönga markaði á Íslandi. Og atvinnurekstur, sem upphaflega skilaði góðum arði, er orðinn að taprekstri. Þessi staðreynd blasir við á öllum sviðum íslenzks iðnaðar.

Ég held t. d., að um þessar mundir séu ein 17 plastfyrirtæki á Íslandi. Mér segja fróðir menn, að svo sem þrjú plastfyrirtæki mundu geta skilað góðum árangri. En með því að hafa þau 17 er enginn markaður fyrir þau og þau eru öll rambandi og verður að gera sérstakar ráðstafanir til að bjarga þeim. Þetta er aðalmeinsemdin í íslenzkum iðnaði og þetta er aðalástæðan fyrir því, að þessi iðnaður telur sig ekki geta greitt nema svo sem eins og helming af því kaupi, sem nú tíðkast í nágrannalöndum okkar. Ef hér á Íslandi væri raunverulega kapítalískt fyrirkomulag, eins og sumir menn virðast ætla, mundi verða leyst úr slíkum vandamálum með því, að öflugustu fyrirtækin gengju af hinum dauðum. En slíkt er aldrei látið gerast á Íslandi. Ef slík fyrirtæki komast í vanda, þá hleypur hæstv. ríkisstj. undir bagga og gerir efnahagsráðstafanir til að bjarga þeim, sem aumastir eru og lélegustum árangri skila. Af þessu er áratuga reynsla, og þetta hefur verið vinnuaðferð núv. ríkisstj. eins og fjölmargra annarra á undan. Þó að atvinnurekendur hafi rekstrarhald á fyrirtækjum sínum, er tapið af þeim þjóðnýtt með þessum hætti. Þjóðin verður að hlaupa undir bagga í hvert skipti sem þessi fyrirtæki stranda. Þannig er blandað saman á óhagkvæmasta hátt einkarekstri og félagsrekstri og teknir gallarnir úr báðum kerfunum. Ef iðnrekendur hefðu af raunsæi viljað hugleiða, hvernig á því stendur, að vandi þeirra er sá, sem hann er í dag, og þeir telja sig ekki geta staðið undir sómasamlegu kaupgjaldi, þá hefðu þeir átt að beina þeirri athugun inn á við, en ekki að verkafólki.

Á því er enginn vafi, að það væri hægt að láta íslenzkan iðnað skila margföldum þjóðhagslegum árangri með því að endurskipuleggja hann, með því að hagnýta til hlítar þá fjárfestingu, sem þar hefur verið byggð upp af skynsemi, en láta þá aðra eiga sig, sem óskynsamlegri hefur verið talin. Um íslenzkan iðnað þarf að gera fullgilda heildaráætlun. Aðeins á þann hátt getur þessi iðnaður skilað því kaupgjaldi, sem honum ber að skila, og aðeins á þann hátt getur hann tekið þátt í þeirri samkeppni utan Íslands, sem menn eru með draumóra um í sambandi við aðild að EFTA. En eins og íslenzkur iðnaður er á sig kominn nú, eru allar slíkar bollaleggingar auðsjáanlega gersamlega óraunhæfar.

Það er raunar mjög athyglisvert einkenni á íslenzkum atvinnurekendum, að þeir virðast eiga mjög erfitt með að hugsa rökrétt. Ég vík aftur að þessu furðulega fyrirbæri, að iðnrekendur skuli taka sér forustu í baráttu gegn þeirri kröfu láglaunafólks, að það fái að halda kaupmætti launa sinna. Íslenzkir iðnrekendur framleiða fyrst og fremst fyrir innanlandsmarkað. Framleiðsla þeirra er háð kaupgetu fólks á Íslandi. Ef þeir takmarka kaupgetuna, eru þeir um leið að takmarka afköst sín, takmarka afkomu fyrirtækja sinna. Í átökum um skiptingu þjóðartekna á Íslandi er iðnrekendum það tvímælalaust í hag, að afkoma launafólks, afkoma neytenda verði sem bezt. Og því er það alger firra, þegar þessir neyzluvöruiðnrekendur leyfa sér að taka sér forustu í baráttu gegn algerum lágmarkskröfum verkafólks.

En þannig er býsna margt hér á Íslandi. Mönnum er svo ósýnt um að átta sig á þeirri staðreynd, að við búum í þjóðfélagi, sem lýtur á margan hátt allt öðrum reglum en gilda í stærri þjóðfélögum. Þessa aðstöðu þurfa íslenzkir atvinnurekendur að hugleiða mjög gaumgæfilega, ef þeir ætla að halda hér velli og ef þeir ætla að tryggja áframhaldandi aðstöðu sína í þjóðfélaginu. Leiðin til þess að rétta hlut iðnfyrirtækja er ekki sú að reyna að halda áfram að ganga á laun verkafólksins, heldur að beina athyglinni inn á við og endurskipuleggja, eins og ég hef sagt áður. En fullkomið raunsæi á þessu sviði er hin mesta nauðsyn íslenzkra stjórnmála um þessar mundir.

Þau hjaðningavíg, sem einkenna þjóðfélag okkar ár eftir ár og oft á ári, eru tvímælalaust mesta vandamálið í íslenzkum stjórnmálum. Um það ættu menn að geta orðið sammála, hvernig svo sem þeir meta ástæðurnar fyrir þessum ófarnaði. En mikilvægasta verkefni íslenzkra stjórnmála er að finna leiðir til þess, að þessum hjaðningavígum linni sem mest. Til þess þurfa menn að taka upp á margan hátt önnur vinnubrögð en hingað til hafa tíðkazt, og ég hef raunar tekið eftir því að undanförnu, að hugleiðingar um þetta efni birtast á talsvert annan hátt en oft hefur verið. Ég hef séð samþykktir um þetta efni frá öðrum stjórnarflokknum, Alþfl., einkanlega frá æskulýðssamtökum þess flokks, og raunar hef ég séð slík atriði orðuð á skynsamlegan hátt í forustugreinum Alþýðublaðsins. Nú fyrir fáeinum dögum birti Alþýðublaðið t. d. forustugrein, sem nefndist „Erfið deila“. Það var 21. apríl s. l. Og þar er komizt svo að orði í niðurlagi forustugreinarinnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Verkalýðsfélögin hafa sýnt mikla ábyrgðartilfinningu í meðferð þessara mála undanfarnar vikur og ekki beitt ýmsum vopnum, sem oft hefur verið gripið til fyrr. Hver sem niðurstaðan verður hvað snertir kaup og kjör næstu mánuði, hlýtur þessi deila að leiða til þess, að verkalýðsfélögin og verkalýðsflokkarnir taki upp nýja baráttu í sambandi við ýmsar þær aðstæður, sem ráða getu atvinnuveganna til að greiða viðunandi kaup. Verkalýðsflokkarnir hljóta að gera mun harðari kröfur en áður um hagræðingu og nútímarekstur á atvinnufyrirtækjum, svo að þau geti greitt hinu almenna verkafólki hærra kaup en hingað til. Verkalýðsflokkarnir hljóta að krefjast ráðstafana til þess að bæta og styrkja stjórn fyrirtækja hér á landi, en hún er sýnilega á mjög frumstæðu stigi. Þá verður hið opinbera, ekki sízt bankakerfið, að hafa meira eftirlit með uppbyggingu og fjárfestingu fyrirtækja og leitast við að sjá um, að hugsað sé fyrir nægu rekstrarfé, svo að laun verði greidd reglulega. Verkalýðsflokkarnir hljóta að krefjast þess, að hið umfangsmikla skólakerfi landsins, ekki sízt framhaldsskólarnir, komist í meira samband við atvinnuvegina og mennti fólk til að stýra þeim. Þarna skortir mjög á æskileg tengsl, ekki sízt við Háskólann. Verkalýðsflokkarnir hljóta að vinna að traustari alhliða uppbyggingu atvinnuvega í

stað þess ævintýralega happdrættis, sem markað hefur þessi mál hingað til. Skipuleg stjórn og skipuleg vinnubrögð verða að komast á til að auka öryggi vinnandi fólks á komandi árum.“

Þessi ummæli í Alþýðublaðinu þykja mér af mörgum ástæðum mjög athyglisverð. Þarna er lögð mjög þung áherzla á nauðsyn áætlunarbúskapar á Íslandi, á nauðsyn þess, að áætlunarbúskapur verði gerður að meginverkefni í pólitískri baráttu á næstunni. Og þarna talar málgagn Alþfl., sem er stjórnarflokkur, um verkalýðsflokkana sem hinn sameiginlega aðila, sem eigi að hrinda þessu máli fram. Og ég er algerlega sammála þessu sjónarmiði. Þetta er grundvallarstefna þessara flokka beggja, og ef þeir vilja halda tryggð við stefnu sína, ber þeim að vinna saman einmitt að þessu verkefni, vegna þess að þetta er úrslitaatriði um þróun íslenzkra efnahagsmála á næstunni. En þá verður Alþfl. einnig að vera reiðubúinn að draga rökréttari ályktanir af þessari stefnu sinni. Honum nægir ekki að birta forustugreinar af þessu tagi, en sitja síðan í ríkisstj., sem lætur viðgangast þann algerasta glundroða, sem verið hefur á þessu sviði í sögu landsins, herfilegri og fráleitari glundroða en nokkru sinni fyrr, glundroða, sem hefur breytt mestu velmegunarárum þjóðarinnar í algert öngþveiti. Ef Alþfl. er nokkur alvara með forustugrein eins og þessari og ef honum er nokkur alvara með að vitna til stefnuskrár sinnar, þá ber honum að gera áætlunarbúskap að hreinu grundvallarskilyrði fyrir áframhaldi stjórnarsamvinnu sinnar. Og raunar er þetta einnig mál, sem íslenzkir atvinnurekendur ættu að hugleiða sjálfir af fullu raunsæi. Þær kenningar, sem reynt hefur verið að halda að þeim um, að hægt væri að koma hér á klassísku kapítalísku þjóðfélagi, sem reynt var að gera með viðreisnarstefnunni, hafa reynzt algerlega gjaldþrota. Tilraunir stjórnarvalda til þess að láta lögmál frumskógarins gilda á Íslandi, hin kapítalísku lögmál frumskógarins, hafa leitt til þess, að erlendir aðilar hafa í sífellu grafið undan íslenzkum atvinnurekendum. Ef þau lögmál eiga að gilda, sjáum við fram á það, að okkar eigin atvinnuvegir hrynja, en erlendir aðilar taka við, að því leyti sem þeim þykir það arðbært að hafa atvinnurekstur á Íslandi.

Ef íslenzkir atvinnurekendur, þ. á m. iðnrekendur, hafa nokkurn raunverulegan hug á því að halda atvinnurekstri sínum áfram, að tryggja íslenzka atvinnuvegi, þá komast þeir ekki undan því að hagnýta nútímaaðferðir í áætlunarbúskap og stjórnun. Það er ekki til nein önnur leið til að reka atvinnuvegi á Íslandi. Glundroðakenningin er algerlega vonlaus. Hún leiðir til hreins ófarnaðar. Við verðum að muna eftir því, hvað við erum lítið samfélag, hvað markaður okkar er lítill og við getum ekki skipulagt atvinnuvegi okkar í sambandi við þetta litla þjóðfélag án þess að beita áætlunartækni. Slíkur áætlunarbúskapur þarf, eins og ég hef margsinnis tekið fram í ræðum hér á þingi, ekki að þýða neinn ríkisrekstur eða sósíalisma. Það er þeitt áætlunarvinnubrögðum í mörgum auðvaldsríkjum og öll stærstu fyrirtæki heims hagnýta áætlunarvinnubrögð, þegar þau stjórna sínum eigin rekstri. Hér á Íslandi þarf að koma til skipuleg samvinna ríkisvalds, einkaatvinnurekenda og samvinnufélaga, og það þarf að gera um þetta efni fjölþættar áætlanir á öllum sviðum, í fiskiðnaði, í öðrum iðnaði og ég tek dæmin eitt af öðru. Þetta er eina leiðin, sem til er út úr ógöngunum. En til þess að farið verði inn á þessa leið þarf Alþfl., eins og ég sagði áðan, að fara að breyta í samræmi við almennar yfirlýsingar sínar í Alþýðublaðinu og atvinnurekendur Sjálfstfl. þurfa að gera sér grein fyrir því, að þær kenningar, sem að þeim hefur verið haldið að undanförnu, eru algerlega rangar, og þeir verða að fara að meta stöðu sína af fullu raunsæi. Og sérstaklega verða þeir að hætta því að misbeita fyrirtækjum sínum til stöðugra árása á lífskjör launafólks eins og gerzt hefur nú með hinu fráleita verkbanni.

Herra forseti. Þetta frv. kom hér til útbýtingar á mánudaginn var. Að efni til er það skylt ýmsum frv., sem hæstv. ríkisstj. flytur, þegar mikinn vanda ber að höndum. Þá er það siður hér á Alþ. að veita slíkum frv. forgangsafgreiðslu. Þau eru afgreidd á stuttum tíma með miklum fundahöldum og rekið á eftir, þannig að þau komast oft í gegnum þingið á 1—2 dögum. Ég vil minna á það, að Alþ. er engin afgreiðslustofnun fyrir hæstv. ríkisstj., heldur er Alþ. æðra ríkisstj. Því hef ég talið, að frv. eins og þetta ætti að afgreiða á hliðstæðan hátt, hvað svo sem mönnum finnst um efni þess, hvort sem menn eru á því að samþykkja það eða fella eða breyta því. Slík frv., sem bundin eru við tímabundið, alvarlegt ástand, eiga að njóta sömu meðferðar og ríkisstjórnarfrv. af hliðstæðu tagi. Og fram á þetta vil ég leyfa mér að fara, um leið og ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjhn.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Mig langar í upphafi máls míns til að lýsa yfir fögnuði mínum yfir því, að frv. það, sem hér er til umr., skuli hafa verið fram borið, og sömuleiðis mikilli ánægju yfir ræðu hv. 6. þm. Reykv., sem hér talaði síðastur, því að engir þurfa nú að fara í grafgötur um það, hver séu sjónarmið kommúnista í atvinnumálum og hver sé afstaða þeirra til atvinnurekstrarins í landinu. Raunar ætti aldrei að þurfa að spyrja um þetta fremur en t. d. afstöðu kommúnista til frelsis og lýðræðis. En sannleikurinn er nú samt sá, að fólk er ótrúlega fljótt að gleyma, og á undanförnum árum hafa kommúnistar lagt á það kapp að ræða um atvinnumál rétt eins og þeir bæru hag íslenzkra atvinnuvega fyrir brjósti. Það var því orðið tímabært, að þeir minntu sjálfir á það, hvað fyrir þeim vekti og hver væri þeirra stefna í íslenzkum atvinnumálum. Ég mun víkja nokkru nánar að þessu síðar, en langar fyrst til þess að vekja á því athygli, að það er heldur óvanalegt, að kommúnistar krefjist víðtækra ríkisafskipta af samningamálum launþega og vinnuveitenda, þ. e. a. s. í frjálsum löndum. Í ríkjum þeim, sem þeir ráða, vilja þeir auðvitað fullkomið kúgunarvald ríkisins yfir verkalýð, eins og reynslan sannar.

Hv. 1. flm. þessa frv. hafði um það mörg orð, að hér í sölum Alþ. værum við einungis áhorfendur, eins og hann orðaði það að ég held orðrétt, hér ætti um þessi mál að fjalla, það væri

ríkisvaldið, Alþ. og ríkisstj., sem ætti að fjalla um kjaramál launþega, en ekki samtök þeirra. Þetta er mjög einkennileg og nýstárleg kenning af hálfu þeirra, sem í einhverjum tengslum eru við verkalýð. En grundvallarreglur þær, sem hér á landi ríkja í samskiptum launþegasamtaka og vinnuveitenda, eru samningafrelsi og gagnkvæmur réttur þessara aðila til að beita verkföllum og verkbönnum til að herða á kröfum sínum og knýja fram samninga. Fram að þessu hefur verkalýðurinn talið þennan rétt hinn dýrmætasta, og jafnvel atvinnukommúnistar, sem sjaldnast leggja sig niður við að kynnast sjónarmiðum verkalýðsins, eins og hv. 6. þm. Reykv., ættu að vita þetta. En flm. þessa frv. krefjast þess, að þessum grundvelli sé raskað og opinber afskipti af vinnudeilum aukin. Og það er sjálfsagt engin tilviljun, að þetta frv. skuli flutt af mönnum, sem einskis trúnaðar hafa notið né njóta í verkalýðs- eða launþegasamtökum. Grundvöllur lýðræðislegs stjórnskipulags er sá, að mismunandi hagsmunahópar og þjóðfélagsöfl séu frjáls að því að taka sig á og ríkisvald grípi þar ekki inn í nema úr hófi keyri og voði stafi af. Ef eitthvert afl í þjóðfélaginu verður svo sterkt, að það geti boðið öllum öðrum og samfélaginu sjálfu byrginn, þá hlýtur ríkisvald vissulega að gera viðeigandi ráðstafanir. Ef því væri svo háttað hér á landi, að vinnuveitendur hefðu öll ráð launþega í hendi sér, þá væri eðlilegt að endurskoða vinnulöggjöf með hliðsjón af því að skerða áhrifavald þeirra. Ég hygg hins vegar, að enginn maður, hvorki í launþegasamtökum né utan þeirra, haldi því fram í alvöru, að þannig sé þessu háttað hér á landi. Þvert á móti hafa vinnuveitendur verið of klofnir og máttvana til að fást við vanda, sem þeim er skylt að sinna í lýðræðisþjóðfélagi, þ. e. a. s. að tryggja, að ekki séu knúðar fram kauphækkanir, sem ekki eiga stoð í veruleikanum og kippa fótum undan heilbrigðum atvinnurekstri. Og þetta játa raunar flm. frv., þegar þeir segja glaðklakkalega í grg., að rekstur fyrirtækja sé háður stórfelldum lánveitingum og þau mundu flest verða gjaldþrota, ef að þeim yrði gengið. Um þetta hafði hv. flm. mörg orð og leyndi sér ekki ánægja hans yfir því, að íslenzkur atvinnurekstur skyldi ekki vera betur staður fjárhagslega en raun ber vitni.

En krafan um að þjóðnýta þau fyrirtæki, sem beita löghelguðum rétti sínum til verkbanns, jafngildir auðvitað afnámi þessa réttar. Miklu einfaldara hefði verið fyrir þessa flm. að flytja brtt. við lög um stéttarfélög og vinnudeilur, sem hnigu í þá átt að banna verkbönn. En þrátt fyrir allt gera þeir sér grein fyrir því, að bann við þessum rétti, bann við verkbönnum, hlyti að leiða til þess, að verkföll yrðu jafnframt bönnuð, því að ekkert raunverulegt samningsfrelsi gæti viðgengizt, þegar annar aðilinn hefði vopn til að knýja fram sjónarmið sín, en hinn gæti ekki varizt. Þess vegna er málið flutt í því formi, sem raun ber vitni. En ég legg áherzlu á það, að þótt málið sé flutt í þessu formi, þá jafngildir það kröfu um afnám samningsfrelsis milli launþega og vinnuveitenda og þá er ekki annað fyrir hendi við ákvörðun kjara en einhvers konar opinber íhlutun og fyrirmæli. Þetta er hin einfalda staðreynd málsins. Ég hygg raunar, að enginn maður, sem í einhverri snertingu væri við verkalýðinn, mundi flytja slíkt mál, heldur einungis eins og ég áðan sagði, stofukommúnistar og atvinnukommúnistar.

Það er mál út af fyrir sig, að 1. flm. þessa frv. skuli í grg. taka sér í munn orðið „siðferðilegur“, er hann ræðir um þjóðfélagsmálefni, maður, sem í áratugi hefur haft af því atvinnu að lofsyngja mesta kúgunarvald veraldarsögunnar og sótt hefur heim oddvita þess valds svo til hvar sem þá hefur verið að finna á jarðkringlunni til að njóta gistivináttu þeirra og andlegs samfélags. En látum það liggja á milli hluta.

Hitt er rétt að skoða, hvort það sé gerræði af hálfu vinnuveitenda að hagnýta sér hinn löghelgaða rétt til að beita verkbanni til styrktar félögum sínum, þegar að einstökum fyrirtækjum er ráðizt, eins og flm. halda fram. Þess er hér að gæta um verkbann iðnrekenda, þ. e. svar við óvenjulegum verkfallsboðunum hjá þrem iðnfyrirtækjum, að ég hygg, að í launþegafélagi mundi sú skoðun eiga fáa formælendur, að félaginu í heild bæri ekki að bregðast hart við, ef að einstökum félagsmönnum væri vegið í þeim tilgangi að knýja heildina til undanhalds. Ég held, að sá verkamaður sé vandfundinn, sem á þann hátt vildi tryggja eigin hagsmuni á kostnað félaga sinna. Og væri þá ekki eitthvað bogið við hugsunarhátt þeirra vinnuveitenda, sem horfðu á fyrirtæki félaga sinna blæða út, meðan þeir tryggðu eigin hagsmuni. Um þetta atriði málsins hygg ég, að ekki þurfi að hafa fleiri orð.

Í grg. með þessu frv. segir, með leyfi forseta:

„Fyrirtæki þau, sem ætlunin er að stöðva, eru að verulegu leyti reist fyrir lánsfé úr sjóðum almennings og rekstur þeirra er háður stórfelldum lánveitingum úr sömu sjóðum. Eignarréttur þessara atvinnurekenda á þeim fyrirtækjum, sem þeir ætla að stöðva, er ákaflega hæpinn frá siðferðilegu sjónarmiði og stæðist sjaldnast löglega, ef skuldareigendur gengju að fyrirtækinu. Með verkbanninu eru atvinnurekendur þessir að taka sér þjóðfélagslegt vald, sem þeir hafa ekki í raun, og því er athöfn þessi langt fyrir utan þann vettvang, sem haslaður er frjálsum samningum atvinnurekenda og launamanna.“

Þótt það sé skrýtið, er það samt tilfellið, að sannleiksneisti leynist í hluta þessarar mgr. og í máli flm. hér áðan. Það er rétt, að íslenzk fyrirtæki eru almennt rekin fyrir of mikið lánsfé, þau hafa almennt of lítið eigið fjármagn, eins og hv. síðasti ræðumaður vitnaði til minna orða um. Ég hef haldið því fram og geri enn. En sem betur fer er það þó ekki almennt svo sem flm. halda fram, að þau séu á barmi gjaldþrots eða jafnvel hafi yfir að ráða miklu meira lánsfé en svarar til eigna þeirra og eigi þess vegna raunverulega minna en ekki neitt. En mig langar til þess að benda ritstjóra dagblaðs eins hér í borginni, sem Þjóðviljinn heitir, á það, ef hann kynni að heyra mál mitt, að það væri mjög fróðlegt fyrir hann að ganga á vit hv. 1. flm. þessa frv, sem mér sýnist að jafnframt muni vera höfundur hinnar tilvitnuðu greinargerðar, enda flutti hann sama mál hér áðan, þótt með nokkuð öðrum orðum væri. En þetta legg ég til vegna þess, að hinn

fyrrnefndi, þ. e. a. s. ritstjórinn, hefur um langt skeið verið mjög ósammála hinum síðarnefnda og haldið því fram, að vondir og þreyttir ráðherrar hefðu fyrirskipað ógnarlegu bankavaldi að sverfa svo að atvinnufyrirtækjunum, að allt færi í sömu gröf, ríkisstj. og atvinnulífið. En aftur á móti hv. 1. flm. þessa frv. hefur haldið því fram, að svo hraustlega hafi verið ausið í atvinnureksturinn, að þar sé einungis um lánsfé úr bönkum og sjóðum að ræða, og orðrétt sagði hann hér áðan, að það væri um látlausa fyrirgreiðslu stjórnarvalda að ræða, og enn fremur, að það væri stöðugt verið að leggja atvinnurekstrinum til hina fjölbreytilegustu aðstoð. Ég get ekki staðizt þá freistingu að biðja þennan heiðursmann, sem hér talaði, að gera tilraun til þess að ná tali af ritstjóra Þjóðviljans, áður en hann kemur hér í pontuna næst, og gera þingheimi grein fyrir því skilmerkilega, hvor hafi á réttu að standa, flm. eða ritstjórinn. Ég skal gera spurninguna einfaldari, svo að flm. þurfi ekki að eyða að henni mörgum orðum. Hún getur t. d. verið þessi: Hefur fyrirtækjum á Íslandi verið lánað of mikið eða of lítið? Hafa þau fengið of mikla eða of litla fyrirgreiðslu? Eða hvor fer með rétt mál, flm. eða ritstjórinn? Báðir geta þeir ekki haft á réttu að standa. Það liggur í augum uppi.

En úr því að ég er að krefja alvöruþm. svara um fjárhag fyrirtækja, þá er kannske ekki úr vegi, að ég lýsi ofurlítið nánar minum skoðunum, einkum þar sem til þeirra var hér vitnað áðan. Ég held sem sagt, að rekstrarform íslenzkra fyrirtækja almennt, einkum hinna stærri, sé meingallað. Ég held, að áhættufjármagn — eigið fjármagn — sé yfirleitt allt of lítið í íslenzkum atvinnufyrirtækjum og fer ég þá nær skoðun flm. en ritstjórans. Sannleikurinn er sá, að í marga áratugi hefur verið búið illa að íslenzkum atvinnuvegum. Hér á landi hefur ríkt allt of mikill sósíalismi í þessum efnum og sterk þjóðfélagsöfl hafa beinlínis barizt fyrir því að koma einkarekstri á kné. Má í því sambandi vitna til skattalaga eins og þau lengi voru hér, þegar nánast var ógerlegt að reka einkafyrirtæki.

Hv. 1. flm. þessa máls hélt því fram áðan, að allt of litlar áætlanir væru gerðar og gallinn væri sá, að það þyrfti miklu meiri áætlunarbúskap, en í öðru orðinu segir hann svo, að það sé látlaust verið að greiða fyrir fyrirtækjum, það séu látlaus opinber afskipti af fyrirtækjum í einu formi og öðru en hin opinberu afskipti séu bara svo óskynsamleg, þessi áætlunarbúskapur hans sem sé orðinn allt of mikill hér, — og ég viðurkenni, að hér er að mörgu leyti allt of mikill sósíalismi, — hann sé óskynsamlegur, hann mundi verða miklu skynsamlegri, ef menn á borð við hann sjálfan, sem mikla þekkingu þykjast hafa á atvinnulífi, fengju að ráða þessum áætlunarbúskap. En það er rétt, að vegna hinna sósíalísku áhrifa, sem voru mikil hér og enn eru of mikil að minum dómi í atvinnulífinu, hefur stórfé glatazt. Það verður aldrei mælt, hve mikið það er, en það er áreiðanlegt, að fyrirtækjunum hefði vegnað betur, ef opinber afskipti hefðu verið minni, sósíalismin hefði minni áhrif haft í þessu þjóðfélagi en raun hefur borið vitni.

En sem betur fer gera menn sér stöðugt í ríkari mæli grein fyrir nauðsyn þess, að atvinnufyrirtækin séu öflug. Menn skilja, að auðlegð verður ekki sköpuð nema atvinnuvegirnir hafi traustan grundvöll. Og fleiri gera sér grein fyrir því, að t. d. starf framkvæmdastjóra á ekki að vera að hanga í biðherbergjum bankastjóra eða stjórnarfulltrúa, heldur að hafa nægilegt fé undir höndum til þess að geta einbeitt sér að bættum rekstri til þess að treysta hag fyrirtækisins, bæta afkomu starfsfólksins og auka auðlegð þjóðfélagsins. Fólkið um land allt, það er tekið til við að framkvæma þá stefnu, sem nefnd hefur verið auðstjórn almennings, þ. e. að byggja upp atvinnufyrirtæki með eigin fjármagni. Það sameinar kraftana við uppbyggingu almenningshlutafélaga. Og ríkisvaldinu ber að styðja og styrkja þessa stefnu af öllum mætti. Þótt flm. þessa frv. glotti, þegar þeir halda því fram, að íslenzkur atvinnurekstur sé gjaldþrota, þá veit almenningur, fólkið í landinu, að líf þess er undir því komið, að vonir þessara herra rætist ekki, og það sýnir það í verki, að það ætlar að byggja upp öflugt atvinnulíf um land allt. Og það mun dæma þá aðför, sem gerð er að atvinnufyrirtækjunum, að verðleikum. Það var þess vegna, sem ég fagnaði því, að þremenningarnir, sem að frv. þessu standa, koma til dyranna í þetta skipti eins og þeir eru klæddir. Við þá á íslenzk alþýða ekkert erindi.

En hvað svo sem hv. 1. flm. þessa máls vildi láta okkur halda um tilganginn með flutningi frv. í ræðu sinni áðan, þegar hann hélt því fram, að það væri ekki flutt til þess að hafa áhrif á gang vinnudeilnanna, þá er ég anzi hræddur um, að það sé a. m. k. öðrum þræði flutt til þess að reyna að spilla fyrir þeim samningatilraunum, sem nú standa yfir í mjög erfiðri og alvarlegri vinnudeilu. Það eru sem sagt til menn, sem telja, að tilgangurinn helgi meðalið, og tilgangur þessa manns er að grafa undan stoðum íslenzks lýðræðis og frelsis og gera land okkar kommúnískt, sósíalískt, eins og þeir orða það á sínu máli. Og meðalið er að kollvarpa atvinnurekstrinum og sverfa svo að verkalýð, að hann verði fúsari til fylgilags við þá, sem berjast gegn þeirri þjóðfélagsskipun, sem við búum við, lýðræðinu.

Mér er það fullljóst, að það er margt, sem miður fer hér á okkar landi og verr en skyldi. En flest er það að minni hyggju að kenna of miklum sósíalískum áhrifum á atvinnulífið, sem ótrúlega erfiðlega gengur að uppræta. Það er líka ljóst, að láglaunamenn hafa þörf fyrir bætt kjör. En þó er þörfin mest á því að búa þannig í haginn, að kjörin batni jafnt og þétt á næstu árum, en ekki verði kippt stoðum undan þeirri heilbrigðu þjóðfélagsþróun með óraunhæfum kauphækkunum. Ég var fyrir skömmu á ferð um auðugasta land veraldar og leitaðist við að kynna mér aðstæður þar eins vel og ég frekast gat. Og skoðun mín er sú, að þrátt fyrir þá miklu erfiðleika, sem við Íslendingar höfum átt við að stríða, séu kjör okkar almennt ekki miklu lakari en þar í landi og hafi líklega verið betri hér en þar almennt séð, þegar bezt gegndi. Upphæðirnar í krónum og dollurum segja mjög lítinn hluta sögunnar. Það, sem nú ríður á, er að tryggja öllum fulla

atvinnu, að efla sem mest má verða íslenzkan atvinnurekstur, en ekki að vega að honum á þann hátt, sem hér hefur verið gerð tilraun til. Og þá mun auðlegð þessarar þjóðar, sem byggir bezta land veraldar, verða mikil, að því þó áskildu, að skoðanabræður flm. þessa frv. verði áhrifalausir.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þetta var nú eins og að fá heimsókn frá fortíðinni. Ég hef hlustað á umr. hér á þingi allmörg undanfarin ár og sá tónn, sem þessi hv. þm. tamdi sér, hefur sem betur fer ekki heyrzt hér í þingsölum, enda á þessi umræðutónn lítið skylt við *málefnalegar deilur* eða *málefnalegar umr.* Hann er fremur í stíl við taugaveiklun, einhvern innri veikleika, heldur en alvarlegar umr. um þjóðmál. Þessi tónn tíðkaðist hér áður fyrr, þegar kalda stríðið stóð sem hæst, en sem betur fer hafa menn fellt hann niður, og þessi hv. þm. er mjög einangraður hvað þetta snertir. Hann er *raunar einangraður á fleiri sviðum.*

Það er dálítið fróðlegt að rifja það upp, að hér rétt áðan flutti hæstv. landbrh. framsögu fyrir frv. um að gera Áburðarverksmiðjuna að ríkiseign. Þegar heimild til þess var borin fram á Alþ. í fyrra, kom fram eitt mótatkv., atkv. þessa hv. þm. Hann er jafneinangraður í sínum flokki og annars staðar. Hann er fortíðarfyrirbæri, sem er raunar furðulegt að skuli hafa komið inn á Alþingi Íslendinga. Og það er fleira furðulegt í því sambandi. Mér finnst það einnig furðulegt, að þessum hv. þm. skuli vera falið að *stjórna* Morgunblaðinu, áhrifamesta og víðlesnasta blaði þjóðarinnar. Afskipti hans af því blaði hafa orðið til þess, að skrif þess blaðs um þjóðmál einkennast miklu meir af taugaveiklun og ofstæki en almennur málflutningur og almenn afstaða leiðtoga Sjálfstfl. Þessi maður stendur á allt öðru stigi en Íslendingar standa yfirleitt, þegar verið er að ræða um stjórnmál. Menn hafa getað rætt hér við af fullri alvöru og fullri einlægni, þó að þá greini á um marga hluti, og án þess að þurfa að kasta óhreinindum hver framan í annan í annarri hverri setningu.

Raunar var það dálítið leiðinlegt fyrir þennan hv. þm., að hann var búinn að semja fyrir fram svarræðuna við framsögu minni, sem ég flutti hér áðan, og hin tilbúna svarræða, sem var samin fyrir fram, passaði ekki ýkja vel við það, sem ég *sagði í minni ræðu*, þannig að þm. var með alls konar staðhæfingar, sem hann gat ekki fært nein rök fyrir. Engu að síður var mjög skemmtilegt að fá einmitt þennan hv. þm. hér upp í ræðustólinn til þess að ræða um þessi mál.

Það ástand, sem nú er á Íslandi, er afleiðing af þeirri viðreisnarstefnu, sem upp var tekin 1960. Sú stefna var byggð á tilteknum hugmyndum um hagfræði, hugmyndum, sem einmitt þessi hv. þm. gerðist alveg sérstakur talsmaður fyrir. Ég skal ekki draga í efa, að forustumenn Sjálfstfl. og ríkisstj. *hafa gert sér vonir* um, að þessar hagfræðikenningar mundu duga, þær mundu geta orðið til þess að leysa þau vandamál, sem hér er við að etja. En reynslan hefur aðeins sannað, að þessar kenningar hafa ekki hentað aðstæðum Íslendinga, vegna þess að kenningarnar eru sóttar til milljónaþjóðfélaga, margfalt stærri þjóðfélaga, þar sem iðnþróun er á mjög háu stigi og þar sem vandamál þau, sem við er að etja, eru allt önnur en vandamálin hér. Við getum aldrei leyst þessi mál nema við séum menn til að hugsa úrræðin út frá okkar eigin forsendum.

Og hver hefur afleiðingin orðið? Þessi hv. þm. sagði, að *ég vildi íslenzka atvinnuvegi feiga* og ég talaði hér glottandi um vanda íslenzkra atvinnuvega. Ég hef ekki gert neitt slíkt. Hins vegar hefur þessi stefna leitt feigð yfir ýmsar greinar í íslenzkum atvinnuvegum. Allir vita, hvernig togaraflotinn er nú kominn. Það er ekki til helmingur þeirra skipa, sem eitt sinn voru, og *þessi skip, sem eftir eru, fullnægja engan veginn* þeim kröfum, sem maður gerir nú til togara. Þessi mikilvægi þáttur í atvinnuvegum okkar hefur verið á niðurleið og það er sáralítið eftir af honum. Ef svo heldur áfram eitt, tvö, þrjú ár í viðbót, er engin íslenzk togaraútgerð eftir.

Mér dettur ekki í hug, að neinn forustumaður hæstv. ríkisstj. glotti að þessu eða fagni því, eins og þessi hv. þm. heldur að aðrir geri. En vel má vera, að þessum hv. þm. þyki þetta litlu máli skipta, því að hann hefur haft ákaflega lítið álit á þeim atvinnuvegum, sem *Íslendingar sjálfir* hafa byggt upp og rekið í landi sínu. Áhugi hans beinist allur að öðru. Þessi hv. þm. virðist ímynda sér, að hægt sé að leysa vandamál Íslendinga með því að fela erlendum auðfyrirtækjum að koma hér upp atvinnurekstri og að hann geti tekið af okkur sjálfum það verkefni að halda *uppi atvinnu á Íslandi.* Þetta er háskalegasta kenning, sem nokkurn tíma hefur verið boðuð hér, og engin önnur kenning er jafnmikið tilræði við íslenzka atvinnuvegi og þessi.

Ég hef rakið það hér áður á þingi, hvað felst í þeim erlendu stóriðjufyrirtækjum, sem menn eru nú með áform um, ef komið verður upp nýjum stórvirkjunum á Þjórsársvæðinu og samið við alúmínhringa eða aðra tiltekna aðila, sem stofna sams konar fyrirtæki og í Straumi. Þessi fyrirtæki geta aðeins tekið við litlu broti af þeirri *mannaflaaukningu, sem verður á Íslandi á næstu* áratugum, — örlitlu broti af henni. Jafnvel þótt menn hafi fulla trú á þessum erlenda atvinnurekstri, leysir það okkur ekki undan þeirri skyldu, að við verðum sjálfir að vera menn til þess að starfrækja okkar eigin atvinnuvegi og sérstaklega íslenzkan iðnað. En ástæðan fyrir því, að þessi hv. þm. lítur svona á málin, er sú, að honum finnst hann ekki sérstaklega eiga heima á Íslandi. Hann á heima í stærri veröld. Honum finnst þetta barnaleikur hér, þau átök, sem hér kunna að vera *milli flokka og milli verkalýðssamtaka og atvinnurekenda.* Honum finnst þetta vera smáræði. Honum finnst hann vera riddari í einhverri stórri baráttu á milli kapítalisma og kommúnisma. Hann heldur, að hann sé að gera alþjóðakommúnisma einhverja skráveifu með því að skamma mig hér úr þessum ræðustól. Þetta er alger misskilningur *hjá hv. þm.*

Hv. þm. er svo lítill og ég er svo lítill líka, að það hefur ekki nokkur hugmynd um það utan landsteinanna, að við séum til. Og það, sem við kunnum að segja, og það, sem við kunnum að gera hér á Íslandi, breytir ekki nokkrum sköpuðum hlut í sambandi við þróun kapítalisma og komm-

únisma. Okkar vandi er allur annar. Okkar vandi er að leysa okkar eigin vandamál hér á Íslandi, og mismunandi skoðanir okkar um það efni eru alveg eðlilegar. Auðvitað lærum við af vandamálum annarra og kenningum annarra. En þá fyrst erum við stjórnmálamenn á Íslandi, þegar við reynum að melta þær kenningar og beita þeim á hinn íslenzka veruleika. Ef við erum ekki menn til þess, þá eigum við að fást við einhver önnur verkefni.

Hv. þm. sagði, að hér hefði verið allt of mikið af sósíalisma á Íslandi á undanförnum áratugum og það væri meinsemdin. Ekki veit ég, hvað hv. þm. heldur að sósíalismi sé. En sósíalismi hefur sannarlega ekki verið á Íslandi. Hins vegar hafa verið hér félagsleg sjónarmið. Og þau sjónarmið eru sprottin upp úr þeirri staðreynd, að það eru ekki nema nokkrir áratugir síðan Íslendingar urðu að takast sjálfir á við það verkefni að byggja upp sína eigin atvinnuvegi. Þeir lutu áður erlendri forsjá, en urðu nú sjálfir að taka málin í eigin hendur. Og eina leiðin til þess að gera það í þjóðfélagi eins og því íslenzka var að taka upp samvinnu og samhjálp. Á þennan hátt höfum við fyrst og fremst þróað atvinnuvegi okkar.

Það er vissulega staðreynd, að hinn félagslegi þáttur í atvinnurekstri á Íslandi er miklu meiri en í nokkru öðru landi Vestur-Evrópu. En þetta er enginn sósíalismi. Þetta er afleiðing af hinum sérstæðu aðstæðum á Íslandi. Til þess að leysa okkar vandamál urðum við að beita þeim úrræðum, sem við höfðum sjálfir. Við verðum að beita bæjarrekstri í ýmsum bæjarfélögum vegna þess, að það er lífsnauðsyn fólks að hafa atvinnu á þeim stöðum. Og við verðum að beita ríkisrekstri, þegar við viljum koma upp stórfyrirtækjum, þegar við viljum virkja fljótin okkar, þegar við viljum koma upp verksmiðjum eins og sementsverksmiðju, áburðarverksmiðju o. s. frv. Og þetta hefur verið sameiginleg stefna allra flokka á Íslandi, hvaða grundvallarkenningar sem menn hafa aðhyllzt, vegna þess að ábyrgir menn hafa vitað, að það væri ekki hægt að leysa vandamálin á annan hátt en þennan.

Hið háskalega við viðreisnina var það, að þar var reynt að höggva á þennan félagslega þátt af hreinu pólitísku ofstæki af mönnum, sem skildu ekki, að þeim bar að hugsa eins og Íslendingar um íslenzkan veruleika, en héldu sig vera einhverja umboðsmenn einhverrar alþjóðlegrar kapítalískrar stefnu, eins og þessi hv. þm. Og einmitt þessi afstaða, þetta bann við félagslegum sjónarmiðum leiddi til þess, að okkar eigin atvinnuvegum hrakaði. Ég nefndi togarana áðan. Það er einnig hægt að nefna þann hluta bátaflotans, sem stundað hefur bolfiskveiðar. Það er hægt að nefna þá staðreynd, að freðfiskframleiðsla okkar dróst saman um þriðjung á sama tíma og hún tvöfaldaðist og þrefaldaðist hjá keppinautum okkar. Það er hægt að nefna, hvernig fór fyrir ýmsum þáttum í íslenzkum iðnaði. Þetta stafaði allt af því, að nú mátti ekki beita hinum félagslegu sjónarmiðum, og lausnarinn mikli átti að vera erlendir aðilar, sem tækju við þeim verkefnum, sem við Íslendingar höfðum gefizt upp við að leysa.

Ég er alveg sannfærður um það, að jafnt innan stjórnarflokkanna sem innan atvinnurekendasamtakanna er vaxandi skilningur á því, að þessir aðilar hafa ekkert að læra af ofstækismönnum eins og hv. þm. Eyjólfi Konráði Jónssyni. Hvergi á ofstæki verr við en hér á Íslandi. Við erum lítið þjóðfélag. Hér þekkja allir hverjir aðra, hér þurfa menn að kunna að vinna saman og hér hafa allir kunnað að vinna saman. Hér hafa allir stjórnmálaflokkar getað unnið saman við vissar aðstæður. Og menn, sem halda, að hægt sé að rjúfa þessa hefð, eru að vinna íslenzku þjóðfélagi mikið ógagn.

Hv. þm. vék að fjölmörgu, sem ég hef satt að segja heldur litinn áhuga á að ræða við hann, vegna þess að sá umræðutónn, sem hv. þm. ástundar, er fjarskalega leiðinlegur. Það er dálítið erfitt að svara honum í alvöru og ég a. m. k. nenni ekki að svara í sama tón, þannig að ég held, að ég láti þessar almennu hugleiðingar nægja.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki draga þessar umr. á langinn, ekki fara út í almennar stjórnmálaumr., eins og hv. síðasti ræðumaður þó hefði getað gefið tilefni til. En mig langar aðeins til að vekja á því athygli, að þessi maður sagði, held ég, einum 10—20 sinnum í ræðu sinni, — kannske er það nú eitthvað of í lagt, en alloft talaði hann um „ofstæki“ og að ég væri þessi mikli „ofstækismaður“. Ég held, að þessi maður ætti ekki að taka sér þetta orð í munn, a. m. k. ekki í sambandi við alþjóðamál, hvað sem líður innanlandsmálum. Við skulum ekki fara lengra út í þá sálma.

Mergurinn málsins er sá, að þessi maður svaraði ekki spurningu minni, sem ég lagði mjög mikla áherzlu á að væri svarað, þeirri, hvort hann, flm., eða ritstjóri Þjóðviljans hefði rétt fyrir sér að því er varðar fjármögnun fyrirtækja. Annar heldur því statt og stöðugt fram, að bankar og ríkisstj. hindri eðlilegar lánveitingar til fyrirtækja. Hinn heldur því mjög eindregið fram, að svo miklu fé sé ausið í atvinnulífið, að þar sé raunverulega um miklu meira fjármagn úr bönkum og sjóðum að ræða heldur en svari til eigna fyrirtækjanna, þau séu meira og minna gjaldþrota öllsömun.

Ég veit ekki, hvernig menn lesa orðalag grg., hvort þeir lesa út úr því, að höfundur hafi glott, þegar hann skrifaði það, að íslenzk atvinnufyrirtæki væru öllsömun gjaldþrota. Ég gat ekki annað en lesið það milli línanna, enda finnst mér mjög skiljanlegt, að þessi maður, sem hefur það að meginkappsmáli að brjóta niður það skipulag, sem er á íslenzkum atvinnumálum, séreignarskipulagið, — maður, sem óneitanlega vill fá sósíalisma á Íslandi, þótt hann nú í dag skammist sín fyrir að vera kommúnisti og vilji ekki viðurkenna það hér í stólnum, — hann vill þó óneitanlega sósíalisma, hann hlýtur að vilja brjóta niður það kerfi atvinnulífsins, sem hér er, og hann vinnur líka dyggilega að því ár og síð með öllum þeim mætti, sem hann hefur. Sem betur fer er sá máttur orðinn heldur lítill, og a. m. k. minni innan hans flokks en ókunnugir menn skyldu halda, sem sjá hann hér í pontunni um hvert einasta mál reynandi að gera sig að leiðtoga þess flokks, sem ekki vill hafa með hann

að gera sem slíkan. Það reynir hann í hverju einasta máli og notar málgagn sitt óspart í því efni. Ég vildi óska þess, að hann yrði leiðtogi þessa flokks. Ekkert betra gæti hent okkar Ísland, sem hann vildi þó helzt ekki leyfa mér að búa á eða a. m. k. hélt fram, að ég væri lítill Íslendingur. Ég hélt, að ég hefði sagt hér í ræðustólnum áðan, að Ísland væri bezta land í heimi. Ég vil búa í bezta landi í heimi. En sem sagt, ég skal ekki draga þessar umr. lengur, enda má ég til með að hverfa af fundi, en vona, að spurningunni verði svarað.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég gleymdi lítilli spurningu. Hún er ekki sérlega flókin. Hv. þm. spurði, hvort ég teldi frekar, að vantað hefði eðlilega fyrirgreiðslu banka við fyrirtæki, eins og oft væri haldið fram, eða hvort of miklu væri ausið í fyrirtækin. Þetta hefur hvort tveggja gerzt og þetta gerist hvort tveggja.

Þegar gagnrýnd er of lítil fyrirgreiðsla banka við fyrirtæki, þá er þar átt við tímabundna örðugleika, sem upp hafa komið. Það er oft nauðsynlegt að leggja fram fjármuni til fyrirtækja til þess að halda atvinnu gangandi, þó að skipulag sjálfrar atvinnugreinarinnar sé snarvitlaust.

Á því er ekki nokkur vafi, og það er viðurkennd staðreynd af hagfræðingum, einnig hagfræðingum hæstv. ríkisstj., að ein meginvillan í efnahagsstjórn á Íslandi að undanförnu hafi verið algerlega röng fjárfesting, þar hafi verið bundnar miklar upphæðir, hundruð millj., sem ekki skila þjóðhagslegum arði. Og fyrirtæki, sem ekki skila þjóðhagslegum arði, sem ekki eru rekin í samræmi við fjárfestinguna, verða baggi á þjóðfélaginu, en ekki lyftistöng, hversu góð sem þau fyrirtæki hafa verið í hugum þeirra manna, sem stofnuðu þau. Vélar, sem ekki eru notaðar nema að litlu leyti, fyrirtæki, sem skila ekki nema broti af afkastagetu sinni, slík fyrirtæki lyfta ekki efnahag þjóðarinnar. Einmitt þess vegna er það algerlega rétt, að það hefur verið varið allt of miklu fé í ýmis fyrirtæki, sem geta ekki skilað á móti þeim arði, sem þjóðfélagið á heimtingu á.

Þeir, sem skipta sér af stjórnmálum, verða oft að vera menn til að gera tvennt í senn, bæði að fjalla um tímabundin vandamál og eins að leggja á ráðin um skynsamlega efnahagslega þróun. Þessi atriði geta stundum verið næsta gagnstæð hvert öðru, en engu að síður verður að sinna þeim báðum í senn. Þarna er ekki um neina andstæðu að ræða, eins og hv. þm. hélt, og hann kom mér ekki í neinn vanda með því að spyrja þessarar spurningar. Ástæðan til þess, að ég vék ekki að henni fyrr í ræðu minni, var einvörðungu sú, að mér fannst hún svo hlægileg og ómerkileg, að ég taldi ekki ástæðu til þess að orða hana. En fyrst hv. þm. bað mig um að svara þessu sérstaklega, þá geri ég það fúslega.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja mikið þessar umr. eða blanda mér í þá athyglisverðu deilu, sem hér hefur verið háð. En visst atriði í henni gefur mér tilefni til að segja nokkur orð. Áður vildi ég aðeins víkja að því frv., sem hér liggur fyrir. Ég reikna með, að það sé lagt fram í þeim tilgangi að reyna að greiða fyrir lausn þeirrar kaupdeilu, sem nú stendur yfir. Hins vegar held ég, að það hljóti flm. að vera ljóst sjálfum, að varla sé hægt að vænta þess, að þetta frv., þótt það yrði að lögum, yrði til þess að greiða fyrir lausn þessarar kaupdeilu, því að meðan við höfum þá stjórn, sem nú fer með völd, hygg ég, að hún mundi gera lítið að því að framkvæma það, sem í lögunum segir um leigunám atvinnufyrirtækja, sem hafa lýst yfir verkbanni, svo að ég held, að þess vegna mundi þetta frv., þótt að lögum yrði, ekki ná þeim tilgangi að greiða neitt úr þeirri deilu, sem nú stendur yfir.

Hins vegar getur það orðið tímabært, áður en langt um líður, að Alþingi hafi afskipti af þessu máli. Kaupsamningar eru nú búnir að standa yfir í meira en tvo mánuði, án þess að samkomulag hafi náðst, og þegar eru hafin mjög veruleg verkföll og þó líklegt, að enn þá stórfelldari verkföll verði fram undan eða hefjist innan lítils tíma, ef ekki tekst að koma á samkomulagi. Þegar svo er komið, að flestar atvinnugreinar landsins eru lamaðar vegna verkfalla eða verkbanna, þá er að sjálfsögðu óhjákvæmilegt, að Alþingi athugi, hvort það geti ekki haft eitthvert frumkvæði að því að leysa þetta mál. Og ég hygg, að jákvæð afskipti Alþingis af þessu máli séu miklu auðveldari nú en þau hafa lengi verið undir slíkum kringumstæðum, því að í raun og veru þyrfti Alþ. ekki annað til þess að leysa þessa deilu heldur en að endurnýja þau lög, sem á sínum tíma voru samþ. hér á Alþingi í framhaldi af hinu mjög svo rómaða júnísamkomulagi 1964. Hæstv. núv. dómsmrh. og aðrir ráðh. hafa lýst því yfir, að það sé hið merkasta samkomulag, sem nokkru sinni hafi verið gert hér á landi milli ríkisstj., atvinnurekenda og verkalýðsstéttanna. Þó að ég játi, að mér finnist þetta nokkuð sterkt að orði kveðið, þá tel ég, að þetta hafi verið merkilegt samkomulag að því leyti, að með því að lögbinda vísitölu á kaup var stigið stórt spor í þá átt að tryggja vinnufriðinn, eins og líka sýndi sig. Hann var öllu betri næstu árin á eftir heldur en var, a. m. k. á árunum áður, þegar vísitölugreiðslur voru bannaðar. Mér finnst sem sagt, að það hljóti að geta orðið tímabært, áður en langur tími líður, ef deilan leysist ekki og verkföllin halda áfram að aukast, að Alþ. taki til athugunar að skerast í leikinn með svipuðum hætti og gert var með lögum 1964, með því að lögbinda vísitölugreiðslur á kaupgjald. En það er alveg víst, að það mundi verða til þess að leysa þessar deilur og a. m. k. mundi ekki vera um nein verkföll af hálfu launastéttanna að ræða eftir það. Og ég hygg, að atvinnurekendur mundu einnig sætta sig við slíka löggjöf, ef hún væri sett.

Ég sé, að hv. 10. landsk. þm. er horfinn af fundi, en það var eitt atriði í ræðu hans, sem var þess sérstaklega valdandi, að ég kvaddi mér hér hljóðs. Hann kvartaði mjög undan því og alveg réttilega, að eigið fé atvinnufyrirtækja væri orðið allt of lítið, og það var einnig viðurkennt, að því er mér skildist, af hv. 6. þm. Reykv., svo að um það atriði voru þeir báðir sammála. Það, sem ég vildi í tilefni af þessu, var að vekja athygli hv. 10. landsk. á þeirri þróun, sem hefur orðið í þessum efnum undanfarin 10 ár eða á þeim tíma,

sem hans flokkur hefur haft meiri áhrif á stjórnarfarið í landinu heldur en nokkru sinni fyrr eða síðar.

Hver hefur þróunin orðið á þessum tíma varðandi það, hvort eigið fé atvinnufyrirtækja hefur aukizt eða ekki? Ég held, að ef menn líta hlutlaust á þessi mál, sé niðurstaðan sú, að hlutur eigin fjár atvinnufyrirtækja í því fjármagni, sem þau hafa til umráða, hafi farið verulega minnkandi. Og það er fyrst og fremst vegna þess, hvernig á efnahagsmálunum hefur verið haldið af hálfu ríkisstj. og þá öðru fremur af hálfu Sjálfstfl., sem hefur haft mest áhrif á þessi mál, vegna þess að hann hefur t. d. átt fjmrh. úr sínum hópi. Það, sem hefur gerzt á þessum árum, er t. d. það, að skattar á atvinnufyrirtækjum hafa verið verulega hækkaðir, og þá á ég ekki aðeins við tekju- og eignarskatt, heldur fjölmarga aðra nýja skatta, sem hafa verið lagðir á atvinnufyrirtækin, launaskatt og alls konar skatta aðra. Með þessum hætti hafa möguleikar atvinnufyrirtækjanna verið rýrðir til þess að eignast eigið fé, sem þau gætu notað í reksturinn. Þá má minna á það, hvernig gengisfellingarnar hafa farið með atvinnufyrirtækin eða þá sjóði, sem þau hafa verið búin að koma sér upp. Gengisfellingar hafa stórrýrt verðmæti þessara sjóða, þannig að sjóður, sem við skulum segja var áður upp á 100 þús. kr., ef maður nefnir það sem dæmi, raunar jafngildir nú ekki nema 25 þús. eða jafnvel minna, þegar miðað er við raunverulegt verðgildi. Stjórnarstefnan hefur í stórum dráttum verið þannig, að hún hefur verið að rýra sjóði atvinnufyrirtækjanna og skerða möguleika þeirra til þess að safna nýju starfsfé. Þetta hefur orðið niðurstaðan af stjórn Sjálfstfl. á undanförnum 10 árum varðandi það að skapa atvinnufyrirtækjunum betri aðstöðu til þess að eignast meira eigið fé, sem þau gætu haft í rekstrinum.

Ég sé ekki fram á annað en það eigi að halda áfram nákvæmlega sömu stefnunni enn þá. Á þessu þingi er ekki gert ráð fyrir neinum tilslökunum gagnvart atvinnuvegunum í skattamálum. Þvert á móti sýnist mér, að í sumum tilfellum sé verið að auka álögurnar. Aðstaða þeirra er þrengd með stórfelldum lánsfjárhöftum af hálfu bankanna og þeim þannig sköpuð miklu verri rekstraraðstaða en ella. Það er alveg ljóst líka, að eins og nú horfir, ef ekki verður neitt breytt um stefnu, er þegar byrjað að safna í fimmtu gengisfellinguna. Geta allir gert sér ljóst, hver áhrif það hefur á möguleika atvinnufyrirtækjanna til að koma sér upp nauðsynlegum starfssjóðum.

Hv. 6. þm. Reykv. lét svo ummælt, að ríkisstj. eða ráðh. hefðu oft og tíðum verið á þönum til þess að koma fram ýmsum endurbótum fyrir atvinnuvegina. Ég er ekki þessu sammála, vegna þess að mér finnst það eitt af því, sem er áfellisvert við núv. ríkisstj., að hún hefur gert allt of lítið fyrir atvinnuvegina á mörgum sviðum. Í staðinn fyrir að gera nokkuð fyrir þá hefur hún hert að þeim. Þar verður þess vegna að breyta um stefnu. Og það, sem verður að koma eftir þá lausn, sem endanlega næst í þeirri kaupdeilu, sem nú stendur yfir, og vonandi verður þannig, að gengið verði mjög verulega og helzt til fulls til móts við launaþega, er, að það verði hafizt handa um að bæta stórlega aðstöðu atvinnuveganna með stjórnarráðstöfunum frá því, sem nú er, bæði í skattamálum, lánsfjármálum og á ýmsum öðrum sviðum. Ég get tekið undir það með hv. 6. þm. Reykv., að slíkar aðgerðir koma að mjög takmörkuðum notum, nema jafnframt séu tekin upp miklu skipulegri vinnubrögð við uppbyggingu atvinnuveganna heldur en nú á sér stað. Ég óttast t. d., að það verði afleiðingin varðandi Atvinnubótasjóð, sem nú er búið að koma upp og ríkisstj. og stéttasamtökin standa að, að í staðinn fyrir að efla sterk fyrirtæki á vissum stöðum, þar sem slíkur rekstur hentar bezt, verði farið að koma upp smáfyrirtækjum hér og þar og sköpuð þannig ýmis innbyrðis samkeppni á milli þeirra, að ekkert af þessum fyrirtækjum geti borið sig. Ég tel, að það væri mjög óheppilega að farið, t. d. í sambandi við uppbyggingu landsbyggðarinnar, ef unnið væri að því að koma upp plastverksmiðju á hverjum stað, skipasmíðastöð á hverjum stað o. s. frv., með þeim afleiðingum, að eiginlega ekkert af þessum fyrirtækjum gæti borið sig, í staðinn fyrir, að það væri komið upp fáum traustum fyrirtækjum, sem hefðu möguleika til þess að inna þá starfrækslu vel af hendi, sem þeim er ætlað að fást við.

Það er hverju orði sannara, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, að hér þurfum við að breyta um starfshætti. En því miður bólar ekki á miklum áhuga hjá núv. ríkisstj. og flokkum hennar í þeim efnum, því að í hvert skipti, sem á þetta er minnzt, eins og hefur verið gert af hálfu okkar framsóknarmanna æðioft að undanförnu, hefur alltaf bara verið hrópað, að þetta séu höft og höft, að þetta megi alls ekki gera. Meðan slíkt viðhorf er ríkjandi er það meira en satt, að það er ekki hægt að búast við miklum endurbótum og árangri á þessu sviði.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, þar sem líka hv. 6. þm. Reykv. er vikinn af fundi, en til hans hafði ég fyrst og fremst ætlað að beina máli mínu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:10 atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

42. Iðnlánasjóður.

Á 43. fundi í Sþ., 23. apríl, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. um Iðnlánasjóð, nr. 68 10. okt. 1967 [230. mál] (þmfrv., A. 521).

Á 81. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 27 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Eins og rakið er í grg. þessa frv., hefur iðnaður-

inn búið við mjög vaxandi lánsfjárskort á undanförnum árum þrátt fyrir það að nokkur aukning hafi orðið á Iðnlánasjóði. Þessu valda margar ástæður. Ein er sú, að vélvæðing fer stöðugt vaxandi og henni fylgir það, að iðnfyrirtækin þurfa miklu meira fjármagn til stofnkostnaðar en áður. Sama gildir um ýmsa hagræðingu. Þá hafa gengisfellingarnar farið mjög illa með eigin sjóði iðnfyrirtækja, eins og rakið var í umr. áður, og rýrt mjög möguleika iðnfyrirtækjanna til þess að endurnýja tæki sín. Þá má nefna sparifjárbindinguna, sem hefur þrengt mjög möguleika lánastofnana til þess að mæta aukinni þörf iðnfyrirtækjanna fyrir meira rekstrarfé, sem m. a. hefur hlotizt af því hvað rekstrarkostnaður hefur stóraukizt sökum gengislækkana.

Með þessu frv. er stefnt að því með tvennum hætti að auka nokkuð starfsfé Iðnlánasjóðs.

Í fyrsta lagi er lagt til, að ríkisframlagið til sjóðsins verði jafnhátt og nemur tekjunum af gjaldi iðnaðarins til hans. Þetta mundi tvöfalda ríkisframlagið eða rúmlega það, en það er í fjárl. þessa árs um 10 millj. kr.

Þá er í öðru lagi lagt til að tvöfalda þær lántökuheimildir, sem sjóðurinn hefur í lögunum, annars vegar vegna venjulegra lána og hins vegar vegna hagræðingarlána. Samkvæmt lögum hefur sjóðurinn heimild til að taka 300 millj. kr. lán, sem nota má til venjulegra lána, og 100 millj. kr. lán, sem nota má til hagræðingarlána. Lagt er til í þessu frv., að þessar upphæðir verði tvöfaldaðar, eins og ég áður gat um.

Þriðja breyt. á lögunum, sem felst í þessu frv., snertir ekki aukin fjárráð sjóðsins, heldur hitt, hvernig því fé er varið, sem stjórn Iðnlánasjóðs fær til ráðstöfunar. Það er að sjálfsögðu mjög mikið vandaverk að ráðstafa þessu fé. Það þarf að skipta því á milli margra iðngreina, og þess vegna þarf sjóðsstjórnin að hafa gott yfirlit yfir það, hvaða iðngreinar eigi að ganga fyrir á hverjum tíma eða mest ástæða sé til að efla. Þetta getur verið talsvert vandasamt mat. Og þá þarf sjóðsstjórnin jafnframt að taka réttmætt tillit til þeirra ýmsu umsækjenda, sem sækja um lán í hverri einstakri iðngrein, og reyna að gera það með þeim hætti, að þeir gangi fyrir, sem eðlilegast er að njóti slíkra lána. Sjóðsstjórn, sem þarf að annast slíkt vandamál, verður að hafa sem bezt aðhald, og það teljum við flm. að sé m. a. hægt að tryggja með því, að árlega sé birt skrá um útlán sjóðsins og jafnframt skrá um heildarlán sjóðsins til einstakra lántakenda.

Ég vil benda á það í þessu sambandi, að ríkisreikningunum fylgir skrá um allar ríkisábyrgðir, þannig að menn geta fylgzt með því, hverjir njóta þeirra forréttinda á hverjum tíma að fá ábyrgð ríkisins á lánum. Þá hafa þm. a. m. k. nú á þessu þingi fengið skýrslu um lánveitingar Atvinnujöfnunarsjóðs, og þess vegna geta menn haft aðgang að því, hvernig fjármunum hans er ráðstafað. Ég álít að þetta sé mjög góð regla og henni verði að halda áfram. Í framhaldi af því verður að telja sjálfsagt, að opinberlega verði birt skrá um þau lán, sem verða veitt úr hinum nýja Atvinnubótasjóði ríkisins. Þetta þarf að taka upp varðandi fleiri opinbera sjóði, og gæti jafnvel komið til athugunar, hvort það væri ekki rétt að gera þetta gagnvart bönkunum að einhverju leyti, t. d. að menn hefðu vitneskju um, hverjir það væru, sem væru þar stærstir lántakendur.

Ég vil segja það að síðustu, að sú stefna á vaxandi hljómgrunn víða erlendis og svo hlýtur einnig að verða hér, að almenningi verði gefin sem bezt aðstaða til að fylgjast með því, hvernig þeir, sem þeita valdinu, fara með það. Og í nútímaþjóðfélögum eru í raun og veru fáir, sem hafa meira vald í höndum heldur en þeir, sem ráðstafa fjármagninu. Því er nauðsynlegt, að þeim sé skapað sem bezt aðhald, og það verður vafalaust ekki gert öllu betur með öðrum hætti en þeim að almenningur fái sem bezta aðstöðu til að fylgjast með störfum þessara manna og meta þau.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál að sinni, en leyfi mér að leggja til, að því verði vísað til iðnn. að lokinni þessari umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 82. fundi í Nd., 28. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til iðnn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

43. Sjóður til aðstoðar við þróunarlöndin.

Á 83. fundi í Nd., 29. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um sjóð til aðstoðar við þróunarlöndin [237. mál] (þmfrv., A. 567).

Á sama fundi og 87., 88., 89., 90., 91., 93. og 95. fundi í Nd., 2., 5., 6., 8., 9., 12. og 16. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

44. Garðyrkjuskóli á Akureyri.

Á 83. fundi í Nd., 29. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um garðyrkjuskóla á Akureyri [240. mál] (þmfrv., A. 575).

Á sama fundi og 87., 88. og 89. fundi í Nd., 2., 5. og 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 90. fundi í Nd., 8. maí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 22 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Við höfum, hv. 5. þm. Norðurl. e. og ég, leyft okkur að

flytja frv. til l. um garðyrkjuskóla á Akureyri, en aðalefni frv. er það, að ráðh. skuli heimilt, „þegar fé er til þess veitt á fjárl., að stofna á vegum ríkisins og reka að fullu á þess kostnað garðyrkjuskóla á Akureyri, svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum".

Ég vil geta þess í upphafi, að þó nokkuð lengi hefur verið uppi hreyfing á Norðurlandi um að endurreisa garðyrkjukennslu norðanlands. Sú var tíðin, að garðyrkjuskóli var rekinn á Norðurlandi, í gróðrarstöð Ræktunarfélags Norðurlands í mörg ár, eða frá því um aldamót og fram til 1940, en þá féll sú kennsla niður, enda tók þá til starfa nýr garðyrkjuskóli syðra, á Reykjum í Ölfusi, og þá var talið, að það væri ekki þörf á því að hafa fleiri garðyrkjuskóla. En nú hefur þessi hreyfing, eins og ég segi, aftur vaknað, að það væri nauðsynlegt að hafa nokkra garðyrkjukennslu á Akureyri, og þetta mál hefur lengi verið í athugun hjá áhugamönnum og ýmsum félagasamtökum norðanlands. Ég vil sérstaklega nefna í þessu sambandi Samband norðlenzkra kvenna, sem hefur tekið þetta mál alveg sérstaklega upp, og einnig Búnaðarsamband Eyjafjarðar, og bæjarstjórn Akureyrar hefur einnig sýnt þessu máli áhuga.

Fyrir nokkrum árum, líklega 1966 um vorið, var samþ. hér till. til þál. um könnun á þessu máli. Landbrh. skipaði þá n. þriggja manna til að athuga það, hvort grundvöllur væri fyrir slíkan skóla á Norðurlandi. Í þessari n. voru Jón Rögnvaldsson garðyrkjuráðunautur á Akureyri, mikill áhugamaður um garðyrkju, frú Dómhildur Jónsdóttir prestsfrú á Höskuldsstöðum á Skagaströnd og Ármann Dalmannsson, sem lengi hefur verið formaður Búnaðarsambands Eyfirðinga. Þessi n. þriggja manna og kvenna, sem um þetta fjölluðu, skilaði áliti til landbrh., líklega snemma árs 1967, og það nál. var hliðhollt þessu máli, þannig að þar var lagt til, að stofnaður yrði garðyrkjuskóli á Akureyri, og frv., sem hér er flutt, er í öllu, sem máli skiptir, byggt á hugmyndum þessarar nefndar.

Eins og fram kemur í 2. gr., er það landbrh., sem fer með málefni skólans, og þriggja manna skólanefnd, sem annast skólann. Ráðh. skipar þá n. samkv. sérstakri tilnefningu bæjarstjórnar Akureyrar, Búnaðarsambands Eyjafjarðar og Sambands norðlenzkra kvenna. Einnig er gert ráð fyrir því, og það er ákaflega mikilvægt atriði í þessu sambandi, að ríkið leggi fram til þessa skóla gamla gróðrarstöðvarhúsið á Akureyri og jafnframt nægilegt land til þess að hægt sé að starfrækja skólann. Um þetta hús er það að segja, að það er vandað og gott hús, byggt um aldamót, þegar gróðrarstöðin tók til starfa. Þetta hús er í furðugóðu gengi enn, þriggja hæða hús. Hins vegar er það lítið notað annað en að þar er íbúð og að vísu önnur starfsemi nokkur, sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur haft með höndum, og skilst mér, að Rannsóknastofnunin hafi umráð þessa húss, þó að ríkissjóður muni teljast eigandi þess. Það er hugmynd þeirra, sem gerst mega vita um þetta, áhugamanna um ræktunarmál á Norðurlandi, ekki síst garðyrkju, og þ. á m. skógræktarmanna, að þeir telja, að það sé full ástæða til þess að fara að endurvekja þá starfsemi, sem var í gróðrarstöðinni í áratugi, og það eru áreiðanlega flestir norðanlands á því, að heppilegasta formið á því væri að halda garðyrkjuskóla í þeim anda, sem minnzt er á í þessu frv.

Frekar um skólann, eins og frv. gerir ráð fyrir, þá vil ég benda á 4. gr., en þar er gert ráð fyrir því, að skólinn starfi 8 mánuði á ári, frá 1. marz til 31. október ár hvert, þetta er samkv. till. n., og jafnframt skuli lögð megináherzla á hagnýta og verklega kennslu í útigarðrækt og skipulagningu og ræktun skrúðgarða og skjólbelta, auk leiðbeininga um notkun sérfræðibóka. En hins vegar, þó að þetta sé tekið upp sem meginstefna, er ráðh. ætlað að setja nánari reglur um starfsemi skólans, m. a. um inntökuskilyrði í skólann, um námsefni, kennslutilhögun, um próf og prófréttindi. Allt eru þetta mikilvæg atriði, sem okkur flm. þótti réttara, að ráðh. fjallaði um, en ekki yrði fastbundið í lögum. Það er m. a. spurning um inntökuskilyrðin og um tengsl þessa skóla, ef af yrði, við Garðyrkjuskólann í Hveragerði. Mér finnst eðlilegt að gera ráð fyrir því, að þessi skóli verði í nokkrum tengslum við þann skóla beint eða óbeint, t. d. þannig, að nemendur, sem koma til með að læra í skólanum á Akureyri, geti haldið áfram námi í Garðyrkjuskólanum í Hveragerði, ef þeim sýndist svo. Þá yrði náttúrlega að búa svo um hnútana með reglugerð, að þetta yrði kleift, og haga námi þannig.

Eins og menn vita er skrúðgarðyrkja sérstök iðngrein, og það er skoðun okkar flm. eftir að hafa rætt það við kunnuga menn, að þessi fyrirhugaði skóli á Akureyri geti orðið mikilvægur forskóli fyrir þá, sem hugsa sér að ná sveinsprófi í skrúðgarðarækt. Við teljum því, að það mætti vel hugsa sér, að þessi skóli gæti orðið liður í námi þeirra.

Ég hef ekki öllu fleira að segja um þetta, herra forseti, annað en það, að ég held, að engum þurfi að ægja mjög kostnaður, sem af þessum skóla yrði. Ég hef ekki trú á, að hann verði mjög mikill. Því miður get ég ekki lagt fram kostnaðaráætlun um rekstur skólans, en gert er ráð fyrir því, að aðeins verði starfandi einn fastur kennari við þennan skóla, og einhverja stundakennslu yrði að líkindum að kaupa. Þetta kostar auðvitað fé. Þá er gert ráð fyrir því, að gamla gróðrarstöðin verði lögð til skólans, og það er út fyrir sig fjárframlag, og ég efa ekki, að það þarf að dytta nokkuð að húsinu, til þess að það verði vistlegt sem kennsluhúsrými og jafnvel sem heimavist fyrir nemendur. En þó mun það svo, að hér er um hverfandi litlar fjárhæðir að ræða. Þó að ég ætli ekki að fastákveða neina tölu um það, get ég varla ímyndað mér, að þessi kostnaður verði mikið yfir hálfa millj. á ári, þannig að mönnum þarf ekki að ægja sá kostnaður, sem af þessu er. Um þörfina fyrir skólann efast ég ekki heldur — og við flm. Við teljum, að það sé mikil þörf fyrir þennan skóla. Hann getur orðið Akureyringum og Norðlendingum öllum til mikils gagns, ef rétt er á haldið og vel tekst til, og auk þess er verið að endurvekja gamalt starf, sem Norðlendingar og Akureyringar voru landskunnir fyrir í marga áratugi og margir njóta góðs af. Það má sjá m. a. á Akureyri áreiðanlega ávexti af starfi þessa skóla,

og ég hygg, að þeir sjáist víðar á Norðurlandi og kannske víðar um landið, því að mjög margir af nemendum gamla garðyrkjuskólans á Akureyri fóru víða um land og urðu leiðbeinendur um skrúðgarðarækt í öllum landsfjórðungum.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta að sinni, herra forseti, en ég vænti þess, að málið fái hér greiðan gang. Ég legg til, að því verði vísað til 2. umr. og til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

45. Vísitölutryggð spariskírteini Byggingarsjóðs ríkisins.

Á 83. fundi í Nd., 29. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um vísitölutryggð spariskírteini vegna Byggingarsjóðs ríkisins [241. mál] (þmfrv., A. 585).

Á 87., 88., 89., 90., 91., 93., 94. og 95. fundi í Nd., 2., 5., 6., 8., 9., 12., 13. og 16. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

46. Fjárfestingarfélag Íslands.

Á 90. fundi í Nd., 8. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um Fjárfestingarfélag Íslands h.f. [247. mál] (þmfrv., A. 664).

Á 91. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 93. fundi í Nd., 12. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Mál það, sem ég flyt hér ásamt hv. 10. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Vestf., hefur verið alllengi í undirbúningi. Á aðalfundi Verzlunarráðs Íslands s. l. haust var gerð ályktun þess efnis, að stjórn ráðsins athugaði, hvort ekki mundi reynast unnt að koma á fót öflugu fjárfestingarfélagi til að örva íslenzkan atvinnurekstur. Síðan hafa Verzlunarráðið og Félag ísl. iðnrekenda unnið að þessu máli. Margir fundir hafa verið haldnir og einkum hafa starfað að undirbúningi málsins Haraldur Sveinsson formaður Verzlunarráðsins, Gunnar J. Friðriksson formaður Félags ísl. iðnrekenda, bankastjórar Iðnaðarbankans, Bragi Hannesson og Pétur Sæmundsen, Höskuldur Ólafsson bankastjóri Verzlunarbankans, dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, Þorvarður Alfonsson framkvstj. Félags ísl. iðnrekenda, Þorvarður J. Júlíusson framkvstj. Verzlunarráðsins og við Hjörtur Torfason lögfræðingur.

Ég hef orðið þess var, að menn hafa átt dálítið erfitt með að átta sig á því, hvaða starfrækslu hér væri um að ræða, og er það eðlilegt, því að félög eins og það, sem hér er lagt til að stofnað verði, hafa ekki verið starfrækt áður hér á Íslandi, þótt þau séu alþekkt í öðrum lýðræðisríkjum. Ég verð þess vegna, herra forseti, að eyða nokkrum tíma til þess að skýra mál þetta, þótt ég skuli reyna að stytta mál mitt efir því sem unnt er.

Frv. gerir ráð fyrir, að Verzlunarráði Íslands, Félagi ísl. iðnrekenda og öðrum þeim, sem þessir aðilar kveðja til, sé heimilt að stofna fjárfestingarfélag, enda nemi hlutafé félagsins a. m. k. 80 millj. kr. Ástæðan til þess, að þörf er sérstakrar löggjafar, er fyrst og fremst sú, að bönkum og opinberum sjóðum er yfirleitt ekki heimilt að kaupa hlutabréf, en ógerlegt mundi reynast að safna nægilega miklu hlutafé án þátttöku einkabankanna og að einhverju leyti með framlagi úr opinberum sjóðum, t. d. Framkvæmdasjóði Íslands. Enda þótt hér sé ekki um að ræða bankastofnun í venjulegum skilningi, þótti eðlilegt, að sérstök lög fjölluðu um Fjárfestingarfélag Íslands h.f., eins og er um alla íslenzka banka. Þá þótti einnig eðlilegt, að fjárfestingarstofnunin nyti skattfríðinda á sama hátt og bankarnir gera, a. m. k. fyrst í stað, það yrði þá einnig að gerast með sérstakri löggjöf. Þess er að vísu að gæta, að nú hefur hæstv. fjmrh. skipað sérstaka n. til að athuga skattgreiðslur hlutafélaga, og má vera, að unnt yrði að leysa þennan vanda með almennri löggjöf, því að vissulega væri æskilegt, að fleiri en fjárfestingarstofnunin hefðu með höndum ýmsa þá starfrækslu, sem henni er ætluð, enda líklegt, að svo muni fara, er fram í sækir og menn kynnast því, hve mikilvæg þessi starfsemi er.

Segja má, að meginverkefni fjárfestingarstofnunarinnar verði tvíþætt, þ. e. annars vegar að vera frumkvöðull að félagastofnunum og hins vegar óbeinn þátttakandi í hlutafélögum. Ég tel nauðsynlegt að fjalla sérstaklega um hvorn þessara þátta, einkum þar sem um nýmæli er að ræða hér á landi og hugtökin ný af nálinni.

Það hefur verið sagt, að frumkvöðlar séu menn, sem taki sér fyrir hendur að mynda félagsskap, vinna að fjármagnsútvegun og heppilegasta skipulagi til að félagið nái tilætluðum árangri og koma því að fullu á fót. Frumkvöðull þarf ekki einungis að taka sér fyrir hendur að stofna félag og vinna að stofnun þess, heldur verður honum að takast stofnunin og hann verður að sjá um, að fyrirtækið hefji rekstur, til þess að hann hafi fullkomnað verk sitt. Þar með er ekki sagt, að hann þurfi einn að eiga fyrirtækið, þegar það hefur rekstur. Hann kann að hafa laðað saman fjármagnseigendur og fengið þá til að gerast þátttakendur í hinu nýja félagi, en hins vegar hefur

upphafsmaðurinn eða frumkvöðullinn ekki lokið hlutverki sínu, þó að hafið sé hlutafjárútboð, ef það ber ekki árangur og ekkert verður af stofnun félagsins.

Starfssvið upphafsmannsins má segja að sé þríþætt. Það er uppgötvun, rannsókn og framkvæmd. Það er ljóst, að frumkvöðull verður að uppgötva verksvið fyrirtækisins. Hann verður að ákveða, hvers konar fyrirtæki eigi að stofna. Þar kemur hugkvæmni og margvísleg almenn þekking á viðskiptasviðinu til greina. Næst verður upphafsmaðurinn að rannsaka nákvæmlega rekstrarskilyrði fyrirtækisins, markað, vinnuafl og alla aðstöðu og sannfæra sig um, að hér sé um að ræða arðvænlegt fyrirtæki, sem sé þess virði að hleypa því af stokkunum. Síðasta skrefið er svo að safna saman mannafla og fjármagni til að stofna fyrirtækið, svo að unnt sé að hefja rekstur. Þegar þessu takmarki væri náð, mundi hinn eiginlegi frumkvöðull losa sig að verulegu eða öllu leyti frá félaginu og snúa sér að nýjum viðfangsefnum. Hann mundi þá taka hagnað sinn af stofnun félagsins og verja honum ásamt öðru fjármagni sínu í nýjum tilgangi.

Hér er m. ö. o. um það að ræða, að menn geri sér það beinlínis að atvinnu að hleypa af stokkunum nýjum atvinnufyrirtækjum, en hyggist ekki eiga þau til langframa. Hér á landi hefur þessi starfræksla verið óþekkt, en þó gera gömlu hlutafélagalögin, nr. 77 frá 1921, ráð fyrir þessari starfrækslu, því að í 4. tölul. 3. gr. l., þar sem fjallað er um, hvað greina skuli í stofnsamningi hlutafélags, segir: „Kostnað af stofnun félagsins, ef ætlazt er til þess, að félagið greiði hann, þ. á m. þóknun handa stofnendum sjálfum."

Þegar árið 1921 er þannig gert ráð fyrir því í íslenzkri löggjöf, að menn geti gert það að atvinnu sinni að stofna hlutafélög og fái greiðslu fyrir þá vinnu, sem þeir leggja af mörkum til að koma slíku félagi á stofn, og fyrir þá áhættu, sem þeir taka. Ekki er þó kunnugt um dæmi þess, að þetta ákvæði hafi verið notað, þótt mörg hlutafélög hafi verið stofnuð. Venjulega hafa nokkrir menn tekið sig saman um stofnunina og ekki ætlazt til þeins endurgjalds fyrir undirbúningsvinnu, enda hefur hún venjulega verið takmörkuð og hvergi nærri jafnviðtæk og hlutverk frumkvöðuls er.

Það er alkunna, að ýmsar hugmyndir um atvinnurekstur koma upp, en ekki reynist unnt að kanna þær til hlítar og ekkert verður af framkvæmdum. Í annan stað eru dæmin mýmörg um það, að menn leggja út í atvinnurekstur — illa undirbúinn — og án þess að hafa með höndum nægilegt fjármagn til þess að skoða allar aðstæður, áður en hafizt er handa. Hefur þetta oftsinnis valdið miklu tjóni og erfiðleikum, sem unnt hefði verið að komast hjá, ef að málunum hefði verið unnið af frumkvöðlum, sem bæði hefðu þekkingu og fjármagn til að undirbúa málin á þann hátt, sem heppilegast hefði verið.

Það fer vart á milli mála, hve þýðingarmikil starfræksla frumkvöðuls er, en þó er hinn þáttur málsins, sem ég áðan gat um, óbein þátttaka í hlutafélögum, e. t. v. enn þá þýðingarmeiri hérlendis og skal ég nú að henni víkja.

Hin svonefnda óbeina þátttaka er í því fólgin að ábyrgjast sölu ákveðins magns hlutabréfa, ef útgefandi þeirra getur ekki selt þau, og fyrir þessa ábyrgð áskilur óbeini þátttakandinn sér þóknun, ýmist í peningum eða hlutabréfum viðkomandi félags. Þýðing þessa er sú, að menn geta lagt í stofnun eða starfrækslu félags án þess að vera öruggir um, að allt hlutaféð seljist á almennum markaði, þegar það verður boðið út. Óbeinu þátttakendurnir, einn eða fleiri, ábyrgjast sölu nægilega mikils magns hlutafjár til þess að unnt sé að leggja í þann kostnað, sem félagsstofnun er samfara, og ekki þurfi að óttast, að allt verkið verði unnið fyrir gýg vegna þess, að hlutabréfin muni ekki seljiast. Samningurinn um óbeina þátttöku er því í rauninni gerningur, sem gerður er áður en hlutafé er boðið út til almennings, þess efnis, að óbeini þátttakandinn muni sjá um sölu hlutabréfa, en kaupa eða ráðstafa þeim hlutum, sem almenningur kaupir ekki, eða þeim hluta þeirra, sem um er getið í samningnum. Að sjálfsögðu eru skilin á milli óbeinna þátttakenda og stofnenda hlutafélaga oft óglögg, en meginmunurinn er sá, að óbeini þátttakandinn tekur þóknun fyrir ábyrgð sína og miðar aðild sína við hana fyrst og fremst, en stofnendurnir skrifa sig fyrir hlutum vegna þess, að þeir æskja að verða hluthafar til langframa. Atbeini óbeina þátttakandans getur oft beinlínis valdið því, að arðvænleg félög séu stofnuð, sem ella yrði ekki ráðizt í, og er þessi starfræksla því þýðingarmikil. Við getum hugsað okkur, að hugvitssamir menn hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að arðvænlegt væri að stofna fyrirtæki, sem t. d. þyrfti um 20 millj. kr. fjármagn, þeir teldu æskilegt, að helmingur fjármagnsins væri áhættufjármagn, hlutafé, en gætu ekki aflað nema helmings þess hluta sjálfir eða 5 millj. kr. Þeir mundu þá leita til óbeins þátttakanda og óska eftir því, að hann ábyrgðist sölu á 5 millj. kr. hlutafé, þegar það yrði boðið út. Ef óbeini þátttakandinn tæki að sér að sjá um útvegun þessa hlutafjár, annaðhvort að leggja það fram sjálfur fyrst í stað eða tryggja sölu hlutabréfanna, hefðu stofnendurnir 10 millj. kr. hlutafé tryggt og gætu þá aflað sér annarra 10 millj. að láni og haldið áfram undirbúningi málsins af fullum þrótti og hleypt félaginu af stokkunum án þess að þurfa að óttast, að allt málið stöðvist af fjármagnsskorti.

Að undanförnu hefur mikill áhugi verið á því víða um land að hrinda af stokkunum nýjungum á atvinnusviðinu. Þeir, sem við þessi mál hafa glímt, hljóta að gera sér grein fyrir því, hve þýðingarmikið það væri, að stofnun eins og sú, sem hér um ræðir, væri til í landinu og unnt væri til hennar að leita, þegar um það væri að ræða að stofna arðvænleg atvinnufyrirtæki. En hlutverk Fjárfestingarfélags Íslands h.f. yrði ekki einskorðað við það að hafa frumkvæði að stofnun hlutafélags eða aðstoða við hana. Fjárfestingarfélaginu er ætlað að vinna að endurskipulagningu og sameiningu félaga, þar sem það er talið henta, og áreiðanlega er brýn þörf á því á ýmsum sviðum að sameina kraftana, einkum ef samkeppni harðnaði við inngöngu okkar í EFTA. Í því efni gæti félag sem þetta haft mikilvægu hlutverki að gegna. Oft er það svo, að þeir, sem lengi hafa átt í samkeppni, eiga erfitt með að orða það við

samkeppnisaðilann, að heppilegt gæti verið að sameina fyrirtækin. Þar gæti þriðji aðili hins vegar haft þýðingarmiklu hlutverki að gegna, auk þess sem Fjárfestingarfélagið gæti lagt fram fjármuni til að rannsaka rekstrargrundvöll nýs félags, sem stofnað yrði úr tveimur eða fleiri eldri fyrirtækjum. Ýmislegt fleira er ætlað að Fjárfestingarfélag Íslands h.f. hafi með höndum, en það skýrir sig sjálft af lestri frv. og grg., og skal ég ekki fara lengra út í þá þætti málsins.

Að undanförnu hefur mjög verið rætt um erfiðleika íslenzkra atvinnuvega og hefur mönnum yfirleitt komið saman um, að skortur eigin fjármagns hamlaði mjög rekstri atvinnuveganna. Þess vegna ætti skilningur að vera mikill á nauðsyn þess að auka eigið fjármagn í íslenzkum atvinnufyrirtækjum, og engin ein ráðstöfun er líklegri til að örva þá þróun en stofnun og starfræksla félags eins og þess, sem hér er til umr. Fjárfestingarfélagið mundi vinna kappsamlega að því að selja almenningi hlutabréf í þýðingarmiklum fyrirtækjum. Það mundi að sjálfsögðu leitast við að hafa ekki afskipti af öðrum atvinnufyrirtækjum en þeim, sem mestar líkur væru til, að bera mundu góðan árangur og gætu skilað eigendum heilbrigðum arði. Það mundi þannig stuðla að því að auka traust manna á hlutafélögum og sannfæra fólk um, að arðvænlegt væri að verja fjármunum til beinnar þátttöku í atvinnurekstri. Samhliða yrði að sjálfsögðu að rísa hér upp kauphöll, og að því máli hefur einmitt verið unnið að undanförnu á vegum Seðlabankans, en lögum samkvæmt er honum heimilt að setja á stofn kauphöll, enda ber bankanum að vinna að því, að heilbrigð skipan komist á viðskipti með verðbréf. Því hefur verið hreyft, að tilgangslítið væri að setja hér á stofn kauphöll, því að engin verðbréf væru til, sem heppilegt væri að verzla með þar. Þetta er þó ekki alveg rétt, því að á markaði eru t. d. sparisjóðirteinin, og vitað er um hlutafélög, sem æskja þess að hefja viðskipti með hlutabréf sín, og önnur hafa í undirbúningi frjálsa sölu hlutabréfa. Mjög þýðingarmikið er þess vegna, að ekki dragist lengi úr þessu að hleypa kauphöllinni af stokkunum, enda mun það ætlun þeirra, sem þessum málum ráða, að láta nú til skarar skríða. Að sjálfsögðu mundi verða allvíðtækt samstarf kauphallarinnar og Fjárfestingarfélagsins, og sameiginlega gætu þessir aðilar án efa unnið stórvirki og komið því til leiðar, að fjöldi landsmanna gerðist beinn aðili að atvinnurekstri með hlutabréfakaupum. Í grg. með frv. þessu er þess getið, að hugsanlegt væri, að Alþjóðalánastofnunin mundi vilja leggja fram nokkurt hlutafé til Fjárfestingarfélagsins og jafnframt að lána því verulega fjármuni. Þótt við Íslendingar höfum verið aðilar að Alþjóðalánastofnuninni frá upphafi, 1956, er stofnunin lítt þekkt hér á landi og skal ég því víkja að henni örfáum orðum.

Alþjóðalánastofnunin hefur það hlutverk að örva einkarekstur og hún starfar einungis í löndum, þar sem einkaframtak á undir högg að sækja. Þess vegna hefur stofnunin óvíða komið til aðstoðar í vestrænum löndum, en hefur þó fjárfest talsvert í Finnlandi. Ég tel málum þannig háttað á Íslandi, að hér ætti hún að láta til sín taka. Alþjóðalánastofnunin útvegar fjármagn í samvinnu við einkafjárfestingaraðila í þeim tilfellum, þar sem nægilegt einkafjármagn er ekki fáanlegt með sanngjörnum kjörum, stofnunin reynir að skapa skilyrði til fjárfestingar með því að laða saman fjárfestingaraðila og hæfa stjórnendur fyrirtækja, og loks leitast hún við að örva fjármagnsflutninga til arðvænlegrar fjárfestingar í aðildarlöndum. Alþjóðalánastofnunin aðstoðar við að efla fjármagnsmarkaði aðildarríkjanna, bæði með óbeinni þátttöku í hlutafjárútboðum og eins með fyrirheitum um kaup á hlutabréfum, sem fyrirtækjunum sjálfum tekst ekki að selja. Stofnunin krefst tryggingar fyrir því, að einkaaðilar leggi fram ákveðinn hluta þess fjármagns, sem þörf er á í viðkomandi fyrirtæki, en einnig gengur stofnunin úr skugga um, að fjármagn sé ekki fáanlegt með hagstæðum kjörum án þátttöku hennar. Alþjóðalánastofnunin starfar með einkaaðilum, en það útilokar þó ekki þátttöku stofnunarinnar, þótt eitthvert opinbert fjármagn sé hagnýtt í fyrirtækinu. Stofnunin tekur ekki þátt í fyrirtækjum, sem hafa það meginverkefni að stunda verzlun eða fasteignaviðskipti. Þessi alþjóðlega stofnun notar yfirleitt ekki atkvæðisrétt þann, sem fylgir hlutabréfum hennar, nema undir sérstökum kringumstæðum, og hún krefst ekki ætíð þátttöku í stjórnum félaga, þótt fulltrúar hennar séu stundum í stjórnum. Alþjóðalánastofnunin krefst ekki ríkisábyrgðar og venjulega ekki heldur bankaábyrgðar, en leggur allt kapp á að fjárfesta einungis í fyrirtækjum, sem gera má ráð fyrir, að vel verði stjórnað og séu arðvænleg. Hér er því um að ræða alþjóðlega peningastofnun, sem er í tengslum við Alþjóðabankann og við Íslendingar höfum, eins og áður segir, verið aðilar að frá upphafi. Er ekkert eðlilegra en við hagnýtum okkur þau skilyrði, sem eru til fjármagnsútvegunar frá þessari stofnun, enda er þar um að ræða áhættufé, sem ríkissjóður þarf ekki að ábyrgjast.

Nú fyrir áramótin fór Þorvarður Alfonsson framkvstj. Félags ísl. iðnrekenda til hinna Norðurlandanna og kynnti sér þar starfræksluna svipaða þeirri, sem hér er um rætt. Hann hefur ritað um för sína ýtarlega grg., þar sem fram kemur, að starfræksla sem þessi er talin veigamikill þáttur í atvinnulífi allra hinna Norðurlandanna, og hefur skýrsla hans þýðingu fyrir þá, sem þetta mál vilja kynna sér, og gætu þeir fengið hana til yfirlestrar.

Ég hygg, að allir þeir, sem í raun og sannleika vilja öflugt atvinnulíf hér á landi, hljóti að sannfærast um það, er þeir kynna sér mál þetta, að starfræksla fjárfestingarfélags eins og þess, sem hér um ræðir, mundi geta haft verulega þýðingu og sjálfsagt sé að gera tilraun til þess að hleypa því af stokkunum. Löggjafarvaldið á að greiða fyrir því, að svo verði.

Mér er ljóst, að mál þetta er borið fram svo seint á þinginu, að erfitt muni reynast að fá það lögfest. Hins vegar tel ég þýðingarmikið, að n. sú, sem málið fær til athugunar, leitist við að afgreiða það, t. d. með svipuðum hætti og hæstv. fjmrh. lagði til, að frv. hv. 1. þm. Reykn. um skattlagningu hlutafjár og arðgreiðslu yrði afgr., þ. e. a. s. málinu yrði vísað til hæstv. ríkisstj.

með viljayfirlýsingu Alþ. Ætti það þá að geta fengið góðan byr á þingi á næsta hausti, enda væri þá hægt að halda áfram undirbúningi málsins í sumar.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn. að lokinni þessari umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 94. fundi í Nd., 13. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

47. Kvennaskólinn í Reykjavík.

Á 90. fundi í Nd., 8. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild til handa Kvennaskólanum í Reykjavík til að brautskrá stúdenta [251. mál] (þmfrv., A. 670).

Á 91. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í frv. um menntaskóla, sem lagt var fyrir þessa hv. deild og hún samþ. fyrir skömmu shlj., var orðalag 5. gr. þannig, að höfundar frv. töldu, að samkvæmt henni mundi vera heimilt að veita Kvennaskólanum í Reykjavík leyfi til þess að brautskrá stúdenta og væri þá á valdi ráðh. hvort hún notaði þá heimild eða ekki. Ég hafði hugsað mér að nota þá heimild á þann hátt að leggja til við hið háa Alþ., að á næsta hausti yrði í fjárlagafrv. tekin upp fjárveiting til þess að kosta menntadeild við Kvennaskólann í Reykjavík og leggja þannig í reynd á vald Alþ., hvort það væri þessari ráðstöfun samþykkt eða samþykkt ekki, vegna þess að ég taldi ráðh. ekki eiga að nota sér heimild þessarar 5. gr., ef Alþ. kynni að vera á móti slíkri ráðstöfun. Fyrir þessu hafði ég gert höfundum menntaskólafrv. grein, og þeir höfðu ekkert haft við þessa málsmeðferð að athuga, og að þessu vék ég einnig í framsöguræðu minni fyrir frv.

Þegar málið kom til meðferðar í hv. menntmn. þessarar deildar, reyndist það skoðun hennar, að það væri ekki eðlilegt, að 5. gr. væri túlkuð þannig, að ráðh. veitti samkvæmt henni Kvennaskólanum slík réttindi sem hér er um að ræða, og ritaði n. menntmrn. um málið og tjáði því skoðun sína í þessu efni. Ég gat fyrir mitt leyti á þá skoðun n. fallizt, að það væri eðlilegra, að Alþ. tæki afstöðu til þess máls með því að taka afstöðu til sérstaks frv. um þetta efni, og ríkisstj. féllst á þetta. Þess vegna skrifaði menntmrn. menntmn. þessa skoðun ríkisstj. og samdi nokkru síðar frv. um þetta efni og sendi hv. menntmn. til flutnings. Það er þetta frv., sem hér hefur verið lagt fyrir hv. Nd. Efni þess er mjög einfalt. Það er heimild til menntmrn. um að veita Kvennaskólanum í Reykjavík rétt til að starfrækja menntadeild fyrir stúlkur og lokapróf úr menntadeild á að vera stúdentspróf og veita sömu réttindi til inngöngu í Háskóla Íslands með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum hans og reglugerð, og enn fremur tekið fram, að námskröfur til stúdentsprófs frá Kvennaskólanum skuli sambærilegar kröfum til stúdentsprófs menntaskólanna, samkvæmt því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

Mér er kunnugt um það, að nokkuð skiptar skoðanir eru meðal þm. um þetta mál og afstaða til þess fer engan veginn eftir skiptingu í stjórnmálaflokka. Mér hefur frá upphafi verið um þetta kunnugt, frá því að málið kom á dagskrá, og þess vegna hafði ég upphaflega hugsað mér að hafa þann hátt á, sem ég lýsti áðan, að binda notkun heimildarinnar við það, að fjárveiting væri fyrir hendi, sem raunar er nauðsynlegt og sjálfsagt, þannig að þingviljinn í þessu máli kæmi fram í atkvgr. um fjárlög.

Málið hefur sem sagt snúizt inn á þá braut, að samkomulag hefur orðið um að afgreiða málið á þann hátt að um málið sé flutt sérstakt frv., þannig að afstaða þm. til efnis málsins komi fram í afstöðu til þessa frv. Tel ég það út af fyrir sig ekki vera óeðlilegt, eins og málum er komið.

Ég tek það fram, að ég persónulega er því fylgjandi, að þetta frv. nái fram að ganga, og mun greiða því atkv. Ég tel, að þetta mál sé sama eðlis í raun og veru og menntaskólafrv. og eigi þess vegna að verða samferða því. Ég vil því mjög beina því til hv. menntmn., sem þekkir allt efni málsins og hefur rætt það, að hún afgreiði málið frá sér sem allra fyrst, þannig að það geti, ef meiri hl. er fyrir málinu hér í hv. Nd., komizt til hv. Ed. og í n. þar, þannig að þetta mál fái athugun í hv. Ed., í menntmn. þar, ásamt menntaskólafrv. og geti þess vegna orðið samhliða því. Það var ætlun mín og ríkisstj. í upphafi í sambandi við skilninginn á 5. gr. menntaskólafrv., sem ég hef áður lýst, að svo yrði, og ég tel, að þessi formsbreyting, sem orðið hefur á meðferð málsins, eigi ekki að raska þeirri meðferð á efni málsins, að þingið taki afstöðu til beggja frv. samhliða.

Að lokum vil ég aðeins geta þess til þess að girða fyrir hugsanlegan misskilning, sem ég vona þó að ekki sé um að ræða hjá nokkrum hv. þm., að hér er ekki um það að ræða að breyta Kvennaskólanum í menntaskóla. Kvennaskólinn verður eftir sem áður gagnfræðaskóli lögum samkvæmt og verður starfræktur samkvæmt lögum, sem hann hefur verið starfræktur samkvæmt undanfarið. Hér er um það að ræða, að hann fær rétt til að taka upp nýja deild, við hann verður bætt nýrri deild með hliðstæðum hætti og menntadeild var á sínum tíma bætt við Verzlunarskólann. Verzlunarskólinn er ekki menntaskóli, fyrstu fjórir bekkir hans eru verzlunarskóli, sem lýtur sérstakri reglugerð, og er í rauninni einkaskóli, en ekki skóli í ríkiskerfinu. Kvennaskólinn er

aftur á móti gagnfræðaskóli í ríkiskerfinu, en mundi að þessu leyti fá hliðstæða stöðu og Verzlunarskólinn, að við hann er bætt ríkisskóla, hreinum ríkisskóla, þ. e. menntadeildinni, og mundi ríkissjóður að sjálfsögðu bera allan kostnað af menntadeild Kvennaskólans, en mundi ásamt Reykjavíkurborg hér eftir sem hingað til bera allan kostnað af Kvennaskólanum sjálfum samkvæmt reglum þeim, sem gilda um stofnun og rekstur gagnfræðaskóla. Þetta vildi ég að kæmi skýrt fram til að girða fyrir allan hugsanlegan misskilning í þessu efni.

Menntadeild Verzlunarskólans var á sínum tíma stofnuð með einfaldri reglugerð. Um það atriði hefur síðan nokkuð verið deilt og var raunar deilt þá, hvort fyllilega fengi staðizt. Ekki hefur þó þótt ástæða til þess síðar að gera breytingu á þeirri stjórnarráðstöfun, sem þá var gerð, en ég hef aldrei viljað taka hana til fyrirmyndar í þessu máli. Raunar hef ég ekki talið mér heimilt að gefa út reglugerð um stofnun menntadeildar við Kvennaskólann og vona, að það sé ágreiningslaust, að til þess hef ég ekki haft heimild, heldur hef ég talið, að um þetta yrði að vera fyrir hendi skýlaus lagaheimild. Ég tel, að hún hafi verið fyrir hendi í menntaskólalögunum, en fyrst það var vefengt, að svo væri, eða menn töldu heppilegra, að heimildin væri skýrari, hef ég ekkert við það að athuga, og þess vegna er þetta frv. fram borið.

Ég endurtek ósk mína til hv. menntmn. um það, að hún hraði afgreiðslu málsins sem mest, til þess að það geti komizt sem fyrst í hendur menntmn. hv. Ed. Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Forseti (SB): Ég vek athygli hæstv. menntmrh. á því, að málið er flutt af hv. menntmn., þannig að í raun og veru er engin formleg nauðsyn til að vísa því til n., en hins vegar sjálfsagt að n. athugi málið, ef svo vill verkast, samkvæmt ósk ráðh.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. leggur áherzlu á, að þessu máli verði hraðað, svo að það geti orðið samferða menntaskólafrv., sem nú er komið til 2. umr. í hv. Ed. Ég er mjög sammála honum um þetta og tel bráða nauðsyn að verða við þessum tilmælum hans, og ekki skal standa á mér í því.

Hæstv. ráðh. tók fram í ræðu sinni hér áðan, að skiptar skoðanir væru um þetta mál hér í þessari hv. deild. Ég hef ekki orðið var við það, það hefur nefnilega ekkert verið rætt hér í deildinni núna. Þegar menntaskólafrv. var til umr., hreyfði hæstv. ráðh. þeirri hugmynd, sem fram hafði komið hjá höfundum menntaskólafrv., en ekki náði þar fram að ganga, að veita Kvennaskólanum í Reykjavík réttindi til þess að útskrifa stúdenta. En ég held, að ég muni það rétt, að þar hafi nokkrir þm. lýst því yfir, að þeir styddu mjög þá hugmynd, og ekki einn einasti mótmælti — ekki einn einasti. Í menntmn. bar þetta að sjálfsögðu á góma, og ég man ekki eftir því, að þar kæmi nokkur andstaða fram heldur gegn þessari till. um Kvennaskólann. Aftur á móti lýstum við tveir þm. í n. því yfir, að við mundum styðja það, að Kvennaskólinn fengi þessi réttindi, eins og ég hef áður sagt frá. Hvar er þessi andstaða þá? (Gripið fram í.) Jú, ég þori að gera það, ég vona það a. m. k. Nú hefur hæstv. ráðh. lýst því yfir einu sinni enn, að hann sé persónulega stuðningsmaður þess, að frv. gangi fram. Það er þá einhver andstaða kannske annars staðar. Hann lýsti þessu sama yfir í hv. Ed. í gær, og ég efast ekkert um, að hann meinar þetta líka. Og hæstv. forsrh. hefur lýst yfir stuðningi sínum við málið. Hvar er andstaðan gegn málinu? Ja, hún er til, ég trúi því, eins og hæstv. ráðh. segir, að hún sé til, því að það, að málið skuli nú vera til 1. umr. í fyrri deild, sýnir, að eitthvað hefur hindrað það. Eftir öllum guðs og manna lögum er máli, sem er til 1. umr. í fyrri deild viku fyrir þingslit, ekki lífs auðið, nema ráðh. blási lífi í meðferðina, og það er það, sem ég ætla að fara fram á við hæstv. ráðh., að hann geri. (Gripið fram í.) Ja, ég veit það ekki. Eitthvað var hæstv. ráðh. að tala um, að hann væri persónulega með því, — ég er ekki viss um það. En það hafa gerzt í meðferð málsins atriði, sem ég á erfitt með að skilja og skil eiginlega ekki enn, annars vegar áhyggjur tveggja ráðh. um, að málið gangi fram, hins vegar alveg óvenjulegur seinagangur og hindranir á leið þessa frv.

Það var 25. marz, sem menntmn. skrifaði hæstv. ráðh. þá skoðun sína, að n. teldi, að það þyrfti að flytja sérstakt frv., ef veita ætti Kvennaskólanum rétt til þess að útskrifa stúdenta. Hæstv. ráðh. tók sér mánaðarfrest til að hugsa sig um. **(Menntmrh.:** Þetta er ekki rétt, ég svaraði strax, þá lá hér í þinginu.) Nei, er það? (Gripið fram í.) Við fengum bréf frá hæstv. ráðh., dags. 25. apríl, er það rangt? (Gripið fram í.) Ég man það, það er dags. 25. apríl, og mér reiknast til, að það sé mánuði frá 25. marz. Þá fengum við bréf frá ráðh. (Gripið fram í.) Ég á eftir að koma að því. Það leið mánuður þangað til hæstv. ráðh. skrifaði okkur og bað okkur að flytja frv. um þetta mál. En þó að það sé ekki langur spölur frá Arnarhvoli niður í þinghús, þá tók það viku að við fengjum bréfið. Það var af tilviljun, að formaður menntmn. opnaði möppu, sem n. tilheyrir, þá veltur út úr möppunni bréf, skrifað utan á til menntmn. Hann opnaði bréfið, því að það var lokað, og þar er undirskriftin Gylfi Þ. Gíslason, Birgir Thorlacius, þar sem n. er góðfúslega beðin að flytja frv. um málið, að veita Kvennaskólanum réttindi til að útskrifa stúdenta. En það fylgdi ekkert frv. bréfinu. Ég veit ekki til, að það sé venja, að ráðh. biðji n. að flytja frv. án þess að senda frv. til að flytja það, og ekki minntist hann heldur á það í bréfinu, að við skyldum semja frv. Hvað áttum við að flytja? Formaður n. talaði síðan við ráðh. sama daginn og benti honum á þetta, að bréfið hefði ekki komið fram fyrr en núna og ekkert frv. í því. (Gripið fram í.) Jú, svo fékk n. nýtt bréf. Nú man ég ekki nákvæmlega dagsetningu, hvort hún var 2. maí, 3. eða jafnvel 5. maí. Það var einhvern af þessum dögum, minnir mig, þar sem hæstv. ráðh. biður n. enn að flytja nú þetta frv., og frv. fylgir, en óprentað, það var bara vélritað. Formaður menntmn. fór til Ísraels og gat ekki gert meira í málinu. Þá kom einhver sjálf-

boðaliði til, held ég, og tók við þessu. Ég held, að það hafi verið hv. 7. þm. Reykv. Svo er farið að prenta og frv. var útbýtt í gær.

Þetta er gangurinn í málinu. Og svo að sleppt sé öllu gamni, getur það verið, að ríkisstj. hafi áhuga á að koma málinu fram með svona vinnubrögðum? Ég er ekkert að draga í efa áhuga hæstv. ráðh. Er ekki einhver dragbítur innan ríkisstj. sjálfrar, sem veldur þessu?

Nú er málið til 1. umr. og nú er bezt að tefja ekki mikið umr. En af því að ég veit, að hæstv. ráðh. getur hraðað máli, ef hann vill, og með því að hann hefur nú lagt áherzlu á, að þetta mál geti orðið samferða menntaskólafrv., sem er komið til 2. umr. í Ed., gæti hann nú ekki fallizt á að reyna að koma því til leiðar, að þetta mál geti komizt út úr þessari þingdeild í dag? Hann var að leggja til að vísa málinu til menntmn. Við höfum ekkert með það að gera lengur. Við flytjum það, og ég segi fyrir mig, að ég þarf ekki þess vegna að koma á neinn fund út af þessu máli. Það er svo einfalt, að það má afgreiða það mín vegna, án þess að það komi til n. aftur. Það er eiginlega ekki um neitt að deila annað en þetta: vilja menn veita Kvennaskólanum þessi réttindi eða vilja menn það ekki? Ég vil veita skólanum þau. Ég sé enga ástæðu til þess að tefja málið með því að fara að vísa því til n. eða mælast til þess, að n. taki það frekar til umr. Ég sé enga ástæðu til þess, og ég vona, að hæstv. ráðh. verði nú við þessari beiðni minni.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég ætla að byrja að taka það fram, að ég tala fyrir minn reikning hér alveg. Það þarf enginn að hafa neinar áhyggjur af því, að hann beri ábyrgð á því, sem ég segi, hvorki einstaklingar né flokkar.

Það er farið að gera nokkuð mikið að því að veita skólum heimild til þess að útskrifa stúdenta og segja svo, að það séu ekki menntaskólar. Gert er ráð fyrir, að stúdentar frá þessum skólum hafi sömu réttindi og frá menntaskólunum. Ég sé þá ekki annað en að það væri þá auðveld leið að hætta að hafa nokkra menntaskóla, heldur bara að veita þessum miðskólum eða hvað þeir heita — kvennaskólum, eða hvað það er, heimild til að útskrifa stúdenta, það þurfi enga sérstaka menntaskóla. Þeir hafa sömu réttindi til háskólanáms og eiga að hafa svipaða menntun til stúdentsprófs eða sömu, og þá sé ég ekki, að það sé nein sérstök ástæða til að kalla suma af þeim skólum, sem hafa þessi réttindi, menntaskóla, en aðra annaðhvort kvennaskóla eða gagnfræðaskóla eða miðskóla, kennaraskóla eða verzlunarskóla, sem mega útskrifa stúdenta. Hvar endar þetta? Mér er sagt, að þetta sé gert í tilefni af einhverju afmæli hjá Kvennaskólanum. Nú, það eiga allir skólar einhvern tíma afmæli, miðskólar, gagnfræðaskólar og samvinnuskólar og allir skólar, og ef t. d. 30, 40 og 50 ára afmælis ætti að minnast með því, að þeir fái réttindi til að útskrifa stúdenta, þá er það þannig, að flestir af þessum miðskólum okkar geta fengið þessi réttindi.

Það var hér frv., eins og þið vitið, til umr. um menntaskóla í Nd. Ég las þetta frv., og ég segi það hræsnislaust, að ég hef eiginlega aldrei lesið frv., sem ég hef verið eins ánægður með, grg. og efnið. En það er nú þannig með þessa virðulegu 60 manna samkomu, að ef hún fær frv., sem er reglulega mikið vit í, þá þarf hún alltaf eitthvað að limlesta það, eða pínulítið að skemma það. Hins vegar skal það sagt þessari stofnun til heiðurs, að ef hún fær ákaflega vitlaust frv., þá lagar hún það oft. En svo eru svona frv., sem eru á milli þess að vera viturleg og vitlaus, eins og þetta frv. um heimild fyrir Kvennaskólann að útskrifa stúdenta. Það er líklegt, að það fljúgi algjörlega í gegn, því að það er svona mitt á milli þess að vera vitlaust og vit í því.

En þetta menntaskólafrv. var mjög skynsamlegt, og það voru valdir menn, sem hafa samið grg. fyrir frv., og þar kemur fram í raun og veru meiri viðsýni en ríkt hefur í okkar skólamálum. Aðalatriðin eru, að það eigi að vera meira valfrelsi í skólunum en verið hefur, sem sagt að gera námið hagnýtara, og að nemendurnir fái að velja, hvaða námsgreinar þeir vilja helzt leggja stund á. Við vitum það t. d., að afburða stærðfræðingum getur gengið illa í málum o. s. frv., og þó geta þetta orðið frábærir menn í sínu lífsstarfi. Við vitum það líka, að þeir menn, sem kannske hafa lengst skarað fram úr í vísindum og ýmsu öðru, þeir hafa ekki reynzt alhliða námsmenn í mörgum tilfellum. Og þetta tel ég til stórra bóta. Annað, sem þessir menn benda á, er það, — ég get gjarnan tekið þetta orðrétt upp eftir n., ég geri ráð fyrir, að þið hafið flestir lesið þetta frv. og grg. jafnvel líka, get þó raunar ekkert fullyrt um það, en ef þið hafið ekki gert það, þá held ég, að það væri engu tapað, þó að þið gerðuð það. Hér segir t. d., með leyfi forseta:

„Í lýðræðisþjóðfélagi hlýtur það að gerast þannig, að mönnum sé með fræðslu og fortölum beint inn á æskilegar námsbrautir, en ekki með því, að lokað sé nokkurri leið til mennta. Af þessum sökum telur n. óæskilegt, að fjöldi menntaskóla í landinu sé bundinn í lögum. Hins ber þó jafnan að gæta, ekki sízt er velja skal nýjum skólum stað, að menntaskóli, er fullnægi öllum kröfum um starfslið, húsrými og tækjabúnað, er dýr stofnun og því dýrari hlutfallslega sem hann er minni."

Það gefur auga leið, að eftir því sem skólarnir verða minni, eftir því verða þeir meira af vanefnum búnir, og í þeim skólum eru minni möguleikar til þess að skipta þeim í deildir. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að í hinum stærri skólum verði deildirnar þrjár, og það er einmitt hreyfingin meðal unga fólksins: máladeild, stærðfræðideild og náttúrufræðideild. Ég efa það ekki, að þessum deildum eigi eftir að fjölga. En möguleikarnir til þess að skipta skólunum í deildir og skapa meira úrval og meiri stórhug og víðsýni, það er það, að við höfum skólana fáa, en góða. Það má deila um, hvar þeir eigi að vera staðsettir. Það gæti vel verið, að að ýmsu leyti væri betra að byggja menntaskóla fyrir Reykvíkinga einmitt úti í sveit með heimavist. Sannleikurinn er sá um þennan menntaskóla, sem við höfum lengst búið við hér í Reykjavík, að hann hefur verið ægilega vanræktur. Hér átti vitanlega að koma heimavist miklu fyrr, þannig að það yrði ekkert dýrara fyrir fólk utan af landi að vera hér en annars staðar.

Matur er ekkert dýrari hér en annars staðar, síður en svo, jafnvel ódýrari.

Nú er þessi andi uppi, að dreifa skólunum sem allra mest og láta miðskóla, kvennaskóla, verzlunarskóla og ýmsa aðra skóla hafa heimild til að útskrifa stúdenta. Þetta er bæði til að gera námið dýrara og lakara. Það er ekki sama, hver kennarinn er, og það háir mjög mikið ýmsum af þessum miðskólum, að við höfum ekki nógu gott kennaraval, sem kemur m. a. fram í því, að í fjölda af skólum eru það tiltölulega fá prósent, sem ná landsprófi. Ég hef talað við kennara um þetta. Mismunurinn á því, hvað þeim gengur vel að ná landsprófi, er fyrst og fremst undir kennslunni kominn, því að það hafa margir kennarar sagt mér, að það er ekki ýkjamikill munur á námshæfni unglinga á hinum ýmsu stöðum. Gerum við svo þessum aðilum nokkurn greiða með þessu? Haldið þið, að það sé á nokkurn hátt hagkvæmara fyrir ungu stúlkurnar hérna í Reykjavík að útskrifast í Kvennaskólanum en Menntaskólanum? Stúlkum þykir meira gaman að vera í samskóla, og það er beint tekið fram í þessari grg., að það sé eðlilegt, að menntaskólarnir séu samskólar pilta og stúlkna. Kvenfólk hefur sérstaklega áhuga fyrir einu í lífinu, og það er að giftast, og þær kynnast piltunum meir og betur og á heilbrigðari hátt í skólum heldur en aðeins á böllum. Þær hefðu meiri möguleika að velja um, hvaða deild þær eiga að fara í, í fullkomnum menntaskóla heldur en í Kvennaskólanum. Og þeim finnst samskólarnir vera skemmtilegri en sérskólar, sem eru valdir bara eftir kynjum. Við gerum þess vegna ungu stúlkunum í Reykjavík ekki nokkurt minnsta gagn, hvorki fjárhagslega, menntunarlega né andlega, að fara að heimila þessum skóla að útskrifa stúdenta. Við gerum þeim ógagn, en ekki gagn.

Ég er dreifbýlismaður og bý úti í dreifbýlinu, en ég hef ekki minnstu trú á, að það geri okkur gagn að fara að hola niður menntaskólum hér og þar úti um landsbyggðina. Ég hef alltaf haldið mikið upp á Vestfirðinga. Ég hef einu sinni komið þar á flestar hafnir. Ég tók eftir, hvað þetta voru stórir og myndarlegir menn, og þeir eru afburða duglegir sjómenn, sem eðlilegt er, þeir búa í einhverju harðbýlasta héraði landsins. Mér var einu sinni sagt það, að ísfirzku skipstjórarnir bæru af öðrum skipstjórum, bæði hvað menningu snerti og menntun í sínu starfi. Og ég tók eftir því, þegar þeir voru að flytja fyrir okkur kindur til Skagastrandar í fjárskiptunum, að þetta voru eins og „lordar", bæði hvað framkomu snerti og mennileika á allan hátt. Þessir menn hafa unnið okkar þjóð mikið gagn, bæði á Ísafirði og á fjörðunum þarna vestur frá. Væri okkar þjóð betur stödd, þótt þessir menn hefðu orðið stúdentar, lært lögfræði eða viðskiptafræði, setzt að hér í Reykjavík og orðið annaðhvort rukkarar eða samið vitlaus frv. fyrir ríkisstj.? Værum við betur settir með það? Nei. Það, sem þessi byggðarlög eiga á hættu, ef þau fá menntaskóla, það er, að allir, sem geta lært Faðir vorið með auðveldu móti, þeir fari að verða stúdentar, bjálfist svo hingað suður og taki eitthvert háskólapróf, setjist hér að, úrkynjist og verði að engu.

Hitt er svo annað mál, að við þurfum að breyta andrúmsloftinu í þessum skólum, bæði háskólum og menntaskólum, og það á kennaraliðið að gera. Það vottar fyrir því í þessu frv., að þeir menn, sem hafa samið frv., skilji þetta. Það þarf að blása því í brjóst þessara nemenda, að þeir eru ekki komnir til að læra þessi fræði, setjast svo á einhverja stóla inni á einhverri skrifstofu eða að verða málaflutningsmenn eða eitthvað slíkt. Þeir eiga að afla sér þessarar menntunar til þess að geta farið í fremstu víglínu í þjóðfélaginu, og fremsta víglínan er ekkert síður úti í byggðum en hér í Reykjavík. Til þess læra menn heilbrigðisfræði, til þess eru menn gerðir að hermönnum, að þeir eigi að geta verið í fremstu víglínu, ef á þarf að halda. Þess vegna verðum við að breyta þessum hugsunarhætti, sem er kominn inn einmitt hjá okkar svokölluðu menntuðu mönnum, þessum langskólagengnu mönnum, — við þurfum að breyta hugsunarhætti þeirra. Það er fjórði eða fimmti hver verkfræðingur og læknir, sem vinnur erlendis. Þjóðin er búin að eyða ærnu fé til þess að mennta þessa menn.

Hugsunarhátturinn var ekki eins, þegar okkar fátæku stúdentar um og eftir aldamótin voru að læra. Þeir fengu eiginlega engan styrk frá sínu þjóðfélagi. Þeir börðust áfram í bláfátækt. En þeir komu heim, og þeir voru ekki hræddir við að fara út í byggðirnar og vera þar læknar. Og þá gátu þeir ekki ferðazt um á bílum, þeir urðu að fara á hestum og skíðum. Þeir töldu ekki eftir sér að vinna. Þessir menn gerðu okkar þjóðfélagi ómetanlegt gagn, bæði andlegt og heilsufarslegt. Sama mátti í raun og veru segja jafnvel um prestana á þeim tíma. Þá fengum við presta úti í landsbyggðunum, og þeir áttu mikinn þátt í því að kenna ungum drengjum, sem ekki höfðu efni á að fara á skóla.

Ég held því, að stefna okkar í menntamálunum eigi að vera að hafa skólana færri og fullkomnari. Það hefur verið skipulagslaust, þetta skólakerfi okkar. Það eru allir að heimta skóla hér og skóla þar. Þeir verða litlir og ófullkomnir, og skólakerfið er að verða svo dýrt fyrir þjóðfélagið, að það ris ekki undir því. Ég hef orðið var við í tveimur liðum eiginlega einhverja sparnaðarviðleitni hjá ríkisstj. núna. Það er að taka framlagið af Fiskveiðasjóði og Aflatryggingasjóði. Ég sat nefndarfundi í morgun, og það gæti vel komið til mála, að ég væri með þessari framkvæmd, ef ætti að fara að nota alhliða ráðdeild í þjóðfélaginu og spara á fleiri liðum, — og hefði átt að vera búið að því fyrr að nota meiri hagsýni við ríkisbúskapinn. En ég held, að við séum í þessu atriði að fara út í hreina vitleysu, og við gerum ungu fólki ógagn með þessu. Það er heimskt heimaalið barn, og við vitum, að ungt fólk þráir að kynnast einhverju, sjá eitthvað. Það er þess vegna ekkert við það að athuga, þó að sveitadrengirnir og stúlkurnar úr minni byggðarlögunum komi, setjist að í stórum skóla, kynnist jafnvel bæjarlífi. En það á bara að haga menntuninni þannig, að þau skilji það, að fyrir þau sjálf og þjóðfélagið í heild er það hvorki til vansæmdar né skaða, heldur nauðsyn, að fara aftur út í byggðirnar og vinna þar þörf störf, því að okkur vantar tilfinnanlega menn við stjórnsýslu úti í byggðunum.

En hitt er hættuleg þróun, að allir, sem hafa einhverja hæfileika, fari í langskóla og skili sér aldrei aftur til heimabyggðanna.

Ég mun því ekki greiða þessu frv. atkv., vegna þess að ég álít, að það sé öfugþróun, þessi skólaþróun hjá okkur. Hins vegar viðurkenni ég, að frv. það, sem samið var um menntaskóla yfirleitt, sýnir víðsýni og þroska, og það kemur beinlínis fram í því frv., að þeir eru sjálfir á móti því, að Kvennaskólinn fái þessi réttindi. Þeir segja hreint út, að við eigum að hafa skólana færri, en fullkomnari, og þetta frv. er tvímælalaust samið af mjög færum mönnum í þessum efnum. Það eru þessi músarholusjónarmið, sem við metum allt of mikils, sem koma fram á öllum mögulegum sviðum hjá okkur. Þau koma fram í skólamálum, þau koma fram í félagsheimilum, byggingu þeirra, og ýmsum öðrum sjónarmiðum, þessi smávægilega hreppapólitík. Við erum lítil sveitarfélög. Það skapast af þeirri aðstöðu, sem við bjuggum við, lélegum samgöngum og gisinni byggð. En þetta þarf bara að breytast. Aðstæðurnar hafa breytzt, samgöngurnar hafa breytzt. Við erum fljótir nú á milli í bílum og höfum önnur farartæki en við höfðum, og við þurfum að vaxa upp úr þessu.

Ég hef verið að athuga lauslega, að það eru eitthvað tæpir 500 stúdentar, sem gert er ráð fyrir að útskrifist núna. Það er ca. einn maður af 400 mönnum. Nú eru Ísfirðingar að tala um að fá sinn menntaskóla. Ef þar væri svipað og er að meðaltali á landinu, þeir eru eitthvað 2700 manns, þá yrðu það 7 stúdentar, sem árlega útskrifuðust. Það er ekkert ódýrara fyrir Strandamenn og Barðastrandarmenn að hafa sín börn á skólum á Ísafirði heldur en hér, og ég stórdreg það í efa, að þeir sendi þau til Ísafjarðar, því að hér yrði meira val um deildaskiptingu. Og þeim þætti kannske að sumu leyti alveg eins gaman að vera hér, þessum nemendum þaðan. Þá yrðu það 7 nemendur, sem þyrftu að útskrifast, ef það er einn af 400 á Ísafirði. Haldið þið, að það borgi sig fyrir þjóðfélagið að halda uppi fullkomnum skóla með deildaskiptingu aðeins til hagsbóta fyrir þessa einu byggð? Ekki gætu einu sinni Bolvíkingar farið heim á kvöldin til þess að borða hjá foreldrum sínum.

Nei, þetta er að verða hrein vitleysa og þetta gerir byggðunum ógagn, en ekki gagn. Andi skólanna þarf að vera þannig, að fólkið sé ekki hrætt við að fara og stunda líkamlega vinnu og standa í fylkingarbrjósti í baráttu þjóðarinnar fyrir sínu lífsbrauði. Bæði í háskólanum og menntaskólanum þarf andinn að vera þannig, að það verði fúst að vera þar, sem þjóðfélagið hefur þörf fyrir það, en flýi ekki til annarra landa. Og það er framtíðin. En það er annað, sem fylgir þeirri kjördæmaskipun, sem nú er. Ef einhver þm. kemur upp með eitthvert frv., þáltill. eða eitthvað slíkt, sem hinir óttast að hann geti unnið einhver atkv. á, þá eru þeir allir hlaupnir og allir segjast vera með því. Þetta er auðvitað hættulegt í okkar kjördæmaskipun. Og það verður þannig, að þó að einhver komi með eitthvað, sem hann heldur að hann geti unnið einhver atkv. á, þá eru hinir jafnákafir eða ákafari, þannig að enginn flokkur vinnur neitt við að gera vitleysuna. Þess vegna er mikil nauðsyn að breyta kjördæmaskipuninni, þó að ekki væri fyrir annað en þetta.

Sem sagt, ég las með eftirtekt frv. um menntaskólana, sem nú er búið að afgreiða til Ed., og mér líkaði frv. frábærlega vel. En ég sé ekki, að þetta frv. sé í neinu samræmi við þann anda, sem kemur fram í frv. frá þeirri n., sem hæstv. menntmrh. skipaði til að semja frv. um menntaskólana, heldur hið gagnstæða. Þeir leggja áherzlu á, að skólarnir séu stórir og fullkomnir, telja það ódýrara og hagkvæmara, en ekki margir og smáir. Það er sagt: Þetta eru engir menntaskólar nema bara rétt til að útskrifa stúdenta. — Þetta er eins konar skrípaleikur. Þessir menn eiga að hafa sömu réttindi og stúdentar frá menntaskólunum. Þess vegna er þetta ekkert annað en bara óbeinn menntaskóli. Við höfum eitthvað tæpa 500 stúdenta. Ef við værum ekki í þessu kotþjóðfélagi sem við erum, væri þetta mátulegt fyrir einn skóla. Menntaskólinn er fjögurra ára skóli. Það er annað atriði að lofa t. d. þeim úti í dreifbýlinu að taka 1. bekk menntaskólans heima. Deildaskiptingin byrjar aðallega eftir það, og það hafa þeir þegar, t. d. á Ísafirði, það er allt í lagi, hafa svo stóran skóla með fullkominni deildaskiptingu og fullkominni kennslu. Það er ódýrast fyrir okkur. Og það er alveg nægilegt að hafa slíka skóla tvo á landinu og hafa þá bara fullkomna, bæði að kennaravali og öðrum aðbúnaði, og miklu praktískara og betra, bæði fyrir nemendurna og eins þjóðfélagsheildina. Við þurfum að vinna okkur upp úr þessum smáborgaralegu músarholusjónarmiðum og blása okkar nemendum þeim manndómi og kjarki í brjóst, að þeir séu ekki hræddir við að verða skipstjórar, bændur eða það, sem þjóðfélagið þarf á að halda, þegar þeir eru búnir að læra og þjóðfélagið er búið að hjálpa þeim til þess, gera menntunina hagnýtari, eins og koma fram óskir og till. um í þessu menntaskólafrv., og blása þeim svo manndómi og kjarki í brjóst, en ekki að þeir flýi til annarra landa, þegar þjóðin er loksins búin að hjálpa þeim til að læra. Það er náttúrlega alveg rétt, það sem kom fram hjá Magnúsi Jónssyni fjmrh. og ég minntist á einu sinni, að það er ekkert vit í því að vera að ausa styrkjum í menn svo að skiptir hundruðum til að læra eitthvað, sem við höfum ekki þörf fyrir að þeir læri og þeir hafa ekki aðstöðu til að vinna við, þegar þeir eru búnir að ljúka því námi, heima í sinni heimabyggð. Ef þeir vilja læra eitthvað annað, sem þeir aðeins geta stundað í öðrum löndum, þá verða þeir bara að kosta sig sjálfir eða þeirra aðstandendur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 94. fundi í Nd., 13. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 670, n. 729 og 730).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Þótt frv. þetta sé flutt af menntmn. þessarar hv. d. samkv. beiðni hæstv. ríkisstj., þótti n. þó rétt að athuga málið frekar en orðið var milli 1. og 2. umr. Þetta hefur n. gert, og kvaddi hún á sinn fund skólastjóra Kvennaskólans, Guðrúnu P. Helgadóttur, en hún lét n. í té mikilsverðar upplýsingar um hina væntanlegu stúdentadeild, um húsakost skólans með tilliti til þessarar breytingar á skólanum, um fjármál skólans o. fl.

Menntmn. hefur skilað nál. um frv. í tvennu lagi. Er nál. meiri hl. n. á þskj. 729. Við, sem skipum meiri hl. n., leggjum til, að frv. verði samþ. óbreytt. Minni hl. n. mun gera grein fyrir afstöðu sinni til málsins og mun líka skila nál. á þskj. 730.

Skólastjóri Kvennaskólans gerði n. grein fyrir því, að fyrstu árin þyrfti ekki að stækka húsnæði skólans vegna stúdentadeildar, þótt stækkunar sé reyndar þörf, hvort sem þessi breyting yrði gerð á skólanum eða ekki. Skólastjórinn lagði einnig áherzlu á það, að til þess að nægjanlegur tími gæfist til þess að undirbúa stúdentadeild, svo að þar gæti hafizt kennsla haustið 1970, þyrfti að lögfesta þetta frv. á þessu þingi. Þá bar hina fjárhagslegu hlið þessa máls nokkuð á góma í n. Þar sem ekki mun koma til þess allra fyrstu árin, að stækka þurfi skólahúsið vegna stúdentadeildarinnar, getur kostnaður ríkissjóðs af þessari deild ekki orðið stórvægilegur. Hv. 7. þm. Reykv., Birgir Kjaran, sem styður frv. eins og við hinir, sem skipum meiri hl. n., tekur það sérstaklega fram, að því aðeins beri hæstv. ríkisstj. að notfæra sér þá heimild, sem er aðalefni þessa frv., að fé verði veitt til skólans á fjárl. Ég tel, að ekki þurfi að efast um það, að svo verði gert. Annars væri til lítils að óska eftir flutningi frv. og samþykkt þess, ef hæstv. ríkisstj. ætlaði sér ekki að sjá borgið hinni fjárhagslegu hlið málsins, enda engin ástæða til að óttast slíkt.

Hreyft hefur verið þeim andmælum gegn frv., að Kvennaskólinn sé eingöngu fyrir stúlkur, en eðlilegt sé, að piltar og stúlkur stundi nám í sama skóla hvar sem er. Já, víst er það eðlilegt, en það er heldur ekkert óeðlilegt, að til séu skólar í landinu, sem annars vegar eru fyrir stúlkur og hins vegar fyrir pilta. Þannig hefur það verið og er enn um marga skóla. Bændaskólarnir, Sjómannaskólinn, Vélstjóraskólinn og ýmsir fleiri eru t. d fyrir pilta. Húsmæðraskólar, kvennaskólar, Húsmæðrakennaraskólinn og fleiri eru fyrir stúlkur. Og ég vil nú spyrja, hvort það skorti nokkuð í menntagildi þessara skóla þrátt fyrir þetta.

Sú skoðun hefur einnig komið fram, að það sé ekki hlutverk kvennaskóla að útskrifa stúdenta, þar sem stúlkur jafnt og piltar eigi greiðan aðgang að menntaskólum. Nú er mönnum kunnugt um, að ákaflega mikill skortur er á menntaskólum í landinu, og mundi því stúdentadeild við Kvennaskólann verða til bóta hvað þetta snertir.

Þá er það heldur engin nýjung, að öðrum skólum en menntaskólum sé veitt heimild til að útskrifa stúdenta. Þessa heimild fékk Verzlunarskólinn fyrir um það bil aldarfjórðungi og Kennaraskólinn fyrir 6 árum og það alveg ágreiningslaust. Hafa þessir skólar minnkað í einhverju tilliti við þessa ráðstöfun? Nei, þvert á móti. Þeir hafa alveg tvímælalaust mjög vaxið, vaxið í áliti og tiltrú.

Ég sé, að hv. minni hl. n. rökstyður andmæli sín gegn þessu frv. ekki sízt með því, að meiri hl. þeirrar n., sem undirbjó menntaskólafrv., hafi mælt gegn því, að Kvennaskólinn fengi þessi réttindi. Ég veit nú ekki, hvort þeir eru algerlega óhlutdrægir til þess að dæma um slíkt, skólastjórar menntaskóla, sem fyrir eru. Þeir höfðu þar ákvæði t. d. í 1. gr. menntaskólafrv. eða gengu þannig frá þeirri grein að nefna enga ákveðna menntaskóla í landinu. Alþ. er nú þegar búið að breyta þeirri grein. Því er ekkert merkilegt, þó að einhver skoðanamunur geti verið í þessum efnum. Auk þess ætla ég, að þegar sú n., sem undirbjó menntaskólafrv., lét þetta álit sitt í ljós, hafi hún miðað við það, að Kvennaskólinn félli undir menntaskólalöggjöfina, og vitnar meiri hl. þeirrar n. í það, að samkv. fræðslulögum og reglugerð menntaskólanna eigi þeir að vera samskólar. Nú hefur það aldrei komið til mála að gera Kvennaskólann að menntaskóla, heldur aðeins veita honum rétt til að útskrifa stúdenta, svo að ég veit ekki, hvert yrði álit þessara sömu manna, ef þeir ættu að dæma um þetta frv., sem er sjálfstætt og hefur það eitt inni að halda að heimila að veita Kvennaskólanum þessi réttindi. Kvennaskólinn í Reykjavík er sem kunnugt er nær því 100 ára gamall. Hann hefur notið mikils álits og vinsælda, enda hafa valizt þar til skólastjórnar hinar ágætustu konur allt frá upphafi. Forustukonur skólans hafa í 6 ár borið fram óskir sínar um stúdentadeild í skólanum, og þetta er meira en nógu langur biðtími að mínum dómi. Mér finnst því, að það ætti að vera ánægjuefni hv. alþm. að veita skólanum þessi réttindi, þau sömu réttindi og öðrum skólum hafa verið veitt fyrir löngu og án ágreinings. Mér finnst, að ef Kvennaskólanum er neitað um þessi réttindi nú, mæti hann minni sanngirni í þessum efnum af hálfu alþm. en hinir skólarnir, sem áður hafa fengið þessi réttindi og ég hef minnzt á.

Forustukonur Kvennaskólans leggja á það mikla áherzlu, að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi. Mér er hins vegar ljóst, að það tekst ekki, þar sem aðeins munu vera þrír virkir dagar til þingslita, nema valdamenn þinghaldsins geri sérstakar ráðstafanir til að hraða málinu. Ef svo reynist, sem ég vona, að þetta frv. verði samþ. nú við þessa 2. umr. og viðhorf hv. Ed. til frv. sé eitthvað á líkan hátt, þá finnst mér hart til þess að vita, að frv. stöðvist samt bara fyrir tímaskort, því að það er auðvelt að koma málinu fram, ef nægilegur vilji er til þess, þó að skammt sé til þingslita.

Ég vil ekki tefja fyrir málinu með því að hafa þessi orð fleiri. En ég vil leyfa mér að beina því til hæstv. forseta, hvort hann sjái sér ekki fært, ef frv. verður samþ. við þessa umr., að skjóta á öðrum fundi síðar í dag til þess að reyna að koma málinu til Ed. Ef þetta verður ekki gert, mun málið sennilega dragast til föstudags, þar sem helgur dagur er á fimmtudag, og þá tel ég alla von úti um það, að málið fái endanlega afgreiðslu á þessu þingi, og það harma ég. Fyrir hönd meiri hl. menntmn. legg ég til, að frv. verði samþ.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Við höfum hér á síðari hluta þinghaldsins fjallað mjög gaumgæfilega um mikinn lagabálk um breyt. á l. um menntaskóla. Þetta er án efa mjög vel undirbúið mál, og í það var lögð mikil vinna af menntmn. Nd. Hún hefur haft sambönd við fjölmarga aðila, hún hefur samræmt sjónarmið, og ég tel, að hún hafi unnið þarna mjög gott verk. Þegar það mál var lagt fyrir hér, spurðist ég fyrir um það hjá hæstv. menntmrh., hvort ekki væri æskilegt og hvort ekki væri ætlunin, að menntaskólafrv. yrði afgreitt á þessu þingi, og ég hét honum að mínu leyti stuðningi við það að haga vinnubrögðum á þann hátt, að það væri hægt. Hæstv. ráðh. lýsti því þá yfir, að honum væri það fagnaðarefni, ef hægt væri að samþykkja þetta frv. Nú hef ég hins vegar spurnir af því, að hæstv. ríkisstj. hafi ákveðið að þetta frv. verði ekki látið ganga fram í Ed. Mér þætti mjög fróðlegt að heyra hjá hæstv. menntmrh. hvort þetta er rétt. Er það rétt, að hæstv. ríkisstj. hafi ákveðið, að það sé samkomulag milli stjórnarflokkanna, að menntaskólafrv. nái ekki fram að ganga? Ef svo er, verð ég að ætla, að fögur orð einstakra forustumanna hér um áhuga sinn á þessu máli hafi ekki verið ýkjaalvarleg. Við vitum það, að hæstv. ríkisstj. hefur full tök á því að láta mál, sem hún hefur áhuga á, komast í gegnum þd. á skemmri tíma en það hefur tekið menntaskólafrv. Og ef það verður ekki gert með menntaskólafrv. sjálft, þá verð ég að ætla, að þarna séu einhver annarleg öfl að verki.

Ég minnist á þetta í sambandi við frv. til l. um heimild handa Kvennaskólanum í Reykjavík til að brautskrá stúdenta vegna þess, að það frv. kom fram einmitt um sama leyti og ég hafði fregnir af þessum fyrirætlunum hæstv. ríkisstj. að stöðva menntaskólafrv. Og þetta fundust mér ákaflega einkennileg vinnubrögð, því að frv. til l. um heimild handa Kvennaskólanum í Reykjavík, sem n. fékk frá hæstv. menntmrh., hafði ekki að geyma neinn rökstuðning um það, að það væri skynsamlegt að veita Kvennaskólanum þessa heimild. Þá var slíks rökstuðnings mikil þörf, því að með menntaskólafrv. er verið að breyta öllu menntaskólakerfinu í landinu. Við erum að taka upp nýtt kerfi, og þegar tekið er upp þannig nýtt kerfi, þarf auðvitað að miða einstakar ákvarðanir í skólamálum við þá stefnu, sem verið er að taka upp. Það er ekkert vit í því að taka upp heildarstefnu, en fara síðan í ákvarðanir, sem beinast e. t. v. í þveröfuga átt. Þess vegna hefði mér fundizt, að það væri skylda hæstv. menntmrh. að gera grein fyrir því, um leið og hann lagði fram þetta frv. um Kvennaskólann, að með því væri verið að stuðla að þeirri gerbreytingu á menntaskólanámi, sem felst í aðalfrv. En þetta hefur sem sagt ekki verið gert, og n. fékk raunar ekki í hendur nein gögn frá hæstv. menntmrh. um þetta kvennaskólafrv.

Eins og kunnugt er, lá hugmyndin um, að Kvennaskólinn fengi þessi réttindi, fyrir þeirri n., sem samdi sjálft menntaskólafrv. Og meiri hl. þeirrar n., allir skólastjórar menntaskólanna á Íslandi, rektor Háskólans og skólastjóri Kennaraskólans, þeir hafa allir lagzt gegn þessari hugmynd með röksemdum, sem ég hef prentað upp með nál. mínu, röksemdum í 6 liðum, mjög svo skýrum málefnalegum röksemdum. Ég tel, að það sé ekki nokkur leið að hafna þessum röksemdum jafnreyndra skólamanna án þess að bera fram jafngildar röksemdir á móti. En þær röksemdir hef ég ekki heyrt og allra síst í ræðu hv. frsm. meiri hl. Hann gerði enga tilraun til þess að hrekja þessi málefnalegu rök reyndustu skólamanna á Íslandi.

Í staðinn kom hv. frsm. meiri hl. með röksemd, sem ég hef raunar heyrt áður, að vandræðaástandið í menntaskólamálum í Reykjavík væri slíkt, að það væri fagnaðarefni, ef hægt væri að leysa eitthvað úr þrengslunum annars staðar með því að opna skóla eins og Kvennaskólann, þar sem væri aðstaða til að taka upp slíka kennslu án þess að auka húsnæði. Hv. frsm. staðhæfði, að það mundi ekki þurfa að auka þar húsnæði næstu árin. Ég dreg mjög í efa, að þessi kenning sé rétt. Hver sem hefur sagt það, þá dreg ég mjög í efa, að þessi kenning sé rétt, og ég skal færa rök að þeirri staðhæfingu minni. Á hverju ári sækja margfalt fleiri um nám í Kvennaskólanum í Reykjavík en komast þar inn. Inn í skólann kemst ekki meira en þriðjungur og niður í fjórðung af þeim, sem sækja. Og þeir, sem komast inn í skólann, hafa þar ekki allt of góðan aðbúnað að því er húsnæði varðar. Í bréfi, sem Kvennaskólinn sendi hæstv. menntmrh. haustið 1967, er komizt svo að orði um húsnæðismál Kvennaskólans, með leyfi hæstv. forseta:

„Skólahúsið við Fríkirkjuveg er eign Kvennaskólans ásamt lóð. Skólahús þetta var byggt 1909. Það er eðlilega fyrir löngu orðið alls ófullnægjandi fyrir starfsemi skólans. Í húsinu er timburloft. Sumar kennslustofurnar eru undir súð. Langt er frá, að þessi húsakynni fullnægi einföldustu skilyrðum til nútíma skólastarfs og heilbrigðishátta.“ Ég endurtek: „Langt er frá, að þessi húsakynni fullnægi einföldustu skilyrðum til nútíma skólastarfs og heilbrigðishátta.“

Þetta er dómur skólastjóra Kvennaskólans og formanns skólanefndar í bréfi til hæstv. menntmrh. Þannig er ástandið í þessum skóla. Og samt er talað um það, að nú sé hægt að bæta þarna við nýjum bekkjum og ekki þurfi að auka þetta húsnæði í nokkur ár. Auðvitað er þetta hrein firra. Þetta er ekki hægt. Slík breyting á Kvennaskólanum mundi annað tveggja leiða til þess, að núverandi starfsemi skólans yrði takmörkuð til mikilla muna eða aðstæður yrðu þrengdar enn ofan á þessa ömurlegu lýsingu.

Þessi lýsing skólastjórans og formanns skólanefndar var rökstuðningur fyrir beiðni frá skólanum um fjárveitingu til að byggja viðbótarbyggingu á baklóð skólans. Sú viðbótarbygging átti haustið 1967 að kosta 16 millj. kr. Það var fyrir tvær gengislækkanir. Ætli hliðstæð upphæð væri ekki núna einar 30 millj.? En hvað hefur gerzt hér á hinu háa Alþ.? Hvað gerðist í fjvn.? Þessari beiðni Kvennaskólans hefur verið hafnað. Það er ekkert framlag til þessarar stækkunar á fjárl. Hvernig ætla þeir hv. alþm., sem hafa hafnað því að stækka Kvennaskólann, svo að hann gæti haldið uppi þeirri starfsemi, sem þar hefur verið, á myndarlegri hátt en gert hefur verið, — hvernig ætla þeir að fara að samþykkja

að bæta þarna við menntadeild í óbreyttu húsnæði? Auðvitað er þetta hrein fjarstæða. Það er augljóst mál, að það er ekki hægt að taka upp menntadeild í Kvennaskólanum án þess að ráðast í þessa viðbyggingu og raunar án þess að endurnýja húsnæðið allt á mjög stuttum tíma. Þarna er ekki um að ræða þá aðstöðu til þess að auka menntaskólanám í Reykjavík án þess að byggja, sem hv. frsm. meiri hl. vildi vera láta. Í svona ákvörðun hlyti að felast bygging á nýju húsnæði.

En svona hugmyndir eins og fram koma hjá hv. frsm. meiri hl. stafa af því, að reynt er að hraða málum svo mjög, að mönnum er ekki gefinn kostur á að kynna sér staðreyndir, og þá hættir þeim við að koma hér upp í ræðustól og fara með kenningar, sem alls ekki er hægt að styðja neinum rökum. Svona vinnubrögð eins og þessi, sem viðhöfð eru í sambandi við þetta mál, að leyfa n. ekki að fjalla um það nema í einn dag eða svo, er auðvitað hrein fjarstæða. En auk þessara atriða held ég, að það sé vert að íhuga dálítið, hvort þessi hugmynd er rétt í sjálfu sér, að hafa sérstakan menntaskóla eða menntaskóladeild, sem valið er í eftir kynferði. Sjálf hugmyndin með menntaskólafrv. er að gefa mönnum kost á að velja sér námsgreinar á menntaskólastiginu eftir hæfileikum og eftir áhuga, en sannarlega ekki eftir kynferði. (**Forseti**: Ég bið hv. þm. afsökunar, en áformað hafði verið að fresta fundi kl. 4. Ég vil spyrja hann, hvort hann geti lokið máli sínu á örstuttum tíma eða hvort hann óski að fresta ræðu sinni.) Já, ég ætlaði nú að hugleiða örlítið um þetta mál, ef — (**Forseti**: Óskar hv. þm. þá eftir að fresta ræðu sinni?) Já, ætli það verði ekki 10 mínútur eða svo? Ég skal fresta því. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég gerði áðan grein fyrir því, að sú kenning fengi ekki staðizt, að húsakynni Kvennaskólans væru slík, að þar væri hægt að auka húsrými fyrir menntaskólanema fram yfir þá aðstöðu, sem er núna í honum, — sú röksemd stæðist ekki. En ég hafði hug á því að ræða örlítið um sjálfa hugmyndina, hvort það væri rétt stefna að hafa sérstakan kvennaskóla, sem kenndi undir stúdentspróf. Ég benti á það, að í nýja menntaskólafrv. er ráð fyrir því gert, að nemendur eigi kost á því að velja á milli námsgreina í samræmi við hæfileika sína og áhugamál, en það ætti ekki að vera um að ræða val eftir kynferði. Hins vegar er hugmyndin um, að Kvennaskólinn fái réttindi til að útskrifa stúdenta, bundin við hina sérstöku stöðu kvenfólksins í þjóðfélagi okkar. Það kemur fram í grg. um menntaskólafrv. sjálft, — í grg., sem Jón Gíslason skólastjóri Verzlunarskólans og Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri sömdu og prentuð var í sjálfu menntaskólafrv., — þar er um það rætt m. a., að konur verði oft að hætta námi vegna giftingar og barneigna og til þess verði að taka tillit, þegar konur læra til stúdentsprófs, og í grg. Birgis Thorlaciusar er komizt svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef Kvennaskólinn í Reykjavík fengi réttindi til að brautskrá stúdenta, mundi námsefni hans, þegar fram liðu stundir, vafalaust verða þannig, að auk þess að veita þá menntun, sem krafizt er til inngöngu í háskóla hér og erlendis, yrði áherzla lögð á námsgreinar, sem sérstaklega væru við hæfi kvenna, enda má gera ráð fyrir, að í framtíðinni verði námsefni hinna ýmsu menntaskóla landsins meira sitt með hverju móti en nú er.“

Í þessu sambandi vil ég benda á það, að á undanförnum áratugum hafa orðið mjög stórfelldar breytingar á stöðu kvenna í þjóðfélaginu. Og þær breytingar munu alveg tvímælalaust halda áfram. Þróunin hlýtur að verða sú, að jafnrétti, raunverulegt jafnrétti karla og kvenna, hlýtur að halda áfram að aukast og að konur fái sömu aðstöðu til starfa á ýmsum sviðum eins og karlar, eftir því sem menntun þeirra og hæfileikar hrökkva til. Til þess að þetta megi verða, þurfa að sjálfsögðu að verða mjög umfangsmiklar skipulagsbreytingar á þjóðfélaginu. Þessar breytingar hafa verið að gerast á undanförnum áratugum, og ég er sannfærður um, að þær munu halda áfram að gerast. En við verðum þá einnig að miða skólakerfið við það að stuðla að þessum breytingum. Og við skulum gera okkur það alveg ljóst, að baráttan fyrir raunverulegu jafnrétti kvenna er mikið stórmál og sá árangur, sem náðst hefur á undanförnum áratugum, hrekkur engan veginn til. Hvernig er t. d. ástatt núna á hinu háa Alþ.? Í hópi 60 alþm. er aðeins ein kona. Sama blasir við víða í embættismannakerfinu, karlmenn eru alls staðar í fyrirrúmi, og þar sem konur og karlar starfa hlið við hlið, er ákaflega algengt, að konurnar hafi lægra kaup þrátt fyrir ákvæði launalaga. Það er gert með þeirri einföldu aðferð að setja á þær annað starfsheiti. Á þessu tel ég, að verði að verða breyting, og að breytingu á þessum vettvangi verður að vinna ötullega. En það verður aðeins gert með því að tryggja konum í verki jafnrétti á æ fleiri sviðum. Það þýðir ekki að vera að segja t. d. innan stjórnmálaflokkanna: Nú skulum við setja konu á framboðslista. — Konurnar verða að fá þá aðstöðu í þjóðfélaginu, að þær komist á eðlilegan hátt á framboðslista og inn á hið háa Alþingi.

Það er meira en lítið bogið við slíkt þjóðfélag, þar sem aðeins er ein kona í 60 þingmanna hópi. Því held ég, að það sé mikil fjarstæða að miða skóla eins og Kvennaskólann við það að mennta konur á þeim forsendum, að núverandi ástand haldist í þjóðfélaginu, að svo og svo mikill hluti þeirra kvenna, sem taka stúdentspróf, haldi ekki áfram og menntun þeirra nýtist þjóðfélaginu ekki. Svona verður þróunin ekki og svona má þróunin raunar ekki verða. Hitt þarf að gerast, að við reynum að skipuleggja þjóðfélagið á þann hátt, að konur geti notið hæfileika sinna og menntunar á hliðstæðan hátt og karlmenn. Af þessum ástæðum er ég algerlega andvígur þessari hugmynd sjálfri, að það sé stofnaður sérstakur menntaskóli handa konum, sem sé við það miðaður, að sú þjóðfélagslega mismunun, sem nú ríkir, haldist áfram. Og af þessum ástæðum er hugmyndin um að veita Kvennaskólanum þessi svo kölluðu réttindi — hún er ekki stuðningur við réttindabaráttu kvenna, heldur þvert á móti. Þetta er íhaldssjónarmið. Þetta er sjónarmið, sem stuðlar að því, að kvenfólk nái ekki fullu jafnrétti í þjóðfélaginu.

Þessar hugleiðingar langaði mig til að flytja í sambandi við þetta mál. En áður en ég lýk máli mínu vildi ég beina enn einni fsp. til hæstv. menntmrh. Ég spurði hæstv. ráðh. að því áðan, hvort það væri ekki rétt, að hæstv. ríkisstj. hefði ákveðið að salta menntaskólafrv. sjálft. Í því sambandi vil ég spyrja hann: Hvað gerist með þetta frv. um Kvennaskólann í Reykjavík, ef sjálft menntaskólafrv. verður stöðvað? Er ætlunin, að þetta frv. verði samþ. engu að síður, eða er ætlunin að stöðva það e. t. v. í Ed. með sjálfu menntaskólafrv.? Mér þykir forvitnilegt að vita það t. d., hvort ætlunin er að stöðva þetta frv., vegna þess að það var rekið þessi ósköp á eftir okkur í menntmn. Nd. Hafi það verið gert á sama tíma og vitað var, að frv. yrði stöðvað í Ed., þá er hér um að ræða algera sýndarmennsku, fráleita sýndarmennsku af hálfu hæstv. ráðh., — sýndarmennsku, sem honum er engan veginn sæmandi.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. þm. spurði, hvort ríkisstj. hefði tekið ákvörðun um það, eins og hann orðaði það, að stöðva menntaskólafrv. Ríkisstj. hefur enga slíka ákvörðun tekið. Enginn ráðh. né ríkisstj. í heild hefur beint nokkrum tilmælum um þetta efni til hv. menntmn. Ed., sem hefur menntaskólafrv. til afgreiðslu. Það er nefndarinnar sjálfrar, sem hefur málið til meðferðar, að taka ákvörðun um það, hvaða afstöðu hún tekur til þess. En það er rétt, að ég láti þess getið, að mér vitanlega hafa ekki komið fram neinar efnisaths. við menntaskólafrv. af hálfu nokkurs þingflokks eða nokkurra þeirra manna, sem sérstaklega hafa látið það mál til sín taka, og á ég þar sérstaklega við menntmn.-menn. Hitt er annað mál, að um kvennaskólafrv., sem hér er til umr., hefur mér verið tjáð, að sé meiri ágreiningur en ég átti von á, og hafði ég þó tekið fram í upphafi, bæði í framsögu minni fyrir menntaskólafrv. sjálfu og framsögu fyrir þessu frv. hér í hv. Nd., að ágreiningurinn um það mál væri enn meiri en ég hafði gert ráð fyrir. Hafði ég þó tekið fram, að mér væri kunnugt um ágreining um það mál í öllum flokkum þingsins. Hv. þm. hefur gerzt sérstakur talsmaður fyrir þessum ágreiningi í þessari hv. deild.

Ég tók undir þá skoðun, sem fram kom af hálfu eins menntmnm. hér í þessari hv. d., að ég teldi eðlilegt, að þessi tvö frv. yrðu samferða, og þess vegna óskaði ég þess hér við 1. umr., að nefnd og deild hröðuðu afgreiðslu þessa máls sem mest til þess að það gæti sem fyrst komizt í hendur menntmn. Ed., sem þegar er að fjalla um menntaskólafrv.

Nú hefur þessi hv. þm. efnt til deilna um þetta mál hér og undirstrikað sérstaklega þann skoðanamun, sem ég vissi vel, að var fyrir hendi um kvennaskólafrv. Ég vil aðeins segja það, að þetta verður ekki til þess að flýta fyrir menntaskólamálinu, að harðvítugar deilur verði um kvennaskólafrv. En hitt er annað mál, að ég tel rétt, eins og ég sagði, ég óska enn eftir því, að þetta frv. komist út úr þessari d. og til Ed. og til þeirrar n., sem um menntaskólafrv. er að fjalla þar.

Birgir Kjaran: Herra forseti. Því miður hef ég ekki haft tök á að fylgjast nægilega með forsögu þessa máls í menntmn. d. og því átt óhægt með að taka afstöðu til málsins og óhægara en aðrir nm. Hins vegar hef ég þó ekki viljað setja fót fyrir, að ríkisstj. fengi heimild til þess að veita skólanum umbeðin réttindi á sínum tíma, ef ákveðnum skilyrðum væri fylgt, og þá í fyrsta lagi, að fé sé fyrir hendi á fjárl. til framkvæmdanna, í öðru lagi, að nægilegt kennaralið fáist til þess að kenna við stúdentadeild skólans, svo að stúdentsmenntun frá honum verði sambærileg við aðra skóla, sem stúdenta útskrifa. Í því sambandi vil ég benda á, að að undanförnu hefur verið nokkur skortur á kennurum í sumum greinum við framhaldsskóla, og er mér nær að halda, að ýmsum þeim menntaskólum, sem eru fyrirhugaðir úti á landi, muni reynast nokkuð erfitt að fá kennslukrafta og það muni ekki auðvelda fyrir þeim, ef menntaskólum verður til muna fjölgað hér á sama tíma. Þetta er að vísu ekki mitt áhyggjuefni sem þm. Reykv., en ég get þó ekki látið hjá líða að benda á þetta. Þá vil ég og taka það fram, að ég er yfirleitt fylgjandi samskólum, en ekki sérskólum, og tel þá heppilegri.

Að lokum vil ég bæta því við, að mér er tjáð, að þessi stækkun Kvennaskólans og það að gera hann að stúdentaskóla muni vera á kostnað hins almenna kvennaskóla, þ. e. a. s. að skólinn geti þá aðeins veitt færri nemendum inngöngu í hinn almenna skóla, að sama skapi sem þeim fjölgar, sem í stúdentadeildina fara. Þetta er mjög miður farið, því að eins og við vitum og alkunnugt er, þykir skólinn góður og hefur verið mikil aðsókn að honum, en því miður ekki verið hægt að taka nema brot af umsóknunum til greina. Og að síðustu hefur það að mér hvarflað, hvort þessi nýbreytni á skólanum væri ekki skerðing á — ef svo mætti segja — „tradisjón“ eða erfðum skólans eða þeim hugmyndum, sem fyrir þeim vöktu, sem til skólans stofnuðu.

Þrátt fyrir allar þessar bollaleggingar, sem ég hér hef nefnt, og allt þetta, sem ég held að taka þurfi fullt tillit til, þá hef ég engu að síður ekki viljað leggja stein í götu þeirra áhugasömu kvenna, sem sækja mál þetta svo fast, og ég fylgi því þess vegna í þessari d., en þó með þeim fyrirvörum, sem ég hér hef greint.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég beindi áðan þeirri fsp. til hæstv. menntmrh., hvort það væri ætlun stjórnarflokkanna að stöðva menntaskólafrv. í Ed., og þau svör, sem hæstv. ráðh. gaf, voru engan veginn fullnægjandi. Hann sagði, að ríkisstj. hefði ekki farið fram á það við menntmn. Ed., að frv. yrði stöðvað. En ég held, að hæstv. ráðh. geti sparað sér að vera með slík ólíkindalæti. Ég veit ósköp vel um það, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki formlega gert eitt eða neitt í því sambandi. En hitt veit ég, að menntmn. Ed. hefur ekki fjallað um málið, og hæstv. ríkisstj. er vön því, þegar mál eru sem hún hefur áhuga á og vill að verði afgreidd hér á þingi, að fylgjast með gangi þeirra. Hæstv. ríkisstj. hefur kunnað ákaflega vel að koma slíkum málum í gegnum nefndir á furðu-

stuttum tíma. Ef hæstv. menntmrh. hefur áhuga á því, að þetta mál nái fram að ganga, þá hlýtur hann að beita sér fyrir því, að menntmn. Ed. fjalli um málið. Ef hins vegar hæstv. ráðh. kemur hér og þykist ekkert um málið vita, ypptir öxlum og segir: Þetta er á valdi n., — þá sýnir það aðeins það, að hann hefur engan raunverulegan áhuga á málinu lengur. Vil ég biðja hv. alþm. að bera það saman við það, sem hæstv. ráðh. sagði, þegar hann mælti fyrir þessu máli hér í upphafi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 33:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VH, ÞÞ, ÁÞ, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, USt, EystJ, FÞ, JJ, GuðlG, ÓL, GÞG, HS, HV, IngJ, IG, JóhH, JSk, JP, MB, MÁM, ÞB, PS, SI, SE, SkG, SV, SP, EKJ, SB.

nei: GeirG, RA, LJós, MK.

3 þm. (BP, EðS, EmJ) fjarstaddir.

2.—4. gr. samþ. með 32:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 33:3 atkv.

Á 95. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28:4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 97. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

48. Fólkvangur á Álftanesi.

Á 94. fundi í Nd., 13. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um fólkvang á Álftanesi [253. mál] (þmfrv., A. 716).

Á 95. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

49. Ungmennahús.

Á 5. fundi í Ed., 22. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um ungmennahús [31. mál] (þmfrv., A. 31).

Á 6. fundi í Ed., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Á þskj. 31 hef ég leyft mér að flytja frv. um ungmennahús.

Í 1. gr. er gert ráð fyrir, að byggt verði ungmennahús í Reykjavík fyrir skemmtanir æskufólks og haft verði samráð við Æskulýðsráð Reykjavíkur um stærð hússins og fyrirkomulag.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir því, að þar megi aðeins fara fram skemmtanir, sem séu hollar og þroskavænlegar fyrir æskufólk, og skulu þær vera undanþegnar skemmtanaskatti.

Í 3. gr. er gert ráð fyrir því, að áfengisneyzla í slíku húsi sé algerlega bönnuð.

Í 4. gr. segir, að stofnkostnað hússins, svo og tæki og áhöld, sem þar þurfa að vera, greiði ríkissjóður að hálfu og Reykjavíkurborg að hálfu.

Í 5. gr. er svo gert ráð fyrir því, að ef um rekstrarhalla sé að ræða, skuli hann greiðast af sömu aðilum og byggðu húsið.

Í 6. gr. er gert ráð fyrir, að stjórn ungmennahúss sé falin Æskulýðsráði Reykjavíkur.

Ég flutti sams konar frv. hér fyrir tveim árum, á þinginu 1966. Ég flutti þá allítarlega framsöguræðu fyrir þessu máli og ætla að leyfa mér að vísa að mestu leyti til hennar um þetta. Ég vil þó aðeins rifja það upp hér, að enn þá er svo ástatt hér í borginni, þrátt fyrir nokkrar breytingar, sem ég mun koma að síðar, að það er skortur á aðstöðu ungra manna og kvenna til hollra skemmtana og leika. Hins vegar er enginn skortur á vínveitingahúsum, eins og allir vita. Þau munu vera 12 hér í borginni og því sæmilega séð fyrir þeim þætti, en ekkert hús, eins og stendur, sem hentar því unga fólki, sem þetta frv. er sérstaklega flutt út af.

Það er gert ráð fyrir því, að stjórn þessa húss og ákvörðun um meðferð og fyrirkomulag verði tekin í samráði við Æskulýðsráð Reykjavíkur og einnig, að stjórn hússins verði undir þess höndum. Það hefur sýnt sig bæði hér og annars staðar, að það er heppilegasta fyrirkomulagið, að þetta unga fólk hafi sjálft sem mesta stjórn á þessum málum, og ég vil taka það sérstaklega fram hér, að í Æskulýðsráði Reykjavíkur er nú mikill þróttur. Það er unnið þar vel að þessum málum, og ég tel sjálfsagt, að ef af svona byggingu yrði í samvinnu ríkis og borgar, yrði það einn hlekkur í starfsemi og uppbyggingu Æskulýðsráðs. Það er vitanlegt, að margt fleira þarf að gera til að bæta aðstöðu ungs fólks til hollra skemmtana og tómstundaiðkana. Það hefur oft verið talað um, að hér þyrfti að reisa t. d. skautahöll í borginni. Það þarf að koma upp fleiri skautasvellum líka en til eru. Það þarf að bæta alla aðstöðu til íþróttaiðkana. Að þessu er náttúrlega verið að vinna, en það gengur hægt. Borgin vex ört og varla haldið í með þessa þætti.

Ég vil sérstaklega minnast á það hér, að ég held, að það hafi verið í fyrra, sem þessi mál voru talsvert rædd í borgarstjórn Reykjavíkur í sambandi við skýrslu, sem Æskulýðsráð birti þá um starfsemi sína, og þá kom það mjög glöggt fram, að það er mikill og samstæður vilji allra flokka í borgarstjórn fyrir því að ná samstarfi við ríkisvaldið um starfrækslu og byggingu slíkra húsa. Það er raunar kunnara en rekja þurfi, að það er ekki borgin og hennar yfirvöld ein, sem eiga mikið undir því, að uppeldi æskulýðsins takist vel. Það getur bakað ríkinu mjög mikinn kostnað, fé og fyrirhöfn, ef þessi mál

takast illa og þau fara í þann ólestur, að slys leiði af. En því hef ég minnzt á samvinnu ríkisins og Reykjavíkurborgar sérstaklega og gert það eitt að efni þessa frv., að við verðum að átta okkur á því, að í Reykjavík einni er fyrsti vísirinn að stórborgarlífi, sem hér er fyrir hendi. Við erum stoltir, þegar við sýnum skýjakljúfana, háhýsin, fínu veitingastaðina, sem eru ætlaðir fullorðna fólkinu og gestunum, þá þykir okkur við vera menn með mönnum í stórri borg, en við verðum líka að gera okkur það ljóst, að þeirri vegsemd fylgir mikill vandi og þá ekki hvað sízt sá að ala upp heilbrigt og hamingjusamt æskufólk.

Ég minntist á það áðan, að viðhorfin væru nokkuð önnur nú heldur en þau voru, þegar ég gerði þetta mál hér síðast að umtalsefni. Það, sem fyrst og fremst veldur þeirri breyt., er það, að borgarsjóður Reykjavíkur fékk fyrir nokkru keypt veitingahúsið Lídó fyrir tæpar 12 millj. kr. í því skyni að afhenda það Æskulýðsráði Reykjavíkur til stjórnar og starfrækslu. Þessu húsi þarf nokkuð að breyta. Eins og kunnugt er, eru aðalhúsakynnin þarna einn stór salur um 400 m². Þessu þarf að breyta. Það þarf að innrétta þarna, skipta þessu þannig, að það verði nothæft fyrir marga hópa, sem þar eiga að geta verið samtímis. Og ég hygg, að nú þegar hafi verið hafizt handa um nauðsynlegar breytingar þarna. Og eftir því, sem mér er tjáð, getur starfsemin í Lídó byrjað í des. eða í janúarmánuði n. k. Það er auðvitað augljóst, að hér er um mjög mikla breytingu til bóta á starfsemi Æskulýðsráðs að ræða, en hins vegar engin fullnaðarlausn. Þó að þessi húsakynni séu ekki til fullnustu og ekki eins vel til starfrækslunnar fallin og það hús, sem byggt væri til slíkrar starfsemi, þá hygg ég, að með lagfæringum geti þau orðið góð.

Annað, sem gerzt hefur í þessum málum, er svo það, að nú er búið að selja húsið Fríkirkjuveg 11, þar sem Æskulýðsráð hefur haft miðstöð starfsemi sinnar, en einhver dráttur mun nú verða á framkvæmdum þar hjá hinum nýja eiganda, og þess vegna liggur það fyrir, að a. m. k. í vetur getur farið fram starfræksla á vegum Æskulýðsráðs, eins og verið hefur að undanförnu, en þar hefur verið bækistöð ráðsins og allumfangsmikil og myndarleg starfsemi.

Í Tjarnargötu 10—12 eða gamla Tjarnarbæ eru ráðgerðar breytingar. Þessi lóð er ætluð Æskulýðsráði til að byggja þar nýtt hús, og borgarstjórn hefur farið inn á þá sjálfsögðu leið að mínum dómi að efna til samkeppni meðal arkitekta um þetta verkefni. Sú samkeppni stendur nú yfir, og henni mun ljúka í janúarmánuði n. k. Ætti því að verða hægt að fullteikna þetta hús á árinu 1969, hvernig svo sem gengur nú um fjármagn til þess að reisa húsið.

Þegar ég talaði síðast fyrir þessu máli, lagði ég sérstaka áherzlu á það, að ég væri ekki að hugsa um neina höll. Það var einu sinni mikið talað hér um æskulýðshöll í Reykjavík, en það er ekki sú hugmynd, sem hér er verið að koma á framfæri, heldur minna húsnæði til að dreifa starfseminni. Þetta fer alveg saman við hugmyndir, sem komu fram hjá formanni Æskulýðsráðs Reykjavíkur í samtali, sem ég átti við hann um daginn. Það er skoðun hans og ráðsins, eins og mín, að það sé ekki affarasælt að stefna alltof mörgum ungmennum saman í einn stað, við höfum svolitla reynslu af því, þegar hér var t. d. ein áramótabrenna o. s. frv. Með dreifingunni batnaði öll aðstaða til þess að fylgjast með þessum skemmtunum eða samkomum og þær fóru miklu betur fram. Það er einmitt liður í því, sem ég er hér að tala fyrir, að dreifa þessum æskulýðshúsum um borgina.

Það kom fram hjá formanni Æskulýðsráðs, að hann hafði hugsað sér, að fyrir utan Lídó og Tjarnarbæ, sem eru framtíðarheimili fyrir þessa starfsemi, þyrfti að reisa eitt tómstundaheimili í Breiðholti og tryggja æskulýðshreyfingunni meiri afnot af Laugardalshöllinni í samráði við íþróttafélögin.

Það er mjög sennilegt, að aðrir kaupstaðir en Reykjavík þurfi að koma upp einhverri aðstöðu hjá sér í þessu sama skyni. Þá gæti vissulega komið til greina, og ég vil undirstrika það hér, að breyta þessu frv. þannig, að það tæki til byggingar ungmennahúsa almennt í stað þess að fjalla aðeins um reykvískar aðstæður, eins og það gerir nú. Það mætti t. d. hugsa sér, að ríkið greiddi helming af stofnkostnaði slíkra húsa, en reksturinn hvíldi á bæjarfélögunum einum, svipað því, sem gildir um félagsheimilin utan þéttbýlisstaðanna. Þetta kæmi allt saman mjög til athugunar að mínum dómi. Því fer víðs fjarri, að ég telji mig hafa með frv. þessu fundið hina einu réttu leið. Ég er fyrir mitt leyti mjög opinn fyrir hverjum þeim breytingum, sem fram kunna að koma í nefnd, eða þá í formi brtt. Fyrir mér vakir það eitt að hreyfa þessu máli.

Ég tel rétt, áður en ég lýk máli mínu, herra forseti, að minna á það, að fleiri aðilar en Æskulýðsráð og borgaryfirvöld hafa hér nokkra tilburði til þess að greiða úr þessum málum. Templarar hafa t. d. komið upp myndarlegu húsi við Eiríksgötu. Þar hafa þeir í kjallaranum innréttað skemmtistað fyrir ungt fólk. En eftir því, sem mér var tjáð í samtali í morgun, gengur þessi rekstur fremur örðuglega vegna fjárskorts. Á 1. hæð í Templarahöllinni er óinnréttað húsnæði, og nú alveg nýverið eru hafnar viðræður milli Æskulýðsráðs og eiganda þessa húss um nýtt fyrirkomulag á starfseminni þarna með samræmingu á tómstundastarfi ungmenna í borginni fyrir augum. Þá hefur undanfarið verið haldið uppi nokkurri starfsemi fyrir ungt fólk, aðallega 18 ára og yngra, í Breiðfirðingabúð, og þar hafa verið skemmtanir án áfengis, sem hafa verið allvel sóttar, en vegna takmarkana í lögreglusamþykkt borgarinnar hefur ekki verið fært að hleypa þar inn yngra fólki en 16 ára, sem hefur orðið til þess, að margt yngra fólk hefur orðið þar frá að hverfa við mikla og vaxandi óánægju.

Ég sé ekki ástæðu til þess að vera að tefja hv. dm. á lengri framsögu um þetta mál en orðið er. Mér er það vitanlega ljóst, að á erfiðleikatímum þarf nokkurt hugrekki, kannske kjark til þess að fara fram á fjárveitingar úr ríkissjóði til nýrra framkvæmda, en ég held, að hvort tveggja sé hér, að um mikið og brýnt mál sé að ræða og svo hitt, að Róm var ekki byggð á einum

degi, og allt krefst þetta nokkurs undirbúnings, og þess vegna vona ég, að það sé þrátt fyrir allt tímabært að hreyfa þessu máli.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Auður Auðuns: Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykv. hefur í framsöguræðu rakið nokkuð þátt borgaryfirvalda í Reykjavík í því að leitast við að skapa ungu fólki í borginni holla aðstöðu til skemmtana og tómstundaiðkana. Og hann minntist nokkuð á það, sem síðast hefur gerzt í þeim málum, sem sé kaupin á Lídó og fyrirætlanir um að byggja í Tjarnargötu ungmenna- eða æskulýðsmiðstöð.

Ég vildi nú bæta því við, án þess að nokkuð sé farið frekar út í starfsemi Æskulýðsráðsins, sem er vitanlega margþætt og að ýmsu leyti í tengslum og samvinnu við samtök ungs fólks eða félög, að það hefur margoft komið fram og sjálfsagt að vinna að því að auka það sem mest, að skemmtanir æskufólks, bæði þess, sem er enn á skyldunámsaldri, og þess, sem er nokkuð yfir, fari fram sem mest í skólum borgarinnar. Ég segi það ekki til þess að draga neitt úr því, að eðlilegt sé, að það séu einnig aðrir staðir, sem komi til greina, því að það eru margir unglingar, sem þykir, — ja e. t. v. ekki nógu spennandi, ef ég mætti nota það orð, að sækja eingöngu skemmtanir í skólanum sínum. Þessi mál hefur oft borið á góma, eins og hv. 11. þm. Reykv. líka vék að, í borgarstjórninni. Mig langar til að minnast aðeins á fyrri tilraunir til þess að reka slíka samkomustaði fyrir unglinga, vegna þess að það, sem ég held, að valdi erfiðleikum núna í dag, er það að finna rétt form fyrir slíkar skemmtanir, sem ætlaðar eru fyrir unglinga eða ungmenni víðs vegar að úr bænum. Það er auðveldara að ákveða formið, ef þetta er takmarkað við skólahverfi og skemmtanir, sem fram fara í skólanum sjálfum. Það var hér á sínum tíma, það eru orðin nokkur ár síðan, að þeir, sem þá ráku veitingahúsið Lídó, sneru sér að því að gera það að samkomustað fyrir unglinga. Þetta áform þeirra sýndist manni vera mjög skynsamlegt og heppilegt og líklegt til þess að draga að unglinga borgarinnar, en niðurstaðan varð sú, að þessi starfsemi bara lognaðist alveg út af, og það var af mörgum talið, að aldursskilin hafi ekki verið heppileg, en ugglaust hefur þar fleira komið til.

Og þá vil ég víkja að þeirri aðstöðu til skemmtanahalds fyrir æskufólk, sem templarar hafa af myndarskap beitt sér fyrir að koma upp og reyndar hlotið fyrirgreiðslu í því sambandi af hálfu Reykjavíkurborgar. Sú starfsemi hefur ekki dregið að ungt fólk, eins og vonir höfðu staðið til. Mér er það til efs, að það sé fjárskortur einn, sem þar veldur, heldur hitt, að það er ekki auðvelt að koma sér niður á það heppilegasta og mest aðlaðandi form fyrir skemmtanir ungs fólks, og það þarf sjálfsagt enn um sinn að þreifa fyrir sér í þeim efnum, áður heldur en menn finna það fyrirkomulag eða þá tilhögun, sem heppileg sé, og má reyndar búast við, að með breyttum tímum þurfi slíkt alltaf að vera til athugunar og endurskoðunar.

Þetta frv. fer að sjálfsögðu til sinnar nefndar og fær þar athugun, og ég geng út frá því, að sú athugun verði á þann veg, að frv. verði vísað til þeirra aðila, sem það aðallega snertir, og á ég þar við borgaryfirvöld og Æskulýðsráð. Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um það, en láta í ljós þá ósk, að hvort sem verður með byggingu slíks húss, sem lagt er til í þessu frv., eða á annan veg hægt að finna heppilega lausn á því, sem er verulegt vandamál í þéttbýli, eins og er orðið hér í Reykjavík, hvernig unglingar geti varið sínum tómstundum og fengið fullnægt sinni þörf fyrir skemmtanir, þá megi sem bezt takast, og það held ég að hafi sýnt sig, að það hefur ekki staðið á vilja borgaryfirvalda til þess, að svo mætti verða og verður ugglaust ekki heldur í framtíðinni.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir þær undirtektir, sem fram komu hér í ræðunni áðan við þessu vandamáli.

Eins og ég sagði áðan í minni framsöguræðu, er mér það ekki fyrst og fremst kappsmál, að þetta frv. verði samþykkt óbreytt. Ég er, eins og hv. síðasti ræðumaður, að reyna að leita að einhverri færri og heppilegri leið til lausnar á þessum vanda ungmenna hér í borginni, og ég vonast til þess, að hv. n., sem fær þetta til athugunar, verði minnug þess, að það stendur ekki á flm. frv. að hnika einhverju til, ef n. sér annað fyrirkomulag betra.

Það má vel vera, að það sé rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það sé kannske a. m. k. hluti vandamálsins, að ekki hafi fundizt heppilegar leiðir, sem laða æskufólkið eins mikið að og vera þyrfti, og það þarf vafalaust alltaf að leita að nýjum leiðum í því, eins og hún benti á, en ég hygg þó, að hluti af þessu vandamáli sé fjárhagslegs eðlis. Ég óttast það nokkuð, að 75 kr. inngangseyrir, eins og templarar hafa talið sig þurfa að taka til þess að hleypa æskufólki inn til sín, kunni að vera nokkur þrándur þar í götu. Enn fremur veit ég, að eigendur veitingahússins Lídó tóku allháan aðgangseyri til þess að veita ungmennunum kost á þessum skemmtunum, og það getur vel skeð, mér dettur það a. m. k. fyllilega í hug, að þessi aðgangseyrir verði að vera mjög lágur til þess að laða fólkið að þessum skemmtunum, því að ef ungt fólk fer á annað borð að eyða peningum í stórum stíl, er náttúrlega margt fleira, sem laðar að, heldur en skemmtanir templara við Eiríksgötu og jafnvel í Lídó. Þess vegna m. a. gerði ég ráð fyrir því í þessu frv., að það kæmi til nokkur rekstrarstyrkur við húsið, af því að ég er hræddur um, að hluti af vandamálinu sé fjárhagslegs eðlis, eins og ég áðan sagði.

Ég ætla ekki að þreyta þm. á lengri ræðuhöldum. Ég endurtek þakkir fyrir undirtektirnar og vona, að hv. Alþingi bregðist nú vel við og afgreiði málið a. m. k., en svæfi það ekki.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

50. Búnaðarbanki Íslands.

Á 4. fundi í Sþ., 23. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands [33. mál] (þmfrv., A. 33).

Á 7. fundi í Ed., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að starfsemi banka er nauðsynleg og óhjákvæmileg í nútímaþjóðfélagi, og þegar erfiðleikar steðja að atvinnuvegum landsmanna, er það eitt af því, sem þykir miklu skipta, að þeir geti átt kost á hagkvæmum lánum.

Á undanförnum árum hefur verið keppt að því, að hver atvinnuvegur um sig ætti sem greiðasta leið að lánastarfsemi, og nú er svo komið, að allir aðalatvinnuvegir þjóðarinnar hafa hver sinn banka, auk Landsbankans, sem meira og minna styður alla aðalatvinnuvegi þjóðarinnar. Samkv. opinberum skýrslum er talið, að heildarútlán banka og sparisjóða hafi numið á miðju þessu ári rúmum 11 milljörðum króna, og almenningur sér, að bankarnir hafa haft tök á að færast allmikið í fang á undanförnum árum, fjárfesting þeirra er mikil, mörgum útibúum hefur verið komið á fót o. s. frv.

Búnaðarbankinn er ein þeirra stofnana, sem hefur tekið örum vexti á undanförnum árum. Í riti, sem Búnaðarbankinn gefur út og hefur að geyma reikninga og skýrslu um starfsemi Búnaðarbankans á árinu 1967, er sýnt bæði í máli og myndum, hvað þróun Búnaðarbankans hefur verið ör. En Búnaðarbankanum er skipt í deildir og þó að vöxtur og velgengni bankastofnunarinnar í heild hafi verið allmikil, er þar mjög misskipt um hinar einstöku deildir bankans. Veðdeild Búnaðarbankans er jafngömul stofnuninni sjálfri, því að ákvæðið um veðdeild bankans mun hafa verið sett í fyrstu löggjöfina, sem um Búnaðarbankann gilti. Í lögunum segir, að hlutverk veðdeildar Búnaðarbankans sé m. a. þetta:

1. Að veita lán gegn veði í jörðum og hvers konar fasteignum, sem ætlaðar eru til framleiðslu landbúnaðarafurða eða til almenningsnota í sveitum landsins.
2. Að veita lán bæjar-, sýslu- eða sveitarfélögum eða lán tryggð með ábyrgð þeirra, að áskildu samþykki æðri stjórnarvalda, enda sé lánið ætlað til jarðræktar, búrekstrar eða til einhvers fyrirtækis til almenningsheilla í sveitum.

Skv. skýrslu Búnaðarbankans fyrir s. l. ár námu tekjur viðskiptabankans með öllum útibúum samtals 173.8 millj. kr. 1967 á móti 148.5 millj. kr. 1966 og höfðu hækkað um 25,3 millj. eða 17%. Tekjuafgangur varð á s. l. ári hjá bankastofnuninni í heild 10.1 millj. kr., en 8.7 millj. 1966 og hafði hann hækkað um 1,4 millj. Heildarinnlán allra bankanna voru í árslok 1967 samkv. þessari skýrslu 8011.7 millj. kr., og höfðu aukizt samtals um 385.7 millj. kr. Þar af var aukning Búnaðarbankans 190.2 millj. eða um 49.3% af heildaraukningunni.

Heildarútlán Búnaðarbankans með öllum útibúum, þar með taldir endurseldir afurðavíxlar og lán til framkvæmdaáætlunar ríkisstj., námu 1 milljarði og 500 millj. í árslok 1967, en voru 1 milljarður 267.5 millj. í árslok 1966, og höfðu því hækkað á árinu um 233.2 millj. eða 18.4%.

Af þessu er auðsætt, að þegar litið er á Búnaðarbankann í heild, er velgengni hans sem betur fer allmikil og verulegur vöxtur á heildarstarfseminni. En ef litið er svo á einstakar deildir bankans, er það að segja um stofnlánadeildina, að lánveitingar stofnlánadeildar landbúnaðarins námu samtals 134.2 millj. kr. á árinu 1967, en höfðu verið 146.7 millj. á árinu 1966. Það varð lítils háttar lækkun á útlánum stofnlánadeildarinnar á árinu 1967. En lítum nú á veðdeildina. Lánveitingar veðdeildar námu samtals á árinu 1967 12.5 millj. kr., en einungis 3.1 millj. árið 1966, höfðu að vísu hækkað um 9.4 millj. á árinu 1967, en komust samt sem áður ekki nema í 12.5 millj., eins og ég áðan sagði. En þessu fé var miðlað þannig, að veitt lán til bænda voru 111 úr veðdeild 1967, en höfðu verið aðeins 40 á árinu 1966. Hér segir enn fremur, að heildarlán veðdeildar frá því að hún hóf starfsemi námu í árslok 1967 121.4 millj. kr. Rekstrarhalli veðdeildarinnar á árinu 1967 var 1.2 millj. kr. á móti 1.4 millj. 1966. Varasjóður var 7.8 millj. í árslok 1967 á móti 9 millj. kr. við árslok 1966 og hafði því lækkað um rekstrarhallann, en þessi halli stafar af miklum og vaxtaháum skuldum veðdeildarinnar.

Ég ætla, að þessi stuttorða grg., þessar fáu staðreyndir, sem ég hef bent á og eru samkv. skýrslu Búnaðarbankans sjálfs, sýni nokkuð athyglisverða mynd af þessu máli. Þrátt fyrir hin takmörkuðu útlán veðdeildarinnar, er samt rekstrarhalli á reikningum deildarinnar, og það er sérstaklega tekið fram, að þessi rekstrarhalli stafi af miklum og vaxtaháum skuldum. Það er eftirtektarvert, þegar skýrsla bankans er athuguð, að það er mjög mikill munur á lánveitingum stofnlánadeildar annars vegar og veðdeildar hins vegar. Svo kann að virðast í fljótu bragði, að þessar deildir bankans gegni svo misjöfnum hlutverkum, að þetta sé í sjálfu sér eðlilegt. En ég vil leyfa mér að benda á það, að nokkurt samhengi hlýtur að vera þarna á milli. Lánum úr stofnlánadeild er varið til þess að greiða að nokkrum hluta framkvæmdir á bújörðum í sveitum og eftir því, sem meira er lagt í framkvæmdir á hverri jörð, eftir því vex það verðmæti — hið raunverulega verðmæti, sem í fasteigninni er fólgið. Nú eru lán úr stofnlánadeildinni þó ekki nema nokkur hluti af hinni raunverulegu fjármunamyndun, því að framlag bóndans er

mjög mikið í þessu sambandi, eins og við allir þekkjum. En Búnaðarbankinn hefur nú starfað hátt á fjórða áratug, og það er ekki hægt fremur í landbúnaði en í öðrum atvinnugreinum að miða löggjöfina við það, að það sé ein og sama kynslóðin, sem alltaf stundar framleiðslustörf. Löggjöfin verður að taka tillit til þess, að það er óhjákvæmilegt, að nokkur eignahreyfing eigi sér stað í hverri atvinnugrein, og þannig hlýtur það að vera meðal bændastéttarinnar, eins og í öðrum þjóðfélagsstéttum, og sú kynslóð, sem hóf störf eftir að Búnaðarbankinn var stofnaður og naut þeirra lánakjara til bygginga og ræktunar í sveitum, sem sú löggjöf ákvað, sú kynslóð er vitanlega komin á efri ár, og það er ekki hægt að búast við öðru en að aðrir yngri menn verði að taka við fasteignunum og framleiðslustarfseminni, ef ekki á að verða stöðnun í atvinnugreininni í heild. En þegar að því kemur, að fasteignir í sveitum gangi kaupum og sölum, er það hlutverk veðdeildar Búnaðarbankans að koma til aðstoðar með lánveitingar, en eins og ég hef bent á samkv. skýrslu Búnaðarbankans, skortir veðdeild Búnaðarbankans gjörsamlega fjárráð til þess að annast þetta, eins og nú er.

Það kemur fram í þessari skýrslu, að hinu mjög takmarkaða fé veðdeildarinnar var þó miðlað til 111 lána á árinu 1967, en einungis 40 lán veitt úr veðdeildinni 1966. Þessi tala sýnir, að eftirspurn eftir veðdeildarlánum er veruleg, og þegar annars vegar er litið á fjölda lánanna, sem veitt voru, og hins vegar fjárráðin, sem til ráðstöfunar voru hjá veðdeildinni, er það augljóst, að lánshæð hvers lántakanda hefur verið mjög lág, enda var það svo til skamms tíma, að hámark lána úr veðdeild Búnaðarbankans voru einar 100 þús. kr. Stéttarsamband bænda átti hlut að því í samningum við ríkisstjórnina fyrir nokkru, að þetta hámark yrði hækkað upp í 200 þús. kr., og ég ætla, að það sé svo ákveðið nú, að hámarkslán úr veðdeild út á eina fasteign í sveit, hversu verðmikil, sem hún er, megi nema 200 þús. kr. Þetta er í engu samræmi við hæð lána á ýmsum öðrum sviðum, hvort sem við lítum til sjávarútvegsins um lán til skipakaupa eða lánveitingar til íbúðabygginga, hvort sem er í sveit eða í þéttbýli. Þó að þau lán þyki enn af skornum skammti, eru þau þó miklum mun ríflegri heldur en það, sem kostur er á að fá úr veðdeild Búnaðarbankans.

Áhrifin af þessu hljóta að verða þau, að þótt efnalitlir menn óski þess að geta hafið framleiðslustörf í sveitum og keypt þær fasteignir, sem í boði eru, eiga þeir ekki kost á fjármagni til stuðnings því. Þetta getur bitnað mjög harkalega á öldruðu fólki, sem búið er að verja ævistarfi sínu við framleiðslu í sveitum landsins, en þarf annaðhvort að hverfa frá erfiðisvinnu eða breyta um atvinnu og þarf að koma fasteignum sínum í verð. Þetta getur leitt til þess, að fasteignir í sveitum, sem í sjálfu sér eru mikils virði og ættu að vera eftirsóknarverðar, gangi alls ekki kaupum og sölum, og jafnvel að jarðir fari í eyði, en um leið er að því mikill hnekkir fyrir þau sveitarfélög, sem í hlut eiga. Það, sem er því aðalatriði þessa máls, er að finna leiðir til þess að auka að mjög miklum mun fjárráð veðdeildar Búnaðarbankans þannig, að hún geti gegnt því hlutverki, sem henni er með lögum falið, og hlaupið undir bagga á því sviði, sem hér um ræðir. Vitanlega geta ýmsar leiðir komið til greina til þess að ná því marki að auka fjárráð veðdeildarinnar, en við flm. þessa frv. gerum um þetta ákveðnar till. í frv. Við leggjum til, að veðdeildin fái árlegt framlag frá ríkissjóði, 20 millj. kr. Enn fremur, að stofnlánadeild landbúnaðarins greiði til veðdeildarinnar árlegt framlag. Það er heimild til þess í 13. gr. l. um stofnlánadeild, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, en eins og þetta ákvæði er orðað í frv. okkar, yrði það ekki lengur heimild, heldur skylda.

Þá tökum við það upp, að framlag samkv. lögum um skatta á stóreignir renni til veðdeildarinnar, svo og vaxtatekjur. Til viðbótar þessu leggjum við til í frv., að Seðlabanka Íslands sé skylt, ef ríkisstj. óskar þess, að lána veðdeild Búnaðarbankans nauðsynlega fjárupphæð vegna starfsemi hennar, allt að 100 millj. kr. gegn 5% vöxtum. Veðdeildin skal endurgreiða Seðlabankanum lán þetta með jöfnum afborgunum á 20 árum, en ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar veðdeildarinnar gagnvart Seðlabankanum.

Í sambandi við þetta ákvæði vildi ég geta þess, að það eru fordæmi fyrir lagaákvæði sem þessu frá liðnum tíma. Ég skal ekki segja, hvað það var mikið notað, en alveg hliðstætt ákvæði og þetta stóð í lögum um nokkurt árabil. Og í þessu sambandi vil ég enn fremur taka fram, að með þeirri bindingu sparifjár, sem Seðlabankinn hefur framkvæmt á undanförnum árum, á þessi fjárhæð ekki að vera ofraun fyrir Seðlabankann. Það kemur fram í skýrslu Búnaðarbankans, sem ég vitnaði til um ýmis atriði hér fyrr í minni ræðu, að bundin innstæða Búnaðarbankans í Seðlabankanum var við árslok 1967 300.3 millj. kr. Jafnframt því, að þessir tekjustofnar eru lagðir veðdeildinni til, gerum við ráð fyrir, að veðdeild Búnaðarbankans verði heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa og að bankavaxtabréf þessi verði notuð til þess að greiða fyrir lánveitingum vegna jarðakaupa, ef annað fé veðdeildarinnar nægir ekki til þess að fullnægja eftirspurn lána. Hér er gert ráð fyrir í frv., að lán vegna jarðakaupa megi nema allt að 70% virðingarverðs fasteignar, og lánstími verði allt að 40 ár. Lán vegna jarðakaupa verði afborgunarlaus fyrstu 2 árin og vextir eigi hærri en 4%. En það er tekið fram í grg., að hugsun okkar flm. er sú, að í framkvæmd verði miðað við það, að tekið verði tillit til lána úr stofnlánadeild Búnaðarbankans, sem á hlutaðeigandi jörð hvíla og veitt hafa verið til bygginga eða ræktunar, þannig að lán úr veðdeild megi lækka miðað við það hlutfall virðingarverðs, sem ég áðan greindi frá, sem stofnlánadeildarlánunum nemur.

Ég hef nú með þessum fáu orðum sýnt fram á, að veðdeildin er ekki sökum fjárskorts fær um að gegna því hlutverki sómasamlega, sem henni er ætlað samkv. lögum; að þetta veldur mörgum einstaklingum miklum erfiðleikum og er að vissu leyti hnekkir fyrir ýmis sveitarfélög; að veðdeildin þarf að fá stórauknar tekjur. Þó

að þau ákvæði, sem í frv. greinir, myndu valda mikilli breytingu á þessu takmarkaða sviði, ef að lögum yrðu, er hér ekki um vandasamt eða mjög stórt fjárhagsmál að ræða, ef litið er til þjóðarbúskaparins í heild, og það ætti þess vegna að vera tiltölulega auðvelt úrlausnar. Þetta eru allt saman staðreyndir, sem eiga að liggja alveg ljóst fyrir öllum hv. þdm. Í þessu frv., sem við þm. Framsfl. hér í þessari hv. d. erum flutningsmenn að, felast, eins og ég sagði, ákveðnar till. um að koma breytingu til bóta á í þessu máli. Það er vitanlega sjálfsagt í sambandi við þetta mál, eins og öll önnur mál, að taka tillit til brtt., sem fram kynnu að koma. Í þessum till. felast engir úrslitakostir af okkar hálfu, þó að við vekjum með þeim sérstaka athygli á þessu vandamáli, en hér er um bankamál að ræða, og ég tel, að eftir eðli málsins eigi hv. fjhn. að fá það til athugunar. En ég get ekki komizt hjá að minna á, að reynsla okkar af hv. fjhn. þessarar d., einmitt í sambandi við þetta mál, er því miður ekki góð. Við höfum sýnt sams konar eða mjög svipaðar till. hér oftar í þessari hv. d. Þær hafa legið til athugunar hjá hv. fjhn. vikum og mánuðum saman og n. annaðhvort ekki unnizt tími til eða þó líklega fremur ekki kært sig um að skila um málið nál., hvað þá að það kæmist lengra. Þetta eru alveg óhæf vinnubrögð, því að þn. eru til þess settar, að þær íhugi þau málefni, sem fram eru borin og til þeirra er vísað, hvort svo sem þau ná að fá lögfestingu eða ekki. Það kemur aftur undir valdsvið þingdeildanna í heild. En það má segja, að það sé aldrei örvænt um bata; enginn örvænta skyldi, að þn. kunni að bæta ráð sitt, svo að mér finnst nú enn eftir eðli málsins, að það sé rétt að leggja það til, að þessu frv. verði vísað til hv. fjhn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

51. Þjóðleikhús.

Á 9. fundi í Sþ., 8. nóv., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 86 5. júní 1947, um þjóðleikhús [47. mál] (þmfrv., A. 49).

Á 14. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Tómas Karlsson): Herra forseti. Á þskj. 49 leyfi ég mér að flytja frv. til l. um breyt. á l. nr. 86 5. júní 1947, um þjóðleikhús. 1. gr. frv. er svo hljóðandi:

„Við 3. gr. l. bætist svo hljóðandi mgr.:

Heimilt skal þjóðleikhússtjóra að ráða til eins árs í senn á kjör fastra leikara í hæsta launaflokki rithöfund til að rita íslenzk leikrit. Skal viðkomandi leikritahöfundur skila minnst einu íslenzku leikverki í lok starfsárs, en það er í höndum þjóðleikhússtjóra og þjóðleikhúsráðs að ákveða, hvort eða hvenær verkið verði sýnt. Verði verkið tekið til sýningar, skal leikritahöfundurinn fá þóknun fyrir, í samræmi við það, sem höfundum íslenzkra verka er greitt fyrir leikrit þau, sem tekin eru til sýningar í þjóðleikhúsinu.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Með frv. þessu er lagt til, að þjóðleikhússtjóra verði heimilað að ráða til starfa í þjóðleikhúsinu leikritahöfund eftir eigin vali. Og skal starfstími höfundarins ákveðast eitt ár í senn. Þjóðleikhússtjóri metur það hverju sinni ásamt þjóðleikhúsráði, hvort verk þau, sem höfundur ritar á starfsárinu, þykja heppileg til sýningar í þjóðleikhúsinu. Og ætlazt er til, að höfundur haldi höfundarrétti sínum óskertum til þeirra verka, er hann semur á vegum þjóðleikhússins það ár, sem hann er á starfslaunum leikhússins.

Það má öllum vera ljóst, sem eitthvað fylgjast með leiklistarlífi í þessu landi, að mikill hluti þeirra leikrita, sem hér eru sýnd árlega, er fenginn erlendis frá og þýddur á íslenzka tungu. Með flutningi þessa frv. er út af fyrir sig ekki verið að amast við erlendum leikhúsverkum almennt, heldur í rauninni verið að harma, hve lítið framboð er af íslenzkum leikritum, samtímaleikritum, til að færa upp á svið okkar leikhúsa, því að á það ber að líta, að þjóð, sem á sér þjóðleikhús og stendur í öflugri leikstarfsemi, bæði hérna í höfuðborginni og í kaupstöðum og kauptúnum og sveitum landsins, stendur höllum fæti og er sannarlega í nokkurri hættu menningarlega í þessu tilliti á þessu sviði, ef hún jafnframt þessum mikla leiklistaráhuga sínum eflir ekki sínar eigin leikbókmenntir. Það er rétt, að Íslendingum er nauðsynlegt að efla leikbókmenntir sínar. Um það vottar þessi mikli og sívaxandi leiklistaráhugi, sem ég gerði hér að umtalsefni, bæði meðal almennings og þeirra mörgu, sem leggja sig fram um að ná vænlegum árangri í leiklist, en þeim fer fjölgandi í landinu. Bezt væri að vinna að þessari eflingu innan leikhúsanna sjálfra, svo að höfundarnir séu hverju sinni í sem nánustum tengslum við leikarana og leiksvið, þar sem verk þeirra eru flutt. En það er líka eðlilegt, að leikhúsin setji ákveðin skilyrði og ákveðnar takmarkanir, sem miði að því að tryggja sem beztan og skjótastan árangur í þessu sambandi. En með því að tengja höfundana við leikhúsin, eins og hér er gert ráð fyrir varðandi þjóðleikhúsið, er verið að hjálpa leikhúsunum út úr þeim vítahring eða leggja til að gefa þjóðleikhúsinu heimild til þess að geta gripið til ráða til þess að komast úr þeim vítahring, sem erlendu leikritin verða í þjóðleikhúsinu, ef á að styðjast við þau til langframa í jafnríkum mæli og nú er og allt bendir til, því miður, að verði í framtíðinni, verði íslenzk leikritun ekki stórlega efld.

Hér vantar framboð á góðum, íslenzkum leikhúsverkum og þeir, sem fylgjast með verkefnaskrám leikhúsanna, sjá, að óhjákvæmilegt er að efla íslenzkar leikbókmenntir með einhverjum ráðum, svo að þær reynist nægar þeim ágæta umbúnaði, sem þegar er fyrir hendi og fyrirhug-

aður er í leikhúsum okkar og einnig til að svara miklum og sívaxandi leiklistaráhuga almennings um allt land. Með því að tengja leikritahöfundana við leikhúsin og skapa þeim hin réttu starfsskilyrði og aðgang að þeirri tæknilegu aðstoð, sem þeim er nauðsynleg, sérstaklega byrjendum á þessu sviði, ætti þetta að geta tekizt. En það er rétt að leggja áherzlu á það í þessu sambandi enn frekar en ég hef þegar gert, hv. þdm., að hér er aðeins um heimildarákvæði að ræða. Þjóðleikhússtjóri og þjóðleikhúsráð metur það hverju sinni, ef þetta frv. verður að l., hvort fjárhagur þjóðleikhússins leyfir notkun heimildarinnar og enn fremur mundi hún ekki notuð væntanlega nema þjóðleikhússtjóri hefði rökstudda ástæðu til að ætla, að notkun heimildarinnar mundi verða að fullum notum fyrir þjóðleikhúsið og fengur íslenzkum leikbókmenntum. Því er þannig farið, að við eigum mjög mörgum góðum rithöfundum á að skipa, en af einhverjum ástæðum er það svo, að rithöfundar okkar hafa heldur lítið lagt sig fram við smíði leikhúsverka. Sýnist mönnum þó, að þar skjóti allskökku við þann mikla og almenna leiklistaráhuga, sem í landinu er. Það liggur í augum uppi, að ýmsir rithöfundar hljóta að hafa ýmis verk á prjónunum og ýmsar hugmyndir í huga og drög að verkum, sem mundi verða fengur að fá á leiksvið í formi leikhúsverks, leikrits, í okkar leikhúsum. Það, sem kann að valda því, að þessi verk eða þessar hugmyndir og drög verða æði treglega að leikhúsverkum, leikritum, er kannske skortur á þeirri tæknilegu aðstoð, sem leikhús og leikarar einir geta látið í té og jafnframt að öðrum þræði naumur tími höfundar til að sinna ritstörfum vegna brauðstrits til framfærslu sér og sínum og því verði hugmyndir fremur að smásögum eða skáldsögum, þegar verkin koma endanlega frá rithöfundunum, þar sem það er auðfarnari og hér á landi hefðbundnari leið í bókmenntum.

Notkun þessarar heimildar, sem í þessu frv. er farið fram á til handa þjóðleikhússtjóra, mun að sjálfsögðu bera að með þeim hætti, að menn með drög að leikritum eða hugmyndir að leikritum mundu leita til þjóðleikhússtjóra eða hann til þeirra, ef hann frétti af slíkum drögum höfundar, og það væri þá algerlega á valdi þjóðleikhússtjórans sjálfs að ákveða það og meta, hvort umrædd drög að verkum gætu hæft sviði þjóðleikhússins. Það væri hans mat um það atriði og enn fremur trú hans, að höfundurinn mundi ljúka verkinu á því ári, sem hann væri á launum þjóðleikhússins, og fengi þá t. d. ársleyfi frá því starfi, sem hann gegndi, ef um mann í föstu starfi væri að ræða, sem er í langflestum tilfellum hvað snertir rithöfunda á okkar landi, því að það eru fáir, sem lifað geta af ritstörfum einum í þessu þjóðfélagi.

Yrði niðurstaða þjóðleikhússtjóra jákvæð við þessar aðstæður, sem ég hef hér drepið á, og eftir þetta umrædda mat hans sjálfs, og leyfi fjárhagur þjóðleikhússins það, en fjárhagur hússins mun nú reyndar bágborinn nú, þá og væntanlega ekki fyrr mundi þjóðleikhússtjóri nota þá heimild, sem hann hefði til að ráða höfundinn til eins árs á launum leikara, verði frv. það, sem hér er til umræðu, að lögum.

Það er rétt, að góð list verður trauðla sköpuð eftir pöntun fyrir peninga í boði. Hér er ekki um það að ræða með flutningi þessa frv., heldur að leggja til að feta sig inn á þá braut, að heimilt verði að ráða rithöfund í eitt ár, ef þær ástæður eru fyrir hendi, að telja má fullvíst, að það mundi ríða baggamuninn varðandi það, hvort íslenzkt leikhúsverk kæmist á svið. Í þessu sambandi þótti flm. þessa frv. þó rétt að undirstrika, að hér væri ekki átt við ölmusu til handa viðkomandi höfundi með því að slá þann varnagla í 1. gr. frv., að höfundur héldi óskertum sínum höfundarrétti til þeirra verka, er hann semdi á launum leikhússins. Hér væri því um hreint framlag þjóðleikhússins að ræða til að efla íslenzkar leikbókmenntir.

Þjóðleikhúsið rekur myndarlegan leiklistarskóla. Það rekur og listdansskóla og til þessarar starfsemi er varið miklu fé. Þetta er nauðsynleg starfsemi í þjóðleikhúsi, en framlagið til þeirrar undirstöðu, sem þarf að vera að hverju þjóðleikhúsi, þjóðlegar leikbókmenntir, framlagið til þeirra er of lítið. Menn gætu reyndar haft þá mótbáru gegn þeirri hugmynd, sem hér hefur verið sett fram í frv.-formi, að heppilegra væri að nota þessa peninga, sem um er að ræða, til verðlaunasamkeppni á vegum leikhússins. Slíkar verðlaunasamkeppnir hafa reyndar nokkrar verið, ef ég man rétt. En það er nú einu sinni svo, að raunverulega eru rithöfundar í sífelldri samkeppni hver við annan, og margir þeir beztu fást ekki til að taka þátt í slíkri verðlaunasamkeppni af ástæðum, sem ég tel að liggi þeim, sem kynna sér þessi mál nokkuð, í augum uppi.

Þetta frv. er hógvært og lítið, og á þessum tímum mikilla fjárhagsörðugleika er hér aðeins farið fram á heimild, sem þjóðleikhússtjóri notar aðeins ef honum sýnist svo og fjárhagur þjóðleikhússins leyfir og þá væntanlega við þær aðstæður, sem ég hef hér drepið á.

Herra forseti. Ég legg svo til, að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

52. Menningarsjóður og menntamálaráð.

Á 10. fundi í Ed., 11. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 50 5. júní 1957, um menningarsjóð og menntamálaráð [49. mál] (þmfrv., A. 52).

Á 14. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Tómas Karlsson): Herra forseti. Á þskj. 52 flyt ég frv. til l. um viðauka við l. nr. 50 frá 5. júní 1957, um menningarsjóð og menntamálaráð. Við lögin bætist nýr kafli:

„Um þýðingarsjóð.

1. gr. Menntamálaráð fer með stjórn þýðingarsjóðs. Hlutverk þess sjóðs er að veita íslenzkum rithöfundum styrki til að láta þýða verk sín á erlend tungumál með útgáfu á verkunum erlendis í huga. Menntamálaráð skal árlega, eftir að sjóður þessi hefur tekið til starfa, auglýsa eftir umsóknum um styrki úr þýðingarsjóði. Menntamálaráð úthlutar styrkjum þessum, og skal úthlutun miða að því að koma íslenzkum athyglisverðum samtímabókmenntum á framfæri erlendis. Menntamálaráð skal aðstoða rithöfunda við útvegun hæfra þýðenda. Þýðingarsjóður menntamálaráðs tekur til starfa, þegar fé hefur verið veitt til hans á fjárl. Heimilt er menntamálaráði að nota hluta af starfsfé sjóðsins til að kynna íslenzk samtímaskáldverk erlendis. Menntamálaráðherra setur nánari reglugerð um nánari ákvæði um starfsemi þýðingarsjóðs.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í frv. þessu er lagt til, að stofnaður verði þýðingarsjóður, er sé í vörzlu og undir stjórn menntamálaráðs, og skal menntamálaráð úthluta styrkjum úr þessum sjóði til rithöfunda, sem vilja láta þýða skáldverk sín á erlendar tungur með útgáfu þeirra erlendis í huga. Flm. telur heppilegast, að rithöfundarnir sjálfir hafi hér algert frumkvæði og sæki um styrki úr þessum sjóði og afli sér sjálfir af eigin rammleik sambanda erlendis eða hérlendis til útgáfu verka sinna á erlendum málum. Þannig yrðu það aðeins samtímaverk, er stuðningur þessi næði til.

Þá er lagt til, að menntamálaráði verði heimilað að nota starfsfé sjóðsins að hluta til að kynna íslenzk samtímaskáldverk erlendis, og hef ég þar í huga, að ýmis ríki — menningarríki vinna markvisst og skipulega að því að kynna samtímaverk rithöfunda sinna meðal annarra þjóða með útgáfu og dreifingu bæklinga og bóka, þar sem getið er höfunda og verka þeirra, og er þetta talið rithöfundum í þessum löndum mikill styrkur. Með þessu ákvæði er líka tryggt, að það fé, sem þessum sjóði yrði væntanlega árlega úthlutað á fjárl., nýttist þá með þessum hætti slíkri kynningarstarfsemi ef ekki sæktu nægilega margir rithöfundar um styrk úr sjóðnum til að láta þýða verk sín með útgáfu erlendis í huga.

Eins og í hinu síðasta máli, er ég mælti hér fyrir áðan, er ég hógvær í kröfum mínum nú í sambandi við þetta frv. og þá með tilliti til þess efnahagsástands, sem ríkir nú í landinu, og ég legg því til, að það verði í hendi meiri hluta Alþingis, verði þetta frv. að lögum, hvenær fært sé að hefja starfsemi þessa þýðingarsjóðs, og því er lagt til í frv., að sjóðurinn taki þá fyrst til starfa, er fé hefur verið veitt til hans á fjárl. ríkisins.

Við Íslendingar teljum okkur bókmennta- og bókaþjóð, og því hefur verið haldið fram með réttu, að hinar fornu bókmenntir okkar Íslendinga hafi átt meiri þátt í því en nokkuð annað, að við héldum við ríkri þjóðerniskennd um dimmar aldir og hófumst til sjálfstæðis undan erlendu oki. Og enginn vafi er á því, að þessar bókmenntir hafa aukið hróður okkar og skapað virðingu fyrir íslenzkri menningu. En það er nú svo, að lítil þjóð getur ekki lifað eingöngu á fornri frægð, ef hún ætlar að viðhalda sérstæðri þjóðmenningu sinni í fjölskyldu þjóðanna. Það er heldur ekki nóg, að við sköpum á Íslandi við tiltölulega mjög erfiðar aðstæður allgóðar samtímabókmenntir. Við höfum mörgum ágætum rithöfundum á að skipa. En við verðum að kynna þessar bókmenntir meðal annarra þjóða, ef við viljum halda reisn okkar í þjóðafjölskyldunni. Það er sagt svo nú, að Ísland liggi um þjóðbraut þvera nú orðið og við megum búa okkur undir sífellt nánari samskipti við aðrar þjóðir heimsins. En hvað snertir bókmenntir okkar og kynningu þeirra erlendis erum við enn, miðað við ýmsar aðrar þjóðir, tiltölulega einangraðir.

Þjóðir, sem tala og skrifa á lítt þekkta tungu, eins og t. d. Finnar, Ungverjar og Íslendingar, svo að einhverjar þjóðtungur séu teknar sem dæmi, eiga við stöðuga og erfiða einangrun að stríða í menningarlegu tilliti. Einkum kemur þetta hart niður á bókmenntum þessara þjóða, meira niður á bókmenntunum en annarri listsköpun, því að tónlistin er alþjóðleg, sömuleiðis myndlistin og fleiri listir. En þráfaldlega kemur það fyrir, að úrvalshöfundar hafa ekki orðið kunnir utan heimalands síns, vegna þess að ekki var hægt að koma þeim á framfæri á fjöllesnum tungum. Hið lítt þekkta og einangraða mál, sem þeir skrifuðu á, var þeim fjötur um fót. Og hvert og eitt ríki á hagsmuna að gæta í þessu efni, og það er óhætt að fullyrða það, að eftir því sem þjóðin er fámennari, eru hagsmunirnir meiri, sem í veði eru. Viðhorf milli þjóða innbyrðis mótast líka alltaf mikið af verðmætum, sem felast í góðum listum og sterkum menningararfi. Þar hafa framúrskarandi einstaklingar, snillingarnir, meiri áhrif en tölur, sem sýna mannfjölda. Þetta á einnig við um Ísland og ekki síst um Ísland. Nóbelsverðlaunin í bókmenntum juku miklu við stærð okkar sem þjóðar, og rithöfundar hafa bæði fyrr og síðar aukið mjög hróður landsins út á við. En sjálfsagt hefði sá hróður getað orðið enn meiri, hefði íslenzka verið lesin af milljónaþjóðum. En það hefur reynzt erfitt að koma íslenzkum skáldverkum á framfæri erlendis, m. a. vegna þess, hve fáir það eru í raun og veru, sem færir eru um það að þýða úr íslenzku á önnur tungumál. Og frá hinum Norðurlöndunum er sömu sögu að segja, þótt það sé þó ólíkt greiðara um þýðingar úr þeim málum yfir á fjöllesnustu tungur heimsins en íslenzku. Og Finnar, sem eru einangraðir í þessu tilliti eins og við, hafa t. d. farið þá leið til þess að auka möguleikana á því að fá hæfa þýðendur að ráða til sín, ég held árlega, 35 stúdenta frá háskólunum í Oxford og Cambridge í Bretlandi, stúdenta, sem leggja stund á málvísindi eða tungumál, ráða þá til launaðra starfa í Finnlandi til kennslu og ferðalaga milli skóla þar í landi og til að þeir lærðu málið, finnsku. Þetta hefur gefið mjög góða raun og einhverjir ötulustu þýðendur af finnskri tungu á ensku munu nú vera úr hópi þessara stúdenta. — Ég skýt þessu fram aðeins til íhendingar.

En þótt við séum svo einangraðir sem raun ber vitni varðandi kynningu á bókmenntum okkar, fer forvitnin um íslenzkar bókmenntir vaxandi, einkum meðal frændþjóðanna á Norðurlöndum, og fer þeim höfundum fjölgandi, sem fá bækur sínar gefnar út meðal þeirra. Hins vegar er augljóst, að hvergi er nóg að gert í þessum efnum, og ráða oft frekar tilviljanir einar en skipuleg sókn á þessum vettvangi, hver fær sín verk út gefin og hver ekki.

Í nokkur ár hafa tvö skáldverk verið þýdd árlega á eitthvert Norðurlandamálanna vegna aðildar Íslendinga að bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs. Þessar þýðingar hafa þegar leitt það af sér, að ein fimm eða fleiri skáldverk íslenzk hafa verið gefin út á Norðurlöndum og líka í Þýzkalandi með ágætum árangri og lofsamlegum dómum um verkin. En þar sem þátttaka íslenzkra höfunda er árlega miðuð við tvær bækur og þýðingin miðuð við einhver tvö af Norðurlandamálunum, hefur hringurinn ekki verið víkkaður, sviðið ekki verið fært nóg út, þótt þessar þýðingar hafi engu að síður borið góðan árangur. En fyrst svona hefur vel tekizt með þessar þýðingar og þótt þær hafi aðeins, eins og ég sagði, náð til tiltölulega mjög lítils tungumálasvæðis, Norðurlanda og Þýzkalands, er ástæða til að ætla, að enn betur mundi ganga, ef sviðið væri fært út og leitað væri eftir þýðingum á fleiri tungumál, og hef ég þar efst í huga enska tungu. En með það fyrir augum að afla viðurkenningar á íslenzkri sérstöðu í menningarlegu tilliti sem öðru og færa mönnum heim sanninn um það, að við séum fulltækir meðlimir í samfélagi þjóðanna, einnig og ekki síst hinnar virtustu listgreinar, er nauðsynlegt að hlutast til um það, að auknar verði þýðingar íslenzkra skáldrita á erlend tungumál, og sá er tilgangur þessa frv.

Ég tel svo, herra forseti, ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið, en legg til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

53. Breyting á lausaskuldum bænda í föst lán (frv. ÁB o. fl.).

Á 15. fundi í Ed., 18. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á lausaskuldum bænda í föst lán [58. mál] (þmfrv., A. 77).

Á 17. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Frv. þetta, sem er á þskj. 77, er í meginatriðum samhljóða því frv., er við framsóknarþm. í þessari hv. þd. fluttum á síðasta þingi. Enda þótt þeir, sem töluðu í málinu við 1. umr., teldu, að nauðsyn bæri til að greiða götu þeirra bænda, sem illa eru staddir fjárhagslega, urðu endalok málsins þau, að það hlaut ekki afgreiðslu meiri hl. landbn., en minni hl. landbn. gaf út nál. þann 19. apríl s. l. svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur athugað frv. þetta, en ekki orðið einhuga um afgreiðslu þess. Þann 1. febr. var frv. þetta tekið til umr. í Ed. Alþingis og vísað til landbn. þann 6. febr. Litlu síðar var málið tekið fyrir í n. og sent til umsagnar þriggja aðila, Stéttarsambands bænda, Búnaðarbanka Íslands og Seðlabanka Íslands. Umsögn hefur borizt frá Stéttarsambandi bænda, þar sem það mælir með frv. Hins vegar hafa ekki borizt umsagnir frá Búnaðarbanka Íslands né Seðlabanka Íslands. Sennilega eru þessir aðilar í meginatriðum sammála flm. um þýðingu frv. fyrir bændastéttina og telja sig þar af leiðandi ekki þurfa að gefa umsagnir. Frv. á miklum vinsældum að fagna meðal bænda, enda var því vel tekið af þeim, sem létu í ljós álit sitt við 1. umr. í Ed.“

Þetta var nál., sem minni hl. gaf út þann 19. apríl, undirskrifað af Ásgeiri Bjarnasyni og Páli Þorsteinssyni. Mér þykir leiðinlegt, að hvorki hæstv. fjmrh. né hæstv. landbrh. eru í d., því að ég hefði gjarnan viljað, að einmitt þeir frekar en aðrir ráðh. væru viðstaddir, og vildi ég biðja hæstv. forseta að sjá um, að þeir yrðu hérna viðstaddir eða a. m. k. annar hvor.

Það er kunnugra manna mál, að viss hluti bænda eigi í miklum fjárhagserfiðleikum og það svo, að ekki verði hjá því komizt að greiða götu þeirra með því að breyta lausaskuldum í föst lán og með skuldaskilum hjá öðrum. Samhliða þessu verður heldur ekki hjá því komizt að greiða úr skuldaerfiðleikum hjá fyrirtækjum bænda. Í framsöguræðu minni á s. l. vetri gerði ég ýtarlega grein fyrir þessu máli, og mun ég nú rifja upp helztu ástæðurnar fyrir skuldasöfnun og lýsa í nokkru því, sem við blasir í landbúnaðinum um þessar mundir. Þegar lögum um Ræktunarsjóð Íslands og byggingarsjóð var breytt í núgildandi lög um stofnlánadeild landbúnaðarins, fór fram samkv. sérstökum l. breyting á lausaskuldum bænda í föst lán. Það verður því að ætla, að lausaskuldir bænda hafi ekki verið ýkja miklar um það leyti, sem stofnlánadeild landbúnaðarins hóf göngu sína. Skýrslur sýna það, að aðeins þriðji hluti skulda bænda hafi þá verið lausaskuldir, en ⅔ hlutar veðbundin lán. Ég minni á þetta hér við þetta tækifæri, því að nú er þetta alveg öfugt orðið, þar sem lausaskuldirnar eru ⅔ og veðbundnar skuldir um ⅓ af heildarskuldum bænda. Hæstv. landbrh. taldi í sambandi við stofnlánadeildina, að það mundu ekki þurfa framvegis að safnast lausaskuldir, því að svo vel hefði hæstv. ríkisstj.,

viðreisnarstjórnin, séð fyrir lánaþörf landbúnaðarins. Í sama streng tók núv. hæstv. fjmrh., sem fann upp sérskattinn á bændur, stofnlánadeildarskattinn. Með leyfi hæstv. forseta vil ég rifja upp örfá atriði, sem þessir hæstv. ráðh. sögðu við það tækifæri, og þykir mér leitt, að þeir skuli ekki þora að vera viðstaddir og hlusta á það, sem þeir hafa áður sagt um þessi efni. (**Forseti:** Það er verið að athuga, hvort þeir eru í húsinu.) Hæstv. landbrh. sagði, með leyfi forseta:

„Sannleikurinn er sá, að yfirleitt eru heimildir til að lána til allra þeirra hluta, sem líklegt er, að þurfi að lána til á næstu árum í landbúnaði. Hin stóra breyting er hins vegar sú, að með þessu frv. er lagður grundvöllur að því, að þessar heimildir geti orðið að veruleika í náinni framtíð. Þegar uppbygging stofnlánadeildarinnar er komin vel á veg, eins og sýnt er að verður eftir stuttan tíma, má segja, að hana muni ekki mikið um það að kaupa af veðdeildinni bankavaxtabréf fyrir 10 millj. kr. árlega."

Þetta sagði hæstv. landbrh. þá. Páv. bankastjóri Búnaðarbankans, hæstv. fjmrh. Magnús Jónsson, sagði við sömu umræður:

„Með því frv., sem hér liggur fyrir, er leyst til frambúðar lánsfjárvandamál landbúnaðarins til stofnlána og lagður grundvöllur að því, að hægt sé að bæta úr því mikla vandamáli, sem hv. þm. réttilega benti á, að væri við að stríða í dag." Þetta var við umr. þá. Enn fremur sagði ráðh.: „Ég vil ákveðið halda því fram, að með þessu frv. hafi verið efnt það fyrirheit að tryggja öryggi stofnlánasjóðanna, fullkomlega efnt það fyrirheit."

Þessar umsagnir ráðh. standa í Alþingistíðindum 1961 B, 4. hefti, ef einhverjum skyldi detta í hug að athuga, hvort rétt er með farið.

Þannig hljóðuðu þessi heilögu orð hæstv. ráðh. Síðan þetta var talað, hefur viðreisnarstjórnin ráðið lögum og lofum í landinu um margra ára skeið. En hvernig stendur þá á því, að lausaskuldir hafa safnazt í jafn ríkulegum mæli og dæmin sýna? Lengst af á þessum tíma hefur verið góðæri. Getur það verið, að stefnan hafi verið vitlaust mörkuð í upphafi, að þar hafi verið breytt um til hins verra frá því, sem áður þekktist? Allt bendir til þess, að svo hafi verið. Á sviði landbúnaðarins var tekin upp alröng stefna af núv. valdhöfum nákvæmlega eins og með aðra atvinnuvegi. Á þessum árum hefur skapazt öryggisleysi í stað öryggis og jafnt og þétt grafizt undan atvinnulífi þjóðarinnar og það, sem við blasir, eru viðtækari vanskil og greiðsluþrot en áður hafa þekkzt í sögu þjóðarinnar.

Fjórar gengisfellingar, sem hafa hækkað erlendan gjaldeyri um 441%, segja til sín. Erlendar lántökur, sem átt hafa sér stað að undanförnu og nema senn á 15. milljarð kr., segja sína sögu. Útþenslan og stjórnleysið í fjármálum þjóðarinnar koma ekki síður við bændastéttina en aðra. Hækkun vaxta af stofnlánum í tíð núv. stjórnar var í upphafi 60—70% frá því, sem áður gilti, samfara styttingu lánstíma. Þetta hvort tveggja segir sína sögu, svo að ekki sé talað um stofnlánadeildarskattinn, sem er alíslenzkt fyrirbæri og enginn landbrh. í víðri veröld hefði gerzt talsmaður fyrir nema hæstv. landbrh. á Íslandi. Þetta þrennt, hækkun vaxta, stytting lánstíma og sérskatturinn er stór þáttur í því, að til lausaskulda hefur komið í stórum stíl hjá bændum samhliða því, sem mati á framkvæmdum hefur verið haldið niðri til þess að draga úr lánsfjárupphæðum. Þá er það vitað mál, að á þessum tíma hefur byggingarkostnaður margfaldazt og varla er hægt að koma upp einni íbúð fyrir minna en 1 millj. kr., en lán út á þessar íbúðir hefur verið um það bil ⅓ hluti af heildarkostnaði íbúðarinnar. Sama máli gegnir með vélvæðinguna. Þar eru lánin um það bil ⅓ hluti af því, sem aflvélar kosta, og ekki neitt til tækjakaupa í sambandi við vélarnar. Þá bætir það ekki úr í framtíðinni, að allar þessar vélar og öll þessi tæki hafa hækkað svo stórkostlega nú á einu einasta ári, að ein lítil heimilisdráttarvél, sem kostaði fyrir ári síðan 109 þús. 594 kr., kemur til með að kosta nú eftir síðustu gengisbreytingu 188 þús. 762 kr., eða hækkar um 72%. Sama máli gegnir með aðrar vélar og varahluti til vélvæðingarinnar. Þar eru stórfelldar hækkanir fram undan. Ef verzlunarfyrirtæki bænda geta ekki liðið um greiðslur í bili, verða bændur að hætta við vélvæðingu, því að ekki eru bankarnir galopnir bændum, a. m. k. ekki sumum þeirra. Þar sitja aðrir jafnan innar við borðið. Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur því frá öndverðu reynzt allt önnur en hún var í upphafi túlkuð, eins og stjórnarstefnan öll, enda einn anginn af viðreisninni. Því hefði hún verið rétt uppbyggð væru lausaskuldir landbúnaðarins minni en þær nú eru. Við skulum líta á reikninga stofnlánadeildarinnar fyrir árið 1967.

Þar sést, að þær tekjur, sem stofnlánadeildin hefur, eru á árinu 1967 94 millj. 262 þús. 746 kr. En af þeim tekjum koma frá bændum 62.8 millj. kr. á móti 31.4 millj. annars staðar að, sem aðallega er frá ríkinu. Ég ætla, að það beri enginn á móti því, að lántökugjöldin, sem eru 1.3 millj., séu borguð af bændum og vextir til stofnlánadeildarinnar, sem eru 42 millj. 945 þús. 798 kr. Aftur á móti geri ég ráð fyrir, að 565 þús. rúml., sem er stóreignaskattur, komi annars staðar að. 1% álag á landbúnaðarvörur, þ. e. 17 millj. 101 þús. 46 kr. koma frá bændum og að sjálfsögðu kemur hluti af 0.75% álaginu líka á neyzluvörur bænda eins og annarra neytenda í landinu, þannig að það er ekki ofsögum sagt, að bændur borga 2 kr. af hverjum 3, sem stofnlánadeildin hefur í tekjur, og það er alveg öfugt við það, sem áður var, að stofnlánadeildin er uppbyggð af tekjum frá bændum í staðinn fyrir að áður fyrri voru ræktunarsjóður og byggingarsjóður byggðir upp með tekjum annars staðar að og komu því bændum til góða, en þarna verður það tæplega sagt, af því að kostnaðurinn er svo mikill, sem á bændurna sjálfa fellur, þó að þeir fái þarna að vísu sína fyrirgreiðslu.

Við skulum líka líta á annan þátt í stofnlánadeildinni, en það eru skuldir hennar. Þar stendur, að erlendar skuldir 31. des. 1967 hafi

verið 234 millj. 646 þús. 922.10 kr. En hvað hafa þessar skuldir hækkað nú? Ef ekki hefði verið borgað af þessum skuldum á árinu, og ég efast um, að það hafi verið meira af þeim borgað heldur en þau nýju erlendu lán, sem tekin hafa verið, sem eru um 19 millj. kr. á árinu, þá hafa þessar erlendu skuldir hækkað í 362 millj. 294 kr. og hækka því um 127 millj. kr. rúmlega við þessa síðustu gengisbreytingu. Og árgjöldin, sem á bændur falla, hafa hækkað úr 11.6 millj. kr. í 23 millj. kr. af þessum erlendu lánum, þ. e. a. s. fyrirtæki bændanna borga þetta að *vísu í bili, en að sjálfsögðu er þetta rýrnun á* afurðaverði til bænda, þegar það kemur endanlega til greiðslu. Þá segir enn fremur í skýrslu Búnaðarbankans á bls. 8, að rekstrarhagnaður stofnlánadeildarinnar árið 1967 hafi verið 33.9 millj. En hins vegar var tap á eldri lánum vegna gengisákvæða 54.8 millj. kr. En þar kemur á móti það, sem kemur inn vegna útlána með gengisáhættu 23.1 millj. kr., þannig að stofnlánadeildin eða varasjóður hennar hækkar aðeins um 2.2 millj., enda þótt hagnaður deildarinnar hafi verið 33.9 millj. En hvert skyldi svo tapið verða í sambandi við núverandi gengisbreytingu, sem tekst af varasjóði deildarinnar? Ég skal ekkert um það fullyrða, en ég hef heyrt nefnt, að það mundi verða um 80 millj. kr.

Þarna er viðreisninni og stjórnarstefnunni kannske hvað gleggst lýst, að hún grefur undan atvinnuvegunum, grefur undan stofnlánasjóðum, eyðir eignum með hverju ári, sem líður. En hvernig er það með veðdeild Búnaðarbankans? Stofnlánadeildin átti að vera þess megnug að kaupa bankavaxtabréf fyrir 10 millj. kr. árlega af veðdeild, en útkoman í öll þessi ár er hins vegar sú, að stofnlánadeildin hefur ekki getað keypt bankavaxtabréf veðdeildarinnar nema aðeins fyrir 5 millj. kr. á öllu þessu tímabili. Hins vegar bíða nú á 2. hundrað bændur eftir lánum úr veðdeildinni, og mun heildarlánsupphæð nema allt að 20 millj. kr. og miðast þetta við hámarkslán 200 þús., sem orðinn er býsna lítill peningur, þegar keyptar eru jarðir fyrir 1 og allt upp í 3 millj. kr., eins og átt hefur sér stað á undanförnum árum. Hér vantar því tvennt, hærri lánsupphæðir til hvers og eins og meira fjármagn og að tryggja fjármagn veðdeildarinnar í framtíðinni. Það hefur ekki tekizt, enda þótt það væri talið öruggt fyrir nokkrum árum síðan, að stofnlánadeildin leysti þann vanda.

Hér í hv. þd. liggur fyrir frv. um veðdeildina frá okkur framsóknarmönnum og mundi það, ef að lögum verður, bjarga miklu í þessum efnum eins og hv. 2. þm. Austf. gerði grein fyrir í ýtarlegri framsöguræðu, þegar málið kom til 1. umr. Þá vil ég á það minna við þetta tækifæri, að hlutur bænda í fjárfestingu þeirra fer ört vaxandi með hverju ári, sem líðið hefur. Árið 1958 voru framlög ríkis vegna fjárfestingar í landbúnaði um 19% og stofnlán í sama skyni 25%, þannig að annað fjármagn, eigin vinna og önnur lán nam 56.5% 1958. Hins vegar hefur þróunin orðið sú allt til ársins 1964 og ég býst við, að það hafi snúizt á sömu sveif síðan, þó að ég hafi ekki séð endanlegar tölur um það, að þá voru 18% framlög frá ríki og 18% stofnlán eða 36% samtals, en 64% eigin vinna og önnur lán, sem komu frá bændum. Hlutur bóndans er því 64% í stað 56% áður. En á þessum verðbólgutímum nemur þetta háum upphæðum hjá umbótamönnum. Opinber framlög, miðað við heildarkostnað framkvæmdanna, hafa farið minnkandi. Sama máli gegnir um stofnlánin, sem líka eru óhagstæðari en áður var. En þetta stuðlar allt að aukinni lausaskuldasöfnun samhliða því, sem verðlag búvöru hefur ekki skilað bændum þeim tekjum, sem verðgrundvöllur gerir ráð fyrir, að bændur fái. *Ég vil minna á það*, að árið 1967 skilaði verðlagsgrundvöllurinn bændum í meðalárstekjur ekki nema 93 435 kr. eða 105 þús. kr. minna en grundvöllurinn gerði ráð fyrir það sama ár. Þessar tölur eru samkv. úrtaki Hagstofu Íslands fyrir s. l. ár og er meðalbú samkv. því úrtaki 317 ærgildi, og lætur mjög nærri, að það hafi verið eins og meðalbústærðin, sem verðlagið var miðað við. Verðlagsúrskurðurinn haustið 1967 á eftir að verða bændum dýr eins og öllum, er til þekktu, var ljóst þegar í upphafi, og mun hann eiga sinn þátt í skuldaaukningu bændastéttarinnar, sem talin er vera að meðaltali 60—70 þús. kr. frá árinu áður eða úr kr. 266 þús. í 320—330 þús. kr. samkv. því úrtaki, sem ég gat um hér áðan.

Í verðlagsgrundvelli fyrir sama ár eru skuldir aðeins taldar vera 132 100 kr. eða 93 þús. kr. lægri en þær raunverulega eru samkv. úrtaki Hagstofunnar. Það er því fjarri öllu lagi að halda því fram, að bændur fái alla vexti inn í verðlagið og það skipti þá engu máli, hverjir vextirnir eru, eins og hæstv. landbrh. hélt mjög margar og hjartnæmar ræður um fyrir nokkrum árum síðan, að vextirnir skiptu bændur engu máli, því að þeir færu inn í verðlagið og þeir yrðu af öðrum greiddir. Það er óhætt að fullyrða, að það eru alltaf um það bil 20 þús. kr. skuldavextir af meðalbúi, sem aldrei koma inn í verðlagið, auk þess, sem ekki eru reiknaðir vextir nema að litlu leyti af því kapitali, sem bóndinn á í jörð, vélum og bústofni. Hér hefur því breikkað verulega bilið frá því, sem áður var, að því er vaxtagreiðslur snertir samkv. verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða. Árferði, sérstaklega nú 3 síðustu árin, hefur valdið bændum í vissum landshlutum miklum erfiðleikum og orsakað hækkun á lausaskuldum. Það er erfitt hjá umbótamönnum, þótt ekki séu harðindi, hvað þá hinum, þegar um er að ræða heykaup og kaup á fóðurbæti í stórum stíl eins og átt hefur sér stað í vissum landshlutum nú um þriggja ára skeið.

Frv. þetta fjallar eingöngu um það að breyta lausaskuldum bænda og fyrirtækja þeirra í föst lán með hagkvæmum kjörum. Hitt er jafnljóst, að þeir bændur munu vera til, sem ekki verður bjargað með þessu frv., ef að lögum verður, því að þeir eru í það miklum fjárhagserfiðleikum, að þeim gagnar ekki neitt nema skuldaskil. Það er eins með þá og mörg útgerðarfyrirtæki, að þar verður að grynna á skuldum, til þess að rekstrarhæfur grundvöllur skapist. Við munum síðar, framsóknarmenn, flytja till. um þessi efni.

Mér er kunnugt um það, að harðærisnefnd, en í henni eiga sæti þrír fulltrúar, einn frá ríkisstj., einn frá Stéttarsambandi bænda og einn frá Búnaðarfélagi Íslands, lætur í samráði við ríkisstj. fara fram víðtæka athugun á efnahag bænda. Fyrst mun þessi athugun hafa átt að ná einungis til bænda í þeim landshlutum, sem verst eru settir vegna árferðis hin síðari ár. En síðan hefur þessu verið breytt þannig, að nú er ákveðið, að þessi athugun nái til allra bænda í landinu. Ég vona, að út úr þessari athugun komi mjög glöggt yfirlit yfir skuldamál landbúnaðarins, svo að miklu auðveldara en annars sé að taka þessi mál raunhæfum tökum.

Mér er kunnugt um það, að sá, sem vinnur aðallega þetta starf, Árni Jónasson, fyrrv. bústjóri að Skógum í Rangárvallasýslu, tekur þessi mál skipulegum og föstum tökum. En þetta er mikil vinna, sem tekur langan tíma. Ég efast ekki um, að að þessari athugun fenginni styrkist grundvöllur þess frv., sem hér er til umr., því að allt, sem ég hef um þetta mál heyrt, virðist hníga að því.

Frv. þetta felur í sér að heimila veðdeild Búnaðarbanka Íslands að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa, sem nota skal til þess að breyta lausaskuldum bænda og fyrirtækja þeirra í föst lán. Lán skal veita gegn veði í bújörðum bænda, mannvirkjum, vélum og vinnslustöðvum landbúnaðarins. Vextir skulu eigi vera hærri en 6½% og lánsupphæð takmarkast við 80% af matsverði veðsins. Gert er ráð fyrir, að Seðlabanki Íslands kaupi bankavaxtabréfin á nafnverði. Þótt hér sé gert ráð fyrir því, að frv. þetta, ef að lögum verður, nái aðeins til áranna 1960 til ársloka 1967, þá reikna ég með, að árið 1968 verði látið fylgja með, þar sem það er senn á enda og ekki horfur á því, að þetta frv. nái fram að ganga á þessu ári, enda þörf á að taka með í reikninginn skuldir þessa árs, þar sem þær virðast hafa aukizt talsvert frá árinu áður. Það eru, eins og ég hef þegar komið inn á, margar samverkandi orsakir, sem valda lausaskuldaaukningunni, sem nemur nú samkv. síðustu upplýsingum í sumar 320—330 þús. kr. á meðalbóndann og hafa því aukizt á einu ári um 60—70 þús. kr. Þetta kemur illa við og ekki síst hjá þeim, sem eru að hefja ævistarfið og fá hvergi hagstæð lán til bústofnskaupa. Það eru mjög misjafnlega miklar skuldir, sem hvíla á bændum og eru skuldirnar að verða þeim óbærilegar, sem mest skulda og vilja vera skilamenn. Verðlagsúrskurðurinn haustið 1967 var bændum afar óhagstæður, enda komið í ljós, að af 198 þús. kr., sem bændur áttu að fá í laun það ár, fengu þeir aðeins 93 þús. og eru nú sem fyrr langtekjulægsta stétt þjóðarinnar. Heildarskuldir bænda eru hátt á 2. milljarð kr., og eru þá ótaldar skuldir fyrirtækja þeirra, sem eru mjög háar. Síðustu viðreisnaraðgerðir í efnahagsmálum boða ekki góða hluti. Þar blasir við mikil hækkun á öllum rekstrarvörum landbúnaðarins, gengisbreytingin í fyrra var mjög óhagstæð bændum. Svo mun og verða um þessa gífurlegu gengisbreytingu. Það verður ekki lengi hægt að stjórna landinu með gengisbreytingum, erlendum lántökum og skattahækkunum, eins og gert hefur verið í tíð viðreisnarinnar. Hér þarf að söðla um.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir frv. þessu og þeim ástæðum, sem ég tel, að knýi á um, að það verði lögfest. Bændastéttin er stórhuga nú sem fyrr og trúir á landið. Hún hefur sýnt það í verki, að hún er þess verðug, að hennar málefnum sé vel tekið. Ég vænti því þess, að frv. þetta mæti skilningi hv. alþm. Framleiðsluverðmæti landbúnaðarins eru hátt á 3. milljarð kr. Þau skaga því hátt upp í verðmæti þau, sem sjávaraflinn gefur, þegar hann berst á land. Landbúnaðurinn sparar marga milljarða í gjaldeyri fyrir þjóðina og landbúnaðurinn hefur líka lengst af fætt og klætt íslenzku þjóðina og bezt hefur henni farnazt, þegar svo hefur á málum hennar verið haldið, að innlend verðmæti eru tekin fram yfir þau erlendu. Á þann hátt hefur skapazt auður í stað eymdar. Möguleikar í landbúnaði eru miklir. Gróðurmoldin og sjóðandi hverir búa enn þá yfir miklum, ónotuðum verðmætum, sem þörf er á að beizla. Engum er þetta ljósara en bændastéttinni sjálfri. Unga kynslóðin, sem er á fjölmörgum sviðum betur undir ævistarfið búin en sú kynslóð, sem nú er að hverfa af sjónarsviðinu, bíður spennt eftir viðfangsefnum. Við eigum að búa þannig í haginn fyrir þessa kynslóð, að hún uni hag sínum bezt við það, sem íslenzkt er og líklegast er til bjargar þjóðinni í framtíðinni.

Þetta frv. er einn þáttur af mörgum til þess að setja nýtt líf í einn aðalatvinnuveg þjóðarinnar og búa betur í haginn fyrir þá, sem við taka og erfa landið.

Ég vil að lokinni þessari umr. leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

54. Heilsuverndarlög.

Á 23. fundi í Ed., 9. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á heilsuverndarlögum nr. 44 18. maí 1955 [102. mál] (þmfrv., A. 128).

Á 24. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Flm. (Björgvin Salómonsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér frv. til l. um breyt. á 1. nr. 44 18. maí 1955, um heilsuvernd.

Í heilsuverndarlögunum er kveðið á um stofnkostnað og rekstur heilsuverndarstöðva og einn-

ig hvaða þættir almennrar heilsugæzlu falla undir þá starfsemi. Samkv. lögunum er gert ráð fyrir byggingu og rekstri sérstakra heilsuverndarstöðva í þessu skyni, og er það fyrirkomulag vissulega æskilegast, þar sem því verður við komið. Það er hins vegar nokkuð augljóst mál, að fullkomnar heilsuverndarstöðvar verða einungis starfræktar í stærstu kaupstöðum landsins, eins og raunin hefur á orðið. Engum mun hins vegar koma til hugar, að þessi þjónusta sé ekki einnig brýn nauðsyn úti á landsbyggðinni, jafnt í bæjum og sveitum. Þar hlýtur heilsuverndin, — að svo miklu leyti, sem um hana getur verið að ræða samkv. skilningi heilsuverndarlaganna, hins vegar að koma í verkahring héraðslækna, enda er það ekki óeðlilegt og raunar óhjákvæmilegt vegna allra aðstæðna.

Í heilsuverndarlögunum er kveðið svo á, að einn þáttur heilsugæzlunnar skuli vera tannvernd, og tel ég ekki ástæðu til að rekja nánar, hversu mikilvæg hún er í almennri heilsugæzlu nú á dögum. En til þess að unnt sé að framkvæma tannvernd, þarf að vera fyrir hendi aðstaða, bæði húsnæði og tannlækningatæki. Slík aðstaða mun þó yfirleitt ekki fyrirfinnast á aðsetrum héraðslækna, og er þeim því með öllu ókleift að annast þennan þátt heilsugæzlunnar af þeim orsökum. Og í annan stað er sérþekking nauðsynleg til þessa starfs, sem héraðslæknar yfirleitt hafa ekki af eðlilegum ástæðum. Þeirra starf á þessu sviði verður því einungis fólgið í því að ráðleggja fólki að leita til tannlæknis, en til þess þurfa tannsjúklingar utan af landi þá, auk sjúkrakostnaðar, að taka á sig kostnað við ferðalög og oft og tíðum vinnutap, sem því fylgir. Hér er því mikill aðstöðumunur fólks úti á landsbyggðinni og þess, sem býr á þeim stöðum, þar sem þessi þjónusta er fyrir hendi, bæði að því er varðar heilsugæzlu almennt á þessu sviði og einnig í efnahagslegu tilliti. Auk þess vill oft verða á því óhæfilegur undandráttur, að fólk leiti til tannlæknis. Það á kannske líka við hér í þéttbýlinu, en þó þeim mun fremur utan af landi, svo að oft er í algert óefni komið, þegar sjúklingurinn kemur til tannlæknis og eina lækningin, sem þá kemur til greina, er eftir þeirri gömlu og alkunnu reglu, sem segir: „Ef auga þitt hneykslar þig“ — þó að sjálfsögðu með þeirri breytingu í framkvæmd, að það er tönn sjúklingsins, sem dregin er úr, en ekki auga læknisins, sem „stungið er út“. En vissulega munu margir tannlæknar hneykslast á því, hve seint er leitað til þeirra, eins og ég sagði hér áðan.

Ég er þeirrar skoðunar, að með því að gera sveitar- eða sýslufélögum unnt að koma upp aðstöðu til tannlækninga, að sjálfsögðu í samráði við heilbrigðisyfirvöld, mætti ráða hér á verulega bót, því að ég er þess fullviss, að unnt myndi að fá tannlækna til að starfa þar einhvern hluta ársins til að annast þennan þátt heilsugæzlunnar, og hef ég þá alveg sérstaklega í huga tannvernd barna og unglinga á skólaskyldualdri. Sem skólastjóri við skyldunámsskóla úti á landi er ég nokkuð kunnugur ástandinu í þessum efnum og tel mig geta fullyrt, að þar er vissulega úrbóta þörf. En jafnframt gæti þá um leið skapazt aðstaða til að sinna öðrum tannsjúklingum.

Í tryggingalögunum eru ákvæði um, að tryggingarnar greiði kostnað við skólatannlækningar, og a. m. k. í nokkrum skólum hér í Reykjavík og stærstu kaupstöðum munu vera tannlækningastofur, þar sem þessi þjónusta getur farið fram. Ég efast hins vegar um, að nokkur skóli úti á landi hafi þá aðstöðu, að unnt sé að inna þar af höndum þessa þjónustu. Sumir skólar hafa reynt að bæta úr þessu með því að fá tannlækna til að koma í skólana, en á því eru augljóslega allmikil vandkvæði, bæði vegna flutnings tækja, og eins hlýtur það að valda allmikilli röskun á starfi skólans. Hér ber því allt að sama brunni. Aðstaða til þess að inna af hendi þessa mikilvægu þjónustu er ekki fyrir hendi úti á landsbyggðinni, enda ekki hægt að ætlast til þess, að slík aðstaða sé byggð upp í hverjum skóla, stórum og smáum. Ein tannlækningastofa ætti hins vegar að geta þjónað skólum skyldufræðslunnar á allstóru svæði og almennum sjúklingum líka, a. m. k. að verulegu leyti, jafnvel þótt hún væri ekki starfrækt nema hluta úr árinu. Ég hef átt nokkrar viðræður um þessi mál við tannlækna hér, m. a. við menn, sem farið hafa í ferðalög um vissa landshluta til þess að veita tannlæknishjálp. Þeir eru ekki í neinum vafa um, að tannlæknar fengjust til þessara starfa, en mikilvægasta atriðið telja þeir, að komið sé upp aðstöðu til þessara hluta og þá alveg sérstaklega hvað húsnæði snertir, þ. e. tannlækningastofum, og einnig aðstöðu til hvíldar bæði fyrir sjúklinga og lækni, því að tannlæknishjálp getur verið alltímafrek, eins og alkunna er, og reynt á þrek jafnt sjúklings sem læknis, og á það ekki sízt við um skólatannlækningar.

Ég hef hér að framan rætt fyrst og fremst um þá þætti þessa máls, er snerta aðstöðu fólks til að njóta læknishjálpar á þessu sviði. Hins vegar er þetta engan veginn í fyrsta skiptið, sem þessu máli er hreyft hér á hinu háa Alþingi. Ákvæði um að tannlæknishjálp skyldi vera meðal þeirra réttinda, er sjúkrasamlög veita meðlimum sínum, var t. d. að finna í l. um almannatryggingar frá 1946, en síðar var horfið frá framkvæmd þessa ákvæðis, en kostnaður þó greiddur af tryggingunum, að því er tekur til skólatannlækninga, eins og ég hef áður drepið á. Þá lagði Alfreð Gíslason læknir fram frv. um breyt. á almannatryggingalögunum 1966, þess efnis, að upp yrði tekið að nýju ákvæðið um, að almenn tannlæknishjálp skyldi greiðast af tryggingunum að ¾ hlutum, þegar um beina heilsufarslega nauðsyn er að ræða. — Í grg. með frv. Alfreðs segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Löggjöf um sjúkratryggingar er áfátt að verulegu leyti, ef í hana vantar skylduákvæði um tannlækningar, svo veigamikill þáttur er tannvernd og tannlæknishjálp í almennri heilsugæzlu nútímans. Um þetta verður vart deilt, enda hafa þær þjóðir, sem við hvað fullkomnast tryggingakerfi búa, þegar fyrir löngu tekið tannlækningar inn í sjúkralöggjöf sína. Fyrir 20 árum bentu tveir tryggingafróðir menn, þeir Jón Blöndal og Jóhann Sæmundsson á nauðsyn þess, að

tryggingarnar sæju hinum tryggðu fyrir tannlæknishjálp. Þetta er enn ekki orðið að veruleika hér, og er þó nauðsynin ekki minni en fyrir 20 árum og raunar hverjum manni auðsærri nú. Ástæðan til þess seinlætis er að öllum líkindum fjárhagslegs eðlis eingöngu, og ef svo er, er afsökunin harla léttvæg, því að sannarlega verður heilsan aldrei virt til fjár.

Það er alkunna, að efnahagur ræður nokkru um, hve fljótt menn leita til tannlæknis. Fátækt fólk gengur lengur með tannskemmdir án þess að leita læknis en þeir, sem betur eru efnum búnir. Slíkt er ekki í anda almannatrygginga og ber að leiðrétta það með viðeigandi ákvæðum í sjúkralöggjöf."

Þetta lagafrv. náði ekki fram að ganga, og lagðist Tryggingastofnun ríkisins gegn því, m. a. á þeirri forsendu, að það mundi mjög auka á fjárhagsleg vandræði sjúkrasamlaganna. Af því hefði einnig leitt viðkvæma og vandasama samninga milli tannlækna og sjúkrasamlaganna um greiðslur fyrir tannlækningar. Nú er það mín skoðun, að ekki sé annað sæmandi en að við fylgjum fordæmi þeirra þjóða, sem við hvað fullkomnastar tryggingar búa, eins og Alfreð Gíslason læknir benti á í grg. sinni, og hlýtur að því að koma fyrr eða síðar. En eins og málum er háttað í dag, taldi ég litlar líkur á, að slíkar breytingar næðu fram að ganga. Hins vegar tel ég mig hafa bent á það með nokkrum rökum, að aðstaðan er frumskilyrði þess, að unnt sé að inna af hendi þennan mikilvæga þátt heilsugæzlunnar úti á landsbyggðinni.

Með frv. þessu, ef að lögum verður, tel ég opnast leið til nokkurra úrbóta á þessu sviði án þess að þar dragist inn í þau viðkvæm vandamál, er snerta aðra þætti þessa máls. Krafan um, að tannlæknishjálp sé tekin inn í tryggingakerfið á fyllsta rétt á sér að mínum dómi, en ég tel þó enn mikilvægara, að landsmönnum sé sköpuð sem jöfnust aðstaða til þess að njóta þessa mikilvæga þáttar í almennri heilsugæzlu, þó svo að sjúklingar greiði þjónustuna sjálfa úr eigin vasa.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn. og leyfi mér einnig að fara þess á leit við n., að hún leiti álits heilbrigðisyfirvalda og Tannlæknafélagsins um þetta mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

55. Dragnótaveiðar í fiskveiðilandhelgi.

Á 26. fundi í Sþ., 21. des., var útbýtt frá Ed:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti [126. mál] (þmfrv., A. 236).

Á 41. fundi í Ed., 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Ed., 4. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Ég hef ásamt þremur öðrum hv. alþm. leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti. Samkv. 1. gr. frv. segir á eftir orðunum „að dragnótaveiði sé heimil á tilteknu svæði eða svæðum" í 2. mgr. 1. gr. laganna komi: annars staðar en í Faxaflóa.

Fyrir tveimur árum var frv. shlj. þessu frv. flutt á Alþ., en náði þá eigi að verða útrætt eða hljóta fullnaðarafgreiðslu. Við, sem erum flm. að þessu sinni, teljum því rétt, að málið sé nú endurflutt og þá ekki sízt með tilliti til þeirra gerbreytinga, sem Alþ. hefur nú samþykkt um veiðiheimildir til handa togbátum allt að 200 smálestum að stærð á stórum veiðisvæðum innan fiskveiðilandhelginnar og er svo langt gengið í sumum tilfellum, að svo má heita, að togveiðar séu leyfðar allt upp í landsteina.

Á undanförnum áratugum hefur það verið íslenzku þjóðinni mikið fagnaðarefni hvað áunnizt hefur með útfærslu fiskveiðilandhelginnar. Sá var og tíminn, að Íslendingar horfðu með ugg á aðfarir erlendra togara, sem skófu fiskimiðin allt upp í landsteina með þeim afleiðingum, að allir töldu, að um algera rányrkju væri að ræða, sem hlyti að leiða til þess, að fiskimiðin eyddust. Engum var það ljósara en Íslendingum sjálfum, að hverju stefndi, ef ekki tækist að hefta þessa óheillaþróun. Það var því notað hvert tækifæri, sem gafst á erlendum fiskveiðiráðstefnum og hvar sem því varð við komið, að gera kröfur um útfærslu fiskveiðilandhelginnar og þá sérstaklega með það fyrir augum, að bannaðar væru allar botnvörpuveiðar Í þessari baráttu Íslendinga fyrir útfærslu landhelginnar hefur það verið eitt beittasta vopnið, að nauðsynlegt væri að koma í veg fyrir ofveiði og rányrkju á grunnmiðum og þá sérstaklega með þeim veiðarfærum, sem vitað er, að valda mestri skaðsemd á uppfæðingnum. Nú er svo komið samkv. upplýsingum fiskifræðinga, að þeir telja, að alvarlega horfi með fiskstofnana í Norður-Atlantshafi. Er þar m. a. kennt um stóraukinni og vaxandi sókn fiskveiðiþjóðanna með þeim afleiðingum, að meira sé tekið úr íslenzka þorskstofninum en hann virðist þola. Hitt er einnig mikið áhyggjuefni, hve mikið af heildarveiðinni er ókynþroska fiskur. Í því sambandi má benda á veiðar Englendinga hér við land, en samkv. opinberum skýrslum er stór hluti af þorskafla brezku togaranna ókynþroska

fiskur. Þar mun aðallega vera um að ræða veiði togaranna fyrir norðan og norðaustan landið.

Hér er um veiðisvæði að ræða, sem liggur enn sem komið er utan fiskveiðilandhelginnar og því ekki á okkar valdi einna að koma við nauðsynlegum vörnum. Á meðan svo er, þyrftu Íslendingar að taka upp samninga við aðrar fiskveiðiþjóðir, sem hér eiga mestra hagsmuna að gæta. Til þess að forðast þessa augljósu rányrkju, hafa fiskifræðingar lagt til, að möskvastærð botnvörpunnar væri stækkuð, svo að ungviðið kæmist í gegn. Hefur nokkuð áunnizt í þessum efnum, en þó ekki svo, að viðunandi sé.

Hvað Faxaflóa við kemur, sem þessu frv. er ætlað að ná sérstaklega til og koma á algerri friðun fyrir hvers konar dragnót og botnvörpu, þá er hér um að ræða þá uppeldisstöð fyrir ungfisk, sem er ein allra þýðingarmesta uppeldisstöð, sem við eigum við strendur Íslands. Kemur þar til m. a., hve Faxaflói liggur nærri aðalhrygningarstöðvunum við suðurströnd landsins, og vegna legu sinnar er þessi flói einkar hagstæður til þess að veita ungviðinu nauðsynlegt skjól á fyrsta vaxtarstigi ungfisksins. Um Faxaflóa er annars það að segja, að hann er það hafsvæði við strendur Íslands, sem hefur verið hvað mest rannsakað af fiskifræðingum. Því hefur verið lýst yfir, að þar séu hin ákjósanlegustu skilyrði fyrir ungfiskinn og það gegnir því furðu, að þeir skuli ekki hafa lagt á það sérstaka áherzlu, að þessi klakstöð sé með öllu friðuð fyrir þeim veiðarfærum, sem sjómenn viðurkenna að séu ungfiskinum hættulegust. Það hefur jafnan verið svo, þegar Faxaflói hefur verið friðaður fyrir botnvörpu og dragnót, að þá hefur fiskmagnið stóraukizt. Hefur það leitt til þess, að fjöldi smábáta hefur stundað veiðar í flóanum með góðum árangri yfir vor- og sumartímann, en nú er t. d. að mestu tekið fyrir það. Við þurfum ekki að fara langt til baka til þess að gera okkur grein fyrir, hvert stefnir nú í þessum efnum. Ég hef fengið frá Fiskifélagi Íslands yfirlitsskýrslu um afla dragnótabátanna hér á Faxaflóasvæðinu s. l. 3 ár. Sú skýrsla talar sínu máli og sýnir, hvernig getur farið, þegar eyðileggingin á sér stað eftir vísindalegu eftirliti.

Árið 1966 stunda 36 bátar dragnótaveiðar hér á Faxaflóasvæðinu. Þá er heildarafli bátanna 7304 tonn. Skiptist aflinn þá þannig, að þorskur er 1902 tonn, ýsa 3537 tonn, steinbítur 85 tonn og skarkoli, þykkvalúra og annar flatfiskur 1711 tonn, og er þá meðalafli á hvern bát, sem stundar þessar veiðar hér á Faxaflóasvæðinu, um 202 lestir.

Árið 1967 stunda hins vegar 23 bátar dragnótaveiðar hér á Faxaflóasvæðinu. Þá er heildarmagnið ekki nema 4250 tonn eða um 40% minna en árið áður. Aflinn skiptist þá þannig, að þorskur er nær helmingi minni, 1046 tonn, ýsa sömuleiðis nær helmingi minni eða 1987 tonn, steinbítur og annar fiskur 195 tonn, en skarkoli, þykkvalúra og annar flatfiskur þá aðeins 1003 tonn. Og þá er meðalafli á hvern bát kominn niður í 185 tonn á bát. Þessi lélegi árangur fiskibátanna leiðir svo til þess, að þeir smátt og smátt gefast upp við veiðarnar og á síðasta ári er svo komið, að aðeins 8 bátar stunda dragnótaveiðar hér í Faxaflóa. Maður skyldi halda að vegna þess, að bátarnir voru svo fáir, hefðu þeir betra næði á miðunum og þá um leið betri árangur við veiðarnar. Niðurstaðan er þó í aðra átt. Þessir 8 dragnótabátar öfluðu samtals aðeins 697 tonn, og er þá meðalafli á bát ekki nema 87 smálestir. Um það, hvernig aflinn skiptist á milli hinna einstöku fisktegunda, liggja ekki enn fyrir upplýsingar, enda skiptir það engu máli, þar sem hér er um svo óverulegt og lítið magn að ræða.

Ég tel, að þessar tölur ættu að nægja til þess, að hv. alþm. sé nú ljóst, að lítið hald er í vísindalegu eftirliti, þegar slík gereyðing fiskistofna getur átt sér stað og það á þeim veiðisvæðum, sem margir af okkar beztu mönnum hafa lagt þrotlausa baráttu í að fá friðuð fyrir ágangi erlendra fiskiskipa til þess að vernda fiskistofnana, þá skuli sú staðreynd liggja fyrir, að vér Íslendingar sjálfir kunnum okkur ekkert hóf í rányrkjunni.

Herra forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um málið að þessu sinni, en legg til, að frv. verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég get nú varla annað en sagt hér nokkur orð. Hér bryddaði á þessari gömlu skoðun, sem mönnum er svo mikið í mun að tjá, að menn treysta ekki þekkingu vísindamanna okkar, en sem nauðsynlegt er að treysta hér á Íslandi. Ég held, að ég hafi tekið rétt eftir á tveimur stöðum í framsögu, að hv. frsm. fyrir frv. sagði á þá leið: Hvernig getur farið, þegar eyðilegging eftir vísindalegu eftirliti heldur svona áfram? Ég held, að þetta hljóti að vera aðeins skökk hugsun. Auðvitað er eyðileggingin ekki eftir vísindalegu eftirliti. Það, sem hann á við, er, að vísindamenn okkar hafa ekki verið nógu árvakrir, nógu kappsmiklir að hefta þetta. Hann sagði hér seinast í ræðu sinni: lítið hald í vísindalegu eftirliti.

Ég er ekki á sömu skoðun og hv. ræðumaður og hv. Alþ. mun, þegar til kastanna kemur, taka ákvarðanir í sambandi við landhelgismálið. Það má alvarlega gá að sér, ef sú skoðun er svo rótgróin enn þá hér í sölum Alþ., að við treystum ekki okkar vísindamönnum við þá aðstöðu, sem við erum að skapa þeim og með það mikla fjármagn, sem við erum að láta í hendur þessara manna. Ég get ekki tekið undir svona skoðun, engan veginn. Hitt er augljóst mál, að það á við um rannsóknir á hafsvæðinu og nýtingu okkar fisks þar og allar þær miklu breytingar, sem þar eiga sér stað, að það tekur sinn tíma að afla þekkingarinnar. Og það geta liðið fjölda mörg ár, þangað til við erum orðnir það vitrir, að við vitum algerlega, hvað er réttast. En ég vil taka undir þá skoðun, að það er rétt að fara varlega, bæði varðandi aukningu á togveiði og aukningu á dragnót. En ég vil aðeins undirstrika það, að þótt það hafi komið fram hér, að dragnótin hafi sýnt minni afla 1968 og færri bátar nú í Faxaflóa en 1966, þá er það ekki einhlít viðmiðun um minna fiskimagn. Það hefur

oft verið deilt hér í sölum Alþ. um skiptakjör, og það fer ekki á milli mála, að skiptakjör á dragnótinni eru útveginum mjög óhagstæð. Það þekkir hv. ræðumaður mjög vel. Það er einn þátturinn í minnkandi afla. Ég vil líka upplýsa það, að staðreynd er, að aðeins 10—15% af veiðisvæði Faxaflóa er hæft til dragnóta. Hitt er friðað af náttúrunnar völdum, um 85—90%. Þetta segir manni hver einasti fiskimaður, sem hér þekkir vel til og vil ég í því sambandi, að hv. þm. kynni sér jólablað Víkings, þar sem ágætur skipstjóri skrifar þar mjög góða grein um veiðar í Faxaflóa með botnvörpu. Við skulum ekki láta neinar öfgar hlaupa með okkur í gönur, þó að Faxaflói hafi í öllu okkar mikla baráttumáli fyrir aukinni friðun landhelginnar átt sérstakan þátt.

Ef ég man rétt, var það fyrst 1937, að Sveinn Björnsson heitinn lagði fram till. um það, að gert yrði sérstakt átak í að friða Faxaflóa, auðvitað til þess að bægja útlendingum burtu. Þjóðin öll tók á sig miklar kvaðir til þess að bægja útlendingum burtu út úr sinni landhelgi. En til hvers? Í fyrsta lagi til þess að við nytum árangursins af okkar eigin landhelgi fyrir okkur sjálfa. Það er auðvitað höfuðtilgangurinn. Og við þurftum að beita vissum rökum. Við þurftum að hafa vissan áróður uppi. Við þurftum að fórna sjálfir til þess að sækja fram. Það var eðlilegt og bráðnauðsynlegt á þeim árum. En Faxaflói hefur verið það svæði, sem var mjög sterkt að benda á, til þess að taka upp vísindalegar rannsóknir á. Við munum ekki vantreysta okkar vísindamönnum í því efni. Það geri ég a. m. k. ekki. Hitt er augljóst mál, að við mikla erfiðleika er að etja við rannsóknir á fiskigöngum. Þá geta komið fram mismunandi skoðanir á mismunandi tíma, byggðar á þeirri þekkingu, sem fyrir liggur. Það er ekkert athugavert við það hjá vísindamanni í sambandi við rannsókn á fiskigöngu við Ísland, þó að hann verði að endurskoða sína niðurstöðu og sína þekkingu, að fenginni aukinni reynslu.

Hér í grg. er farið mjög sterkum orðum um drápið í Faxaflóa. Sé svo, að aðeins 8 bátar skili á land um 700 tonnum af fiski, þá er það nú ekki ægileg goðgá að leyfa þessum 8 bátum að drepa um 1000 tonn af fiski. Ég sé það ekki, — á þessu takmarkaða svæði. Hitt er svo annað mál, að ef á að banna botnvörpuna algerlega á öllum tímum árs við Faxaflóa, þá er það sérsjónarmið. Ég vil hér ekki blanda saman botnvörpunni og dragnótinni, þó að hvor tveggja sé botnskafa í eðli sínu. Það kemur vonandi í þessum mánuði frv. eða a. m. k. till. til hv. Alþ. um hugsanlega aukningu á togveiðum við Ísland, og þá kemur Faxaflói inn í þá mynd eins og önnur svæði fiskveiðilögsögunnar. Hver niðurstaða í því máli verður, veit auðvitað enginn á þessu stigi, en hitt er augljóst mál, að á vissum árstíma er um allt land áhugi fyrir því, að um einhverja aukningu í togveiðum sé að ræða. Það var deilt á okkur hér, sem stóðum að því að samþykkja frv. til bráðabirgðalausnar. Ræðumaður deildi á okkur fyrir það að hleypa mönnum jafnvel inn fyrir þriggja mílna landhelgina. Þeir taka á sig sök, sem eiga. Ég stóð að því frv. hér og margir fleiri hv. þm. Ég sé ekkert athugavert við það að drepa góðan fisk nær landi en 3 mílur, ef það er okkur til hagsældar og ákveðinn tíma árs. Það, sem skiptir máli, og það er megintilgangur þessa frv., er að drepa ekki of mikið af ungviði. Þó er okkar fiskveiðum svo háttað um allt land, að við komumst ekki hjá því að drepa eitthvað af því. Vandamálið er hversu mikið við megum taka af því. Megum við taka 5000 tonn eða megum við taka 50 þús. tonn? Það er hin stóra spurning, og það er enginn í dag svo vitur, að hann geti svarað þessu algerlega. En hitt megum við hafa í huga, að við tökum aðeins 18 fiska af hverjum 100, sem teknir eru ókynþroska við Ísland hér á ákveðnu hafsvæði samkv. þeim skýrslum, sem fyrir liggja. Þá spyr maður: Höfum við efni á því að hætta að taka 18 fiska og taka aðeins 10, en leyfa útlendingum að taka hina? Meðan ekki liggur fyrir sú algera staðreynd, að við getum haft meiri árangur í friðunarátt, tel ég, að við þurfum að fara mjög gætilega og ekki vera með neinar öfgar á neinn hátt. Ég vil undirstrika það sem mína persónulegu skoðun, að við eigum að efla fiskifriðun við Ísland og treysta okkar fiskifræðingum í hvívetna. Svo segir hérna í grg.:

„Hættan af dragnótaveiðum í jafnþýðingarmikilli uppeldisstöð og Faxaflóinn er felst ekki fyrst og fremst í veiði nytjafiska, heldur hinu gegndarlausa ungviðisdrápi, sem þessum veiðum fylgir.“ Á Faxaflóasvæðinu er hægt að vera með línu og handfæri, og lína og handfæri taka smáfisk. Ég hef það ekki hér við höndina, hvor hefði verið drýgri að drepa, lína og handfæri á móti dragnótinni. En það er grunur minn, hafi línuveiðar eitthvað verið stundaðar hér við Faxaflóa, að þær hafi drepið nokkur hundruð tonn og af þeim hundruðum tonna er alveg gefið, að stór hluti hefur verið ókynþroska fiskur. Ég spyr því aðeins: Erum við að berjast svona heiftarlegri baráttu til að friða þarna 400, 500 eða 600 tonn eða er um eitthvað mun meira magn að ræða? Ef menn hafa ekki áhuga á dragnót vegna einhverra ástæðna, — annaðhvort minnkandi fiskafla eða óhagstæðra skipta — og menn telja sér hag í því að gera út á línu eða handfæri, þá séu menn frjálsir að því. Hinu skal ég vekja athygli á og það snertir raunverulega mitt kjördæmi, að dragnótarsvæðið liggur næst því, raunverulega meðfram Reykjanesinu á stórum kafla, inn með því þannig, að það þarf að athugast mjög gaumgæfilega, hversu nærri landi mætti fara. En ef við hugsum okkur línu dregna frá Garðskaga í Malarrif, þá eru að fróðra manna sögn um 80—90% Faxaflóa friðuð fyrir botnsköfu af völdum náttúrunnar sjálfrar, þ. e. a. s. það er þar svo mikið hraun eða staksteinótt.

Ég vil biðja hv. dm. að athuga það, að okkar vísindamenn eiga við ýmsa erfiðleika að etja í því að gefa okkur sem beztar upplýsingar um áhrif á smáfiskveiði við Ísland. En ég er alveg viss um það, að þeir geta ekki lagt til svo algera friðun, sem hér er farið fram á, jafnvel þó að sterk rök séu fyrir því, að við verndum Faxaflóa áfram. Það eru sterk rök fyrir því, en ég er ekki viss um, að þeir vilji undirskrifa þau algerlega eins og sagt er hér í grg. Hér er meira

að segja staðhæft, að um gegndarlaust dráp sé að ræða og þar fram eftir götunum, en það liggur ekki fyrir algerlega, hversu mikil hætta er hér á ferðum. Það eru víða stórir flóar á Íslandi. Það er fyrir Norðurlandi og við getum nefnt Breiðafjörð. Það er talið eðlilegt, að þar séu friðuð stór svæði inni á flóum fyrir smáfisk. Fiskurinn gengur vestur og norður með ströndinni og elzt upp að vissu ársskeiði þar. Það má undirstrika, eins og fram hefur komið, hversu þýðingarmikinn þátt Faxaflói hefur átt í okkar rökum að þeim áfanga, sem við höfum náð í dag í friðuninni, og hann verður aldrei vanmetinn og það ber að þakka. Það var einmitt líka vegna baráttu vísindamanna fyrir nauðsyn þess að hefja hér rannsóknir á ákveðnu og takmörkuðu svæði.

Þessu frv. verður auðvitað vísað til n., en ég vildi aðeins láta mína skoðun koma hér fram vegna þess, að ég held, að ég hafi tekið rétt eftir því og verð þá leiðréttur með það, að mér fannst hv. frsm. of neikvæður í garð fiskifræðinga — og ég held, að það sé ekki hans hjartans sannfæring. En honum er mikið í mun að fá Faxaflóa algerlega friðaðan, og það er gott og blessað út af fyrir sig. En ég vil ekki láta hjá líða að undirstrika það, að við eigum að bera traust til okkar fiskifræðinga, og ef þeir hafa ekki nægilega góða aðstöðu til rannsókna, þá á það að vera keppikefli Alþingis að veita þeim aukna möguleika á slíkum rannsóknum, þannig að við fáum það bezta út fyrir okkur alla.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég er nú að vísu ekki meðflm. að þessu frv. og þarf því ekki að taka að mér hlutverk frsm. og ætla ekki að gera. En ég á ekki sæti í þeirri n., sem þetta mál mun fá til meðferðar, og þess vegna langar mig til þess að láta í ljós skoðun á þessu máli, sem hér er um að ræða, með örfáum orðum.

Ég vil segja það í fyrsta lagi, að undanþága frá veiðum með dragnót í Faxaflóa hefur þráfaldlega komið til meðferðar í borgarstjórn Reykjavíkur, þar sem ég hef átt sæti undanfarin ár, vegna þess ákvæðis í 3. mgr. 1. gr. l. nr. 40 1960, að áður en gerðar eru till. um opnun einstakra veiðisvæða, skal Fiskifélag Íslands leita álits sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna eiga að gæta á viðkomandi veiðisvæðum. Berist álitsgerðir, skal ráðh. óheimilt að opna veiðisvæði eða hluta þess, nema álitsgerðirnar styðji almennt þá framkvæmd. Skv. þessu lagaákvæði hefur það, eins og ég áður sagði, margsinnis komið til kasta borgarstjórnar Reykjavíkur að gefa þetta leyfi eða taka afstöðu til þess, hvort það skuli veitt. Þetta leyfi hefur ávallt verið veitt, en ég hef ávallt verið því andvígur, og mér sýnist, að það sé full nauðsyn á því að taka þetta vald af sveitarstjórnunum í þessu tilfelli, og þess vegna er ég algerlega sammála því, að þetta frv. nái fram að ganga.

Síðast þegar þetta mál var rætt, svo að ég muni eftir, það var 1967, færði ég m. a. fram sem rök fyrir minni afstöðu þau ummæli, sem höfð eru eftir Jóni Jónssyni fiskifræðingi og prentuð eru í grg. með þessu frv. og voru prentuð með sams konar frv., sem lagt var hér fyrir hv. Alþ. fyrir tveimur árum síðan. Þessa grein í Ægi, sem ummælin eru tekin úr, var ekki hægt að lesa öðruvísi en svo, að fiskifræðingurinn væri eindregið mótfallinn því, að dragnótaveiði yrði hér leyfð og hún hefði þau óheppilegu áhrif, sem hv. flm. skýra í grg. Þessu til andsvara var þá tekið fram bréf frá sama fiskifræðingi. Ég man nú ekki nákvæmlega hvað stóð í því bréfi, en einhvern veginn dugði sú umsögn hans þó til þess, að meiri hl. hv. borgarstjórnar Reykjavíkur gat fótað sig á því með skírskotun til þess, að dragnótaveiðin væri saklaus og þess vegna væri sjálfsagt að nota sér af því að þarna væru verðmæti, sem Íslendingar gætu aflað sér að meinbugalausu.

Ég vil náttúrlega mjög taka undir það, sem hv. síðasti ræðumaður, Jón Árm. Héðinsson 5. landsk. þm., sagði um það, að við verðum að treysta okkar sérfræðingum. Það vil ég undirstrika, að mikil nauðsyn er á. En ég bara verð að segja það sem mína skoðun, að á meðan hægt er að draga tvær gagnstæðar ályktanir af umsögnum sama sérfræðingsins, þá verða menn að fyrirgefa það, þó að ekki sé hægt að taka það allt sem góða og gilda vöru, sem frá þeim kemur.

Nú kann vel að vera, að hér verði sagt og það er út af fyrir sig rétt, að sú umsögn, sem borgarstjórnarmeirihlutinn hér í Reykjavík byggði afstöðu sína á í umræddu tilfelli, kom síðar fram heldur en greinin í Ægi. Og það kann vel að vera, að mönnum detti það í hug, að á tímabilinu milli þessara tveggja umsagna hafi mikil sannindi upp lokizt fyrir fiskifræðingum almennt. En mér þykja þessi skoðanaskipti fullsnögg til þess, að ég geti almennilega lagt trúnað á, að það hafi vísindalega sannazt á þessu stutta tímabili, sem þarna líður á milli, að dragnótin sé skaðlaus.

Þetta er nú það, sem mér finnst um þetta. Og ég álít, að það sé hin mesta nauðsyn að samþykkja þetta frv., sem hér er borið fram. Hún lítur vissulega vel út, þessi kenning um það, að við verðum að hagnýta landhelgina eins og kostur er og við verðum að treysta á vísindalegt eftirlit með því, að ekki verði þar um ofveiði að ræða. En ég segi það alveg eins og er fyrir mína parta, að ég er alltaf logandi hræddur, þegar farið er að fikta í þessum veiðiheimildum, alveg eins og ég lýsti hér úr þessum ræðustóli fyrir jólin, þegar undanþágurnar voru þá samþ., sem hér hafa verið gerðar lítillega að umtalsefni. Ég treysti út af fyrir sig hv. landhelgisnefnd vel til þess að koma með skynsamlegar till. um þessi mál, og ég tel víst, að þær séu nú bráðum að koma, þar sem sá tími, sem tiltekinn var hér fyrir jólin, er nú nær liðinn. En engu að síður vil ég undirstrika, að það er mín skoðun, að Faxaflóanum beri að loka fyrir þessari veiðiaðferð. Hv. 5. landsk. sagði hér áðan, að þannig væri ástatt, að útlendingar tækju 82 unga fiska af hverjum 100, sem veiddust, og Íslendingar þá aðeins 18 og spurði eitthvað á þá leið, hvort við ættum að sætta okkur við 18 eða fara kannske niður í 10. En mér finnst, að við ættum frekar að beina kröftum okkar að því að koma í veg fyrir, að útlendir fiskiskipstjórar taki 82 ungfiska af hverjum 100 heldur en halda þess-

um hluttöllum óbreyttum. Og ég tel, að leiðin til þess sé að sækja á með aukna friðun og að okkar eigin friðun sé sterkasta röksemd, sem við getum beitt á því málþingi. Ég ætla ekki að fara að halda langa ræðu um þetta eða endurtaka neitt af því sem ég sagði síðast, þegar þessi mál voru hér til umr. Ég reyndi þá að leiða rök að því, að friðunin hefði verið sterkasta forsendan, sem við beittum í málflutningi okkar, þegar landhelgin var stækkuð í 12 mílur, og ég trúi því, að svo hafi verið, og ég er sannfærður um, að í áframhaldandi sókn til aukinnar landhelgi og nýtingar hennar fyrir Íslendinga verður þetta sjónarmið það, sem okkur verður affarasælast að hafa í huga.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð út af ræðu hv. 5. landsk. þm. Ég vil fyrst taka það fram, að það ástand, sem skapazt hefur, þrátt fyrir þetta vísindalega eftirlit, sýnir okkur, að við getum ekki látið þetta standa óbreytt. Það er mín skoðun. Og ég hygg, að það ætti að vera gleggsta dæmið um, hvernig komið er í þessum efnum, þegar hægt er að sýna fram á það, að aflamagnið á þessu svæði hefur minnkað á aðeins þremur árum úr rúmlega 7300 tonnum niður í aðeins 697 tonn. Og þetta er bara afleiðingin af því, hvernig komið er með fiskistofnana hér í Faxaflóa. Og ég vil þá spyrja í þessu sambandi: Hvað á aflamagnið að verða lítið til þess að þeir vitru menn, þessir vísindalegu sérfræðingar, sjái ástæðu til þess að ætla, að það sé hætta á ferðum? Það er rétt, að l. gera ráð fyrir því, að leitað sé umsagnar sveitarfélaganna, sem eiga hér hlut að máli kringum Faxaflóa. En mér er kunnugt um það, að þrátt fyrir það, að meiri hl. hafi verið á móti því, að veiðarnar væru leyfðar, þá hafa þær samt sem áður stundum verið leyfðar og þá eftir till. fiskifræðinganna. Og afleiðingarnar af þessum veiðum liggja á borðinu í dag.

Eins og hv. 5. landsk. sagði, má deila um, hvort það skipti miklu máli, hvort haldið verði áfram að veiða þessi 697 tonn eða ekki. Það má á sama hátt segja það eins og með 18 fiskana. Ég vil í því sambandi vísa til þess, sem ég sagði í minni framsöguræðu. Hér er í aðalatriðum um að ræða veiðisvæði, sem eru utan fiskveiðilandhelginnar. Þess vegna er það brýn nauðsyn, að við Íslendingar tökum upp viðræður og samvinnu við aðrar þær fiskveiðiþjóðir, sem hér eiga hagsmuna að gæta, og reynum að koma á aukinni friðun og stemma stigu við þessari ofveiði á ókynþroska fiski. Það skiptir ekki máli, hvort við eigum 18 eða 50 af 100 fiskum ókynþroska, sem veiddir eru í botnvörpuna. Það skiptir aðalmáli, að það verði komið í veg fyrir, að sú rányrkja haldi áfram og eigi sér stað. Og ég er einmitt þeirrar skoðunar, að það verði í framtíðinni okkar sterkasta vopn í þessum efnum eins og það hefur verið til þessa, að við sýnum sjálfir gott fordæmi. Og þar sem svo er nú komið hér í Faxaflóa, að fiskistofnarnir eru svnilega að ganga til þurrðar á öðrum tíma ársins heldur en yfir háhrygningartímann, þegar fiskurinn, sem eftir er, gengur hér að ströndinni til að hrygna, þá eigum við að veita þá vörn í þeim efnum, sem við höfum ráð yfir. Og það mun vafalaust verða tekið tillit til þess og horft með athygli á það, hvað Íslendingar aðhafast sjálfir í þessum efnum.

Pétur Benediktsson: Herra forseti. Sú hv. þd., sem þér veitið forstöðu, hefur með réttu orð fyrir það meðal landsfólksins að vera fáorð og gagnorð um afgreiðslu mála. Ég álít, að hér við þessa umr. séum við að bregða út frá okkar venjulegu reglu. Hér er flutt frv., sem vissulega á rétt á sér, en við 1. umr. er farið að deila um þau atriði, sem eiga heima samkv. þingsköpum í nefndarmeðferð málsins. Að sjálfsögðu er það hv. d. og hv. Alþ. í heild, sem afgreiðir deilumálin, tekur ákvarðanirnar, en sá undirbúningur að málsmeðferð, sem hér er verið að hefja, álít ég, að eigi heima í n., en ekki við 1. umr. Þess vegna vil ég leggja til við mína kæru deildarbræður, að við styttum umr., vísum málinu til n. og skorum á hana að afgreiða það sem réttast og bezt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 236, n. 498 og 539).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Það er öllum þingheimi kunnugt, að veiði með dragnót hefur valdið miklum ágreiningi hér við land og menn skipzt mjög í flokka um nytsemi þess veiðarfæris. Nytsemi frá sumra sjónarmiði, en hættuna af því frá annarra sjónarmiði. Í l. um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti nr. 40 1960 hefur löggjafinn tekið þann kostinn að láta það vera undir óskum og umsögnum vissra tiltekinna aðila komið, hvernig að skuli farið á hverjum stað á landinu. Nú er það ekki óeðlilegt að heimila dragnótaveiðarnar á þeim stöðum, þar sem íbúarnir telja þær ráðlegar og hvetja til þeirra og vísindamennirnir vara ekki við þeim, en á sumum stöðum er um svo mörg sveitarfélög að ræða, sem hagsmuna eiga að gæta, að ekki er hægt að tala um neina einingu í því efni. Þarna á ég fyrst og fremst við Faxaflóasvæðið af öllum veiðisvæðum. Faxaflóasvæðið er viðurkennt merkasta uppeldisstöðin fyrir ungfisk í kringum allt land og hér eru mörg bæjar- og sveitarfélög, sem lifa að meira og minna leyti á fiskveiðum. Hjá sumum þeirra og einmitt sumum af þeim, sem eiga mest undir fiskveiðunum, hefur alla tíð verið mjög öflug andstaða gegn dragnótinni, en innan sama svæðis hafa verið önnur kannske fjölmennari byggðarlög, sem ekki áttu eins mikið af afkomu sinni undir fiskveiðunum eins og hin, og hafa óskað eftir möguleikanum til að stunda dragnótaveiðar. Þessir síðarnefndu aðilar hafa ævinlega notið stuðnings okkar ágætu vísindamanna í þessum efnum. Eins og í nál. segir, ætlar meiri hl.

sjútvn. ekki að fara að kappræða við þá ágætu menn um visindalegar niðurstöður, en hversu góðir sem menn eru, sem að þessum niðurstöðum standa, þá hefur þó engum þeirra tekizt að komast fram hjá því skeri, sem er deginum ljósara, að ætíð, þegar dragnótaveiði er leyfð á nýju svæði, þar sem aðstæður eru haganlegar, þá er örstutt árabil, sem hún gefur mikið í aðra hönd, en síðan fer aflinn niður og niður, eins og hefur átt sér stað hér á Faxaflóasvæðinu, þangað til það munar engu, að alger ördeyða sé komin. Þannig var háttað s. l. sumar á þessu svæði, þar sem aðeins 8 bátar stunduðu veiðarnar og komu með vænan skipsfarm samtals eftir allt úthaldið. Það þarf ekki að segja nokkrum manni með fullu viti, að þetta stafi ekki af ofveiði, að ástæðan til þess, að í byrjun hafi verið gnótt af fiski og nú svo til enginn, þar sem er veitt með þessu veiðarfæri, getur ekki verið önnur en sú, að ungviðið hefur verið drepið og að það er minna um fisk þarna en áður. Og þess vegna er það, sem nokkrir hv. þm. þessarar d. fluttu frv. á þskj. 236 um að banna með öllu dragnótaveiðar á Faxaflóa, þ. e. a. s. að undantaka Faxaflóa þeim svæðum, þar sem leyfilegt sé að veita undanþágur frá hinu almenna banni gegn þessu veiðarfæri. Þetta atriði virðist mér og mörgum öðrum mönnum vera það, sem máli skiptir í þessu sambandi. Meiri hl. sjútvn., 6 af 7 þm., virðist þetta liggja svo ljóst fyrir, að við erum sammála um að mæla með samþykkt frv., þó með þeirri breyt., að við teljum rétt að skilgreina þar, við hvað sé átt með orðinu Faxaflóa, en það er svæðið innan línu, sem dregin er frá punkti réttvísandi í vestur 4 mílur frá Garðskaga og þaðan beint í Malarrif. Þetta er sama línan, sem notuð er í frv., sem útbýtt var í d. í dag um fiskveiðilandhelgina.

Í nál. hv. minni hl. er látið að því liggja eða spurt að því, hvort enn séu innan Alþ. margir „á spákonustiginu“. Þar með er verið að reyna að gefa í skyn, að við séum ekki að fara eftir öðru heldur en kerlingabókum í till. okkar, en þetta er svo fjarri því að satt sé, að þeir sem reynsluna hafa og þekkinguna á þessu svæði, fiskikóngarnir, og þ. á m. ekki lakari spákonur heldur en Þorsteinn Gíslason, sem hér sat á þingi og var einn af flm., eru meðal okkar eindregnustu fylgismanna. Ég held, með allri virðingu fyrir minum ágæta samþm., hv. 5. landsk., að þótt við legðumst báðir á eitt, yrðum við fyrirferðarlitlir um þekkinguna á fiskveiðum miðað við þann ágæta mann. Ég vil því beina því til hv. d., að hún samþykki frv. með þeirri brtt., sem meiri hl. hefur borið fram, og vísi því síðan til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Það má nú sjálfsagt spjalla um þetta mál fram og aftur. Menn munu seint komast að hinu alsanna í þessu, varðandi veiðiskap eins og ævinlega. Það er ekki ný bóla, að mikið sé deilt um dragnót hér á hinu háa Alþ., og enginn okkar, eins og frsm. meiri hl. tók fram, ætlar okkur þá dul, að við getum verið alvitrir í þessu. Ég vil heldur ekki undirstrika það, að það séu bara óvitrir menn eins og hann gaf í skyn, sem gerðu sér ekki grein fyrir því, að dragnótin væri gott veiðarfæri. Hún er gott veiðarfæri. En hreyfingin á dragnótinni í afla upp og niður byggist ekki á því, að hún drepi allt. Það eru mörg önnur atriði, sem koma til, og ég vil spyrja hv. frsm., hver var aflahreyfingin öll í Faxaflóa, t. d. s. l. 3 ár, sem dragnótin var leyfð? Minnkaði aflinn alls í flóanum eða voru menn að fara yfir á aðrar veiðiaðferðir? Það er kjarni málsins. Ég er enginn talsmaður dragnótar út í neinar öfgar til eða frá. Ég er alinn upp við flóa, þar sem dragnótin hefur verið bönnuð yfirleitt alltaf. Ég er alinn upp við það að róa á línu og handfæri, en alls ekki á dragnót nema mjög takmarkað og er ekki talsmaður dragnótarinnar út af fyrir sig. Það, sem skiptir máli, er, með hvaða hætti við viljum veiða fiskinn á viðkomandi svæði. Hér er lagt til, að eitt svæði við landið sé tekið út úr og l. sé breytt, þó að s. l. ár sýni okkur það, að 6—8 bátar hafi verið á dragnótinni á þessu svæði og veitt tæp 700 tonn. Nú vita það auðvitað allir menn, að ef þessir bátar hefðu verið gerðir út á eitthvað annað en dragnót, þá hefðu þeir vonandi fiskað líka, annaðhvort með handfærum eða á línu og þá auðvitað drepið eitthvað af litlum fiski, kannske undir 60 cm, meira eða minna. Við erum því að slást um mjög óverulega hluti að mínu mati, mjög óverulega hluti og alveg hleypidómalaust, og þess vegna gef ég það í skyn, að engin spákonusjónarmið mættu koma hér til greina, engan veginn. Þau voru uppi hér áður fyrr, og þau eiga ekki að skjóta upp kollinum aftur í þessu sambandi. Menn greinir auðvitað á um dragnótina alveg eins og hann tók fram um Þorstein Gíslason. Þorsteinn Gíslason er síldveiðiskipstjóri af fyrstu gráðu, en ég veit ekki, hversu mikill dragnótarmaður hann er. Það hefur orðið breyting á í dragnótinni undanfarin ár, frá því að l. tóku gildi. Ég hef hér yfirlit yfir 1964. Þá voru menn mjög á því að friða fyrir dragnót víðast hvar um allt land, bæði hér í Faxaflóa og annars staðar, en svo fóru menn að fika sig hægt og rólega áfram, sérstaklega fyrir Norðurlandi og á öðrum svæðum hérna. Það eru margir aðilar, sem koma til og segja já eða nei. Þetta fólk úti um allt land hefur vonandi ekki verið að snúa snöru á eigin háls með því að leyfa auknar togveiðar. Það breytir til um veiðihætti vegna nauðsynjar á að fá fisk í land, þegar minna er um síldveiði, til þess að hafa atvinnu. Auðvitað viljum við allir, að við drepum skynsamlega mikið af fiskinum, ef við getum sett orðið skynsamlega þannig fram, að við vitum nákvæmlega, hvað er rétt og rangt. Það er það, sem við erum að keppa að.

Ég er ekki talsmaður þess að halda við dragnótalögunum óbreyttum, ef við erum hræddir um það, að dragnótin eyði fiski til vandræða, alls ekki. Það er auðvitað sjálfsagt að loka vissum fjörðum og flóum, og ég vil undirstrika það og ég gæti sýnt það hérna, hef kort um það hér, að stór hluti Faxaflóa hefur ekki verið opnaður fyrir dragnótinni eða ákveðin svæði hans. Að öðru leyti er flóinn mjög verndaður fyrir dragnót af náttúrunnar völdum líka. Það, sem við erum að deila um, er raunverulega þetta:

Eigum við að drepa 600 tonn af fiski meira eða minna með dragnót eða ekki? Svo vitum við, því miður, að bátar sóttu á tog vegna þess, að þeim leiðst það s. l. ár að misnota togveiðilögin og fara lengra inn en mátti, án þess að vera teknir. Þetta hafði þau áhrif, að bátar, sem höfðu áhuga fyrir dragnótinni, fóru yfir á togveiðar, þannig að fækkunin sýnir ekki aðeins það, að það hefur verið allur fiskur dauður undan dragnótinni, heldur voru aðrar aðstæður, sem drógu úr áhuga á dragnótinni yfir í trollið. Einnig má benda á það, að á dragnótinni eru skiptakjör gagnvart útvegsmanninum eða útgerðinni sjálfri óhagstæðari en á hinum veiðunum. Það er einn þátturinn líka. Það, sem mér finnst réttast í þessu, væri að athuga dragnótarlögin í heild um allt land og kanna það rækilega, hvað er rétt og æskilegt að nota dragnótina mikið hringinn í kringum landið til að draga fisk á land á ódýran hátt, því að það ber mönnum saman um, að dragnótin gerir, og sjá, hvaða atvinnu hún getur veitt fólkinu um allt land og einnig hér við Faxaflóa. Það eru mjög víða mikilvæg kolamið, sem þarf að athuga. Þau eru hérna fyrir vestan, að norðan og austan, og þessi kolamið eru lítið nýtt í dag, nýtast helzt í gegnum dragnót og hugsanlega tog, og sé um minni bolfiskafla að ræða, og ég tala nú ekki um á þeim svæðum, þar sem síldin hefur stungið af og kemur ekki í land, þá er óneitanlega óhjákvæmilegt, það er mín skoðun, að við athugum það alvarlega, hvort við getum ekki notað þessi veiðarfæri, sem fara með botni og ná kolanum, þannig að þau auki verðmæti í þjóðarbúinu, þó vitanlega, og það vil ég undirstrika, án þess að valda tjóni á okkar fiskistofnum.

Ég skal allra manna síðastur gerast talsmaður þess, að við eigum að stunda hér ofveiði. Afstaða mín á móti frv. byggist á þeirri skoðun, að ég tel óeðlilegt að taka einn þátt út úr þessu núna í þetta skiptið. Ég vil miklu fremur, að við athugum dragnótavandamálið að nýju í reynslu þeirra 8 ára, sem l. hafa gilt, og við breyttar aðstæður. Það er meira að segja kominn upp áhugi á Norðurlandi, á Skjálfanda og í Eyjafirði og jafnvel víðar fyrir því að opna núna af illri nauðsyn, sem þeir kalla, vegna þess að það er ekki sama atvinna við síldina eins og var, og þá verða menn að hafa eitthvað að gera. Og komi dragnótin með flatfisk eða annan bolfisk að landi án þess að vera að spilla heildarstofninum við landið, sé ég ekki, hvað á að vera því til fyrirstöðu að ná í þann fisk. Við leituðum umsagnar hjá Hafrannsóknastofnuninni og Fiskifélaginu. Báðar þessar stofnanir leggjast eindregið á móti samþykkt frv. nú, og þeir færa til þess mörg rök, sem væri hægt að lesa hér. En ég vil ekki tefja tímann, þar sem orðið er mjög áliðið tímans og auk þess var svo rausnarlega gert af meiri hl. að prenta nú þessar umsagnir í heild sinni með, en þar tekur Jón Jónsson fiskifræðingur greinilega fram, að reynslan af dragnótinni er sú, að hún er ekkert meira gereyðingartæki en mörg önnur veiðarfæri. Það sýnir reynslan. Það þýðir ekkert að vera með nein spákonusjónarmið í þessu efni. Það er alveg tilgangslaust, og þess vegna setti ég þetta orð hér fram. Ég ætlast til þess, að menn tali við marga menn, heyri hvað þeir segja. Skoðanir eru mjög skiptar og við hlítum þeim úrskurði, sem reynslan sýnir. Ef við förum með dragnótina inn á hættuleg svæði, þar sem hún gerspillir, þá eru hvorki ég eða aðrir talsmenn þess að nota hana á því svæði, síður en svo. En ég tel þetta mál meira en það, að það sé hægt að breyta lögum á mjög takmörkuðu svæði nema að undangenginni rækilegri athugun á því, hvaða áhrif það hafi á marga báta og atvinnulíf og þar fram eftir götunum. Málið er það mikið, að það eru vel rök fyrir því, að það sé athugað og þá lagt nýtt frv. fram í haust varðandi þessi mál.

Um þetta mætti spjalla mikið, miklu meira. En ég vil aðeins benda á það, af því að ég hef hér um það aflaskýrslur, hvernig aflinn var eftir veiðarfærum á þeim stöðum, sem þetta mál snertir. Í Keflavík gaf dragnótin 351 tonn, botnvarpan 4800 tonn. Síðan kom humarvarpan með 1400 tonn. Ætli hún gæti ekki verið nokkuð hættulegri í sumum tilfellum, eftir því sem sumir segja? Garðurinn var ekkert með í dragnótina, hann var hins vegar með botnvörpu upp á 2500 tonn og humarvörpu upp á 700 tonn. Hafnarfjörður var með 3 tonn í dragnót en 1500 tonn tæp í botnvörpu. Svona mætti telja lengur upp. Ég tel það rétta meðferð málsins að athuga þetta gaumgæfilega, og komumst við að þeirri niðurstöðu, að það sé æskilegt fyrir alla veiði í Faxaflóa að stöðva dragnótaveiðina, þá tel ég rétt að gera það. En það verður ekki gert nema með því að athuga þetta mjög gaumgæfilega, hvað sem líður öllum kenningum um gildi Faxaflóa sem friðunarstöðvar og uppeldisstöðvar og þar fram eftir götunum. Um það deila menn ekki. Hann er mikilvægur staður og blessunarlega hefur hann fengið náttúrlega vernd á mjög stóru svæði fyrir botnveiði, þar sem kunnugt er, að 70—80% af flóanum er með hraunbotnlagi, þar sem botnveiðarfæri, dragnót og tog, verða ekki notuð. Þess vegna eru ákjósanleg skilyrði hér í flóanum fyrir ungviði, þó að það sé tekið fram í grg. Jóns Jónssonar, að víða við land séu skilyrði ekki verri, ekki eftir því, sem þeir hafa rannsakað og gefa upp. Mín niðurstaða varð því sú, að hleypidómalaust eigum við ekki að samþykkja frv. nú, miklu fremur að athuga þessi mál gaumgæfilega sem eina heild og taka afstöðu eftir það.

Frsm. meiri hl. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Hv. 5. landsk. verður að afsaka mig, að ég hef nú ekki lært hagskýrslurnar svo utan að, að ég geti svarað fsp. í upphafi ræðu hans, enda sé ég nú sannast sagt ekki, hvað hann er að fara með henni. En eins og ég tók fram í minni fyrri ræðu, þá finnst mér þetta mál liggja ákaflega ljóst fyrir. Hv. 5. landsk. nefndi ýmsa staði hér við flóann og veiðar þaðan, og meðal þeirra staða var einn staður, þar sem hann sagði, að enginn bátur stundaði dragnót, og það er Garðurinn. Þetta litla svæði, þetta sveitarfélag þarna vestarlega á Reykjanesinu, hefur áreiðanlega gefið íslenzku þjóðinni fleiri fengsæla fiskimenn heldur en nokkurt annað álika stórt svæði á þessu landi, eða álíka fjölmennt svæði. Mér væri því

raunar óhætt að standa við mismælið og segja álíka „stórt svæði“, því að jafnvel þó að aðeins væri tekið tillit til flatarmáls, en ekki mannfjölda, þá hafa þeir lagt þjóðarbúinu fleiri víkinga í sjósókn heldur en nokkurt annað svæði á Íslandi í dag. En þarna eru menn svo einhuga á móti þessu veiðarfæri, að þeir líta ekki einu sinni við því sjálfir, og það er einmitt þaðan, úr því samfélagi, sem þessi aflakóngur kom, sem ég nefndi meðal flm. í fyrri ræðu minni, svo að hv. d. þarf ekki að skammast sín neitt fyrir sálufélagið, þó að hún fylgi þessum mönnum og þeirra skoðun á nytsemi dragnótarinnar. Hv. 5. landsk. nefndi til samanburðar togveiðar, en hefur hann ekki einmitt sjálfur átt þátt í samningu þessa frv., sem var verið að útbýta í dag og sem ég nefndi fyrr og sem einmitt bannar togveiðar á öllu því svæði Faxaflóa, sem getur komið til greina fyrir dragnótaveiðar? Að vísu fer það ekki fram hjá mér, að gert er ráð fyrir, að á vissum árstímum sé nokkur ferhyrningur úti á miðjum flóanum, sem leyfður sé togveiðiskipum innan vissrar stærðar, en þar er miklu meira dýpi en svo og hagar til á þann hátt, að mér er tjáð, að þar komi dragnót alls ekki til greina. Við eigum því að vera sjálfum okkur samkvæmir að banna bæði dragnótina og botnvörpuna á þessu mikilsverða svæði. Komumst við að þeirri niðurstöðu, sagði hv. þm., að rétt sé að banna dragnótina, eigum við að gera það. Þetta er akkúrat sú niðurstaða, sem við höfum komizt að, meiri hl. n., og það er þess vegna, sem við með góðri samvizku berum fram þá till., sem fram er borin í nál. okkar. Það þýðir ekki alltaf að bíða og hika með alla hluti. Við verðum að varðveita fiskstofninn, ef við ætlum að lifa í þessu landi, og það er of seint að skipta um skoðun á nytsemi dragnótarinnar, þegar hver fiskur er dauður. Þegar enginn fiskur er lengur á þessum miðum, þá þýðir ekkert að fara að breyta um skoðun. Það verður að gera það meðan þó er von um, að einhverju verði við bjargað, og það er það, sem við erum að reyna að gera.

Jón Árnason: Herra forseti. Aðeins nokkur orð í sambandi við ræðu hv. 5. landsk. hér áðan. Hann spurði um það, hvort við hefðum gert okkur grein fyrir því, hver hreyfingin hefði orðið á fiskveiðunum við Faxaflóa s. l. 3 ár. Það kom skýrt fram í framsöguræðu minni fyrir þessu frv., hver hreyfingin hefði orðið, t. d. í sambandi við veiðarnar í dragnótina. Og það var niðurstaða, hélt ég, sem talaði nokkuð skýru máli, þar sem ekki aðeins heildarmagnið, sem veiddist á dragnótabátunum, hafði stórminnkað eins og raun bar vitni, heldur hafði einingin á hvern bát, sem stundaði veiðarnar, dottið gersamlega niður, þannig að á seinasta ári var veiðin komin niður í rúmlega 70 tonn á bát. Það voru 8 bátar, sem stunduðu veiðarnar og fengu, eins og hér hefur verið bent á í þessum umr., samtals um 600 tonn. Og það sjá allir, hvernig þá er komið frá því að vera með töluvert á 3 hundrað tonn, þegar veiðin byrjaði. Það talar því skýru máli um, hvert stefnir, hver þróunin hefur einmitt verið í dragnótaveiðinni á undanförnum tveimur árum hér í flóanum.

Það er ekki rétt, álít ég, hjá hv. 5. landsk., að við séum að deila hér um það, hvort eigi að leyfa að veiða 600 tonn hér í Faxaflóa eða ekki, enda þótt niðurstaðan hafi verið sú hjá dragnótabátunum á s. l. ári, að þeir hafi fengið aðeins 600 tonn. Það er ekki það, sem við erum að deila um, og ég er honum sammála um það, sem hann sagði, að ef þessir 8 bátar hefðu ekki fengið að stunda dragnótaveiðar, þá hefðu þeir stundað aðrar fiskveiðar og drepið þannig fisk. Okkur dettur ekki í hug, að það eigi að koma í veg fyrir að veiða fisk hér við strendur landsins, bæði í Faxaflóa og annars staðar. En það er þetta drápstæki, sem notað er, sem við viljum láta banna. Í þessum umr. hefur verið vikið lítils háttar að þeim mæta manni, Þorsteini Gíslasyni, sem gerðist meðflm. að þessu frv. hér í d. á þeim tíma, sem hann sat hér, og það gerðist ekki aðeins vegna þess, að hann sé kunnur síldveiðimaður og skipstjóri, heldur hafði hann líka reynslu af dragnótinni, og það hefur hann upplýst. Hann stundaði þessar veiðar fyrst ungur maður með föður sínum hér í flóanum og honum blöskraði, hve þetta veiðarfæri var mikið rányrkjutæki og ungviðið svoleiðis miskunnarlaust drepið með þessu. Það var hans eigin reynsla, sem þar talaði og hefur mótað hans afstöðu til þessa veiðarfæris

Það kom upp í þessari skýrslu frá Fiskifélaginu, sem hv. 5. landsk. gat um hérna, að t. d. bátur, sem stundaði dragnótaveiðar frá Hafnarfirði, fékk aðeins 3 lestir. Hvað getið þið nú ímyndað ykkur, að hafi verið arðbært í sambandi við þær veiðar? (**JÁH:** Landanir á þessum stöðum.) Já, það voru 3 tonn, sem var komið þarna með. Var það ekki bátur frá Hafnarfirði? Ég held, að það hafi einhver bátur frá Hafnarfirði stundað dragnótaveiðar, en það er nú ótrúlegt, eins og hv. þm. tekur hér fram, að heildarafli hans hafi verið 3 lestir, heldur er þetta einn hluti af hans litla afla, sem hann hefur lagt þarna á land. En hvort sem heldur er, þá sjáum við, að magnið er svo lítið, að þarna hlýtur að vera um mjög óarðbæra veiði að ræða, og þótt það séu ekki nema 8 bátar, þá á að forða þeim frá því að halda áfram við slíkan rekstur.

Það hefur verið vitnað til þess, að það hafi verið leitað umsagnar sveitarfélaga í þessu sambandi til að fá álit þeirra. Þetta hefur verið gert á hverju einasta ári og fleiri heldur en sveitarfélaga, því að þegar niðurstaðan frá sveitarfélögunum hefur verið óhagstæð fiskifræðingunum, þannig að það hafi verið fleiri, sem hafi viljað banna veiðarnar heldur en leyfa, þá hefur verið leitað til annarra aðila áfram og áfram og þegar útrunninn hefur verið tíminn, þá er mér kunnugt um það, því að ég hef fylgzt með því, að stundum hefur verið framlengdur fresturinn sýnilega í því augnamiði að reyna að smala einstaklingum og fyrirtækjum, sem hafa áhuga fyrir að fá þennan fisk, til þess að láta álit sitt í ljós. Og þetta er því miður ekki of fallegur leikur, sem leikinn hefur verið í þeim efnum, og enda þótt það hafi í sumum tilfellum verið fleiri, sem hafa mælt gegn veiðunum í Faxaflóa, þá

hefur ekki verið tekið tillit til þess af fiskifræðingunum. Þeir hafa eftir sem áður lagt til, að veiðarnar væru stundaðar áfram.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja þessar umr., en vænti þess, að þessi hv. d. sýni skilning á þessu máli, eins og hún hefur áður gert, því að þetta frv. eða hliðstætt frv. hefur hlotið áður samþykkt í þessari hv. d. og vænti ég, að svo verði enn.

Frsm. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Aðeins nokkur orð í áframhaldi hér. 4. þm. Reykn. talaði um það, að hann skildi ekki, af hverju ég væri að spyrja um heildaraflamagnið. Það er auðvitað kjarni málsins. Sé dragnótin slíkt gereyðingartæki, eins og hún er sögð undanfarin ár, hefði hún átt að vera búin að hafa þau áhrif, að hér færi heildarmagnið sífellt minnkandi. Við hljótum því að spyrja: Hefur heildaraflinn farið verulega minnkandi og er það eingöngu dragnótinni að kenna? Það er ekki hægt annað, ef við ætlum að komast að réttri niðurstöðu. Ég tók það skýrt fram, að ég vil, að málin séu vel athuguð og miklu meira heldur en hæstv. sjútvn. gerði, miklu meira. Alveg að skaðlausu má n. eyða meiri tíma í að athuga þau mál, sem hún fjallar um, heldur en þetta mál.

Hann drap á þær till., sem var útbýtt í dag í frv.-formi, um breyttar heimildir til togveiða. Það er alveg rétt. Við leggjum til aðeins litinn skika af Faxaflóa til togveiða. Það gerum við að undangenginni rækilegri athugun og samtölum við fjölda manna, sem hér eiga hagsmuna að gæta. Ég er auðvitað alveg tilbúinn að loka fyrir dragnótina hér að undangenginni rækilegri athugun. En ég tel ekki ástæðu til þess að samþykkja svona frv., sem ekki fylgja meiri grg. og meiri athugun, öðruvísi heldur en ég fái meiri upplýsingar í sambandi við meðferð málsins. Það kemur mér nokkuð spánskt fyrir sjónir, ef Fiskifélagið er svo mjög hlutdrægt, eins og hv. 2. þm. Vesturl. gaf hér í skyn, að það sæki málin einhliða til opnunar á dragnótinni. Ég mun síðar fá upplýsingar um, hvort þetta eru réttar umsagnir, en mér þykja það mjög undarleg vinnubrögð hjá stofnun, sem á að vera hlutlaus og hefur það að markmiði að hjálpa mönnum við að veiða sem hagkvæmast og bezt við landið, að hún sæki málið einhliða svo hart, að hún leiti eftir umsögnum aðeins og þá sérstaklega þeirra, sem eru meðmæltir. Þetta þykir mér merkilegt að heyra hér á hv. Alþ.

Hann talaði um, að þetta væri ekki fallegur leikur, og ég skal taka undir þau orð, ef þetta er rétt staðhæfing. Grundvallarskoðun mín er sú, að við nennum að leggja vinnu í að athuga þau mál, sem okkur er falið að fjalla um. Það er grundvallarskoðun mín og taka afstöðu samkv. því. Við hljótum að hafa þá skyldu, að við eigum að reyna að gera það, sem æskilegast og réttast er, algerlega öfgalaust. Ég þekki nokkuð til fiskveiða á svæði, þar sem dragnótin hefur haft þau áhrif, að við, sem vorum á öðrum veiðum, vorum ekkert hrifnir af dragnótinni, síður en svo. Af hverju vorum við ekki hrifnir? Hún var snjallara veiðarfæri en það, sem við höfðum sjálfir í höndum. Og við viljum auðvitað halda okkar veiðimöguleikum sem allra mestum, það er ekki nema eðlilegt og mannlegt. Ég skil vel afstöðu þeirra í Garðinum, að þeir vilji auðvitað halda sem stærstum sjó hreinum fyrir dragnót og botnvörpu framan við hjá sér, þar sem þeir veiða með línu og handfæri, og það er sjálfsagt að styðja þá í þeirri viðleitni, en ég vil þá athuga öll þessi mál gaumgæfilega, ekki einhliða, því að það eru til menn í Reykjavík og jafnvel annars staðar við Faxaflóa, sem hafa áhuga á dragnótinni, og ég vil hlusta á báða aðila og taka síðan afstöðu. Þess vegna var það mín afstaða í þessu máli, að við skyldum flýta okkur hægt og þetta mætti vel bíða eitt sumar, en kanna málið rækilega og heyra, hvaða áhrif dragnótin hefur haft í Faxaflóa og taka síðan þá æskilegustu og vonandi réttustu ákvörðun, sem þær athuganir sýndu, að rök væri til að taka. Okkur greinir, held ég, ekki á um annað. Ég held, að deilan standi einmitt um þessi vinnubrögð. Það er enginn okkar talsmaður þess, að hér sé drepið eitthvert ungviði án þess að hægt sé að nýta það, ekki nokkur maður.

Ég vil aðeins benda á það, af því að talað var um, hvað dragnótin hafi gert hér áður fyrr, að það kemur greinilega fram í skýrslu Jóns Jónssonar, að möskvastærðin á þessu veiðarfæri er nú miklu meiri en áður með þeim blessunarlegu áhrifum, að minna af ungfiski er drepið. Engu að síður eru þessi veiðimál okkar hér innan fiskveiðilögsögunnar þannig vaxin, að þau þurfa rækilegrar athugunar við á mörgum sviðum. Hvað skeði um páskana hérna? Þá voru drepin 3—4 þús. tonn af þorski, og hvað varð af þeim? Beint í verksmiðju. Eru menn talsmenn slíkra vinnubragða og að eyðileggja um 10—14 þús. net að óþörfu? Ég hef verið talsmaður þess, að netin verði tekin upp um þessa helgi, þegar allir Íslendingar vilja vera í frii. Það væru miklu raunhæfari vinnubrögð á hv. Alþ. að snúa sér að slíkum vandamálum heldur en þessu. Það er mín skoðun. Þess vegna vil ég, að við flýtum okkur hægt í þessu, en höfum ákveðið markmið, sem er það, að við vinnum að veiðiaðferðum, sem gefa okkur bezta hráefnið við sem minnstum kostnaði, þó án þess að við séum að ganga um of á stofninn, þannig að við séum að veikja þá undirstöðu, sem við byggjum á hér á Íslandi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 80. fundi í Ed., 29. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 539 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12:4 atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:4 atkv.

Á 84. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 599).

Frsm. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Mér þykir ástæða til að gera hér smá-

aths. í umr. vegna þess, að fram kom við 2. umr. nokkur gagnrýni á Fiskifélag Íslands og fiskifræðingana, og eins og hv. þdm. muna, var talið, að þeir væru ekki algerlega hlutlausir í ákvörðunum sínum. Ég gerði þá strax aths. við þessi ummæli og sagðist mundi reyna að kynna mér þau betur og hef fengið svo hljóðandi bréf frá Fiskifélagi Íslands, sem ég, með leyfi hæstv. forseta, ætla að lesa:

„Athygli vor er vakin á því, að Fiskifélagið og störf þess við stjórnun dragnótamála samkv. l. frá 1960 hafi borið á góma í umr. í hv. Ed. Alþ. nýlega. Hefðu störf félagsins á þessu sviði verið gagnrýnd. Samkv. l. um takmarkað leyfi til dragnótaveiði í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, sem samþ. voru á Alþingi hinn 3. júní 1960 eru Fiskifélaginu falin ákveðin störf sbr. 1. gr. l. Þar segir, að Fiskifélagið skuli leita álits sveitarstjórnar og annarra aðila, sem hagsmuna hafi að gæta á viðkomandi veiðisvæði, um hvort þessar veiðar skuli leyfðar eða eigi. Við teljum, að þessi störf séu samvizkusamlega unnin af starfsmönnum félagsins. Það hlýtur að vera nokkurt matsatriði, hverjir hagsmuna hafi að gæta. Auk umsagnar þess aðila, sem Fiskifélagið leitar til, berast jafnan umsagnir ýmissa annarra, bæði með og á móti opnun veiðisvæða. Fiskifélagið reynir ávallt að meta, hvort tillit skuli tekið til þessara aðila, en lokaorðið er frá sjútvmrn. Þar sem ekki má eiga sér stað, að störf stofnunar eins og Fiskifélagsins séu talin andstæð anda þeirra laga, sem unnið er eftir hverju sinni, teljum vér rétt, að óhlutdrægir aðilar rannsaki, hvort gagnrýni sú, sem fram hefur komið á þeim störfum, sem hér um ræðir, eigi við rök að styðjast.

Virðingarfyllst,
Már Elísson.

Til hr. alþm. Jóns Á. Héðinssonar, sjútvn. Ed."

Ég get ekki annað en gert þessa aths., og einnig vil ég greina frá því, að ég kynnti mér lítils háttar aflahreyfingu í Faxaflóa s. l. 3 ár, en í grg. frv. stendur á bls. 2:

„Hættan af dragnótaveiðum í jafnþýðingarmikilli uppeldisstöð og Faxaflóinn er felst ekki fyrst og fremst í veiði nytjafisks, heldur hinu gegndarlausa ungviðisdrápi, sem þessum veiðum fylgir. Það tjón, sem landsmönnum er búið af þessum veiðum í Faxaflóa, verður ekki með tölum talið."

Nú vildi svo til, að ég spurði ágætan mann úr Garðinum, hvert væri hans álit í þessu efni, og þannig var ástatt, að hv. form. sjútvn. var við hliðina á mér, og hann svaraði því: „Raunverulega er ég á móti dragnótinni, en ekki á þeim forsendum, sem frv. gerir ráð fyrir, því að það er mat mitt, að aflamagn hafi ekki minnkað í flóanum." Ég spurði hv. form. sjútvn. að því á sínum tíma í umr., hvort ekki væri hægt að athuga, hvort aflamagnið í Faxaflóa hefði minnkað, því að það er meginrökstuðningur fyrir að banna dragnótina, ef hún er óumdeilanlega skaðvaldur. Ég skal vera talsmaður þess að banna að hafa dragnót eða önnur veiðarfæri, sem við óumdeilanlega getum sannað, að eru skaðvaldar. Það, sem ég fór fram á og undirstrika enn einu sinni, er, að við gefum okkur tíma til að athuga það, sem við erum að fjalla hér um. Það var allt og sumt, sem ég bað um. Mér finnst þess vegna hreinlega, að forsendan fyrir að samþykkja þetta frv. sé brostin. Hún er brostin meðan við fáum ekki betri upplýsingar um það, sem segir í grg., vegna þess að þessi tvö atriði, sem ég hef bent á, sanna það, að hér er kveðið of fast að orði í grg.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég tel, að það hafi ekki komið nein ný sannindi fram í þessari ræðu hv. þm., sem hann var að ljúka við að flytja hér. Það, sem ég sagði í sambandi við Fiskifélagið og afgreiðslu málsins á undanförnum árum, stendur eftir sem áður óhaggað, og það get ég upplýst, að mér er kunnugt um það og ég fylgdist með því á sínum tíma, að þegar var útrunninn tíminn og menn áttu að vera búnir að skila áliti sínu um það, hvort þeir vildu fá dragnótaveiðina eða ekki á yfirstandandi tímabili, þá varð niðurstaðan sú, að það voru fleiri á móti. Þá er farið út í það að framlengja og auglýsa meira og meira og leita til einstakra fyrirtækja. Þetta er staðreynd og hún verður ekki hrakin, hvað mörg bréf sem koma frá stjórn Fiskifélagsins í þeim efnum. Hv. þm. getur sótt fleiri bréf, en þetta er staðreyndin í þessum málum, og hún verður ekki hrakin, þó að slík bréf séu skrifuð. En um ungviðisdráp er það að segja, að það er öllum kunnugt, sem bara fylgjast með þessum veiðum, að það kemur ekki í land, og þess vegna verður það ekki, hvorki af fiskifræðingum né öðrum, rannsakað eða talið, hvað fer forgörðum á þennan hátt, en hér stendur fullyrðing á móti fullyrðingu í þessum efnum. Það eru sumir, sem álíta, að það sé allt í lagi með þetta veiðarfæri, það skaði ekkert uppeldisstöðvarnar og þess vegna sé allt í lagi að *nota snurvoðina*. Svo eru aðrir á öðru máli, og það heldur sjálfsagt hver sínu fram í þeim efnum.

Ég tel ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta mál að þessu sinni, en vil endurtaka það, að ég tel ekki hafa komið neitt nýtt fram í málinu, sem breyti a. m. k. minni ákvörðun um afstöðu til málsins.

Frsm. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Það getur vel verið, að menn hafi ekki trúað því, sem fiskimálastjóri undirritaði og er sent til alþm., en sé svo, er ekki til of mikils mælzt, að það verði gert hlé á framgangi þessa máls hér, svo að hæstv. sjútvn. rannsaki ásakanir á hendur Fiskifélaginu. Það hlýtur að vera alvarleg ásökun, þegar jafnmikilvæg stofnun er ásökuð um það, að það sé ekkert að marka, sem hún sendir til hv. Alþ. í rituðu bréfi. Ég get ekki annað séð, en komi eitthvað annað í ljós, þá er auðvitað sjálfsagt að taka tillit til þess. Stofnun, sem er falið að framkvæma jafnmikilvæg lög og hér um ræðir og sætir jafnharðri gagnrýni, á fullan rétt á því, að sjútvn. gangi á fund stjórnar félagsins og tali um þessi mál við fiskimálastjóra og fái hið sanna í ljós. Það hlýtur að vera sanngjörn krafa.

Frsm. meiri hl. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Mér finnst afstaða hv. 5. landsk. þm. í þessu máli stórfurðuleg. Hann talar hér við hv. þd. eins og hér séu inni menn, sem aldrei hafi heyrt orðið dragnót fyrr en nú í þessari viku. Ég veit ekki annað heldur en ég fyrir mitt leyti hafi fylgzt með þessu máli í næstum 50 ár, frá því að Danir byrjuðu fyrst að skarka á miðunum út af Norður-Þingeyjarsýslu, og faðir minn var meðal þeirra manna, sem tóku upp vörnina fyrir íslenzka fiskimenn og fyrir fiskigöngur við þetta land. Það er nú ekki skemmri tími heldur en þetta, sem ég hef fylgzt með málinu, og ég veit, að hv. 2. þm. Vesturl. hefur fylgzt með því álíka lengi. Og það er sagt, að sá viti bezt, hvar skórinn kreppir, sem sjálfur ber hann. Hann er úr einu af þeim byggðarlögum, sem hafa orðið fyrir barðinu á þessu skemmdartæki. Og ég vil bara frábiðja mér svona fræðslu eða áskoranir um, að við eigum að fara að fresta málinu út af því, að það séu ekki allir ánægðir með afgreiðslu Fiskifélagsins á því. Það vita bæði guð og menn, að afstaða þess hefur alltaf verið hlutdræg.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12:4 atkv. og afgr. til Nd.

Á 87. fundi í Nd., 2. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 88. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Á 90., 91., 93., 94. og 95. fundi í Nd., 8., 9., 12., 13. og 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 599, n. 659).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

56. Stéttarfélög og vinnudeilur.

Á 40. fundi í Ed., 10. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 frá 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur [130. mál] (þmfrv., A. 242).

Á 41. fundi í Ed., 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Árið 1938, eða fyrir röskum 3 áratugum, voru sett lög um stéttarfélög og vinnudeilur. Á sínum tíma ríkti mikill ágreiningur á milli manna um setningu þessarar löggjafar, en þær deilur hjöðnuðu fljótt, því almenningur áttaði sig á því, að þjóðfélaginu bar nauðsyn til að skipa svo þýðingarmiklu máli með löggjöf. Veigamestu þættir laganna um stéttarfélög og vinnudeilur, sem almennt ganga undir nafninu vinnulöggjöf, fjalla um eftirfarandi atriði: 1) rétt manna til að stofna stéttarfélög og stéttarfélagasambönd; 2) rétt stéttarfélaga og vinnuveitenda til að stofna til verkfalla og verkbanna í því skyni að vinna að framgangi krafna sinna; 3) fyrirmæli um það, hvernig taka skuli ákvarðanir um vinnustöðvanir, svo lögmætt sé, og með hvað löngum fyrirvara slíkar ákvarðanir skuli boðaðar; 4) sáttameðferð; 5) skipan sérstaks dómstóls, félagsdóms, til að dæma um ágreining um skilning á kjarasamningi og til að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á vinnulöggjöfinni.

Þegar litið er til baka, verður ekki annað sagt en að vinnulöggjöfin hafi í heild gefið góða raun og markað heillarík spor í samskiptum vinnuveitenda og verkalýðsfélaga. Hitt þarf engan að undra, þótt höfundar þessarar löggjafar, sem var frumsmíði, gætu ekki í öllum greinum séð fyrir þróun þessara mála langt fram í tímann, og sjálfsagt hefur þeim verið ljóst, að koma kynni að því, að þessa lagasetningu þyrfti að endurbæta í ljósi reynslunnar og breyttra þjóðfélagshátta. Lög um stéttarfélög og vinnudeilur hafa staðið óbreytt að heita má í 3 áratugi. Á l. hafa aðeins verið gerðar minni háttar breytingar, varðandi skipan og verkefni félagsdóms. Oft hafa verið uppi raddir um að endurskoða þessa löggjöf, en lítið orðið úr framkvæmdum. Vinstri stjórnin, sem sat að völdum á árunum 1956—1958, skipaði n. í málið, en hún hafði ekki lokið störfum, þegar stjórnin fór frá, og varð ekki meira úr þeirri athugun.

Ýmsir eru þeirrar skoðunar, að ekki sé rétt að breyta vinnulöggjöfinni, nema um það takist samkomulag með verkalýðshreyfingunni og vinnuveitendum. Þessa skoðun fellst ég ekki á. Að vísu væri þessi leið æskileg, en ég hef bara enga trú á því, að slíkt samkomulag takist nokkurn tíma, og ekki er hægt að bíða endalaust með nauðsynlegar breyt. eftir samkomulagi milli þessara aðila. Einnig má á það benda, að vinnulöggjöfin var á sínum tíma ekki sett með samkomulagi verkalýðshreyfingarinnar og vinnuveitenda. Þvert á móti höfðu báðir þessir aðilar ýmislegt við hana að athuga, en hún hefur samt sem áður sannað gildi sitt. Hér kemur líka fleira til, vinnudeilur eru ekki einkamál verkalýðsfélaga og vinnuveitenda. Þær snerta hagsmuni þjóðarheildarinnar allrar. Ein vinnudeila getur skaðað hagsmuni þúsunda manna, sem ekki eru aðilar að henni. Vaxandi sérhæfing í þjóðfélaginu hefur aukið á vandann í þessum efnum. T. d. gæti eitt hundrað manna hópur, sem fer í verkfall, auðveldlega skapað atvinnuleysi hjá eitt þús. manns eftir skamman tíma. Hér er því um vandamál að tefla, sem þjóðfélagið getur ekki vísað frá sér og látið aðila vinnumarkaðarins eina um að leysa. Mér virðist sem ýmis ákvæði vinnulöggjafarinnar megi óhögguð standa um langa framtíð, en þar eru líka önnur ákvæði, sem æskilegt er að breyta án tafar. Þar á ég fyrst og fremst við ákvæði um sáttameðferð og valdsvið sáttasemjara. Þar er veikur hlekkur í vinnulöggjöfinni, sem þarf að treysta.

Frv. það, sem ég flyt hér af þskj. 242 til breyt. á l. um stéttarfélög og vinnudeilur, fjallar nær einvörðungu um þetta efni. Ég valdi þann kost að bera ekki fram brtt. við önnur ákvæði vinnulöggjafarinnar en þau, sem á einn eða annan hátt varða starf sáttasemjara og valdsvið hans. Þetta geri ég af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi vegna þess, að á þessu sviði tel ég brýnustu þörf úrbóta og í öðru lagi af því, að ég vonast til, að breyt. á þessum ákvæðum sé unnt að fá fram án mikilla deilna eða ágreinings. Hins vegar hef ég ekki tekið inn í þetta frv. brtt., sem stundum hafa verið orðaðar, á þá lund að fyrirskipa verkalýðsfélögunum og vinnuveitendunum að taka ákvörðun um vinnustöðvun einungis með allsherjaratkvæðagreiðslu og að banna mönnum að leggja niður vinnu við varðveizlu verðmæta, sem til eru orðin áður en vinnustöðvun hefst. Þessi atriði eru mjög viðkvæm og líkleg til að valda miklum ágreiningi, og þess vegna hef ég sleppt þeim hér.

Vinnudeilur má greina sundur í 6 stig eftir tímaröð. 1. stig: uppsögn kjarasamninga. 2. stig: kröfugerð. 3. stig: upphaf samningsumleitana. 4. stig: boðun vinnustöðvunar. 5. stig: framkvæmd vinnustöðvunarinnar. 6. stig: samningsgerð. Í þessa upptalningu vantar upphaf sáttameðferðar, vegna þess að mjög er undir hælinn lagt samkvæmt gildandi l. um stéttarfélög og vinnudeilur, hvenær sáttameðferðin hefst. Samkvæmt lögunum hvílir engin skylda á deiluaðilum í því efni að vísa deilunni á einhverju tilteknu stigi til meðferðar sáttasemjara. Hefur það iðulega átt sér stað, að vinnudeilu hefur ekki verið vísað til sáttasemjara fyrr en 2—3 dögum áður en vinnustöðvun á að hefjast, og stundum hefur það jafnvel komið fyrir, að sáttasemjari hefur ekki verið til kvaddur fyrr en eftir að vinnustöðvun var skollin á. Þessu verður vissulega að breyta. Að vísu er sáttasemjara heimilt, samkv. 26. gr. l. um stéttarfélög og vinnudeilur, að taka að sér stjórn samningsumleitana og kalla aðila fyrir sig, þótt deilu hafi ekki formlega verið vísað til hans, en reynslan hefur sýnt, að á grundvelli þessarar reglu fer sjaldan fram nokkur sáttameðferð, því að sáttasemjarar telja ekki heppilegt að grípa inn í deilu nema annar hvor deiluaðila eða þeir báðir beinlínis óski þess, að sáttasemjari taki málið í sínar hendur. Sú regla 26. gr. l., að tilkynna beri sáttasemjara vinnudeilu, þegar hálfur uppsagnarfrestur er liðinn án þess að samningar hafi tekizt, hefur einnig lítið raunhæft gildi. Þetta stafar af því, að á síðustu 20 árum hefur það orðið mjög algengt, að verkalýðsfélögin hafa samninga sína lausa, sem kallað er, til þess að vera viðbúin kjarabaráttu með örstuttum fyrirvara. Félögin segja upp kjarasamningum sínum með tilskildum fyrirvara, en síðan er oft á tíðum unnið eftir þessum samningum mánuðum eða misserum saman, eftir að uppsögn gekk í gildi, án þess að meira sé aðhafzt. Svo sem þessi mál ganga fyrir sig í okkar þjóðfélagi, má segja, að vinnudeila hefjist ekki að jafnaði af nokkurri alvöru fyrr en vinnustöðvun er boðuð. Málum er nú svo komið, að eigi reynist unnt að leysa meiri háttar vinnudeilu í landinu nema að undangengnum 10—20 sáttafundum. Venjulega eru 1 eða 2 af þessum sáttafundum haldnir áður en vinnustöðvun hefst, en hinir allir eftir að vinnustöðvun er orðin að veruleika. Hér þarf breyt. að verða á. Sáttasemjari verður að fá meira tóm til starfa, áður en gripið er til þess neyðarúrræðis að stöðva vinnu og framleiðslu. Hann þarf meira vald á bak við sig, sterkari tök á deilunni, svo að hann geti skapað þrýsting á hendur deiluaðilum, er leiði til samkomulags, áður en í óefni er komið.

Að þessu er stefnt með því frv., sem ég hef borið fram á þskj. 242. Í 1. gr. frv. er kveðið svo á, að boðunarfrestur vinnustöðvunar skuli lengdur úr 7 sólarhringum í 20 sólarhringa. Þetta tel ég nauðsynlega forsendu þess, að sáttasemjari fái viðunandi lágmarkstíma til að glíma við deiluefnið, áður en vinnustöðvun kemur til framkvæmda, en þessi regla myndi einnig gefa aðilum meira svigrúm og meira aðhald til viðræðna, áður en sjálft sáttastarfið hefst. Í 2. gr. frv. felast tvær meginbreytingar, annars vegar ákvæði, sem skyldar sáttasemjara til að taka vinnudeilu til meðferðar í síðasta lagi 10 sólarhringum áður en vinnustöðvun er ætlað að koma til framkvæmda, enda þótt aðilar hafi þá ekki vísað deilunni til hans. Hins vegar heimild til handa sáttasemjara til að fresta því í allt að 4 sólarhringa, að vinnustöðvun hefjist, ef hann hefur í hyggju að bera fram miðlunartillögu eða aðrar sérstakar ástæður eru fyrir hendi að hans dómi. Þessi heimild gæti komið að góðum notum, ef málum hefði þokað verulega í samkomulagsátt, en 10 sólarhringa frestur inn reynzt of skammur. 3. gr. frv. er nýmæli, en hún felur í sér heimild til handa sáttasemjara til að krefja Efnahagsstofnunina, Hagstofuna og aðrar opinberar stofnanir skýrslna um ýmiss konar málefni. Slík gagnasöfnun getur stundum átt drjúgan þátt í því að leysa vinnudeilur. Með 4. gr. frv. eru gerðar nokkrar breyt. á reglunum um þátttöku í atkvæðagreiðslu um miðlunartillögur. Gildandi reglur eru í 3. málsgr. 32. gr. l. um stéttarfélög og vinnudeilur, en þar segir: Miðlunartill. telst felld, ef minnst 50% af greiddum atkvæðum eru á móti henni, enda hafi minnst 35% atkvæðisbærra manna greitt atkvæði. Á móti hverjum 1 af 100, sem tala greiddra atkvæða lækkar niður fyrir 35%, þarf mótatkvæðafjöldinn að hækka um 1 af 100 til að fella tillöguna. Ef ekki hafa a. m. k. 20% atkvæðisbærra manna greitt atkvæði, telst till. samþ. Í þessum reglum felst það, að aukinn meiri hluta þarf til að fella sáttatillögu, ef þátttaka er lítil í atkvæðagreiðslunni. Ef t. d. þátttakan er 30%, þarf meiri hlutinn að nema 55% af greiddum atkvæðum, sé þátttaka aðeins 22%, þarf meiri hlutinn að nema 65% af greiddum mótatkvæðum til að till. sé felld.

Með frv. er lagt til að gera þessar reglur einfaldari og á þann hátt að falla frá forskriftinni um síaukinn meiri hluta eftir því sem þátttakan minnkar, en setja það skilyrði í staðinn, að minnst 20% atkvæðisbærra manna greiði atkvæði á móti miðlunartill., til þess að hún sé fallin. Að sjálfsögðu þarf því frumskilyrði einnig að vera fullnægt, til að tillagan sé fallin, að minnst 50% greiddra atkvæða séu á móti henni. Þessa breyt. er rétt að skýra með dæmi. Við skulum

hugsa okkur stéttarfélag með 1100 meðlimi. Af þeim eru 100 veikir eða fjarverandi og sannanlega útilokaðir frá að neyta atkvæðisréttar síns. Þá eru taldir 1000 atkvæðisbærir menn í félaginu, miðlunartillaga er borin fram, 300 manns greiða atkv., 120 með, 180 á móti. Samkvæmt gildandi lögum er till. felld, því að þátttakan er 30% og mótatkvæði meira en 55% af greiddum atkvæðum. Samkvæmt frv. er till. samþ., því að mótatkvæðafjöldinn nær ekki 200, og þar með hafa færri en 20% atkvæðisbærra manna greitt atkvæði á móti till. Þessi breyt. á að verka sem mótvægi gegn afskiptaleysinu. Hún á að örva menn til þátttöku í slíkum atkvæðagreiðslum, þannig að fram komi sem skýrastur vilji stéttarfélagsins og atvinnurekendafélagsins, sem í hlut eiga. Sú lágmarkskrafa getur ekki talizt ströng, að einfaldur meiri hluti nægi ekki til að fella sáttatillögu, ef sá meiri hluti er fámennari en svo, að 5. hver félagsmaður teljist til hans. Þýðingarmestu áhrif þessarar breytingar tel ég þó vera, að staða sáttasemjara styrkist.

Í síðustu grein frv., 5. gr., segir, að lög þessi öðlist gildi 1. jan. 1970. Með því legg ég áherzlu á, að hér sé einvörðungu um framtíðarskipan þessara mála að ræða, en ekki tilraun til þess að hafa áhrif á gang þeirra vinnudeilna, sem framundan kunna að vera á næstu vikum og mánuðum.

Það hlýtur að vera ríkt hagsmunamál allra, launþega, vinnuveitenda og þjóðarinnar í heild, að samkomulag í deilum um kaup og kjör verði reynt til þrautar, áður en til þess kemur, að réttinum til vinnustöðvunar sé beitt, með því margháttaða tjóni, sem af vinnustöðvunum leiðir, svo sem atvinnu- og tekjumissi, gjaldeyristapi, spillingu verðmæta og viðskiptalegum áföllum. Það verður að efla vinnufriðinn í landinu, án þess að hrófla við grundvallarréttindum verkalýðsfélaga og vinnuveitenda til frjálsra samninga og vinnustöðvana. Með það í huga er frv. þetta fram borið.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá 1. minni hl. heilbr.- og félmn., á þskj. 675, var útbýtt 9. maí, frá 2. minni hl., á þskj. 697, 12. maí og frá 3. minni hl., á þskj. 742, 13. maí, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

57. Sala Holts í Dyrhólahreppi.

Á 43. fundi í Ed., 17. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi í Vestur-Skaftafellssýslu [141. mál] (þmfrv., A. 255).

Á 47. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Frv. það til laga, sem hér liggur fyrir, um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi í V.-Skaft. er flutt af okkur hv. 6. þm. Sunnl.

Þetta mál hefur í tvö skipti borið að á Alþ., en í hvorugt skiptið fengið fullnaðarafgreiðslu. Vildi ég leyfa mér að fara örfáum orðum um málsdrög til þess, að þetta frv. er hér enn fram komið.

Jörðina Holt í Dyrhólahreppi hafði Þorsteinn Einarsson, eiginmaður Jóhönnu Sæmundsdóttur, sem um getur í frv., keypt árið 1907 af sínum foreldrum. Áður höfðu foreldrar hans átt þessa jörð og búið á henni um áratugi. Hafði jörðin þannig, í ábúð þeirra feðga, tekið stakkaskiptum miklum og þeir framkvæmt allverulegar jarðabætur með meiru á þessari jörð sinni. En svo kom að því, að þau hjónin Þorsteinn og Jóhanna neyddust til að selja ríkissjóði jörðina, það var árið 1936. Höfuðástæðan til þess var sú, að vegamálastjórnin hafði ákveðið að veita Hafursá í ána Klifandi og brúa síðan þessar báðar ár í einu lagi. Hafði Pálmi Einarsson verið til kvaddur, og enda fleiri sérfræðingar, til mats um það og álitsgerðar, hvernig færi um nærliggjandi jarðir, ef þessar framkvæmdir væru látnar fara fram. Þeir töldu, að breyting á farvegi Hafursár mundi geta valdið slíkum landspjöllum á þessari jörð, að hún yrði lítt eða ekki byggileg eftir. Um það leyti sem Þorsteinn seldi jörðina voru hús orðin nokkuð úr sér gengin, þó góð hefðu verið fyrr á tímum, og það var ætlun þeirra hjóna að byggja húsin á jörðinni upp að nýju, og hafði bóndinn Þorsteinn í því skyni aflað sér byggingarefnis að nokkru leyti og enn fremur ráðið smið til byggingarframkvæmda, en vegna þessara miklu landspjalla varð ekki af neinni framkvæmd og sannast sagna mun jörðin Holt varla hafa verið talin veðhæf, eins og á stóð og ætlað var, að færi um jörðina. Hjónin bjuggu síðan á jörðinni, þrátt fyrir þetta, til ársins 1942, en þá fluttist fjölskyldan brott, vegna þess að íveruhús var þá ekki talið lengur íbúðarhæft. Þorsteinn dó þetta sama ár, 1942, og kona hans Jóhanna fluttist síðan að Nikhól, sem er í sömu sveit og í grennd við jörðina Holt, og þaðan hefur hún ásamt sonum sínum nytjað jörðina.

En vegna þess að betur rættist úr með jörðina og eigi varð af þeim landspjöllum, sem talin var hætta á, og afnot jarðarinnar hafa verið og eru enn í dag mikils virði fyrir Jóhönnu og syni hennar, þá hefur Jóhanna um nokkurn tíma haft mikinn hug á því að eignast þessa jörð aftur, svo að hún komist þannig að nýju í eign ættarinnar.

Þá hef ég rakið í mjög stórum dráttum tildrög þessa máls. Ástæðan til þess, að ríkið keypti jörðina á sínum tíma, mun að sjálfsögðu aðallega og kannske einvörðungu hafa verið sú, að það var þarna mikil hætta á, að jörðin færi illa og yrði fyrir verulegum landspjöllum og jörðin þannig keypt af hálfu ríkissjóðs til að firra ríkissjóð verulegri skaðabótaskyldu. En

eins og ég sagði, þá kom ekki til þess, að spjöll á löndum jarðarinnar yrðu veruleg. Ég fæ nú ekki séð, að ríkissjóði sé mikill akkur í að eiga þessa jörð. Bæði er hún ekki sérlega stór, þetta er fremur lítil jörð, að ég hygg, og ekki sérstaklega miklar nytjar af henni fram yfir það sem gerist og gengur og engar aukanytjar eða hlunnindi, svo að ég viti um. En það er auðsætt öllum þeim, sem líta á þetta mál, að það hlýtur að vera nokkurt sanngirnismál, að ekkjunni Jóhönnu Sæmundsdóttur verði seld jörðin, svo að hún og synir hennar, sem búa í grennd við jörðina Holt, geti notið ættaróðalsins að nýju og síðan verndað það og prýtt í framtíðinni sér til nytja og ánægju. Svo vil ég geta þess, sem er alkunna, að reglan hefur jafnan verið sú, að ríkið hefur selt af hendi jarðir eða jarðarhluta, þegar ábúandi eða notandi hefur eftir leitað, og hafi það komið fyrir, að slík heimildarfrv. sem þetta hafi ekki náð fram að ganga hér á hv. Alþ., þá hafa ástæður til þess að sjálfsögðu verið mjög ríkar, en slíkar ástæður fáum við flm. ekki séð að séu til staðar í þessu máli, og við væntum þess, flm., að það megi fá greiðari afgreiðslu en tekizt hefur á undanförnum tveim þingum.

Vil ég svo ljúka þessum fáu orðum mínum, en að lyktum óska þess, að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umræðu og til hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 74., 75., 77. og 78. fundi í Ed., 15., 17., 22. og 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 255, n. 446 og 451).

Frsm. meiri hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér er til umr., frv. til l. um heimild ríkisstj. til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi í V.-Skaftafellssýslu, hefur landbn. haft til meðferðar nú nokkurn tíma og kynnt sér það eftir föngum. Ég vil taka fram, áður en lengra er haldið, að þetta frv., eða annað samhljóða því, hefur legið fyrir Alþ. áður, var lagt fram í Nd. á s. l. vetri, og var þá leitað umsagnar landnámsstjóra og jarðeignadeildar ríkisins um það. N. hefur kynnt sér þær umsagnir, sem þá lágu fyrir, og eru þær samhljóða að því leyti, að báðar þessar stofnanir telja, að sala þessarar ríkisjarðar sé andstæð hagsmunum ríkisins og leggja því til, að hún sé ekki leyfð. Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá er það frekar fátítt, að þessar stofnanir gefi líkar umsagnir þessum. Það lá þá fyrir hjá n. að líta betur til þessara tillagna og kynna sér málið lengra aftur. Með frv. var lögð fram yfirlýsing frá hreppsnefndinni í Dyrhólahreppi, þar sem meiri hl. hennar lagði til, að þessi sala yrði leyfð. Í öðru lagi höfum við orðið þess varir, að leitað hefur verið til sýslunefndar V.-Skaftafellssýslu um það að mæla með þessari sölu, en samkvæmt bókun sýslunefndarinnar hefur hún hliðrað sér hjá að taka afstöðu til málsins. Landbn. taldi, eftir þessar athuganir, að henni bæri að afla sér enn frekari upplýsinga og reyna að komast að því, hvers vegna heimamenn þar á staðnum tækju þessa afstöðu til málsins. Við öfluðum okkur því loftmyndar af þessu svæði, sem hér um ræðir, og þegar hún er skoðuð, kemur það berlega í ljós, að land jarðarinnar Holts er tiltölulega lítil sneið milli tveggja ríkisjarða, annars vegar Álftagrófar og hins vegar Fells. Það fleygar þær jarðir mjög í sundur og um þannig land, að það virðist vera mjög torvelt, ef ekki ætti að segja ómögulegt, að girða þessi lönd af. Þess vegna sýndist landbn., eða meiri hl. hennar, að eðlilegra væri að selja ekki þetta land, heldur væri miklu eðlilegra, að hér yrði um leiguafnot að ræða, því þá hefur eigandi jarðarinnar alltaf nokkur tök á því að hafa vald á því, á hvern hátt þessi jörð verður nýtt, þannig að sú nýting yrði ekki til óhagræðis fyrir þau lönd, sem ríkið á þarna í næsta nágrenni. Niðurstaða meiri hl. n. er því sú, að við föllumst á það sjónarmið bæði jarðeignad. og eins landnámsstjóra, að samþ. þessa frv. sé andstætt hagsmunum ríkisins, og við leggjum til, að þessu frv. verði vísað frá á þeim forsendum og næsta mál tekið fyrir á dagskrá. Ég vil aðeins, áður en ég lýk máli mínu, geta þess, að minni hl. landbn. leggur til, að frv. sé samþ., en vill þó gera brtt. í þá átt, að aftan við 1. gr. frv. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

„Nú verður ekki af því, að heimild þessi verði notuð á yfirstandandi ári, og skal Jóhönnu Sæmundsdóttur þá gefinn kostur á ábúð jarðarinnar með erfðafestu.“

Ég hygg, að dm. sé það kunnugt, að það er naumast hægt að segja, að meira sé en stigmunur á sölu og leigu á erfðafestu, og ég tel því, að þessi breyting sé í raun og veru engin, þegar til notanna kemur á þessu landi, og sýnist miklu eðlilegra, vegna þeirra aðstæðna, sem þarna eru fyrir hendi, að þar verði miðað við áframhaldandi leiguafnot með venjulegum hætti, en þessu frv. vísað frá og brtt. minni hl. verði þess vegna ekki tekin til greina.

Frsm. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Efni þessa frv., sem hér er á ferðinni, er hreint ekki nýtt í þessari stofnun. Frv. um að heimila ríkisstj. að selja umrætt Holt í Dyrhólahreppi hefur a. m. k. komið fyrir tvö þing á undan þessu. Ég hygg, að það sé rétt munað hjá mér, að í fyrsta skipti hafi flm. að því verið Ragnar Jónsson og Ágúst Þorvaldsson. Frv. var flutt í Nd. og varð ekki útrætt. Það má segja, að Alþ. hafi þá, svipað eins og sýslun. í Vestur-Skaftafellssýslu, hliðrað sér hjá því að taka afstöðu til frv., og síðan var það aftur flutt í fyrra, þá af Guðlaugi Gíslasyni og Ágústi Þorvaldssyni, en það kom ekki til neinnar endanlegrar afgreiðslu. Þó hygg ég nú, að það sé ekki beinlínis af þeim sökum, að Alþ. veigri sér svo við að taka afstöðu til þessa frv., en landbrn. virðist ekki hafa áhuga fyrir því að fá þessa söluheimild.

Ég er ekki talsmaður þess allajafna, að ríkið

kosti kapps um að selja sínar jarðir til einstaklinga. Þó hef ég gjarnan viljað ljá máls á því, að ábúendur jarða geti fengið þær keyptar, ef svo stendur á, að þeir óska sjálfir eftir því eða sækjast eftir því og ætla má, að þeir muni nytja þær jarðir og máske þeirra niðjar um einhver ókomin ár. En til þess að mönnum sé ljóst, hvers konar frv. er hér á ferðinni, þá hygg ég, að ég verði lauslega að rekja forsögu málsins.

Á Holti í Dyrhólahreppi bjuggu hjónin Jóhanna Sæmundsdóttir og maður hennar Þorsteinn, og áður hafði þessi jörð verið í eigu og ábúð sömu ættar um einhverja ættliði. Búskapur þeirra hjóna var farsæll á þessari jörð, og var ekki annað fyrirsjáanlegt en að svo gæti verið áfram. Þá kemur það til sögunnar, að vegagerð ríkisins ákveður að gera brú á þjóðveginn, Suðurlandsveginn, fram undan þessum bæ og þeim bæjum, sem hér hafa verið nefndir, Álftagróf og Felli, en hagkvæmara þótti við brúargerðina að veita saman tveimur ám, Klifandi og Hafursá, og brúa þetta í einu lagi niður á vegi. Það voru auðvitað gerðar mælingar og útreikningar á því, hvað ske mundi við samveitu þessara tveggja fljóta, og þegar þær mælingar höfðu verið gerðar, þá var bóndanum í Holti tilkynnt, að hætta væri á því, að hluti af jörðinni færi undir vatn, og honum talin trú um, að ekki væri vert að hann gerði ráðstafanir til að búa þar áfram. Hann mun þá hafa verið búinn að draga að við í nýtt hús á jörðinni, en hætti við bygginguna. Ríkið bauðst hins vegar til að kaupa af honum jörðina, og af þeim kaupum varð, en Þorsteinn bóndi fékk sér ábúð eða keypti aðra fremur litla jörð í nágrenninu, Nikhól, og flutti búsetu sína þangað. Nú hafa tímar þróazt þannig, að litlar bújarðir geta nú illa framfleytt stórum fjölskyldum. Jóhanna Sæmundsdóttir er nú komin á efri ár, en við búskap af henni hefur tekið sonur hennar eða öllu heldur synir hennar tveir, þótt aðeins annar búi með henni í Nikhól. En þó að þau seldu ríkinu jörðina á sinni tíð, hjónin Jóhanna og Þorsteinn, þá fengu þau hins vegar að halda ábúð á jörðinni og nytja hana. Það hafa þau gert, þ. e. a. s. Jóhanna, því að Þorsteinn er löngu fallinn frá, og hennar synir æ síðan. Nú er hins vegar komið að því, að Jóhanna er orðin gömul kona og líklegt, að hún muni bráðlega falla frá. Hefur þá sonur hennar, sem nytjaði jörðina, enga tryggingu fyrir því, að hann geti fengið að halda búskap sínum áfram með svipuðum hætti eins og hann hefur haft, að búa á jörðinni Nikhól og nytja jörðina í Holti, þar eð þá fellur úr gildi sú trygging, sem Jóhanna hefur fyrir Holti. Jarðeignad. ríkisins hefur líka sýnt mikinn áhuga á því að losna við ábúð Jóhönnu á Holtinu eða nytjarétt hennar á jörðinni, og hefur m. a. s. komið til þess, að jarðeignad. setti lögbann á heyskap hennar þar, og urðu út af því mikil málaferli, sem síðar féll dómur í Jóhönnu í vil. Jarðeignadeildin varð að láta þar í minni pokann og gat ekki komið fram því lögbanni á nytjarétti Jóhönnu, sem hún hafði haft í frammi tilburði til þess að framkvæma.

Það hefur hins vegar komið í ljós, að vatnaágangur á jörðina Holt varð alls ekki slíkur, sem reiknað var með, og hefur enginn verulegur hluti lands hennar farið undir vatn, þrátt fyrir samveitu þeirra vatnsfalla, sem nefnd hafa verið. Af einhverjum ástæðum hefur það mætt andstöðu, að Jóhanna og hennar afkomendur fái að kaupa aftur sína gömlu eignar- og ábýlisjörð, og landbrn. virðist ekki hafa áhuga fyrir því, að svo verði gert, enda þótt í rn. hafi nú ekki verið uppi haft sem nein pólitísk lína, að menn ættu endilega að tapa eða bíða tjón af því, þó að brýr væru byggðar á fljót í nágrenni þeirra. En þau einu rök, sem lögð hafa verið fram og takandi eru gild gegn því að leyfa Jóhönnu Sæmundsdóttur og hennar afkomendum að kaupa þessa jörð, eru þau, að jörðin liggur á milli tveggja ríkisjarða og fleygar lönd þeirra í sundur, það er alveg rétt. En það hefur heldur ekki hingað til orðið vart þeirrar stefnu í landbúnaðarmálum hjá stjórnarvöldum á Íslandi að draga undir ríkið sem mest eða samfelldust lönd, og allt eru þetta lögbýli, hvert um sig, svo að það er nú kannske ekki allt of mikið upp úr því leggjandi, að þetta sé hin raunverulega ástæða. Engu að síður höfum við flm. þessa frv. og sömuleiðis minni hl. landbn. viljað taka tillit til þessara raka að vissu marki þannig að ríkissjóður þurfi ekki endilega að selja jörðina. En ef ríkissjóður vill ekki gera það, þá beri ríkinu a. m. k. siðferðileg skylda til þess að tryggja núv. ábúendum jarðarinnar, að þeir missi ekki nytjar þessa lands, þó Jóhanna Sæmundsdóttir falli frá. Þess vegna höfum við fallizt á það, sem við ætluðum að gæti orðið til samkomulags í málinu, að bæta við frv. þeirri brtt., sem nefnd hefur verið hér og hljóðar þannig: Nú verður ekki af því, að heimild þessi verði notuð á yfirstandandi ári, og skal Jóhönnu Sæmundsdóttur þá gefinn kostur á ábúð jarðarinnar með erfðafestu.

Reynslan á Íslandi er nú ekki sú, að svo margir ættliðir sækist eftir því að búa á litlum jörðum, að ætla megi, að þannig væri eignarhald ríkisins eða umráðaréttur ríkisins yfir jörðinni brotinn niður til langs tíma, en það hefur heldur ekki orðið samkomulag um þetta í n., og er því ekki um annað að gera heldur en að láta þetta mál ganga til atkv., enda væri það Alþ. vansæmd að láta það þurfa að vera að veltast hér óafgreitt fleiri þing en orðið er.

Pétur Benediktsson: Herra forseti. Þegar ég sá nál. um frv. það, sem hér liggur fyrir, kom mér fyrst í hug, hvort hér væri um að ræða eitt af þessum frægu aprílgöbbum, sem nú eru komin svo mjög í tízku hér í sveit. Þarna sé ég nál. frá mínum kæru og mikilsvirtu flokksbræðrum, þar sem þeir vilja vísa frá með rökstuddri dagskrá frv., sem mikilsmetnir flokksbræður okkar hafa flutt tvö undanfarin þ. í Nd., þ. á m. sá þm., sem á síðari þingum hefur verið langkunnugastur staðháttum á þessum slóðum. Ég á þar að sjálfsögðu við Ragnar Jónsson, fyrrv. alþm. Og þetta er rökstutt með því, að það samræmist ekki hagsmunum ríkisins, minnir mig að standi, að láta verða af þessari sölu. Á hinu leitinu standa sameiningarpostularnir og þeir menn, sem ég hefði sízt haldið, að ég ætti sam-

leið með um þjóðjarðir, og skrifa ágætt álit og halda eins frábæra ræðu um rétt einstaklingsins og helga erfðarétti fjölskyldunnar til landsins, sem í marga ættliði hefur verið í hennar eign, eins og við nú heyrðum hv. 6. þm. Sunnl. gera. Og það verð ég að segja, að ólíkt betri áhrif hafði ræða hans á mig heldur en það, að nú eigi að fara að skipta landareignum eftir því, hve fallega þær líti út úr lofti, hvort þær brjóti línu ríkiseignanna á einhvern óþægilegan hátt fyrir augað, þegar á það er litið ofan frá.

Þetta varð til þess, að þegar ég hafði lesið þessi tvö nál., þá fannst mér, að þarna hlyti að vera eitthvað einkennilegt á ferðinni. Ég fór að kynna mér sögu málsins, og upplýsingar þær, sem mér tókst að afla mér, eru að mestu samhljóða því, sem hv. 6. þm. Sunnl. hefur sagt um málið. Þó var hann, svo sem vænta mátti í hinu nýja gervi sem hann hefur tekið sér, aðeins of mildur og sanngjarn í garð þeirra, sem þarna vilja sýna yfirganginn. Ef heimildarmenn mínir hafa sagt mér rétt, þá er það ekki aðeins það, að Þorsteini heitnum Einarssyni væri tjáð, að jörð hans væri undir hættu frá hinu nýja samvinnufyrirtæki Klifandi og Hafursár um að brjóta landið, heldur var honum synjað um lán úr opinberum sjóðum til endurbyggingar á húsakosti jarðarinnar, og þar sem þarna er um stórhuga fólk að ræða, þá ætlaði það ekki að fara að hírast í gömlum hreysum, þangað til Hafursá eða Klifandi, ég veit ekki, hvort nafnið þessi sameining hefur í dag, tækist að brjóta seinustu þúfurnar undan þeim í túninu; nei, þau hjónin útveguðu sér aðra mæta og merka jörð, Nikhólinn, sem margir merkir menn hafa setið, og hófu búskap þar. Jafnframt seldu þau ríkinu jörðina, en fengu að halda nytjum hennar, væntanlega um óákveðinn tíma að því sinni, sem sagt á meðan hún biði dauðadómsins. Nú varð ekki úr framkvæmdum hjá þessum tveim ám með skemmdarverkin, en þá kom líka nýtt upp. Þá fór jarðeignadeild ríkisins af stað og ætlaði að reka gömlu konuna burt af jörðinni, eða frá jarðarnytjunum. Höfðingjarnir úr Reykjavík létu sér sæma að reyna að taka jörðina af þessari gömlu konu, en það er eins og forðum var sagt, að guði sé lof að til er hæstiréttur. Hann verndaði þarna lítilmagnann gegn stjórnarráðsfulltrúunum og hinum ágjörnu, og það varð ekki úr brottrekstrinum, heldur fékk hún að halda sinni jörð til ævilangrar ábúðar og nytja.

Nú er eins og mönnum hafi orðið litið í manntalið og séð, að kannske ætti þessi góða kona ekki of langt ólifað, og þá yrði enn tækifæri til að koma þessu fólki í burtu. Um svona aðferðir verð ég að segja, að mér finnst þær óskemmtilegar og ósæmandi. Ég álít, að þegar þetta fólk, þessi ætt, hrekst burtu af sínu gamla óðali vegna opinberra aðgerða, þá sé það sjálfsögð skylda að leyfa þeim að kaupa jörðina aftur, þegar þau eru til þess fáanleg. Það er ekki það sama, eins og einhver stakk upp á — ekki hér í d., heldur annars staðar — að bjóða Nikhólsfólkinu nú einhverja aðra af þessum þremur ríkisjörðum, sem þarna standa í röð, svo að ábúandinn eða sá, sem er að sækjast eftir þessari samfelldu röð, gæti fengið tvær jarðir saman. En það er bara ekki sama tilfinningin að fá að nytja sitt gamla óðal og að fá það aftur inn í sína ætt, eins og að fá eitthvert nágrannabýli í skiptum. Í dag eru ekki horfur á því, að Holtið yrði endurbyggt sem sjálfstætt býli, ekki á allra næstu tímum, en það kom einnig fram í þeim upplýsingum, sem mér tókst að afla mér, að þetta fólk, sem áður bjó í Holti, er að almannadómi einhverjir þeir mestu myndarbændur, ekki aðeins hreppsins, heldur jafnvel allrar þessarar ágætu sýslu, er í hópi alfremstu bænda og fáar jarðir betur nytjaðar. Bóndinn í Nikhól er mér sagt að sé einhver bezti gjaldandi síns sveitarfélags og maður sem á — eins og móðir hans og eins og faðir hans heitinn — allt gott skilið af hinu opinbera, en ekki að verða fyrir brakningum, eins og þessi gamla kona á að verða, ef till. hv. meiri hl. er fylgt, nú rétt áður en hún kemst á grafarbakkann. Ég vil því taka undir með hv. minni hl. n. og skora á hv. þd. að samþ. þetta frv. Hvort brtt. er felld eða samþ., upp úr því legg ég ekki neitt. Ég hefði verið fús til að samþ. hana til samkomulags, en mér finnst svona frekar lakara að hafa hana í frv. heldur en ekki, en ef það getur hvatt nokkurn mann, sem ella væri á móti frv., til að fylgja því, þá er ég fús til að hliðra til með mína skoðun á því sviði.

Frsm. meiri hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég ætla mér ekki, þrátt fyrir þau orð, sem hér hafa fallið á undan og hafa verið sögð í gamansömum tón og jafnvel af nokkurri tilfinningasemi vitnað til fagurs útsýnis og fleira, að hafa þessa ræðu neitt tilfinningalega eða láta það verka á mig, sem mætti kallast tilfinningalegt. En ég verð að segja það, að ef íslenzkar ættfræðirannsóknir eiga að beinast að því fyrst og fremst að hjálpa manni við ákvörðun mála, þá held ég, að síðasti ræðum., hv. 4. þm. Reykn., hafi ekki verið á réttri leið í því efni. Því að að mínum dómi hefur þessu fólki ekki verið sýndur yfirgangur á neinn hátt. Eins og fram hefur komið í umræðunum, þá er jörðin keypt af þeim, vegna þess að hætta var talin á, að hún eyðilegðist af vatnaágangi við vissar framkvæmdir hins opinbera. Mér er ekki kunnugt um, að um það hafi verið neinn ágreiningur milli fyrrv. eiganda jarðarinnar, Þorsteins heitins Einarssonar, og ríkissjóðs, að slík ráðabreytni yrði á, að hann fengi sér aðra jörð og seldi þessa jörð, vegna þess að hún lá undir hættu. Mér er heldur ekki kunnugt um, að um það hafi verið synjað, að leiguafnot af þessu landi gætu áfram fallið til sonar Jóhönnu Sæmundsdóttur, Harðar Þorsteinssonar. Mér er ekki kunnugt um, hvort hann hefur farið fram á það, og hygg ég, að honum hafi ekki verið synjað um slíkt, og ég sé ekki betur, ef hann fengi þau leiguafnot, sem ég mundi telja að væri eðlilegt, að hann fengi, en hann stæði þá jafn vel að vígi til þess að nýta þetta land og hann nú stendur. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef um þetta, bæði af því að hafa komið á staðinn og eins af þeim umsögnum, sem um þetta mál hafa verið gefnar, þá eru á þessu landi í Holti ekki önnur mannvirki en eitt fjárhús, sem

bóndinn í Nikhól notar að hausti til og eins síðari hluta vetrar til þess að hafa þar hlé fyrir fénað sinn, þegar hann kemur honum í hagagöngu í Holti og frá Nikhól. Ég get því ekki séð með neinu móti, að sú ákvörðun að láta ekki Holtið falt, standi á neinn hátt í vegi fyrir því, að jörðin geti notazt bóndanum í Nikhól, svo sem hún hefur gert, og ég veit ekki til annars en hann telji þau not nægileg, að fá sem sagt aukið haglendi fyrir sinn fénað á sumartímanum. Ég hygg, að það megi treysta því, sem landnámsstjóri segir um þetta á s. l. vetri, að það sé engan veginn útilokað, að jörðin skemmist meira og minna af vatnaágangi enn, þó það hafi ekki gerzt til þessa tíma. Mér er það og okkur öllum ljóst, að vötn í Skaftafellssýslu fram undan jöklunum eru það marglynd, að erfitt er að segja til um, hvar þau koma fram, og það er ómögulegt að útiloka þann möguleika enn, að skemmdir geti átt sér stað. Svo að ég geri ekki ráð fyrir því, að það komi nokkurn tíma til þess, að þessi jörð verði byggð sem sérstök bújörð, enda mun hún þykja nú of lítil til þess. En hitt er annað mál, og á það vil ég leggja ríka áherzlu, að þegar um er að ræða jörð, sem liggur á milli tveggja annarra stærri jarða, sem mega teljast mjög þokkaleg býli hvor fyrir sig, þá verða afnot slíkrar jarðar, séu þau í því formi, að það valdi verulegum truflunum á búrekstri hinna jarðanna, þegar ekki er hægt að skilja hana frá með neinni vörn, til þess tjóns, sem óbætanlegt kann að vera, og ekki er eðlilegt, að eigendur hinna jarðanna kæri sig um að liggja undir. Ég tel því, og vil leggja á það ríka áherzlu, að það sé mjög eðlileg afgreiðsla á þessu máli, sem meiri hl. landbn. leggur til við d., að viðhöfð verði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 80. og 84. fundi í Ed., 29. apríl og 2. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 85. fundi í Ed., 5. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 446 felld með 13:4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StG, AuA, JÞ, JR.

nei: SvG, ÁB, BGuðbj, BFB, EggÞ, EÁ, GilsG, JÁH, KGuðj, ÓB, ÓlJ, PÞ, PB.

MJ greiddi ekki atkv.

2 þm. (BJ, JónÁ) fjarstaddir.

Brtt. 451 felld með 7:6 atkv.

1. gr. samþ. með 12:2 atkv.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 89. fundi í Nd., 6. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 90. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 255, n. 764).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

58. Meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Á 29. fundi í Sþ., 19. febr., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 19. maí 1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra [144. mál] (þmfrv., A. 268).

Á 48. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Á þskj. 268 flyt ég frv. ásamt hv. 4. þm. Sunnl. (BFB) um breyt. á l. nr. 39 frá 19. maí 1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. Þessi breyt. er aðeins í einni gr. og fjallar um það, að í stað þess, að tillag til gæzluvistarsjóðs af ágóða Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins skuli vera 7.5 millj. árlega, eins og nú er ráðgert í l., verði tillagið hlutfallslegt árlega af sama tekjustofni, og er gert ráð fyrir 2½% framlagi til gæzluvistarsjóðs í frv. Það er að sjálfsögðu ástæðulaust að hafa langa framsögu um þetta, málið er einfalt, en mig langar til þess, með tilliti til þeirra umræðna og blaðaskrifa, sem farið hafa fram nú að undanförnu um þessi mál, að rifja þau upp í stuttu máli. Að vísu hafa þessi mál ævinlega verið til umræðu og verið áhyggjuefni margra manna, en ég hygg, að nú s. l. hálfan mánuð hafi þessar umræður þó verið óvenjumiklar og blaðaskrif, og má vafalaust rekja þær til umræðna um vandamál heimilislausra einstaklinga í höfuðborginni, sem urðu í borgarstjórn Reykjavíkur þann 6. þ. m., eða fyrir réttum hálfum mánuði. Við þessar umræður kom það fram, að hér í Reykjavík eru um það bil 30—40 algjörlega heimilislausir menn. Tala þeirra hefur að vísu ekki verið nákvæmlega skráð, enda nokkuð breytileg frá einum árstíma til annars. Samkvæmt manntali Reykjavíkurborgar eru heimilislausir menn hér taldir 104, en þess er að gæta, að sumir þeirra eru vistmenn á hælum og stofnunum, bæði í borginni og utan hennar. Flest eru þetta karlmenn, þó að einnig séu í þessum hópi nokkrar konur.

Menn þessir eru flestir Reykvíkingar, sumir þó komnir frá öðrum stöðum á landinu, en af einhverjum ástæðum leita þeir hingað, og þó að tilraunir hafi verið gerðar til að flytja menn úr þessum hópum til sinnar heimabyggðar, hafa þeir jafnan leitað í gamla félagsskapinn aftur að stuttum tíma liðnum. Allt er þetta fólk óreglufólk, eins og sagt er, varðandi neyzlu áfengis, að öðru leyti meinhægt og friðsamt fólk, þannig að lögreglan þarf mjög sjaldan að hafa afskipti af því, þegar það er saman. Mjög margir af þessum 40 manna hópi, líklega flestir, eru algjörir sjúklingar, bæði líkamlega og andlega, vegna áfengisnautnar, kulda og vosbúðar, og flest ef ekki allt þetta fólk þyrfti að vera á hælum og komast undir hendur lækna og sérfræðinga. En því fer fjarri, að hægt sé að veita þessu fólki viðtöku á hælum, og ég ætla að leyfa mér að rifja það upp, sem Kristján Benediktsson borgarfulltrúi, sem var frsm. þessa máls í umræðum á borgarstjórnarfundi, sagði um þetta, með leyfi forseta:

„Samastaður þessa fólks á daginn hefur lengi yfir sumartímann verið Arnarhólstúnið, þangað til girðingin, sem þar var og skýldi fyrir norðannæðingnum, var rifin. Á veturna hefur þetta fólk haldið sig á daginn í Hafnarbúðum, eða a. m. k. til skamms tíma, en nú síðustu vikurnar, eftir að farið var að hægja því burtu frá Hafnarbúðum, hefur mátt sjá það á reiki um götur borgarinnar. Næturstaðir fólksins eru margir og breytilegir. Um langt skeið hefur stór hópur, um það bil 30—40, haft næturdvöl í gömlum togara í vesturhöfninni. Nokkur hluti þeirra hefur hafzt við í gömlu yfirgefnu húsi á Vesturgötunni. Stöku menn búa í skúrum, óupphituðum, hér og þar í úthverfum borgarinnar og stöku menn, þeir sem bezt hafa komið sér fyrir, fá að liggja í gömlum kyndiklefum og kjallarakompum í borginni, þar sem þeir þekkja einhvern velviljaðan mann. Mat hefur þetta fólk á snöpum. Þegar að kreppir, leitar það á náðir framfærsluskrifstofu Reykjavíkurborgar, sem lætur í té matarmiða. En stundum verða frostin í Reykjavík og kuldinn svo nístandi á vetrum, að það er ekki líft, jafnvel fyrir hina hraustustu menn, að leggjast til svefns í gömlum fiskibátum eða togurum, eða óupphituðum húsum eða skúrum, og þá er það þrautaráð þessa fólks að leita inn á lögreglustöðina, og þá sezt það gjarnan undir kvöldið í stigaþrepin og nýtur hlýjunnar. Lögreglumennirnir hafa ekki önnur úrræði en að flytja þetta fólk í fangageymsluna í Síðumúla. Þar er notaleg gisting, og flestir eiga þar góða nótt og fá heita súpu að morgni, þegar þeim er sleppt. En ef frostið helzt lengi, endurtekur sagan sig á hverju kvöldi, og þannig getur þetta gengið vikum og jafnvel mánuðum saman. Það er heldur ekki eðlilegt, að milli 7000 og 8000 manns gisti fangahúsið í Síðumúla árlega, og dæmi eru til þess, að einn og sami maður hafi gist þar 280 nætur á einu ári. Eini staðurinn, sem þetta fólk er velkomið í, er lítil setustofa, sem Vernd hefur umráð yfir vestur í Grjótagötu. Þar er þessum mönnum leyft að koma inn á kvöldin, hlýja sér og horfa á sjónvarp.“ Þá lýkur þessari tilvitnun.

Sumt af þessu fólki hefur áður verið á hælum og vistheimilum, en sameinast gamla hópnum aftur, þegar það kemur af hælunum, enda ekki í annað hús að venda. Fyrir nokkrum árum var stofnaður félagsskapur áhugamanna hér í Reykjavík, sem kallar sig Vernd. Félagsskapur þessi er stofnaður að erlendri fyrirmynd. Markmið hans og tilgangur er að vera til endurhæfingar eða aðstoðar við fólk, sem kemur af hælum og úr fangelsum. Þetta hefur hins vegar þróazt í það, að Vernd hefur þurft að hafa meiri og meiri afskipti af heimilislausu óreglufólki, sem hér er í borginni. Þessi tvö verkefni eru algjörlega óskyld og eiga þar að auki illa saman. Einnig hefur það í vaxandi mæli lent á starfsliði Verndar að sjá farborða stúlkum og konum, sem þurft hefur að hafa afskipti af, en hér á landi er ekkert hæli fyrir drykkjukonur og það eru þó nokkur dæmi til þess, að þær hafa verið sendar til útlanda í þeim tilvikum, að nauðsynlegt og óhjákvæmilegt hefur reynzt að fá hælisvist fyrir þær. Til viðbótar má svo benda á það, að starfsemi Verndar er rekin af áhugamannafélagsskap, sem hefur lítil fjárráð og lítið og lélegt húsnæði til umráða. Það er að sjálfsögðu ákaflega virðingarvert, þegar áhugafólk tekur sig til og fórnar sér fyrir eitthvert málefni, eins og félagsmenn Verndar hafa gert í þessu tilviki. Hins vegar er það hættulegt, og það hefur oft borið á góma hér á hv. Alþ., ef opinberir aðilar treysta of mikið og næstum algerlega á slíka starfsemi. Það er tæpast hægt að ætlast til þess, að lítill hópur áhugamanna með takmörkuð fjárráð og stuðning leysi stórkostlegt þjóðfélagsvandamál eins og það, sem hér um ræðir. Nú er það vitað, að nokkur slík heimili eða hæli eru til, og það má þá segja, af hverju eru þessir menn ekki sendir þangað? Það er rekið hæli á Akurhóli, það er rekið heimili í Víðinesi og sjúkradeild er við Flókagötu, sem Kleppsspítali sér um, með 20 rúmum, sem eru sérstaklega ætluð fyrir drykkjusjúklinga. En svarið við því, hvers vegna fleiri eru ekki sendir þangað en raun ber vitni af þessum 40 mönnum, sem enn ganga úti hér í borginni, er ákaflega einfalt. Þessir staðir eru allir þegar yfirfullir, þó að sumir þeirra myndu hæfa þessu fólki til vistunar. Stundum hefur verið gripið til þess ráðs út úr hreinni neyð að ráðstafa einum og einum af þessum mönnum á Kvíabryggjuhælið og upp í Arnarholt jafnvel, þó að þessi hæli séu ætluð til allt annarra nota og henti engan veginn fyrir drykkjusjúklinga, þar eð þeir eiga enga samleið með því fólki, sem þar er. Það hefur, eins og ég sagði áðan, verið töluvert gert að því að senda konur til hælisvistar erlendis og kannske sýnir það okkur betur en nokkuð annað, hvað mál þetta er brýnt og alvarlegt.

Í þessum umræðum, sem urðu í borgarstjórn Reykjavíkur og ég leyfði mér að minna á í örstuttu máli í upphafi máls míns, tóku fleiri þátt heldur en 1. flm., þ. e. kennarinn Kristján Benediktsson. Auk hans tóku þátt í umræðunum einn læknir, Páll Sigurðsson, borgarfulltrúi Alþfl., einn sálfræðingur, Sigurjón Björnsson, borgarfulltrúi Alþýðubandalagsins, og prófessor í guð-

fræði, Þórir Kr. Þórðarson, borgarfulltrúi Sjálfstfl. Í frásögn í Morgunblaðinu þann 12. þ. m. eru ræður þessara manna nokkuð raktar, og ég skal ekki tefja tíma hv. d. með því að fara að lesa upp úr þeim ræðum, en það er óhætt að fullyrða það, að þeir tóku allir mjög fast í þann sama streng, að hér þyrfti úrbóta við og töldu mjög tímabært, að þessu máli skyldi nú hreyft og það krefðist aðkallandi aðgerða. Niðurstaða borgarstjórnar Reykjavíkur var svo sú, að samþ. var till., sem flutt var af þessum mönnum, sem ég áðan gat um, þess efnis að fela félagsmálaráði, sem er sú stofnun hér í borginni, sem hefur með þessi málefni að gera, að kanna málefni þessara heimilislausu manna og aðbúð og taka upp viðræður við ríkisstj. um leiðir til úrbóta í þessum efnum.

Að sjálfsögðu hljóta svipuð vandamál og ég hef gert hér að umtalsefni að vera fyrir hendi í öðrum byggðarlögum, þó að ég af eðlilegum ástæðum þekki þar minna til og þó að ætla megi og ég telji raunar víst, að ástandið sé verst í höfuðborginni, sem er eina stórborgin, sem við getum kallað því nafni. Nú er þess að geta, að fyrir 5 árum u. þ. b. voru að nýju sett hér lög, sem menn bundu miklar vonir við að mundu bæta úr þessu ástandi, og ég er ekki að segja, að þau hafi ekki gert það, þó að ég telji, að betur þurfi að að vinna, eins og ég mun síðar koma að. Þessi lög eru lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra og eru frá því í maí 1964. Í 1.—3. gr. þessara laga er mælt fyrir um það, hvað gera skuli, þegar lögreglan tekur höndum menn sakir ölvunar þeirra, og eru þar ákvæði, bæði um gæzlu og sjúkrahúsvist, eftir því sem við á og nánar er ákveðið þar, en í 4. gr. l. segir svo, að auka skuli svo sem verða má sjúkrahúskost til fullnægingar ákvæðum 1.—3. gr. og að kostnaður við byggingu slíkra sjúkrahúsa eða sjúkrahúsadeilda, sem telst nauðsynlegt að koma upp til úrbóta í þessu skyni, skuli greiðast úr gæzluvistarsjóði eftir nánari ákvörðun heilbrigðismálastj. Í 8. gr. l. er sagt, að meðferð drykkjusjúkra skuli vera í höndum lækna, sjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva eða annarra stofnana, sem hlotið hafa sérstakt leyfi heilbrigðismálastj. og háðar eru eftirliti hennar. Og í 9. gr. er svo sérstaklega fjallað um geðsjúkrahús ríkisins og segir þar, með leyfi forseta:

„Á geðsjúkrahúsi ríkisins og síðar á móttökudeild þess, er byggð verður, skal vera unnt að veita drykkjusjúklingum meðferð og framkvæma á þeim nauðsynlegar rannsóknir. Í þessu skyni skal auka sjúkrarými stofnananna, svo að unnt verði að vista þar drykkjusjúklinga til skammrar sjúkrahúsmeðferðar. Í tengslum við geðsjúkrahúsið eða móttökudeild þess skal reka lækningastöð fyrir þá, sem ekki þarfnast innlagningar, svo og til eftirmeðferðar þeirra, sem innlagðir hafa verið. Í tengslum við geðsjúkrahúsið skal enn fremur reisa og reka sérstök hæli til meðferðar þeirra, sem ekki er talið að veitt verði viðhlítandi meðferð á annan hátt; hér með talin deild á sjúkrahúsinu fyrir þá, sem taldir eru haldnir sérstökum sjúkdómum. Til þess að mæta hinum auknu störfum," — segir enn fremur — „sem ákvæði þessarar gr. leggja á geðsjúkrahúsið, skal ráða sérstakan aðstoðaryfirlækni, er hafi m. a. með höndum meðferð drykkjusjúkra í sjúkrahúsinu og fyrir- og eftirmeðferð í lækningastöð. Annað starfslið, sem nauðsynlegt kann að þykja til að fullnægja þessum störfum, skal heimilt að ráða eftir þörfum."

Og svo er hér að lokum í 10. gr. talað um það, að vilji bæjarfélag eða samtök, sem starfa að bindindis- eða líknarmálum og fengið hafa leyfi heilbrigðismálastj., reisa og reka á sinn kostnað lækningastöð eða hæli til aðhlynningar drykkjusjúku fólki, þá skuli vera heimilt að veita til þess styrk úr gæzluvistarsjóði, að því tilskildu, að heilbrigðismálastj. staðfesti reglugerð slíkra stofnana, enda séu þær háðar eftirliti hennar. Af þessum stutta upplestri úr l. nr. 39 1964 hygg ég, að ljóst verði, að lagaákvæði eru allítarleg um það, hvað gera skuli í þeim tilvikum, sem hér um ræðir. Hins vegar er það vitað, að framkvæmd l. hefur ekki tekizt sem skyldi, og er vafalaust því um að kenna, að fjármagn það, sem ætlað er að standa undir þessum aðgerðum, hefur ekki reynzt nægilegt, en samkv. 3. kafla l. um gæzluvistarsjóð er ákveðið, að undir þesum framkvæmdum öllum, sem ég hef nú minnt á, á gæzluvistarsjóður að standa. Samkv. 17. gr. l. á hann sérstaklega að notast til þess að auka og reisa þær stofnanir, sem um getur í 4. og 9. gr. l., þeirra sem ég áðan minntist á, en auk þess á að verja af tekjum hans árlega a. m. k. 2% til rannsókna á orsökum, eðli og meðferð drykkjusýki, og til viðbótar við þetta er svo heilbrigðismálastj. heimilt að ákveða til allt að 5 ára í senn, að verja megi nokkrum hluta af tekjum sjóðsins til að styrkja starfsemi félaga, sem reka á sinn kostnað hæli eða stofnanir til lækningar drykkjusjúku fólki, enda fari öll sú starfsemi fram samkvæmt reglugerðum, sem heilbrigðismálastj. staðfestir og sé háð eftirliti hennar.

Það er því sannarlega mikið og brýnt verkefni, sem gæzluvistarsjóði hefur verið falið með þessum l., og það má vel vera, að 1964, þegar þessi l. tóku gildi, hafi verið sæmilega ríflega séð fyrir fjármagni til þessara hluta. 7½ millj. kr. fyrir 5 árum var heilmikið fé samanborið við sömu upphæð í dag, en nú er þetta alveg áreiðanlega orðið lítið fé og mikils til ónógt, eins og verðbólguþróunin hefur verið hér og ég mun ekki rekja að þessu sinni. Þess vegna er það, að við höfum borið fram þetta frv. til þess að gera framlagið til gæzluvistarsjóðs háð eða hlutfallslega afmarkað af tekjustofninum, til þess að verðbólgan geri það ekki að engu á örstuttu tímabili. Þessar 7½ millj. kr., sem samkvæmt l. er veitt til gæzluvistarsjóðs, hafa að langmestu leyti farið til þess að standa undir rekstri drykkjumannahælisins að Akurhóli á Rangárvöllum, og það hefur sáralítið fjármagn verið aflögu, þegar því hefur sleppt, og vitanlega alls ónógt til að framkvæma þó ekki væri nema hluta af því verkefni, sem sjóðnum er ætlað. Þegar þessi ákvæði voru lögleidd, nam framlagið, 7½ millj., u. þ. b. 2.3% af gjaldstofninum. Sjóðurinn fær enn þá þessar 7½

millj., þótt tekjur áfengisverzlunarinnar hafi á tímabilinu hækkað úr 320 millj. í 580 millj. kr. á s. l. ári, og framlagið 1968 var ekki nema 1.3% af tekjum áfengisverzlunarinnar það ár fyrir selt áfengi. Hefði það verið hlutfallslega jafnhátt og 1964, þá hefði sjóðurinn fengið 13.3 millj. kr. á árinu 1968, ef ákvæði þessa frv. hefðu verið orðin að l. og sama hlutfall hefði átt að haldast milli framlagsins og tekjustofnsins eins og var, þegar l. voru upphaflega sett. Efni frv. er einfaldlega að gera þetta, að ákveða 2½% til gæzluvistarsjóðs, en 2½% af þessum tekjustofni mundi á árinu sem leið hafa verið um 15 millj. kr., og ég hygg, þegar verkefni sjóðsins er skoðað, að engum hv. alþm. blandist hugur um, að það sé nægilegt og yfirfljótandi verkefni fyrir það fjármagn og það sé fullkomin nauðsyn að leggja það fram.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til að hafa þessa framsöguræðu lengri. Ég vænti þess fastlega, miðað við þær umræður og blaðaskrif, sem orðið hafa um vandamál þessa fólks, sem hér um ræðir, að hv. Alþ. sýni þessu skilning og leyfi mér að leggja til, að frv. verði að þessari umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. heilbr.- og félmn., á þskj. 451, var útbýtt 15. apríl, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

59. Framfærslulög.

Á 77. fundi í Ed., 22. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á framfærslulögum, nr. 80 5. júní 1947 [226. mál] (Þmfrv., A. 515).

Á 78. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Þetta frv. er ofur einfalt að efni. Með því er lagt til, að sveitarfélögum utan Reykjavíkur verði veitt sú heimild, sem Reykjavíkurborg fékk með l. frá 1967, að fella framfærslumál undir félagsmálaráð, sem stofnað var á vegum borgarinnar til að samræma meðferð félagsmála, sem þegar var séð, að var orðið aðkallandi. Efni frv. er, að slík heimild verði sem sé veitt öðrum sveitarfélögum, þegar þau hafa komið á stofn hjá sér félagsmálaráði, sambærilegu því, sem er í Reykjavík. Þetta frv. er, eins og kemur fram í grg., flutt að ósk Sambands ísl. sveitarfélaga, og er þar greint frá ályktun um meðferð félagsmála, sem samþ. var á s. l. hausti á ráðstefnu sambandsins um félagsmál, þar sem m. a. kemur fram ósk um, að stjórn sambandsins beiti sér fyrir þeirri lagabreyt., sem hér er farið fram á.

Ég leyfi mér, hæstv. forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

60. Vernd barna og ungmenna (frv. AuA).

Á 77. fundi í Ed., 22. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 13. maí 1966, um vernd barna og ungmenna [227. mál] (Þmfrv., A. 516).

Á 78. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Um þetta frv. á í öllum aðalatriðum það sama við og um það frv., sem var hér síðast til umr. á undan. Það er flutt að beiðni Sambands ísl. sveitarfélaga, og er með því lagt til, að ráðh. verði heimilað að fela félagsmálaráði, sem sveitarstjórnir utan Reykjavíkur kynnu að koma á stofn hjá sér, störf barnaverndarnefndar að nokkru eða öllu leyti. Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

61. Húsnæðismálastofnun ríkisins (frv. BFB og EÁ).

Á 80. fundi í Ed., 29. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins [238. mál] (Þmfrv., A. 568).

Á 84. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 85. fundi í Ed., 5. mai, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Ég ætla ekki, varðandi það frv., sem hér liggur fyrir, að ræða almennt um húsnæðismálin, eins og þó væri verðugt og nauðsynlegt í þeirri sjálfheldu, sem þau sýnast nú vera. Það er liðið mjög á tíma þingsins að þessu sinni, og fjöldi aðkallandi mála liggur fyrir til afgr. Er þess vegna ekki þess að vænta, að nýmæli eins og felst í þessu frv. geti fengið afgr. á þessu þingi og síðar verði tækifæri til þess að íhuga hina margvíslegu þætti húsnæðismála í sambandi við þann þátt, sem sérstaklega verður af minni hálfu tekin hér til umr. samkv. því, sem segir frekar í frv. En áður en ég tek að ræða efni frv. vil ég þó fáum orðum fara almennt um húsnæðisvandann.

Í nútímaþjóðfélagi eru, eins og alkunnugt er, húsnæðismálin mjög ákvarðandi um lífskjör fólksins. Hér hjá okkur hefur líka mikilvægi þessa málaflokks verið óumdeilt. Gott og hentugt íbúðarhúsnæði er frumskilyrði og ekki sízt hér hjá okkur, eins og veðurfari og loftslagi er háttað. Það er því sífelld nauðsyn að endurnýja byggingar og fást við nýbyggingar. Því er það eitt af höfuðverkefnum hins opinbera að sinna þessum málum og bæta jafnt og þétt úr brýnni þörf fólksins, eftir því sem framast er kostur. Í húsnæðismálalöggjöf okkar eru stefnumið sett og ýmsar leiðir markaðar, sem mega leiða til nokkurrar úrlausnar, en á hitt hefur að mínu og margra annarra áliti skort, að framkvæmd þessara mála hafi verið sem skyldi, og hjá okkur er því þannig farið, að kostnaður við byggingar hefur orðið með sígandi hraða undanfarin ár nærri óhóflegur, en aftur á móti kaupmáttur og greiðslugeta alls almennings í öfugu hlutfalli við kostnaðinn. Með skipulegri efnahagsþróun hefði aldrei leitt til þessa. Þegar meta skal, hvað helzt skal til ráða, í fyrsta lagi til lækkunar á byggingarkostnaði og í öðru lagi, hvernig standa beri að aukningu fjármagns, kemur að sjálfsögðu margt til athugunar, og hefur ýmislegt fram að þessu verið athugað. Í 3. gr. l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins eru ákvæði, sem lúta að því, hvernig sú stofnun skuli vinna að umbótum í byggingarmálefnum og m. a. gera till. um það hverju sinni, svo sem kostur er á, til að draga úr kostnaði. M. a. segir í 3. gr. um þessa skyldu stjórnar stofnunarinnar: Hún á að vinna að því með því að gera sér grein fyrir, hver sé raunveruleg þörf landsmanna fyrir íbúðarbyggingar á hverjum tíma og gera till. og áætlanir um, hvernig þeirri þörf verði fullnægt á sem hagkvæmastan hátt og með sem minnstum tilkostnaði. Með því að fylgjast nákvæmlega með byggingarkostnaði í því skyni að finna, hverjir byggi ódýrast húsnæði og hvaða gerðir íbúðarhúsnæðis reynist beztar. Einnig með því að setja þau skilyrði fyrir lánum, að byggðar verði fyrst og fremst **hagkvæmar íbúðir af hóflegri stærð,** og með því að beita sér fyrir því að vinna við íbúðarhúsabyggingar verði sem samfelldust árið um kring og jöfnust frá ári til árs. Hér eru mikilvæg atriði, sem Húsnæðismálastofnuninni og yfirstjórn hennar hefur verið skylt og er skylt að vinna að. Nú er spurningin þessi, hefur þessarar skyldu verið gætt sem bar og nauðsynlegt var? Reynsla margra undanfarinna ára og áratuga hefur vissulega fært okkur heim sanninn um margt, sem betur mætti fara í þessu efni. Og af reynslunni getum við dregið margvíslegan lærdóm. Hefur það verið gert sem skyldi? Fyrir fám árum mun hæstv. félmrh. hafa falið n. manna að endurskoða allt húsnæðismálakerfið. Hvað hefur komið fram við þá athugun? Hvað hefur verið gert til þess, almennt séð, að koma í veg fyrir dýran og óhentugan byggingarmáta? Hér er og hefur lengi verið um gífurlega umfangsmikið verkefni að ræða, sem vinna þarf að með mikilli festu og með það fyrir augum, að í framtíðinni verði sem mest og bezt haldið á þessum málum í samræmi við efnahagsgetu einstaklinga og þjóðarinnar í heild. Um þetta eru flestir ef ekki allir sammála. Og þá jafnframt, að eigi megi draga úr hömlu að gera sameiginlegt meginátak til þess að ráða þar bætur á. Þegar rætt er um húsnæðismál eða einstaka þætti þeirra, þá er ekki unnt að ganga fram hjá þessu mikilvæga atriði né láta hjá líða að minna á þá miklu nauðsyn að duga verður betur í þessu efni en nú um nokkurt árabil hefur verið. Áður hefur þó sæmilega verið að gert og ber sízt að lasta það, heldur viðurkenna. Skal ég svo ekki frekar fjölyrða um þennan þátt húsnæðismálanna og koma að efni þess frv., sem hér er á ferð.

Í frv. því, sem hér er fram lagt og við flytjum, hv. 11. þm. Reykv. og ég, felst nokkurt nýmæli og varðar lánakerfi byggingarsjóðsins. Hér er hreyft hugmynd, sem hefur verið annars staðar með vestrænum þjóðum reynd að nokkru, eftir því sem okkur er tjáð og í frv. okkar er þessi hugmynd mótuð, að vísu í stórum dráttum, en ég vona nægilega greinilega. Við flm. frv. teljum það fráleitt, að ekki sé komið fram með till., sem gætu m. a. leitt til undankomu úr þeim vítahring, sem mál þessi eru komin í, og hér er bent á eina af þeim leiðum, sem freista mætti að fara til aukningar fjármagns til útlána hjá byggingarsjóði. Það er kunnara en frá þurfi að segja, hversu alvarlega skortir á um þá fjármögnun, sem með þarf í húsnæðislánakerfinu, en nauðsynlegt fjármagn til útlána af hálfu byggingarsjóðs er undirstaða þess, að fólki sé yfirleitt og almennt kleift að standa undir stofnkostnaði og rekstri íbúðarhúsnæðis. Sérfræðingar segja okkur, að hér á landi þurfi að byggja á ári hverju ca. 1700—1800 íbúðir næstu 5—10 árin. Sé miðað við byggingarkostnað, eins og hann er talinn vera í dag, munu 1700 íbúðir kosta minnst ca. 2000 millj. kr. í fjárfestingu. Eftir því, sem við flm. frv. höfum getað aflað upplýsinga um, eru lánamöguleikar byggingarsjóðs áætlaðir þetta ár, árið 1969, um 300 millj. kr. Auk þessa koma svo inn í þetta að sjálfsögðu ýmsir lífeyrissjóðir, sem engan veginn er hægt að áætla, hve mikið geti af mörkum

lagt í þessu skyni. En kunnugustu menn telja, að vart geti það orðið meira en í kringum 300 millj. á ári. Í ár, 1969, er talið, að þannig muni vanta um 420—460 millj. kr., til þess að hægt sé að veita þau hámarkslán, sem húsbyggjendur eiga nú rétt á, og þá eru þarna fyrir utan fjármagnsmöguleikar byggingaráætlunarinnar, en áður hefur þessi áætlun dregið til sín fjármagn frá hinu almenna veðlánakerfi og þannig, að til algjörra vandræða hefur horft fyrir fjölda þeirra húsbyggjenda, sem af eigin rammleik, bæði í Reykjavík og víða úti um land, byggja sér íbúðir eða hafa byrjað á byggingu íbúða og treystu á lán, sem þeir fengu ekki og fóru annað.

Það er því svo skýrt sem auðið er, að þjóðfélaginu er þannig hin brýnasta nauðsyn, að allt verði gert, sem auðið er, til þess að stórauka útlánamöguleika byggingarsjóðs. Ekki er hægt að hugsa sér að gera það með öðru móti en því t. d. að leggja út í nýja skatta, eða í öðru lagi að ná í fé til fjármögnunar í gegnum sparnað sem almennastan í þjóðfélaginu, bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum, og fá þannig út úr því sparnaðarfé verulega lánsmöguleika. Og það er einmitt í þessu frv., sem er bent á þessa leið, að byggingarsjóður nái fjármagni til sín með sparnaði einstaklinga og félaga gegnum verðbréfasölu. Við vitum það ósköp vel allir, að það er yfirleitt ekki hægt að ná fjármagni til nauðsynlegra framkvæmda, nema til staðar sé verulegt magn af sparnaðarfé. Skattaálagningaraðferðir eru óæskilegar að minni hyggju og margra annarra, fram yfir það, sem er brýnust þörf. En sannarlega hefur ekki verið girnilegt í okkar þjóðfélagi undanfarið að liggja uppi með sparifé, hvorki fyrir einstaklinga né fyrirtæki, þegar hver gengisfellingin á fætur annarri hefur ráðizt á það og það þannig eyðzt í verðbólgueldinum, sem lengi hefur þjakað okkar þjóð. Þannig og þess vegna hefur verið lömuð verulega öll sparnaðarviðleitni fólks í þessu landi og jafnvel komið í veg fyrir, að sparnaður og sparnaðarhvötin fengju að nokkru marki að njóta sín. Það er því eigi annað brýnna verkefni en með öllum ráðum að vinna gegn þessari óheillastefnu, sem að þessu leyti hefur allt of lengi ríkt. Það verður að snúa hjólinu við og efla sparnaðarhvötina og tryggja sparifjáreigendur sem bezt má verða. Það þarf mikils við til þess að eyða þeirri tortryggni, sem ríkir meðal fólks að því er varðar að eiga peninga eða önnur þess háttar verðmæti stundinni lengur. Ef vel á að fara, verðum við að fara þá leið að hvetja einstaklinga og félög til þess að fara þannig með fjármagn, sem þeir hafa fengið á hverjum tíma fram yfir nauðsynlega eyðslu til nauðþurfta og annars slíks, að það sé hægt að treysta á slíka eign, en hún eyðist ekki jafnóðum í eldi verðbólgu og gengisfellinga. Eins og ég gat um áðan, þá hefur svipuð fjáröflunarleið og gerð er till. um í þessu frv. verið farin annars staðar í þágu íbúðarlánakerfis, og eftir því, sem við flm. vitum bezt, hefur sú leið gefizt vel. Það mun hafa verið í V.-Þýzkalandi eftir heimsstyrjöldina síðari eða upp úr árunum 1946—1947, þegar V.-Þjóðverjar þurftu að byggja upp svo að segja allar sínar borgir að nýju, að þessi leið m. a. var farin eða eitthvað í líkingu við hana. Í frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Byggingarsjóður eða veðdeild skal gefa út og selja skuldabréf til 35 ára. Kaupendur slíkra bréfa skulu hafa rétt til að draga andvirði þeirra frá skatt- og útsvarsskyldum tekjum það ár, sem þeir kaupa bréfin af byggingarsjóði (veðdeildinni). Þó skulu ekki frádráttarbær meiri bréfakaup ár hvert en sem nemur 100 þús. kr. hjá einstaklingum og kr. 300 þús. hjá fyrirtækjum. Bankavaxtabréf þessi skulu vera ríkistryggð, og 1/35 hluti hvers lánaflokks dreginn út ár hvert. Vísitöluuppbót skal greidd á þessi bréf við útdrátt á sama hátt og af lánum byggingarsjóðs.“

Í íslenzkri löggjöf er verðbréfasala með þessum hætti nýmæli. Hér á landi hafa verðbréf eða veðskuldabréf verið með öllu óseljanleg á frjálsum markaði, nema þá í mjög óverulegum mæli og þá með gífurlegum afföllum, jafnvel 40—50% afföllum, en víðast hvar í vestrænum heimi hefur verðbréfasala þjóðhagslega mikilvæga þýðingu á fjölmörgum sviðum efnahagslífsins og gerir það kleift, að þar er hægt með þessu móti að fjármagna stærri og smærri nauðsynjafyrirtæki. Hjá okkur hefur ekki reynt á verðbréfaviðskipti, a. m. k. ekki svo að heitið geti, enda er það afleiðing af því, hversu verðgildi krónunnar okkar hefur farið hraðminnkandi á undanförnum árum og ekkert fast undir fæti í því efni. Í frv. er gert ráð fyrir, að þessi verðbréf, eða veðskuldabréf, skuli vísitölutryggð, og með þeirri ákvörðun er að því stefnt, að menn almennt sjái sér hag í því að kaupa slík bréf að öðru jöfnu. Og ef menn gætu það, þá yrði síður hlaupið til þess alveg án nokkurrar fyrirhyggju og af hinu mesta handahófi að festa fjármuni sína í miður þörfum hlutum, svo ekki sé meira sagt, því að það vitum við allir jafn vel, að á mörgum undanförnum árum hefur verið mjög mikið um ónauðsynlega eyðslu í okkar þjóðfélagi, sem að sjálfsögðu stafar af þessum sama ótta við að eiga peninga stundinni lengur. Þetta vantraust á íslenzku krónunni hefur leitt til alvarlegs vanmats á gildi sparnaðar, bæði með einstaklingum og félögum. Þá mætti það verða nokkur hvatning til kaupa á þessum verðbréfum, ef andvirði bréfanna fengist að nokkru leyti frádregið skattskyldum tekjum og útsvarsálagningu. Í okkar þjóðfélagi, sem þarf sannarlega á öllu sínu vinnuafli að halda til uppbyggingar á velflestum sviðum til sífellt bættrar aðstöðu þjóðarinnar, er það að sjálfsögðu nauðsynlegt, að hver og einn verkfær borgari hafi tækifæri til þess að inna af hendi hin hagnýtu störf og iðki um leið nokkra sparsemd, bæði sín vegna og þjóðfélagsins. Við höfum ekki efni á því, að fjöldi einstaklinga leiði hjá sér að vinna ýmiss konar aukastörf, sem full þörf er á, bæði fyrir einstaklinga og þjóðfélagið, að unnin séu, og að sagt sé, ef slíkt er í boði, að allt fari þetta í skatta og útsvör og þess vegna sé engin ástæða til þess að inna þessi störf af hendi. Við flm. þessa frv. teljum núverandi atvinnuleysisástand aðeins tímabundið og að atvinna verði meiri en nægileg fyrir alla landsmenn, þegar því ástandi linnir, sem allir vona, að verði sem fyrst.

Í frv. er sleginn sá varnagli, að gert er ráð fyrir hámarksfjárhæð í sambandi við frádráttarhæfi veðskuldabréfanna, þannig að einstaklingur fær ekki meiri frádrátt heldur en 100 þús. kr. frá tekjuskatts- og útsvarsálagningu og fyrirtæki allt að 300 þús. kr. Það má að sjálfsögðu búast við því, að sagt verði í sambandi við þessar frádráttarbæru fjárhæðir til skatts, að þetta fyrirkomulag geti orðið til þess að rýra mjög tekjumöguleika sveitarfélaga og ríkissjóðs, og satt er það, að ef um veruleg kaup á þessum veðskuldabréfum yrði að ræða, þá mundi sjálfsagt draga úr þessari tekjuöflunarleið ríkis og sveitarfélaga, en þá kæmi nokkuð í staðinn, sem ekki síður er rétt að festa auga á, sem er stórmikil og aukin fjármögnun byggingarsjóðs. Í sambandi við þetta vil ég benda á, að það mætti gera ráð fyrir því, að frá framtölum yrði þá verulega betur gengið, og er þá reiknað með mannlegum veikleika, ef framteljendur gætu með slíkum bréfakaupum lækkað skatta sína og þá um leið svolitið létt á eigin samvizku, ef um það væri að ræða, að hún væri ekki nægilega góð. Fleira mætti tína til, sem mundi valda því, að ríki og viðkomandi sveitarfélög myndu ekki tapa svo mjög á þessu fyrirkomulagi, þannig að þetta yrði með öllu hættulaust, nema slík sala yrði á veðskuldabréfum, að fram úr hófi væri, en það er nú gert ráð fyrir því í frv., að miða við hámarksfjárhæðir þar. Það þarf varla að búast við því, að sala veðskuldabréfanna verði það mikil, a. m. k. ekki fyrsta kastið og eins og nú standa sakir í þjóðfélaginu. Það er sem sagt mjög erfitt að segja fyrir um það, hversu mikið fjármagnið yrði, ef slíkt frv. sem þetta yrði að l. Þrátt fyrir ýmsa kosti þess fyrir einstaklinga og fyrirtæki að festa fé í verðbréfum sem þessum og þrátt fyrir ríka þegnskapartilfinningu margra, þá mætti náttúrlega búast við því, að sumum þætti ekki vænlegt mjög að festa fé sitt til allt að 35 ára, ef það þætti rétt að hafa lánstímann svo langan. En á hitt ber þó að líta, að slík verðbréf gætu verið mætagóð handveð í lánastofnunum, ef viðkomandi eigandi þeirra þyrfti á að halda og skyndilega að grípa til. En vísitölutryggingin og frádráttur til skatts hlýtur að höfða til fjölmargra, enda þótt bréfin verði að telja til eignar og grunnvexti til tekna. Svo verða þessi bréf dregin út að 1/35 hluta ár hvert. Þetta er nokkurs konar happdrætti um leið. Við Íslendingar forsmáum nú ekki þátttöku í ýmiss konar happdrætti, og það gæti vel farið svo, að bréfaeigendur gætu oftar en einu sinni notað sömu fjárhæðina til þess að taka þátt í verðbréfakaupunum á þessu 35 ára tímabili. Ég hef lítillega og í stórum dráttum rætt um efni þessa frv., og það er vissulega nokkurt nýmæli, sem í því felst, ekki aðeins visitölutryggingin, heldur hitt, sem er þó að mínu áliti ekki minna um vert og höfðar meira til fólks, sem getur á annað borð lagt í að kaupa slík bréf, ef til kemur, og það er frádrátturinn við framtöl á sköttum og útsvari. En sem sagt, enginn okkar veit, hversu mikið fé fengist inn með þessum hætti, sem frv. greinir. Það fer allt eftir atvikum. En við teljum, flutningsmennirnir, að það sé tilraunarinnar virði að stofna m. a. með þessum hætti til fjáröflunar í þessu skyni, þ. e. a. s. til að fjármagna fjárvana byggingarsjóð. Alvarlegur fjármagnsskortur þessa sjóðs og hin brýna lánsfjárþörf, sem eykst með hverjum deginum, svo að kalla, þeirra mörgu, sem brjótast í því að koma þaki yfir höfuð sér og sinna, hvort tveggja þetta knýr svo fast á, að það verður alls ekki komizt hjá því fyrir ríkisvaldið að leysa úr þessum mikla og margþætta vanda með öllum eðlilegum, tiltækum ráðum, og að áliti okkar flm. er þetta m. a. eitt ráðið. Okkur flm. er það ljóst, að það má breyta ýmsu í þessu frv. og við erum sjálfsagt reiðubúnir til þess, en í höfuðdráttum erum við vissir þess, að í þessa stefnu beri að fara m. a.

Herra forseti. Ég hef þá lokið máli mínu um þetta frv., sem hér liggur fyrir, og ég vil að lokum óska þess, að því verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn. að lokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.